

**ÚR**

**ÁLÖGUM**



**JAN VALTIN**

„Bók Valtins er ein af stórkost-  
legustu bókum vorra tíma.“

— *Benjamín Eiríksson*

# ÚR ÁLÖGUM

Jan Valtin

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

*Svartbók kommúnismans,*  
Stéphane Courtois og fleiri

*Konur í einræðisklóm,*  
Margarete Buber-Neumann

*Guðinn sem brást,*  
Arthur Koestler og fleiri

*Leyniræðan um Stalín,*  
Níkíta Khrústsjov

*Konur í þrælakistum Stalíns,*  
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

*Trúin á kommúnisma,*  
Arthur Koestler

*Örlaganótt yfir Eystrasaltlöndum,*  
Ants Oras

*Eistland. Smáþjóð undir oki erlendis valds,*  
Andres Küng

*Þjóðbyltingin í Ungverjalandi,*  
Erik Rostbøll

*Ég kaus frelsið,*  
Víktor Kravtsjenko

*Þjónusta, þrælkun, flótti*  
Aatami Kuortti

*Bóndinn, El campesino*  
Valentin Gonzalez

*Nytsamur sakleysingi*  
Otto Larsen

*Greinar um kommúnisma*  
Bertrand Russell

Jan Valtin

# ÚR ÁLÖGUM

með formála eftir  
Hannes H. Gissurarson



2. prentun 2016

Þetta rit var gefið út á minningardegi fórnarlamba  
alræðisstefnunnar í Evrópu, nasisma og  
kommúnisma, 23. ágúst 2015.

2. prentun 2016. Útgáfa bókarinnar er styrkt af:



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA  
ICELANDIC LITERATURE CENTER

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, og AECR, Alliance of European Conservatives and Reformists, um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Hún er einnig liður í samstarfsverkefni RNH og IDDE, Institute for Direct Democracy in Europe. Hún nýtur stuðnings frá Atlas Foundation.

Fyrri hluti bókar Valtins í þýðingu Emils Thoroddsens birtist fyrst hjá Menningar- og fræðslusamtökum alþýðu í Reykjavík 1941. Síðari hlutinn birtist í Reykjavík 1944, og voru útgefendur „Nokkrir félagar“.

Endurprentað með leyfi og í samráði við börn Richards Krebs.

Formáli © 2015 Hannes H. Gissurarson.

Ljósmyndir á kápu eru teknar af Netinu og eru utan höfundarréttar.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.

Prófarkalestur: Hafsteinn Árnason, Ingvar Smári Birgisson og Kristinn Ingi Jónsson.

Nafnaskrá: Matthías Ólafsson.

Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sam-  
bærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-91-5

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

# EFNISYFIRLIT

Formáli . . . . .	7
-------------------	---

## I. hluti

### Það var kallað dagrenning

Lumpenhund . . . . .	13
Sjómannalíf . . . . .	23
Ég ryð mér braut . . . . .	35
Smygl á vegum Kominterns . . . . .	43
„Hefurðu nokkurn tíma drepið mann?“ . . . . .	52
Sektarlömb á götuvirkjunum . . . . .	63
Rautt flökkulíf . . . . .	76
Samsærisbrautin . . . . .	87
Ég ræðst á Kyrrahafið . . . . .	98
Vegurinn til Lenínsgarðs . . . . .	107
Hraðboði til Austurlanda . . . . .	117
Frá Shanghai til San Quentin . . . . .	126

## II. hluti

### Dans myrkanna

Ný vopn . . . . .	143
Óskekulir menn . . . . .	154
Firelei . . . . .	165
Firelei tekur ákvörðun . . . . .	176
Milli hamars og steðja . . . . .	189
Ráðstjórnarskipstjóri . . . . .	203
Ómáttugir og almáttugir . . . . .	217
Mannaveiðararnir . . . . .	227
Stalín yfir heimshöfunum . . . . .	239
Aðalerindreki á Englandi . . . . .	250

Hvernig við efndum til uppreisna á sjó . . . . .	264
Hakakrossinn varpar skugga . . . . .	273
Millipáttur á Norðurlöndum . . . . .	284

### III. hluti

#### Nótt hinna löngu hnífa

Fyrirboði mikilla tíðinda . . . . .	299
Í storminum . . . . .	310
Dauðir menn í orlofi . . . . .	323
Í löndum rökkursins . . . . .	338
Vestan Rínar . . . . .	357
„Það er auðvelt að deyja“ . . . . .	371
Tekinn höndum . . . . .	385
Gestapo yfirheyrir mig . . . . .	400
Helvíti . . . . .	425
Ég skrifa undir játningu. . . . .	445
Af félögunum og böðlinum. . . . .	459
Töfrabrögð í mannabúrunum. . . . .	471
Barátta mín um <i>Mein Kampf</i> . . . . .	492
Einvígi í myrkri. . . . .	512
Ég geng í Gestapo . . . . .	526
Frelsingi í bandi. . . . .	541
Numinn á brott. . . . .	555
Flótti . . . . .	573
Skýringar . . . . .	589
Nafnaskrá . . . . .	605

# Formáli

JAN VALTIN ER dulnefni. Höfundur þessarar bókar hét Richard Julius Hermann Krebs og fæddist í Þýskalandi 17. desember 1905. Hann gerðist ungur ævintýramaður, sem fór til sjós og flakkaði um heiminn. Hann hreifst af kommúnismanum, sem þá var í uppgangi, gekk í þýska kommúnistaflokkinn 1923 og gerðist erindreki Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, eins og hann lýsir hér. Tók hann meðal annars þátt í því á bak við tjöldin að skipuleggja friðarþing í Amsterdam 1932, sem Halldór Kiljan Laxness sótti og skrifaði um. Eftir valdatöku Hitlers gerðist Krebs flugumaður þýsku leynilögreglunnar, Gestapo, en var í raun gagnnjósnari fyrir Komintern og hafði bækistöð í Kaupmannahöfn. Yfirmaður hans þar var þýski kommúnistinn Ernst Wollweber, sem síðar komst til metorða í leynilögreglu Austur-Þýskalands, og Krebs starfaði líka með danska kommúnistanum Richard Jensen, sem var í forystu dönsku sjómannasamtakanna. Eftir nokkra hríð þótti Krebs sem líf hans væri ekki síður í hættu frá kommúnistum en nasistum, svo að hann flýði frá Evrópu haustið 1938 og laumaðist inn í Bandaríkin. Sagan, sem Krebs setti saman eftir það með bandaríska blaðamanninum Isaac Don Levine, *Úr álögum* (Out of the Night), varð metsölubók í Bandaríkjunum 1941. Hún var þá um vorið valrit í bókafélaginu Book of the Month Club (og má geta þess, að *Aðventa* Gunnars Gunnarssonar var einnig valrit félagsins það ár undir nafninu *The Good Shepherd*). Kaflar birtust úr bók Krebs í tímaritinu *Life* og útdráttur úr henni í marshefti tímaritsins *Reader's Digest* 1941. Ýmsir kunnir menntamenn skrifuðu lofsamlega um verkið, þar á meðal Freda Utley og Whittaker Chambers. Samtals seldust meira en milljón eintaka af bókinni næstu tíu ár.

Kommúnistar um heim allan skipulögðu að bragði herferðir í blöðum gegn Richard Krebs: Hann væri kunnur lygari og óþokki. Aðrir töldu bók hans stórmerkilega. *Alþýðublaðið* sagði frá henni í júlí 1941 og gat sér til um, að Íslendingum þættu fróðlegastar þær upplýsingar höfundar, að kommúnistar notuðu skip Eimskipafélagsins til að senda leyniskjöl sín á milli landa. *Morgunblaðið* prentaði kafla úr bókinni 22. júlí og hélt því áfram nokkra næstu daga. Þegar Menningar- og fræðslusamband alþýðu, MFA, sem var undir stjórn jafnaðarmannsins Finnboga Rúts Valdimarssonar, auglýsti í ágúst 1941 eftir áskrifendum að *Úr álögum*, brugðust íslenskir kommúnistar (eða sósíalistar, eins og þeir kölluðu sig frá 1938) ókvæða við. Einn kunnasti rithöfundur þeirra, séra Gunnar Benediktsson, skrifaði í *Nýtt dagblað*, sem sósíalistar gáfu þá út í Reykjavík, að sextán ára fangelsi lægi að íslenskum lögum við tilhæfalausum svívirðingum um menn, eins og Krebs væri



sekur um. MFA nyti opinberra styrkja. „Sjálfsagðasta krafan er sú, að þegar í stað taki hið opinbera í taumana, tilkynni, að íslensk lög verði framkvæmd í tilefni af bókinni, um leið og hún kemur út, og opinber styrkur tekinn af félaginu.“ Enn fremur ættu einstök verkalyðsfélög að hætta að greiða til MFA. „En mest er ábyrgðin á félagsmönnum í þessu sambandi. Þeim ber á augabragði að láta úrsögnunum rigna yfir félagsstjórnina út af þessu hneyksli til að láta hana finna, að fullkomin alvara liggi á bak við þá andúð, sem hún frá upphafi veit, að útgáfa þessara glæpabókmennta á að mæta.“

*Nýtt land* var blað, sem verklyðsleiðtoginn og hagfræðingurinn Héðinn Valdimarsson gaf út um skeið, eftir að hann gekk úr Sósíalístaflökknum vegna þjónkunar hans við Kremlverja, sérstaklega eftir gríðasáttmála Stalíns og Hitlers í ágúst 1939 og árás Stalíns á Finnland í nóvemberlok það ár. Í ágústlok 1941 andmælti þar ungur hagfræðingur, sem stundað hafði nám í Moskvu, Benjamín H. J. Eiríksson, orðum Gunnars Benediktssonar. Benjamín kvað bók Richards Krebs í senn fróðlega lýsingu á Komintern og gott bókmenntaverk og bætti við hugleiðingu um hlutskipti hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar: „Reynslan sýnir, að með flokksdýrkunarstefnunni hættir flokkurinn, flokkstækið, flokkseinræðisherraefnið eða einræðisherrann smám saman að líta á sig og sinn tilgang frá sjónarmiði málefnisins. Hann fær eigin tilgang: Völdin, eflingu þeirra og varðveislu. Harmsaga Valtins og óteljandi félaga hans er sú, að um leið og þeir gerðu það, sem þeir álitu stærstu fórn í þágu málefnisins, að yfirfæra absoluta hollustu sína á flokkinn og flokksforystuna, unnu þeir málefni sínu hið mesta ógagn: Þeir eyðilögðu flokkinn sem tæki hinnar sósíalísku baráttu, sem tæki í þjónustu málefnisins.“ Eflaust olli þessi áleitna og torleysta togstreita milli markmiðs og tækja róttækra umbótamanna því, að perúski rithöfundurinn Mario Vargas Llosa, Nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum 2010, hreifst ungur og þá vinstri sinnaður af bók Krebs, sem hann rakst á fyrir tilviljun í spænskri þýðingu í bókasafni frænda síns. Að mér viðstöddum sagði hann lestur hennar hafa kostað sig andvökunætur og heilabrot.

Annar rithöfundur, sem átti einnig eftir að fá Nóbelsverðlaun í bókmenntum, var ekki eins hrifinn af verki Richards Krebs. Í *Nýju dagblaði* 31. ágúst 1941 réðst Halldór Kiljan Laxness á „falsrit það sem hinn illræmði sérfræðingur Hearstblaðanna í bolsévikaníði og Sovétálygum, Bandaríkjagyðingurinn Isaac Don Levine, hefur samið í félagi við þýskan lygara, Krebs, undir gervinafninu Jan Valtin“. Nefndi Laxness til dæmis um vinnubrögð þeirra Levines og Krebs, að aðalflugumaður Kominterns í Noregi ætti að vera læknir að nafni Finn Halvorsen, en maður með því nafni fyndist ekki í norska læknatalinu. Fráleitt væri líka að halda því fram, að skip Eimskipafélagsins flyttu leynigögn milli Íslands og annarra landa. Þá væri danski verklyðsleiðtoginn Richard Jensen gamall maður og grandvar. Benjamín skrifaði þá í *Alþýðublaðið*, að svo virtist sem Laxness hefði ekki lesið bók Krebs. Sjálfur kvaðst Benjamín hafa snúið gegn Komintern, þegar hann hefði í Moskvu orðið vitni að flokkshreinsunum Stalíns. Hann hefði einnig fengið fregnir af spænska

borgarastríðinu, þar sem kommúnistar hefðu barið niður stjórnleysingja og aðra vinstri menn, sem ekki hefðu hlýtt skipunum frá Moskvu. Hann hefði hins vegar ekki viljað spilla fyrir sameiningu verkalyðsflokkanna (en með því átti hann við kommúnistaflokkinn og Alþýðuflokkinn) og þess vegna ekki skrifað fyrr en nú gegn Komintern.

Halldór Kiljan Laxness var þó ekki af baki dottinn. Eftir að fyrri hluti bókar Krebs var kominn út, fræddi hann lesendur *Tímarits Máls og menningar* á því, að höfundurinn sæti nú bak við lás og slá í Bandaríkjunum. Íslenskum kommúnistum tókst að telja kjarkinn úr MFA, því að það gaf ekki út seinni hlutann, heldur „Nokkrir félagar“ árið 1944. Hafði fyrri hlutinn þó selst í rökum fjögur þúsund eintökum. Krebs var vissulega um skeið í haldi í Bandaríkjunum, enda hafði hann komið ólöglega inn í landið og var auk þess ríkisborgari lands, sem átti frá því í desember 1941 í stríði við Bandaríkin. En honum var sleppt vorið 1943, og barðist hann í bandaríska hernum og hlaut heiðursmerki fyrir vasklega framgöngu. Emil Thoroddsen tónskáld, sem þýddi alla bókina, lést sama ár og síðari hluti hennar kom út, 1944.

Benjamín Eiríksson kann að hafa haft rétt fyrir sér um, að Halldór Kiljan Laxness hefði ekki lesið bók Richards Krebs þrátt fyrir stóryrði sín um hana. Til dæmis var þar ekki nefndur neinn Finn Halvorsen, heldur Arne Halvorsen, og hann var kunnur norskur læknir og kommúnisti. Einnig hefur verið upplýst, að kommúnistar á skipum Eimskipafélagsins fluttu leyniskjöl milli landa, eins og Krebs sagði, og var sá, sem sá aðallega um sendingarnar, Jón Aðalsteinn Sveinsson vélstjóri, sannfærður kommúnisti. Laxness var vel kunnugur honum. Danski kommúnistinn Richard Jensen viðurkenndi í endurminningum sínum, að hann hefði aðstoðað við skemmdarverk undir forystu Wollwebers og tekið við Rússagulli frá Moskvu. „Þegar ég kom með peningana, — það voru ósviknir dollarar, — átti að skipta þeim í banka. Það varð ég að gera sjálfur,“ skrifaði Jensen, hneykslaður á hugleysi féлага sinna. Þeir, sem kynnt hafa sér sögu íslensku kommúnistahreyfingarinnar, kannast við margt fleira úr bók Krebs. Til dæmis kom Hugo Sillén, sem hann minntist á, tvisvar til Íslands í erindum Kominterns, og eiginkona hans, Signe Sillén, sem starfaði fyrir leyniþjónustu Rauða hersins, sá um greiðslur frá Komintern til kommúnistaflokksins íslenska. Enn fremur hlutu margir Íslendingar, líklega 23 talsins, þjálfun 1929–1938 á leyniskólum Kominterns í Moskvu, eins og Krebs hlaut áður í Lenínsgarði. Vitað er um að minnsta kosti einn Íslending, Ársæl Sigurðsson, sem bjó í Kaupmannahöfn og fór í leyniferðir á vegum Kominterns til Hitlers-Þýskalands, svipaðar þeim, sem Krebs sagði frá. Þá sýna gögn bresku leyniþjónustunnar, sem gat um skeið fylgst með dulmálsskeytum á milli íslenskra kommúnista og Kominterns, að þeim var meðal annars skipað að útvega íslensk vegabréf handa neðanjarðardeild Kominterns, en Krebs lýsti því einmitt í bók sinni, hvornig slík vegabréf frá ýmsum löndum voru fölsuð og notuð.

Mér eru minnisstæðar samræður okkar Sidneys Hooks, heimspekings og and-

kommúnista, um Krebs í kaffítímum í Hoover-stofnuninni í Stanford-háskóla, á meðan ég var þar gistifræðimaður á níunda áratug síðustu aldar. „Þar er efinn,“ sagði hann, yppiti öxlum og hló. Grunaði hann Krebs um ýmsar ýkjur, þótt hann teldi harðan sannleikskjarna í bók hans. Eftir að söfn opnuðust í Rússlandi og víðar eftir hrun kommúnismans, kom í ljós, að grunur Hooks var réttmætur. Eitthvað er í bókinni um ýkjur, sérstaklega um hlut höfundarins sjálfs að ýmsum málum, og einnig þegir hann um sumt, einkum þegar það tengist fólki honum nákomnu, hugsanlega til að vernda það. Stundum ber verkið frekar svip af skáldsögu en sjálfsævisögu. Hann endursegir líka löng samtöl og hlýtur að eiga meira í þeim sjálfur en hann vill vera láta, en þar notar hann raunar svipaða aðferð — eða sviðsetningu — og þeir Halldór Kiljan Laxness og Guðmundur G. Hagalín í sjálfsævisögum sínum. Þrátt fyrir þetta þykir bók Krebs í meginatriðum traust heimild um hina alþjóðlegu kommúnistahreyfingu og undirróður og leynilögreglu ráðstjórnarinnar jafnt og nasista. Hún flytur almennan sannleik, sem á ekki síður heima í skáldsögu en sjálfsævisögu.

Krebs hafði árið 1940 gengið að eiga bandaríska konu, Abigail Harris, og eignaðist með henni tvo syni, Conrad og Eric. Hann hlaut bandarískan ríkisborgararétt 1947. Þau Abigail skildu 1949, og kvæntist Krebs þá annarri bandarískri konu, Clara Medders. Fyrsta kona hans, Hermine Stöver (Firelei í þessari bók), hafði látist 1938, en sonur þeirra Jan lifði af, og tókst Krebs að hafa upp á honum í Þýskalandi eftir stríð og koma honum til Bandaríkjanna. Richard Krebs andaðist úr bráðri lungnabólgu í Betterton í Maryland-ríki 1. janúar 1951. Árið 2002 kom út um hann á þýsku bókin *Der Spion, der aus Deutschland kam. Das geheime Leben des Seemanns Richard Krebs* (Njósnaarinn frá Þýskalandi. Leynilíf sjómannsins Richards Krebs) eftir Ernst von Waldenfels, og er þar notast við nýfundnar heimildir.

Bók Krebs var frumsamin á ensku, en síðan þýdd og gefin út á mörgum tungum. Hin íslenska þýðing á riti Krebs er nú endurútgefin 23. ágúst 2015, sem Evrópuþingíð hefur valið sem minningardag fórnarlamba alræðisstefnunnar í Evrópu, en þann dag árið 1939 gerðu Hitler og Stalín gríðasáttmála, sem hleypti af stað seinni heimsstyrjöld. Óhætt er að segja, að báðir hafi þessir alræðisherrar verið örlaga-valdar í lífi Krebs, jafnframt því sem bók hans var vissulega nokkurt lóð á vogar-skálina gegn alræðisstefnunum á Íslandi. Er stafsetning og málnotkun fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Örstuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

*Hannes H. Gissurarson.*

**Fyrsti hluti:**  
Það var kallað  
Dagrenning

*Out of the night that covers me,  
Black as the pit from pole to pole,  
I thank whatever gods may be  
For my unconquerable soul.*

*In the fell clutch of circumstance  
I have not winced nor cried aloud.  
Under the bludgeonings of chance  
My head is bloody, but unbowed.*

Þótt mynduð væri í myrkra geim,  
er mannheim lykur eins og skál,  
ég vildi þakka verund þeim,  
sem vakti mína styrku sál.

Þótt örlögin mér gyldu grátt,  
þeim gerði ég líka nokkur skil.  
Og ennþá ber ég höfuð hátt,  
þótt hafi blóðgast af og til.

„Invictus“ eftir William Ernest Henley (1849–1903). Þaðan er dregið nafn bókarinnar á ensku, „Out of the Night.“ Ísl. þýð. Páll Bjarnason.

# Lumpenhund

ÉG ER FÆDDUR Þjóðverji. En æskuárum mínum var dreift um staði, sem voru jafn-fjarri hver öðrum og Rínarfljót og Langafljót í Kína, Jangtse. Ferðin hófst á bökkum Rínar, þar sem hún sveiflast skyndilega til vesturs og grefur sér braut gegnum fjöllin, áður en hún beygir aftur í norðurátt og rennur breið og straumþung fram hjá Lorelei-klettinum og turnum Kólnar. Dag nokkurn árið 1904 fann móðir mín að hún mundi verða léttari, en hún var þá á leið frá Genúa til Rotterdams til móts við mann sinn, sem var að koma af sjó. Hún lét staðar numið og fór til kunningjafólks síns í smábæ nálægt Mainz. Þar ól hún fyrsta son sinn. Og áður en ég var mánaðar-gamall bar hún mig um borð í skip á leið niður Rín til Rotterdams.

Faðir minn hafði verið á sjó mestan hluta ævi sinnar. En þrátt fyrir flakk sitt bar hann í brjósti ást förumannsins til fósturjarðarinnar, — ást, sem mér tókst ekki að tileinka mér. Síðustu tíu árin fyrir heimsstyrjöldina starfaði faðir minn við sjóferðaefirlit Norðurþýska Lloyd-félagsins í Austurlöndum og á Ítalíu. Það var starf í landi, og var honum leyft að fara með fjölskyldu sína frá einni höfn til annarrar á kostnað félagsins. Einn árangur þessa hirðingjalífs var sá, að um það leyti, sem ég var fjórtán ára, kunni ég auk móðurmáls míns hrafl í kínversku og malajísku og gat bjargað mér í sænsku, ensku, ítölsku og hinni óbugandi pidgin-ensku hafnarborganna. Önnur afleiðing var sú, að ég öðlaðist snemma minnimáttarkennd gagnvart piltum, sem höfðu notið þeirra forréttinda að lifa æskuár sín í einu landi. Andspænis ögrandi þröngsýni þeirra, sem höfðu fest rætur — „þetta er landið mitt; það er besta landið“ — fann ég til dapurlegs staðfestuleysis. Ég galt líku líkt með því að sýna barnslega fyrirlitningu á heilbrigðri þjóðerniskennnd

Ósigrandi ferðaþrá var önnur afleiðing ævi okkar við sjávarsíðuna. Ég hljóp að heiman síðla dags í hitum til þess að kanna hafnirnar og skoða skip á siglingu og stritandi hafnarverkamenn. Ég þekkti pakkhús og skipalestir á lyktinni. Þegar vindurinn stóð af rétttri átt, gat ég greint ilminn af hampi eða kókosfeiti eða hita-beltisviðartegundum fjögur hundruð meta frá hafnarbökkunum. Mér þótti gaman að lesa bækur um rannsóknarferðir og svaðilfarir. Ég var aldrei í hermanna-leik. Ég var annaðhvort skipstjóri, verkstjóri í hafnarvinnu eða sjóræningi. Litla bátnum sem ég átti, þegar ég var tólf ára, sigldi ég oft í hryðjuveðri um mynni fljótanna Vísarar, Weser, og Saxelfur, Elbe. Stund minnar mestu upphefðar var, þegar yfirsmiðurinn á bátasmíðastöðinni benti félagu sínum á mig með orðunum: „Hrokkinkollurinn þarna, hann siglir eins og fjandinn sjálfur.“

Faðir minn talaði sjaldan um fyrri ævi sína, en húðflúr af akkeri, skipi og suð-rænum konum með gríðarstórar mjaðmir gáfu bendingu um að ævi hans hefði verið

viðburðarík. Eins og flestir þýskir iðnaðarmenn í þá daga var hann íhaldssamur í stéttarvitund sinni. Hann var í flokki jafnaðarmanna, dyggur verkalyðsfélagsmaður og leit svo á, að keisarininn væri óþarfur loddari. Hann var stríðsmaður á rósama vísu, en átti þó til óvænt skapbrigði, og hann trúði fast á réttláta og fagra sósíalíska framtíð.

Móðir mín var hugrökk og sannt trúð og geymdi drauma í fórum sínum: Hús í einhverri hlíð, girt garði og birkilundi, hlýlega höfn, sem synir hennar, er allir áttu að stunda sjóinn, mundu flykkjast í til hvíldar að hverri ferð afstaðinni. Hún var fædd á Skáni í Suður-Svíþjóð, og henni var í blóð borin gestrisnin og ástin til alls þess er gróir, sem virðist einkenna Svía.

Fyrsti skólinn, sem ég gekk á, var þýski skólinn í Góðviðru, Buenos Aires. Ég var þar aðeins í rúmt ár, og endurminningar mínar um hann eru óljósar. Síðan komu tvö ár í breskum skóla í Singapúr. Þar var það, sem ég varð fyrst var við það regindjúp, sem staðfest var milli mín, barns verkamannsins, og sona og dætra nýlenduembættismannanna og hvítu kaupþýslumannanna í Austurlöndum. Ég átti ekki aðgang að veislum þeirra, og vegna borgaralegs stærilætis foreldra þeirra forðudust þau hið auvirðilega heimili fjölskyldu minnar. Við höfðum ekki nema tvo kínverska þjóna, en þau höfðu fimmtán til tuttugu. Vegna þess að föður mínum þótti það ekki skemma, þótt ég legði lag mitt við afkvæmi Asíumanna, sem unnu með honum, gáfu litlu heimsvaldasinnuðu höfðingjasleikjurnar í bekknum mínum mér viðurnefni, sem kom jafnvel sumum fullorðnum til þess að brosa. Það var *Lumpenhund*, en það þýðir „tuskugarmur“. Ég var klunnalegur og of stórvaxinn eftir aldri. Ég er hræddur um að kennslukona sem var ensk, hafi haldið að ég tæki ekki eftir því, hvernig hún óvirtu þennan eina nemanda sinn af öreigastétt.

Árið 1913 var faðir minn fluttur um stundarsakir til Hong Kong og síðar á sama ári var hann kallaður til þess að sjá um innréttingu nýrra skipa í Yokohama og Batavíu. Í öllum þessum leiðöngurum hafði hann fjölskyldu sína með sér — og fórum við á öðru eða þriðja farrými skipa frá Norðurlýska Lloyd. Mér er enn í minni skipti mín við þilfarsþjón á skipinu *Kleist*, sem vísaði mér burt af efsta þilfari skipsins. „*Sei nicht traurig*.“ huggaði faðir minn mig. „*Wir sind nun einmal Menschen zweiter Klasse*.“ Annars flokks fólk!

Fjölskyldan óx frá ári til árs. Ég eignaðist systur í Hong Kong. Önnur fæddist á skipsfjöllum milli Suez og Colombo. Bróðir bættist mér í Singapúr; það var hann, sem varð síðar foringi í flugher nasista og lét lífið vegna kommúnistatilræðis árið 1938.

Árið 1914 vorum við komin til Genúa á Ítalíu, en þar þurfti félagið að hafa kunnáttumann í hleðslu skipa, það voru „macaroni-skipin“ svokölluðu, sem um var að ræða, gríðarstór farþegaskip, sem fluttu óteljandi ítalska útflytjendur til New York og suðuramerísku hveiti- og kjötborganna. Það var í Genúa, sem stríðið skall á okkur. Skipaferðir Þjóðverja stöðvudust með öllu.

Við dvöldumst í Genúa, þangað til Ítalía sagði Þýskalandi stríð á hendur árið eftir. Þessi níu mánaða dvöl bar keim af langvinnri martröð. Ég lærði, hvernig hatar

fjöldans og þjóðernisofstæki lýsa sér í sínum verstu myndum. Hver blaðsöluþingur var þakin bæklingum og áróðursauglýsingum, er sýndu þýska hermenn vera að negla börn við borð á tungunni eða rífa tunguna út úr ungum, fögrum konum. Ég gat ekki gengið um höfnina án þess að verða fyrir árásum og barsmið af ítölskum flökkulyð. Á leiðinni í skólann og úr og jafnvel í garðinum við húsið okkar urðum ég og aðrir drengir, sem grunaðir voru um að vera þýskir, fyrir hríð af grjóti og múlasnataði. Við vorum lamdir með stöfum. Það var hrækt í andlit okkar. Við vorum jafnvel hundeltir inn um brotnar gluggarúðurnar á heimilum okkar.

Hefði faðir minn kallað þessar ítölsku föðurlandsvinagersemar svikara, *Schweinehunde*, hefði ég getað sætt mig við það og sungið Hohenzollern-lofsönginn; en hann fordæmdi stríðið af alhug. Sökum þess að hann trúði á alþjóðasósíalisma og samheldni verkalyðsins út fyrir takmörk þjóðernisins, fordæmdi hann einnig sósíalístaleiðtogana þýsku, þegar þeir sömdu frið um félagsmálin í ágúst 1914. Af öllu þessu varð ég ruglaður, hræddur, tortrygginn og hugði til uppreisnar gegn vígorðum tímans um að máttur væri réttur.

Þegar Ítalía fór í stríðið, flýði faðir minn til landamæra, því að hann sem varaliðsmaður í flotanum óttaðist fangelsun. Við komumst huldu höfði til Þýskalands sem flóttafólk.

Frá upphafi þriðja árs styrjaldarinnar áttum við heima í Brimum, Bremen. Faðir minn var kominn í þjónustu þýska flotans. Fyrst hafði honum verið skipað á eftirlitsbát við Helgoland; nú hafði hann stöðu í fremra tundurskeytarými orrustuskipsins *Thüringen*. Móðir mín átti í ótrúlega harðri baráttu um að halda lífi í afkvæmum sínum með því naglskorna kaup, sem fjölskyldum hermannanna var úthlutað. Ég var í fötum úr pappír, skórnir voru úr tré, á sumrum var ég berfættur, og aðalfæða okkar var rófur og lélegt brauð, en kartöflur voru sjaldséðar og hrossakjöt óhófsvara. Á þeim árum fékk ég að kynnast langvinnum sulti og á veturna bitrum kulda. Við söfnuðum jarðhnetum í skógunum til olíugerðar og eikarhnetum í kaffi. Við drengirnir reikuðum í hópum eins og úlfar á útjörðum landareigna og hergeymslna og stálum eldiviði, kartöflum og dósamat og létum greipar sópa um dýrmæt kol í nágrenni verksmiðja og járnbrautarstöðva. Hvað eftir annað gripu fullorðnir skógarverðir eða lögregluþjónar mig höndum. En þar sem ég fann enga sök í slíkum smágripdeildum, tók ég að skoða hvern þann, er bar á sér merki yfirvaldanna, sem ofstopafullan fjandmann.

Einkunnir mínar í skólanum voru undir meðallagi. Handahófskennsla sú, sem ég hafði hlotið í erlendum skólum, hafði ekki gert mig færar um að fullnægja þeim hörðu kröfum, sem þýska fræðsluferfið gerði. Kennarinn var vanur að hamra vígorðið fræga: „Haldið út! Haldið saman! Haldið kjafti!“ inn í höfuðið á okkur og segja okkur, að breska hafnbannið ætti sök á allri neyð Þýskalands. En faðir minn og aðrir sjómenn, sem komu heim í leyfi, hlaðnir stolnum sykri og hermannabrauði, skelltu skuldinni á keisarann og hergagnaframleiðendurna. Ásamt sonum annarra verkamanna í uppreisnarhug sat ég á leynilegum kjallarafundum og söng:



Hengjum böðla, hilmi, klerka! Hungrað fólk vill brauð!  
Fram skal sækja! Frjálsan leysa fjöldann úr ánauð.

Í september 1918, þegar ég var nærri fjórtán ára, fór eldri kunningi minn, sem var handlangari hjá sólara, með mig á fund einnar af æskulýðsdeildum óháðra sósíalísta. Þessar deildir, sem þá þegar báru nafnið Spartakus-æska, höfðu, að því er mér var sagt, ungir byltingarsinnar frá Berlín stofnað ólöglega.

Það var horaður hópur uppveisnarunglinga, sem kom saman í laumi í þakherbergjum, í eyðibyggingum og jafnvel á þökum uppi. Menn, sem sögðust vera strokumenn úr flotanum, kenndu okkur að hata hina ríku, að skora á hina fátæku að rísa upp gegn kúguninni, að leysa upp þjóðlega skólafundi með kláðadufti og fýlusprenjum, sem okkur voru fengnar í sælgætisöskjum. Þetta framkvæmdum við og fleira, sem við tókum upp hjá sjálfum okkur. Við teiknuðum skopmyndir af keisaranum hangandi í gálga og laumuðum þeim um bekkina. Við létum fyrir-litningu okkar á yfirvöldunum í ljós með því að fleygja dauðum rottum inn um opna glugga á lögreglustöðvum.

Af munni föður míns og annarra sjómanna, sem komu heim í tveggja daga leyfi á mánuði, fengum við að heyrja það, sem fram fór í flotanum. Uppveisn vofði yfir. Karlarnir, sem var hrúgað saman í þröngar vistarverur, þúsund manns eða fleiri á hverju skipi, voru kvaldir af hungri og hötuðu foringjana fyrir stærilæti þeirra og kampavínið og smjörið, sem þeir gæddu sér á. Óbreyttu dátarnir í flotanum vildu meira en að stríðinu lyki. Þeir töluðu um hefnd fyrir allar auðmýkingar fyrri tíma. Á mörgum skipum höfðu verið kosin leynileg framkvæmdaráð háseta og kyndara. Salernin á skipasmíðastöðvunum urðu miðstöðvar byltingarfunda. Liðhlaupum fjölgaði; hásetarnir seldu einkennisbúninga sína og struku í land. Margir forsprakkar af herskipunum voru leiddir fyrir herrétt og skotnir.

Það leið aldrei svo vika, að við hefðum ekki strokumann sem næturgest í drungalegu íbúðinni okkar. Oftast nær fóru þeir um dögum, klæddir einhverjum fataræflum, á leið til Berlínar eða München og þaðan til Saxlands og Slésíu. Flestir þeirra fluttu hermannaskammbyssur inn í hús verkamannanna. Móðir mín hafði andstyggt á vopnum. En ég vissi, að margar fjölskyldur í sama húsi áttu skotvopn falin í kjallaranum, undir þiljum, í gluggakistum og ofnþípum. Fólkið var þögult og önuft. Enginn af nágrönnum okkar var trúaður á að lok stríðsins væru nálæg.

Einu sinni var sjómaður á heimleið frá Pétursgarði, Petrograd, gestur okkar. Hávaxinn, horaður, í augum mínum frekar ævintýrleg persóna, stóð hann í einu horni dagstofunnar og sagði okkur af sigri bolsévika og fyrstu ríkisstjórn verkamanna í heimi.

Nálægt októberlokum 1918 skrifaði faðir minn, að úthafsflotinn hefði fengið skipun um að gera lokaárás á England. Það var ekki farið leynt með það. Foringjarnir, sagði hann í bréfinu, svölluðu allar nætur. Þeir kváðust vera að drekka erfidrykkju

flotans. Því var fleygt, að flotinn hefði fengið skipun um að leggja til orrustu til þess að bjarga heiðri þeirrar kynslóðar, sem smíðaði hann. „Heiður þeirra er ekki heiður okkar,“ skrifaði faðir minn.

Tveimur dögum síðar var flotinn ferðbúinn. Fólkið í Brimum var þungbrýnna en nokkru sinni fyrr. Þá komu örvandi fréttir. Uppreisn í flota keisarans! Ungir burgeisasynir, sem höfðu verið að monta sig með sjóliðshúfur, skildu þær nú eftir heima. Ég sá konur, sem hlógu og grétu, af því að þær áttu menn í sjóliðinu. Í gluggum og dyrum og fyrir framan matvælabúðir gaf að heyra kvíðafullar raddir: „Ætlar flotinn að leggja út? ... Nei, flotinn má ekki sigla! Það er morð! Hættið stríðinu.“ Unglingarnir á götunum hrópuðu: „Húrra!“

Nánari atvik tóku að kvisast. Á *Thüringen* höfðu uppreisnarmennirnir náð skipinu á vald sitt. Þeir höfðu fellt akkeri, mölvað siglingaljósinn og afvopnað sjóliðsforingjana.

Óp gullu við: „Niður með keisarann! Niður með stríðið! Við viljum frið!“ Þeir sem hjá gengu hristu höfuðið og sögðu, að uppreisn væri dauðasök. Strokumaður úr tundurslæðaradeild færði nýjar fregnir. Orrustuskipið *Helgoland* hafði farið að dæmi *Thüringen*. Kyndararnir höfðu hellt vatni á eldana og kæft þá.

Flotinn lagði ekki út. Flotinn sneri aftur til hafnar. Fimm hundruð og áttatíu uppreisnarmenn af *Thüringen* og *Helgoland*, meðal þeirra faðir minn, voru hnepptir í varðhald.

Heima áttum við tvær daprar nætur. Móðir mín lá á bæn. Yngri börnin skulfu í rúmum sínum. Það var kolalaust og matarlaust. Ég man að ég var að furða mig á því, að ég skyldi ekki komast í geðshræringu af tilhugsuninni um að faðir minn yrði skotinn. En handtaka uppreisnarmannanna var aðeins um stundarsakir. Þeim tókst að brjótast út úr varðhaldinu og leggja skipin undir sig á ný. Um borð á *Helgoland* kipti þrekinn kyndari keisaraflagginu niður og dró rauða fánann að hún. 7. nóvember hafði uppreisnin breiðst um allan flotann.

Það kvöld sá ég uppreisnarmennina aka inn í Brimar í löngum lestum vörubifreiða, sem þeir höfðu tekið traustataki. Þúsundir iðuðu á götunum. Verkamennirnir hylltu sérstaklega lágan, þrekvaxinn mann í sótgum, bláum fötum. Hann veifaði húfu sinni yfir höfðinu til svars við kveðjunni. Það var kyndarinn, sem hafði dregið upp fyrsta rauða fánann á flotanum. Nafn hans var Ernst Wollweber.

Fyrir framan járnbrautarstöðina sá ég mann vera drepinn. Það var fyrirlíði í gráum einkennisbúningi, sem kom út úr járnbrautarstöðinni um leið og uppreisnarmennirnir umkringdu hana. Hann var ekki nógu fljótur að láta af hendi vopn sín og axlaskúfa. Hann hafði naumast gert sig líklegan til þess að draga upp skammbyssu sína, áður en þeir komu honum undir. Byskuskeftin blikuðu á lofti yfir honum. Ég horfði hugfanginn á úr nokkurri fjarlægð. Síðan sneru sjómennirnir baki við honum og gengu til bifreiða sinna. Ég hafði séð dána menn áður. En manndráp með ofbeldi og ofsinn, sem því fylgdi, voru mér ný fyrirbrigði. Ég furðaði mig á því, hve auðvelt væri að drepa mann.

Ég ók á hjóli mínu í áttina til Brill-torgsins í vesturhluta bæjarins. Íbúarnir voru á götunum. Úr öllum áttum ólgaði og streymdi haf mannfjöldans inn að miðhluta borgarinnar. Margir verkamennirnir höfðu byssur, byssustingi eða hamra að vopni.

Ráðhúsið í Brimum féll, án þess að til átaka kæmi. Fjöldinn vildi ekki blóðsúthellingar, ekki einu sinni hefnd; hann var þreyttur á stríðinu og vildi umfram allt kveða drauginn niður. Síðla þá um kvöldið fylltu verkamenn svo að tugum þúsunda skipti Ráðhústorgið. Meðal þeirra voru örfáir hermenn og, eins og óhjákvæmilegt var, hásetarnir af herskipunum.

Hver ræðumaðurinn á fætur öðrum boðaði hina nýju tíma af svölum Ráðhússins; renglulegur hermaður, einn af fulltrúum hins nýkjörna verkfallsráðs, bústinn embættismaður úr jafnaðarmannaflokknum, og á milli þeirra hinn gildvaxni foringi uppreisnarmannanna úr flotanum, Ernst Wollweber.

Wollweber henti orðum sínum eins og klettahnúllungum til fólksfjöldans. „Við drógum stígvélin af fótum keisarans,“ lauk hann máli sínu. „Nú skulum við gera út af við auðvaldið. Lengi lifi þýska ráðstjórnarlýðveldið!“

Fjöldinn tók undir, þeir öskruðu, þangað til andlit þeirra virtust ætla að springa, það var ómótstæðileg þvingun. Ég öskraði með þeim. Aldan flóði frá ströndinni suður á bóginn, og sjómenn voru í fylkingarbroddi byltingarinnar. Ríkisstjórn Prússlands lét undan. Bajaraland var lýst lýðveldi. Í Hamborg, sem hefur frá fornu fari verið rauðasta borg Þýskalands, komust ráðstjórnarliðar til valda. Keisarinn flýði til Hollands, og tveimur dögum síðar var skrifað undir vopnahléð.

Ég sá ekki föður minn aftur. Mér var sagt, að hann hefði verið kosinn í verkamanna- og hermennaráðið í Emden. Síðar fór hann til Berlínar. Óháðir sósíalistar sendu hann til Braunschweig. Meðan þessu fór fram eyddi ég meiri hluta hvers dags á reiðhjóli mínu við að fara í sendiferðir fyrir sjómannaráð, sem hafði komið sér upp bækistöðvum í Weser-skipastöðinni. Ég skildi ekki deilur verkamannaflokkanna sín á milli, en ég tileinkaði mér með hægð fyrirlitninguna, sem uppreisnarmennirnir höfðu á hægfare stjórnámálamönnum. Á hverjum degi voru í Brimum haldnir mótmælafundir og andmótmælafundir keppandi öreigaflokksbrota. Eithvað, sem líktist einingu, kom aðeins í ljós, þegar sigrudu hersveitirnar flæddu heim af vígstöðvunum, enn undir stjórn hinna gömlu foringja sinna. Ég var meðal fjöldans, sem gekk til móts við 75. og 213. herfylkin í norðvesturjaðri borgarinnar. Hermennirnir voru þögulir og ataðir í leðju. Foringjarnir höfðu dregið sverð úr slíðrum, og þeir svöruðu ópum mannfjöldans með glotti og hótunum.

„Við ætlum að hreinsa til hér,“ hótuðu þeir.

Þegar herliðið var komið inn í borgina, var það umkringgt af sjómönnum og verkamönnum af skipastöðvunum, sem höfðu aðsetur í vélbyssuhreiðrum á húsaþökum og veggsvölum: Herliðið var komið í gildru, og allir bjuggust við blóðbaði. En það var afvopnað og leyst upp án blóðsúthellinga. Nokkrum dögum síðar sáust fyrstu ummerki þess, að baráttuflokkar þjóðernissinna hefðu verið stofnaðir. Auglýsingar hrópuðu af húsveggjunum: „Drepið nóvember-glæpamennina.“ Fámennir

verkamannahópar rifu þær niður. Hópar einarðra kvenna slátruðu að næturlagi þreyttum hestum, sem herliðið hafði skilið eftir á götunum.

Í janúar leiddi ósamlyndið til opinberrar baráttu, Ebert-Scheidemann-Noske liðið, hægra arms sósíalistar, kvöddu sér til hjálpar herdeildir þjóðernissinna undir stjórn foringja frá vesturvígstöðvunum í því skyni að kveða niður tilraunir Spartakusmanna til þess að hrifsa til sín völd. Hundruð manna létu lífið á götum Berlínar. Karl Liebknecht og kvenhetjan, sem tók þátt í forustu hans, Rósa Luxemburg, voru myrt af einum þessum herforingjaflokki. Rósa var rifin í tætlur og varpað í skipaskurð, og einveldishyskið fagnaði nýjum söng, sem hófst svo:

Það flýtur lík í Landwehr-skurði.

Í Brimum voru sjómenn enn bjartsýnir. Einn og einn þeirra sagði: „Meðan við höfum vélbyssu, brauðbita og lifrarpylsu er engin ástæða til að gera sér áhyggjur.“ Það var barist á götum úti í Hamborg, í Slésíu. Í Brimum var þeim hægfara ýtt til hliðar. Ráðstjórnarliðar stjórnðu borginni og lýstu yfir, að hún væri óháð lýðveldi.

20. janúar barst okkur sú frétt, að faðir minn hefði dáið á spítala í Wolfenbüttel. Það fékk mjög mikið á mig. Móðir mín, sem var nærri frávíta af harmi, lagði undir eins af stað til Braunschweig. Hún skildi yngri börnin eftir í vörslu nágrannanna. 22. janúar fannst yngsti bróðir minn, fimm ára gamall, látinn í rúmi sínu. Enginn varð þess var, þegar hann dó.

Um miðjan nóvember 1918 hætti ég að ganga í skóla. Deild Spartakus-æskunnar, sem ég var í, var mjög ötul. Á hverjum morgni fórum við til Rauða hússins á vinstri bakka Vísarár og fengum böggla af dreifibæklingum hjá einkaritara krypplings nokkurs, sem hafði einhvern veginn komist til valda í ráði byltingarsinnuðu sjómannanna. Bæklingunum dreifðum við út við höfnina, við verksmiðjuhliðin og í leiguhverfum útborganna.

Fyrstu dagana í janúar 1919 var Spartakus-sambandið endurskipulagt og breytt í kommúnistaflokk Þýskalands, en við vorum svo hreyknir af gamla nafninu okkar, að við kölluðum okkur áfram unga spartakista. Á afmælisdegi keisarans, 27. janúar, stóðu sjómenn með rauð armbindi að því að skipa okkur drengjunum í tuttugu manna flokka. Við vorum önnur kafnir allan daginn við að sundra keisaradagsfundunum, sem forstjórar menntaskóla og lýðskóla skipulögðu. Við höfðum barefli og grjót fyrir vopn. Við rifum keisarafloggin af ræðustólunum og kæfðum tilraunir til að syngja *Heil Dir im Siegerkranz* með þýsku útgáfunni af *La Marseillaise*. Kennararnir þorðu ekki að hreyfa hendi gegn uppivöðslu okkar. Þá drengi, sem voru sæmilega klæddir og sæmilega aldir, rákum við út á götu.

Það var komið fram í febrúar. Harmleikurinn sem leikinn hafði verið í Berlín — Ríkisvarnarliðið nýja undir stjórn jafnaðarmannsins Gustavs Noskes hermálaráðherra hafði molað bardagasveitir byltingarsinnaða minni hlutans — var

endurtekinn í mörgum fjarlægari borgum. Það kvísaðist í okkar hópi, að stjórnin í Berlín ætlaði að senda herlið til þess að berjja niður ráðstjórnarliða í Brimum. 3. febrúar flykkist fólk um götugauglýsingar, þar sem tilkynnt var, að herfylki Gerstenbergs hershöfðingja væri að nálgast borgina frá suðri. Allir verkamenn byltingarinnar voru kallaðir til vopna. Synir burgeisanna flýðu borgina. Í löngum, strjálum fylkingum brunuðu þeir brott á skautum yfir frosið mýrlendið til þess að sameinast sóknarhernum.

Félögum Spartakus-æskunnar, sem voru tæplega þrjú hundruð að tölu, var boðið út til þess að annast sendiferðir og skilaboð. Varnarráð byltingarmanna notaði drengi og telpur til þess, vegna þess að ólíklegra var að unglingar vektu grun Noske-liðsins. Allan þann dag sá ég sjómenn og verkamenn vera að koma fyrir fallbyssum í fylgsnum fram með ánni og vélbyssum á húspökum. Spartakista-deildir hófu göngu til úthverfanna. Flestir liðsmennirnir voru ungir, innan við tvítugt. Þeir voru allir illa klæddir. Sumir voru skólausir, en höfðu vafið druslum um fætur sér. Þeir gengu með rifflana á öxlum sér og vissi skeftið upp, en höfðu hendurnar á kafi í vösunum. Þeir voru fölar í andliti og bláir af kulda.

Aðfaranótt 4. febrúar fór ég ekki heim. Sambland af sjálfseyðandi þrjósku og brennandi örlagatrú, hugarástand, sem stafaði frá litla sjómannahópnum óþreytandi, virtist hafa gagntekið okkur alla, unga og gamla. Ég heyrði menn tala um að geryða gagnbyltingunni. Þeir gátu ekki gabbað mig. Ég vissi, hvað þeim bjó í huga. Þeir stóðu sjálfir andspænis geryðingu, og þeir vissu það, en sjálfsvirðing þeirra og ótti þeirra gagnvart athlægi leyfðu þeim ekki að gefast upp, þó að aðstaðan væri vonlaus. Ég blundaði þessa nótt á neðstu hæð kauphallarinnar. Það var enn niðamyrkur, þegar við vorum vaktir.

„Allir á fætur! Noske-liðið er að koma.“

Á torginu voru kryplingurinn, gríðarstór sjómaður og piltur með gleraugu að gefa fyrirskipanir. Frá vinstri bökkum árinna bárust til eyrna drunur fallbyssna og harða relluhljóðið í vélbyssunum. Mér og fimm öðrum drengjum var skipað að fara til sparibankans í Keisaragötu. Við áttum að fara með skilaboð milli bankans og Vísarar-skipastöðvanna í vesturhluta borgarinnar.

Þrír af þessum sendlum okkar struku undireins. Ég efast um, að ástæðan hafi verið hræðsla. Þeir hlupu blátt áfram burtu til þess að horfa á bardagann. Allan þann dag voru hópar forvitinna manna að skjótast fyrir götuhorn og létu það ekki aftra sér, þó að kúlurnar hvínu um eyru þeirra. Þegar ég hafði farið í tvær sendiferðir milli bankans og skipastöðvanna, virtist ekki vera meira að gera að sinni. Ég settist að í stóru herbergi á efstu hæð bankans. Með aðstoð Heins Rodes, sjómanns, sem ég þekkti, og af því, sem ég sá, fékk ég nokkurn skilning á undirstöðuatriðum þessarar hörðustu allra bardagaáðferða — götubardögum milli húsa.

Það var verið að skjóta af vélbyssu úr stærsta glugganum. Tveir sjómenn og drengur á aldri við mig stjórnuðu byssunni. Þegar hér var komið, skalf öll borgin af orrustugný. Leyniskyttur skutu á hermenn, sem skriðu yfir húspök í fjarska.

Fallbyssurnar við ána dundu við og við. Það var skotið úr bifreiðum á fullri ferð og úr anddyrum húsa. Mörg hús voru alelda. Niðri á Brill hlupu forvitnir borgarar til þess að bjarga lífinu. Múrsteinabrot og glerbrot þöktu göturnar. Síðan komu sprengingar svo heiftarlegar, að húsið hristist sem í jarðskjálfta. „Beint í mark?“ sagði ég ákafur.

„Tundursprengjur,“ sagði Hein Rode rólega. „Þeir nota sprengjukastara.“

Noske-liðið nálgadist vinstri árbakkann. Ég sá þá skjótast milli húsdýra, en á meðan komu aðrir yfir þökin og meðfram trjágörðunum. Í 800 metra fjarlægð voru þeir á að líta eins og tindátar, sem hafa fengið líf. Í rauninni voru það vanir hermenn frá vesturvígstöðvunum. Þrumur tundursprengjanna mögnuðust. Syðri endi Keisarabráurinnar iðaði skyndilega af víggráum verum undir stálhjálmum.

Vélbyssan í glugganum stóð á sér. Annar sjómaðurinn sneri sér við og sagði: „Haldið þið nú út, félagarnir eru að sprengja upp brýrnar.“

Á næsta augnabliki bölvaði hann: „*Verdammt*, hvers vegna sprengja þeir ekki brúna?“

Það varð hlé á skothriðinni. Noske-liðið lagði til atlögu á brúna. Þeir æptu um leið og þeir hlupu. Og allt í einu hófst miskunnarlaus vélbyssuhríð. Ég sá marga hermenn falla. Dauðinn var hversdagslegur. Þann dag kallaði hann ekki fram aðrar tilfinningar hjá mér en skemmtileg leiksýning mundi hafa gert. Augabragði síðar þustum við allir út úr byggingunni, hver sem betur gat. Drunur handsprengjanna voru ekki nema tvö hundruð metra frá okkur. Fallbyssukúlur, sem sprungu í loftinu, rifu stóra steinmola úr turnum dómkirkjunnar. Sendill, sem var að koma í átt frá torginu, öskraði eitthvað um brynvagna.

Reiðióp gullu við. „Þeir hafa tekið brýrnar.“ Þess varð ekki vart, að menn létu hugfallast. Ekki var allt á hinni óskaplegustu ringulreið. Það kvisaðist sú saga, að Knief, kennari byltingarmanna, og krypplingurinn Fraczunkovitz hefðu komist undan í flugvél.

„Vissara að hypja sig,“ ráðlagði Rode mér. „Bjarga líftórunni.“

Ég steig á bak hjóli mínu og hjólaði burt án þess að vita, í hvaða átt ég fór. Fallnir menn lágu á víð og dreif og teygðu limina afkáralega, og á mörgum stöðum var snjórinn blóði drifinn. Rauðliðar voru á undanhaldi til járnbrautarstöðvarinnar. Nokkrum sinnum stöðvuðu Noske-liðar mig, en þegar þeir sáu, að ég var ekki annað en barn þrátt fyrir stærðina, slepptu þeir mér. Ég flýði úr borginni og komst eftir þrjá daga til Hamborgar.

Af járnbrautarstöðinni skrifaði ég móður minni póstkort til þess að láta hana vita, að ég væri á lífi. Hún sendi mér símleiðis þá litlu peninga, sem henni tókst að öngla saman. Daginn eftir kom hún til Hamborgar, á að líta eins og svipur sjálfrar sín.

„Ég ætla til sjós,“ sagði ég.

Hún þagði langa hríð. En þolinmóðu, gráu augun hennar stækkuðu og fylltust

botnlausri hryggð. Loksins sagði hún: „En landið okkar á engin skip. Bretarnir tóku þau öll.“

„Ég læt skrá mig sem skipsdreng undir erlendu flaggi,“ svaraði ég.

Næstu daga seldi móðir mín það sem eftir var af silfurmunum fjölskyldunnar og keypti handa mér olúföt, sjóstígvél, teppi og nokkrar aðrar nauðsynjar. Hún gaf mér líka litla Biblíu og gerði samkomulag við Wolfert, skipamiðlara nokkurn með lymnskuleg, blá augu í drykkjumannsandliti, um að ég fengi að búa á gistihúsi hans, þangað til hann hefði útvegað mér skipsrúm.

Þegar lestin rann út af járnbrautarstöðinni í Hamborg, sá ég hana standa við gluggann, veikbyggða, tötralega, hrygga og óbifandi trygglynda.

„Hafðu alltaf gott leiði!“ hrópaði hún til mín. „Guð veri með þér.“

# Sjómannalíf

Það var vor í Hamborg. Mig vantaði skipsrúm, verk að vinna á sjónum og tækifæri til þess að vinna mig upp í skipstjórátign. Ég var tíður gestur við höfnina, en hafnarborgin mikla var sofandi risi. Að strandferðaskipum og örfáum matvælaskipum frá Ameríku undanteknum var höfnin í Hamborg út dauð. Breska hafnbannið var enn í gildi, enda þótt margir mánuðir væru liðnir frá því, er vopnahlé var samið. Það var líka vor í Versölum, þar sem verið var að fullkomna þann frið, sem átti eftir að leika heiminn svo grátt.

Ég vaknaði svangur og var svangur, þegar ég fór aftur að sofa. Hungrið þurrkaði út takmörkin milli unglunga og fullorðinna manna. Hveitisekkur var verðmætari en mannlíf. Þegar ávaxtavagn bónda frá Vierlanden valt á götunni, og miðaldra maður reyndi að bola mér til hliðar í handalögmáli um vetrareplin, hvað var þá til bragðs að taka nema að standa upp og gefa honum á hann? Ég var á fimmtánda ári.

Ég tók þátt í að láta greipar sópa um vörugeymslu fiskheildsala í Altona. Mörgum smálestum af fiski var dembt út á götuna, og vegfarendur hremmdu fiskinn og hlupu. Ef lögregluþjónn skarst í leikinn, hvað var þá annað að gera en að skella tíu punda þorski framan í hann? Þegar hver drengur gat fyrir einn fisk eða leðurbút skorinn úr stolinni verksmiðjureim fengið líkama jafnaldra stúlku eða gat öðlast kennslu í lostafullum aðferðum hjá dátaekkju, sem var orðin vændiskona, hvaða merking var þá í öllu þessu þvadari um lög og rétt og siðsamt lífverni?

Þegar maður er á reki í saurugum straumi og engin þurr jörð er sjáanleg, hvert á þá að leita? Ég tók engan virkan þátt í stjórn málauppþotum í Hamborg þetta vor, en hjarta mitt var verkamannanna megin, ef til vill vegna þess að það var ávallt málstaður þeirra, sem tapaði að lokum. Hvenær sem ég sá lögregluþjónni miða ríffli sínum að óbreyttum borgara, fann ég til sama haturs og við að sjá öku-mann misþyrma úttauguðum hesti. Á hverjum degi urðu skærur mili vopnaðra verkamanna og lögreglunnar. Kvöld eftir kvöld bergmálaði af strjálri skothrjú um borgina. Samt fengu fréttirnar um það, að togari hlaðinn kola eða síld væri á leið upp fljótið, meira á fólkid en það að hrasa yfir dauðan mann í göturæsinu eða að mæta vörubíl hlöðnum óvönduðum líkkistum eða að rekast á nokkra einbeitta unglunga, sem höfðu búið um sig í götuvirki.

Ég leitaði að mat og vinnu. En baráttan um að undiroka aðra og verja völdin virtist vera kjarni lífsins. Í Grenzpass, stórri bjórstofu í St. Pauli hverfinu, heyrði ég og sá í fyrsta skipti Hermann Knüfken, ímynd allra pólitískra ævintýramanna á þessari öld. Knüfken hafði í kring um sig sérstaklega vel samstætt úrval byltingarsinnaðra svaðamanna og út frá honum streymdu geislar óbifandi sjálfstrausts.



„Þeir ríku verða að deyja, svo að þeir fátæku geti lifað,“ hrópaði hann. Fagnaðar-  
ópin dundu við. Messíasarhiti sjómannsins setti ímyndunarafl mitt á hreyfingu, en  
samt var hann ekki blóðþyrstur eins og svo margir aðrir, sem hafa risið úr djúpun-  
um. Skömmu eftir þennan æsingafund í Grenzpass tókst Knüfken verk á hendur,  
sem gerði hann að skurðgoði róttækra sjómanna um allan heim. Nefnd manna úr  
Þýska kommúnistaflokknum átti eftir áætlun að fara til Moskvu um það leyti, sem  
vesturlandamæri Rússlands voru lokuð vegna borgarastyrjaldarinnar. Hermann  
Knüfken var falið að koma þessari nefnd til Moskvu dauðri eða lifandi. Hann faldi  
sjálfan sig og nefndarmennina í fiskilest togara, sem var á útleið. Þegar komið var  
á rúmsjó, kom hann fram með sína skammbyssuna í hvorri hendi, hnepti skip-  
stjóran og tíu manna áhöfn í varðhald og sigldi togaranum norður fyrir Horn til  
Múrmansk. Nefndin komst til Moskvu til fundar við Lenín, og þegar Knüfken  
kom til Þýskalands aftur, var hann dæmdur í fangelsisvist fyrir sjórán. En ekkert  
fangelsi gat haldið honum til lengdar.

Fyrir kunningsskap sinn við fyrrverandi skipstjóra á seglskipum tókst hinum  
dygga skipamiðlara Wolfert að lokum að útvega mér skipsrúm. Einn morgun,  
þegar hann var kenndur eins og venjulega, stakk hann bréfmíða í hendina á mér  
og skipaði mér háum rómi að mæta á skrifstofu Skipaeigendafélagsins og láta skrá  
mig á farþegaskipið *Lucy Woerman*, sem áður hafði verið í Afríkuferðum. Eins og  
töfrar væru að verki, var ég skráður fullgildur háseti, og daginn eftir tók ég þjónkur  
mínar saman í strigapoka og fór um borð. Skipsskrokkurinn lá grár og dapurlegur  
við bryggjuna og síðurnar voru þaktar ryði. Ég grét af gleði við tilhugsunina um að  
fá að vinna fyrir mér á blessuðum, tærum sjónum.

Skipið átti að fara til Suður-Ameríku. Það var hlaðið áhöfnum skipa, sem áttu að  
sigla heim hinum mikla flota Þýskra skipa, er höfðu orðið innlyksa í höfnum Síle  
og Perú meðan styrjöldin stóð yfir. Þúsundir manna gripnir örvæntingarlöngun  
til að flýja hið hungurmorða *Vaterland* höfðu bruggað ráð um að fá far með *Lucy  
Woerman*. Tugir þeirra nærri því fjögur hundruð manna, sem skráðir voru, höfðu  
verið meðal samsærismannanna í keisararflotanum. Tugir annarra höfðu aldrei stigið  
fæti á skipsfjöl áður. Þegar komið var á rúmsjó sýndi enginn þeirra neinn ásetning  
um að sigla Þýskum skipum heim né að snúa nokkurn tíma aftur til Þýskalands.

Það var krökkt af laumufarþegum á skipinu. Þremur bátsförmum af þeim var  
skipað á land við Cuxhaven. Áður en rauði kletturinn á Helgaland var kominn í  
auglýn, höfðu fundist fimm vændiskonur í klefa bátsmannsins og þrjár aðrar konur  
ungar hjá körlunum. Þeim var öllum skipað upp í fiskibáta, sem voru á heimleið.  
En margar aðrar, sem síðar fundust, voru kyrrar um borð.

Skömmu eftir að höfðar Cornwall voru úr auglýn, og *Lucy Woerman* valt í  
vesturátt á breiðsjóum Atlantshafsins, voru sett á stofn á einni nóttu spilavíti og  
jafnvel pútnahús í veitingasölum og farþegaklefum. Húðflúrarar, hljómsveitir,  
kennarar í ensku og spönsku og jiu-jitsu garpar tóku að stunda iðn sína. Sparta-  
kistar, stjórnleysingar og trúboðar af eigin náð stofnuðu til umræðufunda. Grip-

deildarflokkar réðust á og rændu þá ferðamenn, sem efni höfðu. Einn gamall maður fannst skorinn á háls. Annar gamall maður fór í sparifötin sín og stökk í sjóinn um sólarupprás.

Yfirmenn skipsins leituðu liðveislu nokkurra löghlýðinna sjómanna af gamla skólanum og bjuggust fyrir í stjórnþallinum og vélarúminu. Annars staðar ríkti ástand, sem nálgadist brjálæði. Sjóráningjafélag var stofnað og lýsti yfir þeirri stefnu sinni að taka skipið og sigla því til Suðurhafa. En undan Azoreyjum féll sú forusta, sem um gat verið að ræða, í hendur manns að nafni Hermann Kruse.

Kruse, sem var gamall spartakisti, kallaði fylgismenn sína til almenns fundar og var kjörinn forseti hinnar nýstofnuðu ráðstjórnar skipsins. Hann kom á fót Tsjeku, leynilögreglu, á skipinu og kúgaði með hreinum ógnaraðferðum öll sjálfstæð glæpamannsefni meðal okkar. Kruse hafði fimm um tvítugt, var ljóshærður, öflugur og uppstökkur og allvel mælskur. Hann kom nokkurri reglu á ringulreiðina og krafðist nú stjórnar á skipinu. Skipstjórinn fékk mönnum sínum skammbysstur í hendur til þess að mæta ráðstjórn Kruses. Kruse galt líku líkt með því að gera upptækar allar matvælabirgðir og setja hungurbann á brúna og vélarúmið. Meðan á þessu stóð, var lítill þrýstingur á vélinni og stundum ruggaði skipið á öldunum stjórnlaust og ganglaust. Þegar við vorum undan hinnu grænu strönd Jamaíku, sendi olfuskip, sem sigldi fram hjá og grunaði víst, að allt væri ekki með felldu, svolátandi skeyti:

„Get ég aðstoðað ykkur?“

„Þakka yður fyrir. Ég er með vitleysingafarm,“ svaraði skipstjórinn okkar.

En yfirmönnum tókst þrátt fyrir alla örðugleika að koma skipinu til Colon. Minni hlutinn um borð vildi sökkva skipinu í Panamaskurðinum og fara fótgangandi gegnum frumskógana til Mexíkó eða Bandaríkjanna. Hermann Kruse og stríðsmenn hans, sem voru vopnaðir kylfum og járnstöngum, voru mótfallnir þessu. Fyrirætlun Kruses var að láta *Lucy* komast í gegnum skurðinn og vinna síðan bug á yfirmönnum. Eftir það áttum við að sigla til Galapagos-eyjanna, setja upp ráðstjórnarlýðveldi og biðja Moskvu um vernd, vörubirgðir og kvenfólk.

Andstæðingaflokkarnir öskruðu mótmæli sín. „Kruse ætlar að gera sig að einræðisherra! Niður með Galapagos! Við lendum hér á staðnum.“ Lítt grunaði amerísku yfirvöldin í Colon hvers kyns ófögnuður var á leið um skurðinn. Gegn vilja Kruses voru myndaðir landgönguflokkar, er skipið var komið inn í skurðinn.

Löngunin til þess að stíga á strönd, sem virtist fýsileg á stuttu færi, smitaði frá sér. Ég gekk í einn þessara flokka, eins og það væri sjálfsagt mál.

Við tókum saman dót okkar, settum á okkur björgunarbelti og röðuðum okkur upp með borðstokknum. Skipstjórinn hrópaði til okkar af stjórnþallinum að hætta þessum leik, en honum var svarað með hlátri. Hver hópurinn á fætur öðrum kastaði pinklum sínum fyrir borð og stökk síðan í vatnið.

Ég stökk líka. Vatnið var mjúkt og hlýtt, og ég synti eins og ég ætti lífið að leysa og beitti öllum kröftum mínum til þess að forðast skrúfuna. Það var miklu lengra til lands en vírst hafði frá skipinu. Rétt fyrir aftan mig á sundinu buslaði miðaldra

skósmiður. „*Das ist schön*,“ sagði hann í sífellu til þess að telja í mig kjark. „Nú höldum við til Ameríku.“

Við náðum loks landi saman á aurugum bakkanum og hlupum inn í skógarfylgsnið, ekki fimmtíu metra undan. Jörðin var mýrlend og kjarrið þétt. En við sóttum fram. Von bráðar mættum við fjórum strokumönnum öðrum, og við héldum áfram í fylkingu. Forustuna hafði kyndari, sem hafði einu sinni verið á eimskipunum á Amazon-fljóti. Stundum var kjarrið svo þétt, að við gátum ekki troðist í gegnum það. Á öðrum stöðum urðu á vegi okkar fen, sem virtust vera margir kílómetrar að ummáli. Við og við klifraði kyndarinn frá Amazon-fljótinu upp í tré. Hann gat lítið séð nema frumskóginn á allar hliðar, nokkur fjöll og skip á leið gegnum skurðinn.

Eftir að við höfðum gengið í hringi í fjórar eða fimm klukkustundir, komum við að stöðuvatni. Við ætluðum að komast fram með vatninu, en fyrr en varði urðu fyrir okkur botnlaus fen. Kyndarinn bölvaði nærri viðstöðulaust. Skósmiðurinn masaði glaður og reifur. Hann sagðist vera með öll verkfærin sín í bögglinum, sem hann var með, og bjóst við að geta skapað sér happasæla framtíð í einhverri bandarískri borg. Allt í einu nam foringi okkar staðar.

„Sko — járnbraut,“ hrópaði hann.

Fyrir framan okkur var upphleypur garður undir járnbrautarteinunum, hár og þurr.

Einhver sagði: „Við skulum þurrka pinklana okkar hérna. Það verður hægara að bera þá, þegar þeir eru þurrir.“ Við vorum allir á sama máli.

Við opnuðum pinklana og breiddum úr innihaldinu á teinana: skyrtur, buxur, blöð, tóbak. Kyndarinn sendi út verði, hundrað metra í hvora átt, til þess að hafa gætur á járnbrautarlestum, er kynnu að koma. Við fórum úr fótunum og breiddum þau til þerris. Næstýngsti pilturinn í hópnum, sem hafði verið járnsmíðanemi, hafði fundið nokkra vikna banana.

Við jöpluðum banana okkar og teygðum úr okkur í sólinni. Vonir okkar stigu. Skósmiðurinn vildi aka með næstu lest til Panama-borgar. Honum var umhugað um að koma sér fyrir í iðn sinni án tafar. Kyndarinn talaði um verkstjórarstarf á feikistörrí bananaekru.

Það var svo um talað, að mennirnir sem héldu vörð á báða vegu, ættu að blístra þegar lest nálgast. En þegar lest kom úr austurátt, blístraði vörðurinn ekki. Allsnakinn, með skyrtu og buxur vöðlaðar saman undir handleggnum, kom hann á hardahlaupum eftir teinunum. Í hæla hans brunaði lestin.

Það var of seint að bjarga dótinu okkar. Foringinn öskraði: „Allir menn í skjól!“

Við köfðuðum inn í frumskóginn. Lestin rann yfir eigur okkar. Síðan nam hún staðar. Einkennisbúnir menn í khaki-fötum stukku af lestinni og hófu leit í frumskóginum.

Við dreifðum okkur. Ég skreið á fjórum fótum gegnum einhvern stórblaða runna, og þegar ég reis á fætur, stóð ég andspænis glottandi hermanni.

„Komdu með mér,“ sagði hann og þreif í axlirnar á mér. „Þú getur ekki verið hér á flakki allsnakinn.“

Hann fór með mig að lestinni. Allir félagar mínir höfðu verið handsamaðir. Ég fór í skyrtu, sem lestin hafði kubbað sundur í handarkrikunum og buxur, sem aðra skálmína vantaði á. Félagar mínir voru litlu skárrí á að líta. Okkur var smalað inn í lestina og af fyrstu járnbrautarstöðinni var farið með okkur á lögreglustöð. Bandaríkjamennirnir voru rausnarlegir við okkur. Þeir gáfu okkur mat og gnægð af vindlingum.

Áður en kvöld var komið, hafði okkur öllum verið skipað um borð í vélbát og skilað aftur á *Lucy*, sem lá við akkeri í Panama Bay. Skipið létti akkerum og tók stefnu niður með vesturströnd Suður-Ameríku. Meiri hluti mannanna á *Lucy Woerman* neituðu að láta skrá sig á skipin, sem áttu að fara heim. Það skullu á verkföll, lögreglan í Síle tók menn fasta og þeir brutust út úr fangelsunum. Hermann Kruse varð kunnur um alla Saltpétursströndina undir nafninu „Ráðstjórnarfulltrúinn frá Hamborg.“

Ég strauk af skipinu í Antofagasta. Í sjö mánuði dvaldist ég við ströndina í Síle. Þar fann ég frelsi, sem ég hafði ekki þekkt í Evrópu. Heimur stjórn málaóeirða, kulda og hungurs var jafnfjarlægur og Satúrnus. Vinnuveitendur og embættismenn spurðu hvorki um meðmæli né önnur skilríki. Eftir að ég hafði unnið við ströndina um tíma, fékk ég atvinnu við koparnámurnar í Chuqui í Andesfjöllum. Það valt á ýmsu í námubænum, sérstaklega á kaupdögum. Lauk þá fjárhættuspilunum oft með því, að hnífar blikuðu. Mik­ið af skepnuskapnum var kvenmannsleysi að kenna; allar nema ófyrirleitnustu vændiskonur forðuðust að hafa samneyti við hyskið í Chuqui-námunum. Margir samverkamenn mínir höfðu verið teknir til vinnunnar með valdi úr fangelsum stærri borganna. Þeir voru af ýmsum þjóðum, forkar til vinnu og drykkju, óstýrilátur hópur. Minningin um síleska stúlku, Carmencita, sem ég hafði átt vingott við, dró mig aftur til strandarinnar. Ég kom til Antofagasta með meira en þrjú hundruð pesóa í vasanum og hafði þá Carmencita tekið saman við atvinnulausan norskan stýrimann.

Ég tók mér far á þilfari með hægfare strandferðaskipi, sem var á suðurleið, og eftir nokkurra daga dvöl í Valparaiso ákvað ég að fara til höfuðstaðarins, Santiago. Þar fékk ég vinnu í kertaverksmiðju hjá ráðríkum breskum verkstjóra. Það var kyrrsetuvinna, sem ég hataði af öllu hjarta. Á kaffihúsi einu hitti ég ungan Bandaríkjamann, sem var nýkominn frá Argentínu og lýsti með fögrum orðum lífinu í Góðvöðru, Buenos Aires. Daginn eftir keypti ég mér farmiða með Andes-brautinni til Buenos Aires. Ég kom til heimsborgarinnar við La Plata með tvo pesóa og sextíu centavóa í vasanum. Lögregluþjónar á hestum voru að taka drykkjusvola úr umferð í stórhópum, og tók ég að rengja þá sögu, að Buenos Aires væri besta hæli fyrir slíka menn frá öllum löndum, sem til væri. Eftir að ég hafði verið á hlaupum undan hinni árvökulu lögreglu í þrjá daga, lét ég skrá mig á barkskipið *Tiljuca*, sem var birgðaskip fyrir hvalveiðastöðvar Norðmanna og Breta á eyrni Suður-

Georgíu í Suður-Íshafi, og var áhöfn þess eingöngu Rússar og Þjóðverjar. Þó að ég væri orðinn ýmsu vanur, var ég eins og barn í vöggu í samanburði við svaðaskap sjóaranna á *Tiljuca*. Einn þeirra át saltaða svínakjötið sitt hrátt og kryddaði það með tóbakssósu. Annar svaraði bréfi móður sinnar, er hún grátbað hann um að koma heim eftir margra ára fjarveru, og sagðist mundu koma undir eins og hann hefði rekist á einhvern, sem væri svo ríkur, að það borgaði sig að drepa hann. Þeir stærðu sig af ruddaskapnum. Þegar þeir voru orðnir vel gegnsósa af rauðvíni, hikaði enginn þeirra við að ræna farandsala eða að nauðga innflytjendastúlku, sem kom um borð að biðja um mat, en allir höfðu þeir viðkvæma ást á kynblendingsrakkanum og kanarífuglinum um borð. Ein fjögurra mánaða för til Suður-Georgíu drap alla löngun mína til þess að verða hvalveiðamaður í Suðurhöfum. Ég fór í land af *Tiljuca*, þegar við komum aftur til Buenos Aires, og tók að sigla á breskum, norskum og grískum vöruflutningaskipum, þar til um haustið 1917, er ég lenti í blökkumannahverfinu í Galveston, Texas. Ég var seytján ára að aldri.

Svarta fólkíð sýndi mér vinsemd. Málarameistari einn, sem var kominn á efri ár, fór með mig eins og son sinn, þangað til ég var svo heppinn að komast í skipsrúm á, að ég held, besta og stærsta seglskipi, sem þá var á floti. Það var *Magdalene Vinnen*, fjórmastrað barkskip, og á því komst ég aftur til Síle.

Einn af félögum okkar hafði fótbrotnað undan Eldlandinu. Skipstjórinn neitaði að láta flytja manninn á spítala. Það lá við uppreisn um borð, og ég átti hönd í bagga með henni. Til þess að hafnarlögreglan í Síle tæki mig ekki fastan, strauk ég um nótt í léttabát skipstjórans og hélt til fornra slóða í Antofagasta. Aðfangadagskvöld 1922 hélt ég hátiðlegt með öðrum sjómönnum í landlegu á grænum grasbletti í Plaza Colon. Við drukkum skál frú Bready, hins brjóstamikla kvenskipamiðlara Saltþétursstrandarinnar, sem hafði sýnt þá rausn að gefa okkur kút af víni. Fyrir sex punda þóknun útvegaði frú Bready mér skipsrúm á fornfálegum bark, *Obotrita*, sem átti að flytja saltþétursfarm suður fyrir Horn til Hull á Englandi. Ég var afskráður í Hull snemma á vorinu 1923. Þaðan keypti ég mér far til Hamborgar.

Ég kom heim til þess að nema siglingafræði í því skyni að fá síðar skipstjórnarleyfi. En frá þeirri stundu er ég steig aftur fæti á þýska jörð, sogaðist ég á ný niður í straumiðu haturs og örvæntingar, sem var enn grimvari en sú, sem ég hafði yfirgefið. Ég komst að því, að fólkíð mitt, móðir mín og yngri börnin þrjú, sem hin geigvænlega verðbólga hafði rúið inn að skinni, þurftu á öllu því fé að halda, sem ég hafði handbært.

Ég sá aldrada konu standa við gangstéttina. Hún var að brenna þúsundmarkaseðlum og gargaði á mannfjöldann, sem horfði þögull á.

„Hvað gengur að konunni?“ spurði ég vegfaranda.

„Gengur að henni?“ sagði maðurinn. „Hún er brjáluð.“ Og hann bætti við: „Hér í landi þarf stjórnarbyltingu.“

Ég gekk burtu. Óáran var í mannfólkinu. Tímenn sem ég hafði verið á sjónum og gleymt flestu gömlu hatri, hafði land mitt ekki notið friðar. Árið 1920 höfðu

stýrjaldarsinnar Kapps greitt Weimar-lýðveldinu högg. Árið 1921 voru vopnuð samsæri í Saxlandi og Thüringen miskunnarlaust barin niður. Í janúar 1923 höfðu frönsku og belgísku hersveitirnar vaðið inn í Ruhr til þess að þvinga fram greiðslu á stríðsbótum. Skilnaðarmenn gerðu uppþot í Rínarlöndum. Verðbólgan stikaði um landið risaskrefum. Erlendir misindismenn steypu sér yfir Þýskaland í hópum og keyptu framleiðslu þess fyrir ölmusupening. Verðlagið stökk fram úr verkakaupi í villtum dansi.

Milli Hamborgar sjálfrar og hafnarinnar rennur fljótið Saxelfur. Ég stóð við ferjubrúna, þegar þúsundir verkamanna komu úr vinnu. Konur og dætur komu á móti þeim, hrifsuðu dagkaupið og þustu í næstu búð til þess að kaupa matvæli, því að daginn eftir voru peningarnir verðlausir.

Á ferjubrúnni stóð hópur tollvarða og hafnarlögreglu. Leitað var að bannvöru á hverjum verkamanni, áður en þeim var sleppt fram hjá. Einn verkamaðurinn hafði falið lítinn poka af mjöli, sem hann hafði tekið í einhverri skipslest, undir jakka sínum. Lögregluþjónninn hélt pokaum á loft.

„Þér eruð teknir fastir,“ sagði hann.

„Ég tók þetta mjöl úr rifnum poka,“ andmælti verkamaðurinn. „Það hefði runnið út í lestina hvort eð var.“ Lögregluþjónninn hvessti sig: „Ég þekki ykkar rifnu poka. Þið rífið göt á pokana með krókunum ykkar.“ Hann tók í ermina á manningnum til þess að leiða hann burt.

Verkamaðurinn svipti sér lausum. „Fáið mér mjölið mitt,“ sagði hann, „ég á það!“

Tveir lögregluþjónar bættust í hópinn og reyndu að setja handjárn á verkamanninn. Þeir tuskuduðust um stund. Annar hafnarverkamaður kom á vettvang. „Bölvuð digru sníkjudýrin ykkar,“ öskraði hann. „Sleppið þið manningnum. Fáið þið honum mjölið hans aftur.“

„Kemur ekki til mála. Farið þér frá.“

Fleiri verkamenn bættust í hópinn. Lögregluþjónarnir drógu upp gúmmíkylfur sínar og ráku verkamennina af bryggjunni. Einn þeirra, ungur og grannur, með fimmtennta stjörnu, merki kommúnistaflokksins, á húfu sinni, stökk upp á búkka og hrópaði: „Niður með lögregluna! Niður með þræla auðvaldsins! Kastið þið þeim í höfnina!“

Þá um kvöldið, þegar ég var á leið heim í drungalega herbergið, sem ég hafði leigt mér við höfnina, ávörpuðu tvær konur mig. Önnur var um fertugt, hin tæplega yfir sextán ára. Eldri konan kippti í ermi mína og sagði: „Þér eruð góðlegur á svipinn. Hjálpið þér okkur.“ Þær voru flóttafólk frá Rínarlöndum. Maður eldri konunnar hafði verið í skemmdarverkasveit, sem hafði starfað gegn Frökkum. Hann hafði átt þátt í að sprengja upp járnbrautarbrú til þess að hindra flutning á þýskum kolum til Frakklands. Hann hafði verið tekinn fastur og dæmdur af herrétti til tólf ára hegningavinnu í frönsku fangelsi. Fjölskyldu hans var skipað að hverfa úr herteknu héruðunum innan tólf klukkustunda. Hús þeirra og garður voru tekin

eignarnámi. Þær höfðu verið á flakki í margar vikur, reknar borg úr borg af lítt hjálpfúsum yfirvöldum. Eldri konan var úttauguð og grindhoruð.

„Það er svo fjarskalega kalt,“ sagði hún. „Gætuð þér ekki lofað okkur að sofa?“

„Ég hef ekki nema lítið, kalt herbergi,“ svaraði ég.

Augu konunnar lifnuðu. „Við getum sofið á gólfinu,“ sagði hún. „Við þökkum fyrir, ef við höfum þak yfir höfðinu.“

Ég hikaði. Ég var að hugsa um að gefa henni peninga, en þá mundi ég að búðirnar voru lokaðar, og hótelin tóku ekki nema erlenda mynt. Þetta voru þýskir peningar.

„Jæja,“ sagði ég. „Þið skuluð koma með mér.“

Ég fór með þær á herbergi mitt og við snæddum rúgbrauð og te til kvöldverðar.

Konan sagði: „Dóttir mín getur sofið hjá yður í rúminu, ég skal sofa á gólfinu.“

Ég varð ekki hissa. Heima hjá sér höfðu þær verið heiðvirt fólk. En það var síður um landið allt í úrkynjun árána eftir stríðið, að flóttastúlkur urðu að selja líkama sinn fyrir brauðbita og náttstað.

Ég leit á stúlkuna.

„Ég er óhrædd,“ sagði hún. „Ég hef orðið að gera það áður.“

Ég sagði nei. Ég hugsaði um manninn, sem veslaðist upp í einhverju fjarlægju, frönsku fangelsi. Hann hafði sprengt upp járnbraut. Á slíkum tímum fannst mér að það besta, sem hægt væri að gera, væri að sprengja upp allan heiminn. Ég sagði konunum að nota rúmið. Síðan gekk ég niður á götuna. Þar var hópur ungra verkamanna önnum kafinn við að líma auglýsingar á múrana.

„Kommúnisminn einn getur skapað þjóðum frelsi og jafnrétti,“ stóð á þeim.

„Get ég hjálpað ykkur?“ spurði ég.

Foringi þeirra grandskoðaði andlit mitt. Hann virtist vera ánægður.

„Þú getur það,“ sagði hann.

Í tvo tíma hjálpaði ég ungu verkamönnunum við að festa upp auglýsingarnar. Oft klifruðum við upp á axlirnar hver á öðrum til þess að koma auglýsingunum svo hátt, að ekki væri hægt að rífa þær niður. Það var lítið talað. Þrír okkar unnu, en tveir stóðu á verði. Tvisvar komu lögreglusveitir okkur að óvörum. Þeir komu hlaupandi og veifuðu kylfum sínum. En við vorum fljóttari á okkur.

„Þegar sá dagur kemur,“ sagði leiðtogi unglöngumanna, „hlaupum við ekki. Þá munum við hafa byssur og berjast við þá í götuvirkjunum. Tíu dauðir lögregluþjónar fyrir hvern einn dauðan verkamann.“

Hatrið brann úr augum hans.

„Það skal renna blóð,“ sagði annar.

Við skildum. Ég ráfaði alla nóttina um kaldar göturnar. Nálægt Sternschanze-stöðinni sá ég hvar sjúkrabifreið stóð fyrir framan hús. Hjúkrunarmenn báru gamla konu út úr húsinu. Hún var dain.

„Hún hengdi sig,“ sagði einhver. „Hengdi sig í vírspotta.“

„Hvers vegna?“

„Hún hafði eftirlaun, en fyrir mánaðarlaun gat hún ekki keypt sér einn eldspýtu-stokk.“

Maður, sem stóð nálægt, spýtti af alefli. „Þeir fátæku verða fátækari og þeir ríku ríkari,“ nöldraði hann.

„Góða nótt,“ sagði ég og gekk leiðar minnar.

Maðurinn lyfti hægri hnefanum. „*Rot Front!*“ drundi í honum.

Í grámóðu aftureldingarinnar var ég kominn í eitt úthverfi borgarinnar. Fyrir framan búðir og á götuhornum fóru konur að raða sér upp. Þær skulfu af kulda og töldu bréfsneplana, sem þær voru með í höndunum. Þær skiptu hundruðum þúsunda, milljónum. Þær ætluðu sér að verða fyrstar til að eyða þessum peningum, þegar búðirnar yrðu opnaðar.

Þegar birta tók, kom ég að húsi, þar sem bæjarstarfsmaður stóð í deilum við hús-móðurina. Hún var sorgbitin á svipinn. Hún vafði handleggjunum fast um öxlina á tíu ára gömlum dreng. Við gangstéttina stóð vörubifreið.

Konan gat ekki greitt húsaleigu. Embættismaðurinn sýndi henni úrskurð um útburð. Á hverjum degi var fólk borið út svo að tugum eða hundruðum skipti. Það fór fram snemma á morgnana til þess að vekja sem minnsta eftirtekt. Það var farið að hlaða eignum konunnar á bifreiðina.

Maður, sem gekk fram hjá með stóran blaðaböggul undir handleggnum, nam staðar og spurði konuna: „Útburður?“

Konan kinkaði kalli. „Ég veit ekki, hvert við getum farið,“ sagði hún döpur í bragði.

„Ég skal kalla á Rauðu hjálpinu,“ sagði maðurinn. Hann hljóp inn í næstu búð. Áður en tíu mínútur voru liðnar, var bifreiðin fullhlaðin. Í þeim svifum ók fylking manna fyrir hornið á reiðhjólum. Þeir höfðu allir rauðu, fimmtenntu stjörnuna á húfum sínum. Þeir stigu af baki, tóku hver sitt stykki af bifreiðinni og báru það inn í húsið. Maðurinn með blöðin réðist á bæjarstarfsmanninn og barði hann.

Ég gekk hægt leiðar minnar. Áður en ég hafði gengið langt, sá ég bifreið hlaðna öryggislögreglu í grænum einkennisbúningum bruna niður eftir götunni.

Mig langaði til þess að komast burtu, sigla aftur um fjarlæg höf. Ég gekk á milli bresku og norrænu skipamiðlaranna. En skrifstofur þeirra voru umsetnar af atvinnulausum, erlendum sjómönnum.

„Landar okkar ganga fyrir,“ sögðu þeir. „Þér ættuð heldur að reyna að komast á þýskt skip.“

Ég fór niður að höfninni til aðalskrifstofu Skipaeigendafélagsins. Hún var í bak-húsi einu, í dimmum, drungalegum sal. Þúsundir manna biðu í forstofunni og í húsagarðinum, allt atvinnulausir sjómenn.

Ég gekk að einum járnrimlaglugganum og kastaði sjóferðabókinni minni inn um hann. Afgreiðslumaðurinn leit á hana, ýtti henni til mín aftur.

„Hvað viljið þér?“

„Ég vil láta skrá mig á biðlista, svo að ég komist á skip.“



„Á þilfari?“

„Á þilfari, já.“

„Ég get ekki skráð yður.“

„Hvers vegna ekki?“

„Þér hafið alltaf siglt á erlendum skipum.“

„Á ég að drepast úr hungri?“

„Nei, þér getið sótt um atvinnuleysisstyrk.“

„Ég vil engan styrk. Ég vil skipsrúm.“

„Þér getið ekki fengið það. Þér hafið aldrei greitt skatta í Þýskalandi.“

„Ég er sjómaður. Ég er Þjóðverji. Þetta er þýsk skráningarstofa. Ég er fús til að vinna. Á hvaða skipi sem er. Hvar sem er.“

„Svona, út með yður!“

Í þessum svifum ýtti herðabreiður maður, sem hafði staðið innan um mannfjöldann við gluggana, mér til hliðar.

„Gerid þér það, félagi,“ sagði hann við skrifstofumanninn. „Skráið þér þennan mann. Gerið öllum jafnt undir höfði.“

„Ég má það ekki,“ svaraði hinn, „það brýtur í bága við reglurnar.“

„Til fjandans með reglurnar. Ef þér skrifið hann ekki, þá getur hann ekki einu sinni fengið atvinnuleysisstyrk.“

„Hver eruð þér eiginlega?“

„Skriptið þér yður ekki af því,“ sagði maðurinn, „ég er kyndari. Og ég krefst þess, að maðurinn verði skrifaður.“

„Ætlið þér að fara að ybba yður?“

„Þér getið bölvað yður upp á það.“

„Hypjið þér yður héðan.“

Kyndarinn rak sólbrennda höfuðið upp að grindunum.

„Heyrið þér, piltur minn,“ urraði hann, „vitið þér hvernig fer, ef þér skrifið þennan féлага ekki?“

„Hvernig?“

„Ég læt hundrað menn taka bekkina þarna og mölbrjóta hverja spýtu héra inni. Hausinn á yður líka, ef þér viljið.“

„Ég kalla á lögregluna!“

„Þér hafið kallað á hana svo oft. Það bjargar ekki þessu nýja skilrúmi yðar. Munið þér, hvernig við mölvuðum hitt? Ef þér snertið þennan síma, þá skuluð þér fá að dansa við okkur.“

Skrifstofumaðurinn símaði ekki. Hann fór inn á skrifstofuna og kom aftur með forstjórnann. Hann var eins og rostungur á að líta. Hann hét Brahms. Þegar hann talaði, þrumaði hann eins og hann væri að öskra í kalltæki.

„Hvaða hávaði er þetta?“ hrópaði hann.

„Þessi maður verður að komast á listann.“

„Er hann bróðir yðar?“

„Verið þér ekki að reyna að vera fyndinn.“

„Nú, það eruð þér,“ galti rostungurinn, „hvað heitið þér?“

„Yður varðar ekkert um það,“ svaraði kyndarinn í vígamóði.

„Voruh það ekki þér, sem stóðuð að óeirðum hér í vikunni sem leið? Það er orðið mál, að þér farið í steininn.“

„Ég mana yður, gamli glæpahundur!“

„Eruð þér að stofna til óeirða?“

„Já,“ svaraði kyndarinn, „við erum orðnir þreyttir á sérlistum yðar fyrir þá, sem koma með meðmæli og mútur. Við erum þreyttir á að hírast á svarta listanum hjá yður.“

„Hér er enginn svartir listi,“ öskraði Brahms.

Þegar hér var komið, stóðu mörg hundruð manna í þvögu við gluggann. Hávær hróp yfirgnæfðu raddkliðinn.

„Niður með pólitíkusinn! ... Slítið skeggið af honum! ... Berjið hann!“

Brahms gekk rólega að símanum og kallaði á lögregluna.

Átta eða tíu manns höfðu gripið þungan bekk og notuðu hann sem múrbrjót. Skrifstofumennirnir reistu sér virki úr skrifborðunum. Utan úr húsagarðinum komu grjóthnullungar fljúgandi inn um gluggana.

Kyndarinn öskraði: „Niður með sérlistana! Afnemið laumuráðningar! Niður með hungurstjórnina!“

Eftir tvö högg féll skilrúmið í flísar. Tuttugu sjómenn fóru eyðandi hendi um húsgögnin og skjölin. Aðrir réðust á skrifstofumennina, sem vörðust með brotnum stólfótum. Brahms skreið undir borð. Herðabreiði kyndarinn lét hnefahöggin dynja á afturenda hans. Þúsundirnar í anddyrinu og að húsabaki iðuðu fram og aftur, hlæjandi, æpandi, bölvandi. Í miðjum forsalmum stóð hópur fimmtíu manna í þyrpingu og hrópaði í kór: „Hungur! Hungur! Við viljum fá skip.“

Hrópað var skrækum rómi fyrir utan gluggana, „*Überfallkommando!*“ Árásarskipun!

Lögreglan. Ýlfur rafflautanna fyllti loftin. Þrjár stórar flutningabifreiðar fullar af mönnum í grænum einkennisbúningum snarstöðvuðust, og hundruð lögregluþjónar stukku út á gangbrautina. Þeir drógu upp gúmmíkylfurnar á meðan þeir hlupu. Þeir steypu sér inn í mannfjöldann og miskunnarlausum höggum rigndi til hægri og vinstri. Þeir, sem sýndu mótþróa, voru handjárnaðir. Raddir öskruðu: „*Arbeitermörder!*“ Alþýðumorðingjar!

Lögregluþjónn hafði misst fótfestu í stiganum. Fjórir eða fimm sjómenn voru samtundis komnir ofan á hann og börðu, spörkuðu, rændu kylfu hans og skammbyssu. Í húsagarðinum leitaði ungar lögregluþjónn sér skjóls í útidyrum. Hann dró upp skammbyssu sína og miðaði vandlega. Augnabliki síðar tók piltur í grárri peysu viðbragð og steypist á andlitið. Það heyrðist þúsundfalt æðisgengið öskur.

„Morðingjar!“

„Munið að lögreglustjórinn er sósíalisti!“

„Niður með sósíalistasvikarana!“

Skyndilega stóðu allir lögregluþjónarnir með skammbyssur í höndum. Þeir voru óstyrkir og dauðskelkaðir.

„Vikið af götunni! Við skjótum!“ var hrópað.

Menn dreifðust í allar áttir, og sumir tróðust undir. Konur, sem enginn vissi hvaðan komu, æptu ókvæðisorð. Aðrar köstuðu tómum blikkdósum úr gluggunum á lögregluþjónana. Hálfærður af látunum gekk ég í áttina til Mikaelkirkjunnar. Við hlið mér gekk gamall sjógarður. Hann var hýr á brá eins og ekkert hefði í skorist

„Jafnvel þó að þeir hefðu skráð þig,“ sagði hann, „þá hefðirðu orðið að bíða í allt að tvö ár áður en þú hefðir komist á skip.“

„Það var drepinn maður þarna uppi,“ sagði ég.

„Það er ekkert, maður venst því. ... Við skulum fá okkur bjór.“

# Ég ryð mér braut

ÉG RÁFAÐI UM ÁN marks og miðs og velti fyrir mér, hvað ég ætti að gera. Á ég að flýja þetta sýkta land? Eða á ég að taka höndum saman við þá, sem hafa hafið virka baráttu gegn ranglæti því, sem mér finnst óþolandi? Önnur leiðin freistaði mín með frjálssu og gæfuríku löndunum, sem ég hafði kynnst á sjóferðaárum mínum. Hin leiðin lét mig fyllast ákafa og vonum byltingarsinnaðrar æsku. Einverutilfinningin ætlaði að kæfa mig.

Á hafnarknæpu einni las ég skipafréttir. Eimskip frá Roland-línunni var að leggja af stað til Panama og Valparaiso klukkan fimm. Það þurfti ekki nema nöfn þessara staða, til þess að ég sæi fyrir augum mér hæðóttar strandlengjur, hlýju og allsnægtir, hláturmildar brúneygar stúlkur og vinnu undir erlendum fána eða í koparnámum, vinnu fyrir gott kaup og með framtíðarmöguleikum.

Ég réði með sjálfum mér að fara. Fyrir síðustu aurana keypti ég matvæli í léreftstösku — kex, sardínur, niðursoðið kjöt og vatnsflösku og fór yfir fljótið til Indlands-hafnarkvíanna.

Skipið var fullhlaðið. Hafnarverkamennirnir voru að búa um lestaropin og hásetarnir voru önnum kafnir við að festa bómurnar. Ég laumaðist um borð, þegar ég sá mér færi og hljóp fram í stafn til þess að fela mig. Ég klifraði niður í akkeris-keðjukistuna og lokaði lúgunni á eftir mér. Skilrúmin voru rök og ryðguð. Undir mér voru margar smálestir af þungum keðjum, sem hringuðu sig eins og járnormar.

Ég heyrði öskur eimpípunnar, fyrirskipanir í fjarska, stapp af mörgum fótum, ískur í vindum. Síðan tók allt skipið að titra, þegar vélarnar fóru í gang. Við vorum á útleið. Eftir tvo eða þrjá daga mundi skipið vera komið í gegnum Ermarsund og mér var óhætt að fara upp á þilfar og gefa mig fram við skipstjórnann.

Einhvers staðar í ármynninu skall á þoka. Ég vissi það af öskri eimpípunnar, sem heyrðist sífellt á tveggja mínútna fresti. Þá hætti titringurinn í skilrúmnum. Skipið var stöðvað.

Ég heyrði fótatak yfir höfði mér. Einhver fór að eiga við akkerisvinduna á þilfarinu. Allt í einu varð mér það ljóst: Þokan var of svört, og hafnsögumaðurinn hafði ákveðið að varpa akkerum þangað til henni létti. Þeir mundu fella akkerið, og keðjan mundi ryðjast upp úr kistunni, margar smálestir af járn, og ég mundi rífa í tætlur í myrkrinu.

Hvell rödd hrópaði fyrir ofan mig: „Allt tilbúið við akkerið!“

Dimm rödd barst óljóst af stjórnpallinum — „Fjörutíu og fimm faðmar. Tilbúnir, látið falla!“

„Hjálp!“ æpti ég. „Stöðvið akkerið. Maður hér niðri. Hjálp, hjálp!“

Hvella röddin fyrir ofan mig sagði: „Drottinn minn dýri!“

Í næstu svipan hafði ég opnað lúguna og skreið í ofboði upp á þilfarið. Ungur yfirmaður kom hlaupandi ofan af hvalbaknum.

Þegar hann sá mig, hrópaði hann: „Eru fleiri svona skarfar þarna niðri?“

„Nei.“

Hann hljóp aftur upp. „Allt tilbúið.“

Skipun af stjórnþalli: „Látið akkerið falla.“

Akkerið rann glymjandi til botns. Á allar hliðar var kolsvört þoka. Ég var með læraskjálfta, þegar farið var með mig upp á brúna.

„Laumufarþegi, skipstjóri.“

Seint um kvöldið var farið með mig í land í hafnsögubátnum. Ég var settur í rakan klefa á lögreglustöðinni í Cuxhaven yfir nóttina. Daginn eftir dæmdi svipkaldur lögregludómari mig í sjö daga fangelsi.

Ég tók þessa sjö daga út í bæjarfangelsinu í Hamborg. Meðal féлага minna í fangelsinu var kommúnistaleiðtogi, Willy Zcympanski. Eldur ofstopans brann í gráum augum hans. Hann varð var við ákefð mína og veitti mér því sérstaka eftirtekt. Hrifning hans var smitandi. Hin augljósa einlægni í hollustu hans við málstaðinn hreif mig. Ég varð æ sannfærðari um, að það eina, sem vert væri að lifa fyrir, væri byltingin.

„Hjá okkur lærir hver maður að meta sinn eigin styrk,“ sagði Zcympanski. „Hann er ekki lengur heimilislaus rakki. Mennirnir eru fæddir til þess að berjast.“

„Miklir bardagar eru í aðsigi,“ hélt hann áfram. „Flokkurinn verður að undirbúa hina vopnuðu uppreisn. Að þessu sinni munum við ekki tapa. Sovét-Rússland og Sovét-Þýskaland munu verða ósigrandi saman. Síðan teygjum við út klærnar — eftir Frakklandi, Kína, Ameríku — öllum heiminum. Það er ekkert göfugra markmið til. Til þess að ná því er engin fórn of stór.“ Að morgni hins fjórða dags var farið burt með Zcympanski. Hann var leiddur fyrir rétt fyrir tilraun til að skipuleggja kommúnistahreiður innan lögreglunnar. Áður en hann fór, fékk hann mér bréf til systur sinnar, sem vann á símsstöðinni í Hamborg. Bréfið var skrifað á dulmáli á blað af salernispappír. Hann fékk mér líka litla, slitna bók og bað mig þess lengstra orða að láta hana ganga, áður en mér yrði sleppt. Það var stefnuskrárávarp kommúnista.

Ég sá Zcympanski ekki aftur fyrr en 1932. Þá var hann orðinn einn duglegasti starfsmaðurinn í utanríkisdeild GPÚ, rússnesku leynilögreglunnar. Hann hélt trygð við flokkinn til hins síðasta og stytta sér aldur í fangelsi nasista árið 1937.

Þegar mér var sleppt, var mér skipað að halda burt frá Hamborg hið fljótasta. „Við viljum engan flökkulýð hér í borginni,“ var sagt.

„Hver er það,“ hugsaði ég. „sem sendir okkur á flakk?“

Ég fór til systur Zcympanskis. Hún var lagleg, ljóshærð stúlka, tuttugu og fimm ára gömul. Hún hét Erika. Hún bauð mér undireins í fyrsta heita baðið, sem ég hafði fengið í margar vikur. Hún leit á mig sem féлага, vegna þess að ég hafði komið

með skilaboð frá bróður hennar. Hún bauð mér að dvelja í íbúðinni sinni eins lengi og ég vildi. Viðmót hennar, sem var hlýtt og blátt áfram, vakti traust mitt og aðdáun. Hún átti skaplyndi, sem einkennir marga sannfærða byltingasinna: góðlynt upplag samfara grimmúðlegu skeytingarleysi um líf allra, sem vinna á móti byltingunni. Á veggjunum héngu andlitsmynd af Lenín og mynd af ungri móður með barn á brjósti.

„Þykir þér gaman að lesa?“ spurði hún.

Ég kinkaði kolla. Fyrir neðan myndirnar voru lágar hillur fullar af bókum.

„Bylting er vísindi,“ sagði hún brosandí. „Án heilbrigðra kenninga eru framkvæmdirnar hégómi.“

Ég las af áfergju. Þegar ég var ekki að lesa, sauð ég mér óbreytta máltíð á litlu gasvélinni og svaf þess á milli. Eftir þrjá slíka daga fór mig að langa á hreyfingu. Kommúnistaflokkurinn hafði boðað til kröfugöngu atvinnuleysingja þá um kvöldið. Ég ásetti mér að fara þangað.

Það var ljóst frá upphafi, að meðal þúsundanna, sem höfðu safnast saman í útborgunum, voru margir, sem höfðu sett sér, að kröfugangan skyldi ekki fara fram með friði og spekt. Það voru reyndari félagarnir í flokknum. Þeir komu með stutta búta af blýpípum í beltinu, og vasarnir voru úttroðnir af steinum. Þeir leyndu ekki fyrirætlunum sínum um að láta til skarar skríða gegn lögreglunni.

Blysin vörpuðu flöktandi bjarma yfir hinn vaxandi mannfjölda. Hvellir blístrar kváðu við, og fjöldinn komst á hreyfingu, en í fararbroddi gengu bardagasveitir flokksins í gráum einkennisbúningum. Rauðir fánar blöktu og lúðrasveit verkamanna lék Alþjóðasöng verkalýðsins, Nallann: „Fram, þjádír menn ...“

Um níuleytið mættust fylkingarnar, sem komu frá útborgunum. Við vorum nú í jaðri miðborgarinnar. Lögregluliðið teppti allar götur, sem lágu að miðbiki borgarinnar. Skyndilega, eftir margendurteknar lágróma fyrirskipanir, sveigði fylkingin inn til bannsvæðisins í miðborginni.

Að vörmu spori gerði lögreglan áhlaup. Fjöldinn hægði á sér. Gráklæddu liðsmennirnir sóttu fram til þess að gera árás á lögregluliðið og sprengja samfylkingu þess. En þá ruddust smáhópar „fljúgandi“ lögreglu út úr hliðargötunum og ráku fleyga inn í hliðarnar á fylkingum kröfugöngunnar.

„Dreifid ykkur! Gefid götuna frjálsa!“

Það var ekki hægt að verða við þeirri skipun. Allt varð í uppnámi. Steinar flugu. Það glumdi í kylfum. Mér til undrunar varð ég var við, að högg í andlitið með gúmmíkylfu kúgar ekki baráttukjarkinn, heldur lætur hann brjótast út í ljósum loga.

Okkur var dreift að lokum. Vígvöllurinn var þakin húfum, rifnum fatnaði, glerbrotum, lögregluhjálum.

Ásamt mörg hundruð körlum og konum öðrum hélt ég til Außenalster, þar sem íbúðir efnaða fólksins eru. Fánarnir voru horfnir. Lúðurþeytararnir voru löngu farnir heim til þess að bjarga hljóðfærum sínum. Það var tötralegt samsafn af

fuglahræðum með æðisgengin augu, sem reikaði fram og aftur um breiðu, hreinu göturnar í íbúðarhverfinu og æpti einum rómi: „Hungur! Hungur!“

Ljós voru slökkt, gluggatjöld dregin fyrir, dyrum læst, þegar við nálguðumst. Eitt einasta öskur úr hundrað börkum leiddi myrkur yfir heil hverfi. Öðru hvoru brunaði lögreglubifreið fyrir horn, og bölvandi menn stukku út á götuna, meðan hemlarnir ískruðu. Í stað brauðs fengum við barsmíð. Og í rauninni var ekki til annars stofnað.

Um miðnætti skildum við, þreyttir, skeinóttir og hásir af að æpa. Ég bretti upp kragann á jakkanum mínum, því að kuldinn var napur og ég hafði veðsett frakkann minn. Síðan hélt ég heim á leið.

Tveim dögum eftir að ég hafði tekið þátt í hungurgöngunni, í maí 1923, gerðist ég félagi í kommúnistaflokknum. Snemma morguns hélt ég til Rauða hússins í Hamborg.

Lágvaxinn þrekinn maður með loðnar augabráunir og mikla höku tók á móti mér og lagði fyrir mig nokkrar spurningar. Það kom í ljós, að hann hafði þekkt föður minn, þegar spartakistar gerðu uppreisn í flotanum. Hann leit svo á, að ég gæti orðið mjög efnilegur liðsmaður, og innritaði mig strax.

„Þú átt að starfa í siglingamáladeild okkar,“ sagði hann. „Hún er í höndum félaga Walters. Þú veist, að Þýskaland er iðnaðarland, sem lifir á útflutningi iðnaðarvara og innflutningi hráefna. Þess vegna eru siglingarnar lífæð þýska auðvaldsins. Ef okkur tekst að gera hafnirnar og skipin að virkjum kommúnistaflokksins — þá höfum við lífæðina á valdi okkar. Þú skalt gefa þig fram við félagi Walter.“

Albert Walter var feitlaginn, glaðlyndur, mjög ötull bolsévíki í alþjóðlegum stíl og átti engan keppinaut um forustuna í starfsemi kommúnista við þýsku sjávarsíðuna. Hann var brúnn yfirlitum, bringubreiður, með mikið enni, liðuga andlitsdrætti, og litlu, brúnu augun voru sívakandi. Hann var hátt á fertugsaldri og hafði verið sjómaður í flotanum í fimmtán ár. Eftir stríðið fór hann til Moskvu, og Lenín gerði hann að fulltrúa flokksins í Eystrasaltsflotanum. Árið 1922 skipuðu Komintern-foringjarnir, sem töldu Walter vera sinn færesta mann í öllu, sem snerti siglingamál, hann til þess að stjórna alþjóða útbreiðslu- og framkvæmdaráði flutningaverkamanna (Ipac-Transport). Kommúnistar höfðu komið málum sínum betur fyrir í Hamborg en í nokkurri annarri hafnarborg, og Hamborg varð því miðstöð allra Komintern-framkvæmda í siglingamálum.

Albert Walter skipaði mér að gerast félagi í einum aðgerðaflokki kommúnista í höfninni í Hamborg. Þangað komu á mánuði hverjum um það bil eitt þúsund skip, því að meginhluti inn- og útflutnings Þýskalands fór um þessa höfn. Í fljóttakvíunum fram með Saxelfi voru fánar allra siglingaþjóða heimsins á lofti.

Við vorum sendir um borð í skipin til þess að dreifa út bæklingum, selja blöð, stofna til umræðufunda og reyna að fá unga menn af skipshöfnunum til þess að ganga í kommúnistaflokkinn.

Fyrsta takmark okkar var að vekja óánægju meðal sjómanna, óánægju yfir fæðinu,

kaupinu og skipsaganum. Hvenær sem við urðum þess varir, að skipshöfnin var móttækileg fyrir fortölur okkar, reyndum við að stofna framkvæmdaráð um borð til þess að undirbúa væntanleg verkföll, að styrkja flokksandann á ýmsan hátt og að velja hæfa menn til trúnaðarstarfa.

Að kvöldi hvers dags rituðu baráttumennirnir hver um sig skýrslu um skip þau, er þeir höfðu heimsótt. Í aðalbækistöðvunum var þessum skýrslum safnað saman og raðað. Í siglingaspjaldskránni voru nákvæmar upplýsingar um því sem næst hvert einasta verslunarskip, og gátu Albert Walter og aðstoðarmenn hans hvenær sem skyldi gert sér nákvæmlega grein fyrir liðsstyrk flokksins, ef til meiri háttar átaka kom. Kerfi þetta, kallað „Hamborgar-kerfið“, tóku sjávarsíðusamtök kommúnista í öllum löndum upp síðar.

Ég steypiti mér út í flokksstarfið af miklum móði. Allt var einskisnýtt nema sókn kommúnismans. Frá því í býtið á morgnana, þegar hafnarverkamenn komu til vinnu, og fram á kvöld, þegar skipshafnirnar gengu á land, gekk ég frá einu skipi til annars, frá einni bryggju á aðra. Á kvöldin voru síðan fundir, umræðuflokkar og stjórn málanámskeið, sem stóðu sjaldan skemur en til miðnættis. Ég skeytti ekki um fót, skemmtanir eða stúlkur. Ég fann, að ég var virkt hjól í flokksvélinni. Ég horaðist, harðnaði og var alsæll.

Meðal nýjunga, sem ég kom á, var starfskerfi, sem miðaði að því að fá duglegustu kommúnistana á hverju skipi til þess að hefja áróður meðal skipshafna á öðrum þýskum skipum í erlendum höfnum. Á einum næsta fundi aðgerðaflokkanna lagði ég fram nákvæma skýrslu um tilraunir mínar, sem hlaut mikið lof. Albert Walter lagði til, að mér yrði falið að hafa umsjón með öllu flokksstarfi á skipum Hamborg-Ameríkulínunnar, og var það samþykkt. Starfssvið mitt náði yfir fimmtíu skip með um tvö þúsund manna áhöfn. Þá nótt var ég svo æstur, að ég gat ekki sofið. Mér fundust þessi fimmtíu skip vera skipin mín. Það var ljúft að bera slíka ábyrgð.

Ég var á leið til að verða byltingarmaður í fullu starfi í samræmi við fyrirmynd Leníns. Ég lærði vel þá meginreglu flokksins, að hjarta Kominterns og deilda þess yrði að vera innra samfélag karla og kvenna, sem hefðu það eitt að takmarki að vinna að byltingunni; sem væru boðin og búin að færa hverja þá fórn, sem flokkurinn kynni að krefjast, sem væru bundin takmarkalausri hlýðni við miðstjórn sína og fullkomna einingu allra markmiða.

Ég átti stéttarvitund vegna þess að stéttarvitund var mér í blóð borin. Ég var hreykinn af að vera verkamaður og fyrirleit burgeisana. Borgaralegum heiðarleik gerði ég gys að. Ég átti ákafa, einhliða réttlætiskennnd, sem blés mér í brjóst tryllingskenndu hatri á þeim, sem mér fundust bera ábyrgðina á þrautum og kúgun fjöldans. Lögregluþjónar voru fjanmenn. Guð var lygi, sem auðkýfingarnir höfðu samið til að gera fátæklingana ánægða með ok sitt, og bleyður einar féllu á bæn. Sérhver vinnuveitandi var hýena í mannlíki, illgjarn, óendanlega ágjarn, ótrúr og miskunnarlaus. Ég trúði því, að sá, sem stæði einn, hlyti alltaf að tapa. Menn yrðu að standa sameinaðir og berjast saman. Þeir yrðu að nota öll þau vopn, sem stæðu



þeim til boða, fælast ekki nein lögbrot, ef þau gætu aðeins verið málefningu til góðs, sýna engum vægð, fyrr en byltingin hefði unnið sigur.

Það varð þegar ljóst í júní, að byltingarský voru á lofti. Hrun gjaldmiðilsins, hin öra hrönnun andkommúnísku verklýðssamtakanna, hnignandi siðferði miðstéttanna og skyndilegt aðstreymi fjölda ungra uppreisnarsinnaðra verkamanna í kommúnistaflokkinn voru allt óskeikulir fyrirboðar þess, að stormur væri í vændum. Moskvumenn höfðu veitt gáfaðasta — og kaldrifjaðasta — áróðursmanni sínum, Karli Radek, umboð í hendur til að stjórna frá Berlín stjórnmalabaráttu til undirbúnings valdatöku kommúnista. Dagskipunin var á þá leið, að verkföllum á víð og dreif skyldi verða breytt í allsherjarverkföll, sem síðan átti að verða forleikur vopnaðrar byltingar.

Sendimaður frá Radek, meinlætalegur, ljóshærður Rússi að nafni Kommíssarenko, lýsti fyrirætlunum í stórum dráttum á fundi alls kommúnistaliðsins í höfninni í Hamborg.

Nokkrir hinna eldri kommúnista hreyfðu andmælum: „Fjöldinn er ekki reiðubúinn,“ sögðu þeir. „Hann mun sitja hjá og láta okkur berjast eina.“

Svar Kommíssarenkos kom eins og svípusmellur: „Þegar við ríðum á vaðið, kemur fjöldinn á eftir. Fjöldinn verður að gera byltinguna, en við munum stjórna henni.“

Ungu kraftarnir báru sigur af hólmi. Við æptum fagnaðaróp fyrir Rússanum. Við vorum albúnir að sækja fram af blindum trúarofsa.

Það rann upp sá dagur, er öll framkvæmdaráðin við sjávarsíðuna komu saman á leynilegum fundi. Ernst Thälmann, sem var þá yfirmaður samtakanna í Hamborg, talaði: „Ekkert má aftra okkur. Framkvæmdir einbeitts meiri hluta munu vekja baráttukjark fjöldans. Stöðvið skipin með valdi, ef áhafnirnar neita að gera verkfall. Ráðist um borð í skipin og kæfið eldana. Flokkurinn er á ykkar bandi og mun styðja ykkur með öllum ráðum. Þegar sjómennirnir eru komnir af stað, munu hinir sigla í kjölfarið — hafnarverkamenn, skipasmiðir, járnbrautarmenn. Umfram allt verðum við að kenna fjöldanum, að það eru engin ráð til, sem jafngilda verkföllum og vopnaðri byltingu í baráttunni um völdin.“

Ég svaf ekki þá nótt. Milli klukkan ellefu og þrjú var flokkur minn önnur kafinn við að mála vígord á skipin og skipabyggjurnar. Í fjögurra manna smáhópum rerum við milli skipanna í róðrabátum, sem við tókum traustataki. Við vöfðum striga um árarar og klesstum einkunnarorðum okkar með hvítri og rauðri málningu hvar sem við gátum. Á sumum skipunum náðu setningarnar stafnanna á milli.

Í næturmyrkrinu gátum við greint hina bátana, er þeir renndu sér hægt milli sofandi skipa. Félagar mínir í bátnum voru Ilja Weiss, djarfur, sinaber Ungverji, Hans Wonneberger, þrekvaxinn sjómaður, og piltur úr félagi unggommúnista. Weiss stjórnaði förinni. Wonneberger og ég máluðum með kústum, sem festir voru á löng sköft. Ungi kommúnistinn jós bátinn, sem var hriplekur.

Meðan við vorum að mála í Hansa-kvíunum, kom vélbátur strandvarnarliðsins

okkur að óvörum. Hann beindi ljóskastara á okkur, og við rerum lífróður að stiganum við bryggjuendann. Ungi kommúnistinn þeyttist upp þrepin, frá eins og köttur. Ég var rétt á eftir honum. Í því lagði lögreglubáturinn að, og ungur lögregluþjónn stökk upp í bátinn okkar og hrópaði: „Hæ! Nemið þið staðar! Þið eruð teknir fastir!“

Ég þeystist eftir bryggjunni. Hans Wonneberger steypti sér í höfnina og synti út í næturmyrkrið.

Ilja Weiss urraði: „Taktu við!“

Hann skellti hálffullri fötu af rauðri menju beint framan í lögregluþjóninn. Lögregluþjónninn greip andann á lofti og féll við. Weiss þaut upp stigann. „Rauða samfylkingin sigrar,“ æpti hann.

Mennirnir í lögreglubátnum hófu skothrið. Við hlupum áfram í skjóli við langa vörugeymslu, og heyrðum byssukúlurnar smella í bárujárnsvegnum.

„Lá við slysi,“ sagði Weiss og hló við.

„Hvar er félagi Wonneberger,“ spurði ég másandi.

„Hugsaðu ekki um hann. Hann er syndur eins og selur.“

Tveimur mínútum síðar heyrðum við rafflautur lögreglubifreiðar fyrir framan okkur. Við hlupum inn í vörugeymsluna og skriðum inn í stafla af steyptum hol-ræsapípum. Þegar allt var orðið rólegt, snerum við aftur til borgarinnar.

Ilja Weiss er nú ritari Alþjóðasjómannafélagsins í Odessa og skráður í lögreglu-bókum flestra Evrópuþjóða. Wonneberger varð sú skyssa á 1932 að fella ást til stúlku, sem reyndist vera í leyniþjónustu nasista. GPÚ flutti hann með valdi til Novorossíjsk, og hefur ekkert spurst til hans síðan.

Klukkan sjö um morguninn gerðu flokksmennirnir innrás á hafnarsvæðið. Lögreglan var á verði við hliðin og ferjurnar. Bardagasveitir kommúnista gáfu sig í kast við lögregluna, meðan meginflokkar áróðursmannanna réðust inn í höfnina frá öllum hliðum. Við yfirbuguðum verðina við landgöngubrýrnar og skipuðum sjómönnum að gera verkfall eða sæta að öðrum kosti meðferð verkfallsbrjóta. Aðrar aðgerðadeildir fóru fram á svipaðan hátt gegn hafnarverkamönnum. Lögregluþjóni, sem kom á móti flokki Ilja Weiss með skammbyssu í hendi, var varpað í höfnina. Fylkingar verkfallsmanna og atvinnulausra verkamanna héldu að boði flokksins um borð í skipin og ráku áhafnir, sem sýndu þrjósku, í land með valdi. Fulltrúar verkalýðsfélaga, sem ráðlögðu mönnum að fara sér hægt, voru lúbarðir.

Um hádegi voru hin stóru hafnarsvæði áþekktust vígvelli. Kommúnistar og nokkur hundruð verkfallsmenn stóðu í áflogum við sjómenn, sem neituðu að verða við skipun kommúnista. Á þremur bryggjum skárum við á landfestar skipanna og létum þau reka í þeirri von að árekstrar yrðu og siglingarennurnar tepptust. Hraðsveitir lögreglunnar komu á vettvang til þess að framkvæma handtökur. Á skipum, sem sérstakir skemmdarflokkar höfðu ráðist um borð í til þess að kæfa eldana undir kötlunum, var blásið í einflautur um lögregluaðstoð. Klukkan þrjú höfðu fjörutíu skip verið stöðvuð. En eftir það þjarmaði lögreglan svo að okkur, að við urðum

smám saman að víkja af hafnarsvæðinu. Bifreiðar fullar af föngum brunuðu í áttina til fangelsanna. Við jarðgöngin undir fljótið stóð vélbyssu og skilti: „Nemið staðar — þeir sem fara hér um, verða skotnir.“

Flestir sjómennirnir, sem höfðu fylgt kommúnistum, höfðu verið reknir af skipunum, og margir voru komnir í fangelsi. Engum datt í hug að gagnrýna einkunnarorð kommúnista, að ekkert verkfall beri að skoða sem ósigur, jafnvel þótt verkfallsmenn missi atvinnuna. Verkföll eru æfingar undir borgarastyrjöld. Þess vegna eru öll verkföll, hvernig sem þeim lýkur, sigur fyrir flokkinn.

Áður en þessum aðgerðum í höfninni var að fullu lokið, var ég kallaður á leynifund. Þagnarheit var tekið af öllum viðstöddum, og einn af aðstoðarmönnum Thälmanns gaf fyrirskipanir um, að allir sjómenn úr kommúnistaflokknum, sem voru á fundinum, skyldu tilkynna Skipaeigendafélaginu, að þeir væru fúsir til að vinna á skipum þeim, sem stöðvast höfðu vegna verkfallsins.

Þetta vakti möglandi nið undrunar og reiði meðal fundarmanna. Ég hneykslaðist djúpt á þessum lævísu og óheiðarlegu brögðum. Þá um morguninn höfðum við talið áhafnir á tveimur nýkomnum skipum á að gera verkfall. Áróðurssveitir Alberts Walters höfðu dreift út rauðu miðunum, sem á stóð: „Enga gufu á vélarnar! Enga vinnu á þilfari! VERKFALL!“

Félagi, sem sat á bak við mig, æpti í vígamóði: „Við erum engir verkfallsbrjótar!“

Umboðsmaður flokksins lét sér hvergi bregða. Hann beið þolinmóður, þangað til mótmæli okkar hjöðnuðu. Síðan tók hann til máls.

„Félagar,“ sagði hann, „það sem flokkurinn krefst af ykkur, eru ekki verkfallsbrot. Það sem flokkurinn krefst, er samvinna ykkar um herbragð, sem hlýtur að festa rætur bolsévismans í verslunarflotanum. Verkfallið getur ekki haldið lengi áfram. Eigum við að gefa hákörflunum, sem eiga skipin, færi á að endurgreiða okkur það með því að útiloka kommúnista af skipunum? Eigum við að láta skipin sigla, án þess að nota okkur það tækifæri, sem við höfum nú til þess að gera hvert skip að virki kommúnistaflokksins? Við erum ekki mállaus og heyrnarlaus lýður. Við erum kommúnistar. Flokksaginn krefst þess að þið hlýðnist skipunum flokksstjórnarinnar.“

Það voru þrælslegar aðfarir, við vissum það. Það var eins og að reka rýting í bak-ið á samverkamönnum okkar, hásetunum og kyndurunum, sem höfðu orðið við áskorun okkar um verkfall.

En í augum okkar kommúnista gekk trúmennska við flokkinn fyrir trúmennsku við öreigalýðinn. Meðan framkvæmdaráðin voru enn að gefa út áskoranir til sjómanna um að gera verkfall, létu skipin úr höfn í dögum eftir að þau höfðu verið mönnuð kommúnistum á laun.

## Smygl á vegum Kominterns

KVÖLD EITT Í LOK júnímánaðar bað Albert Walter mig um að hitta sig klukkan tíu á Kaffi Rheingold í St. Pauli, skemmtihverfi Hamborgar.

„Það er um hreint og beint samsæri að ræða,“ sagði hann. „Ég veit, að það er hægt að treysta þér.“

Á Rheingold, yfir glasi af Niersteiner, kynnti Walter mig manni að nafni Hugo, ungum ósérkennilegum manni með bogið nef, róleg augu og lævislegt fas. Hann vildi fá nákvæmar upplýsingar um kommúnista, sem hægt væri að treysta á skipum Hamborg-Ameríku-línunnar í Norður-Atlantshafssiglingum. Ég sagði honum, að flokkurinn hefði sterka aðstöðu á fjórum þessara skipa. Eitt þeirra, *Westphalia*, átti að láta úr höfn eftir nokkra daga. Hugo var ánægður. Hann trúði mér fyrir því, að þrír félagar í lífshættu þyrftu að komast til Ameríku um borð á *Westphalia*.

Ég komst síðar að því, að Hugo hét fullu nafni Hugo Marx. Hann var umboðsmaður GPÚ í Hamborg. Morguninn eftir fór hann með mig á felustað flóttamanna þriggja. Þeir voru ekki nema drengir að aldri, og tveir þeirra voru alldrukkni. Þeir voru allir frá sér numdir af fögnuði, þegar þeir heyrðu að þeir ættu að fara til New York.

Þegar Hugo var farinn, leystu þeir frá skjóðunni. Ég heyrði mér til undrunar, að þeir hefðu verið leiðtogar eins af ræningjaflokkunum, sem neðanjarðardeild flokksins — *Das Apparat* — hafði skipulagt til þess að ræna fjárhirslur stofnana á launagreiðsludögum, en þeim leik kom Jósef Stalín af stað í Rússlandi á keisarátímanum til þess að fylla tómar flokkshirslur. Við fimmtánda mann höfðu þeir rænt launafé bæjargasstöðvarinnar í Berlín-Charlottenburg í janúar 1923, og nokkrum vikum síðar höfðu þeir framkvæmt sams konar rán í verksmiðju í Berlín-Spandau. Aðferðin var einföld. Með grímur fyrir andliti og skammbyssur í hendi óðu þeir inn á skrifstofurnar með orðunum: „Upp með hendur í nafni byltingarinnar!“ Þýfið fengu þeir í hendur hermáladeild flokksins í Berlín.

„Hvers vegna farið þið ekki til Rússlands?“ spurði ég. Þeir gátu ekki svarað. „Hugo sagði að við yrðum að fara til New York,“ sagði einn þeirra.

„Hvers vegna fara þeir ekki til Rússlands?“ spurði ég Hugo Marx, þegar við hittumst næst.

„Þeir eru afbrotamenn,“ svaraði GPÚ-erindrekin. „Við getum ekki gert ráðstjórnina samseka.“

Það má vera, að það hafi legið aðrar orsakir til þess, að flóttamennirnir voru sendir til New York. Það er ekki venja að vera spurull um innanflokksmál. Kvöldið

eftir boðaði ég þrjá af stríðsmönnum okkar á *Westphalia* í land. Hver þeirra fékk tuttugu og fimm dali hjá Hugo Marx fyrir að smygla piltunum þremur út í skipið og sjá þeim fyrir mat á leiðinni. Hugo sendi hraðboða með birgðir af kvenfatnaði. Dulbúinir sem stúlkur og í fylgd sjómanna fóru flóttamennirnir um borð í skipið að næturlagi, og var þeim komið fyrir á öruggum felustað í lestinni.

Flóttamennirnir komust óáreittir til hafnar í New York, var laumað á land og hurfu sýnum. Nöfn þeirra voru Emil Bergeman, Paul Gorisch og Paul Eyck. En Ódysseisför þessara unglunga átti sér eftirmála. Flokkurinn lét þá sigla sinn eigin sjó, og að lokum sneru þeir aftur til Þýskalands eftir langt og tilgangslaust flakk. Þá tókst lögreglunni að handsama þá, og voru þeir hver um sig dæmdir í fimmtán ára betrunarhús. Flokkurinn hreyfði ekki hendi til þess að verja þá.

Tæpri viku eftir að þetta gerðist, skipaði Hugo Marx mér að leysa allmarga af mínum bestu mönnum á Hamborg-Ameríku línunni undan öllum störfum í þágu flokksins. Ég aftók það með öllu. Mennirnir, sem hann vildi fá til umráða, voru meginstoðin í skipulagsstarfi okkar á Norður-Atlantshafi. Hugo Marx deildi ekki við mig. Hann gekk beint til aðalstöðva flokksins og kvartaði undan þrályndi mínu. Nokkrum klukkustundum síðar var ég kallaður á fund Ernsts Thälmanns, sem var þá yfirmaður flokksins í Hamborg. Thälmann hafði verið flutningaverkamaður í æsku. Hann var þrekinn maður með breitt andlit, berorður og ofurseldur þeim ósið að berja í borðplötur með hnefunum, sem voru eins og jámsmiðshamrar. Hann spurði mig fruntalega, hvort ég þekkti orðið skemmdarstarfsemi.

„Já,“ sagði ég feimnislega, yfirbugaður af viðurvist eins sterkasta persónuleikans í kommúnistaflokki Þýskalands.

„Mér sýnist það, sem þú ert að gera, ekki vera ólíkt skemmdarstarfsemi,“ rumdi hann. „Hvers vegna neitarðu samvinnu við félagi Hugo?“

Niðurstaðan varð sú, að ég lofaði að verða við öllum leiðbeiningum Hugos. Ég þekkti ekki vald GPÚ í flokksmálum. Ég hafði ekki gert mér ljóst að GPÚ hafði öll ráð yfir hinni lífsnauðsynlegu neðanjarðardeild flokksins og að það notaði þá áhrifamiklu aðferð í varnarskygni að skjóta jafnvel lítillfjörlegustu starfsmönnum sínum skelk í bringu.

Þegar ég kom út af skrifstofu Thälmanns, beið Hugo Marx eftir mér. Við ókum í bíl til Dammtor-stöðvarinnar. Á veitingastofunni þar settumst við hjá miðaldra manni, dökkum á brún og brá og skrautlega klæddum. Hann kvaðst heita Meyer. Ég fékk honum og Hugo Marx í hendur lista yfir þrjátíu sjómenn, sem stunduðu siglingar til Norður- og Suður-Ameríku. „Meyer“ var líkari kaupsýslumanni frá Litlu-Asíu en þýskum bolsévika. Vikurnar sem á eftir fóru, settu Hugo Marx og Meyer sig í samband við mig í hvert skipti, sem þýskt skip kom frá New York eða Buenos Aires. Mér var skipað að fylgja þeim kommúnistum, sem útvaldir höfðu verið af áhöfnum þeirra, til björkjallara við höfnina, og þar átti Meyer tal við þá. Ég fékk ekki að vera viðstaddur meðan viðtölin fóru fram. Daginn eftir fékk ég síðan

alltaf í pósti stutt bréf og tíu dala seðil. Í bréfinu var mér skipað að forðast framvegis allt samband við sjómenn þá, sem um var að ræða.

Um langt skeið voru fyrirætlanir „Meyers“ mér hulin ráðgáta. Flestir sjómennirnir voru eldri í flokknum en ég. Þeir gættu leyndarmálsins vel. Það var ekki fyrr en nokkrum árum síðar, eða 1926, þegar ég mátti mín orðið sjálfur mikils í neðanjarðardeildinni, að Hugo Marx sagði mér, hvernig í öllu lá. Sjómennirnir, sem ég hafði gefið „Meyer“ á vald, voru notaðir til „mannasmygls“ í stórum stíl, sem flokkurinn stóð að, og var ágóðanum af því varið til vopnakaupa í Belgíu. Útflytjendur frá Þýskalandi og Austur-Evrópulöndum voru lokkaðir til Hamborgar með lofordum um ódýrt far til Bandaríkjana og Argentínu. „Meyer“ hafði komið upp allmörgum gistihúsum fyrir þetta fólk í Hamborg, og kostaði dvölin þar einn dal á dag, meðan beðið var eftir skipsferð. „Meyer“ hafði mútað þremur starfsmönnum Hamborg–Ameríkulínunnar til þess að skrá útflytjendurna sem sjómenn á skipin, en kommúnistarnir um borð hjálpuðu þeim síðan til þess að strjúka í land, þegar til New York eða Buenos Aires kom. Fyrir þetta greiddu ferðamennirnir eftir efnum og ástæðum frá fimmtíu til hundrað dali hver. Þeir sigldu yfir hafid sem uppþvottamenn eða aðstoðarmenn í eldhúsi, kolamokarar eða hásetar, þangað til yfirmaður einn á *Cap Polonio* — einu stærsta farþegaskipi Þjóðverja — kom af stað rannsókn í málinu og vofði uppljóstrun yfir. Var þá þetta mannasmygl stöðvað samkvæmt skipun frá Moskvu. „Meyer,“ sem hét réttu nafni John Bornos, reyndi að halda smyglinu áfram í eiginhagsmunaskyni. GPÚ skipaði honum að hætta fyrirtækinu og fara til Rússlands. Bornos-Meyer neitaði. Lögreglunni í Þýskalandi var þá gefin bending. Hann og tíu samverkamenn hans voru handsamaðir og sendir í fangelsi.

Flokkurinn skipaði mér að láta skrá mig sem háseta á eimskipið *Fredenhagen*, flutningaskip, sem var í förum á Eystrasalti á milli Hamborgar, Brima og Finnlandshafna. Áður en skipið lét úr höfn, var ég kallaður til aðalstöðva flokksins. Sams konar boð voru send til kommúnista á öðrum skipum.

Í litlu, dimmu herbergi á efstu hæð hittum við fyrir mjúkmálan kommúnista frá Berlín, harðsnúinn uppgjafavéltjóra, sem var hægri hönd Alberts Walters, og auðvitað Hugo Marx, sem alls staðar var nálægur. Við flyktumst inn í herbergið, svo að við stóðum þar í kös eins og síld í tunnu. Uppgjafavéltjórinn setti fundinn með urri, svo að undir tók í herberginu. „Þið eigið, drengir, að gerast sprúttsmyglarar um skeið,“ tilkynnti hann.

Ég hélt, að hann væri að gera að gamni sínu. Hann skýrði fyrir okkur, að það væri hægt að græða stórfé á því að smygla sterkum drykkjum til bannlanda, að flokkurinn væri í kröggum og þyrfti á öllu því fé að halda, sem hægt væri að raka saman. Einn ábyrgur félagi var tilnefndur á hvert skip. Ég var gerður að leiðtoga sellunnar á *Fredenhagen*. Okkur var falið að kaupa miklar birgðir af rommi, viskíi og koníaki í fríhöfninni og selja bannvöruna í finnskum höfnum. Salan átti að fara fram í gegnum umboð, sem stofnuð höfðu verið í því skyni í Helsinki og

fleiri finnskum höfnum. Fulltrúar þeir, sem mættir voru á fundinum voru, auk *Fredenhagen*, af eimskipunum *Pleskow*, *Amisia*, *Fortuna*, *Bolheim*, allmörgum skipum í málmgrýtissiglingum til Svíþjóðar og öðrum sem voru í förum yfir Norður-Atlantshaf. Við vorum í prýðilegu skapi. Ævintýrakeimur fyrirtækisins kom okkur til að gleyma, að við vorum í rauninni verkfallsbrjótur. Uppgjafavéltjórinn tók upp skóöskju fulla af milljón marka seðlum, og Hugo Marc skrifaði vandlega hjá sér upphæðina, sem hver maður fékk.

Ég hafði þá trú, að peningarnir sem flokkurinn græddi á áfengissmyglinu, ættu að fara til kaupa á vopnum og skotfærum. Það var opinbert leyndarmál okkar á milli, að erindrekar ráðstjórnarinnar höfðu verið sendir frá Moskvu sem sérfræðiráðunautar í því skyni að sjá um hernaðarundirbúning byltingarinnar, sem var í vændum.

Fyrir tilstilli starfsmanns hjá skipreiðasala, sem var í flokknum, keypti ég átta hundruð flöskur af alls konar sterkum vínum. Til þess þurfti tollskírteini. Ég fékk skírteini fyrir átta flöskum af koníaki. Með aðstoð Hugos Marx var tveimur núllum bætt við töluna átta. Bannvaran var flutt um borð að næturlagi. Í margar klukkustundir vorum við önnum kafnir við að grafa flöskurnar í kolageymslunum.

Fjórum dögum síðar lagði skip okkar að landi í Helsinki. Þaðan var ferðinni haldið áfram til Viborgar og Kotka. Í öllum þessum höfnum kom tylft finnskra tollvarða um borð, þegar skipið var lagst við festar. En samkvæmt tollalögunum mátti hver maður af skipshöfninni hafa eina flösku af sterku víni í klefa sínum til eigin afnota. Þegar finnsku tollverðirnir voru að leita í skipinu — en þeir lögðu það aldrei á sig að grafa í kolunum — var þeim því boðin glaðningur í hverjum klefa, sem þeir komu í. Þeim var dropinn ekki um geð. Þegar þeir höfðu lokið leitinni, voru þeir flestir vel þéttir. Þeir skildu eftir einn eða tvo menn, þegar þeir fóru.

Það var föst regla, þegar leið á kvöldið að þá buðu kommúnistahásetarnir þessum tveimur tollvörðum til drykkjuveislu undir þiljum. Ég fór í land að leita uppi heimilisfang það, sem Berlínarkommúnistinn hafði fengið mér. Það var lítil skrifstofa í virðulegu húsi í Helsinki, nálægt lystigarðinum, þar sem lúðrasveitir leika fyrir bæjarbúa á sumarkvöldum. Á dyrunum var skilti: „Koskinen & Niminen“. Þetta fyrirtæki var í rauninni skipulagt af Komintern, dulbúið sem heildsala fyrir veitingahús. Eins og í háði hafði orðunum: „Innflutningur — Útflutningur“ verið bætt á skiltið.

Hásróma stúlka sat á skrifstofunni. Hún talaði sænsku.

Ég gaf henni liðsmannaorðtakið: „Lungnabólguylfin eru komin.“

„Það er ágætt,“ sagði hún. „Hvaða skip? Hve mikið?“

„Eimskipið *Fredenhagen*, átta hundruð flöskur,“ svaraði ég.

Hún talaði í símann. Eftir skamma stund sagði hún: „Farðu aftur um borð, félagi. Vinur Koskinens er að kalla saman viðskiptavinina. Það verður umferð hjá ykkur í alla nótt.“

Ég fór um borð. Tveimur klukkustundum síðar dreif „viðskiptavinina“ að í

hrönnum. Menn og konur, þyrstir hafnarverkamenn og efnaðir borgarar, veitingaþjónar, vikadrengrir, starfsstúlkur á hótélum, vændiskonur og alls konar fólk annað. Verðið var sextíu til hundrað finnsk mörk fyrir flöskuna. Finnmarkið var í gullgildi. Við höfðum keypt vínið fyrir þýska seðla og ágóðinn var yfir 3000 af hundraði. Meðan tollverðirnir skemmtu sér undir þiljum við drykk og framtakssamar hafnar-meyjar, rak flokksdeildin hin blómlegustu viðskipi. Um dögun höfðum við selt um það bil sex hundrað flöskur. Mér reiknaðist til, að ágóðinn mundi jafngilda þremur belgískum vélbyssum á heildsöluverði. Það sem eftir var af birgðunum seldum við í Viborg og Kotka, en þar höfðu „Koskinen & Nimiten“ sett upp útbú.

Þetta smygl fyrir flokksins hönd tókst ekki ávallt að framkvæma án þess að í odda skærast. Aðrir skipverjar á *Fredenhagen*, sem voru ekki kommúnistar, höfðu einnig myndað með sér einkasamtök um smygl. Jafnvel skipstjórinn, stýrimennirnir, vélstjórnarnir — allir versluðu með bannvöru, því að með kaupum sínu gátu þeir ekki einu sinni greitt húsaleiguna, þegar heim kom.

Samtök þessi háðu harða samkeppni hvert við annað. Hinir áttu fyrsta leik, fóru í kolageymsluna að næturlagi og mokuðu eins miklu af kolunum og þeir gátu ofan á birgðir okkar, svo að við gátum ekki náð þeim, þegar viðskiptavinirnir komu. Við svörðuðum með því að grafa upp flöskur frá keppinautum okkar, tæma innihaldið og fylla þær af vatni eða tei. Einhverjir aflammir Finnar æddu um borð, stundum með rýting á lofti, eftir að þeir höfðu uppgötvað, að rommið sem þeir ætluðu að gæða sér á, var kalt te. Þegar yfir lauk, höfðu kommúnistarnir yfirhöndina. Þegar við vorum komnir á rúmsjó, eyðilögðum við að næturlagi eða vörpuðum fyrir borð því sem eftir var af bannvöru andstæðinganna, og settum verði vopnaða járnstöngum við birgðir okkar.

Við komumst slysalaust út úr landhelgi Finnlands, Sendiboði frá flokknum beið mín á gáttarstíflunum þegar *Fredenhagen* hélt inn í Kílarsturðinn. Ég fékk honum ágóðann af smyglinu í hendur. Skipið fór til Brima. Þegar við lögðum upp í næstu ferð, var ég með tvö þúsund flöskur af þriggja stjörnu koníaki til „Koskinen & Nimiten“. Hver ferð til Finnlands tók þrjár vikur báðar leiðir. Í hverri ferð jukust birgðirnar af bannvöru. Í þeirri þriðju voru ekki aðeins kolageymslurnar, heldur einnig björgunarbátarnir, botnrúmin og jafnvel varavatnsgeymarnir fulltroðnir af flöskum í hálmumbúðum. Velgengi fyrirtækisins var svo mikil, að yfirboðarar okkar vörpuðu allri varfærni fyrir borð.

Miðstjórn hins liðfáa, ólöglega kommúnistaflokks í Finnlandi, undir forustu Nillos Virtanens, lét bjóða út félögum flokksins í Helsinki til þess að flytja metfarm þennan í land úr *Fredenhagen*. Hér um bil eitt hundrað menn og konur þustu um borð og fóru aftur í land hlaðin flöskum, hvar sem þeim varð fyrir komið. Þrjár slíkar ferðir voru farnar á einni nóttu. Snemma um morguninn spurði foringi finnsku fylkingarinnar mig:

„Hvað eru margar flöskur eftir?“

„Nóg til ennþá,“ sagði ég. „Betra að koma þeim í land áður en birtir.“



Mér var ljóst, að „affermin“ hafði vakið svo mikla eftirtekt, að það mundi hafa hættu í för með sér að geyma það sem eftir var um borð yfir daginn. Það virtist allt í einu ekki vera orðinn neinn hörgull á tollvörðum við höfnina.

Finninn nöldraði ólundailega: „Hver andskotinn hefur fengið þá flugu að afla fjár til byltingar með því að selja sprútt?“

Ég sagði honum frá því, að þýska kommúnistaflokknum hefði græðst stórfé á slíku smygli, enda hefði hann haft marga tugi skipa til þess. Það jafngilti rífflum og handsprengjum handa allmörgum bardagasveitum öreiganna. Og vafalaust, benti ég honum á, hafði kommúnistaflokkur Finnlands hagnað af þessu líka.

Finninn játti því. Hann sendi dreng út af örkinni til þess að grenslast fyrir um, hvar tollvarðasveitimar hefðu tekið sér stöðu, og fékk síðan fimm finnskum kommúnistum að vopni fimm flöskur hverjum og sagði þeim að hlaupa í fasið á tollvörðunum til að beina athygli þeirra frá því sem fram fór á *Fredenhagen*.

Hinir fimm unnu hlutverk sitt vel. Við heyrðum þá hlaupa með tollverðina á hælum sér. Það glumdi í flöskunum, þegar þeir mölvuðu þær á götusteinunum. Á meðan komu félagarnir frá Helsinki úr fylgsnum sínum í vöruskemmunum, og með aðstoð allra kommúnistanna á skipinu tókst að koma því sem eftir var af flöskunum í land. Ég fór á skrifstofu Koskinen & Nimiten til þess að sækja peninga þýska flokksins.

Ég beið í fullar níu klukkustundir. *Fredenhagen* sigldi til Viborgar — án mín. Síðdegis kom Finni blaðskellandi inn á skrifstofuna, bölvandi og ragnandi.

„Hvar eru peningarnir?“ spurði ég.

„Engir helvítis peningar!“ hrópaði hann æfur. „Veistu hverju þessir bölvadir meistara-bolsévíkar þínir hafa komið til leiðar? Ég skal segja þér það! Allur kommúnistaflokkurinn í Helsinki er dauðadrukinn.“

Þetta var ekki það, sem ég hafði búist við. Ég sagði finnska félaganum, að koniakið hefði verið eign þýska kommúnistaflokksins og þess vegna eign Kominterns. Moskvumenn mundu ekki sætta sig við þessi málalok.

Flestir Finnar eru að eðli seinreittir til reiði, en þá sjaldan skapið blossar upp, er hætt við að eitthvað verði undan að láta. Ég hélt, að þessi Finni væri að fá berserksgang. „Satana,“ sagði hann og fýldi grön í tryllingi. „Ég hef enga peninga! Út héðan!“ Síðan kom flaumur af finnsku, sem ég skildi ekki orð í. Og síðan: „Mér þykir verst að þú skulir vera svona stór og sterkur. Annars mundi ég berja þig í klessu — bölvadur prangari!“

Ég flýði. Úr dyrunum andspænis hélt ég vörð um húsið, sem skrifstofur Koskinen & Nimiten voru í. Seint um kvöldið kom Koskinen sjálfur. Ég hljóp yfir götuna og náði honum í stiganum. Hann var virðulegur maður, blíður í fasi, og það fór skjálfti um hann allan, þegar ég greip í öxl hans.

Hann sagði kvíðinn: „Hvers vegna ertu að áreita mig?“

„Láttu mig að minnsta kosti fá peninga fyrir farseðli til Viborgar,“ sagði ég.

Hann fékk mér hundrað marka seðil. „Við erum að leggja niður fyrirtækið,“

sagði hann. „Það hafa nokkrir verið teknir fastir. Þú verður að tilkynna vinum þínum í Hamborg þetta. Þeir mega aldrei gleyma því, að í Finnlandi er fasisminn við völd.“

Ég hljóp til járnbrautarstöðvarinnar og bölvaði slóðaskap mínum og hinum geipilega þorsta Finnanna. Ég steig upp í lest til Viborgar og tókst að ná í skípið þar. Eftir fjóra daga var ég afskráður í Brimum, og voru mér ekki gefnar neinar ástæður upp af skráningunni. Ég flýtti mér til Hamborgar til þess að skýra Walter og Hugo Marx frá málalokum. Þeir höfðu þegar fengið rækilega skýrslu um það, sem gerst hafði í Helsinki. Þeir tóku fréttunum með fullkomnu jafnaðargeði.

Í september tók flokkurinn að skipuleggja hundrað manna bardagasveitir — *Hundertchaften*. Það voru ellefu slíkar sveitir í Hamborg og mörg hundruð alls í Þýskalandi. Í hverri sveit voru fimm tuttugu manna flokkar. Á hverjum sunnudegi gengu hundraðssveitirnar til heræfinga á afviknum stöðum í skógum eða á heidum. Ungir rússneskir fyrirliðar frá Ráðstjórnarríkjunum, sem töluðu flestir þýsku, stjórn-uðu æfingunum. Fimm eða sex slíkir fyrirliðar störfuðu í Hamborg. Þeir höfðu komið til Þýskalands í gervi sjómanna á ráðstjórnarskipum, og aðgerðasinna úr liði Alberts Walters höfðu smyglað þeim í land að næturlagi. Þeir tóku sér annarleg nöfn, notuðu fölsuð þýsk vegabréf og höfðust við á heimilum flokksfélaga. Foringi þeirra í Hamborg var lágvaxinn, byrstur, þrákelkinn Rússi, sem kallaði sig Otto Marquardt, að nafninu til starfsmaður hjá rússnesku viðskiptanefndinni í Hamborg.

Mér var skipað í sjöundu bardagasveitina af ellefu á Hamborgarsvæðinu. Sveit þessi var aðallega skipuð sjómönnum og kallaði sig „Rauðu sjóliðana“. Thälmann leit svo á, að hún væri besta árásarsveitin á allri Norðursjávarströndinni. Í hléunum milli æfinga, sem haldnar voru á heidunum suðvestur af Hamborg, var ég kjörinn til þjónustu í hraðboðadeild flokksins. Í fyrstu fannst mér þetta starf frekar dauflegt, því að það var í rauninni ekki annað en að fara með skilaboð á milli foringjanna og rússnesku hermálasérfræðinganna, því að menn eins og Otto Marquardt gættu þess að láta ekki sjá sig í félagsskap þýskra kommúnista, sem lögreglan þekkti. En fyrir sendiferðirnar til Kílar, Lýbíku, Brima og Berlínar fékk ég að kynnast lifnaðarháttum leynilegrar höfðingjaklíku, sem ég hafði áður varla haft hugmynd um að væri til.

Einn þeirra, er sköruðu fram úr í þessum undirheimum stjórnálanna, var Johnny Dettmer, sem að ófyrirleitinni dirfsku gat vel jafnast á við sjóræningjahetjur barnæsku minnar. Dettmer var ljóshærður, bláeygur risi, tuttugu og fjögurra ára að aldri, skapbráður, greindur vel og sterkur og fimur eins og villiköttur. Hann var einn þeirra heiðarlegu ofurhuga, sem eru ómetanlegir bardagamenn í uppötum og óeirðum, en fara sér undantekningarlaust að voða, þegar skipulegu ástandi hefur verið komið á. Það var Ernst Wollweber, einn af Komintern-höfðingjunum, sem sagði við mig síðar um félag Dettmer: „Við þurfum menn á borð við Johnny til þess að vinna orrusturnar, en eftir byltinguna verðum við að skjóta þá.“

Snemma hausts 1923 var Johnny Dettmer vopnasmyglari fyrir rauðu hundraðs-

sveitirnar í Norður-Þýskalandi. Otto Marquardt og ónefndur yfirmaður Hugos Marx sendu hann til Kolberg, smábæjar við Eystrasalt, milli Stettin og Danzig. Þar hitti hann á knæpu ungan ráðstjórnarherforingja og þýskan kommúnista, Lukowitz að nafni. Ég kynntist Lukowitz síðar. Hann var gráspengdur maður, seinn í hreyfingum, fyrrum skipstjóri á dráttarbát, en varð síðar einn af flokksforingjunum í Lýbiku-umdæminu. Hér um bil tylft annarra kommúnista af sama tagi og Dettmer höfðu dreift sér um ýms þriðja flokks hótél í Kolberg. Þeir voru allir reyndir sjómenn. Lukowitz fór stundum með þá á sjó í þremur vélbátum, sem Komintern hafði keypt, að því er virtist án nokkurs tilgangs. Bátarnir þrír, *Liese*, *Anita* og *Sturmvogel*, voru sterk gömul för, smíðuð úr eik, 11–12 metrar á lengd, búin gömlum bensínvélum og fær um að ganga ellefu kílómetra í góðu veðri. (Ég sá bátana árið 1930. Þeir höfðu verið gerðir upp og Komintern-skrifstofan í Danzig notaði þá til þess að smygla kommúnistaritum til Póllands, en þar var starfsemi flokksins bönnuð.)

Johnny Dettmer og félagar hans slæptust í viku í Kolberg og réttlættu dvöl sína með því að þykjast ætla að kaupa sér bát. Þá kom hraðboði frá Berlín með boðskap til ráðstjórnarfulltrúans í Kolberg. Rússinn kallaði Lukowitz á sinn fund. Lukowitz kallaði saman skipshöfn sína, og í sameiningu mönnuðu þeir bátana þrjá, því að nú vissu þeir, að eitthvað var að gerast.

Þeir lögðu frá fiskbryggjunni í Kolberg um dagmál og héldu stöðugri stefnu í norðnorðvestur. Dettmer var um borð í *Anitu*, Lukowitz í *Sturmvogel*. Þegar þeir komu undan ströndinni dreifðu þeir sér til þess að vekja ekki athygli annarra skipa.

Það eru 88 kílómetrar frá Kolberg til suðurodda Borgundarhólms. Þegar hinar bröttu strendur eyjarinnar komu í augu, stöðvuðu þeir vélnar, settu út drifakkeri og létu reka, með varðmann á hverjum báti.

Þeir biðu fram til klukkan ellefu um kvöldið og höfðu gætur á ljósum skipa, sem sigldu framhjá í vesturátt. Klukkan ellefu gaf eimskip, sem hafði þokast hægt frá austri, ljósmerki, er það kom á stað, sem var 8 kílómetra undan syðsta odda eyjarinnar. Merkið var bókstafurinn L — punktur, strik, punktur, punktur — endurtekið með millibili, þangað til Lukowitz svaraði með sams konar ljósmerkjum. Síðan tók skipið stefnu til suðurs, og bátarnir fylgdu eftir, þangað til þeir voru úr landsýn Borgundarhólms.

Skipið var lítið flutningaskip. Það hafði engan fána uppi, en allir vissu, að það var ráðstjórnarskip. Þegar bátarnir nálgudust, breiddu hásetarnir rimlagólf klætt striga yfir nafn skipsins. Bátarnir lögðust upp að skipshliðinni, og Lukowitz talaði nokkur orð við mann, sem hallaði sér yfir borðstokkinn. Þungum böggjum, vöfðum segldúk, var rennt niður í bátana. Í hverjum böggli voru tíu gamlir rifflar, sem höfðu einu sinni verið í eigu rússneska keisarahersins. Síðan komu litlir kaggar, fullir af skothyllkjum gröfnum í hveiti. Þrjú hundruð rifflum var skipað upp á tæpri klukkustund, og eftir stuttar kveðjur héldu bátarnir frá skipshliðinni. Þeir biðu

þangað til ráðstjórnarskipið var horfið út í náttmyrkrið á leið til Kílarskurðarins og lögmætrar viðkomuhafnar.

Lukowitz leiðbeindi áhöfnum sínum: „Ef strandvarnarliðið stöðvar okkur — þá í sjóinn með draslið!“

Þeir létu reka allan næsta dag og þóttust vera við veiðar. Nóttina eftir skipuðu þeir bannvörunni í land á stað milli Kolberg og sjávarþorps að nafni Deep. Þar var þyrping af kofum og þröngur skurður, sem lá spölkorn inn í landið. Vörubíll beið við hliðina á hrúgu af úldnum fiski. Þeir hlóðu byssunum og skotfærunum á bílinn og þöktu allt af úldnum fiski. Bíllinn, sem tveir þögulir piltar stjórnðu, ók í áttina til þjóðbrautarinnar til Stettin.

Sögu þessa sagði Johnny Dettmer mér á lágþýsku, móðurmáli sinu, sem hann var vanur að tala. Lágþýskan hefur á sér harðneskjulegan og frumrænan keim og blæbrigði ærslafengins virðuleysis, sem er ekki hægt að þýða. Eins og er, er Johnny ekki lengur fær um að bera kala til mín fyrir að gera hinni ástkæru sjómannamállýsku hans of lítil skil, því að höfuð hans féll fyrir öxi nasista árið 1934.

## „Hefurðu nokkurn tíma drepið mann?“

ÉG HÓF STARF MITT sem hraðboði neðanjarðardeildar flokksins í lok septembermánaðar. Fyrsta för mín var frá Hamborg til Berlínar. Mér var falið að fara með innsiglað bréf til Mökernstraße 104. Í skemmtilegri íbúð hitti ég þar á unga stúlku, brúna á hörund og lostasama á að líta. Af málfari hennar þekkti ég, að hún var Rússi. Ég heyrði síðar, að heiti hennar væri María Sjípora. En bréfið, sem ég var með, var ekki til hennar. Það var til Hugos Eberleins, miðstjórnarmanns flokksins, sem sá um að samrýma starfsemina í landher og flota Þýskalands.

María Sjípora veitti mér líkjör, meðan ég beið eftir Eberlein. Hún lagði óspart að mér að drekka. Eftir þrjú eða fjögur glös fór ég að verða hræddur um, að þessi rússneska kona kynni að vera lögreglunjósnari. Ég stóð upp og sagði hryssingslega: „Ég kann ekki við þetta. Hver ert þú? Hvað viltu mér?“

Hún hallaði sér fram yfir borðið og hló. „Þú ert kominn að hitta féлага Eberlein?“ spurði hún.

„Já.“

„Hver sendi þig?“

Ég svaraði engu.

„Ég þekki Marquardt vel,“ sagði hún. „Við höfum unnið saman í mörg ár.“

Mér varð ljóst, að María Sjípora var í þjónustu GPÚ. Það tókst skjótt með okkur vinátta. Ég dáðist alltaf að kommúnistum sem störfuðu á alþjóðavettvangi. Hún talaði blátt áfram. Og hún var örgeðja og áköf. Varir hennar voru mjúkar og rjóðar. Hún greip í hár mitt og kyssti mig.

„Félagi Eberlein kemur alltaf of seint,“ sagði hún. Eberlein kom ekki þann dag. Í hans stað kom hár maður, þungbúinn og strangur á svip, og fékk ég honum bréfið frá Hamborg. Hann tók undireins að spyrja mig gaumgæfilega um leyniþjónustu þá, sem hin miklu skipafélög hafa skipulagt gegn kommúnistum, og ég gaf honum þær upplýsingar sem ég gat. Þegar stúlkan, sem hafði hlustað kostgæfilega, nefndi nafn gestsins, Felix Neumann, var sem rafstraumur færi um mig. Þegar liðsmenn rauðu sveitanna töluðu um Neumann, var það í hálfum hljóðum. Hann var sá sem var að skipuleggja T-deildimar nýju, ógnarflokkana, sem áttu að mynda uppi-stöðuna í Tsjekju, leynilögreglu Þýskalands. Hann sagði mér að bíða í Berlín til næsta dags og fara þá með skjöl fyrir sig til Marquardts. Hann spurði mig síðan um starf mitt í flokknum. Ég kváðst hafa meiri mætur á störfum, sem reyndu meira á kraftana en það að sendast milli borga.

„Hefuðu nokkurn tíma drepið mann?“ spurði Neumann.

„Nei,“ sagði ég.

„Nú, en hvernig munduðu fara að því?“

„Ég mundi skjóta hann.“

Neumann glotti dapurlega. „Rangt,“ sagði hann. „Ef þú skýtur mann og þér tekst ekki nema að særa hann, hvað þá? Hann er fluttur á spítala og segir lögreglunni alla söguna, er ekki svo?“

María Sjúþóra tók fram í: „Venjulega eru menn skotnir að nóttu til. Þá er dimmt. Menn sjá ekki í myrkri.“

„Auk þess er hávaði af skotunum,“ bætti Neumann við.

„Hvernig myndir þú gera það?“ spurði ég.

„Fyrst og fremst ganga frá því, að hann sé látinn,“ sagði Neumann. „Öruggasta leiðin er að berja hann í höfuðið svo að hann missi meðvitund og skera síðan á æðarnar með rakhníf. Ef þannig er farið að, þá getur maður treyst því að hann sé látinn.“

Ég vissi ekki hvernig ég átti að taka þessu. Var honum alvara? Ætlaði hann aðeins að prófa hugrekki mitt? Var hann að gera að gamni sínu? Ég vissi ekki hver skýringin var. Hún birtist mér smám saman, og allur efi hvarf. Felix Neumann talaði í fyllstu alvöru.

Ég gisti um nóttina í íbúðinni í Mökernstraße. María Sjúþóra bar fram einfaldan kvöldverð, og meðan við snæddum, töluðum við um stjórnmálaviðhorf verkamanna og aðferðir í götubardögum. María sagði frá samtali, sem hún hefði átt við fulltrúa frá Kreml, og Felix Neumann talaði um mann, sem hafði verið falið að kaupa vopn fyrir flokkinn og strauk með 5000 dali í vasanum.

Síðar um kvöldið bættust fimm manns í hópinn, tvær stúlkur og þrír karlmenn, meðal þeirra hávaxinn og þrekinn maður, nokkuð gyðinglegur í andliti, Etkar André. Ég fékk ósjálfrátt mætur á honum frá fyrstu. Við urðum aldavinir, og vináttan hélst, þangað til hann féll fyrir böðlum Hitlers. Stúlkurnar tvær voru Eva og Lu. Þær voru báðar félagar í T-deildunum. Eva, lítil, dökkhærð og liðleg, var frilla Neumanns. Lu — hún hét Luise Schneller — var beinaber og harðneskjuleg. Hún sagði frá því, að Ruth Fischer, ein af forkólfulum flokksins, hefði komið til sín með tilmæli um að einhver T-sveitin gæfi starfsbróður og keppinaut hennar, „feita Brandler,“ ósvikna ráðningu. Ruth Fischer hafði jafnvel fengið Lu lista yfir leynilega dvalarstaði Brandlers. Að því er mig snerti, var þetta fyrsta kynning, sem ég hafði af hinni óhemjulegu afbrýðisemi og samkeppni, sem ríkti meðal foringja þeirra, sem voru óskeikulir í augum óbreyttra flokksmanna.

Löngu eftir miðnætti barst talið að uppreisnarfyrirætlunum, en uppreisnin, sem ráðgerð var, átti að hefjast í borgum úti um landið og ljúka með allsherjargöngu til Berlínar. Í þessu skyni var verið að mynda bardagasveitir um alla höfuðborgina, og hafði Etkar André það verk með höndum. Tveir aðstoðarmenn hans voru viðstaddir, Gromulat og Botzenhard, og virtust vera dugandi menn. Hugmynd þeirra var að herma í stórum stíl eftir afrekum Max Holz, kommúníska stigamannsins

frá árinu 1921, sem síðar hafði verið dæmdur í ævilangt fangelsi. Stundirnar liðu, og gestirnir töluðu látaust, eins og engir nema kommúnistar þeirra villtu og ábyrgðarlausu tíma gátu talað. Þeir voru jafnhugfangnir af sjálfum sér og byltingarverkefnum sínum og börn af nýjum, skemmtilegum leikföngum. Þegar var á botninn hvolf, voru þeir eins og börn, sem hafa drukkíð höfugt vín, í sambandi við hina þöglu samsærismenn síðari áratuga.

Að lokum, þegar hálfnað var milli miðnættis og dögunar, stóð Felix Neumann upp og sagði með fjálgleik: „Krakkar, ég vil fara að sofa.“

Íbúð Maríu Sjípora virtist vera gististaður margra þeirra flokksmanna, sem áttu leið um Berlín í ólöglegum erindagerðum. Hver hinna viðstöddu tók sér teppi úr stafla sem lá þar í skáp. Felix Neumann og Eva höfðu herbergi fyrir sig. Sömuleiðis María. Hin sváfu á legubekkjum og á gólfteppinu.

María sagði við mig í allra áheyrn: „Við tvö sofum saman.“

Ég varð dálítið vandræðalegur, þegar Etgar André leit stríðnislega á mig og sagði: „María, geturðu ekki fengið nóg af foringjum úr Ríkisvarnarliðinu til þess að fullnægja þér?“

„Svei,“ sagði María fyrirtillega, og bætti síðan við blíðlega: „Félagi Etgar, það er ekkert betra til en góð og saklaus æska.“

Hún sneri sér að mér og sagði: „Vertu ekki að taka mark á þessum gömlu skrjóðum. Heldurðu að það sé ekki sérstök ástæða til þess að ég vil hafa þig hérna?“

Felix Neumann vakti mig klukkan átta. Hann var þegar búinn að fara út til þess að síma. André og aðstoðarmenn hans voru farnir, og Eva og Lu voru að búast til brottferðar.

Við ókum í bíl til Neukölln og námum staðar við lítið hótél. Í litlu herbergi, sem vissi að götunni, reis maður í náttfötum úr rekkju, þegar við komum inn.

„Þetta er félaginn frá Hamburg,“ sagði Neumann.

Dökk, einarðleg augu grandskoðuðu mig. Maðurinn í náttfötunum var um þrjátíu og þriggja ára að aldri. Líkami hans var sterkur og liðlegur, ljósa hárið var úfið, og í hvössu andlitinu var svipur alvöru og sívakandi festu. Hann virtist vera Rússi eða Letti. Hann bað mig um að taka tvo böggla til Hamburgar, annan til Marquardtts, hinn til ungrar stúlku, Anja Daul að nafni. Hann sagði að mér mundu verða færðir bögglafrír á stöðina, áður en ég stigi upp í hraðlestina til Hamburgar.

„Vantar þig peninga?“ spurði hann allt í einu.

„Nei,“ svaraði ég, þó að ég væri því sem næst félaus.

„Við gætum haft gagn af þér,“ sagði maðurinn rólega.

Neumann og mér var sagt að bíða í herberginu, þangað til hann hefði klæðst og væri farinn. Þegar hann var genginn út, spurði ég Neumann, hverju það sætti, að við hefðum ekki mátt fara fyrst.

„Varúðarráðstöfun,“ sagði Neumann. „Þetta er háttsettur félagi. Hann sefur aldrei tvisvar á sama stað.“

„Hver er hann?“

„Wolf hershöfðingi. Hefuðu heyrt um uppreisnina í Kronstadt gegn bolsévík-  
unum? Wolf var maðurinn, sem bardði hana niður.“

María Sjípóra kom á járnbrautarstöðina að kveðja mig. Hún kom með tvo böggla, stóra en ekki þunga. „Hvað er nú þetta?“ spurði ég.

„Óhrein handklæði,“ sagði hún og hló með glampa í augunum. „Láttu þvo þau og sendu þau síðan aftur.“ Í hvorum böggli var innsiglaður kassi vafinn innan í handklæði. Ég vissi aldrei, hvað í þeim var.

Í Hamborg voru menn á glóðum. Tveir lögregluþjónar höfðu verið myrtir, og Ernst Thälmann hafði flúið í felur. Á hverjum degi skipulagði flokkurinn ránsferðir í matvælabúðir og árásir á matvælaflutninga. Rán þessi voru framin af fjölda manns og voru gerð í þeim tilgangi að prófa bardagahug ófélagsbundinna verkamanna.

Eftir nokkurra daga æfingar með Rauðu sjóliðunum var ég sendur aftur til Berlínar með bréf til mannsins, sem ég hafði kynnst sem Wolf hershöfðingja. Einkaritari Marquardts, tröllsleg, góðlátleg en dugleg stúlka, sem gekk undir nafninu Feita Gréta, límdi bréfið á bert bakið á mér.

María Sjípóra, limamjúk, bjarteyg og skrautlega til fara, tók á móti mér á járnbrautarstöðinni í Berlín. Við ókum til Melanchtonstraße og fórum inn á veitingahús, en þar sagði María mér að bíða. Að skammri stundu liðinni kom hún aftur með stillilegan ungan mann, sem hún kynnti með nafninu Karl. Hann fylgdi mér á annað veitingahús, alllangt frá, og losaði bréfið af bakinu á mér í þvottaherberginu. Við borð nálægt dyrunum voru Wolf hershöfðingi og fólleitur maður með honum að drekka kaffi. Ég settist við borðið og laumaði bréfinu til Wolfs. Hann stakk því í vasann án þess að lesa það. „Neumann kemur bráðum til Hamborgar,“ sagði hann. Hann stóð þegar í stað upp og fór út ásamt fólleita manningnum. Eins og fyrr var mér sagt að bíða. Í fulla hálf klukkustund sátum við Karl og stöðum hvor á annan án þess að mæla orð. Hinar leyndardómsfullu ferðir Wolfs hershöfðingja og vinar hans voru mér talsvert undrunarefni. Hinn fólleita félagi hans þekkti ég síðar undir nafninu Fritz Heckert, og hafði hann á hendi stjórn á hraðboðakerfi Kominterns milli Berlínar og Moskvu árið 1923. Hann var kommúnisti með alþjóðasniði, ríkisþingmaður í mörg ár og lét lífið í Moskvu í hreinsuninni miklu. María Sjípóra beidd eftir mér á götunni. Hún hafði, að því er virtist, nóg peningaráð. Við ókum lengi í bíl fram og aftur um Berlín, snæddum síðan miðdegisverð á Café Bauer og þegar dimmt var orðið, bauð hún mér heim í íbúðina sína. Hún veitti mér aftur líkjör, var ákaflega ástleitinn, og hvíslaði þess á milli, hve unaðslegt og létt lífið gæti verið, ef maður hefði nóga peninga.

Í fyrstu þótti mér framferði hennar einkennilegt og síðan tók að vakna hjá mér sterkur grunur. „Hvað ætlar hún sér?“ spurði ég með sjálfum mér.

„Þú talar svo borgaralega,“ sagði ég við hana.

Hún hló letilega. „Mundir þú ekki gera það? Það er gaman að eignast peninga.“ Hún hélt áfram. „Ég er hundleið á allri þessari pólitísku endaleysu! Það er vonlaust



hvort eð er! Ef einhver kæmi til þín og segði: Hérna eru þúsund gullmörk ef þú gerir mér lítinn greiða, mundirðu þá gera það?“

„Gera hvað?“

„O — selja sumum mikilsverðar upplýsingar.“

„Hvaða sumum?“

Hún dró hnén upp að höku og læsti handleggjunum um þau.

„Hugo Stinnes til dæmis,“ sagði hún og dró seiminn. „Eða von Seeckt hershöfðingja. Því ekki það?“

Ég var agndofa í svipinn. Ég ýtti henni frá mér og hrifsaði kápu mína og hatt í snatri. Hugo Stinnes, iðjuhöldurinn, átti helminginn af námum, skipum og verksmiðjum Þýskalands. Von Seeckt var skapari og foringi Ríkisvarnarliðsins, sá sem í raun og veru hafði völdin að baki lýðveldisstjórnarinnar. María Sjípora hafði snúið við mér baki. Hún var að horfa á mig í spegli. Hún rak upp léttúðugan hlátur.

„Vertu kyrr,“ sagði hún. „Ég var að gera að gamni mínu.“

Ég tók fyrstu járnbrautarlest til Hamborgar og var sá einfeldningur að flýta mér til aðalstöðvanna til þess að finna Hugo Marx. Jörðin brann undir fótum mér. Eitthvað þurfti að taka til bragðs við Maríu Sjípora. Ég fann Hugo og skýrði honum frá, að ég hefði fundið svikara í flokknum.

Hugo Marx glotti. „Það er allt í lagi,“ sagði hann.

Það var ekkert gert. María Sjípora var enginn njósnari. Hún hafði prófað mig á sína vísu eftir skipun frá Felix Neumann.

Næstu daga dvaldi Felix Neumann í Hamborg. Ég hitti hann heima hjá Eriku Zcypanski, en þar átti ég nú orðið hæli, þá sjaldan ég átti lausa stund. Hún hafði látið mig fá lykil að íbúð sinni. Mér var frjálst að lesa bækur hennar og borða hvern bita, sem ég fann í búrinu. Undireins og ég kom, benti Neumann henni að fara. Þegar við vorum orðnir einir, sýndi hann mér fjölritað umburðarbréf. Fyrirsögn þess var: „Drepið njósnara og æsingamenn.“

„Ertu samþykkur því?“ spurði hann.

Hiklaust svaraði ég: „Auðvitað.“

„Við ætlum að fela þér mikilvæg störf,“ sagði hann. Hann dró pappírsörk upp úr vasanum og lagði hana á borðið. Síðan fékk hann mér blýant. „Skrifaðu undir þetta.“

Á blaðið voru vélrituð eftirfarandi orð: „Ég játa hér með á mig þátttöku mína í að ræna veðmálabankann í Bahnhofstraße, Brimum.“

Neumann sá að ég varð forviða. „Til málamynda,“ sagði hann.

„En ég hef ekki einu sinni heyrt getið um þetta rán,“ svaraði ég.

„Alveg sama, allir sem taka að sér starf í T-sveitunum verða að skrifa undir slíka yfirlýsingu. Það er, eins og ég sagði, til málamynda. Við verðum að geta treyst okkar mönnum. Skrifðu undir!“ Hann hjó orðunum út úr sér.

Ég hélt að Felix Neumann væri genginn af göflunum. Ég sá ekki að slíkt gæti haft neinn tilgang. Ég neitaði að skrifa undir.

„Ágætt,“ sagði hann. „Við höfum ekkert saman við þig að sælda lengur. Okkur hefur skjátlást.“ Gráu augum dofnuðu í nábleiku andlitinu.

Ég skundaði til skrifstofu Alberts Walters. Hann hafði leigt sér fjögurra hæða hús nálægt höfninni og höfðu nú hafnarsveitir hans bækistöð þar. Allt iðaði þar af framtakssemi. Ég sagði Walter frá tilmælum Neumanns og bað hann um að finna leið til að losa mig undan sendiboðastörfunum og setja mig aftur í vinnu við sjóinn, þar sem mér fannst ég eiga heima.

Albert Walter gaf skapi sínu lausan tauminn.

„Þessi Neumann er bölvæður grasasni,“ sagði hann hamslaus. „Segðu honum að fara til fjandans. Nei, bíddu, ég skal segja honum það.“ Hann hélt áfram að ryðja bölbænum yfir „öll litlu Tsjekistapeðin í Berlín“.

Þegar hann róaðist, skrifaði hann Otto Marquardt stuttan pistil: „Segðu þessum andskotans Neumann að láta mennina mína í friði.“ Hann sneri sér að mér að lokum: „Farðu með þetta til Marquards. Hann er skynsamur maður.“

Felix Neumann var ekki seinn á sér að kæra Albert Walter fyrir að neita að gefa mig lausan til þjónustu í T-sveitum Wolfs hershöfðingja. En Walter vissi vel, hve mikils trausts hann naut í Kreml. Hann skrifaði til Moskvu og talaði um Neumann sem „vitfirring“ í bréfinu. Og Moskvumenn voru á bandi Walters, því að þessi þrekvaxni gamli sjómaður var færasti maður, sem þeir áttu til þess að stjórna útbreiðslustarfseminni meðal sjómanna. Ég vissi ekki þá, hve heppinn ég var að snúa aftur til Rauðu sjóliðanna í staðinn fyrir að ánetjast Maríu Sjípóra, Neumann og þeirra klíku. Því að hinn skuggalegi Neumann, sem hugsaði og talaði ekki um annað en morð, var skyndilega tekinn höndum. Til þess að bjarga sjálfum sér, sveik hann allt foringjalið T-sveitanna — Tsjekunnar þýsku — í hendur ríkislögreglunnar. Nokkrum mánuðum síðar var Wolf hershöfðingi sjálfur handtekinn og sakaður um morð.

Ráðstjórnin hafði sent Wolf til Þýskalands til þess að skipuleggja rauðu hundraðsliðin og T-sveitirnar, og komst hann þangað með falsað norskt vegabréf. Hann hafði þrjár einkaíbúðir í Berlín, eina í Dresden, eina í Hamborg og eina í húsi sendisveitar ráðstjórnarinnar í Berlín. Í Hamborg kallaði hann sig Hermann, í Berlín Helmuth eða Wolf, í Dresden Goresoski, í ráðstjórnarhernum Gorev, og þegar hann var tekinn fastur, kvaðst hann heita Peter Alexander Skoblevski, og undir því nafni vann hann afrek sín.

Felix Neumann gekk í þjónustu Skoblevskis sem milligöngumaður milli yfirherstjórnar flokksins og sendisveitar ráðstjórnarinnar í Berlín. Einu sinni tók hann út 35.000 dali í amerískum gjaldmiðli eftir ávísun Skoblevskis, öðru sinni 50.000 dali fyrir reikning „mannsins frá Túrkestan“. Þessum upphæðum var eytt í vopn og áróður.

Felix Neumann var gerður að foringja T-sveitanna. Skoblevski fékk Neumann 5.000 dali til þess að safna nýjum félögum í þessa neðanjarðardeild og hefja framkvæmdir.

Byltingarráðið krafðist þess að von Seeckt hershöfðingi, leiðtogi Ríkisvarnarliðsins, væri myrtur, áður en uppreisnin yrði hafin. Þeir vonuðu að það mundi koma af stað upplausn í hernum og æsa hugi byltingarmanna til hins ítrasta. Zínovjev, sjálfur forseti Kominterns, sagði í ávarpi, er hann gaf út: „Von Seeckt hershöfðingi er Koltsjak Þýskalands, versta hættan, sem verkamennirnir eiga við að stríða,“ en Adolf Hitler, sem var þá að undirbúa uppþot sitt í München, kallaði hann „hlægilegan smáborgara“.

Felix Neumann lét strax setja vörð um hermálaráðuneytið til þess að afla upplýsinga um venjur og lifnaðarhætti von Seeckts. Hann hringdi einnig til aðstoðarmanns hershöfðingjans, kvaddst hafa frönsk hernaðarleyndarmál til sölu og bað um einkasamtal. Neumann ráðgerði að láta myrða von Seeckt á skrifstofu hans. En yfirmaður Ríkisvarnarliðsins beit ekki á agnið.

Umboðsmenn Skoblevskis höfðu komist að því, að hershöfðinginn reið út á hverjum morgni í Tiergarten í Berlín. Neumann keypti myndablaðið *Berliner Illustrierte*, með mynd af von Seeckt, í fjölda eintaka. Hann lét klippa myndirnar út og dreifa þeim meðal T-sveitanna í Berlín. Í þrjá daga eltu GPÚ-menn á hestbaki hershöfðingjann á morgunreið hans, en aðrir tilræðismenn lágu í leyni á bak við trén í garðinum. En von Seeckt hafði ávallt, er hann reið út, fjölmenna fylgd foringja úr ríkisvarnarliðinu, og voru þeir allir með alvæpni. Þá fól Neumann seytnán ára gamalli stúlku, Annie Gerber, sem var frilla tsjekista nokkurs, að tæla einhvern af hestasveinum hershöfðingjans til lags við sig. Ætlunin var að láta tsjekista fela sig á landareigninni og láta hann skjóta von Seeckt á hestbaki áður en fylgdarmenn hans slægst í för með honum. Stúlkan var hrædd og Felix Neumann hótaði að láta drepa hana, ef hún hlýddi ekki. Annie tókst að finna elskhuga meðal manna hershöfðingjans, en að því er virðist, felldi hún sjálf ást til mannsins. Von Seeckt var gert viðvart um hættuna og hætti við útreiðarnar. Og Skoblevski ákvað að láta myrða Annie Gerber.

Það sló í hart milli Neumanns og Skoblevskis, næst þegar fundum þeirra bar saman. Felix Neumann var hræddur um að sér yrði vikið frá fyrir ódugnað. Það merkti sama og að vera drepinn. Hann játaði síðar fyrir rétti þýska lýðveldisins, að hann hefði ekki þóst óhultur um líf sitt. GPÚ leyfir aldrei þeim, sem vita of mörg leyndarmál, að láta af störfum. Samtalinu lauk með skipun frá Skoblevski: „Von Seeckt verður að deyja innan þriggja daga.“

Síðasta tilraunin var gerð í desember 1923. Von Seeckt hafði farið til Weimar, en þegar hann kom aftur til Berlínar, biðu GPÚ-mennirnir hans á Anhalt-stöðinni, og var Neumann meðal þeirra. Allir voru þeir vopnaðir nýjum Ortgies skammbyssum.

Von Seeckt grunaði, að allt væri ekki með felldu. Hann beið í lestinni eftir fylgdarmönnum sínum. Þeir og lögreglulið stöðvarinnar umkringdu hann, meðan hann skundaði gegnum stöðina til bifreiðarinnar frá hermálaráðuneytinu. Eftir ósigur þann, sem kommúnistar biðu skömmu eftir þetta, gaf Karl Radek fyrir-

skipun með milligöngu Brandlers um það, að allar fyrirætlanir um að myrða von Seeckt yrðu látnar falla niður.

Aðrir meiri háttar menn, sem Skoblevski hafði kveðið upp dauðadóm yfir, voru Hugo Stinnes, auðugasti maður Þýskalands, og Borsig leyndarráð, forseti þýska stálhringsins. Neumann var einnig falið að koma þeim fyrir kattarnef, og stakk Skoblevski upp á því, að þeim yrði gefið eitthvað banvænt inn. Með einhverjum leyndardómsfullum hætti komst hann yfir glös með taugaveikis- og kólerusýklum og fékk Neumann þau til vörslu. Neumann fékk sér kanínur og tók að gera tilraunir með sýklana. Tilraunirnar til að drepa Stinnes og Borsig voru látnar falla niður. En lögreglan fann glösin síðar, og urðu þau meðal aðalsönnunargagna í Tsjeku-málaferlunum í Leipzig.

Langvinn viðleitni til þess að bana merkum mönnum varð ekki til þess, að T-sveitimar gleymdu aðalverkefni sínu — að þagga niður í lögreglunjósnurum innan félagsskapar kommúnista. Meðal þeirra, sem drepnir voru, var Wetzel nokkur, formaður í kommúnistasambandi vefnaðarverkamanna, Schlotter, yfirlögregluþjónn, sem stjórnaði baráttunni gegn kommúnistum í Suður-Þýskalandi, og fleiri. En það, sem reið Skoblevski og leynifylkingu hans að fullu, var morðið á Rausch nokkrum í Berlín. Rausch var félagi flokksins, en um leið leynilegur fulltrúi stjórn-málalögreglunnar í Berlín og hafði samband við hreyfingu Hitlers.

Grunur féll fyrst á Rausch fyrir árvekni Hugos Marx í Hamborg. Um miðjan október stöðvuðu fasistaflokkar flutningabíl hlaðinn rifflum og handspregjum, sem var á leið frá Stettin til Brima, á þjóðveginum milli Lýbíku og Hamborgar. Tveir þýskir aðstoðarmenn Skoblevskis, sem gættu vopnafarmsins, voru drepnir. Enginn nema njósnari í flokki Skoblevskis sjálfs gat hafa ljóstrað upp þessum flutningi á byssum og sprengjum við Feme, félagsskap þjóðernissinna. Hugo Marx var falið að rannsaka málið, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að Rausch gæti verið uppljóstrarinn. „Því meira sem menn, er starfa að samsærum, tala um ofbeldi og blóðsúthellingar,“ sagði Marx, „því líklegra er, að þeir séu á mála hjá lögreglunni.“ Grunsemdir Hugos Marx fengu brátt staðfestingu. Lögreglan gerði húsrannsókn í tveimur vopnabúrum kommúnista í kjöllurum í Berlín. Innrás var sömuleiðis gerð í sprengjuverksmiðju, sem einnig var komið fyrir í kjallara í Berlín. Liðsmenn T-sveitanna, sem sneru aftur til Berlínar, eftir að þeir höfðu gert sprengjutilræði við nokkrar stjórnarbyggingar í Hannover, voru teknir fastir á járnbrautarstöðinni. Þessar handtökur og lögreglurannsóknir voru raktar til Rauschs, og Felix Neumann var skipað að ráða hann af dögum.

Þrjár tilraunir voru gerðar, sú fyrsta með aðstoð stúlku úr hópi Maríu Sjípora, önnur í salerni vændiskvennahúss, þar sem Neumann hafði komið fyrir tsjekistum með rakhnífa í höndum, og sú þriðja á heimili Rauschs sjálfs. Felix Neumann tæmdi sjálfur skammbyssu sína í kviðinn á Rausch og hvæsti: „Taktu við þessu, svikari!“

Felix Neumann var svo mikið niðri fyrir, að hann gleymdi að fylgja ráðum þeim,

sem hann hafði gefið mér nokkrum vikum fyrr. Hann notaði ekki rakhníf til þess að skera fórnardýr sitt á háls. Rausch var enn með lífsmarki, þegar honum var ekið í skyndi til St. Lazarus-spítalans í Berlín.

Í réttarbókunum í Leipzig stendur, þegar Skoblevski heyrði, að Rausch væri ekki látinn, að þá hafi hann hreytt út úr sér: „Svona á ekki að fara að því. Maðurinn verður að deyja.“

Rausch andaðist. Felix Neumann féll í hendur lögreglunnar. Að vörmu spori fór GPÚ á kreik og reyndi að múta fangelsislækni til þess að skipa fyrir um flutning Neumanns til geðveikrahælis, en árangurslaust. Stjórn mála lögreglan kúgaði Felix Neumann til sagna.

Skoblevski og fjórtán aðrir tsjekistar voru teknir höndum, sakaðir um landráð og morð.

Flestir hinna handteknu tsjekista gáfu upp alla mótspyrnu, þegar lögreglan hafði þjarmað að þeim í eitt ár. En Skoblevski sjálfur játaði aldrei neitt. Hann hélt því til streitu, að hann væri rússneskur stúdent, sem hefði orðið innlyksa í Þýskalandi, að handtaka hans væri misskilningur, að hann hefði aldrei áður litið neinn hinna fangelsuðu manna augum. Málsrannsóknin fyrir hæstaréttinum í Leipzig stóð í níu vikur. Felix Neumann, Skoblevski og einn tsjekisti voru dæmdir til lífláts. Hinir hlutu langar fangelsisvistir. Milli réttarfunda var gerð tilraun til að myrða svikarann Felix Neumann í fangelsinu. Hann var sleginn í höfuðið, en slapp ómeiddur.

Áður en réttarhöldin í Leipzig hófust, hóf Felíks Dzerzhínskíj, æðsti foringi GPÚ í Rússlandi, þögula sókn til þess að leysa Skoblevski úr haldi. Fyrir verkfæri valdi Dzerzhínskíj sér tuttugu og eins árs gamlan pilt, hinn ófyrirleitna Heinz Neumann, sem var sonur auðugs komvörukaupmanns í Berlín. Heinz Neumann, sem varð síðar ríkisþingmaður og var einn af best gefnu fulltrúum Kominterns, var á árinu 1923 nokkurs konar milliliður milli Kominterns í Moskvu og þýska kommúnistaflokksins. Það var sá sami Heinz Neumann, sem birtist árum síðar sem einkavinur Stalíns og vann sér viðurnefnið „slátrarin frá Kanton“ í borgarastyrjöldinni í Kína.

Heinz Neumann bauð þremur ungum Þjóðverjum, sem höfðu farið til Moskvu árið 1923 á vegum flokksstjórnarinnar í Berlín, til drykkjuveislu. Hjá einum hinna þriggja, dr. Karl Kindermann, varð vart við kynvillutilhneigingar. Þetta, og einhverjar aðfinnslur um ástandið í Ráðstjórnarríkjunum, gerði Heinz Neumann sér að átyllu til þess að kæra þessa þrjá fyrir GPÚ. Þeir voru teknir fastir, og var þeim gefið að sök, að leynilegur félagsskapur fasista, sem nefndist „Consul“, hefði sent þá til Rússlands til þess að myrða ýmsa helstu menn ráðstjórnarinnar. Mánuðum saman sátu Þjóðverjarnir þrír í Lúbjanka-fangelsinu í Moskvu, og þýsku blöðin gerðu mikið veður út af málinu og kröfðust þess, að þeir yrðu látnir lausir.

Þegar hér var komið málum, hóf GPÚ leynilegar samningaumleitanir við þýska dómsmálaráðuneytið og bauðst til að skipta á þýsku föngunum og Skoblevski. Þýska stjórnin neitaði. Skoblevski hafði verið dæmdur til lífláts. GPÚ svaraði með

Því að leiða Þjóðverjana þrjá fyrir ædsta herrétt í Moskvu. Það var hið fyrsta hinna svokölluðu sýndarréttarhalda. Karl Kindermann stóð upp og ákærði GPÚ í réttinum. Kindermann sagði að Felíks Dzerzhínskij sjálfur hefði reynt að semja við sig um að játa. Annar hinna ákærðu, von Ditmar stúdent, fór að dæmi Kindermanns. Sá þriðji, Wolscht að nafni, hafði látið kúgast í fangelsinu og gert samkomulag við GPÚ. Hann hafði gerst félagi bolsévíkaflokksins meðan hann var í haldi, og við réttarhöldin lauk hann lofsorði á stefnu ráðstjórnarinnar og játaði sakir á sig og féлага sína. Dómurinn féll á þá leið, að þeir skyldu skotnir sem njósningar.

Enn neitaði þýska stjórnin að hafa skipti á Skoblevski. Þá lét GPÚ taka höndum allmarga þýska starfsmenn ræðisskrifstofa og konur þeirra og sakaði þá um samsæri gegn ráðstjórninni. Um sama leyti voru samningaumleitarnir um að gefa Skoblevski lausan hafnar á ný.

Skoblevski var ekki líflátinn. Í september 1926 voru höfð skipti á honum og ellefu þýskum föngum í Rússlandi. Karl Kindermann og von Ditmar voru látnir lausir. Wolscht, sem hafði játað, dó samkvæmt tilkynningu ráðstjórnarinnar í Lúbjanka-fangelsinu. Að því er snerti lágt settu tsjekistana, sem höfðu verið dæmdir í Leipzig, lét flokkurinn sig engu skipta örlög þeirra.

Þessum kafla fylgir eftirmáli. Árið 1937 bað Streckenbach, sem var forstjóri utanríkisdeildar leynilögreglu nasista, mig um upplýsingar um Skoblevski. Þá komst ég að því, að Skoblevski var undir nafninu Gorev orðinn hernaðarráðunautur lýðveldisherjanna á Spáni.

„Má ég fá að sjá mynd af þessum Gorev-Skoblevski?“ spurði ég.

„Hún er ekki til,“ var svarið, „öllum lögregluskjölum um hann var stolið árið 1927.“

Skoblevski hershöfðingi þurfti aldrei að svara til saka fyrir þær þúsundir mannslífa, sem fórnad var í glæfraleghum uppbotum, er hann skipulagði í Þýskalandi á árinu 1923. 16. október þess árs fékk Otto Marquardt mér í höndur stjórn tuttugu manna flokks Rauðu sjóliðanna. Sex þeirra höfðu að vopni gamlar rússneskar hermannybyssur, fimm höfðu nýjar sjálfvirkar skammybyssur af belgískri gerð, fjórir höfðu ýmiss konar gamlar skammybyssur, og hinir höfðu hnífa og kylfur. Við áttum sex handsprengjur úr heimsstyrjöldinni, nýhlaðnar. Elsti maðurinn í sveitinni var tuttugu og sex ára, sá næsti tuttugu og þriggja, en sá yngsti, þrekinn lærlingur hjá logsuðusmið, sextán ára. Hinn 19. október fór ég með sveit mína upp í járnbrautarlest, sem var á leið til Brima. Við fórum úr lestinni í Buchholz og héldum heræfingar í skógi þar nálægt. Síðan fórum við gangandi til Hamborgar fram með járnbrautarteinunum og gættum vel að staðháttum til beggja handa. 21. október keypti hver maður sér einn lítra af steinolíu í því skyni að kveikja í húsum, götuvirkjum eða lögreglubifreiðum, ef þörf krefði. Sama dag fékk Hugo Marx mér nákvæmt kort af lögreglustöðinni í Eimsbüttel við Hamborg, og ég fór með fimm af félögum mínum til Eimsbüttel til þess að kynnast legu stöðvarinnar af eigin reynd. Ég tók þetta starf jafnalvarlega og einhver ungur skipstjóri, sem er

að reikna út fyrstu stefnu fyrsta skipsins, sem hann stjórnar. Við hugsuðum ekki um okkur sjálfa; við hugsuðum um skyldur okkar við að undirbúa hina miklu sókn inn í fullkomnari framtíð.

Vikum saman var tvísýnt um ákvörðun Moskvumanna um allsherjaruppreisn. Hver sendiboðinn á fætur öðrum kom frá Moskvu til Berlínar með skilaboð á skilaboð ofan. Moskvumenn fyrirskipuðu byltingu, tóku skipunina aftur, endurnýjuðu hana. Í Berlín var miðstjórn flokksins með Karl Radek í broddi fylkingar óákveðin. Leiðtogar okkar voru á kafi í innanflokksdeilum, ruglaðir af mótsagna-kenndum fyrirskipunum frá Kreml, en sendimenn flokksins biðu þess að flytja rauðu hundraðsveitunum úti um land boð um að taka til óspilltra málanna.

Þegar flokkur jafnaðarmanna neitaði að taka þátt í hinni fyrirhuguðu kommúnistauppreisn, varð Ernst Thälmann frá sér af bræði og sendi hraðboðana af stað með skipun um að hefja uppreisnina þegar í stað. Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti á hina stjórnarmennina. Þeir stukku úr sætum sínum og horfðu vandræðalega hver á annan. Brandler var fyrstur að ná sér. Hann sendi menn sína út til þess að stöðva skilaboðin. En hraðboðinn til Hamborgar var þegar lagður af stað. Sendimaður Brandlers skundaði til járnbrautarstöðvarinnar.

„Of seint,“ var honum sagt. „Lestin er farin.“

Stundarkorn starði maðurinn á rauðu afturhjólin á Hamborgarlestinni. Síðan fór hann heim.

# Sektarlömb á götuvirkjunum

Í OKTÓBER 1923 var dagkaup verkamanns í hafnarkvíum Hamborgar seytján milljarðar marka. Kvöldið 22. október var öllum sveitarstjórum í Hamborg stefnt til húss eins við Valentinskamp. Hérumbil sextíu manns voru viðstaddir, en það fól í sér, að vopnaður liðsstyrkur okkar á svæðinu væri um 1200 manns. Otto Marquardt var viðstaddur ásamt tveimur ungum rússneskum liðsforingjum. En enginn þeirra lagði neitt til málanna. Aðstoðarmenn Ernsts Thälmanns gáfu síðustu fyrirskipanir sínar. Enginn lét í ljós hrifningu. Andi þögullar undirgefni við örlögin hvíldi yfir fundinum. Loftið var þykkt af reyk. Andlit varðanna við dyrnar voru tekin og fól. En við vorum á eitt sáttir um að sigra eða láta lífið fyrir byltinguna. Fundinum lauk með niðurbældum hrópum: „Fram! Lengi lifi Sovét-Þýskaland!“

Þegar ég kom út af fundinum, sendi ég hraðboða minn, sem beið eftir mér, til að kalla saman menn sveitar minnar og skipa þeim að mæta á ákveðnum stað í útborginni Harburg, við járnbrautarlínuna milli Brima og Hamborgar, klukkan 12.30. Sjálfur fór ég með lestinni til Harburg, sem var um tuttugu mínútna ferð. Það var dimmt af nóttu og hvasst, en ekki kalt. Félagsskapurinn í Harburg hafði safnað saman fjölda stolinna reiðhjóla í tómrí vörugemyslu skammt frá járnbrautarstöðinni. Félagar höfðu komið sér fyrir á götuhornum til þess að hafa gætur á lögreglunni. Ég fékk mér reiðhjól. Þegar ég var kominn út á þjóðveginn, slökkti ég ljósið og hjólaði fram með járnbrautinni, þar til ég grillti í þyrpingu af lágum geymsluskýlum í náttmyrkrinu. Nokkur ljósker vörpuðu smáhringjum af gulleitu ljósi á jörðina. Á hliðarteinunum stóðu nokkrir tómir járnbrautarvagnar. Þetta var samkomustaður okkar.

Í skuggum vagnanna húkti hópur kommúnista úr nágrenninu. Enginn þeirra hafði skotvopn. Um miðnætti voru sextán menn úr sveit minni mættir. Hálf tíma síðar komu tveir úr annarri sveit, sem höfðu villst. Þeir voru báðir með belgískar skammbyssur. Klukkan 12.45 sagði ég: „Við skulum halda af stað.“

Við umkringdum geymsluhúsin og afvopnuðum næturverðina, tvo roska menn. Við lokuðum þá inni í verkfæraskýli. Löng flutningalest fór framhjá, og við lögðumst niður á meðan. Síðan gekk hver maður til þess starfs, sem honum hafði verið falið að vinna. Glópalán var með okkur í ríkum mæli. Tveir menn skáru á símalínurnar. Fjórir tóku að fella tré, sem stóðu nálægt, með sögum og öxi úr verkfæraskúrnum. Annar hópur vann að því að setja teina og þverbjálka járnbrautarlínunnar úr skordum. Enn aðrir ýttu járnbrautarvagni inn á aðalteinana, sem lágu til Hamborgar. Trjám, timbri, rusli og grjóti var hrúgað á teinana. Tilgang-



urinn var að koma í veg fyrir, að lögregla og herlið kæmist óhindrað til Hamborgar, þegar yfirvöldin hefðu kallað á hjálp. Einn einasti lögregluþjónn, sem flónskaðist inn í miðjan hópinn, var samstundis afvopnaður.

Yfir borginni hvíldi kyrrð, er á leið nóttina. Við söfnuðumst saman í litlum lystigarði. Tveir hraðboðar komu með rifflana okkar sex, sem höfðu verið vandlega geymdir. Við vorum nú tuttugu og sjö að tölu, að meðtöldum tveimur stúlkum, sem höfðu í fórum sínum joð, sárabindi, skæri og kylfur. Enginn mælti orð frá vörum umfram það allranauðsynlegasta. Hlutverk okkar var að ráðast á lögreglustöðina í Eimsbüttel.

Við héldum af stað í tveimur röðum og gekk hvor þeirra sín megin götunnar í skjóli húsanna. Ég hringdi til lögreglustöðvarinnar úr símaklefa fyrir almenning.

„Komið þið fljótt,“ sagði ég í símann. „Hér eru þrír innbrotspjófar í leðurvörverslun.“ Ég sagði götunafn í hinum enda útborgarinnar. Var þetta gert til þess að lokka nokkurn hluta lögregluliðsins burt af stöðinni.

Ég skipaði sveit minni að nema staðar skammt frá lögreglustöðinni. Eins og svipir hurfum við inn í útidyr húsa. Ég sendi unglingspilt á undan inn á stöðina. Hann átti að biðja varðstjórnann um að hringja í lækni — vegna erfiðrar barnsfæðingar í nágreininu. Ungi félaginn kom von bráðar aftur og kvað fimm lögregluþjóna vera á varðstofunni, þrír þeirra hefðu hengt skammbyssubelti sín upp á króka á veggnum og væru að spila á spil. Mig langaði til að hefja árásina þá þegar, en ég sat á mér.

Merki um að hefja uppþotið var gefið með því, að þriggja manna hópar hlupu eftir götunni og mölvuðu götuljósinn. Ég hafði það á tilfinningunni, að hörund mitt væri að skorpa saman og hrynja af mér, þegar ég setti tvo fingur í munninn og blístraði.

Við hófum sókn úr tveimur áttum. Á því augabragði óskaði ég þess, að ég væri kominn langt burtu, út í eitthvert skip á rúmsjó. Hinir sögðu mér síðar, að þeim hefði verið eins innanbrjósts. En engum þótti sæma að hörfa af vígvellinum. Við ruddumst í áttina til stöðvarbyggingarinnar, ráðnir í að drepa, áður en við yrðum drepnir sjálfir. Árásin kostaði blóðsúthellingar. Að baki mér skaut einhver, frárita af æsingi, af skammbyssu sinni út í loftið og orgaði. Það var viðvörðun til lögregluþjónanna. Gluggi var opnaður á gátt. Ljósið í stöðinni var slökkt. Byssuskotin glumdu við og þurrkuðu út alla hugsun.

Ég sá tvo féлага mína falla. Annar þeirra volaði snöggvast eins og rakki, sem hefur orðið fyrir bifreið. Undir veggjunum í litlum gangi, sem lá að varðstofunum, stóðu tveir lögregluþjónar. Hendur þeirra virtust spýta örvum eldglæringa. Rétt við dyrnar tók ungur hafnarverkamaður í bætttri, grárrí peysu, öryggistappann úr handsprengju. „Vikið þið frá,“ sagði hann hásum rómi. Síðan taldi hann, öskraði: „Tuttugu og einn — tuttugu ...“ Við hnipuðum okkur saman. Það drundi í handsprengjunni, og leiðin eftir ganginum lá opin. Við stukkum fram, með drunur sprengingarinnar enn í eyrum okkar.

Stöðin var full af reykt. Lögregluþjónn, sem lá á gólfinu, var enn að skjóta. Hafnarverkamaðurinn spyrnti í andlit hans, svo að það kramdist sundur. Hálsinn á öðrum lögregluþjóni hafði rifnað í tætlur öðru megin. Honum var að blæða til ólflis undir einu borðinu. Einhver kveikti á rafmagnsljósunum. Lögregluþjónarnir þrír, sem eftir voru, voru króaðir inni og stóðu með uppréttar hendur.

Hafnarverkamaðurinn lét ódslega: „Skjótið þá! Drepið allt morðingjahyskið!“ Ég kom í veg fyrir það. Flokksstjórnin hafði skipað okkur að taka fanga og hafa þá að gíslum. Við hlekkjuðum lögregluþjónana saman með handjárnnum þeirra sjálfra. Fyrir utan lögreglustöðina hrópaði mannfjöldinn á vopn. Fullorðnir menn og drengir komu aðvífandi úr öllum átum og með þeim nokkrar konur úr hjúkrunarliði kommúnista. Við fundum tylft af rifflum með nægum skotfærum og álíka margar skammbyssur. Þarna var líka nokkuð af hjúkrunargögnum og ein vélbyssu. Miðaldra verkamaður, sem hafði tekið þátt í heimsstyrjöldinni, steig fram úr hópnum, þegar ég spurði, hver kynni að fara með vélbyssu. Við komum byssunni fyrir á húsþaki, þar sem þrjár götur mættust.

Þegar hér var komið, tók önnur rauðliðasveit, sem í voru eldri menn, sér aðsetur á lögreglustöðinni. Við hinir rifum upp götusteina og hlóðum virki. Timbri, öskutunnum, gömlum húsgögnum var hlaðið þvert fyrir götuna. Hvellir af byssuskotum í fjarlægð bárust í gegnum náttmyrkrið. Bölvandi hraðboðar teymdu reiðhjól sín yfir torfærurnar. Á sömu klukkustund gerðu kommúnistasveitir árás á allt að tuttugu lögreglustöðvar í borgarhverfunum Hamm, Horn, Barmbeck og víðar.

Ég hef oft verið spurður: „Hvernig eru hugsanir og tilfinningar þúsund manna, sem ráðast í það að sigr borg með yfir milljón íbúum í einni lotu?“ Svarið er á þá leið, að í fyrstu æða þeir fram í einhvers konar óráði sjálfseyðingarinnar. Þeir trúu því ekki, að þeir muni vinna, en þeir mundu heldur kjósa dauðann en að játa þetta fyrir sjálfum sér. En þegar vel gengur í fyrstu, kemst meira jafnvægi á hugann og sjálfstraust þeirra verður afskaplegt. Það var hvorki ótti né hik í hugum okkar. Við hugsuðum ekki um okkur sjálfa. Við áttum ekki von á veraldlegum gróða. Við vorum ofstækismenn, fúsir til að fórna öllu og krefjast einskis okkur sjálfum til handa. Við fyrirlitum stigamennina, sem notuðu sér myrkríð og ringulreiðina til þess að hnupla og ræna í eiginhagsmunaskyni.

Flokkur slíkra ribbalda var nú í þann veginn að ræna allmargar sölubúðir, og kom til átaka milli þeirra og kommúnistasveitar. Varan í búðunum var nú eign verkalýðsins, gripdeildir voru því glæpur. Úr íbúð að baki einnar búðarinnar heyrðust nístandi neyðaróp. Þrír eða fjórir af mönnum mínum ruddu sér braut inn í íbúðina. Eftir nokkra stund sneru þeir aftur og sögðu svo frá: Tveir ránsmannanna höfðu komið að stúlku í rúminu. Annar þeirra hafði haldið stúlkunni á úlnliðunum, meðan hinn nauðgaði henni. Félagar mínir höfðu varpað báðum mönnum fram í búðina, sem nú var tóm.

„Þið gengið af þeim köldum, vona ég?“ sagði ég. Ég heyrði engin skot.

„Með byssustingjum,“ svaraði einn af félögunum.

Við sóttum fram, því að við máttum engan tíma missa. Það var enn dimmt, og það er hægt að koma mönnum að óvörum síðustu stundirnar fyrir dagrenningu. Við höldum í áttina til miðborgarinnar. Ég vissi, að aðrar fylkingar voru á sömu leið frá ýmsum stöðum í nágrenninu.

Þrátt fyrir þá, sem höfðu fallið eða særst, var sveit mín nú mannfleiri. Þyrpingar sjálfboðaliða fylgdu forustuliðinu eftir. Á mörgum götum var sægur af fólki. Flokksæsingamenn reyndu að draga fólkið út á götuna. Sérfræðingar Skoblevskis höfðu komið okkur í skilning um, að það væri mikilsvert að mannþröng væri á götunum, þegar barist væri. Ekkert getur vakið gremju íbúanna á við það, þegar lögreglan skýtur á vopnlausan mannfjölda. Á gatnamótum söfnuðu hópar flokksmanna saman steinolíubrúsum og hrúgum af gömlum tuskum. Hlutverk þeirra var að stöðva lögreglubifreiðirnar með því að kynda bál þvert yfir göturnar.

Um dögun fórum við að mæta mótspyrnu. Allmikið lið öryggislögreglu hafði búið um sig í kringum litla járnbrautarbrú, bak við nálæg tré og í húsum í nágrenninu. Það smell í byssum þeirra.

„Dreifid ykkur! Upp á þökin!“

Við þustum inn í húsin til beggja hliða. Hurðir moluðust undan byssuskeftum, og leigjendur á náttfötum og nærklæðum flýðu ofan í kjallarana. Menn hnipruðu sig saman í gluggum, á veggsvölum og húspökum. Eins og eftir samkomulagi beið kommúnistaliðið átekta og skaut ekki. Það var forleikur þess, sem ráðstjórnarfyrriliðarnir höfðu kennt okkur að kalla „flöskuháls-aðferðina“.

Lögreglan gekk ekki í gildruna. Vélbyssur hennar létu skotin ríða á hverju sem bærðist á götunni. Við reyndum að laumast nær óvinunum með því að sækja yfir þökin, en til þess að það tækist, skorti okkur kaðla og stiga. Nokkrir ófyrirleitnir kommúnistar, sem reyndu að klofa upp í gluggakistur til þess að miða betur, urðu brátt fyrir skotum. Einn þeirra veinaði, kastaði út höndunum og steypist niður á götuna af fimmtu hæð. Í anddyrinu lá lítið barn, dáið.

Frá þaki eins af leiguhúsunum heyrðist rödd gjalla. „Gefist ekki upp! Haldið út!“ hrópaði röddin. „Liðsauki er á leiðinni.“

Kommúnistar voru á leiðinni inn í Hamborg úr öllum nálægum héruðum. Síðan var blístrað hveltt tvisvar — merki um að hefja áhlaup. Úr kvistglugga, sem ég hafði tekið mér stöðu í, sá ég leyniskytturarnar hverfa af þökunum. Raddir hrópuðu: „Gerid áhlaup!“ Ég hljóp niður fjóra stiga og lenti í forstofu, sem var full af vopnuðum flokksmönnum. Hér um bil einn af hverjum fimm hafði ríffil, einn af fjórum skambyssu, og hinir voru með hamra og kylfur settar nöglum.

Merkið um áhlaup var gefið á ný.

Ég og nokkrir fleiri ruddust út á götuna. Samstundis rak hvinurinn af þjótandi byssukúlum okkur inn í húsið aftur. Gangstéttirnar voru þaktar föllnum og særðum mönnum. Gráir, eldspúandi hraukar voru á hreyfingu. Brynvagnar.

Okkur hafði verið kennt að berjast við brynvagna. Hér og þar var handsprengjum varpað út úr húsdryrum og neðstu gluggunum. Aðeins ein þeirra sprakk. Hinar voru

ónýtar. Brynvnagnarnir sóttu enn fram og sópuðu endilanga götuna með byssum sínum. Unglingspiltur með sína flöskuna í hvorri hendi þaut út úr húsi og hljóp að fremsta vagninum. Hann mölvaði báðar flöskurnar á vagninum og féll síðan niður örendur. Eldri maður, tötralega búinn, með stríða skeggstubba á andlitinu, steypti sér nú í áttina að brynvnagninum. Í sömu svipan og hann féll látinn, varpaði hann hrúgu af brennandi tuskum upp á bakið á gráa ferlíkinu. Þessum manni get ég aldrei gleymt. Hann var hjartnæmasta hetja uppþotsins í Hamborg. Brynvnagninn var hulinn eldi og reyk, og því hraðar sem hann ók, því hærra blossuðu logarnir. Við næsta götuhorn nam hann staðar. En hinir tveir héldu áfram með spúandi vélbyssur.

Nú var ég ásamt mörgum öðrum kominn út á götuna. Lögreglan gerði gagn-áhlaup í skjóli brynvnagnanna. Hún varð að nema staðar við lágan steingarð í enda götunnar. Úr glugga einum skaut leyniskytta á lögregluþjóna og borgara, sem reyndu að ryðja torfærunum úr vegi. Við létum undan síga og dreifðum okkur út í hliðargöturnar. Ég sá hvergi votta fyrir sveit minni, Rauðu sjóliðunum. Í kringum mig voru menn, sem ég hafði aldrei áður augum litið, skjótandi og æpandi. Og síðan hlupum við allir, hver sem betur gat. Hver maður virtist skyndilega verða var við þá yfirgnæfandi nauðsyn að bjarga lífi sjálfs sín. Það, sem hafist hafði sem einhuga sókn, var orðið að örvæntingarvörn.

Við Hamburgerstraße og Bornesveg í norðausturhluta borgarinnar heyrði ég ákafa skothríð og fann þar allmörg traustgerð virki. Þar var vörnin vel skipulögð. Mér létti, og ég spurðist frétta.

„Það hafa verið teknar fleiri lögreglustöðvar í Borgfelde- og Uhlenhorst-hverfunum,“ var svarið.

„Og höfnin?“

Höfnin var örugg.

„Það er verkfall um alla höfnina.“

Undir hádegi kom lögreglan með fallbyssur og sprengjukastara á vettvang. Við héldum undan skamman spöl, og þegar drunurnar og reykurinn hurfu, voru virkin okkar eyðilögð, og lögreglan sótti fram í kjölfar brynvnagna. Það varð hlé á skothríðinni. „Kastið vopnunum frá ykkur,“ hrópaði lögregluþjónn. „Upp með hendur!“

Hann var skotin á staðnum. Hópur kommúnista sótti fram á móti lögreglunni. Á undan sér ýttu þeir þremur lögregluþjónum, sem voru fangar. Þrátt fyrir það hóf lögreglan skothríð. Einn af föngunum féll samstundis. Hinir tveir hlupu í áttina til lögreglunnar. Kommúnisti hljóp út úr dyrunum, brá fæti fyrir annan þeirra og skaut hann í hnakkann.

Enn héldum við undan og börðumst um hvert hús. Um rökkur var ég staddur með tveimur félögum á þaki bifreiðastöðvar. Við reyndum að hefta framsókn lögregluflokks, sem var að skjóta úr gluggunum hinum megin götunnar. Framvörðum okkar hafði verið sundrað. Öllu liðinu hafði verið dreift.

Ég varð feginn, þegar dimma tók. Annar maðurinn á þakinu hjá mér varð fyrir skoti. Hinn stökk ofan á götuna og hljóp æpandi í fasið á lögreglunni. Ég renndi mér niður í húsagarðinn og gekk inn um bakdyrnar á næsta húsi. Það var veitingahús. Ég þaut í gegnum veitingastofuna og út á götu. Gatan var auð. Ég hljóp inn í annað hús og barði að dyrum á íbúð.

Hvíthærð kona með góðlegt, hrukkótt andlit opnaði dyrnar. Hún leit á skammbyssuna í hendi mér.

„Hvað viltu?“ spurði hún rólega.

„Lof mér að koma inn.“

„Þú ættir að þvo þér,“ sagði konan.

Ég gerði það. Hún gaf mér kaffi með brauði og smjöri. Föt mín voru gaudriffin. Hún gaf mér gamlan yfirfrakka.

„Taktu hann,“ sagði hún. „Ég er búin að geyma hann í átta ár, alla tíð frá því að maðurinn minn dó.“

Ég fór í frakkann. Hann var of lítill, en alveg heill, „Ég ætla að skilja vopnin eftir hérna,“ sagði ég.

„Já, skildu þau eftir,“ ansaði konan og bætti við: „Ég skal kasta þeim burtu undireins og ég get.“

„Hvað gerðist í dag inni í miðborginni?“

„Ég veit fátt um það. Vopnaðir flokkar reyndu að ræna eins og þeir gátu, meðan barist var í útborgunum.“

„Hefuðu séð blöðin?“

„Nei,“ sagði hún. „Nú verðurðu að fara.“

Ég fór út á götuna. Tilkynningar á húsveggjunum skipuðu öllum borgurum að vera horfnir af götunum klukkan ellefu. Helstu krossgötur voru varðar gaddavírsgirðingum, og lögregluþjónar með stálhjalma stóðu vörð við þær. Á mörgum stöðum stöðvuðu lögregluverðir mig og leituðu á mér.

„Látid mig vera í friði,“ sagði ég. „Ég er að koma frá vinnu. Ég þarf að komast heim.“

„Hvers vegna ertu með brunasár í andlitinu?“

„Það kom upp eldur í húsinu.“

„Jæja, farðu ekki vestur á bóginn,“ réði einn lögregluþjónninn mér. „Það er allt vitlaust í Barmbeck.“ Ég heyrði enn hvellina af ríffilskotum og þess á milli þyngri sprengingar. Ég fór að hugsa um, hvernig flokknunum gengi í Berlín, Saxlandi, Slésíu og annars staðar. Eins og félagar mínir þóttist ég þess fullviss, að Rauða liðið hefði gengið til orrustu um allt Þýskaland.

Ég reyndi að forðast lögregluverðina og hélt í vesturátt. Ég gekk tímunum saman. Í útjadhri öreigahverfisins mikla, Barmbeck, var gnýrinn af bardögum trylltari en nokkru sinni fyrr. Lögreglubifreiðar fullar af föngum skröltu framhjá. Fangarnir sátu í botnum bifreiðanna með uppréttar hendur. Lögreglan skaut úr

húsunum, úr brynvögnum, handan við sandpoka, sem var hlaðið upp á götunum. Ég gekk nær orrustusvæðinu og fór mér varlega.

Ég kallaði til manns sem hjólaði framhjá. Mér skjátlaðist ekki: Hann var hraðboði.

„Hvernig gengur?“

„Ill.“

Stjórn Ríkisvarnarliðsins hafði gert óhlýðni við yfirvöldin að dauðasök. Það var sagt, að þýski flotinn væri á leið til Hamborgar. Meira en níu hundruð kommúnistar höfðu verið teknir fastir í bardögnum. Lögreglan náði flestum stöðvum sínum aftur, eftir að uppreisnarmenn höfðu verið hraktir þaðan með gasi og tundur-sprengjum.

Ég átti eina hugsun: „Ef uppreisnin í öðrum landshlutum hefur mistekist, þá erum við hér í Hamborg glataðir.“ Fjöldinn, sem sat auðum höndum vegna verkfalla, mundi ekki leiðast til að fylla skörðin í fylkingum okkar. Framsveitir kommúnista börðust. Fjöldinn var hlutlaus. Gat það átt sér stað, að verkamennirnir vildu ekki byltingu? Ég sópaði efasemdunum frá mér. Framvarðasveit hafði girt fyrir götuna fyrir framan mig.

„Hvert ætlarðu?“

„Til Rauðu sjóliðanna.“

Varðmaður hélt vasaljósi upp að andlitinu á mér. „Haltu áfram,“ sagði hann.

Í öllu nágrenni Pestalozzi-götu voru herbúðir kommúnista. Á gangstéttunum var verið að raða mönnum upp í fylkingar og gefa þeim fyrirskipanir. Í fararbroddi fyrir nokkur hundruð mönnum, sem voru á þögullri göngu, sá ég Johnny Dettmer, vopnasmyglarann, sem fyrr er getið. Því sem næst allir mennirnir virtust vera vel vopnaðir. Á öðrum stað var verið að mynda flokka til árasa við höfnina. Sérstakar sveitir voru á leið til þess að gefa sig fram sem sjálfbóðaliða við lögregluna og komast þannig inn í herbúðir óvinanna. Það var kunnugt, að lögreglan var að mynda borgaralið, hjálparsveitir andkommúnískra borgara. Hver maður, sem ég sá, var að fara eitthvað eða gera eitthvað. Skarkalinn af vélbyssum og rifflum heyrðist aðeins nokkur hundruð metra í suðurátt. Hnappar manna sváfu í anddyrum. Við fyrstu sýn voru þeir til að sjá eins og hrúgur af líkum. Á götuhorni einu sá ég Hermann Fischer, foringja fyrstu hundraðssveitarinnar.

„Hvað get ég gert?“ spurði ég.

„Gert? Við skulum sjá. Rauðu sjóliðarnir eru komnir til Geesthacht. Farðu þangað í kvöld. Þið verðið fjögur hundruð saman. Þið eigið að taka dýnamítverksmiðjuna áður en nóttin er úti.“

„Geturðu útvegað mér byssu?“

Hermann Fischer hló. „Afvopnaðu lögregluþjón,“ sagði hann. „Þá færðu byssu.“

Við skipuðum okkur niður í fimm manna smáflokka, áður en við lögðum af stað til Geesthacht, sem er iðnaðarhverfi á hægri bakka Elfurfljóts. Tilhugsunin um að ná dýnamítverksmiðju á okkar vald fjörgaði jafnvel þá, sem voru svangastir og

þreyttastir. Við vorum óvopnaðir, vegna þess að leið okkar lá gegnum hverfi, sem voru í höndum herliðs og lögreglu.

Við komumst á ákvörðunarstaðinn heilir á húfi. Ein brúin yfir skipaskurð, sem liggur jafnhliða fljótinu, er kölluð Kornhaus-brúin, og þangað lögðum við leið okkar eftir krókaleiðum gamalla stræta. Við rákumst á tvo lögregluþjóna, sem stóðu á verði á litlu torgi fyrir framan kirkju. Þeir höfðu riffla, skammbyssur, byssustingi, gúmmíkylfur og voru með stálhjálma á höfði.

Það þarf þrjá menn til þess að afvopna lögregluþjón: Tveir halda höndunum, en sá þriðji sker á skammbyssubeltið hans með beittum hníf. Í skuggum hliðargötunnar biðum við, þangað til lögregluþjónarnir voru komnir fram hjá okkur. Síðan hremmdum við þá. Nú var flokkur okkar vopnaður. Við færðum lögregluþjónana úr einkennisbúningunum og sögðum þeim að hlaupa eða vera skotnir að öðrum kosti. Þeir hlupu. Einkennisbúningana tókum við með okkur.

Nokkru neðar var girt fyrir götuna með gaddavírslækju. Við héldum að það væri gildra og hlupum í skjól. Ekkert gerðist. Sá áræðnasti í hópi okkar, horgemlingslegur ketilsmiður, fór í könnunarför. Girðingin var óvarin. Hinum megin við hana hafði ljóslaus bifreið numið staðar, og karlmaður einn var að reyna að ryðja girðingunni úr vegi. Hrossahlátur ketilsmiðsins bergmálaði í aðri götunni.

„Komið þið,“ sagði hann. „Þetta eru gróðabrállarar.“ Við hinir flýttum okkur á staðinn. Farþegarnir í bifreiðinni voru feitlaginn miðaldra maður og ung kona í loðkápu. Ketilsmiðurinn stóð á milli þeirra og hélt traustataki í kraga karlmansins.

„Lítið þið á þessi gæðahjón,“ sagði hann. „Með bíl, loðkápu og allt sem til heyrir.“

Þetta sýndust okkur vera ósviknir fulltrúar auðvaldsins. Við létum karlmanninn fara úr frakkanum og buxunum. Konunni skipuðum við að fá okkur loðkápuna og skóna sína. Hún var róleg, en fylgdarmaður hennar skalf eins og lauf í vindi. Hann dró upp veski og bauðst til að kaupa buxurnar aftur.

„Allt í lagi,“ sagði ketilsmiðurinn. Hann tók veskið, þreif hrúgu af peningaseðlum, sem í því voru, reif þá í tvennt og kastaði þeim út í myrkið. „Þarna fóru peningarnir þínir,“ urraði hann. „Og hlauptu nú, annars hengjum við þig á ljósastaur.“

Konan gekk á tánum. Maðurinn elti hana og slagaði til beggja handa eins og hann væri drukkin. Við ýttum bifreiðinni inn í gaddavírslækjuna og veltum henni.

Við hreiðruðum um okkur á bátabryggju undir Kornhaus-brúnni. Innan skamms heyrðum við rólega skelli í vélbát, sem var á leiðinni upp skipaskurðinn. Hann lagðist upp að bryggjunni. Ungur kommúnisti í lögregluþjónsbúningi hélt skammbyssu sinni fast að hrygg formannsins á bátnum. Báturinn var um tólf metrar á lengd, með litlum klefa fyrir framan stýrishjólið. Við tróðum okkur inn í klefann. Þeir sem komust ekki fyrir þar, lögðust niður í botn bátsins. Þannig lagði báturinn leið sína út úr skurðinum og upp hið breiða fljót, og sáust aðeins

einkennisbúni félaginn og maðurinn við stýrið frá bökkunum. Það voru tæplega tuttugu menn á bátnum.

Um klukkan fjögur um morguninn gengum við í land á grösugum bakka nálægt Geesthacht. Við hnipruðum okkur saman á jörðunni og biðum, meðan ketil-smiðurinn fór af stað til að grennslast eftir, hvar flokkarnir ættu að mætast.

Þögnin ætlaði að kæfa okkur. Við vorum komnir of fjarri Hamborg til þess að heyra skothvellina. Von bráðar komu tvær stúlkur á staðinn, hjúpaðar klútum upp að eyrum.

„Þessa leið, félagar,“ hvísluðu þær.

Þær fóru með okkur í auða verksmiðjubyggingu. Gluggarnir voru þaktir poka-striga. Menn með alvæpni stóðu á verði bak við virkisgarð úr tómum olíubrúsum og mold. Nokkrar stúlkur og konur voru að sjóða mat á olíuvélum. Allir aðkomumenn fengu baunir og te í blikkskálum. Margir voru svo þreyttir, að þeir gátu ekki neytt matar og sofnuðu með skeiðarnar í höndunum. Dimmu, eyðilegu salirnir í verksmiðjunni úðu og grúðu af fólki. Enginn talaði, nema það allra nauðsynlegasta. Vinnuflokkar með haka og skóflur komu og fóru. Það var verið að grafa skotgrafir meðfram þjóðveginum til Hamborgar.

Dagurinn rann dapur og grár. Við röðuðum okkur upp fyrir utan verksmiðjuna og hlustuðum á síðustu fyrirskipanir deildarstjórnanna. Það sem okkur var falið á hendur var nógu einfalt, að taka lögreglustöðina, skotfæragemyzluna og dýnamít-verksmiðjuna, fá verkamönnunum í Geesthacht vopn í hendur og sækja fram til Hamborgar á ný. Síðasta áminningin var: „Látið enga særða menn falla í hendur lögreglunnar! Fram til sigurs!“

Í morgunneþjunni hófst áhlaupið. Skotgrafirnar yfir þjóðbrautirnar voru vel mannaðar til þess að koma í veg fyrir, að lögregla eða herlið frá Hamborg gætu rofið línurnar. Við sóttum fram í fjórum fylkingum og hafði hver sitt mikilvæga hlutverk. Mér var skipað í flokk þann er átti að ráðast á dýnamítverksmiðjuna. Þó að ég væri uppgefinn, gerði ég skyldu mína sem góður liðsmaður byltingarinnar.

Smærri árásarflokkar sóttu fram á undan til þess að rjúfa samgöngulínur and-stæðinganna og prófa styrk stöðva þeirra í helstu byggingunum. Við höfðum ráðgert að gera óvænta árás, en það voru móttökurnar, sem komu okkur á óvart. Vörnir var grimmileg. Brátt gullu riffilskotin úr gluggum verkamannabústaða og af þökum hinnar víðáttumiklu verksmiðju. Við unnum hægt á og sóttum fram gegnum húsagarðana og litlu íbúðarhúsin, sem stóðu í útjaðri verksmiðjusvæðisins. Brynvagn var stöðvaður með tveimur handsprengjum. Um það bil, sem við stóðum andspænis verksmiðjuhliðunum, var helmingur okkar manna fallinn fyrir skot-hríðinni.

Dagurinn varð að martröð. Ég sá stúlku úr hjúkrunarliði kommúnista, sem hafði fylgt okkur til þess að hirða um þá særðu. Kúla hafði holrifid munn hennar og kjálka, og hún snökti enn. Við tókum ekki dýnamítverksmiðjuna. Við urðum að



hopa undan til skotgrafanna, sem lágu fram með kambinum á lágum hæðadrögum, og þar vörðumst við, þar til áliðið var dags.

Flugvélar drundu yfir höfðum okkar, köstuðu fyrst flugmiðum og létu síðan fjúka úr vélbyssum. „Gefist upp,“ stóð á flugmiðunum. „Viðnám er tilgangslaust.“ Það vissi ég, og það vissi annar hver maður í skotgröfinni. En okkur datt ekki í hug að gefast upp. Við ætluðum að berjast, þangað til við lægjum dauðir. Fallbyssurnar þrumuðu og köstuðu dyngjum af mold og grjóti yfir okkur. Og síðan kom nýr ægilegur hávaði: hljómmiklir skellir í þungum vélbyssum. Það heyrðust skelfingar-óp.

„Flotinn! Flotinn!“

Við höfðum trúað á, að byltingarhugur flotans væri arfgengur. Við höfðum vonað, að áróðursmenn myndu koma af stað uppreisn í flotanum, þegar honum yrði skipað að skjóta á verkamenn. Okkur skjátlaðist. Við sáum mennina í bláu ein-kennisbúningunum hlaupa, kasta sér til jarðar, standa upp og hlaupa á ný. Það voru sjómenn af tundurspilladeild, sem hafði siglt upp fljótið snemma um morguninn.

Einn og einn kommúnisti kastaði frá sér byssunni og hljóp. Fleiri fylgdu dæmi þeirra, og loks lögðum við allir niður vopnin og hlupum. Við hlupum í allar áttir eins og hérar fyrir veiðimönnum. Sjómennirnir hrópuðu húrra og gerðu áhlaup með byssustingjum.

Flýjandi kommúnistar spurðu hver annan: „Hvar eigum við að koma saman? Hvar er yfirstjórnin?“

„Veit það ekki,“ var svarið í hvert skipti. „Best að kasta mæðinni um stund og halda síðan áfram að berjast, þangað til við vitum, hvernig gengið hefur í Berlín.“

Berlín? Í Berlín ríkti friður og ró. Stjórnarbyltingunni hafði verið frestað samkvæmt boði Zínovjevs. Þriðji hver maður flokksins í Hamborg var látinn, særður eða í fangelsi.

En flokkurinn er eins og dýr, sem hefur sjö líf. Eftir ósigur okkar í Geesthacht faldi ég mig ásamt þremur öðrum í húsi flokksbróður eins. Þá bárust okkur boð frá Otto Marquardt um að safnast saman í útborginni Ahrensburg. Við héldum til Hamborgar.

Fimmtudagur var þriðji dagur uppreisnarinnar og heyrðust enn skot á við og dreif um borgina. Á leið minni fann ég verkamann á fönnum vegi. Hann hafði fengið skot í magann. Hann stundi með jöfnu millibili, og milli stunnanna beit hann í hlaupið á rússnesku byssunni, sem hann var með. Vegfarendur gættu þess að ganga í sveig fram hjá hinum fallna manni og skunduðu leiðar sinnar. Ég tók hann upp og bar hann fyrir götuhorn í þeirri von að rekast á vinveitt fólk á einhverju húsi. Ég hafði aldrei komið í þennan borgarhluta áður. Ég dró særða manninn inn í bil milli tveggja húsa og reyndi að spyrja hann að heiti. Hann gat ekki svarað. Ég sofnaði út af í skjóli við þrjár öskutunnur, og þegar ég vaknaði undir morgun, var verkamaðurinn látinn. Ég dró líkið aftur út á götuna og reisti það upp við vegg,

svo að menn í sjúkrabifreiðum, sem voru á ferli, yrðu varir við það. Síðan tók ég ríffilinn hans. Það voru ekki nema tvö skothylki eftir.

Ahrensburg, sem er rétt fyrir utan Hamborg við járnbrautina til Lýbíku, var að mestu leytí í höndum rauðliða. Þeir höfðu aðaladsetur á járnbrautarstöðinni, þéttvaxinn maður hafði stjórn á hendi, og fáránlegar ráðagerðir voru á döfinni.

Fyrirætlunin var að taka aðaljárnbrautarstöðina í Hamborg. Njósningar höfðu verið sendir út til þess að komast fyrir um lídsstyrk þeirra, sem vörðu stöðina, þéttvaxni maðurinn vildi fylla járnbrautarlest af vopnuðum mönnum, aka henni til Hamborgar og vinna bug á stöðinni. Ný sending rússneskra ríffla var komin frá Lýbíku.

„Þegar þið eruð einu sinni komnir inn fyrir, þá brytjið þið niður hvern ein-kennisbúinn mann, sem þið sjáið,“ sagði sá þéttvaxni.

Grannur kommúnisti með höglátt andlit og drúpanði munn mótmælti: „Langar þig til þess að myrða okkur alla?“ hrópaði hann. „Farðu og segðu Thálmann og Brandler og Lenín að taka andskotans stöðina sjálfum!“

„Bíddu svolítið, drengur minn,“ sagði hinn í hálfum hljóðum.

Hann dró skammbyssu sína fram á svipstundu og skaut granna manninn í gegnum höfuðið.

Það heyrðist nöldur og örfá „Bravó“. Margir okkar köstuðu rífflum á gólfíð. Ég fékk andstyggð á þessu, og það fengu fleiri. Um stund virtist svo sem félagarnir ætluðu að myrða hver annan.

„Við erum hættir,“ sagði einhver.

Deilan hjadnaði við það, að njósnari kom frá stöðinni í Hamborg. Hann skýrði frá því að tvö hundruð lögregluþjónar lægju í leyni í biðsölunum. Nýjar tilkynningar, sem festar höfðu verið upp á torgunum, báru fyrirsögnina: „Þeir sem bera vopn gegn stjórnarvöldunum, munu sæta dauðarefsingu.“

Mótspyrnan var orðin hlægileg. Við áttum enga foringja. Kjarkleysið óx. Einstöku sveitir uppreisnarmanna börðust enn af þrákelkni og ef til vill af hefndarfýsn. Allur meiri hlutinn, samanbeygður, útataður og dauðleður á öllu saman, var á undanhaldi, og hver maður þóttist sjálfum sér næstur og lét náungann sjá fyrir sér sjálfan.

„Hvað unnum við á þessu?“ sagði einn af félögum mínum.

„Ég veit það ekki,“ sagði ég.

„Ég vildi að ég vissi það,“ muldraði hinn dapurlega.

Framvarðasveit lögreglunnar hélt niður götuna.

„Það er betra að við skiljum,“ sagði ég.

„Það er víst betra.“

Við skildum. Mér fannst ég aldrei geta orðið lánsamur oftari, né hrifinn af nokkrum hlut þá sem eftir væri ævinnar. Allar þessar blóðsúthellingar og þjóningar! Mig langaði mest til þess að snúa andlitinu til skýjanna og öskra af óumræðilegri kvöl. Til hvers? Þegar ég gekk inn á Kaffi Bunte Kuh í St. Pauli, þar sem ég leigði

mér herbergi á loftinu, var einhver staddur, sem benti lögreglunni á mig. Það var engin leið að flýja. Fólkið lét ófriðlega. Jafnvel vændiskonurnar hæddust að mér. „Í gálga með hann,“ söng ein þeirra hvað eftir annað og veifaði tómu björglasi. Lögregluþjónn hélt mér svo fast, að ég hélt að ég ætlaði að handleggsbrotna. Það var farið með mig á varðstofuna í Davidstraße.

Það voru þringsli í litla varðhaldinu. Handteknum mönnum var troðið í klefana, og þeim sem síðastir komu var smalað saman í varðstofurnar, en þar var svo mikil ös, að menn stóðu á tánum hver á öðrum. Hinn skipulagði ribbaldaháttur, sem kommúnistar temja sér í varðhaldi, átti engan hljómgrunn í þessari samkundu. Viðbjóðslegan óþef lagði um húsakynninn og allir nema nokkrir drukknir sjómenn töluðu í hálfum hljóðum. Eftir klukkustundar vanlíðan var ég kallaður út og mér skipað upp í opna flutningabifreið ásamt mörgum öðrum föngum. Aftast á bifreiðinni sat lögregluþjónn með byssu á hnjúnum. Hann var ungur, og andlit hans var úttaugað af svefnleysi. Þegar við vorum komnir af stað til aðal-lögreglustöðvarinnar, spyrnti sá, sem sat næstur verðinum, í hann með báðum fótum. Þessi maður var eins og górillaupi að burðum, og þeir hrutu báðir út á götuna. Bifreiðin nam staðar og rafflautur hennar gullu á hjálp. Lögregluþjónn stókk niður úr framsætinu með skammbyssu á lofti.

„Þið hreyfið ykkur ekki!“ skipaði hann. Í næsta veffangi tók hann að skjóta. Við veltum okkur niður af bifreiðinni og þustum í allar áttir. Gatan, sem bifreiðin var í, var löng og bein og þröng, en til vinstri lá gamli borgarhlutinn, eins og netjaflækja af strætum, krókóttum sundum og hrörlegum húsum, íbúarnir í *Gängeviertel* — sundahverfinu — vændiskonur, vasabjófar, glæpamenn og misindismenn af öllu tagi, hötuðu lögregluna og hjálpuðu flóttamönnum.

Ég fór á kreik, þegar dimma tók. Þá nótt dvaldi ég í íbúð Eriku Zcympanski. Þar voru fleiri flóttamenn, tveir þeirra særðir, allir uppgefnir. Við sváfum á gólfinu eins og dauðir menn. Eftir svefnlausu nótt var Erika alveg jafnlagleg og hagsýn og hún var vön. Hún hafði sent boð eftir lækni, sem var kommúnisti, handa þeim, sem særðir voru. Það var eins og ævintýri, sem var orðið að veruleika, þegar fasta, svala höndin hennar strauk um andlit, brennandi af sóttþita og þakið óhreinindum. Morgunblöðin sögðu frá því, að fjögur hundruð dauðir og særðir lögju á spítölum og líkhúsum. Þriðji hluti þeirra voru lögregluþjónar. Óvíst var um, hve margir særðir kommúnistar voru faldir á heimilum flokksmanna.

„Lögreglan er víst að leita að mér,“ sagði ég við Eriku. „Ég verð að flýja.“

„Hvert ætlarðu að fara?“

„Ég ætla til sjós aftur.“

„Gleymdu aldrei málefniinu, sem þú hefur barist fyrir,“ sagði hún. „Þú getur haldið sambandi við flokkinn gegnum mig.“

Ég fór frá Hamborg síðari hluta dagsins. Á götuhorni einu var fólk að skoða nýjan peningaseðil, sem á var letruð talan eitt, og tólf núll á eftir; þúsund milljarðar

marka á einu pappírsblaði. Lífið á götunum gekk sinn vanagang. Líkhringingar kváðu við um alla borgina.

Ellefu daga var ég á flakki og gekk í áttina til Rínar. Ég sníkti mat hjá bændakonum og svaf í hlöðum. Ég fór yfir Vísará við Minden og komst yfir landamærin til Hollands að næturlagi. Nóttina á eftir hnipraði ég mig saman til svefns á akri og var nærri því orðinn úti í frostinu. En næsta dag sá ég í borginni Arnhem skipstjóra á fljótapramma vera að hlaða far sitt nýjum rauðum tígulsteinum. Ég spurði, hvort ég mætti hjálpa til.

„Já,“ svaraði hann.

Ég hjálpaði honum að hlaða prammann og fyrir það fékk ég far hjá honum niður norðurkvísl Rínar til Rotterdam.

# Rautt flökkulíf

Á NORSKA SJÓMANNAHEIMILINU í Rotterdam skrifaði ég Eriku Zcypanski bréf og bað hana um að tilkynna flokknum, hvar ég væri niður kominn. Ég ráðgerði að halda kyrru fyrir í Rotterdam, þangað til ég fengi nýjar fyrirskipanir. Ég vissi að Komintern hafði skipulagt starfsemi sína í öllum menningarlöndum, og mér þótti það skipta litlu, hvort ég væri í Þýskalandi eða annars staðar, meðan ég héldi tryggð og þegnskap við flokkinn. Það var alþjóðahreyfing, sem ég tók þátt í. Kenningin um að enginn verkamaður ætti föðurland hafði fest rætur í huga mínum, og það faldist því bæði ögrun og stærilæti í því, er ég sagði við sjálfan mig: „Þú hefur ekki týnt föðurlandi þínu. Þú hefur aldrei átt föðurland. Þú ert sonur alþjóðastefnunnar og átt aðeins eitt markmið — að vinna að því að koma auðvaldinu og verkfærum þess um allan heim í gröfina.“

Af sjómannaheimilinu fór ég á skrifstofu kommúnistaflokksins til þess að biðja um hjálp sem flóttamaður frá Þýskalandi og bjóða mig fram til starfs fyrir flokksdeildina á staðnum. Búlduleiti, syfjulegi hollenski bolsévíkinn, sem tók á móti mér, renndi augunum hægt um skrifstofuna og sagði: „Þú verður að biðja, þangað til við höfum spurst fyrir um þig hjá flokknum í Þýskalandi.“

Gramur hrópaði ég: „Flokkurinn í Þýskalandi er bannaður!“

„Við getum ekki gert neitt fyrir þig án umboðs þaðan,“ sagði Hollendingurinn.

„Bendið þið mér þá að minnsta kosti á, hvar ég get sofist og borðað í nokkra daga.“

„Við erum ekkert líknarfélag,“ sagði Hollendingurinn.

Ég fór, reiður og með grátstaf í kverkunum.

Seinna um daginn náði lögregluþjónn í mig og fór með mig í lítið varðhald, sem virtist vera nokkurs konar ruslakompa fyrir erlendan flökkulyð af öllu tagi. Ég hafði klifrað ofan í fiskileit á losuðum togara til þess að leita að úrgangsfiski, sem ég ætlaði að sjóða á báli, er ýmsir drykkjuræflar höfðu kveikt bak við járnbrautarvagna í nágreininu, þegar lögregluþjónninn hallaði sér yfir lestaropið og skipaði mér að koma með sér.

Ég hafði engin skjöl til þess að sanna hver ég væri og neitaði að segja nafn mitt. Ég var hræddur um, að þeir mundu fara með mig yfir landamærin og fá mig í hendur þýsku lögreglunni.

„Ég drakk mig fullan og missti af skipinu mínu í Antwerpen,“ sagði ég. „Þess vegna kom ég til Rotterdam, til þess að vita hvort ég fengi ekki skipsrúm.“

Þeir gáfu mér pund af ágætu brauði, ost og kaffi. Áður en dimmt var orðið, var

ég sendur burt aftur í fylgd lögregluþjóns, sem fór með mig upp í járnbrautarlest. Við vorum einir í klefanum, þegar lestin lagði af stað.

„Hvert erum við að fara?“ spurði ég.

„Þú átt að fara á sama stað og þú komst frá,“ sagði hann.

Ég hafði nærri því hlaupið á mig. „Til Þýskalands,“ ætlaði ég að segja. Ég stóð upp til þess að opna gluggann.

„Láttu hann vera lokaðan,“ sagði varðmaðurinn, „Það er kalt.“ Hann klappaði á beltið sitt og bætti við: „Vertu ekki að reyna að komast undan. Ef þú hleypur, neyðist ég til að skjóta á þig.“

„En hvert erum við að fara?“

„Til Belgíu.“

Mér létti. Lögregluþjónninn gaf mér eitt gyllini. Ég þakkaði fyrir. Hann brosti ekki einu sinni. Hann hafði einkennilega blíð augu í sviphörðu andliti, og hann fór að spyrja mig um lífið á sjónum. Hann virtist vera gefinn fyrir sjóinn, en hann var meira gefinn fyrir hlýjan ofn á kvöldin. Á lítilli stöð fylgdi hann mér út úr lestinni. Nóttin var dimm og hryssingsleg. Ég skalf af kulda. Þrátt fyrir stærðina og líkamsburðina fannst mér ég vera ónýtur og útslitinn. Lögregluþjónninn keypti handa mér glas af toddýi í biðsalnum.

„Við erum nálægt landamærunum,“ sagði hann og benti út um gluggann. „Þarna er Belgía.“

Ungur landamæravörður, sem var vafinn þykku ullarsjali, beið eftir okkur. Lögregluþjónninn geispaði og tók í hönd mér, og landamæravörðurinn þreif í handlegginn á mér og leiddi mig út í náttmyrkrið. Innan skamms létti í lofti og varð stjörnubjart, en næðandi gustur þaut yfir flatlendið.

Við þrömmuðum yfir akra og óðum grunna skurði. Þrisvar settist landamæravörðurinn í skjól við hlöður til þess að fá sér vindling. Meðan hann reykti, neyddi hann mig til að liggja á grúfu á jörðinni. Þegar við náguðumst landamærin, fórum við að skriða á fjórum fótum. Við námum staðar bak við þyrpingu af runnum. Fylgdarmaður minn benti fram í myrkrið.

„Haltu beint í þessa átt,“ hvíslaði hann, „eitt hundrað metra, þá ertu kominn til Belgíu. Það eru engir verðir á ferli. Farðu nú og haltu vel áfram, og komdu aldrei aftur til Hollands.“

„Allt í lagi,“ sagði ég.

„Eins árs fangelsi, ef þú kemur aftur, mundu það.“

„Ég man það.“

Ég hljóp af stað. Þegar ég var kominn hundrað metra undan, sneri ég mér við og æpti ókvæðisorð til landamæravardarins.

„Þegiðu, *smerlapp*,“ svaraði hann. „Haltu áfram.“

Snemma um morguninn nam ég staðar við bóndabæ og spurði hreinlega konu, hvort ég mætti þvo mér við vatnspóstinn.

„Veslingurinn,“ sagði hún. „Ráku þeir þig yfir landamærin?“

„Já,“ svaraði ég.

„Það koma margir þá leiðina. Reknir hingað og reknir þangað án afláts.“

Hún fékk mér sápu og handklæði. Síðan gaf hún mér baunir og flesk að borða. Ég hjálpaði henni að vinda heilt fjall af þvotti, þangað til vinnumaðurinn fór að leggja aktygi á hest til þess að sækja eldsneyti til borgarinnar. Ég fór með honum. Borgin var Esschen, aðeins örfáar mílur beint norður af Antwerpen. Ég hjálpaði vinnumanninum að koma hlassinu á vagninn og lagði síðan leið mína eftir þjóðbrautinni í suður.

Höfnin í Antwerpen er heimili margra afhraka. Hún er alþjóðlegri en Shanghai. Hún er alþjóðlegasta höfn í heimi. Mér fannst það vera eins og hressandi lyf að vera mitt í djöflagangi háreytisins í höfninni, að sjá bryggjur og kvíar þaktar erlendu uppskipunargóssi, að finna ilm sjóferðanna. Í endalausri röð af drykkjukrám þjóruðu Kínverjar og Norðmenn hlið við hlið, og máltíð matar eða nokkrir frankar voru alls staðar á reiðum höndum. Í Kristalshöllinni og álíka skemmtistöðum nálægt Steen tróðu naktar konur upp í veitingastofum fullum af hávaða, reyk og svallandi sjómönnum af skipunum. Og hvergi í allri Evrópu var eins erfitt að fá skipsrúm um þetta leyti og í Antwerpen. Sjö þúsund sjómenn voru iðjulasir og heilar hersingar af slæpingjum sátu um hvert skip, sem lagði að bryggju.

Ég svaf fyrstu nóttina í almenningsvefnskála Hjálpræðishersins, eftir að ég hafði gert skálaverðinum þann greiða að biðja bæn. Annað kvöldið var ég ráðinn í að hafa eitthvert syndsamlegt athæfi í frammi til þess að hrista af mér þefinn af blóðinu, sem runnið hafði í Hamborg. Þá hitti ég Mariette.

Hún stóð við glugga, sem náði niður að götunni, og hún brosti til mín, þegar ég kom inn í strætið. Hún hvorki kippti höfðinu til né benti með handleggnum, eins og holdugu, flæmsku stúlkurnar í nágrannahúsunum. Hún brosti, og ég nam staðar.

Hún var lítill og nett og hafði leiftrandi, kolsvört augu. Ljósín í herberginu mörkuðu útlínur líkamans greinilega. Ég gekk inn. Það var molluhiti og deyfandi ilmur fyrir innan. Þar voru nokkrir pálmar í pottum, þykkt teppi, stórt útvarpstæki, legubekkur á stærð við björgunarbát og myndir á veggjunum. Hún var í hvítum silkiklæðum. Bera fæturna hafði hún í ilskóm settum marglitum glerperlum. Óþrifnaður Antwerpenborgar var horfinn sýnum. Hún dró undireins gluggatjöldin fyrir.

„Halló,“ sagði hún.

„Halló,“ svaraði ég. „Hvað heitirðu?“

„Mariette.“

„Þú ert frönsk?“

„Ég er frá Marseilles.“

Hún brá hendinni undir yfirhöfn mína og smeygði sér að mér. Hún var stinn og heit.

„List þér ekki vel á mig?“

„Ég á enga peninga,“ sagði ég.

„Hvað gerir það til?“ Hún hló. „Þú ert einn geðugasti strákur, sem ég hef séð.“

„Þú ert að skrökva.“

„Ég skrökva aldrei! Þú hefur broshýr augu. Hvað ertu gamall?“

„Tuttugu ára.“

„Ég er þrjátíu ára,“ sagði hún, og það glitraði á tennur hennar. „Kvensurnar í næsta húsi eru tuttugu og tveggja eða þriggja. Þegar þær eru orðnar þrítugar, verða þær eins og daunillar beljur. Það kemur til af því, að ég hirði mig svo vel. Líttu á, hörundið er eins og silki; dálítið gulleitt, en alveg eins og silki.“

Hún masaði eins og vatnsbuna. „Heyrðu, Mariette,“ sagði ég. „Ég á enga peninga. Ekki grænan eyri.“

„Það er leiðinlegt.“

„Ef þú hefðir ekki brosað, mundi ég ekki hafa komið inn fyrir,“ sagði ég.

Hún hallaði sér aftur og hló.

„Ég veit, hvernig það er,“ sagði hún. „En heyрðu, hvað get ég gert við þig, ef þú átt ekki grænan eyri?“

„Þú getur kallað á lögregluþjón,“ svaraði ég.

„Þú ert kjáni, ég kalla aldrei á lögregluna.“

Hún leit á mig um stund. Síðan sagði hún: „Það er ekki efnilegt að eyða tímanum í strák, sem á enga peninga. En hlustaðu á, ég þekki mann, sem lætur mig fá nóga peninga. Hann segir að sér verði bumbult af konunni sinni. Ég get kallað hann hingað og hann getur setið þarna bak við dyrnar og horft á. Hann gerir aldrei neitt; situr aðeins og horfir á. Þú þarft ekki að borga einn eyri. Hann borgar. Er það í lagi?“

„Nei.“

„Því ekki?“ Hún yppti öxlum. „Þegar maður er blankur, á maður að taka því sem býðst.“

„Ég skal heimsækja þig oft, þegar ég á peninga,“ lofaði ég.

„Uss! Hvaðan kemurðu?“

„Frá Hamborg.“

„Frá Hamborg og átt enga peninga, ha?“

„Ég flýði undan lögreglunni.“

„Hvers vegna?“

„Ég tók þátt í byltingartilraun.“

Fas hennar breyttist skyndilega. „Segðu mér frá því,“ sagði hún. Ég gerði það.

Við höfðum setið á legubekknunum. Mariette stóð upp og færði mér glas af víni.

„Ég skal gefa þér peninga,“ sagði hún.

„Hvers vegna ættir þú að gefa mér peninga?“

Hún horfði á mig, meðan ég drakk vínið. Mig furðaði á svari hennar. „Ef ég væri karlmaður, mundi ég vera byltingarmaður,“ sagði hún hægt. „En kvenmaður, hvað



getur hún gert? Þeir gefa mér nóga peninga, af því að ég er aðlaðandi skækja. Mér stendur á sama. Þegar byltingarmenn koma til mín, þá hjálpa ég þeim.“

Það fór vel á með okkur, og við töluðum saman. Vændiskonur, sem ég hafði þekkt áður, höfðu reynt að hylja hina saurguðu tilveru sína blæju létúðar, og sumar voru heimskar og gjörspilltar. Sérkenni Mariette voru jafnvægi hugans og sjálfs-traust. Hún sagði mér ævisögu sína. Hún hafði stundað iðn sína í þrettán ár. Það var Grikkinn, sem átti upphafið að því. Hún fullyrti, að hún hefði gengið í húsið af frjálsum vilja; það var í Marseilles, þegar hún var seytján ára. „Grikkinn sagði við alla kunningja sína: ‚Komið þið, ég hef stúlku, sem hefur aldrei sofð hjá karlmanni áður.‘ O la la! Þeir gáfu mér enga hvíld. Það var látlaus straumur upp og ofan stigann. Síðan var einhver sem smitaði mig. ... En nú sé ég það undireins á mönnum, ef þeir eru veikir.“ Mariette hélt áfram og skýrði mér frá því, að henni myndist hún bera ábyrgð á sjómönnum, sem hún átti vingott við: „Þegar sjómaður hefur elskað mig einu sinni, kemur hann aftur í hvert skipti, sem hann kemur í höfn. Ég les nöfn skipanna, sem hafa komið inn, í blöðunum á hverjum morgni. Þá veit ég: Þessi maður kemur í kvöld og þessi og hinn. Fimmtán, tuttugu, stundum fleiri, þeir eru vinir mínir. Ef einn vantar, verð ég sorgbitin og segi með sjálfri mér: Hvað er að? Er hann veikur? Er hann látinn? Er hann kvæntur?“

Ég spurði, hvort hún þekkti nokkra erlenda byltingasína í Antwerpen.

„Ég þekki Bandura,“ sagði hún.

„Hefuðu hitt hann?“

„Nei.“

„Það getur verið að hann heiti ekki Bandura í raun og veru,“ sagði hún. „Hann er alltaf að leita að byltingarmönnum til þess að ganga í lið með sér.“

Ég lifnaði við.

„Hvað gerir Bandura?“ spurði ég.

Mariette dró hnén upp að höku og lagði báðar hendurnar á gagnaugun.

„Hann stofnar til óeirða,“ sagði hún. „Stundum er ég hrædd við hann. Hann sendir menn til mín og lætur mig fela þá fyrir lögreglunni. Lögreglan hefur oft komið hingað og spurt: ‚Hvar er maðurinn frá Riga? Hvar er litli Kínverjinn? Hvar er stóri Pólverjinn?‘ Þá hlæ ég. Bandura þykir ekki gaman að neinu nema óeirðum.“

„Mig langar til að hitta Bandura,“ sagði ég.

„Það er hægt.“ Hún þagnaði og sagði síðan: „Klukkan er bráðum orðin nín. Vinir mínir af skipunum birtast bráðum. Þú verður að fara.“

Klukkan fimm daginn eftir hittu ég Bandura í híbýlum Mariette. Hann var beinastór, horaður maður með klunnalega, slavneska andlitsdrætti, sniðinn í gervi þöguls, svipmikils stigamanns. Hann var í verkamannaskóm, gömlum frakka, sem ódaun lagði af, og undan kámugri enskri húfu gægðust brúskar af gulu hástríi, sem var tekið að grána. Hann sat fremst á stólbrúninni, starði á mig, þegar ég kom inn, og sagði: „Gott að þú kemur.“

Við töluðum saman. Ég gaf því undireins gætur, hve maðurinn var hispurslaus

og vel fær. Ég svaraði mörgum samviskuspurningum. Bandura var stjórnleysingi frá Úkraínu, og hann hélt uppi styrjöld á eigin spýtur gegn öllum útgerðarmönnum, er áttu skip í þeim höfnum, er Bandura var staddur í það og það skiptið. Hann starfaði ekki í neinum félagsskap og viðurkenndi engin æðri völd en rétt þess sem er minni máttar til þess að bjarga sér.

„Ég vona að þú sért enginn kjötþjófur,“ sagði Bandura við mig.

„Hvað er kjötþjófur?“

„Karlur sem koma með sýnishornatöskur fullar af stefnuskrám, stórum kenn-ingum, stórum fyrirætlunum. Karlur, sem taka til fótanna, þegar hættu ber að höndum. Karlur, sem vilja svínslæri og egg á hverjum morgni.“

„Þá er ég ekki kjötþjófur,“ sagði ég.

„Þú verður að sanna það,“ ansaði Bandura. „Sýndu það með því að ráða þig á skip, þar sem maturinn er vondur. Sigldu á því frá einni höfn til annarrar og sjáðu um að skipshöfnin linni ekki látum, fyrr en maturinn er orðinn góður. Til framkvæmda þurfum við framkvæmdamenn, en ekki stjórnmalaskúma.“

„Hvernig er hægt að komast á skip í Antwerpen?“ spurði ég.

„Antwerpen er slæm borg. En það eru til aðrar hafnir. Bestar líkur eru í Englandi. Erlendir sjómenn fá ekki að setjast að í Englandi. Þess vegna eru erlend skip í mannhaki í breskum höfnum, því að Englendingar vilja ekki vinna fyrir minna en átta pund og tíu.“

„Ég fer til Englands,“ sagði ég.

„Farðu til Liverpool. Liverpool er best.“

Meðan viðuræður okkar fóru fram, sat Mariette í hnipri á legubekknunum og hlustaði með athygli, en mælti ekki orð frá vörum. Þegar ég ætlaði að fara, stöðvaði Bandura mig. „Ég fer á undan,“ sagði hann. „Ég fer fyrstur og kem síðastur.“ Áður en hann fór, stökk Mariette á fætur, tók ofan húfu hans og kyssti hann laust á ennið.

Ég vann með mönnum Banduras í nokkra daga. Þeir höfðu aðsetursstaði á kvistherbergjum yfir ýmsum hafnarknæpum. Knæpueigendurnir, Grikkir, Þjóð-verjar, Eistlendingar og jafnvel einn Hindúi, létu starfsemi Banduras afskiptalaus, sökum þess að menn hans drógu að sér mikið af vel fjáðum sjómönnum. Við dvöldum við höfnina öllum dögum, fórum um borð í skip, töludum við skipverja og dreifðum litlu áróðursblaði, sem Bandura gaf út og prentaði sjálfur á ensku, þýsku og sænsku. Bandura var allmikill málamaður, en rétttritun hans var herfileg. Þó var kraftur í blaðinu. Það kom út, eins og getið var á fremstu síðu þess, „þegar þörf var á“.

Það rann upp sá dagur, er Bandura tilkynnti mér, að ég gæti fengið far til Liverpool. Skiptið var breskt og átti að sigla frá Ghent. Að næturlagi í úrhellisrigningu lögðum við tveir, ungur Letti og ég, af stað eftir Þjóðveginum til Ghent. Undir morgun tók hálfkennður verslunarmaður, sem var á leið til Kortrijk, okkur upp í bifreið sína, og

tveimur tímum síðar stigum við úr henni við hinn tígulega gamla kastala flæmsku greifanna í hjarta borgarinnar.

Nóttina eftir var ég kominn á leið til Liverpool í kolageymslu á litlu farmskipi, sem var í vikuferðum. Ég lá á pokum, sem höfðu verið breiddir yfir kolin, hafði pakka af smurðu brauði fyrir kodda og taldi þverbitana yfir höfði mér og regndropana, sem féllu gegnum rifu á lúgunni. Við vorum ekki fyrir komnir út úr skipaskurðinum, sem liggur milli Ghent og sjávar, er aðstoðarmaður í vélarúmi, sem kom inn í geymsluna með ósandi steinolíulampa, varð var við mig. Ég gaf honum tíu shillinga í silfri af sextán, sem ég hafði fengið úr sjóði Banduras. Hann lofaði að þegja og láta mig fá teppi og mat. Eftir tæplega fjögurra daga ferð sigldum við upp Mersey-fljótið. Ég gróf mig niður í kolin, meðan tollskoðunin fór fram, og að henni lokinni þreif ég af mér óhreinindin og fékk til þess margar fötur af heitu vatni hjá vélamanninum.

Verkamannahverfin í enskum borgum eru hin ömurlegustu í heimi. Það er hafður öruggur vörður um hliðin að hafnarkvíunum. Klukkan ellefu virðist öll borgin vera komin í svefn, nema þeir sem eru að riða heim í bólið og nokkrar nöldursamar brennivíngunnur. Ég kunní afleitlega við mig í nýja umhverfinu. Tvær nætur svaf ég á gistihúsi fyrir blökkumenn frá Vestur-Indíum. Eigandi þess var gömul, tannlaus norn, og rúmið kostaði nú pens á nóttu. Ég vann mér fyrir mat í leiðöngurum mínum um hafnarkvíarnar með því að þvo diska fyrir matsveina á skipum. Af tilviljun komst ég í samband við skipshöfn á þýsku skipi, sem átti að sigla á vesturströnd Norður-Ameríku innan skamms.

Sjómennirnir, sem ég talaði við, voru, eins og flestir þýskir sjómenn um þetta leyti, vinveittir kommúnisma. Þeir gáfu mér leifar af gamalli hálm-dýnu, og með hana klifraði ég ofan í stjórnborðs kolageymsluna og þaðan gegnum lúgugatið á aftara skilrúminu út í lestina. Farmurinn var óunnið járn. Ég lagði dýnuræfilinn ofan á járníð og fór að sofa. Drynurinn í vindum á þilfarinu vakti mig. „Það er hásjávað,“ hugsaði ég. Skipið var lagt af stað.

Eftir nokkrar klukkustundir hrópaði einhver til mín úr kolageymslunni: „Þér er óhætt að koma upp!“

Ég skreið aftur inn í kolageymsluna og upp á þilfar. Það var komið rökkur. Við vorum komnir á rúmsjó, hafnsögumaðurinn var farinn, landið hvarf sjónum og hreinn sjóndeildarhringur hafsins reis framundan. Ég fór fram í hvalbak. Kolaofninn var glóandi rauður. Ég snæddi góða máltíð, svaraði spurningum, spurði fréttu frá Þýskalandi og var ánægður. Lífið virtist vera óendanlega ljúft og auðugt.

Eftir morgunverð daginn eftir baðaði ég mig og rakaði, fór í þau hreinu föt, sem félagar mínir gátu miðlað mér og fór miðskipa til þess að gefa mig fram við skipstjórann.

Skipið hét *Eleonore* og var skráð í Hamborg. Það kom í ljós, að Walter skipstjóri, stór, viðmótsþýður, hvíthærður maður með gríðarstórt höfuð, hafði þekkt föður

minn vel. Hann sýndi mér hina mestu góðvild. Hann var of rólyndur og blíður í skapi til þess að ráða við hina óðslegu róttækni áhafnar sinnar.

„Og í Ameríku,“ spurði hann mig, „ætlarðu þér að strjúka?“

„Já,“ viðurkenndi ég.

„Ég skal ekki lá þér það,“ sagði hann dapur í bragði, „Þýskaland er að fara í hundana.“ Án þess að snúa sér undan þurrkaði hann tár úr augnakróknum.

Meðal skipshafnarinnar á *Eleonore* voru menn, sem höfðu tekið þátt í svaðilförum *Lucy Woerman*. Áður en þeir lögðu af stað frá Hamborg, höfðu hásetar og kyndarar myndað með sér fjárgróðasamlag og keypt birgðir af vínföngum, sem þeir ætluðu að selja í Bandaríkjunum með miklum ágóða. Í Karíbahafi urðu allir starfsmennirnir í vélinni kófdruknir. Brennandi geislar sólarinnar og hitinn, sem járnþilfarið sendi frá sér, ráku smiðshöggvið á verkið. Það lenti í slagsmálum, hnifar blikuðu á lofti, og kolamokari skjögraði undan öðrum manni, sem elti hann með hníf í hendi, og hentist út fyrir borðstokkinn.

Skipið var stöðvað og félagar kolamokarans slógust ögn betur, meðan þeir voru að gera tilraun til þess að manna bát. Þegar þeim var bannað það, trylltust þeir. Fyrsti stýrimaður, sem var fyrrverandi skipherra á kafbát, kvaddi þilfarsvaktina og sjálfboðaliða undan þiljum sér til aðstoðar, og þeim tókst að vinna bug á drukknu kyndurunum. Það voru ljótar aðfarir. Þeir voru flestir naktir í sólskininu. Það varð fyrst að rota mennina, binda þá síðan á lestarhlerana og steypa yfir þá köldu vatni. Meðan þessu fór fram, synti háseti að nafni Ronaikal til mannsins, sem hafði fallið útbyrðis. Hann synti með hann að skipshliðinni, og þeir voru báðir dregnir um borð á köðlum. Kolamokarinn var örendur.

Þetta var heppileg tilviljun fyrir mig. Ég var skráður í rúm mannsins, sem drukknað hafði. Ég var nú kolamokari og ók kolum á hjólbörum úr varakolageymslunum á hverri vakt frá klukkan tólf til fjögur. Þegar *Eleonore* sigldi inn á höfnina í San Pedro tveim vikum síðar, gátu innflutningsyfirvöldin því ekki tekið mig fastan fyrir að hafa stolist um borð.

Ég var sigri hrósandi yfir að vera kominn aftur til Ameríku. Ég strauk af skipinu fyrsta kvöldið í San Pedro og svaf um nóttina í skýli hjá mexíkóskum verkamönnum.

Í nokkrar vikur var ég á flakki milli borga, vann í nokkra daga á hverjum stað og hélt síðan af stað aftur. Í San Bernardino fékk ég að gista hjá manni, sem hafði þá trú, að hlutverk hans í lífinu væri að reisa kirkju. Fyrir næturgreiða og mat lofaði ég honum, að ég skyldi aka saman einni smálest af grjóti í kirkjuna hans. Um nóttina kom í ljós, að hann girntist eigið kyn. Atvinnunni lauk þannig, að kirkjusmiðurinn orgaði á hjálp, en í minn hlut féll ekki annað en flótti. Ég stökk á fyrstu járnbrautarlest á leið til strandar, er hún ók í hægðum sínum upp brekku. Það var nautgripalest. Meðan ég hékk þar og hélt mér dauðahaldi utan í grindurnar á vögnunum, en hjólin dunuðu undir mér, svo að neistarnir flugu, fann ég nautgripina fyrir innan vera að sleikja á mér hendur og úlnliði. Mér tókst að klifra upp á þakið á einum vagninum, og þar sofnaði ég. Þegar ég vaknaði, var

bjart af degi, og lestin hafði numið staðar. Yfir mér stóð maður og ýtti við mér með fætinum.

„Ertu með byssu á þér?“

„Nei.“

„Stattu upp. Upp með hendur.“

Hann leitaði á mér. Síðan skipaði hann mér að klifra ofan og ganga á undan sér að stöðvarhúsinu. Ég spurði, hver hann væri. Hann kvaðst vera eftirlitsmaður járnbrautarfélagsins. Síðan bað ég hann að sleppa mér. Hann vildi fá einn dal fyrir. Ég lét hann fá dalinn og hann skipaði mér að hverfa burt úr bænum.

„Hvaða bær er þetta?“

„San Berdos,“ sagði hann.

Maður í stórrí blárrí bifreið bauð mér að aka með sér. Ég tók því fegins hendi. Hann var fréttaljósmyndari og hafði farið víða um lönd. Hann ók með ofsahraða. Þegar ég steig út úr bílnum hans, stóð ég fyrir framan kvikmyndasali Williams Fox í Hollywood.

Á kaffihúsi einu rakst ég á digran mann, sem var að leita að sjóræningjum. Ég sagðist vera sjómaður. Ég var orðinn kolbrúnn á hörund, hafði ekki látið klippa mig í margar vikur og var ekki í öðru en stuttbuxum og blárrí, ermalausri skyrtu, svo að ég var sémilega líkur sjóræningja. Digri maðurinn réði mig til tveggja daga fyrir sjö dali á dag.

Snemma næsta morguns var mér og herskara af öðrum dökkhærðum, sól-brenndum mönnum hlaðið í bifreiðar og ekið til hafnarinnar í San Pedro, en þar lágu þrjár eftirlíkingar af gömlum ræningjaskipum bundnar við bryggju. Okkur var skipað um borð, og skipin voru dregin út að Catalina-eyju. Þeir okkar, sem voru ekki nógu dökkir, voru málaðir brúnir. Sumir voru galeiðuprælar, hálfnaktir í hlekkjum; aðrir fengu sverð, axir og hnífa að vopnum og voru sjóræningjar. Leikstjórar, aðstoðarmenn og ljósmyndarar æddu fram og aftur. Aðalleikendurnir, meðal þeirra Milton Sills, komu í vélbátum. Deginum var varið til þess að kvikmynda sjóorrustu. Skipum var rennt hverju á annað, árasarflokkar flugu í hárið hver á öðrum, svipur hvinu á böfum róðrarkarla, menn steptust fyrir borð og þrælur gengu berserksgang. Milli leikatriðanna drakk hver sem betur gat límonaði og spilaði teninga um tíu sent. Þessu hélt áfram fram undir kvöld. Öðrum deginum var varið á svipaðan hátt. Galeiðuprælarnir, sem höfðu verið málaðir brúnir, voru varaðir við því að þvo sér undir nóttina.

Í einu hléinu milli gervibardaganna rakst ég á Ronaikal, sem hafði verið mér samskipa og veitt druknaða kolamokarann upp úr Karíbahafi. Hann virtist vera vel á sig kominn. Með árvekni sinni og dugnaði samfara fallegum líkamsvexti hafði honum tekist að fá vinnu að meðaltali fimm daga á viku hjá ýmsum kvikmyndafélögum. Því var frestað að kvikmynda fleiri sjóorrustur, og Ronaikal fór með mig á ráðningastofu í Spring Street og kynnti mig manni, sem var að ráða til sín ökumenn í mynd frá Vestrinu Villta. Ég gerðist ökumaður. Kaupið var fimm

dalir. Vinnan var í því fólgin að aka tjaldvagni, einum af mörgum hundruðum, niður langa, grasivaxna hlíð á myndatökusvæði um tuttugu mílur frá Hollywood. Ég hafði aldrei snert á beisli áður. En vegna þess, að ég var hunda- og hestavinur að upplagi, tókst mér fljótt að hafa stjórn á hestunum. Að lokum hrökk hjól af vagninum, og hann valt um koll. Einn af mönnum með kallarana hrópaði í hrifningu: „Ágætt! Ágætt!“

Kvöld eitt hitti ég Virchow, einn af félögum mínum frá Hamborg, í svefnal York-hótelsins, sem ég gisti á. Hann hafði strokið af skipinu *Westphalia* í New York og hafði komið til vesturstrandarinnar á einu af skipum Luckenbach-línunnar. Hann sýndi mér bréf, sem hann hafði fengið frá flokksbræðrum okkar í Þýskalandi. Þýsku dómstólarnir voru að fella dóma í stórum stíl yfir kommúnistum fyrir landráð, uppreisn, óeirðir, samsæri og morð. Margir höfðu verið dæmdir til lífláts, en öllum slíkum dómum hafði verið breytt í ævilangt fangelsi. Meðal þeirra, sem höfðu hlotið fangelsi ævilangt var einn vinur minn, sem hafði hjálpað mér í árássinni á lögreglustöðina í Eimsbüttel, Wilhelm Willendorf, beinastór, svipdapur og óttalaus bardagamaður.

Þessar fréttir fengu geysilega mikið á mig. Hatur mitt á þjóðskipulagi, sem gjör-eyðir með köldu blóði bestu sonum vinnandi stétta, var svo ákaft, að ég var mállaus í margar mínútur. Ég sauð innanbrjóst af ósjálfbjarga reiði og af skömm. Heima í Þýskalandi var félögum varpað í dýflissur ævilangt, og hér var ég — kominn vel á veg að njóta hégómans í Hollywood. Virchow dró óhreina prentaða örk úr ferðatösku sinni og fékk mér. Ég starði á hana. *Sturm* — stormur — var nafnið á þessu leynilega fréttablaði, sem siglingamáladeild þýska kommúnistaflokksins gaf út. Innihald þess hreif mig og greip um rætur míns innsta eðlis.

„Ég ætla að fara heim að berjast,“ sagði ég. Virchow hropaði á hæl. „Þýskaland er andstyggilegasta, harðsvíraðasta land í heimi,“ muldraði hann. „Ég fer aldrei heim aftur.“

„Þá ertu að hlaupast undan merkjum.“

„Og hvað gerir þú?“

„Ég ætla heim aftur.“

Ég kastaði frá mér sæmilegu tækifæri til þess að lifa friðsömu lífi. Ég fór til San Pedro og ofsótti skipstjóra og stýrimenn á hverju einasta skipi, sem ætlaði til Evrópu. Skipstjórinn á Bandaríkjaskipinu *Montpelier* skræði mig hjá sér sem háseta. Þrjátíu dögum síðar lagðist *Montpelier* við landfestar í Síberíu-kvíunum í Antwerpen.

Ég fór að leita að Mariette. Hún var farin af gamla staðnum, og ég gekk að því vísu, að hún væri flutt í aðra götu. Ég gekk á röðina af dvalarstöðum Banduras — Rose of England, Monico Sam, Café Belgenland, Helgoland Bar, Susies Paradise. Ég fann hann á kínverskri drykkjukrá í Brouwersvliet. Hann var jafnhoraður, hungraður og óskelfdur og jafnan fyrr.

„Stúlkan Mariette er dáin,“ sagði Bandura sorgbitinn. „Hún var elskulegri en

allar samkvæmismeyjarnar fyrir vestan Rín samanlagðar. Við gerðum útför hennar prýðilega úr garði.“

Ég sötraði teið mitt og þagði. Bandura rumdi við. „Taktu ofan í minningu Mariette.“

Ég tók húfuna ofan. Bandura sagði mér af útför hennar. Hann og liðsmenn hans höfðu varið tveimur heilum dögum til þess að safna fé á skipunum, svo að þeir gætu jarðað Mariette eins og byltingarmönnum sæmdi. Á nóttunni höfðu þeir látið greipar sópa um lystigarða og einkagarða og höfðu safnað saman kynstrum af blómum. Þeir báru líkkistuna á öxlunum, og flokksmenn allra þjóða mynduðu fylkingu með rauðum og svörtum fánum. Bandura hélt ræðu við opna gröfina. Áletrunin á legsteininum var, sagði Bandura: „Mariette, sem unni og hjálpaði þeim sem strita á sjónum.“

„Mér þykir vænt um, að þið fóruð svona að því,“ sagði ég.

„Þú mátt vera viss um,“ sagði Bandura og glotti dapurlega, „að engin heiðarleg skækja hefur átt einlægari syrgjendur, né heldur hefur nein slík verið jarðsungin með meiri virðuleik.“

Ég gerði ákafa tilraun til að rjúfa töfra hryggðarinnar og hrópaði á bjór. Sælleg ung þerna með uppblásið andlit kom með bjórinn. Hún setti hann á borðið og smeygði síðan skyndilega hendinni niður á bringu Banduras gegnum skyrtuopið.

„Bjór handa mér líka?“ skríkti hún.

Bandura ýtti henni frá sér. „Burt með þig,“ urraði hann. „Það er ólykt af þér.“

„Hvernig gengur starfsemin við höfnina hjá þér?“ spurði ég. Bandura hallaði sér fram, hló dátt og sagði: „Vel, mjög vel. Þegar við vorum að enda við að moka ofan í gröfina hennar Mariette — allir piltarnir mínir voru þarna samankomnir — steypiti lögreglan sér yfir okkur. Við vorum allir settir inn yfir nóttina. Daginn eftir vorum við fluttir úr landi, sumir til Frakklands, aðrir til Hollands. Kvöldið eftir snerum við allir við, og til Antwerpen erum við komnir aftur.“

# Samsærisbrautin

Í ÞRJÁ DAGA LÁ SKIP mitt í Antwerpen, og ég eyddi öllum tómstundum mínum hjá Bandura og fylgismönnum hans. Þeim hafði fjölgað mjög mánuðina sem ég var fjarverandi. Á hverri viku höfðu skip frá Helsinki, Riga og Reval flutt hópa laumufarþega til Antwerpen — að mestu leyti stjórn málaflóttamenn. Þeir voru allir beisklyndir, allir vanir skorti og örðugum sérkjörum. Á meðal þeirra gekk Bandura um eins og ókrýndur konungur. Hann var leiðtogi þeirra, af því að hann lifði eins og þeir, vann eins og þeir og reyndist alltaf færastur allra sinna liðsmanna. Hann hafði nú náð samböndum við flokka pólitískra hafnarræningja í Marseilles, Bordeaux, Lundúnum, Cardiff, Rotterdam og jafnvel í Oran á strönd Norður-Afríku og í Strassborg, miðstöð siglinga á efri hluta Rínar. Hann hafði bréfaskipti og samstarf við deildir úr Heimssambandi verkamanna, IWW, á vesturströnd Bandaríkjanna og stjórnleysingjaflokka í spænskum og suðuramerískum höfnum.

Einn af nýju mönnum í liði Banduras var Ilja Weiss, Ungverjinn sem hafði skellt málningardós framan í hafnarlögregluþjóninn í Hamborg á mínum fyrstu árum þar. Þýska lögreglan hafði laumað honum til Hollands. Hann var aftur tekinn fastur í Rotterdam, og hollenska lögreglan laumaði honum til Belgíu. Ég hitti Weiss í hálfdimmu bakherbergi á drykkjukrá. „Ertu kommúnisti ennþá?“ spurði hann.

„Auðvitað.“

„Jæja, þá verð ég að segja þér hvað við ætlum okkur fyrir með Bandura.“

Ég lagði eyrun við. Weiss hafði nána samvinnu við Albert Walter í Hamborg, fyrrum yfirmann minn. Þýski kommúnistaflokkurinn hafði risið aftur undan banninu, sem lagt var á hann eftir októberdagana blóði drifnu, og Walter hafði aftur sett á stofn aðalskrifstofu nálægt höfninni í Hamborg; þaðan stjórnaði hann kommúnistastarfsemi meðal sjómanna um allan heim á vegum Profintern — hins Rauða Alþjóðasambands verklyðsfélaga. Hlutverk þessa félagsskapar, er stofnaður var árið 1920 sem grein af Komintern, var að ná yfirhöndinni í öllum verklyðsfélögum eða, þar sem það reyndist ókleift, að sprengja þessi félög og stofna kommúnistafélög í þeirra stað.

Komintern hafði falið Ilja Weiss og fleirum að hrifsa félagsskap Bandura frá stofnanda hans og foringja, en Komintern þótti hann lítt gagnlegur, þar sem hann neitaði þráfaldlega að hlýðnast fyrirskipunum þess. Tvisvar höfðu verið gerðar tilraunir til að múta Bandura með því að bjóða honum góða stöðu í Alrússneska flutningasambandinu í Lenínsgarði, en Úkraínumaðurinn hafnaði því með fyrirliðningu.



Ég dáðist að Bandura og hafði einlæga andstyggð á Ilja Weiss. Hann gaf í skyn, að kommúnistar hefðu komið af stað kviksögum um, að Bandura væri lagstur í eiturlyfjanautn og að hann eyddi mestum hluta af samskotafé sjómanna til þess að halda uppi allmörgum frillum í iðjuleysi og óhófi. Atburðirnir við útför Mariette áttu að færa mönnum heim sanninn um þessar sögur. Ilja Weiss bað mig um að láta það berast, að Bandura væri fjárglæframaður, að hann lifði tvískinnungslífi, þættist vera frömuður verkamannahreyfingarinnar, en einkalíf hans væri líf lostafulls burgeiss.

„Þetta eru allt lygar um Bandura,“ sagði ég.

„Getur verið,“ svaraði Weiss. „En frá stjórnmálasjónarmiði er hann ábyrgðarlaus bófi.“

„Hvers vegna getum við ekki viðurkennt forustu Banduras?“

„Ef til byltingarátaka kæmi, þá mundum við alltaf eiga á hættu, að hann skærist úr leik og færi að starfa upp á eigin spýtur. Hann er allt of andskoti sjálfstæður. Hvernig vitum við, nema hann sé á launum hjá skipaeigendum?“

„Þetta er hlægilegt.“

Grænleitu augun í Weiss urðu lítil og björt. „Banduras greinir ekki á milli fasista-einræðis og öreiga-einræðis,“ hélt hann áfram. „Sérhver stjórn er harðstjórn í hans augum. Í styrjöld gegn Rússlandi ráðstjórnarinnar mundi hann neita að berjast með Rússum. Við verðum að losa okkur við hann. Hann er dulbúinn gagnbyltingarmaður.“

„Sannaðu það!“ æpti ég bálreiður.

„Bandura heldur uppi æsingum á ráðstjórnarskipum,“ sagði Weiss með niðurbældri grimmd. „Hann segir rússnesku sjómönnum, að þeir hafi rétt til að gera verkfall, ef þeir fái ekki betri mat og hærra kaup. Hvað kallarðu það?“

Ég þagði. Weiss bætti við: „Það er eitt að leggja niður vinnu hjá auðvaldinu; það er allt annað að gera verkfall hjá sósíalísku ríki.“

Ég var í ákafrri geðshræringu. Ummæli Ilja Weiss um sókn kommúnista í því skyni að leggja undir sig sjávarsíðuna komu hjarta mínu á hreyfingu. Við mundum vinna sigur áður en lyki. Hinir rauðu fánar frelsisins og jafnræðisins mundu blakta yfir öllum heimshöfum; sjómennirnir mundu verða drottmar skipanna. Dýrmætir farmar mundu verða fluttir til þess að fullnægja þörfum fólksins, en ekki til þess að fylla vasa skipaeigenda. Ég var ráðinn í að takast á hendur minn hluta þeirrar skyldu að færa kommúnismanum heim sigurinn á höfunum. Ég þóttist viss um að Bandura væri, engu síður en ég sjálfur, fús til að leggja lífið í sölnurnar fyrir málstað verkalyðsins. Og nú kom Weiss og sagði, að Bandura væri fjandmaður þjóðfélagsbyltingarinnar og andstæðingur Ráðstjórnarríkjanna! Þetta var í fyrsta skipti, sem ég hitti fyrir þetta miskunnarlausu óumburðarlyndi einstefnusannfæringar gagnvart öllu persónulegu hugsana- og skoðanafrelsi. Það var ekki Weiss, sem átti upptökin að ráðabrugginu um að rægja Bandura og koma honum undir. Hann var aðeins að framkvæma skipanir. Hann var bolsévíki af Austurevrópu-

skólanum, sem hefði ekki hikað við að myrða bróður sinn, ef foringjarnir hefðu sagt honum, að það mundi færa þá skrefi nær sigrinum. Án slíkra manna og slíkrar trúmennsku væri Komintern ekki til. Ég hafði andstyggð á ótrúmennsku. Svikari var varla byssukúlu virði. Samt sá ég, að hér var um tvo illa kosti að velja: Ef Ilja Weiss segði satt, þá mundi ég verða svikari við málstað kommúnista með því að neita að svíkja Bandura.

Áður en *Montpelier* lagði úr höfn, spurði ég Bandura hreinskilnislega: „Ertu með verkamannaveldinu í Rússlandi?“

Það kom kippur í andlit hans eins og af sársauka. Hann veiddi dálítið Dobbelmantóbak upp úr vasa sínum, velti því í vindlingi og kveikti í henni. Síðan sagði hann rólega: „Ég veit, hvers vegna þú spyrð um þetta. Já, ég er með frjálsum samfélagi verkamanna, en í Rússlandi hafa verkamennirnir engin völd og ekkert raunhæft frelsi. Enginn flokkur getur veitt verkamönnunum frelsi. Fyrir frelsinu verða þeir að berjast sjálfir.“

„Kommúnistar hafa forustuna í þessari baráttu,“ sagði ég.

„Flestir kommúnistar sem ég þekki eru ágætir, hugrakkir menn,“ sagði Bandura. „En leiðtogar þeirra — svei!“ Hann veifaði handleggjunum í örvæntingu. „Þeir eru kjötþjófar,“ bætti hann við.

Tilraunir mínar til að hafa áhrif á skoðanir Bandura voru árangurslausar. Ilja Weiss fór sínu fram.

*Montpelier* sigldi til Hamborgar. Ég kveið því, að lögreglan mundi taka mig fastan fyrir hlutdeild mína í októberuppþötinu. En skipið hafði Bandaríkjafánann við hún, og lögreglan lét skipshöfnina afskiptalaus. Ég réði atvinnulausan Þjóðverja til þess að gegna starfi mínu meðan skipið lá í höfn og hélt á fund Alberts Walters.

Skrifstofa Walters hafði skipt um ham. Þar voru ný skrifborð, nýir skápar með spjaldskrá og stór ný landabréf á veggjunum. Þar var stór lestrarsalur, vel búinn að kommúnistablöðum á mörgum tungumálum og „Lenín-bókasafn“. Á neðstu hæð hússins voru fundarsalur og veitingastofa. Hún var full af sjómönnum og kærustum þeirra, og nokkurt slangur af aðgerðasínum voru á ferli til þess að tala um fyrir gestunum. Hús þetta var kallað Alþjóðahafnarskrifstofan, en hún var fyrsti liður í keðju sjómannafélaga, sem náði síðar allt í kring um jörðina — miðstöðvar áróðurs og vaxandi veldis kommúnista við sjóinn. Útitekinn og þéttur á velli gekk Albert Walter til starfans með hrifningu og fýsti mjög að heyra um allt sem að siglingum laut.

„Skrifaðu niður öll nöfn og heimilisföng, sem þú hefur fundið á gistihúsum sjómanna, sjómannastofum, skipaafgreiðslum og í fangelsum, og lýstu aðferðum tollgæslunnar í ýmsum höfnum og við landamæri og því, hvernig þú komst til Englands. Gleymdu engu. Smáatriði geta verið okkur mjög mikils virði.“

Ég skrifaði skýrsluna. Sama kvöldið bauð Walter mér heim til sín. Hann bjó í lítilli íbúð á þriðju hæð ásamt móður sinni, sem var lítil, liðleg kona, er helgaði syninum alla krafta sína. Viðstödd voru einnig einkaritari Walters, ung, ljóshærð,

ofstækisfull stúlka að nafni Gertrude G., og tveir menn, sem ég hafði ekki séð áður. Þeir voru Atsjkanov, Rússi, og Ryatt, Letti. Þeir höfðu báðir umbod frá Moskvu til að starfa sem ráðunautar Alberts Walters í alþjóðabaráttunni um yfirráð á höfunum. Atsjkanov var lítill, fjörlegur maður með skúf af óstyrilátu gráu hári og óróleg augu eins og hnappa. Hann var hægri hönd Zínovjevs í siglingamálum. Ryatt var hár og grannur, með sviplaut andlit. Hann var sérfræðingur í kommúnistastarfi innan herskipaflotans. Síðar, árið 1931, varð hann forstjóri vegabréfafölsunardeildar Kominterns í Lenínsgarði.

„Þarna kemur ósvikinn sjómaður,“ muldraði Atsjkanov, þegar ég kom inn.

Gamla frú Walter hellti Kákasus-víni í glösin, og Walter bauð okkur ágæta vindla. Atsjkanov las upp skýrslu frá Ilja Weiss um tilraunirnar til þess að ná yfirráðum í félagsskap Bandura. Hann sneri sér að mér og sagði: „Það var klókindalega gert af þér að komast í náð samband við Bandura.“ Ég svaraði því til, að mér væri meinilla við óhreinskilni og moldvörpustörf.

Atsjkanov brosti lítið eitt. „Framkvæmd bolsévismans hvílir á réttu samræmi löglegra og ólöglegra aðferða,“ sagði hann. „Reyndu að skilja það, félagi, að herkænska er veigamikill liður í starfsemi okkar. Og hvað er herkænska? Við hefjum miskunnarlausa sókn, en lýsum því yfir um leið að við séum í hreinni varnarstöðu. Við gerum okkur upp vináttu við óbilgjarnan óvin, svo að við höfum því betra tækifæri til að tortíma honum, þegar sá tími kemur. Þetta eru herbrögð.“

„Ég vil hafa hreinar línur,“ sagði ég. „Ef við berjumst við einhvern, því þá ekki að lýsa stríði á hendur honum? Undirferli munu verkamennirnir aldrei setta sig við. Hvers vegna nota brögð til þess að ráða niðurlögum eins manns? Kominternþingið vísaði okkur leið til valda fyrir sigur fjöldans.“

„Það er rétt,“ tók Ryatt fram í og talaði snögg og önunglega. „Við verðum að vera bundnir fjöldanum og gera aldrei neitt án hans — nema þegar um samsæri er að ræða!“

Þetta skildi ég allt og var því samþykkur. En það vakti gremju mína að Bandura, sem hafði verið mér góður, þyrfti að verða fyrir svo kaldranalegum rógi og jafnvel eyðileggingu. Atsjkanov og Ryatt töluðu um fyrir mér eins og skynsamari eldri bræður. Þeir virtust treysta mér og þurfa á mér að halda, og þeim veittist ekki örðugt að beygja mig undir vilja sinn.

„Meira fjaðurmagn!“ hrópaði Atsjkanov. „Bolsévika fjaðurmagn. Félagi Lenín hefur sjálfur kennt okkur, að fjaðurmagn bolsévismans sé í því fólgið að geta breytt um aðferðir og notað sér hina ólíkustu aðstöðu án þess að missa nokkurn tíma sjónar á takmarkinu.“

Ég var enn unglíngur og þessir menn stóðu fyrir mér sem hetjur. Atsjkanov og þvílíkir menn voru í augum mínum hugsjónamenn, sem áttu allt afl hinnar sigursælu ráðstjórnarbyltingar að baki sér.

Atskkanov lagði hendina um öxl mér. „Félagi Walter hefur mælt með því, að við

reynum þig í alþjóðastarfinu,“ sagði hann. „Þú ert enn nýliði innan samtakanna, en þú hefur unnið gott starf í höfninni, og þú hefur barist í götuvirkjunum.“

Vinsemd hans gerði mig hálfþeiminn. „Það er ekkert,“ tautaði ég.

Albert Walter rak upp hlátur: „Heyrirðu það? Hann segir að það sé ekkert.“

„Einn dagur í götuvirkjunum,“ tók Ryatt til máls, „jafngildir þremur árum venjulegra flokksstarfa.“

Leiðbeiningar þær, sem ég átti að fara eftir, voru í stuttu máli sem hér segir: Ég átti að fara aftur til Kyrrahafsstrandarinnar með *Montpelier*. Áður en ég færi frá Evrópu ætlaði Ilja Weiss að koma því til leiðar, að mér yrði falinn erindrekstur fyrir Bandura hjá þeim flokkum, sem hann hafði samband við í höfnum Kaliforníu með það fyrir augum að vinna þá til fylgis við hafnarstarfsemi Alberts Walters. Mér var falið að hafa meðferðis feiknin öll af áróðursritum til dreifingar í viðkomuhöfnum. Þegar ég kæmi til San Pedro og San Francisco átti ég að taka við stórum sendingum af frekara áróðursefni á ensku, spænsku og japönsku. Spænsku flugritunum átti að dreifa meðal Mexíkóa, hafnarverkamanna í Panama og annarra verkamanna á Panamaskurðarsvæðinu. Japönsku ritin áttu að fara til Honolulu og annarra af Havái-eyjunum. Hvenær sem færi gæfist, átti ég að fá skoðanabræður meðal skipverja á öðrum skipum til liðs við mig í að dreifa áróðursritunum. Mér bar í hverri höfn að hafa uppi á einum aðgerðasinna sem væri nógu áreiðanlegur til þess að hægt væri að trúa honum fyrir fé og leiðbeiningum til þess að mynda aðgerðasveitir eftir fyrirmynd frá Hamborg. Ég átti að gerast félagi í hinu bandaríska Alþjóðasambandi sjómanna, sem var þá undir íhaldssamri stjórn Andrews Furusetts, og mynda andstöðusellur innan félagsskaparins, svo að stefna stéttabaráttunnar yrði yfirsterkari. Ef unnt væri, þá bar mér að ná sambandi við menn í strandvarnarliði Bandaríkjanna, sérilagi þá, sem höfðu gert eitthvað af sér, og senda nöfn þeirra til Alberts Walters og Atsjkanovs. Ég átti að „prófa“ — með mútum — ónafngreindan starfsmann skipaeigendafélagsins í Los Angeles, hvort hann væri fús til að ráða kommúnista á bandarísk skip. Ég átti líka að taka myndir af og láta í té lýsingar á nýrri hvalabyssu, sem hvalveiðiskip útgerðarfélag í Kaliforníu notuðu, og kynna mér og gefa skýrslu um notkun flugvéla við túnfiskveiðar í Suður-Kaliforníu. Loks var til þess ætlast, að ég sendi reglulegar skýrslur um allt sem ég yrði vísari um afkomu og stjórn-málaskoðanir bandarískra verkamanna við sjávarsíðuna, sérilagi þeirra sem störfuðu að timburframleiðslu og á olúskipum Standard Oil félagsins.

Þetta voru allumfangsmikil viðfangsefni. Auk þess hlutans, sem vissi að áróðrinum, bar það mjög keim af starfsemi GPÚ.

Albert Walter sá mig vera að skrifa á minnisblöð. „Skrifaðu ekki of mikið hjá þér,“ sagði hann.

„En ég get ekki munað það allt.“

„Jæja, eyðilegðu þá minnisblöðin undireins og þú manst það.“

Mér voru veittir fjörutíu Bandaríkjadalir á mánuði til að standast kostnað af starfsemi minni. Walter taldi fram upphæðina fyrir fyrstu þrjá mánuðina í nýjum

seðlum og færði hana í litla minnisbók hjá sér. Walter bætti við: „Og þú þarft ekki að óttast, að þú verðir einn á eyðisandi. Það eru margir félagar frá okkur, sem starfa á skipunum eins og þú.“

Öllum undirbúningi var brátt lokið. Eins og venjulega var mér ekki leyft að fara úr íbúð Alberts Walters á undan Ryatt og Atsjkanov, því að þeir höfðu ekki dvalarleyfi í landinu. Ryatt tók í hönd mér. Andlit Atsjkanovs ljómaði. Það munaði minstu, að hann faðmaði mig að sér. „Leystu starf þitt vel af höndum.“ Þegar Atsjkanov og Ryatt voru farnir, opnaði Walter alla glugga upp á gátt. Hann var á skyrtnuni. Hann þandi út brjóstið. Hörundið á handleggjum hans og bringu var eins og gamall tekkviður á litinn. Gertrude G., einkaritari hans, bjóst til að skrifa fyrir hann. Hún rétti úr sér, róleg og hvatleg. „Lífið er skemmtilegt,“ rumdi Walter. Gertrude brosti í fyrsta sinn það kvöldið.

Gamla frú Walter, sem var á vakki eins og trygglyndur andi, hafði tekið af borðinu. „Barnið gott,“ sagði hún allt í einu við soninn gildvaxna, „klukkan er ellefu. Þér er mál að hátta.“

Hann stóð upp og rak henni rembingskoss.

„Ég fer þá, félagi Walter,“ sagði ég.

„Stattu þig vel,“ svaraði hann, „þá skal ég hjálpa þér í gegnum þykkt og þunnt.“

Nóttin var björt og andaði hlýjum blæ. Ég stikaði til hafnarinnar. Mig langaði til að syngja. Og blóð mitt söng líka.

Nóttin, áður en *Montpelier* lagði úr höfn í vesturför sína, var tilvalin til athafna, sem máttu ekki vitnast. Ég bauðst til að gegna starfi varðmanns við landganginn. Öll skipshöfnin var í landi og brá sér á leik síðustu stundirnar með drósunum á Reeperbahn. Skipstjórinn hafði lokað sig inni með tveimur stúlkum, gnægð vínfanga og staðgóðum náttverði, og tjöldin voru dregin fyrir kofagluggana hjá honum. Á meðan unnu menn Alberts Walters hljótt og dyggilega.

Stórum pappatöskum, úttroðnum, var smyglað um borð. Og síðla kvölds kom laumugestur, maður, sem ég hafði síst allra búist við að sjá. Það var Hugo Marx, allragagn GPÚ í Hamborg.

„Ég er með vin með mér,“ sagði hann. „Hann þarf að komast til Kanada. Þú verður að fela hann einhvers staðar á skipinu.“

Ég hafði þegar of mörgum skylduverkum að sinna til að láta ónáða mig með laumufarþega.

„Félagi Walter minntist ekkert á það,“ sagði ég. „Komdu honum fyrir á öðru skipi.“

„Nei, hann verður að fara með þér,“ hvæsti Hugo Marx.

„Hver sendir hann hingað?“

GPÚ-maðurinn var illur og hvefsinn: „Hver ert þú, að leita upplýsinga um það, sem þér kemur ekki við?“ Ég hálfskammaðist mín fyrir framhleyfnina.

„Félagi Ryatt vill að þessi vinur okkar sigli á þínu skipi,“ sagði Marx í sáttfúsari tón.

Með því var það mál útkljáð. Mig hafði grunað að komumaður væri ekki annað en einn útflytjandinn enn, sem greiddi flokknum nokkra dali fyrir farið. Nú vissi ég, að svo var ekki. Ég hafði ekki heimild til að spyrja fleiri spurninga.

Hugo Marx brosti stuttu og köldu brosi og fór. Komumaður ávarpaði mig á ágættri ensku: „Áttu nokkuð að borða? Ég flýtti mér svo fjandi mikið í dag. Ég er soltinn eins og úlfur.“ Það var of dimmt á þilfarinu til að ég gæti greint andlit hans, en ég sá nóg til þess að komast að því, að ókunni maðurinn var gervilegur, vel vaxinn og herðabreiður. Hann var meðalmaður á vöxt og ungur. Þegar ég fór með hann aftur á bátapilfarið í mötuneyti hásetanna, smeygði stúlka sér fram úr skuggunum og slóst í för með okkur.

„Hver er þetta?“

„Kæran mín,“ sagði komumaður.

„Ætlar hún líka til Kanada?“ spurði ég í ofboði.

„Sei, sei, nei,“ var svarið.

Við fengum okkur kaffi, brauð og kalda steik í mötuneytinu. Ég varð þess fljótt var, að komumaður var óvenjulega vel gefinn. Hann hét Michael Avatin og var Letti. Hann hafði áður skipulagt hafnarstarfsemi fyrir kommúnistaflokkinn í Riga. Hann hafði verið í Rússlandi og hafði starfað fyrir Komintern í Englandi. Hann kallaði sig Lambert og var með fullgilt breskt vegabréf, sem hljóðaði á það nafn. Hann var bersýnilega ekki af öreigaættum. Hann virtist vera afkomandi herforingjafjölskyldu eða hafa verið sjóliðsforingi sjálfur. Hann var eins ólíkur Bandura og nokkur aðgerðasinni gat verið. Mér geðjaðist undireins vel að honum. Ég fann að honum féll líka vel við mig. Þar sem Michael Avatin var, hitti ég fyrir einn sérkennilegasta manninn í neðanjarðarvél Kominterns.

Stúlkan var mjög ung, ekki eldri en níttján ára. Hún var lítil og nett, og andlit hennar var frekar ljótt, en mjög gáfulegt. Hún var gyðingur, fædd í Varsjá. Michael Avatin kallaði hana nafninu Malka. Hún hét fullu nafni Malka Stifter. Þau höfðu hist og fellt ást hvort til annars í stjórnmalaskóla í Moskvu árið áður.

Ég fann gott fylgsni handa Avatin. Af neðra þilfari lá lóðrétt lúgugat inn í lest númer þrjú. Þetta lúgugat var aldrei notað, hvorki á rúmsjó né í höfn. Ég fékk Avatin teppi og fimm lítra brúsa af vatni, og okkur talaðist svo til, að ég skyldi hleypa mat niður um loftgöngin til hans á hverri nóttu. Ég hafði vaktina frá klukkan tólf til fjögur. Farmurinn í lest númer þrjú var enskar vefnaðarvörur, glervörur og skófatnaður í kössum. Við röðuðum kössunum, svo að þeir mynduðu notalegan, lítinn helli. Áður en Avatin skrapp inn í fylgsnið, sagði hann við mig: „Mig langar til að taka Mólku í faðm mér. Hver veit, nema hvert tækifæri sé hið síðasta.“

Klefi þriðja stýrimanns var auður. Tveimur dögum fyrr hafði þriðji stýrimaður lent í handalögmáli við fyrsta stýrimann, sem var mesta ruddamenni, og var afleiðingin sú, að þriðji stýrimaður strauk af skipinu. Í klefa strokumannsins kvóddust Michael og Malka, en ég stóð á verði fyrir framan dyrnar á meðan. Síðan læddist Malka út, veifaði hendinni og flýtti sér í land. Myrkríð milli lyftitækjanna og

vöruskemmanna gleypti hana. Litlu síðar kom Avatin út á þilfarið. „Ég er til,“ sagði hann.

*Montpelier* lét úr höfn. Það var tuttugu daga ferð frá Hamborg til Panama og tólf dagar þaðan til San Pedro í Suður-Kaliforníu. Ég las mikið á leiðinni. Bókavörðurinn á hafnarskrifstofunni í Hamborg hafði séð mér fyrir nægum kosti bóka og bæklinga.

Meðan við vorum á leið yfir Norður-Atlantshaf, klifraði ég oft ofan í lestina, þegar ég var á vakt, og heimsótti Avatin sem snöggvast. Einu sinni kvaðst hann hafa fundið þríhyrnda járnsköfu og hafa brotið upp þrjá umbúðakassa til þess að kanna innihaldið. Í einum kassanum voru skór, og Avatin fann eina, sem voru mátulegir honum. Í öðrum kassanum voru leikföng og í þeim þriðja silkisokkar. Eftir það skemmti hann sér við að tína alla vinstri skóna úr öðrum kassanum og setja þá í sokkakassann, en troða sokkunum í hægri skóna. Síðan lokaði hann báðum kössunum af mestu gaumgæfni.

„Tveir ókunnir kaupmenn eiga andvökunætur í vændum,“ sagði hann og bætti við: „Leikföngin snerti ég ekki. Leikföng eru handa börnum.“

Stundum fóru fram alvarlegri viðræður á milli okkar. Michael Avatin ætlaði til Vancouver. Hann lét ekkert uppskált um starf sitt þar, og ég spurði ekki. Orð Hugo Marx: „Hvers vegna leitarðu upplýsinga um það, sem þér kemur ekki við?“ hljómuðu enn í eyrum mér. Það var undirstöðulögmál í allri samsærisstarfsemi, að enginn maður mætti vita önnur leyndarmál félagsskaparins en þau sem snertu skyldur hans sjálfs.

Morgun einn, tólf dögum eftir að við fórum frá Hamborg, heyrði ég einn véla-manninn vera að tala um, að það hefði fundist laumufarþegi um borð í *Montpelier*. Ég þaut upp á þilfar. Þar stóð Michael Avatin í ljóma sólarinnar með hendur í vösom. Hann lét ekki sjá, að hann þekkti mig. Það kom í ljós, að þá um morguninn fyrir dögum höfðu tveir kyndarar farið í hnuppleidangur ofan í lest númer þrjú. Þegar þeir komu, skreið Avatin út í horn á lestinni. En innbrotsmennirnir notuðu vasaljós og tóku að brjóta upp nokkra kassa. Ljósglampinn sást á þilfari og yfirmennirnir fóru að gæta að, hvað væri á seyði. Þjófarnir komust undan í tæka tíð, en Michael Avatin fannst.

Hann tók því mjög rólega. Hann var settur til vinnu á þilfarinu, en þegar *Montpelier* sigldi inn í Panamaskurðinn, var Avatin settur í járn og lokaður inni í litlum geymsluklefa, næst klefa fyrsta stýrimanns. Varðmennirnir við skurðinn komu um borð og yfirheyrðu hann. Ég var svo órór, að ég gat tæplega haldið huganum við skipsstörfin og dreifingu spænsku flugritanna minna. Ég faldi hjá mér meitil, hamar og öxi og reyndi að finna ráð til þess að leysa félagá minn úr haldi. Þegar skipið mjakaðist inn í Gatun-stífluna tókst mér að ná tali af Avatin í gegnum kýraugað á klefa hans.

„Ég get látið þig fá öxi til þess að mölva dyrnar,“ sagði ég. „Síðan skal ég smíða fleka handa þér. Þú getur stokkið fyrir borð og röið í land.“

Michael Avatin hristi höfuðið. „Ég á ekkert erindi til Panama,“ svaraði hann. „Ég ætla til Vancouver.“

„Það er sama, þeir loka þig inni á hverri höfn.“

„Vertu ekki með áhyggjur út af því. Ég kemst í land, þegar ég þarf.“

„Viltu fá öxina?“ spurði ég.

„Nei. Þú getur útvegað mér dálítið tóbak. Og gleymdu því ekki, að ég þekki þig ekki og þú ekki mig. Ertu með?“

„Allt í lagi.“

Þegar við vorum komnir á rúmsjó aftur, Kyrrahafsmegin, var Avatin sleppt úr þrúundinni og settur í vinnu á ný. Við forðumst að tala saman nema að nóttu til á afviknum stöðum. Ég gerðist tíður gestur hjá loftskeytamanninum og spurðist fyrir um, hvað gert mundi verða við laumufarþegann, þegar skipið kæmi til Bandaríkjahafna. Ég var hræddur um að honum mundi verða varpað í fangelsi. En mér til hugarléttis heyrði ég, að venjan væri sú að loka slíkan lýð inni meðan staðið væri við í bandarískum höfnum, og reka þá síðan í land í fyrstu höfn í Evrópu. Avatin afréði að halda kyrru fyrir um borð í öllum Bandaríkjahöfnum, en gera tilraun til að strjúka í Vancouver, þegar hann hefði sannfært yfirmennina á *Montpelier* um að hann væri friðsamur og leiðitamar maður.

Einn af vélamönnunum, sem var Havaí-búi, smíðaði lykil að fangaklefa Avatins eftir vaxafsteypu, sem honum hafði tekist að gera. Auk lykilsins þurfti Michael Avatin ekki annað en góða þjöl til að saga sundur handjárnin, þegar tíminn væri kominn. Hann gerði sér far um að ná vinfengi sem flestra manna af áhöfninni, og var það auðsótt, því að sjómenn bera ávallt virðingu fyrir þeim sem er viljugur og duglegur við vinnu á skipinu. Auk þess var Avatin mjög fær rakari, en þá iðn hafði hann lært í lettnesku fangelsi. Meðal þeirra, sem nutu góðs af þessari íþrótt hans, var sjálfur skipstjórinn á *Montpelier*. Þegar skipið varpaði akkerum á ytri höfninni í San Pedro til þess að bíða eftir hafnarlækni og tollvörðum, var Avatin lokaður inni enn á ný, en að þessu sinni var hann ekki settur í járn.

Í þrjá daga var skipað upp vörum í San Pedro. Ég setti mig í samband við nokkra hafnarfulltrúa frá Heimssambandi verkamanna, IWW, og reyndi að sannfæra þá um nauðsyn þess, að myndað yrði alþjóðasamband byltingarsinnaðra sjómanna og hafnarverkamanna. Ég mælti á þessa leið; „Skipaútgerðin er alþjóðleg, og ráðamenn hennar verða einungis yfirbugaðir með alþjóðlegum verkföllum. Hvaða gagn er í verkföllum í bandarískum höfnum, þegar þrír fjórðu hlutar kaupskipaflotans er úti á sjó eða í erlendum höfnum? Ef verkfallið á að bera árangur, verður að stöðva bandarísk skip um allan heim, og ef það á að gerast, verðum við að koma á alþjóðabaráttusamtökum sjómanna. Hið sama gildir um siglingar annarra þjóða.“ Fulltrúarnir játuðu, að röksemdir mínar væru réttar. „Jæja þá,“ hélt ég áfram, „vísir slíkra alþjóðasamtaka er þegar tekinn til starfa í Hamborg, og ferðaeindrekar eru á ferli um allan heim til þess að útbreiða hugmyndina og ráða sér til aðstoðar róttæka sjómannaflokka í öllum mikilvægum hafnarborgum.“



Ég lét það ekki vitnast, að herferð þessari var haldið uppi fyrir fjármagn Moskvuvaldsins og Kominterns. Það var óþarfi. Þegar nógu mörg félög hefðu verið unnin til liðs við fyrirætlanir þessar, var það hlutverk kommúnistasellanna að sjá um að kommúnistar næðu yfirráðum í stjórnnum félaganna. Klukkan sex að morgni, eða klukkustund áður en vinna hófst á skipinu, var ég kominn á fætur og farinn að dreifa bæklingum og flugritum meðal hinna mörgu þúsunda hafnarverkamanna, sem höfðu safnast saman í stórri vöruskemmu nálægt höfninni, en þar völdu verkstjórnir sínar menn úr til vinnu yfir daginn. Á hverjum þessara þriggja morgna rötudu tvö þúsund af áróðursriti Atsjkanovs í hendur og — ég vonaði — hugi eyrarkarlanna í Los Angeles-höfn. Það var ljóst, ef sendimenn á ýmsum skipum dreifðu álíka miklu aðeins einu sinni á viku, að þá mundu áþreifanleg samtök bráðlega fylgja í kjölfar áróðursins. Reglulegar kommúnistadeildir voru ekki til meðal hafnarverkamanna vesturstrandarinnar árið 1924.

*Montpelier* fór frá San Pedro og sigldi til San Francisco. Þar var Michael Avatin enn á ný lokaður inni í klefanum. Ég gekk af skipinu í San Francisco. Kveðjur voru stuttar með okkur. Ég sagðist vera kvíðinn um framtíðarhorfur hans. Hann svaraði með hörkulegri kímni: „Breska heimsveldið er eftirlæti mitt. Þegar það siglir um koll einn góðan veðurdag, fæ ég heiðursmerki í Moskvu.“ Ég fékk honum aftur breska vegabréfið hans og fór leiðar minnar.

„Heilsaðu stúlkunni minni, Mólku, ef þú sérð hana,“ voru kveðjuorð Avatins.

Síðan við skildum þennan þokumorgun í San Francisco hefur fundum okkar Michael Avatins borið margoft saman. En hvorki hann né ég sáum Mólku Stifter frammar. Saga hennar er ein þeirra óteljandi harmsagna, sem þekja valinn eftir herferðir Kominterns.

Árum saman flakkaði Avatin í ýmsum erindagerðum um breska heimsveldið, þangað til Scotland Yard tókst að hafa hendur í hári hans árið 1929. Með aðstoð GPÚ komst hann undan á flóttu og gerðist síðan starfsmaður í utanríkisdeild GPÚ. Malka gegndi á meðan trúnaðarstörfum á ýmsum stöðum í Austur-Evrópu. Hún fórnaði hiklaust æsku sinni og ást fyrir málefnið. Í Komintern vann hún sér orð fyrir sérstaka hæfni til „upplausnar“ starfs meðal hermanna og lögregluþjóna. Hún starfaði í Eystrasaltlöndunum, í Júgóslavíu — kirkjugarði bolsévíkanna — og í Póllandi. Það var að miklu leyti þolgæði Mólku að þakka, hve sterkri aðstöðu Komintern náði innan pólska hersins. Uppþotin, sem urðu árið 1931 í Skierniewice, Lodz og Nova-Vileiko voru að miklu leyti árangur af undirbúningsstarfi hennar. Að lokum tók stjórnmalalögreglan í Póllandi hana höndum. Avatin skeytti engu um skipanir flokksins í gagnstæða átt og braust til Póllands til þess að reyna að frelsa unnustu sína. Það tókst ekki. Sögur um meðferð þá sem Malka hafði orðið fyrir af hendi Zaremba lögreglufulltrúa í fangelsinu í Lvov, kveiktu í brjósti Avatins það óslökkvandi hatur á lögreglumönnum og lögreglunjósnurum, er gerði hann síðar að miskunnarlausum ofsækjanda og böðli allra njósnara. Þrátt fyrir pyndingar í margar vikur tókst ekki að veiða upp úr Mólku nöfnin á þeim kommúnistum, sem

störfuðu í pólska hemum. En þeir brutu mótstöðuafli hennar áður en lauk. Í sjúkradeild fangelsisins gaf hún upp nöfn félaga sinna, eftir að Zaremba, djöfullegur grimmdarseggur, hafði í tvö skipti látið stinga heitum járnum í kynfæri hennar. Þessi grimmdarverk áttu sér stað seint í desember 1930 og aftur í annarri viku janúar 1931. Kommúnistar, sem sloppið höfðu úr fangelsinu í Lvov, báru fregnir um þetta til Berlínar. Georgí Dímitrov, sem var þá yfirmaður Berlínarskrifstofunnar, taldi hana svikara. Engu að síður kom Avatin því til leiðar, að nafn hennar var skrásett á lista um píslarvotta kommúnismans.

# Ég ræðst á Kyrrahafið

MEÐ OFSA KROSSFARANS steypiti ég mér út í leynistarfsemi mína á Kyrrahafsströnd. Í vikutíma safnaði ég upplýsingum um strandvarnarliðið. Ég var tíður gestur á bryggju strandvarnarliðsins við Embarcadero og leitaði kunningskappar við áhafnir varðskipanna, er þau komu úr eftirlitsferðum. Ég kynnti mér skilyrðin til skráningar í liðið og slóst í för með liðsmönnum, þegar þeir áttu landleyfi. Seint á kvöldin laumaðist ég um borð í skipin og kom fyrir kommúnistaflugritum, svo að þau myndu að morgni. Í lok vikunnar fór ég til þess að fullkomna verkið á bækistöð strandvarnarliðsins og sótti um að fá opinbert björgunarbátskírteini. Ég og aðrir umsækjendur mönnum björgunarbát og rerum út í flóann til þess að láta prófa sjómenskuhæfileika okkar. Meðal átta umsækjenda var ég sá eini, sem stóðst prófið. Ég fékk vottorð, undirritað af Patricius nokkrum, skipstjóra, um að ég væri fullgildur liðsmaður í björgunarbátsliði Bandaríkjanna. Með þetta skjal í vasanum fannst mér ég vera öruggari. Sama kvöldið sendi ég Albert Walter skýrslu með sundurliðun á þeim upplýsingum, sem ég hafði safnað um strandvarnarliðið.

Næstu fimm mánuði flakkaði ég víða um vesturströndina, frá Puget Sound til San Diego. Sjaldan stóð ég lengur við á sama stað en viku. Með hverju skipi Roland-línunnar fékk ég sendingar af áróðursritum frá Hamborg, og ég dreifði dyggilega hverju einasta og vanrækti jafnvel ekki minni hafnarborgirnar, eins og til dæmis Santa Barbara eða Eureka eða Newport í Oregon. Peninga fékk ég ekki. Í bréfum sínum kvartaði Albert Walter um miklar skuldbindingar, sem flokkurinn hefði tekist á hendur annars staðar. Ég ferðaðist mörg þúsund kílómetra þessa mánuði, en ferðakostnaður minn var því sem næst enginn. Oftast nær faldi ég mig um borð í skipunum og notaði til þess hraðskreiðustu strandferðaskipin, *Yale* og *Harvard*.

Alla þessa mánuði fékk ég mér aldrei vínklas, tók aldrei hvíldardag og leit ekki við nokkurri stúlku. Ég lifði ekki fyrir annað en málefnið. Samt fann ég stundum sárt til einveru. Eitt kvöld er mér í minni, er ég sat á timburhlaða við höfnina í Tacoma, farinn að kröftum og kominn að því að gefast upp og svikjast undan merkjum. „Lífið,“ hugsaði ég, „gæti verið svo skemmtilegt, svo þægilegt, ef ég færi að hugsa um sjálfan mig; ég gæti lært iðn eða byrjað verslun, átt stóran, nýjan bíl og gott heimili — þá mundi lífið vera leikur.“ Augabragði síðar grómdust mér þessar borgaralegu hugsanir mínar svo, að ég þreif timburkubb og kýldi honum í höfuðið á sjálfum mér.

Albert Walter, Atsjkanov og Ryatt höfðu fyllstu ástæðu til að vera ánægðir með

mig. Í lok nóvember hafði ég komið skrifstofunni í Hamborg í samband við litla, en sæmilega áreiðanlega aðgerðaflokkka í Seattle, Grays Harbour, Portland, Astoria, San Francisco og San Pedro. Ég afréð nú að fara til Havaí.

Í Hamborg hafði mér verið gefið upp nafn starfsmanns í bandaríska Skipaieigendafélaginu, sem hægt væri að múta. Okkur var sagt, að þessi starfsmaður mundi ráða hvern sem væri á hvaða skip sem væri, fyrir tíu dala ómakslaun. Það var mjög mikilsvert að hafa slíkan mann við hendina, og það var jafnmikilsvert, að hann fengi ekki neinn grun um, að hann væri að aðstoða flugumenn kommúnista við að festa þeirra menn á mikilvægum siglingaleiðum.

Það var hægur vandi. Ég fór til San Pedro og spurði eftir herra X, sem var stór, fríður maður, sléttur í andliti, á skrifstofu skipaieigendafélagsins. Ég hafði verið önnum kafinn í tvo daga við að smíða lítið skipslíkan í flösku, og það færði ég herra X. Hann tók við því fegins hendi. Morguninn eftir skrifaði ég honum: „Gætuð þér gert svo vel að skrá mig á skip til Honolulu.“ Ég setti bréfið í umslag ásamt tíu dala seðli og lagði það á skrifborð hans. Áður en vikan var liðin, var ég orðinn háseti á *Calawaii*, skrautlegu farþegaskipi frá Los Angeles-eimskipafélaginu. Þegar fyrsti stýrimaður spurði mig, hvort ég væri Bandaríkjaþegn, svaraði ég: „Já, herra minn,“ og þá var þeirri yfirheyrslu lokið.

*Calawaii*, hvítmálað milli stafna, var í áætlunarferðum til Havaí. Hver ferð fram og aftur tók þrjár vikur, og var einni vikunni varið til siglinga milli eyjanna, en aðalhafnirnar voru Honolulu og Hilo.

Við hreptum veðurblíðu á leiðinni til Honolulu. Hin villta, heita, vogskorna ásjóna eldfjallsins Molokai virtist hlæja í fjarlægð að hugmyndinni um að bylting gæti nokkurn tíma numið land á þessari strönd. Hvítu brotsjóirnir, sem byltu sér yfir blárauða kletta, mávarnir, sem svifu um loftið, fagurgærnu hæðirnar hlógu dátt að þessum lærlingsholpi Leníns. Ég fór að hugsa um friðsamlega, raulandi fiskimenn, brúnar meyar með freistandi mjadmir og um Cook skipstjóra. Dökkleitir sveinar köfudu eftir aurum í höfninni og á bryggjunni köstuðu gildvöxnu tónlistarmennirnir í Royal Hawaiian Band á okkur kveðju í tönnum. En að baki bjarteyga, bjartklædda fólksfjöldans með logarauðar blómafestar um hálsinn sá ég það sem ég var að leita að: röð af mongólskum andlitum, snjáðum verkamannafötum og ermalausum nankinskyrtum. Öreigalýðurinn! Ég hresstist við.

Mér var sagt, að fjörutíu af hverjum hundrað íbúa væru Japanir, en Filipínar, Kínverjar og Portúgalir væru næstir þeim að fólksfjölda. Allt, sem ég heyrði og las um kynflokkaskipun og þjóðfélagsástæður á Havaí, ritaði ég niður í langri, þrjátíu blaðsíðu skýrslu, sem ég sendi til Hamborgar. Fimm árum síðar sá ég þessa skýrslu í Moskvu, á skrifstofu Lozovskíjs, sem heitir réttu nafni S. A. Drízdo og er leiðtogi Alþjóðasambands verkalýðsins, Profinterns. Hún var merkt með rauðum blýanti „*Sehr interessant*“. Og setning um, að dreifa bæri jöfnum höndum spænskum, portúgölskum, kínverskum, japönskum og enskum áróðursritum um Honolulu, var einnig undirstrikuð með rauðu. Í þessari fyrstu ferð hafði ég ekki annað

meðferðis en bæklinga og flugrit á japönsku. Ég sá til þess, að hafnarbakkarnir í Honolulu og Hilo voru þaktir þessum ritum dögum saman. Ég dreifði þeim í ísbúðum við höfnina, á leyniknæpum og á fjöldamörgum japönskum „nuddstofum“, sem voru nokkurs konar vændiskvennahús fátæklinganna. Ég sneri aftur til San Pedro á *Calawaii* og safnaði þar öllu því áróðursefni á japönsku, spænsku og ensku, sem ég gat náð í. Í annari og þriðju ferð minni til eyjanna fór ég um borð í hvert einasta skip sem lá á höfninni í Honolulu, þar á meðal strandferðaskip, tvö japönsk skip og rásiglda seglskipið *Tusitala* frá New York. Yfirmenn sumra eimskipanna ráku mig í land, en á mörgum farþegaskipum fann ég fyrir efnilega unga skoðanabræður. Nöfn þeirra sendi ég til Hamborgar, svo hægt væri að fela aðgerðasinnum í öðrum höfnum að halda áfram að mynda kommúnistasellur á skipum þessum. Í Hilo leigði ég mér bifreið og ók í sex klukkustundir um sykurog ananasekrur. Hvar sem ég sá filipíska verkamenn að vinnu, hrópaði ég til þess að vekja athygli þeirra og kastaði síðan handfylli af flugritum á spænsku út úr bílnum. Maður með hermannlegt rautt yfirskegg elti mig uppi í skröltandi Fordbíl og skipaði mér út af landareigninni eða verða settur í fangelsi ella. Bílstjórinn baðst innilega afsökunar. Við ókum aftur til Hilo. Þetta var, að ég held í fyrsta skipti í sögunni, sem vígorðið „Öreigar allra landa, sameinist!“ barst í hendur verkamanna á ekrunum í Havai.

Í þriðju för minni milli Kaliforníu og Honolulu fékk ég sjaldgæft tækifæri til að kynnst persónulega allmiklum fjölda filipískra verkamanna. Meðan við lágum í höfn í Los Angeles, tók ég eftir að það var verið að koma fyrir mörg hundruð óhefludum timburfletum milli þilja á *Calawaii*. Þegar ég spurði um tilgang þessara innrétinga, svaraði bátsmaðurinn: „Þrælaflutningar“. Við áttum að flytja stóran farm ekruverkamanna, sem voru nýkomnir frá Luzon, til Honolulu.

Filipínunum var ekki leyft að koma upp á þilfar eftir að lagt var úr höfn. Það vakti hjá mér gremju, að sællegir, prúðbúnir karlmenn og skrautklæddar konur, sem ferðudust á fyrsta og öðru farrými, gátu slæpst og leikið sér og dansað í sólskininu og undir stjörnunum á meðan mörgum sinnum fleiri hörundsökkir erfiðismenn urðu að hírast í þrengslum, myrkri og ódaun milli þilja. Ég dvaldi löngum meðal Filipínanna. Það má vera, að þessir synir hinna sjö þúsund eyja hafi verið í augum ókunnugra eins og leiðinlegur þrælalýður, en ég varð þess fljótt var, að þessir menn, sem voru aldir á hrísgrjónum og farið var með eins og kvikfénað, elskuðu ættjörð sína, og margir þeirra létu í ljós óskir um að hún yrði frjáls. Rúmlega helmingur þeirra var læs, og fjórði hluti talaði og skildi ensku. Kenningar kommúnista, sem, þegar um kúgaðar þjóðir er að ræða, sameina í sér vígorð stéttaráttunnar og þjóðfrelsisbaráttunnar, féllu hér í frjóan jarðveg, þegar þeim hafði verið snúið á einfalt mál. Það snart sýnilega hina filipísku áheyrendur mína, þegar ég skýrði fyrir þeim þá kenningu, að allir menn væru jafnréttáir, að fyrsta skrefið í baráttunni um jafnrétti væri baráttan um sömu kjör og hvítu verkamennirnir nytu og að besta aðferðin til þess að fá þessu framgengt væru verkföll um uppskerutímamann.

Einn þeirra, gamall maður, sem virtist líkur Herkúlesi að burðum, spurði mig: „Er það vilji Guðs?“

„Áreiðanlega,“ sagði ég. „Guð skapaði ekki ríka menn og fátæka.“

Oftar en einu sinni, þegar lítið var að gera, kom mér sú freisting að gerast latur og ánægður Havaí-búi, í landi blómanna, brimsins, sem freyðir eins og kampavín og frjálsum lifnaðarháttanna. En þegar ég kom til San Pedro úr þriðju för minni til eyjanna, beið mín bréf frá Hamborg á sjómanna- og hermannaheimili KFUM. Albert Walter skrifaði mér að flokksdeild hans væri að undirbúa alheims-herferð gegn sjómannatrúboðum, og í þessu skyni þurfti hann að fá upplýsingar um starfsemi stofnana Sjómannakirkjunnar amerísku, en það var haldið, að skipaeigendur héldu þeim uppi til þess að draga úr áhrifum stéttarígsáróðursins. Hann skipaði mér að safna áreiðanlegum heimildum um lífsskilyrði sjómanna á olíuflutningaskipum Standard Oil. Slíkar upplýsingar voru nauðsynlegar til þess að komið yrði á fast snið stefnuskrám fyrir áhafnir olíuflutningaskipa. Olíuflutningar mundu verða ein aðallífæð ókominna styrjalda. Yfirráð kommúnista í þessari siglingagrein höfðu verið gerð að mikilvægu atriði í stefnuskrá siglingamálaeildar Kominterns.

Ég gekk í land af *Calawaii* í febrúar 1925 og lagði af stað í fjöggra vikna ferð milli stofnana Sjómannakirkjunnar á vesturströndinni. Sjómannastofurnar í amerískum höfnum voru hinar bestu í heimi. Þar voru lestrarstofur og bókasöfn, þar var tekið á móti pósti og hann framsendur og heilnæmar máltíðir framreiddar fyrir lægra verð en á flestum gistihúsum. Þar var haldið uppi ókeypis vinnumiðlun fyrir háseta og vélamenn og sjómönnum veitt lögfræðileg aðstoð. Á stofum þessum voru haldin samkvæmiskvöld, dansleikir og fyrirlestrar; þar voru jafnvel sýndar kvikmyndir ókeypis. Í sumum stóðu svefnskálar og stök herbergi atvinnulausum sjómönnum til umráða fyrir lágt gjald. Andrúmsloftið í þessum stofnunum var heilnæmt og fjörgandi. Þar voru ekki gerðar ófyrirleitnar tilraunir til að „frelsa sálir“. Það var ekki krafist neinna félagsgjalda. Þó að drukknir menn og tortryggilegt kvenfólk fengi ekki aðgang, voru Sjómannastofurnar stofnanir, sem sjómenn undu sér vel í í tómstundum sínum við að skrifa bréf, lesa, tefla og fleira.

En frá sjónarmiði kommúnista ráku Sjómannastofurnar erindi skipaeigenda og voru stofnaðar til þess að prédika undirgefni og guðstrú. Það var lítið á þær sem birgðastöðvar verkfallsbrjóta og njósnameiðstöðvar gegn uppreisnarmönnum og óróaseggjum, sem alltaf var nóg af meðal sjómanna. Þess vegna þurfti að fletta ofan af þeim og berjast gegn þeim með öllum ráðum. Áætlun um þessa herferð var gerð í Hamborg og Moskvu árið 1924. Um leið var tekin ákvörðun um að setja á stofn alþjóðasjómannafélög kommúnista í öllum mikilvægum höfnum. Og ef Alþjóða-sjómannafélagin, *Interclub*, áttu að geta þrífist sem menningar-, uppeldis- og stjórnmálameiðstöðvar þeirra sem sjóinn stunda, þurfti að geryða Sjómannastofunum og taka fyrir rætur þeirra. Stríðinu gegn þeim var haldið uppi í mörg ár, og náði það hámarki snemma á fjórða tug aldarinnar, þegar skemmdarflokkar undir stjórn

kommúnista komu af stað uppþotum á sjómannaheimilum, þar á meðal á þeim stærstu í New York.

Fyrsta könnunar- og útvarðabarátta á þessu sviði féll í minn hlut. Í San Pedro, San Francisco og Seattle ávann ég mér hylli hinna viðmótsþýðu forstjóra Sjómannastofanna með því að bjóðast til að vinna sem sjálfboðaliði. Ég tók að mér að gera hreint í lestrarherbergjum og skrifstofum og ganga á skipin í leit að sjómönnum, sem vildu og gætu sungið á skemmtikvöldum. Á þennan hátt fékk ég vitneskju um fyrirkomulag þessara stofnana og starfsaðferðir þeirra. Ég sat um að lesa bréf, sem lágu á skrifborðum forstjóranna og að komast að því, hvaðan stofnanirnar þæðu fjárstyrk. Ég setti jafnvel saman lauslega skýrslu um tölu þeirra sjómanna, sem nutu góðs af gestrisni stofnananna. Á hverju kvöldi skrifaði ég gaumgæfilega hjá mér allt, sem ég hafði orðið vísari, og í lok mánaðarins sendi ég Albert Walter í Hamborg allan ávöxt iðju minnar. Mér var meinilla við þessar smásálarlegu njósnir. Verklegar framkvæmdir féllu mér betur í geð en laumuspil og bakdyrakænsla.

Ég hélt til San Pedro og mútaði herra X. til að útvega mér vist á olíuflutningaskipi frá Standard Oil.

Skipið var *El Segundo* frá Standard Oil í Kaliforníu. Helmingur af áhöfn þess voru stúdentar, sem höfðu gerst sjómenn af áhuga og gróðavon. Ég hóf umbóta- starf mitt meðal þeirra af fullum krafti, en árangurinn varð nauðalíttill. Þegar við vorum á rúmsjó, glumdi hásetakáetan við af villtu stjórnmálarifrildi, stundum fram að miðnætti. Ég kynnti mér einnig lífsskilyrði þeirra manna af áhöfninni, sem höfðu sjómennsku að atvinnu. Ég fékk tvo þeirra til að ganga í Alþjóðasamband sjómanna í því skyni að halda við sundrungarstarfsemi innan þess félagsskapar. Ég hafði sjálfur gengið í sambandið meðan ég var á *Calawaii* og hafði tekið að stofna andstöðuflokk í San Pedro, sem hafði það hlutverk með höndum að sverta leiðtoga sambandsins í augum félagsmanna og tefja málarekstur þeirra á fundum. Allir, nema þessir tveir af áhöfn *El Segundo*, létu fortölur mínar sem vind um eyrun þjóta. Sjómenn hjá Standard Oil fengu góðan mat og gott kaup og létu sér röksemdir kommúnista í léttu rúmi liggja. Af öllum þeim olíuskipum, sem ég kom á þetta ár, sem ég flakkaði um vesturströndina, tókst mér ekki að mynda kommúnistasamtök nema á einu.

Við komum aftur til San Pedro, og þar var ég svo óheppinn að verða af skipinu. En yfirumsjónarmaður Standard Oil, Pendergast að nafni, gaf mér meðmælabréf.

Eftir að hafa rekið hernað einn míns liðs í heilt ár var mér innanbrjósts eins og manni sem moka vatni í botnlausu tunnu. Ég þræði að fá að umgangast menn, sem væru mér meiri. Engan þeirra, sem ég hafði hitt fyrir síðan ég fór frá Hamborg, þóttist ég geta talið það. Mig dreymdi um að fá einhvern tíma að stjórna geysistörum fylkingum verkamanna í víglínu byltingarinnar. Mig dreymdi líka um að verða einhvern tíma skipstjóri á einhverju af bestu farþegaskipum, sem til væru. En mér var varnað þess með lögum að komast í tölu yfirmanna í kaupskipaflota Bandaríkjanna eða annarra þjóða. Þar var ekki þörf fyrir útlendinga. Og í Þýskalandi var þörf

fyrir mig — til þess að taka upp vopn gegn stjórninni. Verkamannabylting virtist vera eina leiðin. Gömlum lagasetningum mundi verða sópað burt og með þeim upphafsmönnum þeirra. En byltingar yrðu ekki framkvæmdar í Bandaríkjunum. Þær yrðu framkvæmdar í Evrópu og Asíu. Ég afréð að snúa aftur til Evrópu. Einn af yngri bræðrum mínum hafði komið til vesturstrandarinnar á norska flutninga-skipinu *Højanger*. Við höfðum skipti á skilríkjum okkar. Ég mundi verða öruggari í Evrópu, ef ég gengi undir hans nafni.

Einkennilegur samviskukippur kom mér til að fresta brottför minni. Ég minntist þess, að foringjarnir í Hamborg höfðu ætlast til þess að ég kynnti mér hvalabyssu, sem notuð var á hvalveiðiskipum frá San Francisco. Albert Walter hafði ekki minnst á málið í bréfum sínum, og ég leit ekki svo á, að það hefði neina sérstaka þýðingu. Ég hélt að það væri eitt þeirra smáu verkefna, sem ungum kommúnistum eru fengin í hendur til þess að prófa hæfni þeirra til njósna um atvinnuvegina.

Ég fór til San Francisco og sýndi meðmælabréfið frá Standard Oil á skrifstofu Sjávarafurðafélags Kaliforníu. Innan tveggja daga var ég orðinn háseti á hvalveiðiskipinu *Traveller*.

Fiskimið okkar voru á hafinu norður og suður af hinum klettóttu Farallon-eyjum, en þar var enn gnægð af hvölum, smáum og stórum. Dýrin voru drepin með skutli, sem skotið var af lítilli fallbyssu í stafni skipsins. Þau voru síðan dregin upp að skipshliðinni og dælt lofti í þau, svo að þau héldust á floti. Skrokkarnir voru dregnir til Monterey, en þar voru þeir skornir í sundur og soðnir og unnin úr þeim efni til framleiðslu á sápu, ilmvötnum og smjörlíki. Hver ferð tók fjóra til fimm daga. Á tíu dögum flutti *Traveller* sjö smáhvali og tíu stórhveli til sláturhúsanna á ströndinni við Monterey.

Mér varð illt af þessum tíu dögum. Það var fögur sjón að sjá lifandi hval sveigja fimmtíu smáesta skrokk sinn á yfirborðinu af undraverðri lipurð. Ég lét töfrast af þessari samstillingu kraftarins og þokkans, sem náttúran hafði varið svo mörgum árum í að skapa. Síðan kom maðurinn, gráðugur, miskunnarlaus, undirföfull, og faldi sprengju í broddi skutuls síns til þess að tæta í sundur hjarta og lungu hvalsins. Að sjá hvalinn kveljast í dauðastríði fram undan skipinu, særðan, blóðugan, og geta hvorki hljóðað af kvölum sínum né drepit morðingja sína var sjón, sem ég þoldi ekki. Þegar hræ hans var hlekkjað við skipshliðina, angandi af rotnunarlykt — hvílík endalok voru þá búin hinum góðlega risa hafsins!

Nýjasta gerð hvalabyssu var til um borð á *Hawk*, nýrra systurskipi *Travellers*. Ég sat drykklanga stund hjá skyttunni á *Hawk*, meðan hann var að hreinsa fallbyssuna. Hann svaraði fúslega og hreykinn spurningum mínum um gerð byssunnar og meðferð. Ég fékk lánaða myndavél hjá matsveininum og tók sex myndir af byssunni frá ýmsum hliðum. Ég lét framkalla filmuna og sendi hana ásamt stuttri skýrslu til Hamborgar. Síðan strauk ég af skipinu án þess einu sinni að krefja um kaupit.

Ég var að leita að skipi í San Pedro til þess að komast á til Evrópu, þegar ég fékk stutt bréf frá Albert Walter með ósk um að ég léti aftur skrá mig á *Calawaii*. Í



bréfinu stóð orðrétt: „Við höfum heyrt að filípísku verkamennirnir á Havaí vinni ákvæðisvinnu og muni snúa aftur til Filípseyja, þegar þar að kemur. Okkur þætti þess vegna mikill fengur í að fá að vita, hvort þessum verkamönnum sé frjálst að taka þátt í stjórn málanámskeiðum áður en þeir fara heim til sín. Félagi B. er nú bátsmaður á *Calawaii* og mun hafa samstarf við þig. Með alþjóðakveðju, A. W.“

Þegar *Calawaii* lagði að bryggju, gekk ég um borð og gerði boð fyrir bátsmanninn. Hann var Þjóðverji, maður um þrítugsaldur, ljóshærður, þegjandalegur og harðger, sjógarpur mikill. Ég sýndi honum bréfið frá Hamborg, og hann sá um að ég væri skráður á skipið. Félagi B. hafði verið stríðsfangi í Síberíu. Eins og margir aðrir þýskir stríðsfangar hafði hann gengið í bolsévíkaflokkinn eftir ráðstjórnarbyltinguna og tekið þátt í borgarastyrjöldinni. Siglingamáladeild Kominterns hafði sent hann utan árið 1923, og hafði hann með höndum áróðurs- og milligöngustörf á vesturströnd Norður- og Suður-Ameríku.

Annað kvöldið eftir að við komum til Honolulu, safnaði félagi B. fjórum eða fimm skoðanabráðrum okkar þar saman og fylgdi þeim um borð til ráðstefnu. Fundurinn var haldinn í litla tveggja manna klefanum okkar B. frammi á skipinu. Fundurinn bar engan ávöxt. Gervikommúnistarnir í Honolulu þjáðust af veikni þeirri á háu stigi, sem Komintern-félagar kalla fyrir litlega *Lokalpatriotism*, átt-hagasósíalismi. Félagi B. talaði yfir hausamótum þeirra af mikilli þolinmæði. Við þrefuðum tímunum saman og vorum oft háværari en skynsemin bauð. Það sem við vissum ekki var, að einn af skipshöfninni, ungur maður í einhverju bandarísku þjóðræknisfélagi, lá á hleri við þunna tréskilrúmið í næsta klefa við okkur.

Daginn eftir, er við sigldum til Hilo á heiðbláum öldum, kallaði fyrsti stýrimaður okkur B. til sín. Hann hét Wells og var fríður maður, dugandi sjómaður og lét ekki hlaupa með sig í gönur. Wells hallaði sér upp að borðstokknum og leit á okkur hvössum augum. „Þetta verður að taka enda, góðu menn,“ sagði hann. „Mér hefur borist til eyrna að þið séuð fulltrúar frá Heimssambandi verkamanna. Við viljum enga krata á skipi okkar. Og ég vil ekki hafa fleiri leynilega æsingafundi á mínu skipi.“

Í nokkrar mínútur stóðum við sem steini lostnir. „Herra stýrimaður,“ sagði félagi B. „Mér þætti gaman að vita, hvaða falshundur ...“

„Þetta er nóg,“ tók stýrimaðurinn fram í, og sneri sér á hæl. „Þið vitið hvað ég á við. Það var ekki meira.“

Við vorum ekki í neinum vafa um, hver njósnarinn á skipinu var. Sú trú hans, að við værum í Heimssambandi verkamanna, IWW, sannaði það eitt, að hann hafði ekki skilið of mikið af umræðunum. Andstyggð mín á söguberum var svo áköf, að ég vildi samstundis halda á fund njósnarans og leyfa honum að njóta þess, sem Ernst Thälmann kallaði „öreiga-nudd“. En félagi B. var stilltari og reyndari en ég og aftraði mér frá því.

Þetta sama kvöld fór ég í land í Hilo til þess að fá mér hressingu í einni ísbúðinni við höfnina. Þegar ég kom þangað inn, sá ég piltinn, sem ég hafði grunaðan um

söguburðinn. Hann var vel þéttur af okolehao, rótarbrennivíni frá Havaí, og mjög derrinn. Hann var með hníf í hendi og var að skemmta sér við að skera ýmsa Havaí-minjagripi ofan af vegg, þar sem þeir höfðu verið hengdir til sýnis. Þegar hann sá mig, dansaði hann og hrein: „Hallelúja, ég vil ekki vinna! IWW — I Won't Work!“ Nú var ég viss í minni sök. Ég lét tvö hnefahögg dynja á andliti hans, sneri mér síðan við og fór um borð. Við vaktaskipti morguninn eftir sá ég, að hann vantaði tvær framtennur. Hann leit á mig út undan sér og þagði.

En hann hefndi sín. *Calawaii* var tæplega lagst við bryggju í San Pedro tíu dögum síðar, þegar útlendingaeftirlitið kom um borð. Þeir skildu eftir vörð við landganginn. Mér var skipað að mæta í klefa skipstjórans með alla pappíra mína. Félagi B. var einnig kallaður þangað. Þegar þangað kom, tóku tveir einkennisklæddir menn af mér sjóferðavottorð mitt, björgunarbátsskírteinið og sjóferðabókin frá skipaeigendafélaginu. Þeir sögðu mér að bíða í klefa mínum, þangað til kallað yrði á mig.

Skömmu síðar æddi félagi B. bölvandi inn í klefann.

„Við verðum að forða okkur,“ sagði hann.

Við komum okkur saman um að hittast í landi og skildum. Við heyrðum rödd kalla nöfn okkar úr klefadyrunum. Ég hljóp eftir neðra þilfarinu að lúgugati miðskipa, sem notað var til þess að hella eldhúsúrgangi í sjóinn. Ég smeygði mér gegnum gatið. Það var svo langt að bryggjubrúninni að ég gat ekki náð handfestu. En neðst í bilinu milli skips og bryggju voru breiðir bitar steyptrir í bryggjuna. Yfirborð þeirra var slímugt og skelgróið. Ég skreið eftir bitunum aftur fyrir skut skipsins. Þar lá rimlastigi upp á bryggjuna. Ég skreið upp stigann og hvarf inn í myrkrið í stórrí vöruskemmu.

Ég hitti félagi B. í spákonuskála í skemmtanahverfinu í Long Beach, Langasandi, nokkra kílómetra frá Kyrrahafskvíunum. Það hafði verið hafin leit að okkur um allt San Pedro og Wilmington. Félagi B. hafði komist á brott með peninga sína, en ég hafði engu bjargað. Berhöfðaðir, í khaki-skyrtum, verkamannabuxum og strigaskóm sátum við og lögðum saman ráð okkar. Við sáum engar líkur til þess að komast í annað skip á vesturströndinni. Við vorum báðir flóttamenn frá Þýskalandi og hvorugur okkar hafði nokkur skilríki í höndum. Allar eigur okkar voru um borð í *Calawaii*.

Ég þekkti konu á Langasandi, sem hafði farið að leika sér að kommúnisma, vegna þess að henni tókst ekki að vinna ástir manns, sem hún elskaði. Hún var frammistöðustúlka í veitingahúsi við ströndina. Klukkan ellefu, þegar veitingahúsinu var lokað, fór ég á fund hennar og skýrði henni frá vandræðum okkar. Hún bauðst til að fara um borð og gæta að, hvort varðmennirnir væru farnir. Á meðan biðum við í tómunum járnbrautarvagni, hundrað metra frá skipinu. Hún kom aftur og sagði, að það væru enn tveir varðmenn við landganginn.

Í næturmyrkrinu tókum við, félagi B. og ég, bát traustataki og rerum að þeirri skipshliðinni, sem vissi frá bryggjunni. Allmargir flutningaprammar lágu við festar

við skipið. Í myrkrinu féll ég gegnum lestarop ofan í lest á einum prammanum og missti meðvitund um skeið. Það var kraftaverk, að ég skyldi þó vera heill og óbrotinn. Félagi B. vatt mér upp á þilfarið og lífgaði mig við með sjó úr höfninni. Síðan klifraði hann upp hliðina á *Calawaii*, og tíu mínútum síðar lét hann eigur okkar síga niður í bátinn, sem ég hafði á meðan róið undir stafn skipsins. Við rerum hljóðlega og lentum á eyðilegum stað í höfninni, þar sem engir tollverðir voru nálægir. Um nóttina sváfum við í litlu íbúðinni hennar vinkonu okkar, þernunnar frá Langasandi.

Félagi B. hafði í hyggju að laumast um borð í skip og fara aðra för til Havaí. Ég spurði hann, hvort hann vantaði aðstoðarmann.

„Nei,“ sagði hann. „Þú ert of stór vexti og fyrirferðarmikill.“ Hann gat ekki fyrirgefið mér, að ég skyldi hlaupa á mig og slá söguberann í Hilo. Hann gaf mér peninga fyrir fargjaldi til St. Louis. Þar fór ég í þýska klúbbinn og bað um fjárstyrk til að komast til New York. Félagar klúbbsins höfðu mestan áhuga á kórsöng og innanhússleikfimi. Þeir skutu saman þremur dölum handa mér og kynntu mig góðlátlegum þýskum saumavélarafarandsala, sem ætlaði að aka í bíl til New York og þótti vænt um að fá fylgdarmann í förina.

New York hafði ruglandi og þjakandi áhrif á mig. Ég hafði þar aðeins skamma viðdvöl, þangað til mér hafði tekist að fá einn landkrabbann, sem rak sjómiðlun sína í skuggalegu loftherbergi við South Street, til að útvega mér skipsrúm á belgísku skipi, *Carlier*. Hálfum mánuði síðar, snemma um haustið 1925, gekk ég af skipinu í Antwerpen.

# Vegurinn til Lenínsgarðs

HAFNARHVERFIN Í ANTWERPEN höfðu í fjarveru minni orðið fyrir gagngerri hreinsun, sem framkvæmd hafði verið fyrir áhrif kaþólskra manna. Þeir höfðu háð herferð af kappi miklu í þessu skyni. Lögreglu eftirlit var orðið miklu strangara. Nú átti það sér ekki lengur stað, að allsnaktar skækjur lægju úti í gluggum beint á móti dómkirkjunni og ginntu sjómenn, er gengu fram hjá, til sín með ópum. Fjölmennu opinberu pútnahúsin voru horfin. Flokkum auðnuleysingja og hrakmenna frá öllum ströndum jarðar var ekki lengur leyft að tjalda við gangstígana meðfram fljótinu. Hundruð karla og kvenna, sem ráku veitingahús frá Rínarbyggju til Síberíukvía, voru óþýðari og súrari í viðmóti, síðan Antwerpen missti nafn sitt sem villtasta og spilltasta hafnarborg í heimi í hendur Hamborgar, Shanghai og Alexandríu.

Og Bandura var ekki lengur í Antwerpen. Ég varð fyrir vonbrigðum, þegar ég heyrði, að það hefði tekist að fá þann gamla vígamann til þess að gera gælur við flokksaga kommúnista. Eftir síendurteknar handtökur og brottflutning úr landi til Hollands og Frakklands hafði hann alltaf snúið aftur til Antwerpen, en nú hafði hann verið tældur til að flytja búferlum til Hamborgar, því að þar var hægt að koma við strangara eftirliti með gjörðum hans. Aðgerðaflokkarnir við höfnina í Antwerpen voru komnir algerlega undir stjórn kommúnista, og hafði Ungverjinn Ilja Weiss eftirlitið með höndum, en sér til aðstoðar hafði hann kínverskan stúdent frá Berlín og „Rauða“ McGrath, stríðsmann frá Nýja Sjálandi með andlit, sem líktist snoppu á hesti. Þeir fengu mánaðarstyrk úr sjóði Alberts Walters og dreifðu áróðursritum sínum um átta hundruð skip að meðaltali á mánuði.

Í bréfi frá Albert Walter var mér skyndilega skipað að fara frá Antwerpen. Það var svo að sjá sem ég hefði verið valinn til þess að ganga á sérstakt æfinganámskeið við kommúnistaskóla í Lenínsgarði. Mér var skipað að sækja öll skilríki til ferðarinnar til félaga Anton í Merksem, einni af útborgum Antwerpen. Þar hitti ég fyrir smekklegra kramvöruverslun, en að baki hennar var skrifstofa með skrautlegum húsgögnum. Hæversk kona fylgdi mér inn á þessa innri skrifstofu til félaga Antons. Hann var yfir 180 sentimetra á hæð, strangur á svip og kurteis í framgöngu. Hann líktist meira kirkjuræknum borgara en fulltrúa GPÚ. Samt komst ég að því síðar, að hann hafði með höndum yfirstjórn á öllum framkvæmdum GPÚ í Flandern. Hann hafði sitt einkalið sem var óháð annarri flokksstarfsemi, og vissu ekki einu sinni Ilja Weiss og leiðtogarnir á staðnum, að það væri til.

Félagi Anton talaði ágætlega þýsku, ensku, frönsku og móðurmál sitt, flæmsku.

Hann tók á móti mér á kaupskýslumannaþvísi. Hann vissi fyrirfram, að mín var von, og hafði tilbúið handa mér vélritað skjal á rússnesku með tveimur stórum, bláum ráðstjórnarinnisglum. Hann fékk mér tuttugu hollensk gyllini og gaf mér nákvæmar leiðbeiningar um, hvernig ég ætti að komast til Rússlands, en þegar þangað kæmi, bar mér að ganga á fund félaga Ryatts í Lenínsgarði.

Skipið, sem ég átti að taka mér far með, var *Russ*, þýskt skip, sem ráðstjórnin hafði tekið á leigu. Það átti að fara frá Rotterdam með járnfarm til Lenínsgarðs. Ég fór til Hollands eftir neðanjarðarleiddum. Við alla helstu vegi yfir landamærin hafði Komintern sett á stofn hraðboðastöðvar, sem höfðu það hlutverk að fylgja kommúnistum í ólöglegum erindagerðum yfir landamærin. Ég fór með járnbrautarlest til landamærabæjarins Esschen. Þrúðbúiinn ungur maður beið eftir mér á járnbrautarstöðinni. Hann var með tvö reiðhjól, annað handa sjálfum sér, hitt handa mér. Við biðum þangað til dimmt var orðið. Í hægðum okkar ókum við eftir afskekktum vegum í norðurátt. Enginn landamæravörður stöðvaði okkur. Tveimur klukkustundum síðar komum við til hollensku borgarinnar Rozendaal. Fylgdarmaður minn kvaddi mig við lestina til Rotterdam. Sjálfur hélt hann aftur til stöðva sinna Belgíumegin við landamærin.

Enda þótt ég greiddi ekki farið, þurfti ég ekki að fela mig um bord, nema rétt á meðan við fórum í gegnum Kílarsturðinn. Flestir nemendur á leið til Kominternskólanna ferðast á þennan hátt, því að þannig geta þeir smogið til Rússlands og frá, án þess að yfirvöld í öðrum löndum fái vitneskju um það.

Ég áráði ekki að lýsa tilfinningum mínum, þegar fyrsta landsýn ráðstjórnarveldisins reis úr mistrinu — Kronstadt, eyjarnar og síðan hinar hversdagslegu útlínur hafnarinnar. Enginn einlægur guðsdyrkandi hefði getað stigið inn í helga dóma með meiri lotningu en ég gekk á land í vestustu heimsborg Rússlands.

Ég gekk um ömurlæg strætin í Lenínsgarði, og fótatak mitt var létt og fast. Af mörgum ókunnugum borgum, sem ég hafði komið í á flakki mínu, bauð Lenínsgarður síst allra af sér ókunnugleika. Ég var eins og töttralegur förumaður, sem kemst að lokum heim til sín og skyggist um, hvort allt sé eins og það á að vera. Horfinn var allur óróinn, horfin var öll bannsett löngunin til átaka, hvað sem í veði væri. Ég var ekki lengur klumpur af byltingarsora í óvinalandi. Ég bar höfuðið hátt og lét augu mín drekka í sig svipbrigðin í andlitum hinna óbrotnu karla og kvenna sem áttu sæti við stjórnvölinn í fyrsta alræði öreiganna.

Enginn kom og mælti við mig: „Snúðu við! Flýðu, trúgjarni, hlállega farsæli bjáni! Flýðu, áður en það er orðið of seint!“ Ef einhver hefði yrt þannig á mig, mundi ég hafa slegið hann til jarðar.

Það var mannþröng á götonum. Fólkið sem ég sá, var betur til fara og virtist hafa betra viðurværi en ég. Mörg andlitin voru alvarleg, jafnvel hrygg, en margir báru líka sterkan svip þögullar einurðar. Ég var svangur og dauðþreyttur af margra stunda göngu. Skórnir mínir voru gatslitnir. Frakkinn sem ég var í, var rifinn. Ég

spurði vegar hvað eftir annað, þangað til ég fann að lokum pilt, sem skildi mig. Hann var stúdent og las efnafræði. Við gengum hlið við hlið og ræddum saman.

„Þeir hefðu átt að senda einhvern út á skip til þess að sækja þig,“ sagði stúdentinn. Eftir nokkra stund bætti hann við, þegar hann heyrði, að ég hefði verið í Bandaríkjunum: „Er það satt, að verkamennirnir í Ameríku eigi bíla?“

„Já, mjög margir þeirra.“

„Þeir segja að verkamaður í Ameríku sé búinn að vera um fertugt,“ sagði stúdentinn og bætti við, hugsí: „Við munum líka eignast bíla.“

Við beygðum inn í Prospekt Ogorodníkova og gengum inn í rammgert hús umgirt gördum. Á göngunum voru þykk teppi og brjóstlíkan af Lenín. Þar var röð af pálmum, sem náðu upp í loft. Stórir speglar voru á veggjunum og þungir hægindastólar úr leðri stóðu fram með þeim. Breiðar flabeinsgular og gylltar dyr lágu í allar áttir. Skilti við dyrnar voru áletruð: „Franska deildin“, „Ensk-ameríska deildin“, „Nýlendu-deildin“ og svo framvegis. Ég var staddur í Alþjóðasjómannafélaginu í Lenínsgarði.

„Áður fyrr var þessi höll einkaeign skipaeiganda,“ sagði stúdentinn. „Þú hefðir átt að vera hérna á októberhátiðinni fyrir nokkrum dögum. Nallinn var sungið samtímis á seytján tungumálum.“

Ryatt, lettneski bolsévíkinn, sem ég átti að gefa mig fram við, var ekki í sjómannafélaginu. Hann hafði brugðið sér til Moskvu í nokkra daga.

Þungbúinn þýskur starfsmaður tók að sér að sjá fyrir þörfum mínum. Hann fór með mig í viðáttumikinn veitingasal í kjallaranum, sem líktist miðalda vínkjallara með nútímasniði. Þar gaf að heyra mörg tungumál. Ég borðaði riflega og góða máltíð, og björglasið mitt var fyllt aftur og aftur, án þess að ég bæði um það. Úr veitingasalnum var farið með mig á rakarastofu og þaðan í gufubað, sem ég dvaldist í fulla klukkustund. Eftir baðið fór þrekin, þögl kona með mig upp á loft, og þar hátaði ég á þunglamalegan legubekk.

„Schlaf,“ sagði hún stutt í spuna. „Nú er best að fara að sofa.“

Ég lokaði augunum og svaf lengi, langt fram á næsta dag.

„Vstavajte! Farðu á fætur!“ var sagt óþýðum rómi.

Yfir mér gnæfði hörkulegur, hvítklæddur maður. Við hlið hans stóð vingjarnleg stúlka.

„Ég er læk'nirinn,“ sagði maðurinn. „Ég á að skoða þig.“

Ég svipaðist um eftir fötunum mínum. Þau voru horfin. Innihaldið úr vösunum lá í röð og reglu á borðinu.

Stúlkan hló. Þau sögðu eitthvað á rússnesku.

„Hún segir, að fötin þín séu í miðstöðinni,“ lagði læk'nirinn út. „Hún brenndi þeim.“

„En hvað á ég að fara í?“

„Hugsaðu ekki um það. Þú færð önnur föt.“

Hún fór að sækja fötin. Á meðan skoðaði læk'nirinn mig. Hann fann ekkert að

mér. Fötin, sem stúlkan færði mér, voru ekki ný, en þau voru sterk og hlý. Dauf sóthreinsunarlykt virtist loða við þau.

„Við förum vel með piltana okkar,“ sagði læknirinn. „Þú mátt fara ofan að borða morgunverð.“

Í veitingasalnum beið sorgmæddi Þjóðverjinn eftir mér. „Vertu fljótur að borða, það er framorðið,“ sagði hann.

„Hvert eigum við að fara?“

„Til GPÚ.“

„GPÚ?“

„Já, auðvitað.“

Ég hélt að ég mundi verða yfirheyrður. Mér hafði verið sagt, að leyniþjónustur auðvaldslandanna hefðu mikinn hug á að senda njósna sína á Komintern-skólana.

Gangandi og akandi í beigluðum strætisvögnum, troðfullum af fólki, förum við til hinnar þögulu byggingar á Majorov Prospekt.

Alls konar fólk beið í hinum óþrifalegu forsölum. Eftir nokkra bið var farið með mig inn á skrifstofu, sem var eingöngu prýdd myndum af Lenín og Felíks Dzerzhínskíj, stofnanda Tsjekunnar. Tveir einkennisbúnir menn sátu við borð. Annar var lítill og feitur. Hinn virtist ekki vera annað en tvö stingandi augu í umhverfi stórra beina.

Ég var ekki yfirheyrður. Þeim var vel kunnugt um fortíð mína. Þeir vildu aðeins ganga úr skugga um, að ég væri réttur maður og fá ljósmynd af mér. Mér var sagt að kalla mig Adolf Heller, meðan ég væri í Ráðstjórnarríkjunum. Allir námsmenn gengu undir gervinöfnum til að vera óhultir fyrir erlendum lögreglunjósnurum. Ég var áminntur um að sýna varúð í allri umgengni við ókunnuga. Það var líka farið fram á, að ég sendi ekki vinum mínum og ættingjum erlendis bréf í pósti. Öll bréf til útlanda átti ég að fá ritara Alþjóðasjómannafélagsins í hendur, þau yrðu síðan send vikulega til Berlínar með hraðboða, svo að ekki sæist, að þau kæmu frá Ráðstjórnarríkjunum. Í raun og veru var ástæðan sú, að GPÚ hélt uppi strangri bréfa-skodun á pósti nemendanna. Síðan var tekin af mér mynd.

Áður en ég fór, hélt embættismaðurinn beinagrindarlegi stutta ræðu. Vafalaust hafði hann haldið sömu ræðuna þúsund sinnum eða oftar. „Vertu stöðugur í óbifanlegum öreigaaga,“ lauk hann máli sínu. „Þú ert gestur Ráðstjórnarríkjanna. Þú skalt verða sonur þeirra. Sýndu þig verðugan sameiginlegu, sögulegu hlutverki voru. Haltu hinar miklu erfðir ráðstjórnarbyltingarinnar í heiðri.“

Morguninn eftir að Ryatt kom frá Moskvu, sótti ég fyrsta fyrirlestur minn við alþjóðadeild kommúnistaskólans. Aðalbygging þessarar lærdómsstofnunar bolsévismans hafði áður verið þinghöll Dúmunnar, en hét nú Úrítskíj-höllin og stóð andspænis einu stærsta trjávaxna torgi í heimi. Himinháu gluggarnir, súlurnar og marmaraprepin, spjaldbílin og gríðarstóru ljósakrónurnar, öll þessi þunglamalega dýrð horfins stjórnarfyrikomulags, færði komumanninum heim sanninn um það, hve sigur bolsévismans var fullkominn.

Yfir sex þúsund nemendur gengu á kommúnistaskólann veturinn 1925–1926. Mikill meiri hluti þeirra voru Rússar, sem var kennt að taka þátt í stjórn málabaráttu flokksins, viðskiptaráðunum, verklyðsfélögunum og samvinnufélögunum, Rauða hernum, Rauða flotanum og GPÚ. Erlendu stúdentarnir voru innritaðir í alþjóðadeildina, sem var komið fyrir í tuttugu herbergjum af húsi því, sem setuliðið í Lenínsgarði hafði forðum aðsetur í. Kínverjar, Japanar, Kóreumenn og Malajar voru í Austurskólanum svokallaða í Moskvu og öðrum minni í Vladívostok. Bandarískir kommúnistar áttu sér sérstaka deild, þar sem var Vesturskólinn, einnig í Moskvu.

Námsgreinar alþjóðadeildarinnar fjölluðu því sem næst eingöngu um viðhorf stéttabaráttunnar og baráttunnar fyrir kommúnismanum. Henni var ekki ætlað að ala upp akademíska menntamenn. Byltingarfræðin var aldrei rædd nema í sambandi við raunverulega atburði úr stéttabaráttunni. Orrustur fortíðar og nútíðar — byltingar, verkföll, borgarastyrjaldir — voru brotnar til mergjar, bent á villur í skipulagi og aðferðum og ályktanir dregnar nemendunum til leiðbeiningar í framtíðarstarfinu. Allar námsgreinarnar bar að sama brunni — kenningu Leníns um mikilvægasta skrefið í áttina til stéttlauss þjóðfélags — valdatöku með byltingu og alræðis öreiganna undir forustu kommúnistaflokksins. Hver hugsun, hver framkvæmd var því aðeins nokkurs virði, að hún miðaði í áttina til valdatöku. Sérhver vanræksla, sérhvert hik og ónákvæmni, sem gætu tafið þá framsókn, var ófyrirgefanlegur glæpur. Bylting var ekki ein leiðin — hún var eina leiðin.

Þarna var sérstök deild fyrir hernaðarlist, og héldu þar foringjar úr Rauða hernum fyrirlestra um aðferðir í götubardögum og tækni í borgarastríði. Þar var sérstök deild fyrir mál, sem snertu Afríku og afrísk tungumál, og önnur, þar sem kennararnir voru fyrirliðar úr GPÚ. Ljósmyndatækni, fingrafarafræði og önnur lögreglustörf voru námsgreinarnar þar. Allir þekktu máladeildir skólans, þar sem rússneskar stúlkur unnu baki brotnu við að ná leikni í erlendum tungumálum. Þessar stúlkur voru kallaðar „aktívistkí“ — og voru mjög hreyknar af þeim titli. Alþjóðaskólarnir eru í raun og veru skólar, sem rússneski kommúnistaflokkurinn hefur stofnað og kostar, því að Komintern er í rauninni ekki annað en erlend deild af rússneska flokksnum. Við stúdentarnir kölluðum Komintern oft að gamni okkar *Moskauer Fremdenlegion* — útlendingaherdeildina í Moskvu. Samt voru fáir kennarar okkar Rússar. Flestir voru Þjóðverjar, Lettar, Finnar, Pólverjar og Ungverjar. Atkvæðamestur þeirra var Otto Ville Kuusinen, einn af foringjum ráðstjórnarbyltingarinnar í Finnlandi árið 1918 og einn af stofnendum Kominterns og náinn samverkamaður Leníns. Enn í dag er Kuusinen dyggur þjónn Kremlins, og var hans nýlega getið í heimsblöðunum sem leiðtoga leppstjórnar þeirrar, er Stalín myndaði, meðan innrás Rússa í Finnland stóð yfir.

Af hinum kennurunum má nefna Ungverjana tvo, Pap, hæglátan og lærðan, og Gögös, góðlátlegan en skapmikinn. Þeir komust í hann krappan nokkrum árum síðar í Búdapest, en þangað höfðu þeir verið sendir til þess að koma af stað uppþoti. Flokksforingi þeirra sjálfra, Rákosi, sveik þá báða í hendur yfirvaldanna.



Pap hengdi sig í fangelsinu í Zegedin árið 1930 eftir að lögreglan hafði knúið hann á barm brjálæðisins. Gögös andaðist í höndum pyndingameistaranna. Annar af kennurunum, gáfaður Þjóðverji, Arthur Ewert að nafni, sem var vinsæll fyrir ærsl sín og manngæsku, situr enn þann dag í dag í fangelsi í Brasilíu. Ægilegust voru endalok Rósu Speculant, hreinlyndrar gyðingastúlku, sem hélt fyrirlestra um áróður. Komintern sendi hana síðar til Póllands, en þar tók stjórnmalalögreglan hana höndum. Engar fréttir bárust af henni, fyrr en strokufangi einn kom til Berlínar með eftirfarandi skýrslu: „Tkaczuck lögreglufulltrúi kom í fangelsið í Luck til þess að yfirheyra félagi Speculant. Hann lét strýkja iljar hennar með spanskreyr til þess að neyða hana til að meðganga. Vatni, steinolú og þvagi var hellt í nasir hennar. Hún neitaði enn að játa, og voru þá fangaverðirnir látnir nauðga henni. Þeir fluttu hana á kynsjúkdómadeild fangelsissjúkrahússins.“ Síðan hefur barnaheimili við Svartahafið nálægt Novorossíjsk verið skírt í höfuðið á Rósu Speculant.

Háttsettir foringjar í Komintern héldu stundum fyrirlestra við skólann. Merkastur þeirra var Ósíp Pjatrínskíj, hinn harðfengi yfirmaður tengsladeildarinnar — OMS. Pjatrínskíj var sá maður, sem seintlátir skrifstofumenn í flokksdeildum um allan heim óttuðust mest. Hann var maðurinn, sem greiddi eða stöðvaði, hækkaði eða lækkaði styrki Kominterns til erlendra flokksdeilda. Hann var maðurinn, sem veifaði svipu gagnrýninnar án manngreinarálits; hvar sem hann sá graftarkýli, kreisti hann það sleitulaust. Pjatrínskíj var lágvaxinn og samanrekinn, hárið tekið að grána, svipurinn fruntalegur og augun skörp. Hann var mjög vinsæll meðal nemendanna. Meðal sérfræðinga í skipulagningu samsæra var hann óefað meistarinn. Rödd hans var hljómstríð, en átti þó til kímniþla. Hann lauk þriggja tíma ræðu um „skipulagningu sigursins“ með orðunum: „Byltingarföðurland vort, ráðstjórnarsambandið, á í stríði við allan auðvaldsheiminn. Ekkert annað en sigur heimsbyltingarinnar getur bundið enda á það stríð.“

Erlendu stúdentarnir höfðu aðsetur í sérstökum húsakynnum, og var þeim raðað niður eftir þjóðerni. Að undanteknum opinberum kynningarkvöldum voru stúdentar frá hinum ýmsu þjóðum ekki hvattir til að tengjast vináttuböndum vegna óttans við, að njósningar kynnu að hafa slæðst inn í félagsskap þeirra. Ég bjó með nokkrum þýskum og þýskumælandi félögum úr Eystrasaltslöndunum í gömlu leiguhúsi í Viborg-hverfinu. Við fórum á fætur klukkan hálf sjö að morgni. Þá gekk húsvörðurinn, svartleitur Georgíumaður, á milli herbergjanna og hrópaði: „Rísið á fætur, þið fangar hungursins ...“

Fyrsti fyrirlesturinn hófst klukkan níu. Viðfangsefni fyrirlestranna náðu allt frá „fræðikeningum virðisaukans“ eftir Marx til „hagnýtingar á reglum Clausewitz um styrjaldarrekstur í fyrirkomulagi verkfalla“, frá „niðurrífsstefnu byltingarsinna og ummyndun stórveldastyrjaldar í borgarastyrjöld“ til „fjölda-sálfræði og áróðurs“. Að fyrirlestrinum loknum var umræðutími. Öll mál, frá styrjöldum til hjónabands, voru krufin frá hreinu stéttasjónarmiði. Síðan kom annar fyrirlestur og annar umræðutími. Þá var klukkan orðin eitt.

Tíminn frá klukkan eitt til tvö var helgaður leikfimi, skotæfingum með skammbyssum og riflum og öðrum líkamsæfingum. Kennararnir voru foringjaefni úr Rauða hernum, frábærir menn að öllu líkamsatgervi. Einstaklingsafraunir voru bannaðar. Þeir sem sköruðu fram úr að einhverju leyti, máttu ekki gorta af því, eins og ungu fólki er gjarnt. Allar æfingar voru sameiginlegar, og hraði þeirra var hraði hins liðléttasta. Ein æfingin var leikfimi í ísköldu steypibaði, en í því voru stúlkurnar piltunum ávallt fremri.

Við vorum sífellt undir umsjá Komintern-eftirlitsskrifstofunnar, og var Kuusinen hinn ósýnilegi, en tveir þýskir kommúnistar, Kühne og Schneller, hinir sýnilegu fulltrúar hennar. Schneller hafði verið foringi í þýska hernum í heimsstyrjöldinni. Kühne var sambland af ref og vísindamanni og varð síðar ritari kommúnistaflokksins í þýska Ríkisþinginu. Stundum tók Heinz Neumann, sem hafði fast aðsetur í Komintern-húsinu í Moskvu, að sér að skipuleggja athafnir okkar. Margir okkar fengu á laun óbeit á þessu afkvæmi kornmilljónamærings í Berlín vegna hinnar hrottalegu, ófyrirleitnu framkomu hans og vegna hinnar opinskáu kaldhæðni, sem hann sýndi, er hann gerði boð eftir laglegum kvenstúdentum á hótelið til sín. Það var á allra vitorði, að hann átti fallega stúlku frá Kákasus fyrir frillu í Moskvu. Engu að síður var einhverri norrænni eða þýskri stúlku boðið að sedja fýsn Neumanns í hvert skipti, sem hann kom til Lenínsgarðs. Stúlkurnar voru fúsar til að fara. Neumann hafði það orð á sér, að hann væri einn af þeim fáu, sem hefðu aðgang að nánasta umhverfi Stalíns, en nafn hans lét þá þegar sem töfrar í eyrum okkar. En öll erlenda deildin í kommúnistaskólanum hló með sjálfri sér, þegar ónefndir menn réðust með barsmíð á Heinz Neumann í skugga líkneskisins af Pétri mikla á Dekabrist-torgi. Eins og venjulega var Neumann með stúlku með sér, og voru þau bæði kennd af vodka. Daginn eftir — Lenín-Liebnecht-Luxemburg-minningardaginn — lét Neumann ekki sjá sig.

Hið opinbera eftirlit lét sér ekki nægja að skipuleggja tíma okkar. Allt sem við lásúm, samtöl okkar, kynni við aðra, voru undir eftirliti umsjónarmanna GPÚ, og hafði sú stofnun einnig njósnara í hverjum flokki stúdenta. Okkur var ekki leyft að lesa annað en kommúnistablöð. Við máttum ekki hafa bækur milli handa nema þær, sem við fengum í bókasöfnum háskólans og sjómannafélagsins. Okkur var vandlega bægt frá öllu samneyti við rússneska verkamenn og stúdenta. Með reglulegu millibili báru öll herbergi á stúdentaheimilunum merki þess, að gaumgæfileg leit hefði farið fram. GPÚ-menn hlustuðu á öll samtöl okkar. Við vorum einlægir byltingarsinnar og litum á GPÚ sem verndara okkar. Við vorum Ráðstjórnarsambandinu hollir. Við höfðum ekkert að fela. Við vorum allt of önnum kafnir frá morgni til kvölds til að geta villst af kommúnistabraitinni. Alla þessa mánuði varð ég aldrei var við neitt, sem gæti bent til þess, að erlendur stúdent hefði átt neitt sökótt við GPÚ.

Í þeim stúdentaflokki, sem ég var í, voru rúmlega fimmtíu stúdentar. Við áttum góða daga. Við fengum máltíðirnar ókeypis. Okkur voru gefin föt, þegar

við þurftum þeirra með. Skemmtanir og ferðalög kostuðu okkur ekki eitt kópek. Fimmtíu rúblunum, sem hver okkar fékk greiddar tvisvar á mánuði úr sjóði Eftirlitsskrifstofunnar, máttum við eyða eftir vild í vínföng, vindlinga og annað smávægis. En við áttum að sofa fimmtíu og þrjú saman í átta herbergjum. Í þremur þeim stærstu var stúlkunum fimmtán komið fyrir. Piltunum var troðið inn í hin herbergin, sjö til átta í hvert. Venjulega lifði á ljósunum alla nóttina, því að alltaf voru einhverjir, sem fannst það meira virði að lesa en sofa. Kolaofnarnir voru rauðglóandi, en þeir voru of fáir. Steinolíuvélar, lampar og jafnvel kerti voru notuð til þess að hamla á móti vetrarkuldanum. Troðið var upp í brotnar rúður með pappír og gömlum tuskum. Samt höfðu öll óþægindin og skorturinn á einkalífi aldrei ósamlyndi í för með sér eða önnuglyndi. Við hrósuðum okkur af því, að engir erfiðleikar gætu bugað okkur.

Við fyrirlitum hugmyndir borgaranna um örugga tilveru, hjónabönd og ást, eignarrétt, lög og rétt. Ekkert okkar hlakkaði til þess að eignast börn eða garð eða svo mikið sem húsgögn og bækur í eitt herbergi. Við þóttumst vita, hvað biði okkar á ókomnum árum. Við vorum æska alþjóðasamsærisins. Auðvaldið og ríkisstjórnir á mála hjá því mundu berjast á móti okkur með oddi og egg, vegna þess að sigur okkar mundi vera dauði þeirra. Við báðum ekki um hlífð og ætluðum ekki að veita hana. Verkefni okkar var eyðing — alger, miskunnarlaus eyðing — auðvaldsþjóðfélagsins og auðvaldsríkjanna, kollsteypa allra mælikvarða og verðmæta, sem vaxið höfðu í skjóli grundvallarhugmyndanna: landið *mitt*, húsið *mitt*, konan *mín*, verksmiðjan eða skipið eða náman eða járnbrautin *mín*.

Ungt fólk, sem hafði helgað sig heimsbyltingunni, var latt þess að ganga í hjónaband. Fjölskylduféður og barnamæður voru líkleg til að verða friðarvinir. Æviferill kommúnista í baráttu var ávallt veðrasamur og oft stuttur, og samkomulag hjóna fór því oft út um þúfur. Andspænis því geigvænlega byltingarmarkmiði, sem okkur var sett, virtist ræktin við hreint tilfinningasamband milli eins karls og einnar konu vera hjákátlegt og hégómlegt. En við lifðum ekki í neinu meinlæti. Við vorum ung og hraust og engu síður fær um að verða ástfangin eða þrá ástaratlot en aðrir táp-miklir piltar og lífsþyrstar stúlkur.

Deilur um kosti og galla „frjálsra ásta“ létum við fræðimönnum hins rotandi frjálslynda heims eftir. Við gengum of beint að verki í allri umgengni okkar á milli til þess að gerast taglrekur síða þeirra í ástamálum, sem voru haldnir í heiðri „hinum megin“. Bannfært var klámkennt hvísl og lostafullar dylgjur. Bannfærð var afbrýðisemi í ástum. Bannfærð var eftirgengni við stúlkur, sem voru ekki í skapi til að svara í sömu mynt. Bannfærð var uppgerðarblygðunarsemi og óheilbrigð forvitni. Reglan var, að stúdent sem girntist einhverja ákveðna stúlku sagði hreinskilnislega við hana: „Ég girnist þig. Vertu fylgikona mín, meðan flokkurinn leyfir okkur að vera saman.“ Ef tilfinningar stúlkunnar voru sama kyns, kinkaði hún kalli og brosti, og málið var útkljáð. Oft áttu tveir eða fleiri piltar vingott við sömu stúlkuna. Það var aldrei farið leynt með slíkt samkomulag. Dagstofurnar á neðstu hæð í húsi

okkar, þar sem við dönsuðum, drukkum vodka og tefldum skák á kvöldin, urðu, þegar leið að miðnætti, friðlýst hæli elskendanna. Rússnesku Komsomol-stúlkurnar sóttu að stúdentahéimilinu í stórhópum, því að þær sáu ungu byltingarmennina úr ókunnnum löndum í ljósi rómantíks hetjubjarmanna. En flokkar hinna vansælu vændiskvenna, sem skulfu á torgum og í húsdrygum, komu aldrei inn fyrir okkar dyr. Kynsjúkdómar voru mjög sjaldgæfir meðal stúdentanna.

Iðnmeistararnir í Kremlkastala hefðu ekki getað kosið á betri verkfæri. Við vorum hinir ótrauðu fangar stórfelldra sjónhverfinga, við sem héldum að við værum harðsvíraðir raunhyggjumenn. Við létum sem við sæjum ekki neyð samtíðarinnar, rústir mannlífa allt í kring um okkur, ógnirnar og hernaðarandann, sem ríkti í landinu, en vorum sælir í þeirri trú að við sæktum fram risaskrefum: „Valdið er vort — og framtíðin einnig!“

Af sex sambýlismönnum mínum í Lenínsgarði þennan vetur eru tveir dánir, einn er í fangelsi. Ég hef misst sjónar á hinum.

Hans Sorgers er í fangelsi. Hann var glaðlyndur piltur, sem dansaði Schuhplattler og söng bæverska fjallasöngva í Alþjóðasjómannafélaginu. Hann varð ritstjóri flokksblaðs í Þýskalandi, en eftir bruna Ríkisþinghússins varð hann ástfanginn af gyðingastúlku, sem sveik hann í hendur Gestapo. Hann var dæmdur í fimmtán ára fangelsi og situr nú í Plötzensee-fangelsinu nálægt Berlín.

Annar, Nicola Koffardschieff, var djarfur og alvarlegur Búlgari með andlit sem var eins og það væri skorið úr eik. Hann var sá eini í okkar hópi, sem kom aldrei nálægt stúlku. En hann hafði gaman af börnum. Hann gaf þeim brjóstsykur og sagði þeim sögur. Það voru skemmtanir hans — og síðan lítrí af vodka einu sinni á mánuði. Þegar Nicola var fullur, varð hann þunglyndur og var á göngu úti allar nætur. Í september 1931 sendi Georgí Dímítrov Nicola til Búlgaríu í erindagerðum fyrir Komintern. 30. október var hann skotinn til bana á götu í Sofíu, þegar hann var að hætta lífi sínu til að frelsa félagi, sem hafði verið tekinn fastur.

Síðan var Kazys Kentautas, Lithái, sem ég gleymi aldrei. Hann var besti námsmaðurinn í flokki okkar, sonur járnsmíðs í Memel. Hann las verk Hegels og Feuerbachs á frummálinu, og á laun las hann *Svo mælti Zarafústra* eftir Nietzsche. Kazys var enginn baráttumaður, en hann var einn þeirra, sem hefði gengið nakinn í eld til þess að sanna, að sálin gæti unnið sigur á líkamanum. Á skemmtun í Verkamannahöllinni í Lenínsgarði sá hann mig dansa við Kristinaite, smáaxna stúlku með leifrandi augu, sem las hagfræði og byltingarstarfsemi við skólann okkar. Hann varð óðar ástfanginn af henni. Hann gat fallið í leiðslu af að stara á hárlokka Kristinaite. Frá þeim degi dofnaði áhugi hans á náminu, en einhvern veginn var hann of óframfærinn til þess að yrða á hana. Ég sagði Kristinaite frá Kazys. Hann var að búa sig undir starf í fasistalöndunum — hættulegustu starfsemi allra. Kristinaite hló hvelt og fór til Kazys Kentautas. Upp frá því voru þau saman á hverju kvöldi. Hann sýndi af sér það hugrekki að kvænast henni. Kristinaite var vön að segja: „Eftir byltinguna ætlum við að eignast börn.“ Skömmu síðar var hann

sendur til moldvörpustarfa í Finnlandi, en hún til Rúmeníu eða Grikklands. Síðar störfuðu þau saman í Lettlandi, og árið 1930 ól Kristinaite barn, sem hún kom fyrir á barnaheimili í Ostrov, rétt handan við landamærin.

Ég hafði engar spurnir af þeim fyrr en árið 1933. Í þjónustu Kominterns skiptumst við aldrei á einkabréfum. Það var ekki ætlast til þess, að einn vissi um annan, nema báðir væru við sama starf. En í október 1933 fann ég nöfn þeirra í spjaldskrá Kominterns í Kaupmannahöfn. Frá Lettlandi höfðu þau verið send til þess að endurskipuleggja flokkinn í Litháen. Þau voru tekin höndum og varpað í dýflissu í Kovno. Kazys Kentautas var dæmdur til lífláts fyrir föðurlandssvik. Kristinaite neitaði að játa. Mannúðarsnaudir fangaverðir misþyrmdu henni með þungum fangelsislyklum. Kristinaite missti vitið. Til þess að leyna afleiðingum grimmdar sinnar myrtu fangaverðirnir hana nóttina eftir.

Ég minnst oft hláturs Kristinaite. Ef ég hefði sagt við Kazys, þegar hann talaði um ást sína til hennar: „Farðu burt, félagi Kentautas, hún er ekki handa þér, sem kannst ekki einu sinni að dansa,“ hefði Kristinaite ef til vill lifað lengur.

# Hraðboði til Austurlanda

GAMLA FLAKKARAEÐLIÐ TÓK að ólga í blóði mínu, þegar voridd nálgadist. Ég hafði fengið mig fullsaddan af fyrirlestrum á kommúnistaskólanum, og mig þyrsti í hafgoluna og frelsið á sjónum. Auk þess voru þrumuský á lofti árið 1926. Allsherjarverkfall var í aðsigi í Englandi, og við væntum þess að máttarstöðir breska heimsveldisins mundu nötra á grunninum. Í Kína var augljóst, að bylting var í vændum. Í hollensku Austurasíu voru hafnar ráðagerðir um uppreisn. Ég fór þess á leit, að ég yrði sendur á vígvöllinn. Mér var veitt það. Rytt tilkynnti mér, að ég ætti að gegna hraðboðastarfi í Austurlöndum, strax og gengið hefði verið frá nauðsynlegum undirbúningi. Á meðan var mér falið að sjá um vígslu Alþjóðasjómannafélagsins í Múrmansk.

Í fylgd með stúlku, sem átti að vera túlkur minn, lagði ég af stað til íshafshafnarinnar. Í tvo sólarhringa skreið lestin norður á bóginn yfir snævipaktar auðnir. Múrmansk, sem liggur við eyðilegan fjörð, var þá enn syfjulegt þorp, sem teygði sig óreglulega um hlíðar gróðurlausra fjalla. Neðri hluti þess var hálfur á kafi í frosinni leðju og aur. Leifarnar af hlýju Golfstraumsins, sem krafsaði sig af veikum mætti norður fyrir Horn, gerðu Múrmansk að einu íslausu ráðstjórnarhöfninni norðan Svartahafs. Höfnin var veðurbarin, og einn lítill, gamall togari og tvö flutningaskip lágu við festar undan ströndinni. Ýringur, sem hvorki var hægt að kalla regn né slyddu né snjó, féll af gráleitum himni.

Fulltrúi frá rússneska Sjómannafélaginu tók á móti mér á stöðinni. Fólkíð var óhreint, tötralegt og ólunarlegt. Við héldum til Alþjóðasjómannafélagsins, sem var lágt timburhús, skreytt brjóstlíkani af Lenín, veggmyndum af Marx og öðrum byltingarforsprökkum, rauðum fánum, stórum skáp fullum af nýjum bókum og bæklingum og grammófón með ljósrauðum hátalara. Regnið lak inn um strigann, sem þakti gluggana í stað glers. Það var ekkert salerni í húsinu.

Starfandi félagar í Alþjóðasjómannafélaginu í Múrmansk voru fimm Rússar, þar af tvær stúlkur, sem kunnu ensku og þýsku, og fjórir erlendir sjómenn, einn Þjóðverji, tveir Norðurlandabúar og einn Skoti. Það var áhugasamur hópur, sem lét sér vel lynda að starfa að málefnum alþjóðastefnunnar í votasta afkima ráðstjórnarlandsins. Ég hélt aðalræðuna við vígsluathöfnina, eftir að formaðurinn hafði kynnt mig sem „fulltrúa verkamanna í Evrópu auðvaldsins“.

Þegar ég kom aftur til Lenínsgarðs viku síðar, biðu mín fyrirskipanir um að fara til Rotterdams yfir Berlín og láta skrá mig þar á skip til Austurasíu. Rytt útvegaði mér öll nauðsynleg skírteini og svissneskt vegabréf.

„Þegar þú ferðast með falsað vegabréf,“ sagði Ryatt með sínu þurrlega viðmóti, „þá gættu þess að fara yfir landamærin að nóttu til. Á nóttunni er landamæralögreglan ekki eins eftirtektarsöm, og það ber ekki eins mikið á göllum á vegabréfum í rafmagnsljósi.“

Til þess að komast hjá því að fara um Pólland, en þar er stjórnmalalögreglan umsvifamesta stofnunin í umsvifalitlu landi, lagði ég leið mína um Riga, þó að það sé öllu lengra.

Í hraðlestinni, sem ég fór með frá Riga, hafði örfáum vikum áður komið fyrir blóðugur atburður, sem kom mér til að minnast þess, að hraðboðastarf hjá Komintern, eins og ég ætlaði nú að taka að mér, er eitt hættulegasta starf í heimi. Alþjóðahraðboðarnir Nette og Machmannstal höfðu verið á leið frá Berlín til Moskvu með trúnaðarskjöl frá ráðstjórnarfulltrúunum í Lundúnum. Skjölin voru í sendisveitartöskum. Skömmu eftir að lestin hafði farið yfir landamærin frá Litháen til Lettlands, brutust tveir ókunnir, svartklæddir menn með grímur fyrir andlitinu inn í svefnklefa Komintern-mannanna. Innrásarmennirnir drógu upp skammbyssur og heimtuðu að töskurnar yrðu látnar af hendi. Það var dimmt af nóttu, og lestin þaut í norðurátt á hundrað kílómetra hraða. Nette, sem svaf í efra rúminu, rétti út hendina eftir skammbyssu sinni, sem var undir koddanum. Machmannstal greip líka byssu sína. Þegar í stað hófu grímumennirnir skothríð. Hraðboðarnir hleyptu einnig af byssum sínum. Skot hæfðu Nette í magann og lungun. Hann hraut fram úr rúminu, en hélt þó áfram að skjóta af gólfinu. Klefinn var allur blóði drifinn. Þegar klefinn tæmdist af reyk, lágu báðir morðingjarnir dauðir, Nette var í andarslitrunum og Machmannstal mikið særður, en lifði þó af. Hraðboðapóstinum var bjargað. Rannsóknir lögreglunnar í Riga og GPÚ í Lenínsgarði leiddu síðar í ljós, að árásarmennirnir voru fyrrverandi hvítliðar, sem störfuðu í bresku leyniþjónustunni.

Í Berlín fékk ég fyrirskipanir hjá Fritz Heckert, einum af helstu fulltrúum Moskvuvaldsins erlendis, og kínverskum kommúnista, sem hét, að mig minnir, Wang Ming. Bela Kun var þá einnig í Berlín, en þar hafði þá aðalumboð Kominterns utan Ráðstjórnarríkjanna aðsetur sitt. Þýska lýðveldisstjórnin var frjálsslynd og lagði lítið kapp á að leita uppi erlenda æsingamenn. Starfsáætlun mín fyrir næstu mánuði var lögð yfir kaffi og kökum á Café Bauer.

Það var verið að leggja á ráð um uppreisn í hollensku Austur-Indíum. Þess var vænst í Moskvu, að sigursæl uppreisn innfæddra manna á Java og Sumatra mundi örva löngun Japana til að ná yfirráðum á þessum auðugu Suðurhafseyjum. Færu Japanar að teygja sig í átt til Java, þá mundi Stóra Bretland skerast í leikinn. Og það mundi aftur beina athygli Breta frá því sem gerðist í Kína. Aðferðin var að „tefla auðvaldsríkjunum hverju á móti öðru“ Ráðstjórnarríkjunum í hag. Ég átti að flytja sendingu af trúnaðarskjölum til M. Lan, kínverskrar konu, sem var fulltrúi Kominterns á Suðurhafseyjum. Í sendingunni voru margir böggjar, og var innihald þeirra svo saknæmt að ekki þótti þorandi að senda þá í pósti. Sennilega höfðu þeir

líka peninga inni að halda. Til þess að sanna hver ég væri, var mér fengin ljósmynd af hundi. Sá sem gæti sýnt mér mynd af sama tagi, var móttakandi sendingarinnar. Ég átti að sigla sem háseti frá Rotterdam. Heckert sýndi mér mynd af M. Lan og sagði að hún mundi líklega koma sjálf um borð í skipið.

„Kaup þitt hér eftir,“ sagði Heckert, „verður átta tíu dalir á mánuði. Þegar þú hefur skilað sendingunni af þér, sendirðu mér símskeyti og ferð til Shanghai að bíða eftir frekari fyrirskipunum.“

Í „tæknideildinni“ — vegabréfafölsunarmiðstöð Kominterns í Berlín — fékk ég ófalsaða þýska sjóferðabók og trúboðaskírteini til sönnunar því, að ég væri í þjónustu Sjómannatrúboðsins í Lundúnum. Þegar ég steig upp í hraðlestina frá Berlín til Amsterdams, var ég eindregið varaður við því að láta nokkurn mann vita hvert förinni væri heitið „ekki einu sinni móður þína eða unnustu“. Ennfremur að forðast allar skriftir einkabréfa og skella skolleyrunum við öllum spurningum óviðkomandi manna. „*Schweigen ist Gold*,“ sagði Wang Ming. „Þögnin er gull. Ef þú getur ekki þagað, þá getum við ekki notað þig.“

Skip mitt var *Franken*, skipstjóri Kühnemann, frá Norðurþýska Lloyd, nýtt, fallett skip, og var þetta fyrsta ferð þess. Mér gekk ekki erfiðlega að verða skráður háseti á skipið. Þegar það kom í höfn í Rotterdam, gerði kommúnisti einn af áhöfninni sér upp veikindi og var fluttur á sjómannaspítalann. Ég var skráður í stað „sjúklingsins“. En áður en *Franken* lagði af stað, bættust mér skyndilega ný skyldustörf. Ungur kommúnisti úr landi vakti mig í klefa mínum um miðja nótt.

„Komdu í land,“ sagði hann lafmóður, „það er kominn sendiboði frá Hamborg.“

Albert Walter í Hamborg hafði komist á snodir um för mína til Austurlanda og sá sér leik á borði að fela mér ýmis erindi fyrir sig á kostnað skrifstofunnar í Berlín, sem kostaði ferðina. Ég klæddi mig og fór í land. Á knæpu einni hittu ég Hugo Marx. Á fölu, horuðu andliti hans var hið venjulega lævislega glott, og augu hans voru lokuð til hálf. Hann fékk mér í hendur fyrirskipanabréf með áletruninni „LÆRA — EYÐILEGGJA“ og mörg þykk umslög með peningum til kommúnistadeildanna í Genúa, Alexandríu og Colombo.

*Franken* hélt til hafs með „póst“ minn í öruggri geymslu. Fyrsti viðkomustaðurinn var Genúa. Borgin reis úr hafi snemma morguns böðuð perlugráum, gulum og rósrauðum litum.

Kommúnistar urðu að fara varlega í Ítalíu. Ásjóna Mussolinis virtist stara úr hverjum búðarglugga í Genúa. Snarpeygir svartstakkar voru í hverri götu. Eitt ofmælt orð, ein ógætileg hreyfing, ein lítil vanrækslusynd gat komið tugum heiðarlegra byltingarsinna í rannsóknarfangelsi Ovra. Sendiboði ítölsku leynistarfseminnar kom um borð í gervi hafnarverkamanns. Hann þekkti mig á áður umtöluðu merki: bláum hálsklút með tvöföldum hnút. Hinn hreinskilni, einarði svipur hans var í algerðri mótsögn við hugmyndir almennings um samsærismenn.

„Gef mér vindling,“ sagði hann kumpánlega. Ég kveikti á eldspýtu fyrir hann og



beið eftir liðsorðinu. Genúabúinn gaf mér það kæruleysislega, eins og í gamni. „Við skulum halda til Trípólí ...“ raulaði hann á ítölsku.

Það var fyrsta hendingin í hermanna söng úr Tyrkjastríðinu.

„... höfuðin skulu falla af Arabí,“ hélt ég áfram.

Ég benti honum að koma með mér. Í klefa bátsmannsins afhenti ég honum umslagid, sem ég hafði fengið hjá Hugo Marx. Ég hafði falið það í hespu af nýjum kaðli. Ítalinn opnaði bréfið og athugaði innihaldið. Það voru nokkrar vélritaðar arkir og peningaupphæð í bandarískum dölum. Ég bað hann um að koma um borð um kvöldið og fara með mig á fund hafnarfulltrúa. Hann reif umslagid í tætlur og stakk peningunum í vasann. Bréfið festi hann við lærið á sér með gúmmíbandi. Hann var ferðbúinn.

„Vertu blessaður,“ sagði ég.

„*Viva Lenin*,“ svaraði hann. „*Ora é sempre*.“ Um alla tíð.

*Franken* átti að taka kol í Port Said. Kolaprammar komu upp að skipshliðinni, og stóð af ýlfrandi arabískum kolakörlum óð yfir skipið. Ég var með bréf til kommúnistasamtakanna í Alexandríu. Ég vissi, að aðalbækistöðvarnar í Hamborg höfðu látið félagana þar vita, að mín væri von. Vafalaust mundu þeir senda mann á móti mér til Port Said. Ég beið. Um skeið hélt ég að sendimaðurinn frá Alexandríu væri meðal farandsalanna, sem seldu kóralla-glysvarning og tyrkneskt sælgæti. En hann sýndi sig ekki.

Bakkar Súez-skurðarins liðu hjá, heitir, gulir og auðir, nema þegar nokkrir kofar komu í ljós og asnar og úlfaldar með gífurlegar byrðar. *Franken* lagði Rauðahafið að baki sér. Bab-el-Mandeb birtist og hvarf út í stjörnuþjarta nóttina. Eftir sex daga siglingu eftir blýgráu Indlandshafi var akkerum varpað í Colombo-sundi.

Í norður að sjá var Indland með fólksmergð sinni og leyndardómum. Í skólanum í Lenínsgarði hafði ég hlustað á M. N. Roy, sem var fremstur í flokki indverskra bolsévika, halda fyrirlestur um þann vanda, sem sókn kommúnista í Indlandi átti við að stríða. Flokkurinn var sterkur innan iðnaðarins í Bombay, Madras og Kal-kúttu. Þátttakendur í verkföllum og kröfugöngum skiptu hundruðum þúsunda. Vinna barna, mjög langur vinnutími, mjög lágt kaup gerðu æsingamönnum starfið auðunnið. En í Indlandi voru farartálmarnir fleiri en í nýlendum á lægra menningarstigi. Frumstæðar þjóðir eru ópolinmóðar og kappmiklar. Mestu lestir Hindúans voru ellimörk hans, sljóleiki og aðgerðarleysi. Kommúnistaflokkurinn í Indlandi varð að berjast á mörgum vígstöðvum. Hann barðist gegn bresku heimsvaldastefnunni. Hann barðist gegn Gandhi sem svikara við indversku þjóðirnar. Hann barðist gegn íhaldssamari hluta indversku borgarastéttanna. Hann tók höndum saman við frjálslynda og menntamenn með þeim ásetningi að skera þá á háls síðar meir. Hann gætti þess að troða ekki um trúartær múslima á Malibar-ströndinni. Og í Moskvu og Lenínsgarði voru prentuð flóð áróðursrita á nokkrum hinna mörgu hundruða indverskra tungumála til þess að brjóta niður þann tálmann, sem verstur var — stéttakerfi Hindúanna.

Sendiboði félagsskapparins í Colombo, miðaldra indverskur sjóliði, var stundvís. Um sólarlag reri hann úr landi í laglegum báti. Hann hrópaði liðsorðið, sem hann hafði fengið frá Hamborg, hástöfum um allt skipið: „Hver gefa mér London Times? Ég lesa mikið. Alveg sama hvað gamalt.“

Ég fór með hann fram á skipið og fékk honum bréfið. Ég hafði ekki tíma til að fara í land með honum. *Franken* lá ekki þarna nema fáeinar klukkustundir. Við skildum. Þegar ég hallaði mér yfir borðstokkinn og horfði á eftir sjóliðanum, er hann reri burt í flauelsmjúku myrkrinu, sá ég hann allt í einu fyrir mér sem bandóðan mann, er væri að reyna að komast yfir sollið heimshaf í líkkistu. Í svipinn fannst mér markmið það, sem ég og hann og við allir stefndum að, vera óendanlega langt í burtu. „Við erum allir vitstola menn á ferð um næturmyrkrin í líkkistum,“ hugsaði ég. „Dauðir menn í orlofi!“ Ég heyrði gutl sjávarins við skipshliðina og dynki akkeriskeðjunnar á stjórnborða. Á flatrí ströndinni blikuðu ljósin dauft. Ég fór niður að fá mér kaffi og reyk.

*Franken* hélt í austurátt, fram hjá Bengal-flóa og hinum hættulegu Nicobar-eyjum. Í innsiglingunni í Malakkasund var krökkt af skipum, farþega- og flutninga-skipum frá öðrum heimsálfum, sóðalegum litlum strandferðaskipum, kínverskum bátum með háan skut, sem voru líkastir sofandi leðurblökum, fáránlegum fleyjum innfæddra með torkennileg segl. Á þessari siglingaleið milli Indlandshafs og Kínahafs er tæplega dags sigling milli viðkomustaðanna. Fyrsta höfnin var Sabang, kola-stöð á nyrsta odda Sumatra. Næstar voru Belawan, Penang og Singapúr. Hér átti byltingin að hefjast, hafði mér verið sagt. Hér átti bannvörusendingin, sem ég hafði meðferðis, að fara í land. Eftirvænting mín óx dag frá degi. Ég svaf lítið. Ég mátti ekki fara á mis við sendiboðann frá Suðurhafseyjum. Hvað svo sem böggjarnir mörgu höfðu að inni að halda — ég hafði flutt þá með mér umhverfis hálfan hnöttinn. Þeir voru mikilvægir.

Ekkert gerðist í Sabang. Enginn þeirra, sem ávörpuðu mig í brennheitum hafnar-kvífunum í Penang, þótti mér líklegur. Singapúr var næst. Festarnar höfðu ekki fyrr verið settar í land og járnbrettinu til varnar gegn rottum komið fyrir ein skipfélagi einn kallaði til mín: „Hæ — komdu! Það er kvenmaður að spyrja eftir þér.“

Út úr þyrpingu kínverskra hafnarverkamanna steig lítil kínversk kona. Hún var í sléttum svörtum kjól. Hreyfingar hennar voru liðlegar, andlitið þunnt og einbeitt. Hún vissi nafn mitt. Í skjóli við stýrishúsið í skutnum dró hún lítið spjald upp úr litlu svörtu og gylltu handtöskunni sinni. Það var ljósmynd af hundi.

„Geðjast yður vel að hundum af þessu kyni?“ spurði hún vingjarnlega.

„Ég á hund af sömu tegund,“ svaraði ég hlæjandi.

Þannig hitti ég M. Lan, fulltrúa kommúnistaflokksins í Suðurhafslöndum. Hún gaf mér upp heimilisfang víxlara frá Babu við torg nálægt höfninni. Um nóttina smyglaði ég böggjunum í land með aðstoð kínversks pilts. M. Lan sat þar nálægt í *rickshaw* — kínverskum handvagni — og reykti.

Enn þann dag í dag veit ég ekki, hvers eðlis þessi bannflutningur var. Að öllu

samanlögðu vógu bögglaðir um 140 kílógrömm. Það hefðu getað verið belgískar sjálfvirkar skammbýssur eða skotfæri eða sprengiefni. Hvað um það, dýnamít var það, þó að það væri ekki nema prentað, og ég var feginn að koma því klakklaustr undan minni umsjá. „Framkvæmdum lokið,“ símaði ég Fritz Heckert í Berlín.

Byltingartilraunin fyrirhugaða var framkvæmd tæpu hálfu ári síðar. Í nóvember 1926 hófu verkamenn á Java og Sumatra uppreisn. Hús voru brennd til ösku, járnbrautir sprengdar, miklu blóði úthellt í bardögum milli uppreisnarmanna og herliðs stjórnarinnar. Aðferðum óaldarmannanna á Java og Sumatra svipaði mjög til þeirra, sem ég hafði verið vottur að í strætisvirkjabardögum í Hamborg. Höndin sem stjórnaði öllu bak við tjöldin var og hin sama. Uppreisnin mistókst. Hundruð manna féllu í bardögum. Hundruð særðust. Þúsundir manna voru handteknir og sendir til fangabúða á Nýju Gíneu. Herréttir dæmdu mörg hundruð manna umsvifalaust til lífláts.

Ég strauk af *Franken* í höfninni í Hong Kong. Þar var verkfall meðal kínverskra sjómanna og hafnarverkamanna. Breskir sjóliðar héldu vörð um hafnarkvíarnar í þessari nýlendu bresku krúnunnar í útjaðri Kínaveidis, en þar ólgaði allt af uppreisnarhugmyndum. Ég hafði enn milli handa um fjögur hundruð dali af fé Kominterns, sem átti upprunalega að fara til Egyptalands. Ég aftréð að verja þeim til áróðurs meðal breskra, bandarískra og þýskra sjómanna í Hong Kong. En ég komst fljótt að raun um, að slíkar fyrirætlanir voru ekki framkvæmanlegar í borg, þar sem breski flotinn og breska leyniþjónustan brugðu ljósum sínum í hvern krók og kima. Þeir voru að leita dyrum og dyngjum að Kútsjímov nokkrum, Komintern-manni, sem hafði komið til Hong Kong til að skipuleggja verkfallið. Síðan frétti ég, hvernig farið hefði fyrir félagi Dossier, öðrum Komintern-manni, sem hafði gert tilraun til að setjast að í Hong Kong í gervi verslunarmanns. Fylgikona hans, sem var kynblendingur, hafði gert tilraun til að drepa hann á eitri á hótelinu, þar sem hann bjó. Dossier fjötraði hana á höndum og fótum og flutti í annað húsnæði, en var von bráðar tekinn höndum og rekinn úr landi. Með venjulegri seiglu bolsévíkans tókst honum að snúa aftur á laun, en var aftur rekinn úr landi og fluttur til Shanghai. Þar komst hann í hendur bresku leyniþjónustunnar, og síðan hefur ekkert frést af félagi Dossier. Þessar upplýsingar gerðu það að verkum, að ég tók mér far á þilfari með strandferðaskipi til Shanghai.

Í Shanghai gaf ég mig fram á leynilegri Komintern-skrifstofu í Nangking Road. Kínverskur stúdent tók á móti mér og sagði mér að bíða. Daginn eftir stigum við upp í *rickshaw* og ókum um hina fögru lystigarða borgarinnar. Það snerti mig óþægilega að láta hálfnakinn, sveitt dráttardýr í mannsmynd draga mig eftir götunum. Það vaknaði í mér löngun til að stökkva af vagninum, að klappa á hinar svitastokknu herðar og segja: „Heyrðu, vinur, taktu það rólega, eigum við ekki að fá okkur svaladrykk saman?“

Við námum staðar í nánd við Majestic-hóтелиð. Maður með mjög slavneska andlitsdrætti og framkomu eins og kurteis Parísarbúi beið okkar þar. Hann hefði

verið hæfur hvort sem vildi í hlutverk skólakennara eða eimreiðarstjóra. Hann hét Mandalian og var fulltrúi Kominterns fyrir Shanghai-umdæmið.

Ég hafði ekki fengið neinar nýjar fyrirskipanir frá Berlín. „Við getum alveg eins notað þig hérna,“ sagði Mandalian, eftir að hann hafði lagt fyrir mig nokkrar spurningar. Fyrsta verk hans var að láta mig afhenda sér fjögur hundruð dalina, sem ég var með. Við gengum um garðinn, og Mandalian talaði hratt en skipulega.

„Leggðu ekki höfuðið á snið eins og samsærismaður,“ áminnti hann mig, er við höfðum gengið nokkurn spöl. „Það getur verið að það sé haft auga með okkur. Vertu kátur. Vertu eins og maður, sem er að masa um veðreiðar.“

Mandalian talaði mest um erlendu herskipin og erlendu hermennina í Kína, sem hann taldi ógna kommúnistabyltingu í Kína mest af öllu. Jafnvel milljón illa vopnaðra kúlía, kínverskra verkamanna, gátu ekki sigrast á byssum gráu ferlíkjanna. Það þurfti að finna aðra leið: brjóta niður siðferðisprek erlendu sjóliðanna og hermannanna með þrálátum áróðri. Komintern hafði stofnað sérstaka deild í Shanghai í þessu skyni, og var hún undir stjórn dugandi kínversks kommúnista, Siu að nafni. En mennirnir á erlendu herskipunum létu ekki hafa sig til þess að ræða stjórn mála við Austurlandabúa, sem þeim hafði verið kennt að fyrirliða. Félagi Siu vantaði mann, sem gat talað við bresku og bandarísku sjóliðana sem jafningja og kunni mál þeirra. Mandalian taldi mig vera þann mann. Þangað til mér bærust frekari fyrirskipanir frá Berlín, átti ég að aðstoða Siu í starfi hans. Ég hitti hann sama daginn í húsi kínverska Sjómannasambandsins.

Félagi Siu hafði stundað nám í Evrópu og talaði vel þýsku. Hann var þrekinn, snarlegur maður á fertugsaldri, kvæntur rússneskri konu, sem var um leið ritari hans. Hann lét mig fá nýlega fjölritunarvél og kynnti mig japönskum og kínverskum kommúnistum, sem ég átti að hafa samvinnu við. „*Den Panzerkreuzern müssen wir die Zähne ausziehen*,“ sagði hann. Við verðum að draga tennurnar úr herskipunum.

Við gerðum okkur enga grein fyrir því, hve afkáraleg fiflDIRfska okkar var. Í liði okkar voru alls tveir tugir kommúnista af ýmsu tagi að meðtöldum nokkrum Japönum og tveimur ævintýraþyrstum Norðurlandabúum. Búnir einni fjölritunarvél og fjárupphæð, sem nam hundruð Shanghai-dölum á viku, ætluðum við okkur að „draga tennurnar“ úr sameinuðum flotum Bretlands, Frakklands, Bandaríkjanna og Japans á neðri hluta Jangtsekiang-fljóts. Upphæðin sem okkur var veitt til þess að bera kostnað baráttunnar var ef til vill fimmti hluti þess, sem Komintern greiddi félagi Mandalian og félagi Siu á laun. Það voru þeir, sem töluðu síðar á Moskvu-fundum af þekkingu mikilli um ástæðurnar til ósigursins í Kína. Við óbreyttu liðsmennirnir fengum ekki að leggja neitt til þeirra mála.

Hérumbil þriðji hlutinn af áhöfnum herskipanna höfðu landleyfi í einu í hvert sinn. Þeir sóttu fjölleikahúsin í alþjóðahverfinu og vændiskvennahúsin í Tchapaihverfinu. Stúlkurnar í þessum húsum voru kínverskar, oftast nær ekki annað en kúguð börn, þó að þær sýndust spilltar á yfirborðinu. Flestar þeirra höfðu foreldrarnir selt í ánaud, um það leyti sem þær höfðu fyrst á klæðum, og eigendur

pútnahúsanna ráku þær síðan, þegar þær urðu fullþroska. Þessi hús eymdarinnar sóttu eingöngu Evrópumenn og Ameríkumenn, og meiri hluti viðskiptavinanna var af erlendu herskipunum. Það féll í hlut kínversku kommúnistanna að hefja umsátur um vændiskvennahúsin. Einn þeirra lét konu sína og systur leita kunnings- skapar við stúlkurnar í húsunum og koma þeim til að hafa flugrit okkar liggjandi á herbergjum sínum. Barnungar vændiskonurnar virtust hlakka yfir lofordunum um, að drottnum þeirra, hinum féggjörnu, grimmyndu eigendum húsanna, mundi verða varpað unnvörpum í Huangpu-fljót eftir byltinguna.

Við útlendingarnir, Norðurlandabúarnir tveir, sex eða sjö Japanir og ég, tókum að okkur fjölleikahúsin á Nanking Road svæðinu. Það var alltaf slangur af sjóliðum innan um mannfjöldann sem fyllti þessar stofnanir kvöld eftir kvöld. Stúlkurnar þar voru kynblendingar eða dætur rússneskra flóttamanna, laglega til fara, lostafullar og mjög féggjarnar. Við fundum nokkrar skoðanasystur meðal kynblendinganna, en rússnesku stúlkurnar, sem virtust vera á mála hjá félagsskap hvítliða á staðnum, unnu ráðabruggi okkar allt til óþurftar, sem þær gátu. Auk þess var hörð samkeppni milli Rússanna, sem voru þunglyndar og drykkfelldar, og kynblendinganna, er voru yngri og glæsilegri. Að lokum áttum við einskis annars úrkosta en hefja beinar viðræður við sjómennina af herskipunum. Þrásinnis lá við, að slíkum deilum lyki með handalögmáli. Sjómennirnir höfðu komið í land til að skemmta sér, og þeir tóku fræðslu okkar illa upp, nema þeim væri boðið í staupinu fyrst. En til þess skorti okkur fé.

Eftir að Chiang Kaishek hafði sagt skilið við Moskvuvaldið árið 1927, voru fjölmargir kommúnistar teknir af lífi, þar á meðal því sem næst allir kínversku félagarnir, sem ég starfaði með í Shanghai. Nokkrum árum síðar, eftir að dauðarefsing fyrir kommúnisma hafði verið leidd í lög í Japan, frétti ég um örlög japönsku félaganna. „Japanska leynilögreglan í Shanghai nam féлага Sano og aðstoðarmenn hans — Fukumoto, Nabejana Mitamura og Takara — á brott og flutti þá um borð í skip, sem var á leið til Kobe.“ í skýrslu, sem Komintern fékk um þá, var þessi athugasemd: „*Vermisst; keine Org-Folgen*,“ sem merkir: „Þeir hurfu. Hvarf þeirra hafði ekki í för með sér neitt tjón fyrir félagsskapinn — þeir þöggðu eins og góðum bolsévíkum sæmir.“

Eftir þriggja vikna starf lauk dvöl minni í Shanghai skyndilega. Molluheitan dag í júlí 1926 fékk ég skilaboð frá Siu um að hitta hann.

„Ég er með fréttir til þín,“ sagði Siu.

„Fyrirskipanir?“

„Alveg rétt.“ Hann sagði, að mér væri skipað að fara til San Francisco. Hann var með húsnúmer þar, skrifað á blað af gulum vindlingapappír.

„Gefðu þig fram þarna,“ sagði hann.

„Hvernig í fjandanum á ég að komast til San Francisco?“ spurði ég. „Ég á ekki einu sinni fimm dali.“

Siu yppti breiðu öxlunum. „Þú getur beðið eftir peningum, eða þú getur farið

peningalaus. Það er ekkert til, sem bolsévíki getur ekki gert. Hvað um það, fáðu félagi Sano plögg þín í hendur.“

# Frá Shanghai til San Quentin

ANDSPÆNIS TOLLBÚÐINNI á hinum fljótsbakkanum lá bandaríska farþegaskipið *President Wilson*. Heimahöfn þess, San Francisco, var máluð þvert yfir skutinn. Brottför þess var ákveðin um dagmál. Ég laumaðist um borð um nóttina og skreið ofan í björgunarbátinn á afturþilfarinu. Snemma um morguninn gægdist ég út um gat á segldúknum, sem var yfir bátnum, og sá að skipið var þegar á útleið. Og þannig leið friðsæll dagur. En um nóttina gerðist óvæntur atburður.

Ég heyrði draugalegt ýlfur rétt hjá bátnum. Ýlfrið hélt áfram með nokkru millibili, og ég minntist þess, að villidýr eru oft flutt til dýragarða í búrum, og hélt ég, að slíku búi hefði verið komið fyrir á afturþilfarinu.

Að lokum smaug ég út úr bátnum til þess að athuga málið. Stjórnr ljómuðu á fjólubláum himninum. Við hliðina á björgunarbátnum stóð tjald. Innan úr blek-svörtu myrkrinu í tjaldinu barst mér ilmur af blómum og þaðan kom ýlfrið.

Ég fór inn í tjaldið og kveikti á eldspýtu. Í tjaldinu stóð líkkista þakin blómum. Við höfðalag líkkistunnar stóð andlitsmynd af Kínverja. Lítill, feitur hundur hnipraði sig saman hjá kistunni. Ég settist á hana og klappaði hundinum. Við urðum mátar, og hundurinn hætti að ýlfra.

Allt í einu flaug mér í hug, að maðurinn í líkkistunni hlyti að vera Kínverji — sá sem myndin var af. Kínverjar eru aldrei fluttir frá ættjörð sinni til greftrunar í Ameríku. En auðugir Kínverjar, sem deyja í Ameríku, eru oft fluttir heim og jarðaðir þar. Ég komst að þeirri niðurstöðu að *President Wilson* væri ekki á leið til Ameríku.

Ég þaut út úr tjaldinu og renndi augunum um sjóndeildarhringinn. Á stjórn-borða sást votta fyrir lágri strandlengju. *President Wilson* var á suðurleið, ekki til Kaliforníu, heldur í hina áttina til Hong Kong eða Manila eða Singapur.

Það var Hong Kong. Ég valdi mér nýtt fylgsni í öðrum báti, eins fjarri líkinu og sorgmædda hundinum og unnt var, og tveimur dögum síðar gekk ég í land á bryggju við Kowloon.

Hinum megin við bryggjuna lá annað farþegaskip, *Empress of Canada*. Reykur valt upp úr gulum reykháfum þess.

„Hvert er þetta skip að fara?“ spurði ég mann, sem ég hitti.

„Til Vancouver — þetta er hraðskreiðasta skip á Kyrrahafinu.“

Skær ljós loguðu við lestaropin og landgangana. Glamrið í vindunum rann saman við mas ferðafólksins og óp Kínverjanna og varð að töfrandi ys sjávarsíðunnar. Ég smeygði mér í gegnum mannþyrpinguna og gekk upp landganginn.

„Farmiða,“ söng varðmaðurinn.

Ég veifaði pappírslaði framan í hann. „Símskeyti til herra Collins,“ æpti ég og hljóp inn í farþegaþvöguna.

Ég var ekki í vandræðum um borð í skipum. Ég beygði inn í gang, hljóp upp stiga, síðan upp á efsta þilfar og í áttina til þriðja reykháfsins á *Empress of Canada*. Það lagði engan reyk úr honum. Það var gervireykháfur, sem hafði verið komið þarna fyrir vegna áferðarinnar. Á löngu ferðalagi er miklu betra að hafast við í reykháfum en í bátunum. Ég kleif mjóan rimlastiga úr járni upp á pall nálægt efri rönd reykháfsins.

Skipsflautan blístraði hátt og hveltt. Skipið komst von bráðar á hreyfingu. Ég hringaði mig saman á sótugri járngrindinni og sofnaði. Reykurinn úr fremri reykháfum huldi stjörnurnar.

Fyrir sólarupprás morguninn eftir klifraði ég niður á þilfar. Ég laumaðist inn í skrautlegt baðherbergi. Eftir nóttina var ég svartari en sótari. Ég baðaði mig og rakaði og þreif föt mín. Ég þvoði einu skyrtuna, sem ég átti og þurrkaði hana á heitu vatnsþípunum. Síðan fór ég út á þilfarið.

Óðar réðst lítill, hvatskeytlegur maður í hvítum og gylltum fötum að mér.

„Eruð þér farþegi á fyrsta farrými?“ spurði hann.

„Nei,“ svaraði ég, „þriðja.“

„Því miður,“ sagði hann, „þetta er fyrsta farrýmis þilfar. Þriðja farrými er frammi á skipinu, tveimur þilförum neðar.“

Ég flutti búferlum. Á milli þilja var krökkt af Kínverjum, kynblendingum og nokkrum torkennilegum hvítum mönnum. Súpu-, te- og svaladrykkjasalar fylltu gangana.

Ég var svangur og fékk mér súpu hjá einum förumatsveininum. Súpan var heit og góð. Í þeirri svipan drundi í djúpri rödd fyrir aftan mig, og gríðarstór hrammur greip um öxl mér. Ég snerist á hæl. Fyrir framan mig stóð jötunn í trosnuðum, brúnum fötum með villt augu og úfið brúnt hár, sem var tekið að grána. Af vitum hans lagði ilm flöskunnar.

Ég sagði: „Ég er rétt að fá mér morgunverð.“

„Kallarðu þetta morgunverð, ha?“ buldi í risanum. „Upp Andesfjöllin og niður Amazon-fljótið. Hvað segirðu? Ég hef alltaf verið að leita að manni eins og þér. Frá Iquitos til Pará, klofvega á mahónídrumb! Ferguson heiti ég — en þú?“

Ég sagði honum eitthvert nafn.

„Helvítis ónefni,“ þrumaði hann. „Komdu hérna yfirum og heilsuðu upp á vin minn Killman, Augustus Killman, besta dreng, sem nokkurn tíma hefur flegið mandarín lífandi.“

Killman var stór og sinamikill, með veðurbarið andlit og djúpsett grá augu. Hann kreisti hendina á mér, svo að mig kenndi til, og til að svara fyrir mig steig ég ofan á tærnar á honum.

„Það er allt í lagi með þig,“ sagði hann alvarlega.



Ferguson lagði hendur um háls mér og Killman og öskraði: „Upp Andesfjöllin og niður Amazonfljótið, klofvega á mahónídrumb.“

Það var upphaf fjörugustu laumuferðar, sem ég hef farið. Tvímenningarnir báðu mig um að taka þátt í fan-tan fjárhættuspili, sem kínverskur ístrubelgur stóð að á aftari lestarhleranum. Ég kvaðst vera aurlaus, og Ferguson gaf mér tíu dali. Ég vann í fyrstu, en tapaði síðan öllu. Ferguson tapaði. Killman vann viðstöðulaust, og um sólarlag voru vasar hans bólgnir af silfurmynt.

„Við skulum fara í kvöldmat,“ sagði Ferguson.

Ég sagðist ekki geta farið inn í borðsalinn, vegna þess að ég væri laumufarþegi. Ferguson var ekkert hissa á því.

„Bíddu hérna,“ sagði hann.

Eftir matinn buðu Ferguson og Killman mér inn í klefann sinn. Úr barmi sínum dró Ferguson steikt kjöt, brauð, smjör og ost, allt vafið kirfilega í munnþurrku.

„Éttu!“ þrumaði hann. „Upp Andesfjöllin ...“

Í viku lék ég lausum hala á skipinu, án þess að upp um mig kæmist. Ferguson sá mér fyrir mat, sem hann hnuplaði í matsalnum. Hann lánaði mér líka hreinan alfatan. Hverjum degi lauk með grenjandi fyllirí. Á nóttunni svaf ég í legustólum á þilfarinu eða í baðherbergjum. Shanghai, Yokohama og innhafið milli þeirra lágu langt að baki okkur. *Empress of Canada* klauf öldurnar á austurleið í opnu Kyrrahafi. Það var aðeins níu daga sigling til Ameríku.

Þá var það, að Ferguson, sem var orðinn áfengislaus, sagðist vera orðinn leiður á að „flækjast með steik í vösunum“. Hann stakk upp á því að ég færi inn í matsalinn og mataðist með hinum farþegunum.

Ég gerði það. Það var á níunda degi frá Hong Kong. Ég neytti morgunverðar og hádegisverðar við hlið Fergusons án óhappa. En við kvöldverðinn sá ég kynblendingsþjóninn kasta tölu á höfuðin við borðið. Ég sá hann hrista höfuðið og telja aftur. Síðan hvarf hann.

„Við segjum að þú sért sonur okkar,“ hló Killman.

Þjónninn birtist í dyrunum. Með honum var maður af skrifstofu brytans. Þeir töldu báðir. Þeir töldu einum fleiri en voru á listanum hjá þeim. Rétt á eftir rétti þjónninn mér blað og blýant og bað mig skrifa nafn mitt og klefanúmer.

„G. F. Collins,“ skrifaði ég. „Klefa 36.“

„Viljið þér gera svo vel að finna brytann sem fyrst?“ sagði þjónninn.

Ég skaust upp á þilfar og klifraði upp á sótuga pallinn við innri brúnina á þriðja reyk háf skipsins. Þeir fundu mig eftir tveggja stunda leit. Glottandi háseti skipaði mér að koma ofan. Þrír einkennisbúnir menn tóku á móti mér.

„Fyrirgefðu, herra minn, megum við sjá farmiðann yðar?“

„Því miður, ég hef engan farmiða.“

„Engan farmiða? Hvers vegna?“

„Enga peninga.“

Þeir fóru með mig til skipstjórans.

„Hver eruð þér?“ spurði skipstjórinn.  
„Laumufarþegi.“  
„Þjóðerni?“  
„Bandaríkjamaður.“  
„Það segja þeir allir. Nafn?“  
„Collins.“  
„Hum! Því ekki Smith? Nokkur skilríki?“  
„Nei.“  
„Selt þau?“  
„Týnt þeim.“  
Skipstjórinn brosti breitt. „Nokkurn farangur?“  
„Nei.“

„Gætið þið að, hvað hann er með í vösunum.“ Það var leitað á mér. Leitin leiddi í ljós úr, hníf, rakvél, tannbursta og þrjá vasaklúta.

Síðan var ég fenginn í hendur bátsmanninum, ofsafengnum kynblendingi, og var settur í vinnu við að skafa tekkviðinn á þilfarsgluggum, dyrum og handriðum frá morgni til kvölds með sköfum úr gleri og jární. Ég var ekki einn. Í svartholi skipsins voru auk mín fimm sóðalegir Rússar, ruslalarályður frá höfninni í Shanghai, allt laumufarþegar, sem höfðu verið gripnir glóðvolgir fyrsta dag ferðarinnar.

Tími og rúm liðu hjá. Á hverjum degi fossuðu átta hundruð kílómetrar Kyrrahafsins aftur með skipshliðinni. Ég bruggaði sífellt ráð um flóttu. Killman hafði útvegað mér mörg pund af smjöri. Við það bætti ég dálítilli vélafeiti, sem ég hafði komist yfir. Ég komst að raun um, ef ég færi úr fötunum og smyrði líkamann feiti og smjöri, að þá mundi ég geta smogið í gegnum kýraugað. Ég æfði mig á nóttunni, meðan Rússarnir sváfu.

Þegar nær landi kom, breyttist veðrið. Himinninn var þakinn brunandi óveðurskýjum. Þarna hillti undir strönd, hæðir, höfða Vesturheims. Stýrimaður smalaði mér og Rússunum inn í svartholið. Hann taldi: „Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex. Jæja, drengir. Þið verðið hér, þangað til lögreglan kemur um borð.“ Þungu dyrunum var skellt aftur. Lykli var snúið í lásnum. Tveimur klukkustundum síðar skreið *Empress of Canada* inn á höfnina í Victoria.

Rússarnir þvöðruðu eins og æstir apar. Þeir ætluðu sér að ráðast á Kínverjann, sem kæmi með matinn til okkar. Kínverjinn kom, varlega, og ýtti matnum inn um kýrauga, sem vissi út á bátapilfarið. Hann var ekki fyrr kominn úr augsyn en ég fór úr fötunum. Ég smurði líkama minn frá herðum niður á mjaðmir. Ég kastaði fötunum mínum út á bátapilfarið. Síðan fór ég á eftir — höfuðið, handleggina, axlirnar. Ég þrýsti af öllum mætti og beit á jaxlinn. Harði látúnshringurinn skóf ræmur af hörundi mínu.

Þegar út kom, klæddi ég mig. Ég setti upp sólgleraugu, sem ég hafði komist yfir á leiðinni, og sameinaðist mannfjöldanum við landganginn. Tveir landamæraverðir stöðvuðu mig.

„Vegabréf?“

Ég bjóst við þeirri spurningu.

„Æ, ég kom aðeins um borð til þess að vita, hvort ég gæti fengið vinnu,“ sagði ég.

„Hvernig komust þér um borð?“ sagði annar.

„Með skipreiðasalanum — hann er frændi minn.“

Ég gekk í land, hvarf fyrir horn á vöruskemmu og skundaði til borgarinnar. Tíu mínútum síðar sat ég og hugleiddi ástand mitt í litlum skemmtigarði í Victoria. Langt burtu, hinum megin við sundið milli Vancouver-eyju og meginlandsins, voru Bandaríkin.

Ég fann róðrabát, sem var bundinn við staur, losaði kaðalinn og ýtti á flot út í straumköstin á sundinu.

Það var rok. Skyggnið var slæmt. Ég reri sem óður og hélt til suðurs. Baturinn kastaðist til á öldunum, og ég varð að ausa með húfunni minni. Ég söng út í myrkrið: „Hengjum böðla ...“ Ég bölvaði sjálfum mér. En ég reri. Ég reri alla nóttina. Ég reri allan næsta dag. Ég reri alla næstu nótt. Ég var banhungraður. Ég bleytti vasaklútinn minn í rigningunni og saug hann. Hendur mínar voru þaktar sprungnum blöðrum. Mér fannst ég gæti hvenær sem væri hnigið niður og kjökrað.

Um klukkan ellefu á þriðja degi lenti ég á skógivaxinni strönd. Ég ýtti tómunum bátnum aftur út í röstina og datt síðan niður og sofnaði. Það var komin nótt, þegar ég vaknaði. Ég lagði af stað eftir veginum og kom brátt til smáborgar — Port Angeles. Þaðan lagði ég leið mína eftir þjóðveginum, sem lá suður á bóginn.

Eftir alllangt gönguferðalag komst ég til San Francisco, félaus en sigri hrósandi. Ég leitaði uppi húsið, sem Siu hafði bent mér á í Shanghai. Það var greiðasöluhús við Clay Street. Ég spurði eftir ungfrú Green. Mér var vísað í notalegt herbergi á þriðju hæð. Þar hitti ég alvarlega stúlku með gleraugu. En þegar hún kom nær, sá ég óðar, að alvaran og gleraugun voru dulargervi. Hold hennar var fast og mjúkt og augun stríðnisleg. Hún var ekki bandarísk. Ég vissi, að hún hét ekki Green réttu nafni.

„Ég er félaginn frá Shanghai,“ sagði ég.

„Þú birtist svona á þig kominn?“

„Ég kom sem laumufarþegi.“

Hún var ekki tortryggin. Mandalian hafði sent símskeyti, eftir að ég fór frá Kína. Hún bar fram te og brauð.

„Hvað á ég að starfa hérna?“ spurði ég.

„Þú færð að sjá það,“ sagði hún.

„Starf fyrir bandarísku flokksdeildina?“

„Nei. Við höfum ekkert samband við flokkinn í Bandaríkjunum. Flokksmönnum hefur fækkað um tvö þúsund á þessu ári.“

„Nú, hvað á ég þá að gera?“

„Þú færð að vita það innan skamms,“ sagði hún og brosti.

Stúlkan fór út til þess að tala í síma og útvega mér föt. Ég baðaði mig og svaf þangað til hún kom aftur. „Þú átt að hitta foringjann klukkan níu,“ sagði hún.

Foringinn beið eftir mér á skemmtilegu veitingahúsi nálægt Gullna hliðinu, Golden Gate. Hann var Rússi, sem þóttist vera verkfræðingur og gekk undir nafninu Getsy. Hann var grannur maður á fimmtugsaldri, rólegur og gáfulgur á svip. Hár hans og augu voru grá, og fötin, sem hann var í, voru líka grá. Hann talaði gætilega og vélrænt, eins og maður, sem hefur æft sig í að tala, meðan aðrir halda að hann sé sofandi.

Getsy var vel kunnugt um fortíð mína í flokknum. „Forðastu að hitta neinn af vinum þínum hér á ströndinni,“ áminnti hann mig. „Enginn, nema það fólk sem ég tilnefni, má vita, að þú sért í Kaliforníu.“ Hann sneri sér að stúlkunni. „Fáðu honum peninga, Gushi.“

Stúlkan tók nokkra seðla úr tösku sinni og ýtti þeim til mín yfir borðið.

„Er eitthvað annað, sem þú þarfnast?“

Ég leit á stúlkuna. Nafnið Gushi átti betur við hana en hið ókunnuglega „ungfrú Green“. Hún hallaði höfðinu aftur og hló.

Ég slæptist í þrjá daga. Gushi hafði séð um, að ég fengi herbergi í sama húsi og hún. Hvenær sem hún var ekki störfum hlaðin fyrir Getsy, vorum við saman.

Það átti jafnvel enn betur við um Gushi en aðra starfsmenn Kominterns, sem gegndu störfum erlendis, að hún lifði sem á eyðieyju og hafði mjög lítil mök við óvinaþjóðfélagið, sem í kringum hana var. Henni var bannað að eiga kunningja nema í starfslíði neðanjarðardeildarinnar, sem Getsy stjórnaði. Sérhver nýr kunningsskapur þótti tortryggilegur, hversu meinlaus sem hann var. Henni og fólki af hennar tagi — og það skipti þúsundum í leyniþjónustu ráðstjórnarinnar — var meinað að taka þátt í öllum skemmtunum, sem heilbriggt ungt fólk temur sér. Hún mundi aldrei fá að ganga sínar eigin götur, aldrei eignast mann og börn, aldrei heimili. Afleiðing þessa á sálarlífið var kaldur og ófyrirleitinn uppgerðarþótti, sem átti rætur að rekja til leynilegs einstæðingsskapar og óánægju. Gushi þótti gott að hafa mig fyrir féлага. Og mér þótti gott að hafa hana.

„Við skulum gleyma öllu,“ sagði Gushi. „Við skulum svalla.“ Hún sendi hús-vörðinn að sækja ítalskan mat og áfengi, og síðan læstum við dyrunum og drógum gluggatjöldin fyrir. Einhvern veginn fundumst okkur við vera frjársari, þegar við vorum orðin dauðuppgefin. Á daginn, þegar Gushi var úti í erindum Getsys, ók ég út að ströndinni og synti út í brimið. Stundum datt mér í hug að synda æ lengra og lengra, þangað til kraftar mínir þrytu og ég gæti ekki snúið aftur. En ég sneri alltaf aftur. Þegar ég kom heim, lagði Gushi frá sér vinnu sína. „Nokkuð að fréttar?“ spurði ég. Þá þrýsti Gushi líkama sínum að mér og sagði: „Ekki ennþá. Við skulum drekka heimabrug. Við skulum kveikja á kerti. Við skulum svalla.“

Á fjórða degi kallaði Getsy mig á ráðstefnu. Aftur hitti ég hann nálægt lystigardinum við Gullna hliðið. Hann var enn jafnflekklaus og litlaus í útliti og gaf mér fyrirskipanir sínar köldum rómi. Það sem um var að ræða, var að koma

sendingu af ólöglegum kommúnistaritum til Japans. Skipið *President Jefferson* frá Admiral-línunni átti að sigla frá Seattle til Austurlanda. Meðal skipverja voru fjórir kommúnistar. Þeir áttu að smygla stórri sendingu japanskra bæklinga til Yokohama. Næst Bretlandi var Japan það heimsveldi, sem átti mestra hagsmuna að gæta í Austurlöndum. Ef bylting ætti að takast í Kína, þá var mest komið undir því að aftra Japönnum frá að skerast í leikinn — með verkföllum og skemmdarverkum. Þar eð japanska leyniþjónustan hafði of strangar gætur á samgönguleiðunum milli Japan og Vladívostrók, var öllum sendingum peninga og áróðursrita beint um hafnirnar á vesturströnd Bandaríkjana.

Ásamt Gushi fór ég til Seattle. Farmurinn hafði komið frá New York í tunnum. Ég kallaði félagana á *President Jefferson* til aðstoðar, sá um að búið væri um bæklingana í fyrirferðarminni umbúðum, faldi þá rækilega á skipinu og ákvað liðsorðin, sem gefa ætti móttakendum varningsins. Innan viku hafði Gushi símað til Yokohama, að „leikföngin“ væru á leiðinni.

Gushi var mjög iðjusöm. Öll villimennska tilfinninganna hvarf sem dökk fyrir sólu, þegar hún beindi huganum að félagsstörfunum. Eitt sinn keypti ég tvo aðgöngumiða í leikhús. Hún var svo glöð, að hún kleip mig í handlegginn og fór að dansa.

„Eftir leikinn skulum við fara að dansa,“ sagði hún. „Ég hef ekki dansað í heila eilífð.“

„Þú ert breytt að sjá,“ sagði ég, þegar hún burstaði þykka, ljósa hárið fyrir framan spegilinn í hótélherbergi okkar.

„Ég er breytt.“

Það var barið að dyrum. Það var símskeyti frá Getsy. Hann skipaði mér að koma til Los Angeles tafarlaust. Hann beið mín þar á hóteli. Svipur Gushi varð harður, þegar ég las skeytið. „Við dönsuðum seinna,“ sagði hún og bætti við í sárum tón: „Við höfum engan tíma til fíflaláta. Nú er að duga eða drepast.“

„Hvað merkir þetta?“ spurði ég og benti á símskeytið.

„Ég get ekki sagt þér það,“ svaraði hún hægt.

Við skildum á járnbrautarstöðinni, og ég sá Gushi aldrei framar.

Síðla næsta kvölds kom ég til Los Angeles. Ég ók beint á hótelið til Getsys. Hann var í náttfötum, grár í andliti og skuggalegur, þar sem hann sat yfir skjölum er lágu á borðinu. Herbergið var á kafi í vindlingareyk. Hann tók skjölin saman og kom þeim fyrir í skjalamöppu sinni, áður en hann mælti orð af vörum.

„Ég hef áriðandi starf handa þér,“ sagði hann.

„Ágætt. Hvað er það?“

„Líflát,“ sagði Getsy blíðlega.

Ég tók skyndilegt viðbragð. Mér varð óskiljanlega órótt innanbrjósts. Þetta var ekki það, sem ég hafði búist við. Getsy gekk um gólf. Ég tók eftir því, að hann forðaðist að líta á mig. Hann hélt áfram og talaði svo dræmt, að orð hans heyrðust varla.

„Í röðum byltingarsinna verðum við að greina á milli leynilegra óvina af þrennu tagi. Í fyrsta lagi eru það æðir njósnarar og tálbeitar, en án þeirra gæti lögreglan aldrei unnið neina sigra í fylkingum okkar, ekki einu sinni um stundarsakir. Þeim færustu af þessum mönnum er smyglað inn í flokkinn að utan; hitt eru veikgeðja og óstöðuglyndir flokksmenn, sem hafa flækst í flokkinn af misskilningi. Í öðru lagi eru það skemmdarvargar og misklíðarseggir, sem eyðileggja baráttu og einingu flokksins. Og síðan eru þeir, sem við höfum tekið á móti sem einlægum byltingarsinum, sem við höfum treyst, heiðrað og trúað fyrir störfum, en hafa látið sér sæma að svikja traust okkar í eiginhagsmunaskyni. Þessi síðasti flokkur er langhættulegastur og fyrirlitlegastur. Þeir eru útsmognir bófar, sem selja líf félaga okkar fyrir peninga. Þeir stela og ræna og kúga. Þeir hnýsast í leyndarmál okkar til þess að slá þau hæstbjóðanda. Slík kvikindi verður að elta uppi og eyða þeim eins og hverjum öðrum óþrifnaði. Það mundi vera glæpur við hreyfinguna að leyfa þeim að lifa. Þetta skilurðu áreiðanlega. Við höfum engin ráð til að höfða mál gegn svikurum. En við getum refsað þeim. Stundum flýr svikarinn og felur sig, og málagjöldunum er frestað. Við leitum hann uppi, og þegar við finnum hann, verðum við að hegna honum, þó að hann hafi lengi lagt land undir fót til þess að forðast refsivöndinn. Það er einn slíkur maður, sem ég er að tala um.“

Mér heyrðust varir Gushi vera að hvísla í eyru mér: „Kæri félagi, skilurðu nú til hvers við kölluðum þig til Ameríku? Einhvers staðar langt í burtu hefur dómstóll félaganna kveðið upp dauðadóm yfir svikara, og þú varst kjörinn til böðulsstarfsins. Nú er að duga eða drepast, og lokaðu augunum við því, ef þér líður betur þá.“

Vindlingurinn sem ég var að reykja, brenndi varir mínar og ég spýtti honum út úr mér. Fyrir framan mig stóð Getsy í vínrauðum náttfötum og hélt á öskubikar í horuðum, gráum höndunum.

„Ég efast um, að ég sé duglegur til hermdarverka,“ sagði ég.

„Þetta er ekki hermdarverk. Hermdarverk eru liður í markvissri byltingarsókn. Líttu á þessa aftöku sem algert innanfélagsmál.“

„Það er morð, félagi Getsy.“

„Vitlessa. Segjum, að þú ættir konu og börn, sem þú elskar heitt. Segjum, að þú bjóðir manni, sem þú telur góðan vin þinn, að dvelja á heimili þínu. Segjum, að þessi maður, sem nýtur gestrisni þinnar, taki slátrarahníf og skeri börnin þín á háls, steli eignum þínum og komist undan. Er það morð að drepa slíkan mann?“

„Nei.“

„Þarna sérðu.“

„Hvar er þessi maður?“

„Hérna í Los Angeles,“ sagði Getsy.

Hann gekk að skáp og rótaði í frakkavasa sínum. Hann kom fram með umslag og dró upp úr því ljósmynd á stærð við hálf þóstkort.

„Líttu á þetta.“

Ég skoðaði myndina vandlega. Hún var af miðaldra manni með mjög gyðinglegt andlit.

„Þessi maður,“ sagði Getsy kuldalega.

„Aftökur heyra undir GPÚ,“ sagði ég.

„Einmitt!“

„Mér finnst að einhver félagi, sem er æðari en ég, ætti að gera þetta.“

„Ég hef engan annan við hendina. Það liggur á þessu. Öllum undirbúningi er lokið. Við höfum heimilisfang hans.“ Síðan tautaði hann: „Þú mátt ekki halda, að þetta sé persónulegt. Ákvörðunin um að þurrka út þessa nöðru er ekki komin frá mér.“

„Hvað gerði hann?“ spurði ég.

„Hvað varðar þig um það?“ hreytti Getsy úr sér.

Ótti, reiði og þrálát skyldurækni háðu baráttu í brjósti mér. „En ef ég segi mig úr flokknum?“ sagði ég reiður. „Og fer heim til Þýskalands?“

Getsy stírdnaði upp. „Segja þig úr? Ég vona að það sé sagt í fljótfærni. Einstöku sinnum höfum við rekið menn — fyrir hugleysi, fyrir ótrúmennsku. En að segja sig úr ... ?“

„Mér var ekki alvara.“

„Ég vissi það.“

„Það er eitt að skjóta fjandmann í götubardaga, skjóta hann til að verja hendur sínar eða í rauðglóandi æði. Það er allt annað að drepa af ráðnum hug,“ reyndi ég að malda í móinn.

„Stigsmunur, ekkert annað,“ sagði Getsy.

„Ef ég á að ráða mann af dögum, þá vil ég fá að vita hvers vegna.“

Getsy gekk til mín og lagði hendurnar á herðar mér. „Kæri félagi,“ sagði hann. „Þessi maður er svikari — það er nóg. Svikarar verða að deyja. Það er fornt lögmál, jafngamalt og fyrsti kynflokkurinn.“

„Jæja, þá verð ég að reyna að komast að því sjálfur.“

„Í samtökum okkar er bannað að halda uppi einkarannsóknum, þú veist það.“

„Lof mér að hugsa mig um.“

Getsy tók aftur að ganga um gólf. Ég sat í djúpum stól, spennti greipar um höfuð mér og reyndi að greiða úr flækjunni, sem fjötraði huga minn: Ég hafði verið sannfærður um nauðsyn rauðra ofbeldisverka. Andbyltingarmenn, njósningar, svikarar, okrarar áttu ekki rétt á að lifa. Hvað hafði ég þá á móti því að senda svikara til helvítis með eigin hendi? Réttlátur maður, sem situr við arineldinn og les, að hættulegur glæpamaður hafi verið hengdur, getur fundið til einlægrar ánægju. Dómari, sem hefur dæmt einhvern vesælan hrakfallabálk frá lífinu, getur farið heim til sín á eftir og snætt steikina sína með nautn hjá konu sinni. En mundi réttláti maðurinn finna eins til ánægju og dómariinn njóta steikarinnar og faðmlaga konunnar eins, ef þeir ættu að hengja manninn sjálfir?

Getsy gekk fram og aftur með hendur fyrir aftan bak og talaði í sífellu. „Siðfræði

borgaranna er ekki siðfræði okkar. Þegar um óvini byltingarinnar eða Ráðstjórnarríkjanna er að ræða, bera mannúðarsjónarmið á sér lit ómerkilegs borgaralegs smásálarháttar, sem samræmist ekki kröfum stéttabaráttunnar.“

Var ég veikgeðja aumingi?

Getsy talaði um ævi sína í hinum útlæga félagsskap bolsévika á dögum keisaraveldisins rússneska, sagði frá, hvernig hinir hundeltu byltingarsinnuðu verkamenn í Pétursborg og Kænugarði hefðu tekið Okhrana-njósna höndum og líflátið þá í kjöllurum og skógum. Hann talaði um starf Tsjekunnar í borgarastyrjöldinni. Hann talaði um herskara af verkamönnum, sem hefðu orðið svikum að bráð og rotuðu nú í óteljandi fangelsum og gröfum. Átti hann að þurfa að geta þess í skýrslu til Moskvu, að ég neitaði að vinna verk í þágu byltingarinnar? Að ég gerði óbeinlínis tilraun til að forða svikara frá óhjákvæmilegum málagjöldum? Eða að ég væri samþykkur lögunum um, að svikarar yrðu að deyja, en væri of veikgeðja og hikandi sjálfur til að halda þeim til streitu? Að betri og hliðhollari félagi yrði fenginn til þess að vinna verkið? Var ekki Komintern sambærilegt við her, sem á styrjöld? Var það ekki algild regla að hermaður í fremstu víglínu, sem neitaði að miða byssu sinni á óvinina, hefði fyrirgert lífi sínu?

„Félagi Getsy,“ langaði mig til að segja, „hvers vegna myrðirðu hann ekki sjálfur?“

„Gott og vel,“ sagði ég. „Ég ætla að gera það.“

Getsy lét fallast í stól.

„Hvenær?“ spurði ég.

„Umsvifalaust,“ svaraði Getsy. „Geturðu hugsað skýrt? Ágætt! Við skulum athuga allar aðstæður.“ Rödd Rússans var hörð og köld.

Dagarnir sem á eftir fóru, voru þrungnir æðisgenginni örvæntingu, villtri löngun í svefn og flóttu og árangurslausum tilraunum til sjálfsdáleidslu í því skyni að bæla niður hugarkvalirnar, sem af óvissu minni og hiki stöfuðu. Afturgöngurnar frá októberdögunum blóði drifnu í Hamborg 1923 ásóttu mig nú aftur. Það var ekki hræðsla, sem kvaldi mig. Það var togstreita milli blindrar skyldurækni minnar og ósjálfráðrar uppreisnar eðlis míns gegn framkvæmd verks, sem var því óskýlt. Ég var sem í leiðslu eftir þennan bardaga. Og það var í leiðslu, sem ég leysti verkið af hendi, svo klaufalega, að Hugo Marx og aulinn Felix Neumann mundu hafa haft mig að háði og spé. Ég hitti manninn, eftir að njósnaar Getsys höfðu haft uppi á honum, réðst á hann nálægt fjölfarinni götu um hábjartan dag og vissi fyrirfram, að árásin mundi mistakast. Ég sló hann einu sinni með skammbyssuskefti; ofbeldisverkið var flónsleg tilraun til þess að friða ónátúrlega skyldurækni frekar en ásetningur um að drepa. Fórnaðyríð varð forviða og æpti á hjálp, og ég hljóp eins og maður í dái, gerði mér tæplega grein fyrir því, að ég hafði ekki gert neinar ráðstafanir til þess að komast undan.

Vörubilstjóri tók á rás eftir mér. Rakarar þustu út úr rakarastofu í nágrenninu. Þeir hófu eltingaleik og veifuðu skærum sínum. Ég hljóp fram með húsaþyrpingunum og skaut inn í lítið hótél og upp stigann til þess að komast upp á þak



hússins. Ég datt í stiganum, og þegar ég stóð upp, sá ég bílstjórann og þrjá rakara þeysast upp stigann.

„Vikið til hliðar,“ sagði ég.

Fremsti rakarinn, harður, hugrakkur maður, sveiflaði skærunum.

„Stattu kyrr, eða við klippum þig í tætlur.“

Ég gerði enga tilraun til að sýna mótþróa. Algert afskiptaleysi og óendanleg þreyta gleypu mig. Rakararnir leiddu mig á rakarastofuna. Æpandi mannfjöldi elti okkur.

„Gefið þið honum á trantinn! Hengið þið hann!“ Það var öskrað og hlegið.

Lögreglan kom og smellti handjárnnum um úlnliði mína. „Svona, karlinn minn, komdu nú,“ sagði einn lögregluþjónninn makindalega.

Tveir rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu mig í stóru herbergi á neðstu hæð í fangelsinu. Þeir voru báðir sterklegir menn á fertugsaldri.

„Hvers vegna slóstu manninn? Hver var tilgangurinn?“

Ég þagði.

„Hvers vegna gerðirðu það?“

„Hann glotti við mér, og ég varð reiður.“

„Æ, vertu ekki að þessu. Langar þig til þess að við séum vondir við þig?“ Þögn.

„Við gætum tekið upp á því að berja þig í klessu. Hvernig ætli þér lítist á það?“

Ég leit til dyranna. Úti skein sólin í heiði. Annar þeirra sá, hvert ég horfði. Hann tók upp skammyssu sína.

„Þú skalt ekki reyna að flýja,“ urraði hann.

„Ég ætla ekki að flýja,“ sagði ég.

„Hverjir voru félagar þínir?“

„Ég átti enga féлага.“

„Úlfur, einfari, ha? Það er betra fyrir þig að segja okkur, hverjir voru með þér.“

Þögn.

Annar stóð upp og gekk aftur fyrir mig. Hann reif í hárið á mér og togaði höfuðið aftur. Með hinum hnefanum sló hann á nefbeinið á mér.

„Út með það — hverjir voru það?“

„Ég var einn, eins og ég segi.“

„Hvar áttu heima?“

„Ég hef ekkert herbergi. Ég kom til bæjarins í morgun.“

„Hvaðan kemurðu?“

„Bresku Kólumbíu.“

„Þú ert líkur náunga, sem hefur framið mörg rán hér í nágrenninu.“

„Ég hef aldrei haft slíkt í frammi.“

Þegar hér var komið höfðu fjórir eða fimm rannsóknarlögreglumenn bæst í hópinn og stóðu í þéttum hnapp umhverfis mig. Þeir tóku að hrinda mér á milli sín með hnefunum. Þeir tautuðu allar hótanir. Þegar þeir hættu því sagði einn: „Þú skalt játa. Segðu okkur alla söguna.“

Yfirheyrslunni var haldið áfram í hálf tíma án frekari árangurs. Varir mínar voru bólgnar, og ég var skrámaður í andliti, þegar stympingunum lauk.

Mér var varpað í stórt herbergi í kjallara hússins, sem var líkast búri. Gólfíð var úr járni. Veggirnir voru stálrimlar spennir sterku vírneti. Loftið var líka úr járni. Fram með búrinu lá mjór gangvegur fyrir fangaverðina, og síðan komu kámugir útveggir hússins. Það var enginn gluggi sjáanlegur. Rafmagnsljós skáru í augum dag og nótt. Óhrein hengirúm úr striga voru strengd upp á stálgrindurnar í tvöfaldri röð. Í einu horninu var vatnskrani og brotin salernisskál.

Þetta var sóðalegasta fangelsi, sem ég hafði séð, og hafði ég séð mörg. Það var troðfullt af föngum. Þeir sterkustu köstuðu eign sinni á hengirúmin í krafti líkamsburðanna. Hinir urðu að hringa sig saman á gólfinu. Það voru engin teppi til, engin sápa og enginn salernispappír. Gömlum meisturum í skepnuskap og óttaslegnum byrjendum, innbrotspjófum, bílþjófum, drykkjurónum og stálpuðum pilthnokkum, sem höfðu verið staðnir að því að drekka úr vasapela, ægði þarna saman. Það var algennt að sjá menn tína lýs úr skyrtum sínum á daginn og þá, sem hneigðust til eigin kyns, glíma við „kærustur“ sínar á nóttunni. Það glumdi án afláts í hurðum, sem var skellt og ópum lögregluþjóna og fangavarda. Fangaverðirnir misþyrmdu föngum, sem sýndu af sér mótþróa, fyrir augunum á lögreglunni. Örvinglaður blökkumaður, sem hrópaði viðstöðulaust á morfin, var barinn tíu sinnum sama daginn.

„Hvað nú?“ hugsaði ég. „Mundi Komintern hefja herferð til þess að fá mig lausan?“ Aldrei. Það var augljóst. Umhyggju þeirrar, sem Moskvumenn sýndi mönnum af sauðahúsi Gorev-Skoblevskis, fengu óbreyttir liðsmenn ekki notið. Enginn mundi hefja samninga um fangaskipti í þetta sinn, jafnvel þó að slíkt væri framkvæmanlegt í Ameríku. Yfirboðarar mínir ætluðust víst til þess að ég „dygði eða dræpist“ — eða hvort tveggja, eins og allir hershöfðingjar ætlast til af fallbyssufóðrinu sínu. Ég hlustaði á fanga, sem var að lýsa nánari atvikum við hendingar. Lögregluþjónn og tveir fangaverðir voru að misþyrma blökkumanninum, af því að hann vildi ekki hætta að æpa á morfin. Blökkumaðurinn engdist sundur og saman á óhreinu stálgólfinu og las bæn vælandi. Ruddaleg rödd öskraði: „Haltu kjafti, svarta viðrinið þitt!“

Er annar dagurinn leið að kvöldi, var farið með mig út úr búrinu og inn í lítið gluggalaust herbergi. Þar beið ég þess sem koma skyldi.

Eftir langa bið kom rannsóknarlögreglumaður til mín. Ég hafði ekki séð hann fyrr. Hann heilsaði mér kumpánlega og bauð mér vindling.

Ég settist, og mér varð starsýnt á hið mjúka bros, sem lék um varir hans.

„Jæja, drengur minn,“ hóf hann mál sitt, „þú veist, hvers vegna þú ert kominn hingað, og þú getur lent í bannsettri klípu, ef þú ferð skakkt að. Þú ert skynsamur piltur, og ég ætla ekki að gabbja þig neitt, því að ég veit að það tekst ekki. Mér datt í hug að koma og spyrja þig, hvort ég gæti ekki hjálpað þér, af því að ég á son á þínu reki. En vertu ekki að segja mér neitt, nema það sem þú vilt sjálfur. Þessir karlar,

sem voru að berja þig, eru svo vitlausir, að þeir þekkja ekki mun á trýninu á sjálfum sér og rottuholu. Mér datt í hug, hvort þú vildir ekki segja mér söguna eins og hún er. Ég vil feginn hjálpa þér. Taktu það rólega. Vertu ekki að segja mér neitt, ef þú heldur að það sé það rétta.“

Þetta var hættulegt. Ég spennti greipar undir borðinu og sagði sömu söguna og ég hafði sagt áður.

„Það er allt í lagi,“ sagði leynilögreglumaðurinn, þegar ég hafði lokið máli mínu. „En hvers vegna skyldi jafngeðugur drengur og þú vera að halda hlífiskildi yfir mönnum, sem eiga það ekki skilið? Þú ert ekki sá maður, að þú lemjir mann til óbóta, af því að hann vill ekki gefa þér vatn að drekka. Hefur þessi maður gert þér eitthvað áður? Eða var einhver annar að reyna að hafa þig að ginningarfífl og fá þig til þess að mölva hauskúpuna á þessum dáta? Hvað fékkstu fyrir? Ekki neitt! Og sá sem leigði þig til þess, er líklegast á þessu augnabliki að gæða sér á stóru, safamiklu buffi með steiktum kartöflum. Er þetta ekki satt?“

Ég barðist gegn dáleiðsluáhrifum hinna sannfærandi orða mannsins. Aðferð þeirri, sem hann beitti, býst enginn fangi við að mæta. Augu hans voru góðleg.

Hann malaði áfram: „Ég gæti sko hæglega útvegð þér skilorðsbundinn dóm. Svona piltur á ekki heima í steininum. Ég gæti lofað þér að vera, þangað til þú ert búinn að fá atvinnu. Mér fyndist það alveg sjálfsgagt. En mér er meinilla við að sjá þig í fangelsinu.“ Maðurinn var mjög slyngur. Hann vissi ekki, hve nærri lá, að hann hefði unnið bardagann, þegar hann leit á klukkuna og lést verða forviða, hve fljótt tíminn hefði liðið. Hann klappaði mér á öxlina og tók í hendina á mér.

„Jæja, bless. Hugsaðu um það. Ég sé þig seinna.“

Ég sá hann ekki aftur. En sömu rannsóknarlögreglumennirnir og höfðu yfirheyrt mig eftir handtökuna, heimsóttu mig aftur. Þeir voru snöggklæddir og einn þeirra var með sextíu sentimetra langan bút af garðslöngu í hendinni. Hinn lagði pappírshlaðið og blýant á borðið. „Skrifaðu nöfn þeirra sem eru samsekir þér,“ skipaði hann mér. „Skrifaðu hvað það var, sem þú ætlaðir þér að fremja. Skrifðu ‚rán‘ eða ‚morðtilraun‘ eða hvað það nú var.“

Ég hallaði mér fram yfir borðið og tók upp blýantinn. Ég skrifaði ekkert.

Annar leynilögreglumaðurinn spennti handlegginn um hálsinn á mér og hinn hýddi mig með slöngubútnum. Þegar því var lokið, var hann eldraður í framan og lafmóður. Hinn sneri upp á handlegginn á mér. En ég skrifaði ekki. Lögreglumennirnir fóru. Þeir lofuðu að þeir skyldu koma aftur eftir fimm mínútur og halda aðgerðunum áfram. Ég sá þá ekki aftur.

Næsti bústaður minn var héraðsfangelsið á efstu hæð Ráðhússins, sem var stórhýsi. Þetta var varðhald með nýtísku sniði. Fangarnir voru geymdir í þrjátíu manna hópum í löngum, mjóum búrum. Á nóttunni vorum við lokaðir inni í tveggja manna klefum, og voru dyr þeirra opnaðar og þeim lokað með rafmagni. Okkur var aldrei sleppt út í hreint loft, eins og siður er um alla Evrópu. En í gegnum hálfopna glugga gátum við séð umferðina niðri á götunni, og þeir okkar, sem voru

frakkastir, skemmtu sér við að æpa á stúlkur, sem gengu á hinni gangstéttinni. Vikurnar liðu. Ég forðaðist öll sambönd við umheiminn til þess að tefla fyrirtæki Getsys ekki í hættu.

Morgun einn var farið með mig í eina litlu biðstofuna fyrir gesti. Þar var snyrtilegur ungur maður með litskrúðugt slífsi, sem kvaðst vera lögfræðingur og vera kominn til að undirbúa vörn mína. Ég taldi hann nýja tegund lögreglunjósnara.

„Ég þarf engan lögfræðing,“ sagði ég. „Látið þér mig í friði.“

Hann brosti. „Ég sé, að þér hafið ekki misst þrekið. Ég er sendur frá Getsy.“

Mér brá, en ég var enn tortrygginn. „Getsy?“ svaraði ég. „Ójá, mig rámar í hann. Hann er alltaf með svo áberandi slífsi.“

„Nei,“ sagði lögfræðingurinn fljótt. „Slífsin hans eru grá, alltaf grá.“

Ég lét sannfærast og spurði, hvað ég ætti að gera.

„Umfram allt að forðast yfirheyrslur. Játið þér sakir á yður þegar í stað, og þá er það um garð gengið.“

„Játa hvaða sakir?“

„Einhverjar. Látið þá hættu öllum eftirgrenslunum. Látið þá ekki leiða vitni.“

„Ég skal reyna.“

„Farið þér fram á að fá opinberan verjanda og segið honum, að þér ætlið að játa.“

Það var allt og sumt. Hann tók hjartanlega í hönd mér, leit hvasst á mig og fór jafnhljóðlega og hann hafði komið. Nokkrum dögum síðar játaði ég á mig allar sakir fyrir rétti. Engin vitni voru leidd. Engar frekari spurningar voru lagðar fyrir mig. Tveimur mínútum eftir að ég kom inn í réttarsalinn, dæmdi dómari mig í allt að tíu ára fangelsi í San Quentin.



**Annar hluti:**  
Dans myrkranna

# Hneyksli í úgtáfustartí

Mennigartélag getur með ópinberum ríkissýrki út bók, sem er langt fyrir neðan almennf ellsæmi

## Sök, er varðar 16 ára fangelsi

Það er upphaf þessa máls, að Alþjóðbókunin rúka á bók, sem heitir „Out of the night“, komið er í Bandaríkjunum og er saminn af manni, er sagist vera verklyðs söfnari. Þar voru sövfróðlegar um kommúnism um víða veröld og þó einkum á Norðurlöndum. Blaðinu virtist mikill fangur að bók þessari og mætti nota hana sem grundvöll að árknum á íslensku sósíalisma og verkalyðsöema og tilkynnti útgáfu á böðinni með hinum Morgunblaðinu leitt þeg

bláði hirti voru sövfróðlegar um nokkra meira menni bræðraþjóðar voru, sem að eru flestr í fangelsinum nafsta, þar sem þeim voru bornar á brýn allar þær ávörðing ar og allir þeir glæfir, sem einar mæður getur geert sig selum um, frá mannsmorði og tilhús í gegn. Þá benti Nytt dagbláð á það, að með hirtinu þessum ummála hefðu þessi bók gart sig sek í verksóði, sem 16 ára fangelsi liggur við að íslenskum lögum og flætti að öðru ofan af þessum ósóme á þessu hátt, að síðan hafa blóðin ekki minnat á þetta ritverk.

gilt allt öðru máli. Bókungráfan hefur að vau ekki verð mikil, mærgar þekktar litir og ekki áfvaðsennikur, en þær hafa ekki verð ómerktlega valdar og aldrar þerð það með sér, að þeim væri actað meeningarfjandsambægt hlut verk, heldur þær á móti. Félagið hefur ekki álegið mikil um sig, hefur heldur ekki gert sambæð á eigin fötum eins og Má og meening, heldur hefur notuð styrka bæði frá Ríknu og verka-lyðstélagum Alþjóðsambandsins, euginn hefur talið það efrir, út gáfan hefur ritað hinn gulfan meðalveg hefur verð naglægn

Íslenskir kommúnistar tóku þátt í hinni alþjóðlegu herferð gegn Richard Krebs eða Jan Valtin, eins og þessi klausa úr *Nýju dagblaði* 2. ágúst 1941 sýnir.

# Ný vopn

Í ÞÚSUND DAGA lifði ég lífi mínu handan gráu veggjanna í San Quentin. Ég var klæddur gráa fangabúningnum og hafði samneyti við þúsundir annarra fanga undir augum og kylfum og byssum fangavarðanna. Ég var í uppreisnarhug, þegar ég kom í fangelsið. Ég talaði um uppreisn og hugsaði um flóttu. Það er ætlast til, að menn hrörni í fangelsum. Fangelsi eru stofnuð til að lama menn, og þegar því marki er náð, hefur þjóðfélagið hefnt sín til fulls. En ég var ráðinn í að láta ekki lamast. Ég sá fljótt, hve máttvana jafnvel harðsvíruðustu glæpamenn voru gagnvart óbifandi valdi fangelsisstjórnarinnar. Þegar á leið, hætti ég við öll flóttuáform, bældi niður innri hvatir til að leika hið hégómlega hlutverk uppreisnarmannsins og settist að því fyrir alvöru að sigrast á tilgangi fangelsisvistarinnar með því að gera sjálfan mig sterkari og færari um að leysa af hendi hlutverk mitt í byltingarbaráttu framtíðarinnar. Allt fyrsta árið vann ég í dunum og skellum hampmyllunnar í fangelsinu. Á öðru ári var ég framaður og settur í stöðu bókavarðar í fangabókasafninu. Og þriðja árið kenndi ég tungumál og stærðfræði í fræðsludeild San Quentins. Þetta voru ekki friðsöm ár. Fangelsislífið er ekki tilbreytingarlaust, heldur barmafullt af stríði og striti, sigrum og ósigrum í mörgum myndum.

Þetta voru ekki heldur tómleg ár, þó að ekkert einkalíf væri til og engar konur. Ég var of önnum kafinn til að taka svo lítilfjörlegar þrautir nærri mér. Í mínum augum var miklu stórvægilegra, að ég gat brotist inn í nýjan heim ánægjulegra uppgötvana og einbeittar sjálfsmenntunar. San Quentin gaf mér miklu meira en það gat tekið frá mér. Ég las og kynnti mér allt sem ég gat lagt hendur á, frá *Meistara Jim* og *Jóhanni Kristófer* til *Uppruna tegundanna* eftir Darwin og *Ágrips af siglingafræði* eftir Bowditch. Ég fullkomnaði enskukunnáttu mína, lærði frönsku og spænsku, kynnti mér stjörnufræði, blaðamennsku og landabréfateikningu. Ég ritaði greinar í *Bulletin*, blað fanganna, og náði leikni í að vélsetja í prentsmiðju blaðsins. Allan þennan tíma var ég dyggur liðsmaður Kominterns. Ég hafði stofnað leynilegt bókasafn í fangelsinu af byltingarverkum og hafði skipulagt fræðsluhringi til að nema kenningar Marx og guðleysingjasamband meðal fanganna. Þrátt fyrir bréfaskoðun fangelsisins hafði ég haldið uppi sambandi við Komintern. Ég var svo niðursokkinn í þessi störf, sem ég hafði lagt sjálfum mér á herðar, að ég leit á sakaruppgjöf mína, þegar hún kom, sem óvelkomna röskun á hugnæmu starfi. En Komintern vildi fá mig til Berlínar. Mér var sleppt úr San Quentin í byrjun desember 1929.

„Góða ferð,“ sagði vörðurinn við aðalhlíðið brosandi.



Þremur dögum síðar fór ég um borð í skip, sem átti að fara til Evrópu. Le Havre var fyrsta viðkomuhöfnin. Meðan lögreglu- og tollrannsókn fór fram á skipinu, fór tollþjónn einn með augu, sem voru hýr af víni, að veita mér sérstaka eftirtækt. Ég hafði ekki franska vegabréfsáritun né heldur neinn farangur né peninga. „*Monsieur*,“ sagði hann, „þér getið ekki fengið að ferðast um Frakkland. Við verðum að setja yður fastan.“ Hann fór með mig til Innflytjendahælisins nálægt höfninni. Þar var ég lokaður inni á herbergi.

„Í fyrramálið munu yfirvöldin taka mál yðar fyrir,“ sagði maðurinn, um leið og hann fór.

Ég beidd ekki til morguns. Það var örlítill gluggi á herberginu, og þremur metrum fyrir neðan gluggakistuna var gangstétt í kyrrlátri götu. Fullorðinn maður var á verði í kringum húsið og gekk undir gluggann hjá mér á þriggja mínútna fresti. Nóttin var köld og hryðjött. Í sömu svifum og vörðurinn hvarf fyrir horn, smeygði ég mér út um gluggann með fæturna á undan, þar til ég hékk í gluggakistunni. Síðan lét ég mig detta ofan á gangstéttina. Vindurinn hvein á milli húsanna. Í hinum enda götunnar sá ég ljós skína á bryggju. Ég hljóp. Ég var frjáls.

Ég var á ferli alla nóttina um göturnar í Le Havre, drukkinn af djúpum teygum frelsisins. Maðurinn lifir lífinu aðeins, þegar hann gengur, hugsaði ég, gengur og sækir fram, hvað sem það kostar. Þegar hann hættir göngunni, hrörnar hann. Lífsgleðin er gleði reynslunnar, sem stafar af því að menn finna til krafta sinna. Þessa þúsund daga í San Quentin hafði ég aldrei numið staðar. Þess vegna skrefaði ég um göturnar í Le Havre í slagviðri og myrkri og drakk kalda desemberloftið eins og vín hveitibrauðsdaganna. Ég kleif efstu tinda bratta höfðans, þar sem vitinn blikar, til þess eins að kalla gleði mína og ögrun út í stormþrungna nóttina.

Ég kom til sjálfs mín um dögum. Slitnu fötin mín höfðu hlaupið eins og pokastrigi í rigningunni. Stormurinn hafði feykt burtu húfunni minni, og vatn og leðja vætluðu úr skónum mínum. Í tvær klukkustundir leitaði ég að skrifstofu kommúnistaflokksins í Le Havre, en árangurslaust. Ég spurði engan vegar. Menn hefðu gerst tortryggir, ef þeir hefðu séð tötralegan útlending vera að spyrja eftir skrifstofu kommúnista.

Ég lagði leið mína til hafnarinnar. Það var þrennt, sem mig langaði mest í, auk morgunverðar og þurra flíka. Mig langaði að heyra orðið „félagi“. Mig langaði í konu. Mig langaði að gleðja augu mín og sálu við eitthvað, sem væri háleitt og fagurt í senn. Í leit minni að morgunverði var fyrsta skipið, sem ég gekk um borð í, breskt áætlanarskip frá Cardiff. Einn af yfirmönnum skipsins, Lundúnabúi, jós úr sér ókvæðisorðum af ótrúlegum belgingi og rak mig burtu. Það var huggun að heyra gömlu sjóarablótsyrðin á Lundúnamáli. Næst fór ég um borð í norskt Austurlandafar. Norðmaðurinn var jafnhreinlegur og Englendingurinn var sóðalegur, og norsku sjómennirnir tóku mér af þeirri gestrisni, sem gengur að erfðum í landi þeirra. Þeir gáfu mér kröftugan morgunverð, kaffi, hafragraut, franskbrauð, saltfisk og munntóbak, og meðan ég snæddi, hlóðu þeir óspart lofi á

skapperð meyjanna í Le Havre og náttúrufegurðina í Noregi. Ég fór úr fötunum og hengdi þau á ofn til þerris.

Um hádegi, meðan áhöfnin var að matast, kom ungur Norðurlandabúi úr landi og fór að rausa um stjórnmál. Síðan dró hann hrúgu af flugritum undan belti sínu og dreifði þeim meðal sjómanna. Þeir ávörpuðu hann með nafninu: félagi Söder. Fyrirsögnin á flugritunum var: „Hverjir eru fjandmenn sjómanna?“ Merkið sem þau báru — jarðhnöttur með akkeri og flaggi í kross — var merki siglingamáladeildar Kominterns. Söder var félagi í aðgerðadeildinni í Le Havre. Það lá við, að ég faðmaði hann að mér af gleði. Ég sagði til mín. „Velkominn, félagi,“ sagði hann.

„Félagi“ var enn töfraorð í mínum eyrum. Er leið að kvöldi, gengum við saman í land. Söder sagði:

„Gættu þín að tala ekki af þér við félagana á æðri stöðum. Þú hefur verið lengi í burtu.“

„Hvers vegna á ég að gæta mín?“

„Sem ég segi, gættu þín. Í Komintern hefur farið fram stórfelld hreinsun. Komintern hefur tekið hamskiptum. Það brunar nú áfram eins og tundurskeyti. Einstefnuakstur. Engir útúrdúrar lengur. Engar innanfélagsdeilur. Engar tilslakanir.“

Ég átti eftir að heyra mikið um þessi hamskipti næstu vikur. Þeir höfðu hreinsað sig af Zínovjev og Trotskij. Búkharín hafði verið vikið frá stjórnvöl Kominterns. Stalín stjórnaði nú Rússlandi og um leið Komintern. Hann hafði hleypt hinni stórfelldu fimmáraáætlun af stokkunum, og þeir sem sýndu mótþróa, voru fótum troðnir í göturæsunum. Hreinsuninni í Moskvu fylgdi hreinsun í Komintern, og deildir þess voru ekki lengur árásarlið heimsbyltingarinnar, heldur varnarlið Ráðstjórnarsambandsins. Og bardagafúsustu sveitir Kominterns hlýddu kallinu af hrifningu. Fimmáraáætlunin átti að gera Ráðstjórnarsambandið að mesta hernaðar- og iðnaðarveldi heimsins. Hinn ósigrandi styrkur nýja Ráðstjórnarsambandsins mundi tryggja sigur byltingarsóknarinnar.

Enginn her gat stært sig af strangara skipulagi né ósveigjanlegri aga en Komintern undir forustu Stalíns. Í vitund sérhvers kommúnista gnæfði orðið *Parteibefehl* — skipun frá flokknum — ofar öllu öðru. Sérhver vottur um sjálfstæði eða andlegan frumleik var tekinn sem duttlungar eða borgaraleg arfleifð. Hugrekki, hollustu, þrautseigju var krafist og framar öllu öðru blindrar trúar á hugsjónastefnu og óskeikulleik skrifstofunnar í Moskvu. Með þessa stefnu gerði meginstoð Kominterns — aðgerðasinnar, sem mynduðu lag milli leiðtogganna og óbreyttra flokksmanna — sig ánægða.

Söder fór með mig til milligöngumanns Kominterns og GPÚ í Le Havre. Slíkum erindrekum er komið fyrir í öllum meiri háttar hafnarborgum í hverju landi. Aðalstarf þeirra var að hafa samband við alþjóðastarfsmenn, sem ferðuðust um umdæmi þeirra, og sjá um að þeir kæmust klakklaust leiðar sinnar. Þeir tóku á móti pósti og sendingum áróðursrita, og þeir úthlutuðu öllum fjárstyrkjum frá

Komintern til samtakanna á staðnum. Auk þess höfðu þeir það hlutverk á hendi að hafa nákvæmar gætur á starfsemi og einkalífi flokksmanna í umdæminu. Nákvæmni allra opinberra skýrslna flokksleiðtoganna var prófuð í Berlín með því að bera þær saman við leyniskýrslur trúnaðarmannsins á staðnum. Þessir erindrekar voru ávallt þegar þeirrar þjóðar sem þeir störfuðu hjá. Laun þeirra voru ávallt greidd úr sjóði GPÚ. Maðurinn, sem stjórnaði neðanjarðardeildinni í Le Havre var franskur skólakennari, Cance að nafni, lítill, dökkhærður, harðger maður með stýft yfirkegg, sem hafði mikla ánægju af starfi sínu. Hann var höfuðsmaður í varaliði franska hersins. Hann var enn í stöðu þessari árið 1937, þegar foringja rússneskra hvítliða, de Miller hershöfðingja, var rænt í París. Spor hans urðu aldrei rakin lengra en til Le Havre, en þar lét ráðstjórnarskip úr höfn daginn eftir mannránið. Næst manni sínum að tign í neðanjarðardeildinni var frú Cance, ung, falleg, gráeyg og ljóshærð kona. Þau bjuggu í stóru húsi, sem þau áttu sjálf, 57, Rue Montmirail. Húsið stóð á hæð með útsýni yfir borgina, mynni Signu-fljóts og hina miklu höfn með strandvirkjum og víggirðingum.

Monsieur Cance var afar gestrisinn og dugnaðarforkur mesti. Hann skrifaði hjá sér upplýsingar þær, sem ég gaf honum um sjálfan mig, þýddi þær á dulmál og sendi þær í símskeyti til Berlínar til staðfestingar. Nokkrum mínútum síðar stóð ljúffeng máltíð með vínunum og alls konar líkjör á borðinu. Frú Cance var seiddandi. Áður en hún giftist, hafði hún verið dansmær. Síðar um kvöldið klæddist hún víðri, flöggrandi silkiskikkju með gullbelti um mittið og dansaði, en Cance lék á fiðlu. Ég hafði verið allmikill drykkjubelgur á fyrri árum mínum til sjós, en ég hafði ekki í hálfu tré við Cance. Hann fyllti glas mitt og hvatti mig til að drekka og drekka meira. Hann bað mig um að segja sér „ævintýrasögur“ frá æskuárum mínum. Hann gerði það til þess að komast að eins miklu um mig og hann gat.

„*Certainement*,“ hló madame Cance.

„Það er þér sjálfum fyrir bestu, félagi,“ sagði Cance.

Ég talaði eins og vatnsbuna. Það er ekki ótítt um menn, sem hafa nýlega sloppið undan oki prisundar. Það var starf Cances að prófa og njósna. Mér stóð á sama. Ég hafði ekkert að óttast. Gestaherbergið, sem ég átti að sofa í um nóttina, hafði áður hýst fræga gesti, að mér var sagt: Romain Rolland, Bela Kun, Kuusinen, Albert Walter, André Marty, Tom Mann og fjölda annarra Komintern-fulltrúa, svo sem Finnann Sirola, öðru nafni Miller, rauða hershöfðingjann Gúsev, öðru nafni P. Green, Bretann Harry Pollitt, sem hafði komið hér við á leið frá Moskvu til New York. Félagi Cance kundi skemmtilegur sögur um þá alla. Kuusinen var jafnhræddur við kalt vatn og köttur. Gúsev kom með vodkabrennivínið sitt sjálfur og heimtaði tvær stúlkur í einu. Harry Pollitt roðnaði eins og klerkur frá Kensington. Albert Walter var fullkominn heidursmaður, en hafði andstyggð á kvenfólki. Bela Kun krafðist þess að fá fyrir túlk stúlku, sem væri fús til að háttá hjá sér. Og svo framvegis. Cance hermdi eftir þeim öllum af dásamlegri snilld. Madame Cance dreypti á líkjör og horfði á mann sinn föstu augnaráði og með hálfgerðu stríðnibrosi.

Og síðan dró hann fram myndir af þremur stúlkum mér að óvörum. Hann rétti mér þær, hverja af annarri, og talaði eins og hann væri að skýra fyrirkomulag garðsins síns fyrir víni sínum.

„*Voici*, Suzanne — sætbeisk og siðlát. *Voilà*, litla Babette, lífsreynd, en dásamleg. Og þetta er Marcelle — sannkallað úrvalskvendi. Þetta eru kærustur Kominterns í Le Havre. Kjóstu. Hver á það að vera?“

Ég var of forviða til að svara undireins. Madame Cance hallaði sér fram og sagði alvarlega: „*Allez, camarade, pourquoi pas?*“ Hver eftir sínum þörfum. Cance hló hvellt.

„Við erum engir meinlætamenn,“ sagði hann. „Bolsévíkar og Parísarbúar — það eru sönnustu nautnamenn þessarar aldar.“

„Félagar sem koma úr fangelsi, eiga skilið að fá það besta,“ bætti madame Cance við.

Cance símaði. Marcelle var ekki heima; hún hafði farið að heimsækja móður sína í Rúðuborg. Suzanne var heima. Cance glotti í símann. Félagi frá *l’Amerique?* Nýkominn úr fangelsi? Ungur? Auðvitað ætlaði hún að koma.

Madame Cance fór að hátta. Húsbóndinn fór að fíkta við útvarpstækið. „Við munum halda eftir því besta af menningu borgaranna, þegar við höfum ráðið niðurlögum borgarastéttarinnar,“ mælti hann. „Þú þráir fegurð! Gleymdu ekki að skoða Louvre þegar þú átt leið um París.“

„En stúlkán — er hún vændiskona?“ spurði ég.

„Nei, nei,“ svaraði hann fljótt. „Hún er aðgerðasinni!“

Það barst skeyti frá Berlín um miðja nótt. Skeytið staðfesti, að ég hefði ekki villt á mér heimildir. Ég vaknaði við söng klukkan sjö um morguninn. Félagi Cance var að stjórna morgunleikfimi konu sinnar og sonar með hrópum í forstofunni. Eftir að ég hafði snætt brauð og kaffi til morgunverðar, lét Cance mig fá hundrað franka og götunúmer í París. Síðan ók hann með mig á járnbrautarstöðina. Suzanne fór með okkur. Hún skildi ekki við mig, fyrr en nokkrum sekúndum áður en lestin fór. Lögregluþjóna, sem hefðu verið að leita að heimilislausum flóttamanni, mundi aldrei hafa grunað, að ung, masandi stúlka fylgdi honum á stöðina. Innan skamms brunaði ég til Rúðuborgar og þaðan eftir krókóttum Signudalnum, gegnum jarðgöng og yfir brýr á bugðum fljótsins. Sólin skein á göturnar, þegar ég kom til Parísar. Það var einkennilega kyrrt í borginni. Menn voru enn að hvíla sig eftir jólaveislurnar.

Á járnbrautarstöðinni skoðaði ég uppdrátt af borginni. Ég gekk af stað af handahófi og kaus mér þær götur, sem báru geðfældust nöfn. Síðla dags kom ég að Signufljóti nálægt Bastille-virkinu. Ég gekk fram með Signu um stund og hélt síðan yfir á vinstri bakkann, þræddi dimmt og draugalegt húsasund og var þá staddur í mjórri, fornfálægri götu, alskipaðri sölubúðum bókakaupmanna, málverkasala og fornsala. Það var Rue de Seine. Ég leitaði að númer 63, heimilisfangi GPÚ-fulltrúans. Geðstirður húsvörður kom til dyra, þegar ég hringdi. Samkvæmt leiðbeiningum þeim,

sem Cance hafði gefið mér, spurði ég eftir *Monsieur* Ginsburger, húsameistara. Húsvörðurinn lifnaði óðar við og leit hvasst á mig. „*Entrez, monsieur!*“ Hann fór með mig gegnum þröngan húsagarð að bakhúsi og opnaði dyr með Yale-lykli.

Ég kom inn í lítið herbergi, sem var algerlega autt. Eini glugginn sneri út að loft-ræstingargöngum. Ég sneri mér við til að segja húsverðinum, að hann hefði líklega villst með mig. En dyrnar höfðu skallið í lás. Það var ekkert handfang á þeim mín megin. Hinum megin við dyrnar tautaði húsvörðurinn: „Bíðið, þér við, *monsieur.*“

Eftir nokkra stund heyrði ég karlmansrödd tala lágum en gremjulegum rómi. Dyrnar opnuðust. Ungur, grannur maður, varla meðalmaður á hæð, kastaði kveðju á mig. Andlit hans var fölt, þunnleitt og gáfulegt, augun grænleit og ennið hátt. Hann var með gleraugu. „Ég bið innilega afsökunar,“ sagði hann á vandaðri þýsku, „félagi Cance hefur símað um þig. Húsvörðurinn er asni. Ég heiti Ginsburger. Gerðu svo vel að koma inn á vinnustofuna.“

Vinnustofan var rúmgóð og björt. Ný stálhúsgögn með ljósleitu áklæði, hrúgur af húsauppráttum, bókahillur, skrifstofuvélar, landabréf, blómavasi, myndir af frægum málverkum og lítil eireftirlíking af Laokoon-líkneskinu forngríska settu svip atorku og um leið hlýju á herbergið. Roger Ginsburger var húsameistari, hreinræktaður Evrópumaður, en óvíst af hvaða þjóðerni. Hann átti töfrandi lífsförunaut, unga stúlku frá Alsace, sem var frámunalega vel að sér í tungumálum, og kynnti hann mér hana sem konu sína. Hún hét Doris. Við borð sátu tveir svarthærðir og dökkeygir menn og voru að fara í gegnum hrúgu af bréfapósti. Þegar þeir heyrðu, að ég kæmi frá Bandaríkjunum, gáfu þeir sig óðar á tal við mig, en Doris var túlkur.

Þessi vinnustofa í Rue de Seine var líklega heimsborgaralegasti samkomustaður leyniþjónustu ráðstjórnarinnar í Vestur-Evrópu. Erindrekar Kominterns og flugumenn GPÚ, sem komu og fóru eftir þjóðveginum sem lá frá Moskvu til Berlínar og Parísar, létu aldrei hjá líða að koma við hjá Roger Ginsburger til þess að sækja póst, skipta um vegabréf, taka við peningum eða fá örugga gistingu hjá flokksbræðrum. Ekkert ritað mál, sem talist gæti saknæmt, nema það sem gestirnir gátu haft í vösunum, mátti koma inn á vinnustofuna. Fyrir hverja grein starfseminnar hafði Ginsburger leigt sérstaka íbúð í nálægum húsum, og hafði flokksfélagi í þjónustu neðanjarðadeildarinnar aðsetur í hverri íbúð. Öryggislögreglan í París, sem er jafnan álitin mjög slægvitur, var höfð að athlægi á vinnustofu Ginsburgers.

Híbýli mín voru á Hotel d'Alsace í rólegri hliðargötu við Rue de Seine. Það var Komintern-hótel, og starfsfólkið var kommúnistar, en forstöðukonan var digur, ljóshærð kerling, sem leitaði á herbergjum gestanna, hvenær sem henni datt það í hug, og lét sér ekki lynda að neinar sannanir um byltingarstarfsemi myndust í vistarverunum. Hún talaði ensku með bandarískum hreim. Þegar hún sagði „ókey“, glumdi í veggjum og súðum. Ef talað var í síma, hlustaði hún á allt sem sagt var, en hafði ekkert á móti því, að gestirnir kæmu með stúlkur á herbergin, þó því aðeins, að tilgangurinn væri ekki vélritun, heldur „amour“.

Það kom í ljós, að svarthærðu mennirnir tveir, sem ég hafði séð, þegar ég kom

fyrst á vinnustofuna, voru kommúnistaleiðtogar frá Suður-Ameríku. Annar var Urso frá Paraguay, hinn var Perez, foringi kommúnistaflokksins í Uruguay. Þeir voru báðir að koma frá Moskvu og höfðu staldrað við í París til þess að bíða eftir Harry Berger nokkrum, mikilsmegandi félagi frá Berlín, og ræða við hann um skipulagsmál í löndum Suður-Ameríku. Ég var nálægt því að skella upp úr, þegar ég sá ferlega höfuðið og breiðu axlirnar á „Harry Berger“ og þekkti hann aftur á svipstundu. Það var Arthur Ewert, sem hafði verið stjórnmalakennari minn við kommúnistaskólann í Lenínsgarði. Við létum hvorugur sjá, að við þekktumst. Í augum Suðurameríkumannanna var hann *camerado* Berger. Eftir að þeir höfðu heilsast kumpánlega, réðst hann á þá af offorsi á bjagaðri spænsku og sakaði þá, að því er mér heyrðist, um „stéttarfélagatilhneigingar“ og „hugsunarhátt tækifærisinna“. Það komu aðrir gestir, og hinir þrír fóru út í Tuileries-garðana til að halda viðræðunum áfram.

Tvo eftirmiðdaga hjálpaði ég Doris að þýða skýrslu og samþykktir af þýsku á ensku. Eitt af skjölunum var ávarp frá Vesturskrifstofu Kominterns, sem krafðist þess að skipulagðar yrðu hungurgöngur í öllum löndum þann 1. febrúar 1930. Annað var skýrsla um samþykktir gerðar á alþjóðafundi blökkumannanna í Vladí-vostok. Þriðja hafði að geyma langan lista af verksmiðjum og námum í Túnis og Alsír, þar sem kommúnistasellur höfðu verið settar á stofn. Þetta var daglegt brauð fyrir Doris. Fyrir mér var það heillandi vinna. Hún kom mér í skilning um viðfæmi samtaka þeirra, sem ég átti hlutdeild í.

Morguninn eftir það Doris mig um að vera túlkur á fundi, sem nokkrir erlendir kommúnistar áttu með Racamond og Frachon, foringjum Rauða verklyðsambandsins í Frakklandi, CGTU. Félagar þess voru mörg hundruð þúsund, og var það fjölmennasta deild Profinterns. Doris hafði sjálf öðrum störfum að sinna. Ég varð við beiðni hennar feginshugar.

Fundurinn fór fram í verkamannabústöðum í útborginni St. Denis. Ég hitti Frakkana tvo á aðalskrifstofu Verklýðssambandsins, og við lögðum af stað í hina leiðinlegu ferð til St. Denis ásamt ungri, hæverskri stúlku, sem var ritari þeirra. Julien Racamond var eins og gömul, hrufótt eik, hægur í hreyfingum, fljótur að hugsa, einn þeirra fáu leiðtoga kommúnista, sem áttu verulegum almennum vinsældum að fagna. Starfsbróðir hans, Benoit Frachon, feitlaginn en fimlegur maður, hafði það orð á sér, að hann væri manna best að sér í tækni og skipulagningu byltinga í öllu Frakklandi. Þegar ég sat á milli þeirra í neðanjarðarjárnbrautinni, fannst mér ég vera eins og ungur liðsforingi milli tveggja gráhærðra hershöfðingja.

Einkennilegur hópur beið okkar á fundarstaðnum í St. Denis. Það voru fjórir karlmenn og ein kona. Eitt var grindhораður og sorgmæddur Indverji. Við hlið hans sat bústinn, fjórlegur maður, sem hin ávörpuðu með nafninu Mustafa Sadi. Hann var Sýrlendingur. Hinir tveir voru Ratti, ítalskur erindreki frá Marseilles, og Allan, stór, ljóshærður Skoti, sem var líkastur efnuðum kaupsýslumanni að útliti. Konan hafði rólegt augnaráð og var fáskiptin. Hún var með hringi á höndunum og

sat í hnipri á sófanum í loðkápu sinni. Hún var kona bresks Komintern-fulltrúa, sem átti að baki sér langan bragðaférl í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Kína. Þau töluðu öll ensku. En Racamond og Frachon kunnu ekkert nema frönsku. Ég þýddi enskuna á þýsku orð fyrir orð, en stúlkan þýddi þýskuna síðan aftur á frönsku.

Þannig fékk ég í fyrsta skipti á ævinni tækifæri til að vera vottur að einni þessari einkaráðstefnu alþjóða samsærismanna, sem höfðu sífellt í för með sér verkföll, árásir, skothrið, stórar blaðafyrirsagnir og fangelsanir á stöðum, er voru mörg hundruð, stundum mörg þúsund kílómetra í burtu. Á ráðstefnunni, sem hér er um að ræða, var rætt um væntanlegar herferðir í Sírylandi, Palestínu, Transjórdaníu og Egyptalandi. Frú Hardy flutti skýrslu um stjórnmalavíðhorfið í Austurlöndum nær. Julien Racamond, harðhentur og hastur, dró upp stefnuskrá og línur starfseminnar. Benoit Frachon skýrði bardagaaðferðirnar í smærri atriðum. Viðfangsefni ráðstefnunnar var að finna leiðir til að spenna vígreifa þjóðernissinna meðal Araba fyrir kerru Kominterns. Það átti að flytja áróðursrit til þeirra. Það átti að smygla vopnum. Það þurfti að koma fyrir áróðursmönnum og erindrekum í hverri borg við ströndina frá Alexandretta til Alexandríu. Síðan var rætt um að leigja grískt eða tyrkneskt skip, um yfirumsjónarmann í Tel Aviv, sem enginn hafði grunaðan um að vera kommúnista, um vígorð, sem vektu ekki andúð múslima af trúarástæðum, um skipulagningu ógnarflokka til þess að heyja smáskæruhernað við herlið Breta og Frakka, um Araba, sem senda ætti á skóla í Moskvu, um verkföll og óvirka mótspyrnu og um það hvort fært reyndist að hefja reglubundna skemmdarstarfsemi gegn járnbrautakerfinu.

Aðalbækistöðvar kommúnístarfsins við austanvert Miðjarðarhaf voru í Mar-seilles. Stjórnandi þeirra var Ítalinn Ratti. Allir þeir sem viðstaddir voru, skrifuðu hjá sér það sem gerðist, og allir reyktu og drukku rauðvín.

Á fundi þessum var enginn ritari og enginn fundarstjóri. Racamond stjórnaði honum, og ég komst að því, að hann hafði heildarumsjón með styrkveitingum Kominterns til Austurlanda nær. Það var minnst á upphæðir: fimm hundruð franka, sjö hundruð franka, tólf milljónir franka. Indverjinn prúttaði. Mustafa Sadi stóð upp og skrækti eins og sefasjúkur kvenmaður. Tárin ultu ofan holdugar kinnar hans, er hann grátbað Racamond um þúsund franka í viðbót. Allan, Skotinn digri, gerðist napur. En Racamond réð ríkjum með kröftugri aðstoð hins tilfinningalaus Frachons. Racamond stökk á fætur og hristi tröllslegu hnefana yfir hausamótum Mustafa Sadis, eins og hann væri í þann veginn að myrða hann. Fimm klukkustundir liðu hjá eins og örskot. Fundinum var slitnið. Racamond hvarf á brott með gamanyrði á vörum. Frachon elti hann eins og skuggi. Indverjinn virtist vera að sofna. Mustafa Sadi þurrkaði svitann af enni sér. Allan renndi augunum yfir *Times*. Sú enska geispaði og sveipaði loðkápunni þéttar að sér. Málin voru útkljáð. Innan skamms mundu peningar skipta um handhafa, prentvélar drynja, hraðboðar leggja af stað með fölsuð vegabréf og töskur með tvöföldum botni, og einhvers staðar í Austurlöndum mundu lögregla og herlið fá meira en nóg að gera.

Þegar ég kom aftur í Rue de Seine til að taka við síðustu fyrirskipunum, áður en ég legði af stað til Berlínar daginn eftir, sagði Roger Ginsburger mér, að Arthur Ewert vildi fá að tala við mig. Ginsburger sagði í trúnaði: „Mér þykir réttara að þú fáið að vita, að félagi Ewert er ekki mjög vel séður í Komintern. Hann er fær, en hann er því miður of einþykkur.“

Ewert var mjög blíður á manninn og mannúðlegur, þegar ég hitti hann, og var það einkennilegt hjá bardagamanni jafnreyndum og duglegum og honum. Hann talaði um fortíð sína. Eftir að starfi hans í Lenínsgarði var lokið, hafði hann verið sendur vestur um haf og um skeið verið svo að segja einráður í kommúnistaflokki Bandaríkjanna. Fyrir undirröður Thälmanns í Berlín hafði hann orðið að hverfa til Moskvu árið 1929. Í slíkum tilvikum var erfitt að greina mörkin milli einstaklingsbundinna og stjórnmalalegra hvata. Leiðtogarnir tveir gerðu deilumál sín upp í Moskvu í viðurvist Molotovs og Manúílskijs. Arthur Ewert beið lægra hlut. Samt var hann sannfærður um, að hann hefði á réttu að standa. Hann var meðmæltur bandalagi við þýsku jafnaðarmennina gegn þjóðernissósíalistaflokki Hitlers, sem var í hröðum vexti. Á hinn bóginn hélt Thälmann því fram með stuðningi Moskvumanna, að jafnaðarmenn, keppinautarnir í herbúðum verkamanna, væru verstu fjandmenn kommúnista. „*Der Hauptfeind ist die Sozialdemokratie!*“ Molotov krafðist þess, að Ewert gæfi skriflega yfirlýsingu um uppgjöf sína og yrði hún birt í *Imprecorr*, málgagni Kominterns. Ewert var sannur kommúnisti. Sannur kommúnisti getur ekki hugsað sér að lifa lífi sínu utan flokksins. Hann niðurlægði sjálfan sig. Játning hans var birt 23. febrúar 1930. Er Ewert talaði, lét hann afsökunarbrod fylgja hverri setningu.

„Hvers vegna ertu að segja mér þetta allt saman?“ spurði ég. „Þú ert svo miklu eldri í hreyfingunni en ég.“

„Af því að þú ert að snúa aftur til Þýskalands, drengur minn,“ svaraði hann. „Þú ert ungur. Nafn þitt er enn í metum í flokknum. Og það er æskan, sem mun að lokum ráða fram úr stóru málunum. Ungu félagarnir í Þýskalandi ættu að fá að vita, að það eru ekki sósíaldemókratar, heldur fasistar, sem eru höfuðóvinir verkamanna. Ég segi þér það alveg satt, við erum að gera hræðilegt glappskot!“ Hryggur bætti hann við: „Þeir eru að senda mig til Suður-Ameríku, þar verður enginn úrslitabardagi háður. Úrslitin verða í Þýskalandi.“

Þetta bar öll merki sannleikans. En ég minntist viðvörunar Söders: „Gættu þín! Við brunum áfram eins og tundurskeyti. Einstefnuakstur.“ Og viðvörunar Ginsburgers: „Því miður er hann of einþykkur.“

„Hvernig get ég vitað, að þú sért ekki aðeins að skara eld að þinni köku?“ spurði ég hreinskilnislega.

Ewert hló einn af sínum breiðu, góðlátlegu hlátrum: „Auðvitað er ég að því. Hver gerir það ekki?“

„Ég skil þig ekki.“

„Þú munt skilja mig! Síðan Stalín kom, hefur Komintern breyst. Hlýðni er nú



hærri á metunum en framtak, alveg eins og í gamla þrússneska hernum. Horfðu í kringum þig og hafðu augun opin. Engin kommúnistaflokkur á leiðtoga, sem eiga rætur í heimamoldinni. Og hvers vegna? Vegna þess að Moskvumenn leyfir það ekki! Árangurinn er sá, að vandlætari með trédrumb fyrir heila eins og Ernst Thälmann stjórnar stærsta kommúnistaflokki utan Rússlands. Auvirðilegur liðþjálfari stýrir flokki, sem örlög heimsbyltingarinnar eru undir komin.“

„Félagi Thälmann er kosinn á flokksþingi,“ sagði ég. „Við erum skyldugir til að halda tryggð við leiðtoga þá, sem við kjósum, vegna þess að lýðræðishugmyndin er eitt af undirstöðuatriðum flokksins.“

„Della,“ svaraði Ewert. „Stalín hefur þurrkað lýðræðið út. Leiðtogar eru útnefndir, ekki kjörnir. Hver leiðtogi skarar eld að sinni köku. Hver leiðtogi reynir að stofna sitt einkanjósaralið og einkabardagasveitir til að hlaða sem best undir sjálfan sig. Og þingið? Ég skal segja þér það. Þing eru kölluð saman, þegar það er orðið of seint að stemma stigu fyrir harðstjórn hinna æðstu. Þingum er stefnt saman til þess eins að segja já og amen við ákvörðunum, sem þegar hafa verið teknar. Það má vera, að þetta láti líkt andbyltingartali í þínum saklausu eyrum.“

Ég vissi ekki, hverju ég átti að trúa. Þessi maður hafði verið kennari minn. Hann var einn frömuður þeirrar trúarjátningar, sem ég hafði gefið mig á vald með líkama og sál. Ég bauð honum byrginn.

„Já, félagi Ewert, það er líkt andbyltingartali.“

„Og er það þó ekki,“ sagði Ewert.

„Þú stundar klíkustarfsemi. Það verður til þess að sundra einingu flokksins.“

„Ég ætla mér ekki að sundra, ég ætla mér að láta þig sjá sannleikann og segja hann öðrum.“

„Og síðan hvað?“

„Ég vil ekki vera of hátíðlegur. En bandalag milli okkar og jafnaðarmanna gæti beint veraldarsögunni inn á nýjar brautir um langan aldur. Það verður að vera heiðarlegt bandalag.“

„Við getum ekki gert bandalag við svikara,“ sagði ég. „Með því erum við að reka sterkustu verklyðssambönd heimsins yfir í herbúðir burgeisanna. Við erum að fremja glappaskot, sem getur riðið okkur öllum að fullu. Ég vil að þú hugsir um þetta og komir málinu á framfæri við óbreyttu liðsmennina í þýska flokknum. Öll framtíð byltingarstefnunnar hvílir á því, sem gerist í Þýskalandi á næstu tveimur árum.“

Ég kvaddi Arthur Ewert. Í köldu næturloftinu, sem lék um háls mér og straukst upp undir jakkaermarnar, varð ég var við, að ég var að tauta með sjálfum mér: „Hver sem stefna okkar er, þá er Komintern eina sanna forvígisstofnun byltingarinnar í heiminum, og þeir sem vilja þjóðfélagsbyltingu verða að fylgja Komintern gegnum eld og vatn og gæta þess að að draga ekki úr áhrifum þess með innanflokksdeilum.“

Á Hotel d'Alsace fann ég vélritaðan miða.

„Hittu mig undireins. R. G.“

Ég gekk fyrir götuhornið til vinnustofu Ginsburgers. Hann var að vinna að uppdrætti.

„Hefuðu verið hjá félagi Ewert allan þennan tíma?“ spurði hann vingjarnlega.

„Já, ég er þreyttur.“

„Gaf hann þér fyrirskipanir?“

„Nei. Við töluðum um einkamál.“

Roger Ginsburger setti ferðarítvél á lágt stálborð. Hann opnaði skúffu og tók fram pappír. „Ég ætla að laga sterkt kaffi með koníaki,“ sagði hann. „Sestu þarna. Skrifaðu skýrslu um allt, sem félagi Ewert sagði við þig. Skrifaðu það nákvæmlega.“

„Til hvers?“

„*Parteibefehl!*“

Sá sem vill fá auðsveipan liðsmann, verður að brjóta vilja hans og sjálfstæði á bak aftur. Þetta var hið nýja vopn Kominterns. Skylda mín sem kommúnisti var að svíkja Arthur Ewert, kennara minn, sem ég hafði í hávegum. Áttu tryggðarof vina framvegis að verða kaupgjald trúmennskunnar?

Ég samdi skýrsluna. Ginsburger vann sleitulaust að uppdráttum sínum og leit ekki upp, fyrr en ég hafði vélritað síðasta stafinn í síðasta orðinu og bjóst til brottferðar.

„Þú skalt heldur sofa hérna hjá mér í nótt,“ sagði hann. „Þú átt að fara til Þýskalands eftir nokkrar klukkustundir.“

Andlit Ginsburgers var sem hulið grímu. Ég sá í gegnum hana. Hann var ráðinn í því að gefa mér ekki tækifæri til að koma viðvörun til Ewerts, áður en ég færi frá París.

# Óskeikulir menn

ÉG FÓR FRÁ PARÍS til Strassborgar og leitaði uppi fulltrúa Kominterns þar, Sorgus að nafni. Hann sendi mig um nóttina til þorpsins Lauterburg, sem liggur við Rín á landamærum Þýskalands. Í litlu húsi, sem virtist vera smíðað úr pramma á hvolfi, hitti ég vöðvastæltan pilt. Hann greip veiðistöng og benti mér að koma með sér. Við fórum út í bát, sem lá bundinn við staur, ýttum á flot og létum berast með straumnum. Það voru ljós framundan. Okkur rak fram hjá þeim, án þess að nokkur maður bærði á sér.

„Við erum komnir til Þýskalands,“ sagði pilturinn. Hann lagði út árar og reri yfir að hægri bakka fljótsins. Árararnar voru vafðar klæði, og róðurinn gerði engan hávaða. Ég stökk á land. Fylgdarmaður minn reri út í myrkið. Vindrokurnar hvinu í trjánum. Ég þrammaði frá fljótinu að ljóslausu húsi. Þar var vegur. Vegurinn lá að þjóðbraut. Á krossgötunum var spjald: „Karlsruhe 4 km.“

Ég fór ekki stystu leið til Berlínar. Í San Quentin hafði mig dreymt um frjálrsæði. Í París höfðu gerst atburðir, sem þjökkuðu enn huga minn. Ég hafði því sem næst engu eytt af peningunum, sem ég hafði fengið hjá Cance, Ginsburger og Sorgus. Ég ásetti mér að taka mér viku leyfi. Ég fór upp í lestina frá Karlsruhe til Heidelberg. Ég var kominn aftur heim til áttahanna, en hve lítið varð ég varð við það! Rínendingarnir elskuðu land sitt. Þeir vildu hvergi lifa annars staðar og voru hreyknir af því, að vagga þeirra hafði staðið við Rín.

*Nur am Rhein da möcht ich leben,  
nur am Rhein geboren sein ...*

Ég vildi aðeins búa í Rínarlöndum, aðeins vera fæddur þar.

Hérna var það, í sveitinni milli Neckar og Main, sem ég var fæddur, en numinn á brott áður en sál mín hafði náð þeim þroska, að hún gæti drukkíð í sig fegurð hennar. Og nú, eftir tuttugu og fimm ára flökkulíf, sá ég sveitina mína í fyrsta sinn.

Ég leigði mér hótélherbergi með útsýni yfir Neckar. Síðar um daginn gekk ég upp í rústir Heidelberg-kastala, og að því búnu þrammaði ég lengi í einveru hinna nöktu skóga. Landið var, jafnvel að vetrarlagi, hið fegursta, sem ég hafði séð. Daginn eftir gekk ég aftur einn um skóginn.

Um kvöldið fór ég á vinstofu. Það var laugardagskvöld, og hópar af ungu fólki voru að matast, drekka og dansa. Að því er virtist var líf þeirra áhyggjulaust. Ég sat einn við borð, drakk Niersteiner og leit unga fólkið öfundaraugum, en ég var svo feiminn, að ég gat ekki boðið neinni stúlku í dans. Þær voru allar svo áhyggjulausar

og sakleysislega léttlyndar. Þær vildu leika sér, en ég hafði gleymt öllum leikjum. Þá sá ég stúlku við annað borð, sem var líka einmana og þunglyndisleg að sjá. Hún var hérumbil tuttugu og sex ára, ávöl í andliti, ljóshærð og vel vaxin, og hún var mjög drukkin. Til þess að bæla niður skapstygð mína og vekja eftirtekt hennar fór ég að syngja hásum rómi „Að flakka er malarans yndið mest“.

*Das Wasser ...  
Ist stets auf Wanderschaft bedacht,  
Das Wasser, das Wasser,  
Das Wa-a-a-asser.*

Vatnið, vatnið er alltaf að leita sér að nýjum stað.

Stúlkan og ég slógum okkur saman, tveir útlagar innan um léttúðuga fjöldann í Heidelberg. Hún hét Liese. Ég spurði aldrei um ættarnafn hennar og hún ekki um mitt. Í tvo daga vorum við saman í Heidelberg. Við keyptum bakpoka og nesti og flökkuduðum í sex dýrlega daga um Odenwald-fjöllin frá Heidelberg til Darmstadt. Komintern virtist vera jafnlangt burtu og Satúrnus. Við vorum lífsglöð og sæl. Við yngdumst með hverjum degi.

Leiðir okkar skildu í Darmstadt. Liese fór aftur til Heidelberg. Ég lagði leið mína norður.

Í Berlín gaf ég mig óðar fram á aðalbækistöð kommúnista í Karl Liebknecht-húsinu, gríðarstórrí byggingu við Bülowplatz. Ef ekki hefðu verið stóru rauðu fánarnir, hefði Karl Liebknecht húsið verið líkt hverri annarri verslunarhöll, en hið innra var það víggirt og varið eins og vopnabúr. Ég fékk einum verðinum skrifaðan miða og bað hann um að segja til mín í skipulagsdeild miðstjórnarinnar. Ég beið. Einhvers staðar heyrðist daufur glymjandi í prentvélum. Hurðum var skellt, og fólk þusti framhá. Gangarnir voru þaktir litsterkum auglýsingum, uppdráttum og tilkynningum. Að húsabaki voru reiðhjól og bifhjól hraðboðanna geymd í tugatali. Loksins kom vörðurinn aftur.

„Félagi Ernst ætlar að taka á móti þér,“ sagði hann. „Fjórðu hæð, herbergi þrjátíu og níu.“

Herbergi þrjátíu og níu var lítið og autt. Það voru engin tjuöld fyrir gluggunum. Þar var stórt skrifborð, tveir harðir stólar og mynd af Stalín á veggnum. Veggirnir voru málaðir gráir eins og orrustuskip. Bak við skrifborðið sat maður. Tvö lítil, svört, hvöss augu tindruðu á móti mér.

Maðurinn var lágur og þreklegur. Hann hafði greitt þunna hárið svo, að það þakti skallann í hvirfli hans. Hann hafði þykkan hendur, hart, hnöttótt enni og breiðan, beinan munn. Liturinn á andliti hans var veiklulegur, og svipurinn var sá kaldranalegasti, sem ég hef séð. Hann fól í sér kraft, þolinmæði, harðýðgi, tortryggni. En eftirtektarverðust voru augun — starandi, glitrandi rifur, sem sást ekki á hvítt í. Áður en hann hafði mælt orð frá vörum, vissi ég hver hann var. Ég

hafði séð hann áður. Þetta var kyndarinn af orrustuskipinu *Helgoland*, sem hafði dregið að hún fyrsta rauða byltingarfánann á flota keisarans árið 1918.

Ernst Wollweber hafði farið víða, síðan hann steig upp úr djúpunum til þess að spyrna einni styrkustu stöðinni undan hernaðarvél keisarans. Hann var orðinn félagi nafnlausu höfðingjastéttarinnar meðal byltingarmanna, en án aðstoðar hennar mundu ædstu embættismenn flokksins, sem sífellt er verið að auglýsa, ekki vera annað en masgefnið hershöfðingjar án ráðgefandi herstjórnar. Til þess að Ernst Wollweber öðlaðist þinghelgi samkvæmt stjórnarskránni og lögreglan gæti ekki tekið hann fastan, hafði hann verið kjörinn á prússneska þjóðþingið. Sem þingmaður hafði Wollweber einnig rétt til að ferðast ókeypis á þýsku járnbrautum frá Rín til Austur-Prússlands. Auk þess greiddi stjórnin honum mjög rífleg laun eins og öðrum þýskum þingmönnum. Þannig greiddi Weimarlýðveldið ferðakostnað og lífeyri fyrir ótal æsingamenn og áróðursmenn, sem kosnir höfðu verið á þing, en stefndu að því einu í vilja og verki að gjöreypa þessu sama lýðveldi.

„Þú ert félagi Ernst Wollweber,“ sagði ég hásum rómi.

Maðurinn kinkaði kalli. Hann heilsaði með flokkskveðjunni: „*Rot Front*.“ Síðan sagði hann í önungum tón: „Sestu.“ Við tókumst í hendur yfir skrifborðið. Handtak Wollwebers var fast.

„Hve lengi hefurðu verið frá starfi í þýska flokknum?“

„Hérumbil sjö ár,“ sagði ég.

„Hvernig eru fangelsin í Bandaríkjunum?“

„Ekki sem verst.“

„En nú liggur stormsveipur stjórnmalanna yfir Þýskalandi. Við þurfum þín með hérna.“ Hann kveikti í nýjum vindlingi við stubb hins síðasta.

„En meðal annarra orða, hefurðu sett þig í samband við féлага Albert Walter í Hamborg?“ spurði hann.

„Ekki ennþá. Ég ætla að senda honum skýrslu.“

„Það er óþarfi,“ sagði Wollweber. „Stjórn flokksins er hér. Láttu mig fá skýrsluna.“ Skyndilega bætti hann við: „Ég hef lesið skýrsluna þína um samtalið við féлага Ewert.“

Mig rak í rogastans. Það hafði áður tíðkast hjá Komintern að senda kærubréf til þeirra, sem kærðir voru. Þetta hafði verið gert í anda hreinskilni og félagslyndis. En nú varð ég þess var, hve starfshættir Kominterns höfðu tekið miklum stakka-skiptum. Kærubréfum og trúnaðarskýrslum félaga gegn félagum var tekið fegins-hendi á æðri stöðum. Kerfi leynilegra æviferilslista — sem hægt var að nota þegar á þurfti að halda — var að verða ómissandi hlutur í einkavopnabúri hvers einasta kommúnistaleiðtoga.

„Nú, Ginsburger hefur þá ...?“ byrjaði ég.

„Segðu félagi Ginsburger,“ greip Wollweber fram í. „Flokknum er verr við, að ýmsum hefðbundnum reglum sé sleppt.“

„Félagi Ginsburger bað mig um að skrifa hana,“ sagði ég.

Ég vissi ekki, hvar ég var staddur. Ewert — Wollweber. Voru þeir vinir eða óvinir? Sem skipulagsstjóri hafði Ernst Wollweber sama starf með höndum í þýska floknum og Ósíp Pjatinítskíj í Komintern. Hann var *Org-Leiter* og gat ráðið niðurlögum hvers þess manns í starfslíði sínu, sem hann vildi.

„Þetta var ágæt skýrsla,“ sagði Wollweber. „Komuð þið félagi Ewert ykkur saman um að skrifast á framvegis?“

„Nei.“

„Einkabréf milli félaga eru stundum mikils virði. En oftar eru þau þó hættuleg — fyrir yngri bréfitarann. Skýrsla þín um félagi Ewert er í mínum höndum. Þú skalt líta svo á, að þú hafir samið hana fyrir mig — sem einkamál.“

„Ágætt.“

„Hvers konar starf kanntu best við?“

„Skipulag siglingamála.“

„Gott. Ég skal leggja fram tillögur um þig á næsta fundi miðstjórnarinnar. Það má vera, að þér verði fengin í hendur stjórn starfsins við Rín eða Dóná eða skipa-skurðina í Berlín-Brandenburg. Ég skal láta þig vita eftir nokkra daga. Á meðan skaltu venja þig við loftslagið í Þýskalandi.“

Þegar Wollweber talaði, virtist hann hreyta hverju orði út úr sér með hægu, önugu urri. Hann var maður, sem lá aldrei á, var algjörlega óttalaus, lét aldrei koma að sér óvörum og hafði vitandi vits varpað frá sér allri sjálfsblekkingu.

Ernst Wollweber sá um að ég fengi gistingu og fæði og kynnti mig manni, sem hafði umsjón með skjalasafni flokksins í kjöllurum Karl Liebkecht-hússins. Í meira en viku gat ég farið allra minna ferða um aðalstöðvar flokksins. Ég las mikið til þess að vinna upp það sem ég hafði tapað, talaði við margt af starfsfólkinu í Karl Liebkecht-húsinu og kynnti mér opinberar flokkskýrslur síðustu tveggja ára. Þannig lærði ég að átta mig í stórfenglegustu flokksvél kommúnista, sem hafði enn verið smíðuð utan landamæra Rússlands — vél, sem varð fyrirmynd kommúnistasamtaka í öðrum löndum, er fram liðu stundir.

Kommúnistaflokkurinn í Þýskalandi hafði um þetta leyti félaga, sem voru fjórðungur milljónar talsins. Hann gaf út tuttugu og sjö dagblöð og var upplag þeirra um fimm milljónir. Tylft af viku- og mánaðarritum og hundruð verksmiðjurita juku þennan blaðakost flokksins. Allt að því fjögur þúsund kommúnistasellur störfuðu í Þýskalandi, sex hundruð þeirra í Berlín einni. Í kringum flokkinn var belti áttatíu og sjö samtengdra félaga, sem fengu fyrirskipanir sínar frá Moskvu um Karl Liebkecht-húsið.

Í skuggum hins mikla kommúnistahúss var starfað þögult og af dugnaði í moldvörpugöngum þeim sem GPÚ hafði grafið. Deildir þess voru meðal annarra: „S-neðanjarðardeildin“ fyrir njósnir, „M-neðanjarðardeildin“ fyrir starf í her og flota, „P-neðanjarðardeildin“ til að grafa undan síðferðisþreki lögreglunnar, „BB-neðanjarðardeildin“ til iðnaðarnjóсна í þágu Ráðstjórnarsambandsins, „N-neðanjarðardeildin“ fyrir vegabréf, flokkseftirlit, hraðboðastörf og samgöngur og

margar „sundrungarneðanjarðardeildir“ til sundrungarstarfs í flokki jafnaðarmanna, kaþólska miðflokknum, flokki keisarasinna og árásarsveitum Hitlershreyfingarinnar. Sérhverri deild í flokknum og sérhverjum starfandi félagsskap var stjórnað af útsendum mönnum frá Moskvu, og höfðu þeir algert einræðisvald.

Nafnið „erindreki“ er aldrei notað meðal Komintern-félaga. Opinbera nafnið á stjórnmaláfulltrúum frá Kreml var hið klaufalega „alþjóðlegur stjórnmaláfræðari“. Hver þessara alþjóða erindreka var sérfræðingur á einhverju sviði. Það voru sérfræðingar í áróðursaðferðum, í fyrirkomulagi verkfalla, auglýsingasérfræðingar, Rauða hers sérfræðingar, sérfræðingar í viðskiptum, lögreglumálum og öllum aðalatvinnuvegum — stáliðnaði, siglingum, járnbrautum, námum, vefnaði, opinberum rekstri, landbúnaði og efnagerð — og sérfræðingar í bókhaldi voru sendir til að greiða úr fjármálaflækjum. Þeir gengu oftast undir gervinöfnum. Sjaldan gistu þeir á hótelum. Þeir höfðu leynilegar skrifstofur og leynilega bústaði, venjulega á heimilum dyggra flokksmanna. Allir þessir „fræðarar“ voru vel til fara og hátt launaðir og sjaldan mætti nokkur þeirra á fundi nema í fylgd einkahraðboða eða glöggeygjar stúlku, sem var hvort tveggja í senn, ritari og fylgikona. Það var þessi undansmeygilegi hópur Komintern-erindreka, sem hafði forustu kommúnistaflokksins í hendi sér í raun og veru.

En Berlín var annað og meira en miðstöð þýska kommúnismans. Eftir árið 1929 var hún orðin aðalbækistöð alls Alþjóðasambands kommúnista. Moskva var of langt frá Vestur-Evrópu og ríkjunum í Vesturheimi til þess að geta haldið uppi nákvæmu og samfelldu eftirliti með starfsemi erlendu deildanna. Það var ákveðið að láta alla þræði koma saman í Berlín og halda aðeins opinni einni samgönguleið milli Berlínar og Moskvu. Þess vegna var Vesturskrifstofa Kominterns sett á stofn í Berlín, og náði valdsvið hennar frá Íslandi til Höfðaborgar. Stjórnmaláforstjóri hennar var skipaður Georgí Dímítrov, og var hann einungis ábyrgur gagnvart Molotov, hinum raunverulega herra Kominterns.

Ég kynntist Dímítrov fyrir tilstilli Willis Münzenbergs, en hann hafði sem formaður Alþjóðanefndar gegn stríði og fasisma boðið mér að tala um Bandaríkin á fundi kínverskra stúdenta, sem stunduðu nám við háskólann í Berlín. Fundurinn tókst með afbrigðum vel. Seint þá um kvöldið sagði Münzenberg, sem hafði tekið ástfóstri við mig: „Það er óðum að draga að byltingu í Indlandi. Hvernig mundi þér líka að fara til Kalkútta?“

Ég svaraði því til, að ég væri að búast við, að mér yrði falið starf í Þýskalandi. Ég nefndi nafn Wollwebers. Münzenberg rauk upp. „Þú hefur hingað til unnið alþjóðastörf. Þú áttir að gefa þig fram við Vesturskrifstofuna,“ hreytti hann úr sér. „Ekki við Wollweber. Wollweber er Þýskaland.“

„O, jæja, ég er nú félagi í þýska kommúnistaflokknum.“

„Það er rétt. En sem starfsmaður á alþjóðavettvangi ertu ekki undirgefinn þýsku miðstjórninni. Hver er Wollweber? Wollweber er *Lokalpatriot*, áttugasósíalisti.

Hann heldur að Þýskaland sé allur heimurinn. Duglegur félagi, en enginn alþjóðasinni.“

Ég varð nú var við nýja tegund samkeppni — samkeppni um völd milli hinna lóðréttu þjóðlegu deilda í Komintern og hinna mörgu lárétta alþjóðasambanda. Þrátt fyrir alla trúmennsku mína við Komintern gat ég ekki annað en spurt sjálfan mig: „Hvor er sterkari — Wollweber eða Münzenberg?“

Tveimur dögum síðar, snemma morguns, var barið að dyrum hjá mér. Einarðleg stúlka kom inn. „Ég kem frá Vesturskrifstofunni,“ tilkynnti hún. „Félagi Dímítrov vill finna þig.“

Dímítrov var þá enn sem næst óþekktur nema meðal höfðingjanna í Komintern. Mönnum af hans tagi þótti mikilsvert að vera nafnlausir. Í tíu ár, eða til ársins 1923, hafði hann verið þingmaður í Búlgaríu. Þá stjórnaði hann vopnaðri uppreisn kommúnista, sem mistókst, og varð landflótta. Í fjarveru hans dæmdi réttur í Sofíu hann til lífláts. Eftir að Dímítrov hafði í Moskvu verið gerður ábyrgur fyrir hinum hörmulega ósigri flokksins í Búlgaríu, ritaði hann auðmykingarbréf og ávann sér vináttu Stalíns. Hann varð foringi Balkansambands kommúnista og var síðar gerður að forstjóra Vesturskrifstofu Kominterns. Meðal hins mikla úrvals af gervinöfnum, sem hann gekk undir í Berlín, voru þau helstu: Dr. Steiner, Alfons Kuh, prófessor Jahn og Dr. Schaafsma-Schmidt.

Hraðboði Dímítrovs fylgdi mér til húss í Wilhelmstraße, númer 131—132. Þar, að baki nýttisku bókaverslunar og forlags, sem kallaði sig Führer-Verlag, höfðu margar deildir Kominterns aðsetur með fjölda vélritara, hraðboða, túlka og varðmanna. Mér var vísað inn í skrautlega skrifstofu. Á veggnum, í breiðum, svörtum ramma hékk mynd af — Bismarck.

Fyrstu kynni mín af Dímítrov voru mér vonbrigði. Ég hafði búist við að hitta fyrir hvatskeytlegan mann, hertan af mörgum herferðum. Í stað þess kom stór, linur maður með slepjulega andlitsdrætti út af innri skrifstofunni. Hann var feitur og dökkur, spjátrungslega til fara og angaði af sterku ilmvatni. Hann var með breiðan hring á vinstri hendi. Í nýsnyrtri hendinni hélt hann á svörtum vindli. Augu hans voru stór og ófeilín. Hann talaði þýsku af eftirtektarverðri leikni. Rödd hans var sterk og hörð.

„Við höfum skrifað síðasta kapítulann af tíu ára glæfralegri byltingarsögu,“ sagði hann. „Uppþotastefnan er endanlega úr sögunni. Stefnuskrá okkar er nú að hefja skipulegt starf, sem áætlað er mörg ár fram í tímann. Við verðum að skipuleggja og stjórna hverju verkfalli sem gert er, jafnvel hinu lítillfjörlegasta — og gera það gegn vilja skrifstofuvaldsins í sósíalísku verklyðssamböndunum. Óslitin röð sjálfstæðra verkfalla mun losa um tók sósíaldemókrata á fjöldanum, sundra öllu kerfi iðnframleiðslunnar og auka á kreppuástand auðvaldsins, þangað til algert hrun hlýst af.“

Dímítrov talaði af enn meiri ákafa: „Jafnaðarmennirnir segja verkamönnum, að það sé ekki hægt að vinna verkföll, þegar viðskiptakreppa standi yfir og margar



milljónir séu atvinnulausar. Þeir ráðleggja verkamönnum að ganga að kauplækkunum mótspyrnulaust. Hér er tækifærið, sem við kommúnistar verðum að grípa! Við verðum að rækta hatur í hugum verkamanna til gervileiðtoganna. Á hverjum degi, sem upp rennur, verðum við að berja því inn í þá þúsund sinnum: Leiðtogar sósíalista og verklyðssambandanna eru svikarar! Þeir eru hættulegustu fjandmenn verkamanna! Þeir hafa selt verkalyðinn burgeisunum í hendur.“

„Og nasistahreyfingin?“ spurði ég og minntist Arthurs Ewerts og viðvörunar hans.

„Hitler á enga fylgismenn meðal verkamanna,“ svaraði hann. „Hitler lofar öllum öllu. Hann stelur hugmyndum sínum úr öllum áttum. Það tekur hann enginn alvarlega. Hann stendur hvorki á erfðum né föstum grundvelli. Hann hefur ekki einu sinni stefnuskrá. Mesta torfæran á vegi öreigabyltingarinnar er jafnaðarmanna-flokkurinn. Fyrsta og fremsta verkefni okkar er að eyða áhrifum hans. Á eftir getum við sópað Hitler og ruslalarýð hans út í öskutunnu sögunnar.“

Allt í einu spurði Dímítrov: „Hvernig líst þér á þýska flokkinn?“

„Samanborið við aðra kommúnistaflokka er hann eins og hraðlest hjá hjól-börum,“ svaraði ég.

Dímítrov brosti lengi. Augu hans, munnur og allt liðuga andlitið brostu.

„Getur verið,“ sagði hann að lokum. „En eimreiðin gæti verið ryðguð og gífurlega kolafrek. Ef til vill þarf tíu kyndara til að flytja hana um tíu metra.“

Ég varð sem steini lostinn að heyra þessi orð af vörum hins óskeikula leiðtoga.

„Við megum aldrei fælast bolsévíska sjálfsgagnrýni,“ hélt hann áfram. „*Selbstkritik* er beitt vopn. Eimreiðin er ekki ónýt. Það má taka ryðguðu hlutana úr henni og setja fagurgljáandi, nýja, unga hluta í staðinn. Má vera að sumir kyndararnir vinni skemmdarverk. Má vera að kolin séu ekki nógu góð. Hvað segirðu?“

„Við skulum fá okkur góða kyndara og góð kol,“ sagði ég.

Dímítrov hló eins og kátur drengur. „Því ekki það?“ sagði hann. „Þá brunar hún eins og fjandinn sjálfur.“

Síðan sneri hann sér að framtíðarstarfi mínu. „Við ætlum að senda þig til Moskvu.“ Ég kinkaði kolla og var áfjáður í að fá að heyra meira.

„Sjómenn eiga að halda sér við skipin, þú átt að halda áfram í sjóferðadeildinni. Við verðum að sækja fram af fullum krafti í skipaiðnaðinum. Þegar styrjöld hefst .... Þú veist hvers virði það er. Ráðstjórnarsambandið þarf frið. Ekkert er betur til þess fallið að temja auðvaldshákarlana en að taka fyrir innflutning þeirra og útflutning. Þú hittir Albert Walter í Moskvu. Þar verður líka fjöldi annarra sjómanna. Þið gerið síðan út um málin við féлага Lozovskíj.“

Það var tekin ljósmynd af mér á efstu hæð Karl Liebnecht-hússins. Sama dag var mér fengið danskt vegabréf á nafnið Rolf Gutmund farandsala, til heimilis í Álaborg. Vegabréfið var ekki falsað, það hafði einungis verið skipt um mynd á því. Ég fékk sérstakt heimildarskjal, vélritað á rússnesku, og var mér skipað að sýna það engum nema landamæralögreglu ráðstjórnarinnar. Ég ferðaðist með þremur öðrum

félögum, Ungverja, Emmerich Sallai að nafni, stúlku frá Köln, sem ætlaði að stunda nám við Lenínskólann, og búlduleitum kommúnistaleiðtoga frá Svisslandi. Sallai sá, að yfirfrakki minn var þunnur og slitinn, og lánaði mér þykka kápu, sem hann hafði til vara.

Klukkustund áður en ég lagði af stað, hitti ég Ernst Wollweber óvænt í veitinga- salnum í Karl Liebknecht-húsinu. Hann sat einn við borð og húkti yfir björglasi, ímynd manns, sem er látlaust að klekja út samsærum og samsteypum. Hann leit mig óhýru auga, þegar hann heyrði, að ég væri að fara til Moskvu.

„Hver sendir þig þangað?“

„Félagi Dímítrov.“

Hann glotti hálfháðslega. Síðan tók hann í hönd mér. „Góða ferð. Gleyndu ekki að koma aftur.“ Hann talaði nokkur orð við samferðafólk mitt og gekk burtu með hendur fyrir aftan bak. Það brá fyrir glampa í augum stúlkunnar frá Köln. „Hafið þér heyrt, hvað félagi Ernst er kallaður?“ malaði hún. „Á fundum hermir hann eftir látbrögðum Vladímírs Íljítsj. Hann verður óður, ef hann er kallaður „Litli Lenín“. Það er sagt að hann æfi sig á Lenín-stellingum fyrir framan spegil.“

Sendiboði frá Profintern tók á móti okkur á járnbrautarstöðinni í Moskvu, þegar við komum þangað tveimur dögum síðar. Það var ekið með okkur til Bristol- hótelsins, sem var gististaður Kominterns fyrir erlenda kommúnista. Ég gisti í herbergi með Finna og Letta. Húsgögnin voru þrjú rúmstæði, þrjár stólar, borð, þvottaborð, stór teketill og mynd af Stalín. Ég hafði varla verið tvær klukkustundir á hótelinu — sem var líkara leiguhúsi en hóteli í evrópskum skilningi — þegar Þjóðverji tók mig kænlega tali um Rússland. Hann var fullvingjarnlegur. Og innan skamms fór hann að finna að fimmáraáætluninni og stjórnarhæfileikum Stalíns. Ég vissi, hvar fiskur lá undir steini. Maðurinn var húsnjósnari GPÚ. Ég skipaði honum að hætta þessari andbyltingar-vitleysu, ella mundi ég sparka honum út úr herberginu. Eftir þetta glotti hann, hvenær sem hann sá mig, lyfti hnefanum og hrópaði: „*Heil Moskau!*“ Morguninn eftir að við komum, sundraðist hópur okkar. Stúlkan frá Köln flutti í einn stúdentabústaðinn. Svisslendingurinn fór til þess að sitja fund með Þjatrítískj. Ég sá hann ekki aftur. Sallai flutti á Hotel Savoy, en þar var landi hans, Bela Kun, sem hafði verið sæmdur orðu Rauða fánans, miðdepill ungversku nýlendunnar. Ég spurði Sallai, hvort ég ætti að skila frakkanum aftur. Hann varð hálfmóðgaður.

„Ég á annan engu síðri. Eigðu hann, því að ég þarf hans ekki með.“

Ég gekk í yfirfrakkanum í þrjú ár. Ævi hans varð lengri en fyrri eiganda. Emmerich Sallai var ásamt öðrum Komintern-manni dæmdur til lífláts fyrir föðurlandssvik í Búdapest 28. júlí 1932 og hengdur sömu nótt. Það var sagt, að þeir hefðu báðir dáið með þessi orð á vörunum: „Lengi lifi alræði öreiganna. Okkar verður hefnt.“

Siglingamálaráðstefna Profinterns var þegar hafin. Ég stal einum degi til þess að flakka um Moskvu, þó að ég ætti á hættu að fá áminningu hjá yfirboðurum mínum. Áróður fyrir fimmáraáætluninni gnæfði efst í öllu opinberu lífi, eins og hátt

fjall gnæfir yfir láglandinu. Kremlverjar höfðu ákveðið að fórna vellíðan hundrað og sextíu milljón manna í mörg ár til að sigra í kapphlaupinu við heila öld vanþroskans. „Sósíalismann eða lífið!“ í eyrum unga erlenda kommúnistans var slíkt vígorð, „Allt eða ekkert,“ eins og gamalkunnir, hughreystandi tónar. „Þegar fimm-áraáætlunin er fullgerð, mun Ráðstjórnarsambandið verða svo sterkt, að það getur tryggt sigur byltingarinnar utan Rússlands.“ Hvílík hughreysting var þetta ungum ofstækismanni, sem var þess boðinn og búinn að afneita öllu, jafnvel að gefa líf sitt fyrir byltinguna! Slík röksemdaleiðsla olli því, að afskiptaleyzi bolsévika af því regindjúpi mannlegra þjáninga, sem augu okkar litu, birtist í ljósi göfuglyndisins.

Úrvalsið úr siglingamáladeild Kominterns sótti fundinn í Rauða salnum í Profintern-byggingunni. Fundarstjóri var hávaxinn, grannur Rússi, ungur, ljóshærður og fálátur í fasi. Það var Kommíssarenko, formaður sjómanna- og hafnarverkamannasambandanna í Rússlandi og Síberíu. En sá maður, sem mest kvað að á fundinum, var Lozovskíj, yfirmaður Profinterns. Hann var þunnur í andliti, nærri kinnfiskasoginn, skeggið rauðleitt og illa hirt og augun snör og ofstækisfull. Hann var fimur ræðumaður, fremur meinyrtur, og átti til smitandi lífskraft, sem mér fannst mjög óvanalegur hjá manni, sem var svo hrumur að sjá. Þriðji merkasti maðurinn á fundinum var Albert Walter. Einbeitni hans, bersögli og karlmennsku hafði ekki hrakað, síðan ég sá hann síðast. Hinir fundarmennirnir voru fulltrúar frá siglingamáladeildum í kommúnistaflokkum hérumbil tólf landa. Fundurinn hafði verið boðaður til þess að leggja drög að skipulagningu Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna og rauðra hafnarsamtaka í öllum löndum. Það var í ráði að stofna nýja Alþjóðasambandið innan eins árs frá því, að undirbúningi um allan heim væri lokið. Aðalverkefni þess var að félagsbinda sjómenn til verndar Ráðstjórnarsambandinu, ef til styrjaldar drægi, með því að binda fastan skipakost óvinaþjóða Rússlands. Um leið átti nýja Alþjóðasambandið að verða vopn til eyðileggingar öllum sjómannafélagsskap, sem ekki væri hægt að koma undir umsjá kommúnista. Á fjórða degi fundarins hélt Osíp Pjatnítskíj, skipulagsstjóri Kominterns, ræðu. Þessi gamli bolséviki talaði um „hlutverk vort á Malaja-skaga, í Grikklandi eða Ameríku“ eins og þessi lönd væru garðskikar í Moskvu.

Sérstaka athygli mína vöktu skýrslur um samfellda framrás kommúnista við strendur Vesturálfu, allt frá þeim löngu liðnu dögum, er ég hafði verið einn í hópi þeirra ferðafulltrúa frá Hamborg, sem fluttu áróðursrit vestur um haf upp á von og óvon, og fram til þess dags. Alþjóðasjómannafélög höfðu verið stofnuð í níu helstu hafnarborgum Bandaríkjanna með fjárstyrk frá Profintern. Þessir klúbbar höfðu fært sér í nyt vinnubrögð félagsins í Hamborg og fest sig vel í sessi. Lozovskíj hafði veitt mánaðarlegan styrk til útgáfu kommúnistablaðs fyrir bandaríska sjómenn, *Marine Workers' Voice*. Fundurinn í Moskvu samþykkti áætlun, sem Kommíssarenko hafði gert, og ályktaði, að tíminn væri kominn til þess að koma á stofn rauðu verkfélags sambandi bandarískra sjómanna og hafnarverkamanna. Tveir ungir bandarískir kommúnistar, búnir stjórndahæfileikum og nægilegri harðýðgi,

höfðu komist í mikla kærleika við Lozovskíj. Það voru George Mink og Tom Ray. Lozovskíj talaði um þá af föðurlægri alúð. Walter og Lozovskíj komu sér saman um að gera Mink að leiðtoga starfseminnar við Atlantshafsströndina og Ray við Kyrrahafsströndina. Áttu þeir að hafa aðsetur í New York og San Francisco. Mink og Ray áttu að þiggja laun af Profintern. Lozovskíj úrskurðaði, að þeir skyldu fá fjárveitingar til viðbótar til að standast kostnað af útgáfu blaðsins *Marine Workers' Voice*, af starfrækslu Alþjóðasjómannafélaganna og af að senda erindreka til hafna milli Norfolk og Seattle. Eins og alla fjárstyrki ráðstjórnarinnar til sjómannastarfsemi erlendis átti að senda þetta fé á áfangastað um skrifstofu Alberts Walters í Hamborg. Fé var einnig veitt til þings bandarískra sjómannafélaga, sem lutu kommúnistum, og var þingið haldið í New York í apríl 1930, þremur mánuðum eftir ráðstefnuna í Moskvu. Þingið sóttu 118 fulltrúar frá höfnum við Atlantshaf, Kyrrahaf, Mexíkóflóa og Vötnin miklu. George Mink, Tom Ray og La Rocca nokkur voru síðan boðaðir til Moskvu til að taka á móti frekari fyrirskipunum.

Eftir að lögð höfðu verið á ráðin um herferðir framtíðarinnar á daginn, lauk hverju kvöldi með meiri háttar svalli. Einu hóparnir sem þóttust yfir nætursvallid hafnir voru Rússarnir, Kínverjarnir og eldri kommúnistarnir, sem drógu sig í hlé til að undirbúa ræður og röksemdir næsta dags. Hinir fulltrúarnir héldu heim á hótél sín, Bristol og hið nafnkunna Lux, en þar var flestum erlendu Kominternstarfsmönnum þjappað saman í þröngar vistarverur. Vodka, vín og margs konar ódýrt sælgæti og kökur voru ávallt höfð um hönd. Stundum vorum við allt að tuttugu og fimm manns í herbergi, sem var ekki meira en sex eða átta fermetrar að ummáli. Vinsælir leikir voru meðal annars að klæða komumenn, sem áttu sér einskis ills von, úr öllum fötunum, að skvettast á köldu vatni, að halda vodkakappdrykkjur, og „þjóðnýting kvenna“ — nöpur ádeila á áróður burgeisa. Karlmenn klæddust kvenfötum, stúlkur klæddu sig sem bændur eða eyrarkarla, ljós voru slökkt og hverjum þátttakanda gert að skyldu að vera kominn í sín venjulegu föt, áður en kveikt væri aftur. „Öreigadómstólar“ tóku síðan til meðferðar mál þeirra, sem enn voru klæðlitlir. Gleðskap okkar lauk venjulegast um miðnætti. Enginn kommúnisti vildi hætta á að verða staðinn að því að bæta sér upp nætursvefninn við skyldustörf næsta dags. Slíkt átti engri miskunn að mæta hjá eldri kommúnistunum.

Á síðasta degi fundarins sýndi Albert Walter mér bréf frá Wollweber, ritað í Berlín. „Litli Lenín“ öfundaði Walter af virðingarkerkjum þeim, sem féllu í hans hlut í Moskvu. Hann kvartaði við Komintern um það, að efnilegustu ungu kröftunum væri stolið frá þýska flokknum til alþjóðastarfa. „Hann er sveitamaður,“ hrópaði Walter. „Láttu hann ekki villa þér sýn.“

„En hvað eiga öll þessi bölvuð undirmál að þýða?“ sagði ég.

„Eðli mannsins er það þrálátasta samsull, sem til er,“ svaraði Walter með áherslu.

Daginn eftir var mér falið að fara til Antwerpen og taka að mér stjórn á starfsemi kommúnistadeildanna við sjávarsíðuna og Alþjóðasjómannafélaganna í Rotterdam, Antwerpen, Ghent og Dunkerque. Mánaðarlaun mín voru eitt hundrad dalir;

mánaðarlegt fjárframlag til starfseminnar sjö hundruð og fimmtíu dalir. Ég fagnaði því að fá að hverfa aftur til vígstöðvanna. Ég hafði ógeð á ævi stjórnmalarefa.

Fréttir um vaxandi ófrið í Þýskalandi brutust líkt og stormhryðjur inn í svefn-drunga járnbrautarklefa míns, þegar ég fór í gegnum Berlín. Blaðasalarnir öskruðu á stöðvarpallinum: „Blóðugar óeirðir í Berlín og Hamborg! Stormsveitarmaður úr liði nasista myrtur!“ Flokkurinn hafði sigað atvinnulausa fjöldanum til orrustu við lögregluna. Það hafði verið barist í götuvirkjum í iðnaðarhverfum. Í Hamborg var skýrt frá föllnum og særðum mönnum. Hinn 23. febrúar hafði stormsveitarforinginn Horst Wessel látist í Berlín af skotsárum, sem kommúnistar veittu honum. Blað dr. Göbbels, *Der Angriff*, hrópaði á hefnd. Bardagarnir um Berlín, um Þýskaland, um allan heiminn voru háðir af auknum hraða. Úr járnbrautarvagni, sem fór fram hjá, setinn brúnstökkum, gaf að heyra söng. Það var Horst Wessel-söngurinn, sem nasistastúdentinn myrti hafði samið, bardagaljóðið, sem varð jafngilt þjóðsöngnum, „*Deutschland über alles*,“ á seinni árum.

Lestin rann út úr Berlín. Hún rann vestur á leið, til Rínar. Fyrsta angan vorsins var í loftinu.

# Firelei

Í ANTWERPEN HITTI ég Firelei. Ég sá hana fyrst á listasafninu, en þangað fór ég við og við til þess að njóta rólegrar stundar fjarri hörku veruleikans. Innan um hina holdugu siðsemi hollensku meistaranna sat hún eins og leiftur lifandi fegurðar og litaskrauts, dóttir ófeiminna og óttalausra tíma. Hún var með opna teiknibók á hjánum, og teiknikrítin í hægri hendi hennar flaug yfir pappírinn. Hún hafði litlar, en sterklegar hendur. Hún einblíndi á dökka andlitsmynd af konu á veggnum fyrir framan sig. Augu hennar hvörfluðu að pappírnum á hnjám hennar, og hægri höndin dró útlínurnar hratt. Og síðan flugu augu hennar aftur til myndarinnar af þreklegu, rosknu konunni á veggnum.

Ég hinkraði við og leit yfir öxl hennar. Hún var svo niðursokkin í starf sitt, að hún veitti mér enga eftirtekt. Einhver öflug og óljós tilfinning náði tókum á mér. Hún var ofvaxin skilningi mínum og nýstárleg. Ég fór eins nálægt henni og ég þorði. Blá alpahúfa slútti fast að dökkgullnu hári hennar. Það var silkislikja á hárinu. Það glitraði dauft í ljósunum. Hún var grönn og þéttvaxin. Hné hennar og fótleggir sannfærðu mig um, að það gæti ekki verið til vottur af deyfð né leti í fari hennar. Hörundið á handleggjum hennar og í hnakkagrófinni var hraust á að líta, eins og á norrænum konum, sem gefnar eru fyrir sól og vind. Það var ljósbjart eins og flabein og blóðið streymdi rétt undir yfirborðinu. Ég horfði á hana, og mér var innanbrjóst eins og hálfhungurmorða förumanni, sem sér jólatrén blika í gegnum glugga á köldu jólavöldi og finnst hann vera tómhentur og vesáll.

Ég var kominn svo nálægt, að ég snerti hana. Hún leit upp. Hún hafði mjúkar, lifandi varir. Augu hennar voru grá og skörp. „Hvað ertu að gera hérna? Hvað viltu mér?“ virtust þau spyrja. Ég leit til jarðar. Ég tautaði fyrir munnni mér kjánalega afsökun. Síðan flýði ég, og ég hitnaði af skömm og reiði við sjálfan mig.

Ég hafði mikið að gera þennan dag. Það þurfti að smygla stórri sendingu af ritum um borð í franskt skip, sem átti að fara til Saigon. Þetta þurfti að framkvæma af mestu gætni, því að það leið ekki svo mánuður í suðurhluta Indó-Kína, að nokkur kommúnistahöfuð féllu ekki fyrir fallöxinni. Willi Münzenberg hafði sent aðgerðasinna frá Annam, Le Huan, til Antwerpen með skipun um að halda áfram til Saigon. Ég þurfti að gæta hans. En þessar skyldur gátu ekki beint huga mínum frá stúlkunni, sem ég hafði séð á listasafninu.

Ég bölvaði sjálfum mér: „Asni, þekktu takmörk þín! Svona yndisleg stúlka er ekki fyrir þig! Kallaðu hana burgeisatík og láttu hana róa. Haltu þér við Komsomolstelpurnar og tæfurnar í Skipper-götu. Í augum þeirra ertu kóngur. Í augum hennar

ertu óþrifalegt úrhak, rótlaus ræfill. ... Kallaðu hana burgeisatík, og láttu hana róa.“

En samt skundaði ég næsta dag og dagana á eftir til listasafnsins, læddist tímum saman um salina og tók út kvalir fyrir að vanrækja skyldur mínar sem byltingarmaður. Ég gat ekki fundið hana á safninu.

Sólskinið var hlýtt, og fólkið í Antwerpen fór að koma út á svalirnar og sitja þar masandi. Það var marsmánuður. Le Huan var á leið til Indó-Kína og vissi ekki, að hann gekk beint í opinn dauðann í fangelsinu í Annam. Þunglyndur ungur pólskur gyðingur, Hirsch að nafni, kom frá París á leið til Galísíu. Ég kom honum um borð í skip, sem átti að fara til Gdynia. Skömmu síðar fékk ég stutta orðsendingu frá Berlín um að strika féлага Hirsch út af listanum hjá mér. Nokkrum mánuðum síðar var hann hengdur fyrir landráð í Lvov. Útbreiðslustarfsemi okkar var haldið áfram með fundum í Alþjóðasjómannafélögunum, áróðri meðal hafnarverkamanna og flóttamanna og áköfum pappírarásum gegn jafnaðarmönnum og hinum ósigrandi verklýðssamböndum þeirra. Það komu gríðarstórar sendingar af prentuðu máli frá Berlín og Moskvu, sem senda átti áfram til Jamaíku, til Taílands, til Indlands. Sólin varð hlýrri, og djörfustu veitingamennirnir á Meir komu fyrir borðum á gangstéttinni.

Og síðan sá ég hana allt í einu aftur. Ég var á gangi við höfnina. Það var fullt af skipum og hávaða. Loftið angaði af tjöru og sjávarseltu, og dómkirkjan í Antwerpen teygði turna sína gegn bláum himninum. Stúlkan sat á ryðguðum járnbita, fremst á bryggju einni. Fætur hennar dingluðu yfir gráu vatninu í höfninni. Hún var enn að teikna, og augu hennar hvörfluðu án afláts milli pappírins og þyrpingar fljótaskipa, sem lágu við festar skammt frá.

Ég gekk nær. Í þetta skipti ætlaði ég að yrða á hana. Í hinum hversdagslegu brigðum sólskins og skugga virtist hún ekki vera jafnfjarlæg og í kirkjulegri helgi listasafnsins. Höfnin var mitt starfssvið.

Fljótaprammarnir báru rómantísk nöfn. Þeir voru frá Amsterdam og Strassborg, og sumir höfðu komið alla leið frá Rúðuborg og París. Á þilförum þeirra húktu karlar í sólskininu. Sumir reyktu pípur sínar og hvíldu sig. Mjaðmabreiðar konur kölluðust á milli skipanna. Lítil feitur hundur var að gjamma að flöggrandi þvotti á línu.

Stúlkan hafði teiknað skut á frönskum Rínarpramma. Þarna voru landfestarnar og stóra, lárétta stýrishjólíð og ánægð kona að gefa barni brjóst í skugga káetuhúss. Stúlkan sá mig. Hún brosti, þegar hún þekkti mig. Ég leit á teikninguna hennar.

„Þetta er fjarska eðlilegt,“ sagði ég.

Hún roðnaði. „Það er svo erfitt að ná skapbrigðunum í höfninni,“ sagði hún.

„Hefur höfnin skap?“

Hún hló og lokaði teiknibókinni. Þetta var stúlka, sem var fús til að hlæja.

„Þér hafði gleymt nafni skipsins,“ sagði ég. „Skip verða að hafa nöfn. Það er Oran.“

„Já, já, ég verð að bæta nafninu við.“ Hún hikaði eitt augnablik. Síðan opnaði hún bókina. „Svona — 0-R-A-N.“

Hún talaði ensku, eins og ég hafði gert, þegar ég ávarpaði hana. Hún vandaði sig mjög við myndun hvers orðs.

„Enskan er mál sjómannanna, eða hvað?“ sagði hún.

„Það er rétt.“

„Eruð þér sjómaður?“

„Já.“

„Hvar er skipið yðar?“

„Ég er í landi. Ég er að bíða eftir skipi.“

„Ég á frænda, sem var áður skipstjóri. Hann sagði alltaf, að sjómaður án skips væri eins og prestur án kirkju. Hvaðan kom síðasta skipið yðar?“

„Frá Galveston.“

„Hvar er Galveston?“

„Í Ameríku. Í Texas.“

„Sjómenn eiga gott.“

„Ha, hvers vegna?“

Stúlkan svaraði ekki strax. Síðan hallaði hún sér aftur á bak og sagði: „Panama, Sumatra, Honolulu, Madagaskar, Oran, þetta eru svo falleg nöfn.“

Hún dró hnén að sér og læsti handleggjunum um þau. Hún leit út á fljótið. Þar sigldi stórt japanskt skip á útleið í kjölfar reykjandi dráttarbáta. „Finnst yður skemmtilegt í Antwerpen?“ spurði hún.

„Já. Eigið þér heima hér?“

Hún hristi höfuðið. „Ég er að læra hérna,“ sagði hún alvarlega.

„Eruð þér listmálari?“

„Nei, nei.“ Hún brosti snögg. „Ég verð samt að læra að nota augu mín og hendur. Ég elska línur og liti. Mig langaði til að læra í París, en foreldrar mínir vildu ekki leyfa mér það. Þess vegna kom ég til Flandurs.“

„Þér eruð líkar flæmskum stúlkum.“

„Móðir mín var flæmsk. Flandur er auðugt! Ghent var einu sinni Feneyjar Norður-Evrópu. Þar voru fleiri skip og verslunarfurstar en á öllu Englandi.“

„Dáist þér að verslunarfurstum?“

Stúlkan hló dátt. Skip skreið hægt inn í hafnarkvína. Danska flaggið blakti í skut þess. Hás óp úr harðgerum börkum bárust með vindinum.

„Hvar eigið þér heima?“ spurði stúlkan.

„Hvar sem skipin eru,“ sagði ég.

„Sko!“ hrópaði hún.

Hópur manna klifraði í land af bresku skipi, sem lá bundið við bryggju skammt frá okkur. Það voru Indverjar, grindhóraðir karlar með vefjarhatta og í ljósum bómullarskyrtum, sem stóðu niður undan peysum þeirra og blöktu um mjóslegin lærin.



Þegar þeir gengu fram hjá okkur, glotti einn þeirra, stór maður með flauelsmjúk augu og drúpanði yfirskegg, svo að skein í allar gulu tennurnar.

„Kyndarar,“ sagði ég.

„Hvert eru þeir að fara?“

„Skipper-götu.“

Stúlkan gretti sig af óbeit og sagði einbeittum rómi: „Sitjið þér þarna á járnbitanum. Ég ætla að reyna að teikna yður.“

„Hvað ætlið þér að kalla myndina?“

„Sjómaður að leita að skipi,“ svaraði hún. „Krækið þér þumalfingrunum í beltið og sitjið grafkyrr.“

Við ræddumst lítið við. Vindur skröltu fjær og nær. Frá fljótinu barst slitróttur hljómleikur skipsflautanna. Augu stúlkunnar voru nú áköf og einkennilega fjarlæg. Ég varð feiminn eins og skólastrákur, sem sér leyndarmál sín dregin fram í dagsljósið.

Ég kallaði hana Firelei. Nafnið átti vel við hana, að því er mér fannst. Við sáumst eins oft næstu vikurnar og ég gat hrífsað nokkurra klukkustunda frí frá samfelldum straumi skylduverka minna. Ég var ástfanginn svo heitt, að ekki varð undankomu auðið. Ég hafði álitnið, að ást væri hræsnisfullur siður hinna hötuðu borgarastétta. En nú vildi ég fá Firelei að féлага og förunaut, hvað sem það kostaði. Henni leist vel á mig. Ég var af öðrum flokki en piltarnir, sem stúlkur af hennar tagi eru vanar að umgangast. Í augum hennar var ég hvorki borgari né verkamaður, né heldur taldist ég til neinnar bohéme-klíku. Hún taldi mig vera mann einstaklingshyggju og uppreisnar. Og Firelei var líka uppreisnarmaður eins og margt af besta æskulýð Evrópu eftir stríðið, uppreisnarmaður gegn hefðbundnum síðum kynslóðar, sem hafði misst réttinn til þess að vísa æskunni leið til framtíðarinnar. Æskan hafði lært að ryðja sér braut sjálf. En Firelei vissi ekki, hvers eðlis starf mitt var. „Kommúnisti“ var tískuorð í Evrópu árið 1930. Það táknaði óþvegna slána, angandi af svita og kaffiskólpi, sem söfnuðust í hersingar og hrópuðu „Niður!“ á götunum. Ég var hræddur um, að hún mundi hætta allri umgengni við mig, ef hún vissi, hver ég væri.

Firelei var þýsk í aðra ættina, en flæmsk í hina. Faðir hennar var verslunarmaður í Mainz við Rín. Stjórnarbyltingin í Þýskalandi 1918 hafði átt sér stað tveimur mánuðum eftir ellefta fæðingardag hennar. Eftir að hún útskrifaðist úr menntaskóla, hafði hún gengið á listaskóla í Frankfurt og síðar í München, en þar hitti hún verkfræðistúdent og hljópst á brott með honum í gönguför um Alpafjöllin. Faðir hennar elti þau uppi og fór með Firelei heim til Mainz aftur. Þar vann hún í þrjú ár í auglýsingadeild tiskuhúss og átti í sífelldum erjum við foreldra sína. Fjölskyldan var í flokki þjóðernissinna og umgekkst mest keisarasinna. En Firelei hafði andstyggð á hermönnum og öllum yfirvöldum, sem lifa á kennisetningum og ein-kennisbúningum. Hún var viðkvæm og þrálynd. Ævagömul óánægja og ásköpuð frelsisást gerðu hana ófyrirleitna. Hún sagði stöðunni lausri og fór til Parísar að þroska hina augljósu listhneigið sína. Fjölskyldan hamaðist og grátbað hana um að

snúa aftur. Í þýskum smábæ þótti það smán að eiga dóttur, sem léki lausum hala í París. Firelei lifði á osti og brauði í tíu daga og svaraði með kröfu um fjárstyrk mán- aðarlega. Þau sættust á að leyfa henni að dvelja í eitt ár í Antwerpen, en þar átti hún móðurbróður, fyrrverandi skipstjóra, sem hafði misst annan fótinn við Kongófljót. Það var í húsi hans, sem Firelei dvaldi.

Stundum þurfti ég starfs míns vegna að fara til Rotterdam, Ghent og Dunkerque. Ég var fjarvistum í tvo til þrjú daga í hvert skipti. Þegar Firelei kom, áfjád í að hitta mig, var ég oft allur á bak og burt. Auðvitað komst hún að þeirri niðurstöðu, að af sjómanni að vera lifði ég einkennilegu lífi. Frænda hennar, slægvitrum manni og römmum að afli, þótti lífsferill minn kynlegur. Ég vildi ekki ljúga að Firelei. Ég ásetti mér að segja henni sannleikann. Eftir að ég hafði bylt mér og tautað með sjálfum mér margar andvökunætur, komst ég svo langt, að ég ákvað að segja skilið við Komintern, ef þess þyrfti, til að vinna stúlkuna, sem ég elskaði.

En tókin, sem Komintern hefur á þjónum sínum, eru aðeins sambærileg við völd kristmunkareglunnar yfir fælögum sínum. Mjög mikilvægir atburðir voru í aðsigi í Indlandi og Indó-Kína. Meðal skipshafna á breskum og þýskum skipum, sem höfðu viðkomu í Antwerpen, voru um fjögur þúsund Indverjar. Þeir voru nokkurs konar pípurennsli, sem Komintern notaði til að dæla um samfelldu flóði áróðurs, fyrirskipana og flugumanna til allra hafna í Austurindíum.

Innan Kominterns var þegar rætt um „indversku stjórnarbyltinguna“. Allt vorið 1930 leyfðu margir kommúnistar sér að gerast drukkknir af þeirri hugmynd, að þeir gætu „kollsiglt“ breska heimsveldinu með því að efla ráðstjórn til valda í Indlandi. Háðir voru götubardagar í Kalkútta og fleiri borgum. Rauða verklyðssambandið í Indlandi, sem var nýstofnað, var undir stjórn Kyrrahafsskrifstofu Profinterns, en hana hafði Bandaríkjamaðurinn Earl Browder sett á stofn í Shanghai árið 1927 með fjárstyrk frá Lozovskj.

Skyldurækni mín við byltinguna hafði í för með sér hið sárasta sálarstríð. Hafði ég nokkurn rétt til þess að draga Firelei inn í líf samsæris- og óaldarmanns? Hún var mér óendanlega mikils meira virði en nokkrir Hindúaræflar. En ég hélt dauðahaldi í Komintern, eins og bóndinn í ódal fedra sinna. Komintern var jörðin, sem gaf mér líf og tilgang. Og þarna var Firelei, sem átti rætur sínar í ólíkum jarðvegi. Ég glímdi við þá hugsun, að hún væri allt of góð, allt of fíngerð til þess að láta spillast í þjónustu Kominterns. Ég glímdi við þá hugsun, að ég yrði að hafna öðru til þess að vinna hitt. Ég var hræddur við þá duldu bresti, sem eru arfleifið hverrar mannsálar. Það virtist vera miklu einfaldara að halda sér við hið hugsunarlausu „Annaðhvort — eða“.

Kvöld eitt varð Firelei mín. Ég sagði henni, að ég hefði verið í fangelsi. Ég sagði henni, að ég væri í þjónustu Alþjóðasambands kommúnista. Ég sagði henni, að ég væri upp með mér af að vera byltingarmaður og að ég mundi aldrei verða neitt annað. Sjónarmið Firelei var sjónarmið skírlifrar og hugsjónaríkrar æsku. Höfðu

ekki allir miklir vitringar og skáld og listamenn verið byltingarmenn í hjarta sínu? Hún vissi ekkert um hinn ljóta raunveruleik kommúnismans.

„Þegar við náum völdum,“ sagði ég við hana, „verður öllum þjáningum manna lokið. Kúgun, æðandi hersveitir, ranglátar lagasetningar, hungur og eynd verða aðeins geymd í hugum manna sem draugar úr myrkrum fortíðarinnar.“

Firelei hafði áskapaða samúð konunnar með göfugum sálum. Ég sýndi henni skýrslu frá belgíska Kongó með lýsingu á þeim hræðilegu vinnuskilyrðum, sem vesalings blökkumennirnir urðu að sæta í koparnámunum og bómullarhérudunum við Boma og Léopoldville.

„Það er gegn þessu mannúðarleysi, sem við berjumst,“ sagði ég.

Ég sýndi henni aðra skýrslu um ævikjör kommúnista, sem dæmdir höfðu verið af dómstólum fasista á Ítalíu, og þriðju skýrsluna, sem var nýkomin frá Saigon um meðferð á innfæddum mönnum í Indó-Kína. Firelei gat ekki tára bundist.

„Kúlíarnir í Indó-Kína finna til og elska rétt eins og þú og ég,“ sagði ég. „Þeir hafa rétt til að ráða örlögum sínum sjálfir. Þeir berjast réttlátri baráttu, og við verðum að berjast með þeim.“

Ég lýsti fyrir Firelei heimi, sem var eins og hroðaleg myndabók af óréttlæti og eynd, er væri örfáum auðmönnum í Lundúnum, París, Brüssel og New York að kenna. Hún var ekki fær um að andmæla þessum marxistaskilningi á fátækt, atvinnuleysi og styrjöldum. Við vorum saman kvöld eftir kvöld, umlukt af flóði draumórakenndrar sælu, sem var ofar öllum þeim hugmyndum, er við höfðum áður haft um hæfileika mannsins til að gefast öðrum algerlega á vald. Það liðu ekki margir dagar áður en hún sagði: „Leyfðu mér að hjálpa þér í starfi þínu.“

Firelei var ekki kommúnisti. Hið frijálslynda eðlisfar hennar vildi ekki verða hjól í vél, þar sem blind hlýðni og ótakmarkað einræði voru fyrstu boðorðin. Hún bauð fram hjálp sína vegna félagslyndis síns og löngunar til þess að lina þjáningar hjálparvana fólks. Ég barðist við að halda henni frá ljótu hliðunum á kommúnistastarfinu. Hún málaði auglýsingar, teiknaði skopmyndir og gerði uppköst að veggskreytingum handa Alþjóðasjómannafélaginu. Hún varð hrifin af viðfangsefnum, sem höfðu til þessa legið algerlega utan við sjóndeildarhring hennar. Verk hennar voru frumleg sökum þess, að hún vissi ekkert um rússneskar fyrirmyndir, og þau vöktu bráðlega eftirtekt áróðursdeildar Vesturskrifstofunnar. „Hver er félaginn, sem teiknar svona vel?“ var spurt í bréfi frá Berlín. Ég tók ekki mark á fyrirspurninni. Firelei hafði meiri áhuga á samstillingu lína og lita og áhrifum þeirra á tilfinningarnar — einnig tilfinningar sjálfrar sín — en aðferðum og brögðum samsærismanna í stjórnámálum.

Við komumst að því, að við áttum sameiginlega ást á sjónum, á öllu gróandi lífi og á útiveru. Á hverri viku strauk ég frá skyldustörfum mínum í Komintern í einn dag, við leigðum okkur bát og sigldum saman á Schelde-fljótinu. Stundum sigldum við til Vlissingen, gengum um sandana og lágum við bál á ströndinni um nóttina. Við syntum, bundumst vináttu við fiskimennina, tíndum skelfisk, og

ég kenndi Firelei það sem ég vissi um sólirnar og reikistjörnurnar á himninum. Í svipinn kröfðumst við einskis frekar. Við áttum hvort annað.

Frændi Firelei varð því herskári sem frænka hans kom oftar heim um dögum. Skipstjórinn fyrrverandi hótaði í fyrstu einungis að senda Firelei heim aftur til Mainz. Þegar hún hélt áfram að storka velsæmishugmyndum hans, greip hann til ofbeldis. Dag einn kom Firelei til mín föl og æst í skapi.

„Bert frændi reyndi að loka mig inni.“ Það var ofurlíttill keimur af sefasýki í hlátri hennar. „Ég lét það ekki viðgangast, og þá barði hann mig. Hvað á ég nú að gera?“

„Flytja frá honum,“ sagði ég. „Gefðu ekki eftir. Komdu honum á kné.“

„Hvert ætti ég að fara?“

„Til mín.“

„Auðvitað. En þá fæ ég enga peninga að heiman.“

„Frelsið er meira virði en peningar.“

„En þú hefur tæplega nóg fyrir sjálfan þig að leggja.“ Það var satt. Meiri hluti mánaðarlauna minna seitraði burtu í óvæntan kostnað við starfsemina, og suma mánuði fékk ég ekkert. Komintern átti það til að færa starfsmönnum sínum heim sanninn um, að þeir væru háðir fjársjóðunum í Moskvu og Berlín, með því að stöðva skyndilega allar styrkveitingar. Slík örbirgðartímabil voru nokkurs konar tryggðapróf, sem grúturinn Pjatrínskíj hafði fundið upp. En þau stóðu aldrei lengur en einn mánuð.

„Þegar við erum saman, er engin hindrun til, sem við getum ekki unnið bug á,“ sagði ég við Firelei.

Upp frá því bjuggum við saman. Frændi Firelei neitaði að leyfa henni að taka eigur sínar með sér. „Varaðu þig á sjómanninum,“ sagði hann. „Enginn nema niðringur hleypur brott af heimili sínu.“ Ég safnaði saman hóp hafnarverkamanna úr kommúnistaflokknum, og við gerðum innrás í hús skipstjórans að næturlagi. Eigur Firelei, meðal þeirra mörg koffort full af bókum, voru flutt án alvarlegra misfella í íbúð mína á efstu hæð í sexlyftu húsi við torgið í Antwerpen. Bústaður okkar var frekar illa hirtur og drungalegur, þegar Firelei flutti inn, en eftir nokkra daga hafði smekkvísi hennar breytt honum í skemmtilega vistarveru. Þetta hafði ég komist næst því að eignast heimili þau tólf ár, sem liðin voru frá heimsstyrjöldinni.

Allt fram að þessu hafði Firelei sjaldan hitt neina af lagsbræðrum mínum í kommúnistaflokknum. Nú varð það óhjákvæmilegt, að hún sæi þá oftar og hefði nánari kynni af þeim. Þessir kommúnistar voru ekki úr félagsskap kommúnista á sjálfum staðnum, því að við hann hafði ég lítil mök, heldur menn og konur úr alþjóða neðanjarðardeild Kominterns, sem voru á leið um Antwerpen í ýmsum erindagerðum. Stundum þáðu þeir næturgistingu í íbúð minni, og þar sem þeim virtist það gefið mál, að Firelei væri flokksmaður, töluðu þeir oft án þess að leggja á sig hömlur, eins og menn gera oft, þegar þeir þykjast öruggir eftir langt og hættulegt ferðalag. Firelei varð það fljótt ljóst, að starfsemi kommúnista stóð í nánú sambandi við rússnesku leynilögregluna. Einn af gestum mínum — á leið

frá Englandi til Berlínar — var Makedóníumaður, sem var skráður í bækur hjá stjórnmalalögreglunni í flestum Evrópulöndum vegna þátttöku sinnar í morðinu á Níkolás Mílev í Sofía, skömmu eftir að hinn síðarnefndi var gerður að sendiherra Búlgara í Washington. Annar gestur, kynblendingur frá Austurasíu, sagði frá flóttu sínum úr Pamekasan-fangelsinu í hollensku Austurindíum, en þar sátu enn sex hundruð forsprakkar uppreisnanna á Java og Sumatra árin 1926–1927. Maður þessi var grindhóráður, kallaði sig „Waldemar“ og var svo manndráparalegur, að hann virtist helst eiga heima í sjóræningjareyfara. Hann raupaði af að hafa skipulagt uppreisn í fangelsinu og morð margra fangavarda. „Með þessum,“ sagði hann, dró skyndilega langan, mjóan rýting úr belti sínu og gerði gælur við hann í viðurvist Firelei. Hann hafði komið til Antwerpen sem laumufarþegi frá Singapur. Ég fylgdi honum til Verviers, en þaðan smyglaði kommúnisti, sem var landamæravörður, honum til Aachen og þaðan til Berlínar.

Því betur sem Firelei kynntist moldvörpustarfsemi Kominterns, því greinilegri varð andúð hennar á kommúnistahreyfingunni í heild. Einstefnuofstækið, hin úthugsaða kaldýðgi, umburðarleysi margra kommúnistanna, sem hún hitti, voru henni þyrnir í augum.

„Hvernig getur fólk, sem talar ekki um annað en eyðileggingu og blóðsúthellingar, leitt mannkynið til frelsis og sælu?“ spurði hún.

„Þú verður að láta þér skiljast, að við eigum í styrjöld,“ svaraði ég. „Takmark styrjalda er að tortíma óvininum. Við verðum að eyðileggja, áður en við getum byggt upp að nýju.“

„En hvers vegna þurfum við að fá aðferðirnar lánaðar í Rússlandi? Allt sem þið gerid miðar að ofbeldi. Ég er mótfallin ofbeldi.“

„Sérhver fæðing fer fram eins og bylting með ofbeldi! Jafnvel blíðasta barn kemur í heiminn með kvalastunum og blóði.“

„Ég á svo mikið ólært,“ sagði Firelei.

„Þú verður að læra að hata,“ sagði ég.

„Ég vildi að við gætum farið burt og lifað okkar eigin lífi,“ sagði Firelei að lokum.

Kvöld eitt kom ég seint heim úr skyndiför til Rotterdam. Mig furðaði á því, að það logaði enn ljós í herbergi okkar. Firelei var ekki sofnuð. Ég fann hana sitjandi yfir hlaða af handritum, sem ég hafði skrifað, sum í San Quentin og sum í tómstundum. Þar var meðal annars handrit að bók, allmikið af lýsingum og greinum um líf mitt fyrr á tímum á seglskipum. Það var sigurhreimur í rödd Firelei.

„Þetta er uppgötvun!“ hrópaði hún. „Hvers vegna hefuðu aldrei sagt mér, að þú fengist við að skrifa? Því læturðu ekki birta þetta? Það er svo lifandi og gott.“

Ég sá þegar í stað, að Firelei var að vona, að ritstörf mín gætu opnað okkur leið til tilveru, sem væri óháð Komintern.

„Það er ekki samið í anda marxista,“ sagði ég. „Ég skrifaði það eingöngu af því, að mig er stundum að dreyma um að gerast sjómaður aftur.“

„Eingöngu af því! Lof mér að senda það einhverjum!“

Morguninn eftir fór hún á bæjarbókasafnið til að finna nöfn á tímaritum, sem væru líkleg til þess að birta ritsmíðar um lífið á sjónum. Næstu daga sat hún við ritvélinu og var að koma lagi á handrit þau, sem hún hafði valið. Hún vann af alúð og hrifningu, svo að mig stórfurðaði á. Bókarhandritið, sem ég hafði kallað „Kjölfars sorans“, sendi hún strax til forleggjara í New York. Lýsing á seglskipi sem er að berjast við næturþökuna í Ermarsundi fór til *Blue Peter*, sjómannablaðs í Lundúnum. Saga frá Helgoland, sem Firelei kallaði „Silfurbrýr“, var send ferðamannablaði í Hamborg, og Firelei hélt áfram að taka afrit af handritum mínum í tómstundum sínum.

Vikurnar liðu fljótt. Og síðan vann stúlkan, sem ég elskaði, hvern sigurinn á fætur öðrum. *Blue Peter* tók grein mína til birtingar, þýska ferðamannablaðið sendi mér ávísun fyrir „Silfurbrýr“, og bandaríski forleggjarinn tilkynnti að útgáfa „Kjölfars sorans“ hefði verið tekin til íhugunar. Ritstjórar tímaritanna báðu um fleiri sögur. Ég starði á ávísanirnar og vissi ekki, hvað ég átti að gera. Ég var hálf utan við mig af hinum óvæntum árangri og kvíðinn vegna þess að ég vildi ekki vekja á mér eftirtækt. Í mínum augum var það svipað að skrifa í burgeisablöð og að versla við óvini í hernaði. En Firelei leit öðruvísi á málið.

„Haltu áfram,“ hvatti hún mig með brennandi ákefð. „Skrifaðu meira.“ Firelei gerði allt sem hún gat til að vinna bug á tregðu minni.

„Haltu áfram að skrifa,“ sagði hún. „Á þennan hátt vinnum við okkur frelsi.“

„Frelsi frá hverju?“

„Frá þeim sem halda þér í hendi sér eins og leiksoppi.“

„Hlustaðu á mig,“ sagði ég. „Ég er í þjónustu Kominterns.“

„Þú ert í þjónustu sjálfs þín — og mín.“

„Ég get það ekki. Ég trúi á það, að tryggð við áhugamálin sé það æðsta í lífi manns.“

Firelei kom alveg upp að mér. Hún mælti lágt og blítt. „Við skulum lifa okkar eigin lífi,“ sagði hún. „Við þurfum ekki að vera upp á aðra komin. Við erum fær um að skapa örlög okkar sjálf.“

Firelei var hrædd við framtíðina. Hún var nógu kunnug Komintern-starfinu til að vita, að það mundi fyrr eða síðar rjúfa og eyðileggja samhug hvers karls og hvernar konu í fylkingum sínum.

„Hvað gengur að þér?“ spurði ég fruntalega.

„Á ég að segja þér það?“

„Gerðu það.“

„Mig langar til þess að eignast barn.“

Ég gat ekki fundið neitt svar handa henni. Við höfðum aldrei minnst á hjónaband. Við trúðum því bæði, að samband karls og konu yrði ekki helgara né haldbetra fyrir blessanir embættismanns eða klerks. En við vissum bæði, að það var glæpur að eignast barn, þegar engin líkindi voru til að hægt yrði að ala það upp í

öruggu og farsælu umhverfi og þegar foreldrarnir lifðu í sífelldum ótta við óvæntan flóttu eða langa fangelsisvist.

„Mér ber skylda til þess að þjóna málefninu á meðan ég lifi,“ sagði ég, þó að mér væri innanbrjósts sem ég riðaði.

„Skrifaðu samt. Það getur verið, að þú skiptir einhvern tíma um skoðun,“ sagði Firelei stillilega.

Ég tók mér tíma til að skrifa. Ég lék mér að þeirri hugmynd, að ég gæti brotist undan okinu, alveg eins og hermaðurinn gælir við þá hugsun að strjúka úr leðju skotgrafanna og halda heim, en trúir þó aldrei, að það geti ræst. Viðjar þær, sem bundu mig við kommúnistaflokkinn, voru sterkari en ég vildi viðurkenna fyrir sjálfum mér. Samt sem áður skrifaði ég, með Firelei við hlið mér. Þegar ég settist við, stóð ég ekki upp, fyrr en ég hafði lokið ritsmíðinni, og það var venjulega um dögum. Fimm eða sex greinar og sögur, sem höfðu allar sjóinn að viðfangsefni, voru sendar til ýmissa tímarita. Ritstjórnarnir sendu mér ávísanir í staðinn og prentuðu það, sem ég hafði samið. Þótt einkennilegt megi virðast, fékk þetta lítið á mig. Ég tók það sem sjálfsgöðan hlut í þeirri trú, „að það væri ekkert, sem bolsévíki gæti ekki gert“. Hafði ég ekki unnið Firelei? Sjálfstraust mitt var ennþá hið ferlegasta. Ég mundi ekki hafa kinokað mér við að takast á hendur að sigla húðkeip suður fyrir Höfða eða að taka við ríkjum í Afghanistan. En Firelei var að leggja á ráðin um rithöfundarferil minn og talaði um að leigja fiskimannakofa á eyðilegum stað við Norðursjávarströndina.

Endalok þessa tímabils óvissunnar komu skyndilega, eins og ég væri vakinn af löngum og reikulum draumi. Þau komu í mynd sendimanns frá Ernst Wollweber í Berlín. Sendimaðurinn var Michael Avatin, Lettinn, sem ég hafði hjálpað til þess að komast yfir hafið á *Montpelier* sex árum áður. Hann hafði ekki elst með árunum, að því er virtist. Þéttur fyrir, svipfastur, snar í hreyfingum birtist hann kvöld eitt í Alþjóðasjómannafélaginu í Antwerpen, sem mér var falið að stjórna, og tók þegar að skipuleggja fyrirkomulag hans á ný. Mér féll vel að vinna með Avatin. Hann var dugandi og hreinn og beinn. Hann hafði það orð á sér í Komintern að vera maður, sem skreið aldrei fyrir neinum, sóttist aldrei eftir hylli, sýndi slóðum enga miskunn. Það var vitað, að hann átti vini og vildarmenn í æðstu ráðum GPÚ og rússneska flokksins. En hann var maður, sem krafðist aldrei neins af öðrum, er hann var ekki fær um og fús til að gera sjálfur.

Avatin hafði margvísleg störf með höndum sem fulltrúi utanríkiseildar GPÚ. Hann var forstjóri „S-neðanjarðardeildarinnar“, njónadeildar flokksins í Þýskalandi og minni löndum sem að Þýskalandi liggja. Í Antwerpen bað hann um aðstoð mína við að semja lista áreiðanlegra kommúnista, sem hægt væri að lauma inn í félagsskap rússneskra hvítliða í Belgíu og Hollandi. Avatin settist líka á ráðstefnu með einum aðstoðarmanni sínum, sem var starfsmaður ítalska ræðismannsins í Antwerpen. Ovra Mussolinis, leynilögreglan ítalska, hafði sig mjög í frammi við að tæla ítalska byltingarmenn, sem voru í útlegð, til Suður-Frakklands, sérílagi til

Marseilles, en þaðan voru þeir síðan fluttir með valdi til Ítalíu. Fundurinn milli lettneska njósnaraveiðarans og Ítalans fór fram á skrifstofu félaga Antons, erindreka GPÚ, sem hafði aðsetur í Antwerpen.

„Þegar þú nærð í njósnara frá Ovra, hvað gerirðu þá við hann?“ spurði ég Avatin.

„Við yfirheyrum minni háttar njósnarana, lumbrum síðan duglega á þeim og sleppum þeim. Hættulegu njósnarana tókum við af lífi til að skjóta starfsbræðrum þeirra skelk í bringu.“

Við vorum á göngu eftir götu einni, þegar Avatin sagði skyndilega: „Komdu með mér heim til þín. Ég er með skilaboð til þín frá félagi Wollweber.“

„En ég starfa ekki í umdæmi Wollwebers.“

„Má vera að þú sért það þó. Hann hefur tekið að sér stjórn herfræðilega starfsins í Mið-Evrópu.“

Avatin sagði þetta í léttum tón, en mér fannst ég verða var við hálfóheillavænlegan undirtón. „Mið-Evrópa“ fól í sér Sviss, Tékkóslóvakíu, Holland og Belgíu. Við þrömmuðum upp stigana sex, sem lágu að kvistibúð minni. Firelei var þar. Hún varð forviða á svipinn. Með hálfopinn munn gekk hún fram til þess að heilsa Lettanum, sem hún kannaðist ekki við. Það var auðsætt að Avatin — að útliti mjög karlmannlegt sambland af Mongóla og víkingi — hafði þegar vakið eftirtekt listamannsins í henni.

Michael Avatin varpaði augunum spyrjandi í áttina til mín.

„Hún er félagi minn,“ sagði ég.

„Flokksbundin?“

„Nei.“

„Mér þykir það leitt,“ tautaði Avatin. „Gerðu svo vel að biðja hana um að láta okkur vera eina í klukkustund.“

Firelei tók upp bók og fór út úr íbúðinni án þess að mæla orð frá vörum.



# Firelei tekur ákvörðun

ÞAR SEM MICHAEL AVATIN stóð beint andspænis mér, var hann ímynd alls valds Kominterns og GPÚ. Hann átti ósveigjanlegt jafnvægi ofstækismannsins, sem telur sjálfan sig vera einn þeirrar stéttar, er ríkir yfir sjötta hluta yfirborðs jarðar.

„Hvernig getur þú, alþjóðafulltrúi, sem hefur ólögleg störf með höndum,“ spurði hann, „leyft nokkrum, sem er ekki félagi í flokknum, að vita um heimilisfang, sem öryggi samsæris neðanjarðardeildarinnar er komið undir?“

„Hvaða heimilisfang?“

„Þetta heimilisfang. Heimilisfang þitt.“

„Stúlkan er áreiðanleg,“ sagði ég.

„Áreiðanleiki er ekki annað en hrein tilgáta, meðan hann hefur ekki staðist eldraunina,“ svaraði Avatin. „Hún er ekki félagi í flokknum.“

Samræður okkar urðu æ bitrari. Flokksnjósnari í Antwerpen hafði safnað ýmsum upplýsingum um einkalíf mitt og gefið þær félagi Anton, en hann hafði aftur gert skyldu sína sem GPÚ-fulltrúi og sent þær með reglulegum skýrslum sínum til Berlínar. Avatin talaði hreinskilnislega um þetta „gagnkvæma eftirlit bolsévika“. Skýrslurnar höfðu komist til Ernsts Wollwebers, sem hafði með samþykki Dímítrovs þá einmitt ákveðið að fela mér umsjón með ólöglegum vopnaflutningum frá Belgíu til Þýskalands.

Þetta var skömmu eftir að Brüning kanslari, leiðtogi kaþólskra, hafði rofið Ríkisþingið og ákveðið að almennar kosningar skyldu fara fram 14. september. Kosningarbaráttan var háð í anda borgarastyrjaldar. Öllum til undrunar tók nasistaflokkurinn undir forustu Hitlers og Görings upp baráttuna um völdin af óvæntri grimmd. Kommúnistar börðust við jafnaðarmenn. Jafnaðarmenn börðust við hersveitir Hitlers. Hitlersliðar börðust við kommúnista. Ernst Thälmann, fremstur í flokki kommúnista, hafði látið svo um mælt: „Þegar jafnaðarmönnum hefur verið gerytt, mun lokabaráttan um völdin í Þýskalandi standa milli bolsévisma og fasisma.“ Bardagasveitir þýska kommúnistaflokksins skorti vopn, en þau var erfitt að fá í Þýskalandi. Það þurfti að smygla þeim inn yfir landamærin. Wollweber hafði valið mig til þess að sjá um þetta starf Belgíumegin. Sú staðreynd, að Firelei var ekki æfður og reyndur félagi í flokknum, stofnaði — í augum kommúnista — ekki einungis þessari fyrirætlun í hættu, heldur öllum öðrum ólöglegum störfum, sem ég hafði með höndum.

„Þú hefur verið nógu lengi í hreyfingunni til þess að skilja þetta,“ sagði Avatin.

„Þú verður annaðhvort að láta stúlkuna sigla sinn sjó eða gera hana að kommúnista. Láttu hætturnar prófa trúmennsku hennar. Þá munum við bjóða hana innilega velkomna.“

„Þá er líklegast ekki nema um hitt að velja, að mér verði sparkað úr flokknum?“

„Það er ekki um neitt að velja.“

„Ég veit það.“

„Við getum ekki sleppt neinum, sem hefur starfað í neðanjarðardeildinni. Hvað er ein stúlka? Heimurinn er fullur af stúlkum. Fyrir okkur er flokkurinn allt, upphaf og endir allra hluta.“

„Það getur verið, að Firelei vilji ekki ganga í flokkinn.“

„Ef hún elskar þig — og vill ekki missa þig — þá gengur hún í flokkinn,“ sagði Avatin.

„Og að öðrum kosti mundu bæði hún og ég verða að fara til Rússlands?“

„Það er eina leiðin, félagi.“

Avatin átti það til að breyta skyndilega um tón. Stundum notaði hann eftirtölur og mælti eins og kvíðafullur vinur. „Félagi, þú ert á rangri braut.“ Stundum talaði hann af tvíeggjuðu stolti hins ákafa fyrirliða, sem er að leiða hersveitir sínar til sigurs eða tortímingar. „Við lifum fyrir byltinguna — við getum ekki lifað öðru lífi.“

Blinda trúin og hlýðnin ótakmarkaða unnu sigur. Avatin og ég og óteljandi aðrir þekktum aðeins einn húsbónda, flokkinn og Komintern, og við vorum haldnir einni einustu sannfæringu, að baráttan fyrir byltingunni væri einasta takmark, sem vinnandi væri að á þessari öld. Það var flokksskipun, að ég ætti að segja skilið við Firelei eða vinna hana skilmálalaust fyrir málstaðinn. Það var flokksskipun, að ég ætti að hætta að skrifa fyrir útgáfufyrirtæki, sem eftir kennisetningum lenínista töldust til herbúða óvinanna. Ég hætti að skrifa. Ég kastaði draumum mínum um sjálfstæði á glæ, enda virtust mér þeir nú vera bragðlausir og ósannir. Ég varð dónalegur, þegar Firelei hikaði við að láta mig beygja sig undir vilja minn. Ég keypti byssur í Brüssel og Antwerpen og lét sjómenn smygla þeim til Þýskalands. Ég vann þangað til ég var uppgefinn til þess að hafa ekki tíma til að hugsa. Ég átti í ákafri baráttu við einstaklingshyggjumanninn, sem var annað eðli mitt. Einkennileg mannvonska gagntók mig, og ég tróð fegurð þá og blíðu fótum, sem svo skammt var síðan ég kynntist. Firelei fór frá mér í skelfingu. Hún skildi ekki þessi skyndilegu straumhvörf. Ég elti hana uppi, stóð heila nótt á götunni fyrir framan athvarf hennar og orgaði nafn hennar eins og villidýr. Tveir lögregluþjónar komu mér aftur til sjálfs mín. Þeir slepptu mér, þegar ég hafði fullvissað þá um, að ég væri ekki geðveikur.

Eftir fjögurra daga fjarvistir kom Firelei til mín aftur. Ást hennar var miklu sterkari en ósjálfráða krafan um reglubundna lífnaðarhætti. Hún var ekki síður fær um að niðurlægja sjálfa sig en ég.

Næstu tvær vikur var ég önnur kafinn við áriðandi störf sextán stundir á dag.

Tveir miðaldra menn, sem voru líkastir efnuðum kaupþýslumönnum, komu til Antwerpen í flugvél frá París með meðmæli frá Dímítrov. Vesturskrifstofan í Berlín hafði sent mér orðsendingu á dulmáli um að aðstoða komumennina tvo á hvern hátt, sem unnt væri. Mennirnir tveir voru yfirmenn Suðurameríku-skrifstofu Kominterns, sem hafði aðalaðsetur í París. Annar þeirra var Gustav Sobottka, Tékki, sem stjórnaði einnig alþjóðabaráttu ráðstjórnarinnar meðal námumanna. Hinn var Rússi eða Pólverji, hæverskur í tali, notaði bandarískt vegabréf og var kunnur kommúnistum í Belgíu og Frakklandi undir nafninu „félagi René“. Þeir voru báðir í geysimiklu álitu meðal trúnaðarmanna leyniþjónustu ráðstjórnarinnar erlendis. Í fylgd með þeim voru tveir kvenritarar og lífvörður þriggja Frakka úr Rauðu fylkingunni í París. Af stúlkunum lagði ilm af Kölnarvatni, af karlmönnunum daun hryllilegra franska vindla. Við félagi Anton létum kommúnistafjölskyldu í útborginni Merksem flytja úr íbúð sinni og gerðum hana að bráðabirgðaheimkynnum Suðurameríku-skrifstofunnar. Þegar svona stóð á, var óhjákvæmilegt að nota leynileg einkahúsakynni, því að hótelin voru skyld að gefa lögreglunni skýrslu um gesti sína daglega.

Þessi skyndiheimsókn stóð í sambandi við það, að Komintern var að undirbúa meiri háttar uppreisnir í ýmsum ríkjum Suður-Ameríku. Í flestum þessum löndum störfuðu kommúnistaflokkarnir ólöglega, og var því nauðsynlegt að nota samgöngukerfi, sem væri óháð pósti og síma. Í þessu skyni höfðum við komið á kerfi skipahraðboða, sem var starfrækt frá Marseilles, en þetta samband var rofið, vegna þess að franska öryggislögreglan hafði gert óvænta húsrannsókn í Marseilles í sambandi við ráðabrigg kommúnista í Sírylandi og Litlu-Asíu. Þess vegna var það ráð tekið að flytja miðstöð samgangnanna við Suður-Ameríku til Antwerpen, þangað til bætt væri tjónið í Marseilles.

Samtökin, sem ég hafði yfirráð yfir í Rotterdam og Antwerpen, sneru sér nú að því eingöngu í marga daga að þvinga kommúnista, sem sigldu til Suður-Ameríku, til að gerast hraðboðar Kominterns. Þeir voru losaðir undan öllum venjulegum flokksskyldum. Hrógur af prentuðu máli og miklar fjárhæðir voru sendar til Buenos Aires og Montevideo. Þessir hraðboðar í viðlögum voru í raun réttir fangar alþjóða neðanjarðardeildarinnar undir eftirliti fulltrúa okkar og GPÚ-starfsmanna í hafnar-kvíunum beggja megin Atlantshafs. Við gerðum þessar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að sendingar týndust. Jafnvel á höfum úti voru hraðboðarnir undir leynilegu eftirliti annarra kommúnista af skipshöfninni.

Megninu af áróðursritum þeim, sem flutt voru frá Antwerpen, átti að dreifa meðal hers og flota Suður-Ameríkuríkja, og voru það hvatningar til uppreisna. Það var kunnugt, að kommúnistaflokkarnir í Suður-Ameríku hneigðust mjög til stjórnlýsis. Moskvumenn treystu suðuramerísku leiðtogunum ekki húsanna á milli, og voru því Komintern-fulltrúar hafðir þar á hverju strái til eftirlits.

Sobottka og félagi René létu sér mjög vel líka hve fljótur ég var að sníða samtök mín eftir þörfum þeirra. Það tókst sérstaklega góð vinátta með René og mér. Hann

fleygði því fram, að hann gæti notað mig til skipulagsstarfa á suðuramerískum fljótum. Báðir létu þeir Firelei algerlega afskiptalaus. Þegar Sobottka minntist á hana við mig, sagði hann: „Þessi töfrandi borgaralega kona þín.“ Ég reiddist þessu mjög. En ég gerði skyldu mína sem kommúnisti. Velþóknun eða óbeit einstaklingsins höfðu engan tilverurétt. René togaði í hárið á mér með föðurlegum svip: „Ég ætla að minnast á þína ágætu samvinnu í næstu skýrslu minni til Moskvu,“ lofaði hann mér.

Þá birtist faðir Firelei óvænt í Antwerpen. Hann var kominn að sækja dóttur sína og fara með hana til Þýskalands. Firelei æskti þess, að ég talaði við hann, og bar fundum okkar saman á hótélherbergi, sem ég hafði leigt í þessu skyni. Hann var unglegur maður með dálitla ístru og rauðar kinnar og öll ytri merki velmegunar. Hann hafði komið í þeirri von að finna dóttur sína fyrir. Í þess stað hitti hann mig. Frá fyrsta augnabliki mætti ég honum sem fjanðmanni með þeim ásetningi að berja hann á bak aftur skjótt, miskunnarlaust og endanlega. En ég fann, að ég var linur hið innra. Ruddalegur aðsúgur var besta vörnin gegn slíkri linkind.

„Was wünschen Sie?“ spurði ég. Hvers óskið þér?

„Hvar er dóttir mín?“ spurði maðurinn hásum rómi.

„Dóttir yðar er mín eign!“

Maðurinn bað og hamaðist eins og örvinglaður beiningamaður við dyr auðugs manns. Hann engdist saman og grátbað. Hann hótaði. Hann bað um miskunn og meðaumkvun. Mig tók sárt til hans. Ég gerðist óþarflega grimmur. „Farið þér nú, eða ég kasta yður ofan stigann,“ hótaði ég. Faðir Firelei hrökklaðist burtu og steytti hnefann framan í mig. „Ég skal láta rannsaka fortíð þína,“ hálf-hótaði hann, hálf-tautaði. „Þú skalt fá að kenna á mér, kommúnistinn þinn!“

Í augum hans var ég gerspilltur landshornamaður, það vissi ég. Ég sagði Firelei, hvað gerst hefði. Hún mundi allt í einu eftir því, að það var afmælisdagur föður hennar. Við það ókyrrdist hún. Um hríð gekk hún órólega fram og aftur um herbergið. Hún minntist á ærslafengnu veislurnar, sem fjölskylda hennar væri von að halda á afmælisdögum ættfólksins. Þetta kvöld væri sjálfsgagt veisla hjá Bert frænda. Það mundi vera borið fram vín og kampavín og borðin mundu vera hlaðin matföngum. Áður fyrr hafði Firelei talað um veislur þessar af viðbjóði. Hún hafði sagt: „Það hámar í sig og belgir fyrir þúsund mörk á einni nóttu, meðan annað fólk verður að naga þurrt brauð.“ Nú afréð Firelei að fara heim til skipstjórans, frænda síns, til að sættast við föður sinn og reyna að koma á einhvers konar vopnahléi við fjölskylduna.

„Ég ætla að gera honum það ljóst, að þau hafi enga ástæðu til þess að gera sér skapraun né armæðu mín vegna,“ sagði Firelei.

„Ætlarðu að fara ein?“

„Nei. Við skulum fara saman. Við höfum ekkert að fyrirverða okkur fyrir og ekkert að hræðast.“

Við fórum seint. Ég hafði tafist á fundi. Þegar við nálguðumst húsið, sem var

traustgerð þriggja hæða bygging úr gráum steini og múrsteini með vandlega hirtum garðskika á aðra hönd, heyrðum við söng:

*Trink, trink, Brüderlein, trink,  
laß doch die Sorgen zu Haus!*

Drekkum, bróðir minn litli, drekkum og gleymum okkar sorgum.

Ég hringdi að dyrum. Flæmsk vinnukona opnaði dyrnar. Firelei gekk í gegnum anddyrið inn í stóra setustofu. Þar var margt fólk, ég heyrði að glösum var klingt. Húsgögnunum hafði verið rutt til hliðar, svo að rými væri til að dansa. Söngurinn hélt áfram.

Það var rekið upp glaðvært öskur, þegar Firelei kom inn í setustofuna, en þegar ég kom á eftir henni, þögnuðu allir skyndilega. Ég fann fjandskapinn í þungum, starandi augum þeirra. Síðan reis einn karlmaðurinn á fætur og haltraði til mín. Hann var herðabreiður Flæmingi með þykka vanga, sem höfðu einhvern tíma verið veðurbarnir, og stálgrátt hár. Þetta var frændi Firelei. Það var ekki auðvelt að greina, að annar fótur hans væri gervilimur. Framrétt hönd hans benti á dyrnar. „Út úr mínu húsi!“ sagði hann.

„Ef þið rekið hann út, þá fer ég líka,“ sagði Firelei. Það liðu nokkrar sekúndur, hlaðnar ofboðslegri skelfingu. Faðir Firelei æddi fram tautandi. Hinir karlmennirnir tóku að nöldra. Ein konan tók andköf: „Jesús og María, þvílík stelputáta!“

„Út úr mínu húsi!“ endurtók einfætti skipstjórinn með þjósti.

„Hvað gengur að ykkur öllum?“ spurði Firelei. Ég stóð nú andspænis föður hennar.

„Mér þykir leitt, hvernig þetta fór í morgun,“ muldraði ég. „Við skulum reyna að tala saman af viti.“ Fimm eða sex manns stóðu upp og þrömmuðu fram hjá okkur til að ná í höfuðföt sín. Aðrir gengu um herbergið og vissu ekki, hvað þeir áttu að gera af sér. Það var fát á öllum. Einhver lamdi hnefanum í borðið. Vatnsflaska féll á gólfið og fór í mola. Kvenmaður ruggaði sér fram og aftur með hendurnar fyrir andlitinu. Firelei stóð sem steini lostin. Grannur líkami hennar stóð teinréttur í allri ringulreiðinni. Andlit hennar var fölt. Það var undrun í augum hennar, skilningsleysi og fyrirlitning um varir hennar. Einfætti maðurinn stóð fyrir framan mig með báða loðnu hnefana á lofti. Hann öskraði framan í mig:

„Hvernig getið þér gert mér þetta? Hvernig getið þér gert mér þetta?“

Fleiri menn fylktu sér í kring um okkur. Sú tilhugsun að láta hóp af æðisgengnum og hálfdrukknum borgurum steypa sér yfir mann virtist hláleg. Mennirnir sóttu fram, ég hörfaði upp að vegg og svipaðist um eftir Firelei. Roskin kona með svarta lokka hrifsaði um úlniði Firelei og var að reyna að draga hana inn í hitt herbergið. Hún spyrrti á móti. Önnur kona og karlmaður toguðu í handleggji hennar. Á meðan voru mennirnir undir forustu skipstjórans að ýta mér í áttina til útidyranna.

„Hvernig getið þér gert mér þetta?“ hamaðist hann.

„Haldið þér yður saman,“ orgaði ég. „Þér eruð brjálaðir.“

„Út,“ hrópaði hann af öllu lungnaafli sínu. „Út, segi ég, út!“

Það var grimmilegur skopleikur. Ég kastaði mér skyndilega fram, og mennirnir hopuðu á hæl. Ég stökk þvert yfir herbergið til Firelei, sem var enn í áflogum með rifinn kjól. Fólkið varð skelkað og sleppti henni. Firelei hrópaði: „Bert frændi, þú hefur drukkið of mikið, þú veist ekki hvað þú ert að gera.“

Útidyrinum var skellt af slíku afli, að húsið lék á reiðiskjálfi. Einn maðurinn hafði dottið fram á borð. Hann grét. Skipstjórinn greip í axlir Firelei. Það munaði minnstu, að hann tæki hana á loft.

„Svívirðing! Bölvuð svívirðing!“ öskraði hann hamslaus. Faðir Firelei kom til liðs við hann.

„Þú skalt ekki erfa grænan eyri,“ hótaði hann. „Þú skalt ekki fá svo mikið sem skítinn undan nöglunum.“ Á hann virtist vera runninn berserksgangur. Hljóð sem líktist þokulúðri komu úr barka einfætta mannsins: „Svívirðing! Guðleysingjar og herkerlingar!“

Firelei sló hann á munninn. Hann þagnaði.

Svarthærða konan vældi: „Stúlkan okkar, barnið okkar ...“

Firelei var sundurtætt og æðisleg. Hún hafði aldrei búist við slíkum móttökum. Ég leiddi hana út úr húsinu. Við flýttum okkur niður götuna. Einfætti maðurinn klunnaðist á eftir okkur nokkur skref. Síðan nam hann staðar.

Við héldum í áttina til hafnarinnar. Gjallandi tónar hrinu bak við glugga kránna. Sjómenn kjöguðu til skemmtistaðanna. Á götuhornunum stóðu vændiskonur reykjandi og hóuðu í sjófarendur, sem gengu framhjá. „Þetta var djöfullegt,“ sagði ég másandi.

„Það var skammarlegt,“ sagði Firelei.

Við gengum þögn fram með bökkum fljótsins, þangað til við komum að hinum skuggalegu girðingum við Steen, fornt virki kristmunka.

„Og hvað nú?“ spurði ég Firelei.

„Þar sem þú ferð — þar fer ég,“ svaraði hún.

Önnur vika leið. Firelei neitaði þráfaldlega að ganga í flokkinn, sem var í augum hennar eins og annarleg, ópersónuleg ófreskja.

„Menn hafa ekki verið skapaðir til að bera einkennisbúninga,“ sagði hún með áherslu. „Hvorki líkamlega né andlega. Ég get hjálpað þér af fullri einlægni án þess að æpa „Húrra“ eða „Niður“ um hluti, sem ég ber svo lítið skynbragð á.“

Taugar mínar voru slitnar, framkoma mín við Firelei varð ósanngjörn. Ég var lúinn af ofreynslu og svefnleysi. Ég vissi ekki lengur fótum mínum forráð. Lífið virtist vera aulalegur grímudans, merkingarlaus háreysti, hvíldar- og gleðisnautt. Dag einn spurði Firelei mig: „Hvers vegna þarftu að særa mig, þegar þú ert óánægður með sjálfan þig?“

„Er ég að særa þig?“

Og síðan æddi ég af stað til þess að hitta René. Hann var með hinum sírólega og

sorgbitna féлага Anton. Viðstaddur var einnig ungur, gáfulegur maður, sem ég hafði ekki séð áður. Það var Þjóðverji, Karl S., sem lokið hafði námi í Vesturskólanum í Moskvu. Hann hafði verið sendur til Antwerpen til að taka við störfum mínum. Mér var fengið annað hlutverk í hendur.

„Þú átt að setja féлага Karl inn í alla starfsháttu hér,“ sagði René og bætti við með finu brosi, „ég hef gert samkomulag um það við féлага Walter. Þú átt að skreppa til Buenos Aires. Skip þitt fer frá Southampton eftir tvo daga. Segðu engum hvert þú ferð. Við munum láta berast, að þú hafir snúið aftur heim til Þýskalands.“

Það var ekki langur tími til stefnu. Ég fékk Karli S. öll plögg, sambönd og upp- lýsingar, sem hann þurfti til þess að halda starfinu áfram. Síðan hraðaði ég mér heim á kvistinn, sem hafði verið heimili mitt og Firelei í fjóra viðburðaríka mánuði. Ég stóð fyrir framan rúmið og var að láta niður í tösku, þegar Firelei kom inn. Án þess að mæla orð af vörum gekk hún að mér og lagði handlegginn um hálsinn á mér. En hugur minn var þegar við La Plata.

„Láttu mig vera,“ sagði ég.

„Hvers vegna ætti ég að láta þig vera?“

„Ég veit það ekki. Ég hef engan tíma. Þú truflar mig.“

Firelei hló. „Nöldurkarl,“ sagði hún. „Fallega heilsarðu mér eða hitt þó heldur. ... Eða ertu að kveðja mig? Ertu að fara burtu?“

„Já, í kvöld.“

„Hvert? Ég ætla að fara með þér.“

„Ég fer í erindum Kominterns. Ég verð að fara einn. Ég get ekki sagt þér, hvert ég fer, en ég kem aftur innan skamms.“

Ég lét eins og ég heyrði ekki, að hún andvarpaði. Hún losaði handleggi sína og lét fallast í stól.

„Jan,“ sagði hún og notaði nafnið, sem ég hafði tekið mér við sjávarsíðuna í lág- löndunum, „Jan, hlustaðu á mig, mig langar til þess að tala við þig.“

„Byrjaðu.“

„Segðu mér eitt, er ég ekki annað fyrir þér en gripur sem fer vel í rúmi?“

Ég hætti að setja í töskuna. „Jú,“ sagði ég, „þú ert félagi minn.“

„Félagi!“ hrópaði hún, „ég hata það orð. Ég hata rúmið. Ég hata þetta leiðindalíf, sem við lifum. Þú ert alltaf að heiman. Þú kemur aldrei til mín fyrir miðnætti. Þú biður ekki einu sinni um mat eða peninga, þarf það að vera svona? Verðum við að vera svona vesældarlega tóm, þegar við erum saman? Hvers vegna getum við ekki fengið okkur blóm og vín og átt eitt kvöld saman?“

Ég sá hana berjast við tárin. Firelei skammaðist sín fyrir tár.

„Mér þykir leitt að þú hefur liðið vegna mín,“ sagði ég. „En geturðu ekki skilið, að við stöndum mitt í mesta þjóðfélagsróti allra alda, að ég sæki að því háleitasta marki, sem nokkur maður getur sett sér? Ég hef helgað mig málstaðnum; ég er hans með líkama og sál. Þú sagðir einu sinni við mig, þar sem þú ferð — þar fer ég! Ég vildi að þú gætir fylgt mér. Ekkert orð felur í sér dýpri skilning en orðið félagi.“

„Ég get það ekki, Jan.“

Andlit Firelei var nábleikt. Varir hennar titruðu. Með tanni á vinstri fæti sló hún ótt og títt í gólfid.

„Hvers vegna geturðu það ekki?“ spurði ég hörkulega.

„Vegna þess að ég get séð, hvernig þessir síðustu mánuðir hafa breytt þér. Þú ert orðinn þræll. Ofstækisfullur þræll. Hvenær sem þú minnst á flokkinn, virðast vöðvarnir í andliti þínu verða harðfrosnir og augu þín eru grimm og villt. Málstaðurinn, alltaf málstaðurinn.“

„Hann er stórkostlegur,“ sagði ég, „og sannur!“

„Hann er ljótur,“ svaraði hún. „Hann tekur allt og gefur ekkert.“

„Það er ekki ljótt.“

„Jú, það er ljótt — hrúgald af sveittum, æpandi fuglahræðum er ljótt!“

Firelei gekk yfir þvert herbergið, þar sem vatnslitamynd, er hún hafði gert af sjálfri sér fyrir spegli, hékk á veggnum. Myndin hafði tekist frámunalega vel. Hún nam staðar fyrir framan myndina og skoðaði gaumgæfilega hverja línu.

„Sjáðu,“ mælti hún, „þetta er ég. Brjóst mín eru lítil og föst, fætur mínir eru grannir og sterkir, línur mjadmanna eru lokkandi, og rödd mín er hljómfögur. Ég veit það, vegna þess að þú hefur sagt mér það. Augu mín eru grá og þau hlæja fúslega. Þegar þau hlæja, glitra þau. Þau segja mér, að ég sé þín. Þú ert miklu sterkari en ég. Það sem þú vilt að ég sé, það er ég.“

„Þú ert félagi minn,“ sagði ég.

„Er ég það?“ Firelei brosti. „Mig dreymdi að þú ættir stóran og sterkan hund. Á hundinum var andlit Avatins. Hann neyddi mig til að matast í einu herbergi, meðan þú neyttir matar þíns í öðru. Síðan sástu mig gefa hundinum þínum eitru, og þú komst og braust úlnliði mína og slóst mig í andlitið með skálinni, sem hundurinn var að éta af. Þegar ég féll við, sagðirðu hundinum að drepa mig.“

„Firelei! Firelei!“ æpti ég.

Hún var enn að horfa á myndina af sér. Hún sneri sér við.

„Vertu ekki að æpa,“ sagði hún blítt.

Ég grátbað hana um að taka þessu með skynsemi.

„Hvernig get ég verið skynsöm, þegar þú ert viti þínu fjær?“ spurði hún rólega.

Ég hikaði og sagði: „Ég ætla að fara með síðari lest til Vlissingen.“

„Nei,“ svaraði Firelei. „Þú hefur ennþá klukkustund þangað til lestin fer. Ætlarðu til Englands? Ég hef keypt kerti og flösku af Madeira. Við skulum fara í bestu fötin okkar. Síðan skulum við slökkva ljósin í herberginu og kveikja á kertunum. Við skulum láta eins og þú sért að koma heim úr ferðinni.“

Ég fór um borð í farþegaskipið *Monte Pascoal* í Southampton. Ég ferðaðist á öðru farrými og hafði skilríki, sem sönnuðu, að ég væri fulltrúi Universum-forlagsins í Berlín. Meðal bannvarningsins, sem ég flutti með mér, voru sex kefli af filmum í flötum stálöskjum. Ég vissi ekki, hvers eðlis filmurnar voru. Hið eina sem ég vissi var, að René taldi það varða miklu að þær kæmust heilu og höldnu til aðalskrifstofu



Profinterns í Montevideo (Confederacion Sindical Latino Americana). Ég var einnig með mörg og þykk peningaumlög, sem einn af Suðurameríku-hraðboðum Arthurs Ewerts átti að taka við. Peningar til Suður-Ameríku voru venjulega sendir um viðskiptanefnd ráðstjórnarinnar (Yujamtorg) í Buenos Aires. Meðal þeirra sem voru nákomnir Komintern, var það undirskilið — en aldrei rætt — að fé sem ekki væri sent símleiðis, heldur með leyniboðum, væri peningaseðlar, sem þýskir iðnaðarmenn í Berlín hefðu falsað fyrir Komintern. Þetta átti sérstaklega stað, þegar um þýska, belgíska, franska og bandaríska seðla, er giltu 100, var að ræða. Ég vissi ekki, hvort peningarnir, sem ég hafði meðferðis til Buenos Aires, voru falsaðir eða ekki. En flutningur þeirra var skipulagður með alveg sérstakri varúð. Það var mjög há upphæð. Hve mikil, hafði ég ekkert tækifæri til að fá að vita. Umslögin þrjú voru merkt A, U og S — Argentína, Uruguay og Síle. Áður en ég fór, hafði ég fengið heimsenda fagra nautsleðurtösku, gerða af sérfræðingi í Berlín. Peningaumlögin voru sett í lok hennar, sem var holt. Var það gert í viðurvist Renés, féлага Antons og mín. Anton límdi síðan fóðrið á sinn stað. Til þess að komast að sendingunni þurfti nú að skera upp lokið á töskunni. Ég fyllti hana síðan af meinlausum skjölum frá Universum forlaginu og óhreinum þvotti: „Þetta getur tæplega komist upp,“ sagði René brosandí. „Það gerir þig öruggan. Sá sem er öruggur, hegðar sér ekki grunsamlega.“

Ég hafði greitt leigu fyrir kvistibúð mína í þrjá mánuði fyrirfram. Ég vonaði að ég yrði kominn aftur innan sextíu daga. Firelei lofaði að vera hughraust þennan einverutíma.

Á ferðinni til Montevideo hressti ég við spænskukunnáttu mína og forðaðist gaumgæfilega öll mök við samferðamenn mína. Ég fór ekki í land á viðkomu- stöðunum, vegna þess að ég var hræddur við að skilja bannvarning minn eftir um borð. Kvöldið áður en *Monte Pascoal* sigldi inn í hið gula mynni La Plata-fljótsins, faldi ég málmöskjurnar með filmunum í kex-geymslu eins af björgunarbátum skipsins. Vegabréfa- og tollskoðun yfirvaldanna í Uruguay var hroðvirknisleg gagn- vart farþegum á fyrsta og öðru farrými. Ég greip nýju nautsleðurtöskuna mína föstum tókum og ferðaðist í land með fyrsta bátnum.

Þegar ég gekk upp af bryggjunni í gegnum þyrpingar æpandi bílstjóra, tók ég eftir, að tveir menn, sem voru vel til fara, eltu mig. Fyrsta hugsun mín var: „Lögreglan!“ Ég hraðaði skrefum mínum og gekk fyrir hvert hornið á fætur öðru. Hinir tveir eltu. Ég var að velta fyrir mér, hvort ég ætti heldur að kalla á bíl eða taka til fótanna. Ljós gula taskan, sem ég var með, var allt of auðþekkt. „Ef ég hlypi, mundi ég þegar verða tekinn fastur,“ hugsaði ég. „Ef ég tæki bíl, mundu sporhundarnir taka númer hans eða jafnvel elta mig í öðrum bíl.“ Í örvæntingu brá ég fyrir mig öðru bragði. Ég tók ferðapésa upp úr vasanum, reif blöðin í smátætlur og dreifði þeim á götuna. Ég þóttist viss um, að sporhundarnir mundu nema staðar til að taka upp bréfsneplana. Ég nam staðar og þóttist vera að skoða í búðarglugga, en gaf þeim gætur út undan mér. Þeir skiptu sér ekkert af pappírsmiðunum. Annar

glotti mikinn og veifaði handleggjunum með tilburðum, sem merkja „Allt í lagi“ meðal sjómanna. Ég beið með allar taugar þandar. Maðurinn gekk beint til mín. Félagi hans kom í humátt á eftir.

„*Zum Teufel*,“ hló sá fyrri, „þú hleypur undan eins og kakalakki með löngu löppunum á þér.“

Hann talaði þýsku. Félagi hans kinkaði kolti í kveðjuskyni.

„Við komum frá Harry Berger,“ sagði Þjóðverjinn.

Harry Berger var dulnefni Arthurs Ewerts. Þessir tveir höfðu verið sendir til þess að sjá um öryggi góssins, sem ég var með. Við fórum allir upp í bíl og ókum til lítills veitingahúss á Calle Viejo, en í bakherbergi þess var skrifstofa milligöngufulltrúans í Montevideo. Þar lagði ég fram skilríki mín, sem höfðu verið vélrituð á léreft og saumuð innan í axlarfóðrið á frakka mínum. Fulltrúinn, þrekvaxinn Þjóðverji, sendi undireins mann um borð í *Monte Pascoal* til þess að smygla þungu filmöskjunum í land.

Montevideo og Buenos Aires voru aðalstöðvar Kominterns fyrir öll lönd sunnan Panamaskurðarins. Kommúnisminn í Suðurameríku var algerlega undir stjórn erlendra erindreka. Rússar, Þjóðverjar, Pólverjar, Lettar og Finnar voru í ábyrgðarstöðum, og í liði ferðarindrekanna voru allmargir New York-búar.

Dvöl mín í Montevideo stóð margar vikur. Kvenfulltrúi frá Yujamtorg-skrifstofunni í Buenos Aires kom til Montevideo á einu af skemmtiskipunum, er sigla um mynni fljótsins um helgar. Hún var horuð, blóðlítill manneskja, hafði fimm um þrítugt, var ágætlega til fara, kuldaleg og blátt áfram í fasi. Ég fékk henni leðurtöskuna. Hún grandskoðaði fóðrið í loki hennar með stækkunargleri, og þegar hún sá, að öll verksummerki á fóðrinu voru óhreyfð, fékk hún mér kvittun fyrir „einum kassa af rafmagnsperum“. Þess skal getið, að tæplega ári síðar, 31. júlí 1931, gerði lögreglan í Buenos Aires húsrannsókn hjá Yujamtorg-skrifstofunni og lokaði henni. Hún var síðan flutt yfir La Plata og opnuð aftur í Montevideo. Sannanir, sem fengust um náíð samband milli Yujamtorg og blóðugu kommúnistaóeirðanna í Brasilíu, urðu til þess að stjórnin í Urugúay lokaði skrifstofum þess og rak viðskiptafulltrúa ráðstjórnarinnar, Mínskín, úr landi í desember 1935. Þá var það, sem Arthur Ewert var tekinn fastur sem stjórnandi byltingartilraunanna í Brasilíu, og situr hann þar enn í haldi, enda þótt Komintern hafi afneitað honum og yfirgefið.

Gestrisni kommúnistanna í Montevideo fór fram úr öllu, sem ég hafði til þessa átt að mæta í Evrópu eða Bandaríkjunum. Ég fékk til umráða ríkmannlegt herbergi í útjadhri borgarinnar. Mér var veitt af mestu rausn. Á hverjum degi fékk ég heimboð til kommúnista á staðnum — þar á meðal lækna, hafnarverkstjóra og skipstjóra á dráttarbátum, sem voru nú á launalista Profinterns. Þar voru margar laglegar stúlkur, sem létu í ljós áhuga á að varpa sér í arma hins erlenda *camarado*. Þjóðverjar voru almennt mjög vinsælir í Suður-Ameríku um þetta leyti. Jafnvel harðsvíraðir *hombres* úr röðum óbreyttra kommúnista reyndu að yfirbjóða hver annan til þess

að vinna hylli bolsévika frá annarri heimsálfu. Oft kom það fyrir, að fundum lauk með því, að dökkleitur félagi renndi sér upp að mér og hvíslaði að mér í trúnaði með leiftrandi augu og tennur: „*Oiga senorita pequena y hermosa? Vamonos! Pagaro!*“ Ég afþakkaði. Ég var að bíða með eftirvæntingu eftir bréfi frá Firelei. Ég hafði sagt henni að fá félag Anton allan póst til mín, og mundi hann senda hann áfram. En ekkert kom.

Lítt óraði mig þá fyrir því, að í september 1931, meðan undirbúningur forseta-kosninga stóð, mundi Komintern gera alvarlega tilraun til að ná völdum í Síle. Landið var lamað með verkföllum og uppþotum. Einkunnarorðið var: „Öll völd í hendur ráðstjórnanna!“ Flotinn í Síle gerði uppreisn, og uppreisnarmenn tóku flotastöðvarnar. Herlög voru sett og áttatíu stjórnarflugvélar réðust á uppreisnarmennina með sprengjum og vélbyssum. Uppbotið var bælt niður. Þrjú hundruð og tuttugu uppreisnarmenn féllu í bardögnum. Um tuttugu af forsprökkunum voru dæmdir til lífláts og margir fleiri sendir í fangelsi.

Starfi mínu var lokið. Ég fór yfir til Buenos Aires og steig um borð í *Cap Arcona*, sem átti að fara til Evrópu. Ég hafði ekki fengið neitt bréf frá Firelei. Ég var hugsjúkur út af því. Farþegaskipið brunaði norður á bóginn, og var enginn maður um borð áfjádari í að komast heim en ég. Á *Cap Arcona* fékk ég fréttir, sem juku á kvíða minn. Þýsku Ríkisþingskosningarnar höfðu farið fram, á meðan ég var að heiman. Kommúnistaflokkurinn hafði bætt við sig einni milljón atkvæða og var orðinn þriðji stærsti flokkurinn í landinu. Jafnaðarmenn höfðu tapað mörg hundruð þúsund fylgismönnum. Stefna Kominterns hafði borið ávöxt. En það furðulegasta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það var hinn gífurlegi sigur Hitlershreyfingarinnar, sem hafði til þessa ekki verið talin annars virði en fyrirlitningar. Í einu risastökki höfðu þjóðernissósíalistar fjölgað þingmönnum sínum úr 12 upp í 107. Þeir, sem tveimur árum fyrr höfðu aðeins haft einn fimmta styrks á við kommúnista, voru nú annar sterkasti stjórnámálflokkurinn í landinu.

Einhver nýr kraftur, óþekktur til þessa, var að rísa með óheillavænlegum drunum flóðbylgju, sem er enn langt undan. Og ég sá fyrstu tákn þessa um borð í *Cap Arcona*. Meðal áhafnar skipsins, eins hins stærsta í þýska kaupskipaflotanum, var sterk, vel skipulögð sella stormsveitarmanna, sem létu áróður sinn flæða yfir skipið. Ég sá þá gera æfingar og leikfimi á frívaktinni. Þetta var hópur, sem átti harðfylgi og bauð öllum óviðkomandi byrginn, svo að ég hafði ekki séð slíkt undir þýskum fána áður. Þeir héldu yfirráðum sínum með samblandi áróðurs og ógnana. Þeir voru allir ungir, úrvalsfulltrúar þýskrar æsku. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að það væri kominn tími til að gera eitthvað, gera það fljótt og gera það af öllum þeim kröftum og þolgæði sem við ættum til. Ég minntist viðvörunarorða Arthurs Ewerts: „Okkur mun verða gereytt!“

Þegar ég kom til Hamborgar, gaf ég skýrslu mína og var jafnóðum fengið nýtt verk að vinna, og þurfti ég nú að dvelja nokkra mánuði í Brimum og við Vísará. Ernst Wollweber hafði, í viðbót við hin mörgu önnur stjórnarstörf sín, tekist á

hendur forustu alls liðs kommúnista í siglingum, járnbrautum og samgöngum Þýskalands. Ernst Thälmann og leigubjónar hans voru oftár í Moskvu en í Berlín. Ernst Wollweber, hinn fályndi uppgjafauppreisnarmaður, sem hafði átt vöggu sína meðal kolanámana í Slésíu, makkaði í myrkrinu af þolinmæði og með ósvikum hæfileikum og komst æ nær því að verða sá, sem stjórnaði bak við tjöldin sterkasta og best skipulagða kommúnistafélagsskap utan Rússlands. Ég var nú ábyrgur beint gagnvart Wollweber og tók við skipunum af honum.

Ég símaði Firelei, en fékk ekkert svar. Ég tilkynnti Wollweber, að ég hefði í hyggju að bregða mér til Antwerpen í einn eða tvo daga. Hann svaraði, að flokkurinn gæti ekki viðurkennt réttmæti einkafyrirtækja starfsmanna sinna. Ég skrifaði aftur til Berlínar með flugpósti, að ég hefði engin „einkafyrirtæki“, en færi fram á stutt leyfi til þess að leita Firelei uppi og undirbúa komu hennar til Brima. Ég lagði áherslu á þá staðreynd, að listahæfileikar Firelei mundu verða útbreiðsludeild flokksins að gagni. Wollweber svaraði, og nálgadist svar hans úrslitakosti. „Innileg tengsl milli ábyrgra félaga og óviðkomandi fólks, sem er ekki öreigasinnað, koma ekki til greina,“ skrifaði hann. „Ég hef gert þér það ljóst fyrir. Gerðu svo vel að samþykka sjónarmið mitt. Ef þessi kvenmaður (Firelei) gengur ekki í félagsskap okkar og hlítir aga hans, þá verðum við að hafna henni, þar sem hún gæti reynst neðanjarðarstarfseminni hættuleg. Ef þú getur ekki skilið þetta, hefuðu ekki tileinkað þér skilgreiningu Leníns á eðli bolsévíkaflokksins.“

Ég fór til Antwerpen. Það var í byrjun nóvember. Rakur gustur æddi inn frá Norðursjónum og regnvatnið gutlaði í göturæsunum. Ég þaut upp stigana á kvistherbergið, þar sem Firelei og ég höfðum átt svo margar sælustundir saman. Á efsta stigapallinum nam ég staðar til þess að ná andanum. Hjarta mitt hamaðist. Ég dró upp lykilinn, opnaði dyrnar og gekk inn. Íbúðin var auð. Þunnt lag af ryki lá á gólfinu. Þar voru engar bækur, engin föt, engin tjöld fyrir gluggunum, sem vissu að dómkirkjunni. Eintóm gínandi, drepanði auðn. Firelei hafði ekki látið eftir nein skilaboð. Þá féllu augu mín á hræðilegan hlut. Þarna var myndin, sem Firelei hafði gert af sjálfri sér, hávaxin, þögul, mild í litum. Hún starði dapurlega út í tóma herbergið. Það var mynd myrtrar stúlku. Múrveggurinn skein í gegn þar sem augun höfðu verið. Augun höfðu verið skorin úr andlitinu.

Ég hóf ædisgengna leit. Húsvörðurinn vissi ekkert. Ég hljóp til húss frænda hennar, en dyrunum var skellt á nefið á mér. Ég spurði nábúana. Nei, sögðu þeir, þýska málarastúlkan hafði ekki komið til skipstjórans. Ég símaði til lögreglunnar. Ég spurði félaga Anton og alla aðra kommúnista í Antwerpen, sem hefðu getað kannast við hana. Enginn þeirra vissi neitt um hana, nema ef til vill Anton — og hann neitaði að segja mér það, vegna þess, að ég hafði ekki komið til Belgíu í embættiserindum. „Ef til vill hefur hún farið aftur heim til Þýskalands,“ sagði hann. „Dætur smáborgaranna gefast upp við fyrstu alvarlegu farartálmana.“

Það var ósatt. Brjóstamikla og hjartgóða maddaman á Kaffi Banana vissi, hvað orðið hafði af stúlkunni.

„Hún er á spítala, þessi blessuð *meisje*,“ sagði hún með karlmansrödd sinni. „Hún var fjarska veik. En nú er hún skárri, nærri orðin góð. Hvers vegna í frelsarans nafni gættuð þér hennar ekki betur?“

„Hvað kom fyrir? Segið þér mér það fljótt!“

„Fósturlát,“ sagði konan. „*Godsverdumme*, hún var nógu hugrökk til að gera það sjálf. Henni var nærri blætt til ólífis, þegar þeir komu að sækja hana.“ Brennandi angur, sjálfsásakanir, nagandi samviskubit sviðu sál mína. Ég barðist gegn þeim og gnísti tönnum. Séðar með augum bæklaðra raunsæiskennnda kommúnistans voru slíkar sálarkvalir sérkenni aumingja. Ég reyndi að hugsa: „Daglega hrasa menn og konur og falla um allan heim. Eigum við að stöðva framsókn okkar vegna slíkra slysa, sem eru jafnóhjákvæmileg og upprisa sólar?“

„Firelei elskar blóm,“ hugsaði ég. „Þau mundu tákna það, að ég stæði við hlið hennar.“ Ég keypti blóm og læddist með þau á tánum að rúmi hennar. Hvernig gæti ég nokkurn tíma gleymt þeim svip glaðrar hugfróunar, sem birtist á andliti hennar, er hún sá mig? Lengi horfðum við hvort á annað, héldumst í hendur, mæltum ekki orð.

Firelei talaði fyrst, eftir langt, ljómandi bros.

„Þú ert kominn aftur,“ sagði hún.

Ég talaði um marga hluti, sem ég vissi, að mundu gleðja hana. Og síðan spurði ég: „Hvers vegna gerðirðu það?“

„Ég hélt að þú myndir aldrei koma aftur,“ svaraði hún blítt. „Ég hef fengið að vita, hvernig það er að deyja.“

Dögum saman dvaldi ég í Antwerpen. Afturbati Firelei var eins og voridð væri að koma. Símskeyti frá Wollweber minnti mig á, að það var nóvember, stormasamasti mánuður ársins.

„Komdu aftur tafarlaust,“ stóð í skeytinu.

„Ég verð að fara,“ sagði ég við Firelei.

„Bráðum verð ég orðin svo hraust, að ég geti komið á eftir þér,“ sagði hún. „Það verður gott að fá að lifa lífinu með þér.“

„Við skulum vera félagar alla ævina,“ sagði ég.

Liturinn í kinnum hennar var horfinn. Andlit hennar var horaðra að sjá, harðneskjulegra, ákvednara.

„Ég hef skipt um skoðun,“ sagði hún. „Ég hef haft mikinn tíma til að hugsa. Daginn sem ég kem til Brima, verðurðu að skrá mig í kommúnistaflokkinn.“

Ósjálfrátt hopaði ég á hæl. Ég vissi að það var ekki trú hennar á bolsévismann, heldur ást hennar til mín, sem hafði mótað þessa ákvörðun.

„Í Brimum skaltu hitta mömmu mína,“ sagði ég.

„Ég hlakka til,“ sagði Firelei brosandi. „Hún og ég verðum áreiðanlega vinir.“

# Milli hamars og steðja

GÖRING HÖFUÐSMAÐUR, HÆGRI HÖND Hitlers, átti að verða aðalræðumaður á fjölda fundi þjóðernissósíalista í Brimum. Foringi andnasistadeildar kommúnistaflokksins, Heinz Neumann, gaf fyrirskipun um að hleypa fundinum upp. Leiðtogar okkar á staðnum fældust þetta skylduverk, ef til vill vegna þess, að þeir höfðu lært að óttast stormsveitarmenn Görings. Þar sem ég var nýkominn á staðinn, var mér falið að vinna verkið. Þetta var hluti míns nýja starfs.

Mér voru fengnir til umráða eitt hundrað valdir menn úr rauðu framvarðasveitunum. Það voru óttalausir ungir ribbaldar, hver og einn. Við létum prenta sérstakan pésa fyrir fundinn með fyrirsögninni: „Tíu spurningar, sem nasistinn Göring er hræddur við að svara.“ Ég skipti mönnum mínum niður í fimm manna flokka, skipaði þeim að dreifa sér innan um mannfjöldann í salnum og láta til skara skríða, þegar þeir heyrðu ópið: „Þjóðernisjafnaðarmenn eru hvorki þjóðernissinnar né jafnaðarmenn.“ Hver maður hafði að vopni sandpoka og látunshnúajárn og hlaða af fimmtíu bæklingum.

Fundurinn átti að hefjast klukkan átta í Kasino, stærsta salnum í borginni. Samfelldur straumur karla og kvenna rann eftir götunum, sem lágu að Kasino-salnum. Deildir lögregluþjóna höfðu aðsetur á öllum götuhornum í kring. Stúlkur og piltar voru á ferli um gangstéttirnar. Sum voru með rautt band um handlegginn — þau seldu rit kommúnista. Önnur höfðu hakakrossmerkið — þau öskruðu Hitler-víg-orð í hásum kór. Á stöku stað brutust út smáskærur, sem lögreglan barði fljótlega niður. Brúnstakkasveitir gengu hjá í þéttum fylkingum. Org kvað við:

„Niður með brúnu morðingjana!“

„Niður með Moskóvíta-pestina,“ kom svarið jafnharðan.

Þúsundum var troðið í salinn. Í röðum við veggina og fyrir framan ræðupallinn stóðu stormsveitarmenn hlið við hlið. Lúðrasveit lék hergöngulag. Risastór blóðrauð flögg þöktu veggina. Hundrað fánaberar með hakakrossflögg mynduðu bak-sýn ræðupallsins. Í þessum geysilega fjölda var kommúnistahópur minn eins og dropi í á.

Allt í einu stóðu raðir brúnstakkanna við veggina teinréttar. Hægri handleggir flugu upp. Lúðrasveitin þeytti hornin. Hinir þykku veggir byggingarinnar virtust nötra, þegar mannfjöldinn rak upp samtaka öskur: „*Heil! Heil!*“

Tuttugu fullhugar gengu gæsagang fram ganginn að ræðupallinum. Á eftir þeim komu einkennisbúnir menn með stormsveitarfána. Gullnu hakakrossmerkin á

toppum fánanna glitruðu í ljósadýrðinni. Og síðan gekk feitlaginn, borgaralega klæddur maður byrstur á svip fram ganginn. Hann rétti digran handlegg fram til Hitlerskvedju. Önnur fullhugafylking fylgdi honum eftir. Þjöllur var hringt. Öskrið hætti. Þvengmjór maður tilkynnti með hermannlegri röddu, að Göring höfuðsmaður mundi tala um efnið: „Versalir deyi, svo að Þýskaland lifi.“

Feiti maðurinn gekk fram og hvessti augun á áheyrendurna. Það lýsti af breiða, vöðvamikla andlitinu undir kastljósinu. Falleg, ljóshærð stúlka færði nasistaforingjanum rósavönd á stærð við vagnhjól. Göring nasaði í rósirnar og glotti. Síðan fór hann úr jakkanum og kastaði honum kæruleysislega undir borð fyrir aftan sig. Hann breytti upp skyrtuermarnar og losaði um beltið. Hlátur blandaðist lófataki. Göring veifaði handleggjunum eins og til þess að liðka sig, og lófatakið reis og varð að dynjandi nið.

Göring höfuðsmaður talaði. Ræða hans var ófáguð og sterk, laus við alla kurteisi og svo einföld, að hvert barn hefði getað skilið hann. En það sem sannfærði áheyrendur hans, voru síður orðin sjálf en yfirbragð hans af vígreifum, ruddalegum heiðarleik. Rödd hans og hnefar dundu á Versalasalmingnum. Hann stikaði fram og aftur um pallinn með steytta hnefana, loðnu handleggina á lofti og svitann streymandi af andlitinu. Rödd hans varð stormhvinur ógnandi ópa. Hann æsti sjálfan sig upp í skiðlogandi heift. Hann öskraði og urraði og hamraði. Hann hrein og stökk í hamslausum æðisköstum. Hann réðst á allt, sem til var í heiminum, frá Guði niður í vedlánara og nektardýrkendur, allt nema aðeins herinn. Hann leysti villt hatursflóð úr læðingi og sendi það þrumandi niður til áheyrenda sinna. Ég varð forviða að sjá, að Þjóðverjarnir rólyndu urðu æstari en Spánverjar á nautaati. Ég reyndi að vera kaldur, reyndi að skrifa hjá mér það sem ég ætlaði að segja eftir að Göring hefði lokið máli sínu, en gafst brátt upp. Ég var hugfanginn af mannum.

Að lokum hætti Göring við lófaklapp, sem var eins og landskjálfti. Hann settist niður og þurrkaði sér í framan. Þvengmjói maðurinn stóð upp og spurði, hvort nokkrir fulltrúar andstöðuflokkanna vildu taka til máls. Ég stóð upp og gekk fram. Ég fann að hvirfillinn á mér skorpnaði og varð kaldur. Ég fékk þvengmjóa mannum blað með nafni mínu og heiti flokks míns.

Hann tilkynnti: „Fulltrúi kommúnistaflokksins mun nú taka til máls. Ég bið fundinn um að halda góðum aga.“

Ég gekk upp á pallinn. Dauðapögn féll yfir hinn mikla sal. Liðsmennirnir í lífverði Görings litu forviða á mig.

Eftir fyrstu setninguna fékk ég aftur sjálfstraust mitt. Það var vælt og mjálmað, en það heyrðist líka æðisgengið lófaklapp frá hinum hundrað fylgismönnum mínum í salnum. Ég benti á að Versalasalmingurinn væri afleiðing stríðs, sem hefði tapast, og að auðvaldið hefði átt upptökin að stríðinu. „Allt Þýskaland veit,“ hélt ég áfram, „að nasistaflokkurinn nýtur styrks frá auðvaldi því, sem mergsýgur þýsku þjóðina. Þjóðernisjafnaðarmenn eru hvorki þjóðernismenn né jafnaðarmenn — samt kalla

þeir sig verkamannaflokk!“ Þegar hér var komið benti ég á Göring: „Er þessi maður líkur verkamanni?“

Göring rak bolahöfuð sitt fram. Nokkrir liðsmenn stukku upp á pallinn og gerðu aðsúg að mér. „*Raus mit dem Halunken*,“ skipaði Göring, „út með þorparann!“ Á sama augnabliki risu aðstoðarmenn mínir upp, fimm og fimm, og köstuðu hnefafyllum sínum af litlum rauðum bæklingum út í þéttskipaðan salinn. Það varð almennt uppnám. Ég hljóp af pallinum yfir höfuð stormsveitarmannanna, sem niðri voru, og stakk mér á kaf í fylkinguna. Skrúflykill kom niður á hauskúpuna á mér. Í æsingnum tók ég varla eftir högginu. Ógurleg slagsmál hófust. Sandpokar, hnúajárn, kylfur, þungu málmlegin belti, glös og flöskur voru aðalvopnin. Brot úr glösum og stólum flugu yfir höfðum áheyrenda. Menn af báðum flokkum brutu fæturna af stólum og notuðu þá fyrir barefli. Konur féllu í yfirlið í háreysti og orgum bardagans. Tugir höfða og andlita voru þegar blóði drifin, föt rifnuðu, þegar orrustugarparnir skutust til og frá í mergð skelfdra og ósjálfbjarga áheyrenda. Stormsveitarmennirnir börðust eins og ljón. Þeir neyddu okkur til að hörfa utar í salinn. Lúðrasveitin tók upp herskáa tóna. Hermann Göring stóð rólegur á pallinum með hendur í síðu. Fyrirætlun mín hafði verið sú að koma af stað slíkum gaurangangi í salnum, að lögregluliðið, sem beið fyrir utan, yrði að skerast í leikinn og slíta fundinum. En lögreglan lét þetta afskiptalaust. Henni var stjórnað af jafnaðarmönnum, sem létu sig einu skipta, þó að andstæðingar lýðræðisins mölvuðu hauskúpur hver annars.

Allt í kring um mig voru kommúnistar nú að berjast við að komast út á götuna. Þeir hlupu undan eins og hérar. Ég hljóp líka. Þegar ég kom fyrir götuhorn, mætti ég stórum opnum flutningabíl. Í honum sátu þrjátíu lögregluþjónar hreyfingarlausir og héldu rífflum sínum eins og þögular afturgöngur.

Móðir mín, sem lifði rólegu lífi í örlítilli íbúð í Brimum, tók vel á móti Firelei. Hún hafði andstyggð á kommúnisma, vegna þess að hann prédikaði ofbeldi og afneitaði guði, en hvöt hennar til að hjálpa bágstöddum fór ekki í manngreinarálit. Ef drukinn morðingi hefði leitað til hennar um hjálp, þá mundi hún hafa veitt honum hana. Þrjú litlu herbergin hennar voru full af endurminningum um fortíðina. Móður minni þótti vænt um að geta litið á heimili sitt sem örugga höfn fyrir börnin sín fimm og vini þeirra. Báðir bræður mínir, rammir að afli, hávaxnir og gæddir ósigrandi flakkaræðli, höfðu farið til sjós. Systur mínar tvær voru líka að heiman. Sú eldri var hjúkrunarkona á spítala í Berlín, sú yngri var ljós-myndasérfræðingur með vísindaleiðangri dr. Leos Frobenius í eyðihéruðum Súdan. „Ó, þau koma alltaf heim til mín aftur,“ sagði móðir mín brosandí og beið ánægð.

Dag nokkurn sagði Firelei við mig: „Mamma hefur áhyggjur af þér. Þegar þú gerðist kommúnisti, reyndi hún eftir fongum að skilja kommúnismann, en hún gat það ekki. Það sviður hana í hjartað að sjá þig berjast fyrir eintómri eyðileggingu og sundrungu. Hún biður þess, að þú snúir frá villu þíns vegar.“

„Það er of seint.“



„Mömmu finnst það aldrei of seint. Hún hefur beðið mig um að reyna að hafa áhrif á þig, svo að þú gangir á sjómannaskóla og lesir undir stýrimannspróf. Hún segir að það hafi alltaf verið draumur þinn að standa sem skipstjóri á stjórnspalli farþegaskips.“

„Það er enn draumur minn,“ sagði ég og barðist við að hemja skyndilegt flóð tilfinninganna. „En segðu mér aðeins eitt — hver mundi trúa alþekktum kommúnista og fyrrverandi fanga fyrir verðmætu skipi? Nei, nei, það er löngu orðið of seint.“

„Hvers vegna ekki að gera það og sjá hvernig gengur?“ bað Firelei. „Það er ekkert til sem þú getur ekki gert. Með skipstjórnarskírteini í vasanum geturðu áreiðanlega fundið skip. Mundu, að það er aldrei, aldrei of seint.“

Ég vanrækti ekki neinar flokksskyldur mínar. En ég gaf mér tíma til að láta innrita mig sem nemanda í Sjómannaskólann í Brimum. Skólastjórinn, Preuss kapteinn, hafði þekkt föður minn vel. Hann tók innilega á móti mér.

„Nei sko, hver kemur þarna!“ þrumaði hann „Jæja, drengur minn, ertu orðinn þreyttur á bolsévíkavitleysunni?“

„Hvernig vitið þér að ég er bolsévíki?“ spurði ég vandræðalega.

„Allah sagði mér það,“ hló Preuss og bætti við með alvörusvip: „Vertu ekki svona kjánalegur. Skipaeigendurnir hafa sína eftirlitsþjónustu. Þeir hafa nafn þitt á svarta listanum hjá sér — með rauðu lettri, máttu vera viss. En samt — iðrastu, þá skulum við sjá, hvað við getum gert.“

Ég eyddi litlum tíma í skólagönguna. Ég hafði tileinkað mér aðalatriðin í stærðfræði í San Quentin og þurfti ekki að sækja skólann nema fáar stundir á viku til þess að verða við þeim kröfum, sem hið opinbera gerði til tilvonandi yfirmanna á skipum. Ég hafði enga ástæðu til þess að bæta við mig þessari aukabyrði lærdómsins, nema þá, að gleðja móður mína. Ég ofreyndi mig, borðaði ekki nóg og svaf of lítið. En móðir mín var í sjöunda himni. Í hjartans sakleysi hélt hún, að hún hefði unnið sigur á Komintern.

Sjómannaskólinn var nasistahreiður. Í kennaraliðinu, þrjátíu talsins, voru ein-göngu nasistar. Nemendurnir, rúmlega þrjú hundruð, voru nasistar. Yfirmanna-klúbburinn — Tritonia — var á valdi nasista. Ég var eini kommúnistinn þarna.

„Hvers vegna ert þú nasisti?“ spurði ég einn þeirra. Það var í árslok 1930.

„Lítu á hvað þetta svokallaða lýðræði hefur gert fyrir okkur,“ svaraði hann með mesta sjálfbyrgingsskap. „Helsingi skipa okkar er lagt upp og látinn grotna niður. Adolf Hitler mun leiða Þýskaland til þess sætis, sem því ber meðal þjóðanna. Við munum eignast nýlendur. Við munum þenja okkur út í allar áttir. Við munum eignast besta kaupskipaflota heimsins. Undir Hitler munu skipin sigla — en ekki fúna.“

„Þetta er heimsvalda- og útþenslustefna,“ sagði ég.

„Eðlilega.“

„Það merkir stríð.“

„Og hvað um það? Mennirnir eru fæddir til að heyja — og vinna — stríð.“

„Þýska þjóðin vill ekki stríð.“

„Við erum þýska þjóðin.“

„Lítu á Rússland,“ sagði ég. „Það er eina þjóð heimsins, sem á vaxandi kaupskipaflota.“

„Ekki nefna við mig Rússland,“ svaraði nasistinn. „Ég kom til Vladívosok í síðustu ferð minni. Stelpurnar þar koma um borð og láta fleka sig fimm sinnum fyrir sardínudós. Þetta er bolsévisminn þinn!“

„Rússar fluttu út meira korn en Kanada á síðasta ári,“ svaraði ég.

„Ég ráðlegg þér að hætta kommúnistaáróðri í þessum skóla,“ sagði nasistinn kuldalega. „Annars gæti verið að einhverjir af piltunum gæfu þér ráðningu. Þér er betra að þegja.“

Firelei, sem hafði gengið í hreyfinguna af einlægri ást til mín, vann sér brátt allmiklar vinsældir í þýska kommúnistaflokknum. Hún málaði auglýsingar, sem flokkurinn notaði í herferðum um land allt. Skopmyndir hennar af Hindenburg og Hitler og öðrum leiðtogum andstæðinganna voru birtar í flokksblöðunum. Hún kom á fót leikflokkum, sem ferðudust um Norðvestur-Þýskaland. Hún var of önnum kafin til að gera sér grein fyrir, að um leið og hún steypiti sér út í flokksstarfið, voru vonir hennar um heiðarlega listamannsframtíð dauðadæmdar. Stundum, þegar hún var þreytt, íhugaði hún málið og spurði: „Hvert erum við eiginlega að halda?“

„Fram og upp!“ svaraði ég þá. „Við höfum ekki tíma til að þreytast.“

Ég var hættur tilraunum mínum á sviði bókmenntanna. Það sem ég skrifaði, skrifaði ég fyrir flokksblöðin. Greinar mínar og smásögur birtust í viku- og dagblöðum kommúnista. Eftir skipun Wollwebers hafði ég hætt öllum tilraunum til að fá bók mína, „Kjölfar sorans“, gefna út í Bandaríkjunum. Í stað þess fór framritskoðun á henni af hálfu bókmenntadeildar Kominterns. Það sem gekk í bága við stefnu stalínista var strikað út, og hún birtist í limlestri mynd í hinum dulbúna blaðakosti kommúnista, sem Willy Münzenberg réði yfir, og nokkrum tímaritum verklyðsfélaga í Rússlandi. Þar sem ég var starfsmaður Kominterns, var þess farið á leit, að ritlaunin rynnu til „framkvæmdar fimmáraáætluninni“. Ég samþykkti það með gleði. Að launum var ég útnefndur heiðursforseti Sambands öreigarithöfunda á norðursvæðinu.

Ég hafði líka samið tvo einþáttunga, sem ég kallaði „Merki til uppreisnar“ og „Fjandmenn sjómanna“. Flokkurinn tók þá báða til leiks, og voru þeir síðar leiknir um borð í stærstu farþegaskipum Norðurþýska Lloyd í Brimahöfn, þar á meðal fyrirmyndarskipunum *Columbus* og *Bremen*. Ollu þeir skipaeigendum meiri kvíða en heill mánuður af ákøfum verkfallsáróðri. Leikirnir voru bein hvöt til uppreisnar, hrein skipun til skipshafna um að taka skipin og draga rauða fánann að hún, þegar það væri tímabært. Samhliða leikjunum var rekinn einbeittur áróður á skipum Norðurþýska Lloyds, félagsins, sem réði raunverulega ríkjum í gömlu

Hansaborginni Brimum. Ég varð því mjög forviða, þegar fulltrúi Lloyd Verlag, bókafélags eimskipafélagsins, heimsótti mig einn dag. Hann bauð mér að koma á ritstjórnarskrifstofu félagsins til viðtals við aðalritstjóra blaðsins *Lloyd Journal*. Ég símaði þessa staðreynd dyggilega til Wollwebers.

„Farðu varlega,“ svaraði hann, „þeir hafa mútur í huga. En snertingin getur verið gagnleg.“

Aðalritstjórinn tók vinalega á móti mér. Það var menntuð kona, ungrú von Thülen, systir eins af mestu valdamönnum í Norðurþýska Lloyd. Hún sagði mér rólega, að félaginu hefði borist til eyrna, að ég ætti erfitt með að ljúka námi mínu við Sjómannaskólann vegna fjárskorts. Hún bauð mér að gera samning við mig um að rita eina grein á mánuði í tímaritið, samtals tólf greinar fyrir tvö hundruð mörk hverja. Ég afþakkaði. Þá spurði hún mig, hvort ég mundi vilja þýða ferðamannaleiðarvísí félagsins fyrir árið 1931 á ensku. Þessi leiðarvísir var kunnur í öllum höfnum Norður-Atlantshafs. Það var tvö hundruð blaðsíða bók um náttúrufegurð Þýskalands. Ungfrú von Thülen bauð mér eitt þúsund mörk fyrir verkið. Ég tókst það á hendur. Það var um leið þegjandi samkomulag um að ég ætti að stilla mig um að gera frekari tilraunir til að æsa áhafnir Lloyd-skipanna til óánægju.

Wollweber var að hugsa um að koma mér fyrir sem leynilegum flugumanni Kom-interns í Norðurþýska Lloyd. Þessu áformi kom Heinz Neumann fyrir kattarnef, því að hann vildi fá mig fyrir samherja í leiðangri sínum gegn nasistum. Ég gerði aðeins lítinn hluta þýðingarinnar sjálfur. Meginhlutann gerðu skjalapýðendur kommúnistaflokksins á mettíma. Eftir tíu daga gat ég mætt með ensku þýðinguna á ferðamannaleiðarvísínum. Ég fékk ávísun fyrir þúsund mörkum. Peningarnir runnu í sjóð Kommúnistaflokksins og ég hélt áfram að hrella Norðurþýska Lloyd við hvert tækifæri, sem ég gat. Enn á ný hafði ég með léttúð varpað frá mér tækifæri til að búa sjálfum mér óháða framtíð á löglegum grundvelli. Firelei var sem steini lostin af andvaraleysi mínu. Móður mína tóku svikin mjög sárt.

Wollweber var í einni eftirlitsför sinni til allra kommúnistadeilda flutninga- iðnaðarins í Miðevrópu. Eftirtektarsemi hans var furðuleg. Ekkert smáatriði, enginn veikleiki fór framhjá honum. Hann var eins og dýr með heila illgjarns vísindamanns. Hann var ekki hræddur við neitt nema koma opinberlega fram. Ég sagði við hann í glensi: „Þeir kalla þig ‚Litla Lenín‘, en þú ert miklu líkari Stalín en Lenín.“

Wollweber varð hvumsa. „Af hverju finnst þér það?“ spurði hann og glotti, svo að skein í tóbaksgular tennurnar.

„Nú,“ sagði ég gætilega, „félagi Lenín var alltaf frammi fyrir fjöldanum.“

„Hvað hefur þú á móti féлага Stalín?“ spurði Wollweber og yggldi sig.

„Ekkert,“ sagði ég.

„Félagi Stalín er mesti stjórnmálamaður, sem nú er uppi,“ sagði Wollweber eins

og hann væri að dæma einhvern í gálmann. „Engan, sem véfengir þá staðreynd, er hægt að nota til mikilvægra starfa.“

Þá um kvöldið, þegar starfi dagsins var lokið, sagði Wollweber við mig: „Nú skulum við fara og gera okkur glaðan dag.“

„Hvað þarft þú til þess að gera þér glaðan dag?“

„Rólegan stað, þar sem hægt er að sleppa tókum á stjórnartaumunum og drekka kassa af bjór í friði.“

Ég hló. Ég bauð Wollweber heim í íbúð mína í fátækrahverfinu í vesturhluta borgarinnar. Ég keypti tvo kassa af bjór og taldi matseljuna á það með fagurgala að búa til feikn af *Bratwurst* og kartöflusalati. Wollweber kom klukkan níu. Hann var ávallt tortrygginn og sendi ritara sinn á undan til þess að athuga húsið, áður en hann kæmi. Ritarinn var smávaxin stúlka um tvítugt, frekar geðsleg, en þegiandaleg og hænd að húsbónda sínum eins og vel vaninn hundur.

Wollweber þótti góður sopinn, en hann snerti sjaldan dropa af áfengi, nema hann þættist sæmilega öruggur fyrir hinum löngu örmum fjandmanna sinna. Að þessu sinni lagði hann engin bönd á drykkjuskapinn. Hann festi litlu, svörtu, leiftrandi augun á Firelei eins og sogskálar. Hendur hans fylgdu brátt eftir, en Firelei skaut sér hlæjandi undan. Með nokkrum hröðum strikum dró hún upp skopmynd af hinum ástleitna Wollweber og kallaði hana: „Mannæta í kærustuleit“. Wollweber skellihló, en viðurnefnið „Mannætan“ varð eins vinsælt og „Litli Lenín“.

Wollweber talaði um æskuár sín. Snemma í heimsstyrjöldinni hafði faðir hans, sem var námumaður, fallið á austurvígstöðvunum, og Ernst hafði gengið í Félag ungra jafnaðarmanna, seytján ára gamall. Hann var fljótamaður að iðn. Einu sinni hafði hann hjálpað aðgerðasinum til þess að sökkva allmörgum sements-prömmum, sem voru á leið til vesturvígstöðvanna, í skipaskurði í Belgíu. Hann var rekinn úr flokki jafnaðarmanna fyrir róttæknina, og Wollweber gekk í Spartakus-bandalagið og gerðist um sama leyti sjálfboðaliði í flota keisarans. Hann hafði tekið þátt í sjóorrustunni við Jótland og hafði síðar átt einna mestan þátt í að skipuleggja lokauppreisnina í þýska flotanum. Wollweber stærði sig af frækneik sínum, bæði sem byltingarmaður og karlmaður og mjakaði sér látlaust nær Firelei. Litla ritara-fylgiskonan hans starði á hann eins og dáleidd mús. Allt í einu sneri Wollweber sér að mér.

„Þessa stelpukind þína,“ sagði hann, „vil ég fá í rúmið með mér.“ Hann benti á ritarann, sem sat þar lafhrædd: „Þú tekur Helenu, hún er geðugasta grey.“

Svallinu var skyndilega lokið. Firelei, Helena og ég forðuðum okkur og leituðum náða á hóteli, en létum „Litla Lenín“ eftir hóbýli mín. Þegar ég kom morguninn eftir til að sjá, hvað væri orðið um yfirboðara minn, fann ég hann í rúminu með tignarlegri vændiskonu, sem honum hafði tekist að ná sér í á götunni, eftir að við fórum. Það var runnið af Wollweber. Hann borgaði stúlkunni og sagði henni að hypja sig.

„Svei,“ hvæsti hann, er við vorum orðnir einir, „eftir svona nótt gæti ég gubbað á sjálfan mig. Lífið er saurug vítishola. Ófullnægjandi, gersamlega ófullnægjandi.“

Nokkrum mínútum síðar, eftir að hann hafði steipt yfir sig köldu vatni, var hann aftur hinn gamli, raunsæi vígamaður: „Láttu mig sjá áætlanir þínar um Vísarársvæðið. Við verðum að hrinda af stað verkföllum, sem slíta flutningaiðnaðinn í tætlur.“

Hitlershreyfingin fór yfir landið eins og flóð og skolaði með sér öllum miðflokkunum. Sökum þess að það var hlutverk mitt að berjast gegn henni á fundum, í verksmiðjum, á götunum og skipunum, kynnti ég mér aðferðir hennar. Nasistarnir ráku hernað sinn af ótakmörkuðu hugrekki og miskunnarleysi. Þeir lofuðu verkamönnum hærra kaupi, iðnaðinum meiri gróða og atvinnuleysingjunum atvinnu. Þeir lofuðu smákaupmönnum að stóru vöruhúsum skyldi verða skipt upp. Þeir lofuðu vinnumönnum í sveit landi, bændunum hærri tekjum og skattfrelsi og stóru landeigendum ríkisstyrkjum og ódýru vinnuafli. Þeir lofuðu að afnema verkföll, en studdu um leið hvert einasta verkfall til þess að koma sér í mjúkinn hjá verkalyðnum. Þeir glömrðu gegn auðvaldinu, en sömdu við iðnaðarforkólfana bak við tjöldin. Þeir lofuðu stúdentum og menntamönnum, sem flyktust að merkjum nasista í þúsundatali, framtíðarstöðum og völdum. Áróður nasista var skjótur eins og elding að færa sér í nyt hverja skyssu, sem öðrum stjórnmálaflokkum varð á. Það komst enginn undan honum. Á heimilum og vinnustöðvum, í borgum og sveitum heyrðu menn ræðuhöld Hitlerssinna og hittu fyrir æsingamenn nasista. Samfara áróðri þessum var stofnað til skipulagðra hryðjuverka. Kaupsýslumönnum var ógnað til að láta hluta af ágóða sínum af hendi við nasistaflokkinn. Frjálslyndum mönnum var ógnað svo, að þeir þorðu ekki að halda opinbera fundi. Árásarsveitir brúnstakka, sem höfðu hlotið kennslu í ógnaraðferðum, notuðu kylfur, rýtinga og skotvopn í daglegum skærum.

Við tókum að heyja látlaust stríð gegn nasistum, sérílagi meðal iðnaðarverkamanna í Þýskalandi, sem voru enn óvinveittir Hitler. Við mynduðum vígorðið: „Dreptu nasistann, hvar sem þú hittir hann!“ En þetta einkunnarorð var aukaatriði hjá okkur. Aðalviðfangsefni kommúnistaflokksins var enn eyðilegging jafnaðarmanna, „höfuðóvinarins“, sem var mesti farartálminn á leiðinni til Sovét-Þýskalands. Þess vegna var það, þegar ég skipulagði verkfallastarfsemi, að þá beindi ég öllum kröftum mínum að því að eyðileggja sósíalísku verklyðssamböndin. Með hjálp mörg hundruð þúsund flugrita æstum við upp óánægju verkamanna og kveiktum hjá þeim hatur til atvinnurekenda, til lögreglunnar og jafnaðarmannaleiðtoganna — sem voru vinveittir samkomulagi.

Aðferðin, sem Komintern beitti til þess að eyðileggja verklyðssamböndin, var aðferð „samfylkingarinnar“. Á hverjum kommúnistafundi, í hverju blaði og hverjum bæklingi var vígorðinu „samfylking“ haldið á loft við öll tækifæri. Í fyrstu tók ég þetta bókstaflega, vegna þess að ég hafði einlæga trú á að samvinna við jafnaðarmenn væri æskileg. Ég fór til höfuðbækistöðva sósíalíska flutningaverkamannasambandsins í

Brimum til að gera tillögur við formann þess um sameiginlegar framkvæmdir í verkfalli, sem þá vofði yfir. Einn hinna mörgu njósnara GPÚ í flokki okkar fékk nasasjón af för minni og sendi trúnaðarskýrslu til Berlínar, þar sem hann sakaði mig um andbyltingarlega samningagerð við alræmdan „sósíalfasista“ — en það var orðatiltæki, sem var í miklum metum meðal kommúnista þá. Skýrslan var send til Hermanns Remmeles, eins af þingmönnum kommúnista, sem var þá á ferð um Vestur-Þýskaland. Hann tók þegar í hnakkadrambið á mér og hélt yfir mér reiðilestur um, hvað Komintern ætti við með „samfylkingu“.

Félagi Remmele gerði mér það ljóst, að það væri ekki sóst eftir neinni „samfylkingu“, nema kommúnistar hefðu þar tögl og hagldir. Takmarkið var að mynda samfylkingu með óbreyttu liðsmönnum án vilja jafnaðarmannaforingjanna. Þetta var kallað „samfylkingin að neðan“ og var til þess gert að reka fleyg milli foringjanna og fjöldans í flokknum og sundra verklyðssamböndunum. Allar tillögur kommúnista voru orðaðar þannig af ásettu ráði, að jafnaðarmannaleiðtogarnir hlutu að hafna þeim. Þessum tillögum lauk ávallt með áskoruninni „Verjið Ráðstjórnarsambandið, föðurland verkalýðsins!“ Jafnaðarmannaforingjarnir höfnuðu þessari kennisættuningu og þá hrópuðu kommúnistarnir: „Svikarar! Skemmdarvargar samstarfsins.“

Þannig varð „samfylkingar“-herbragðið ein meginástæðan til vanmáttar hins skipulagsbundna þýska verkalýðs gagnvart sókn Hitlers að völdum.

Ég beygði mig fyrir skipun Remmeles. „Þetta er flokkslínan,“ sagði hann, „að skeika frá henni er sama og svik.“ Fimm árum síðar kannaði þessi aldni stríðsmaður bolsévismans, höfundur bókar um Ráðstjórnarsambandið, endamörk „línunnar“, er hann hafði verið dæmdur til fangelsis í Þýskalandi og flúið til Rússlands. Hann var skotinn í dýflissu GPÚ í Moskvu sem „Gestapo-njósnari“.

Hið blinda hatur á jafnaðarmönnum beindist inn á ákveðnar brautir um miðjan janúar 1931, þegar Georgí Dímítrov gaf út leyningt umburðarbréf með fyrirskipunum til allra foringja og undirforingja kommúnistafylkinganna. Sérstök nefnd undir forustu Thälmanns, Heinz Neumanns og Wollwebers var sett á laggir til þess að hrinda fyrirskipunum í framkvæmd. Dregnar saman í eina setningu voru fyrirskipanirnar þessar: „Sameiginlegar framkvæmdir kommúnistaflokksins og Hitlershreyfingarinnar til þess að flýta fyrir upplausn hinnar hrörnandi lýðræðisflokksamsteypu, er stjórnar Þýskalandi.“

Aðaladóðarmaður minn, vélamaður með leðurandlit, sem nefndist Salomon, og ég litum hvor á annan í skelfingu.

„Hver er brjáláður?“ tautaði Salomon. „Við — eða miðstjórnin?“

Wollweber og aðrir nefndarmenn ferðuðust um landið til þess að lumbra þessari kúvendingu stefnuskrárinnar inn í höfuðin á fylgismönnum sínum. Þeir skýrðu það sem meistaralegt herbragð. Þegar sameinuð sókn kommúnista og nasista hefði molað hið rotna lýðræðiskerfi, mundi úrslitabaráttan milli hakakrossins og ráðstjórnarstjórnunnar hefjast.

„Án hjálpar Jafnaðarmannaflokksins er úti um þýsku borgarastéttina,“ urraði

Wollweber á fundi með starfsmönnum flokksins. „Með eyðingu sósíalfasista erum við að undirbúa jarðveginn fyrir borgarastyrjöld. Síðan munum við svara Hitler í götuvirkjunum.“

Þeim sem mótmæltu, var hótad brottrekstri úr flokknum. Flokksaginn leyfði ekki óbreyttum flokksmönnum að ræða málið. Þrátt fyrir vaxandi villimennsku í smáskæruhernaðinum tóku nú kommúnistaflokkurinn og Hitlersliðar höndum saman um að rista á barkann á lýðræðinu, sem þegar stóð höllum fæti.

Þetta var hjákátlegt bandalag og aldrei opinberlega viðurkennt, hvorki af skrif-föllum rauðu né brúnu flokkanna, en ógeðsleg staðreynd var það þó. Margir flokksmenn beittu þögull mótspyrnu. En starfsömustu og tryggustu kommúnistarnir — meðal þeirra ég — gengu að því af ákefð að koma þessu síðasta *Parteibefehl* í framkvæmd. Fylgismenn Stalíns og Hitlers komu sér saman um bráðabirgðagrið og sameiningu kraftanna hvenær sem þeir fengju færi á að hleypa upp fundum og samkomum lýðræðisfylkingarinnar. Á árinu 1931 einu tók ég þátt í mörgum tylftum slíkra ógnarframkvæmda ásamt verstu óaldarmönnum nasista. Ég ætla að lýsa nokkrum þeirra til að gefa mynd af þessu Dímítrov-Hitler bandalagi og sýna, hvað fór fram um allt Þýskaland um þetta leyti.

Vorið 1931 boðaði hið sósíalíska Samband flutningaverkamanna skipa- og hafnarfulltrúa úr helstu höfnum Vestur-Þýskalands til fundar. Fundurinn var haldinn í Alþýðuhúsinu í Brimum. Hann var opinber, og verkamönnum var boðið að hlýða á það sem fram fór. Kommúnistaflokkurinn sendi hraðboða til aðalbækistöðva nasistaflokksins með beiðni um samvinnu í að hleypa upp fundi verklýðssambandsins. Hitlerssinnar samþykktu það, eins og ávallt, þegar um slíkt var að ræða. Þegar fundurinn hófst, voru svalirnar skipaðar tvö- til þrjúhundruð kommúnistum og nasistum í þéttri fylkingu. Ég stjórnaði framkvæmdum af hálfu kommúnista, en stormsveitarforingi, Walter Tidow að nafni, af hálfu nasista. Innan tveggja mínútna höfðum við komið okkur saman um, hvernig haga skyldi árásinni. Þegar fundurinn var kominn vel af stað, stóð ég upp og hóf reiðilestur af svölunum. Í öðrum hluta salsins gerði Tidow hið sama. Verklýðsfulltrúarnir voru orðlausir í fyrstu. Síðan gaf fundarstjóri skipun um að varpa óróaseggjunum tveimur á dyr. Við sátum hinir rólegustu og horfðum háðslega á, er tvær sveitir manna úr verklýðssambandinu sóttu að okkur í því skyni að kasta okkur á dyr. Við hvikuðum ekki úr sætunum. Undireins og fyrsti verkamannafundinn snerti okkur, risu fylgismenn okkar upp og allt varð í uppnámi. Húsgögnin voru mölvað, fundarmenn lúbarðir og salurinn lagður í rústir. Við komumst út á götuna og dreifðum okkur, áður en sjúkrafreiðarnar og *Rollkommando* lögreglunnar komu á vettvang. Daginn eftir fluttu bæði nasistablöðin og flokksblöð okkar forsíðugreinar um það, hvernig „sósíalískir“ verkamenn, æfir út af „svikum“ hinna spilltu leiðtoga sinna, hefðu gefið þeim duglega „öreigaráðningu“.

Hataðir jafnt af nasistum og kommúnistum voru Stálhjálarnir, hinn vopnaði félagsskapur keisarasinna, en leiðtogi þeirra var Hugenberg. Sunnudagsmorgun

einn stofnuðu Stálhjálarnir til skrudgöngu í Brimum, og tóku þátt í henni fjögur þúsund manns. Bardagasveitir rauðu og brúnu flokkanna tóku sér stöðu á öllum götum, sem fylkingin fór um. Skrudgöngunni lauk í algerri upplausn. Fánar voru rifnir, hljóðfæri mölbrotin, það var skotið, stungið með hnífum og lamið með barflum. Stálhjálarnir efndu aldrei til skrudgöngu í Brimum aftur.

Í annað skipti voru það frjálslýndu flokkarnir, sem ráðist var á. Lýðræðisflokkurinn hafði boðað til fundar fyrir almenning til verndar stjórnarskrá Þýskalands. Hann hafði boðið út bardagasveitum sínum, „Ungum þýskum riddurum“, til þess að verja fundinn gegn yfirgangi óaldarseggja úr öfgaflokkunum. Öflugar lögreglusveitir voru einnig til taks í hinum mikla sal. Mér var enn falið að stjórna skemmdarflokki kommúnista. Nasistaliðið var aftur undir forustu Tidows, glæframanns úr klíku Röhms höfuðsmanns. Hersingar okkar komu snemma og fylltu salinn, áður en meginlið lýðræðissinna komst á staðinn. Aðalræðumaður kvöldsins var von Lettow-Vorbeck hershöfðingi, verjandi þýsku Austur-Afríku í heimsstyrjöldinni. Við leyfðum Lettow-Vorbeck að tala í einar tíu mínútur án þess að grípa fram í. Síðan var gefið merki, og hópar nasista og kommúnista í fremstu sætaröð tóku að æpa svívirðilegustu skammarorð til hershöfðingjans. Lögreglan og „Ungu þýsku riddararnir“ skárust þegar í leikinn til að þagga niður í óróaseggjunum. Eftir nokkrar sekúndur var stórorrusta í fullum gangi. Flöskur og stólar hvinu í loftinu. Hátt á annað þúsund árasarmenn voru í bendu innan um mörg hundruð „riddara“ og lögregluþjóna og saklausa áhorfendur í þúsundatali. Liðsmenn Tidows og mínir höfðu komið með kládaduft, fylusprengjur og mikinn fjölda af hvítum músum. Kládaduftið og hvítu mýsnar voru notuð til þess að flæma kvenfólkið af fundinum. Von Lettow-Vorbeck hershöfðingi var lokaður inni á salerni undir ræðupallinum. Lögreglan þorði ekki að beita vopnum sínum af ötta við að hæfa saklausa fundarmenn. Að lokum rak lögreglan okkur út á götu, en þar héldu áflogin áfram fram á nótt. Almenningsfundi lýðræðissinna hafði verið algerlega sundrað, eins og svo mörgum öðrum fundum þeirra um allt Þýskaland.

Samvinna kommúnista við Hitler var ekki einskorðuð við að hleypa upp fundum og samkomum andstæðinganna. Vorið 1931 fóru þýskir þjóðernissinnar fram á þjóðaratkvæði til þess að fella jafnaðarmannastjórnina í Prússlandi. Ásamt fylgismönnum Hitlers söfnuðu þeir undirskriftafjöldi þeim, sem áskilinn var í lögum, til þess að stjórninni í Berlín bæri skylda til að láta þjóðaratkvæði fara fram. Við kommúnistar biðum eftirvæntingarfullir eftir svari við spurningunni: „Hvernig eigum við að greiða atkvæði? Ef við greiðum atkvæði með nasistum, þá getur það orðið jafnaðarmannastjórninni í Prússlandi að falli og samsteypa Hitlersinna og keisarasinna mun komast til valda í Prússlandi. Við eigum þó vissulega ekki að gefa atkvæði okkar til þess að Hitler verði stjórnandi Prússlands?“

Yfirstjórn kommúnista undir forustu Dímítrovs sendi okkur svarið í símskeytum og bréfum, í umburðarbréfum, pésnum og fyrirsögunum í flokksblöðunum: „Niður með jafnaðarmenn, höfuðvini verkamanna! Kommúnistar, skylda ykkar er að söpa



kratasvikurunum út úr stjórnarskrifstofunum!“ Meðan ógnarsveitir kommúnista og nasista lumbruðu því hverjar á öðrum í næturbardögum, gengu kommúnistar dyggilega á kjörstað til að greiða atkvæði með áhugamállum keisarasinns Hugenberg og fasistans Hitlers.

Verkfallsaldan, sem við höfðum komið af stað á fyrstu mánuðum ársins 1931, var vatn á myllu nasista. Námumenn gerðu verkföll í Ruhr, Saxlandi og Slésíu. Í umdæmi mínu við sjávarsíðuna fylgdu hafnarverkamenn fordæmi þeirra. Við reyndum af alefli að snúa þessu verkfalli upp í meiri háttar stjórnómáladeilu með því að egna fjöldann til bardaga við lögregluna. En verkamennirnir höfðu lært mikið af þungri reynslu og voru annaðhvort of þreyttir eða skorti trú á vald kommúnistaflokksins.

Hamborg og Brimar voru um þetta leyti mikilvægustu viðkomustaðir kaupskipaflotans rússneska. Við fengum skipanir um það með sérstökum sendimönnum, að rússnesk skip skyldu vera undanþegin verkfallinu. Það var *Parteibefehl*. Þegar hafnarverkamennirnir gerðu því verkfall, náði það til allra skipa, nema þeirra sem höfðu ráðstjórnarfánann uppi. Verkfallsráð okkar skipuðu sjálf verkamönnum í flokka til að hlaða og losa rússnesk skip, meðan skip annarra þjóða lágu í lamasessi. Allur fjöldi verkfallsmanna mótmælti þessu. Áróðursmenn nasista notuðu tækifærið og æptu: „Ráðstjórnarríkin skipuleggja verkfallsbrot! Meðan verkamennirnir svelta, þiggja kommúnistar kaup af ráðstjórnarskipum. Kommúnistaflokkurinn setur gróðavon Ráðstjórnarsambandsins hærra en hnífs- og skeiðarvon þýska öreigalyðsins.“

Okkur var mörgum grant í geði yfir því, að ráðstjórnin rússneska skyldi vera orðin stærsti frömuður verkfallsbrjóta í Þýskalandi. En flokksforingjar okkar létu engan bilbug á sér finna. „Þeir sem leggja niður vinnu undir merkjum hamars og sigðar,“ hrópuðu þeir, „eru skemmdarvargar við fimmáraáætlunina, svikarar við fyrsta land sósíalísmans!“ Verkfallsmenn, sem andmæltu þessu, voru bardír á fundum, sveitir Rauðu fylkingarinnar ráku þá frá höfninni og oft beint í útrétta arma Hitlersmanna.

Um leið voru herflokkar nasista að lauma sér inn í raðir okkar í því skyni að ná tókum á þeim iðngreinum, sem höfðu skellt skolleyrunum við áróðri þeirra. Í Brimum og Minden lá við sjálft að nasistar næðu meiri hluta í verkfallsnefndunum. Það verkefni að reka nasista út úr hafnarkvíunum og út úr þessum nefndum var falið Etkar André, einum af foringjunum úr hinu bannlýsta bandalagi Rauðu bardaga-sveitanna. Ég hafði hitt hann árið 1923 í greni Maríu Sjípora. Þessi hugumstóri risi og ágæti stríðsmaður fór fram með óvæginni grimmd, þegar að því kom að mala fylkingar Hitlers mélinu smærra.

Etkar André hafði náð miklum vinsældum meðal okkar, eftir að hann hafði af mikilli þryði hleypt upp nasistafundum, þar sem dr. Joseph Göbbels var aðalræðumaðurinn. André skipulagði rauðar ógnarsveitir í öllum norðurþýskum borgum, vopnaði þær rýtingum og belgískum sjálfhlepum og skipaði þeim: „Fyrir hvern

kommúnista, sem myrtur er, verður að drepa fimm nasista!“ Það var André, sem átti mestan þátt í að skapa vopnaðan félagsskap, sem nefndur var „Varnarlið andfasista“. Enginn maður blés stormsveitarmönnum meiri ótta og hatur í brjóst en Etkar André. Flugumenn okkar í Hitlersfylkingunum skýrðu frá því, að stormsveitarforingjarnir Karl Ernst í Berlín og Fiebelkorn í Hamborg hefðu ákveðið: „*André muß sterben!* — André verður að deyjja.“

Þegar hér var komið sögu, tveimur árum áður en Hitler komst til valda, var uppistaðan í Gestapo þegar orðin til. Nasistar höfðu tekið upp skipulag og aðferðir Tsjekunnar, og úrvalslíð stormsveitarmanna hafði sýnt mikla hæfileika í að líkja eftir fjöldahryðjuverkunum, sem runnin voru frá Rússlandi ráðstjórnarinnar. Upp frá þessu var beitt óöld gegn óöld.

Við vissum, að ákvörðun nasista um að „uppræta“ Etkar André mundi verða framkvæmd, hvað sem í húfi væri. André kallaði saman ráðstefnu 4. mars til þess að ræða stofnun sérstaks skóla, er skyldi æfa andfasista-varðliðið í hryðjuhernaði. Mér var boðið á ráðstefnuna, og hafði ég verið beðinn um að koma með lista yfir hugrakka unga kommúnista, sem væru hæfir til að stjórna ógnarherferðum gegn stormsveitunum. Við komum saman með mestu leynd í bakherbergi knæpu einnar í Fünfhausen, þorpi, sem lá nokkra kílómetra frá Hamborg. En André var ekki viðstaddur sjálfur, því að hann hafði fengið skipun um það rétt áður en fundurinn hófst að fljúga til Parísar í áriðandi herfræðilegum erindum.

Fundinum í Fünfhausen lauk mjög seint. Eftir að við höfðum fengið okkur glas af bjór, fórum við upp í strætisvagninn til Hamborgar. Með mér voru tveir aðrir kommúnistar, Karl Henning úr borgarstjórninni í Hamborg og félagi að nafni Cahnbley, sem hafði umsjón með leynilegri prentun á áróðursritum fyrir her og flota.

Fyrir utan Fünfhausen nam vagninn staðar. Þrír ungir menn, einn þeirra í einkennisbúningi stormsveitarmanns, stigu upp í vagninn og settust nálægt vagnstjóranum. Þetta var ekkert óvanalegt. Hitlersmenn voru á ferli dag og nótt í þessum úthéruðum. En er billinn brunaði eftir auðum veginum, stukku komumenn skyndilega upp og drógu upp byssur. Sá einkennisbúni þrýsti skammbyssu sinni að baki vagnstjórans. „Aktu áfram,“ sagði hann rólega.

Hinir tveir miðuðu byssum sínum aftur í vagninn. Á svipstundu varð mér það ljóst, að það mundi hafa verið njósnari á ráðstefnunni í Fünfhausen og að þessir þrír voru leigumorðingjar. Einn þeirra, stór, bláeygur piltur, miðaði byssu sinni á Cahnbley. „Þú ert André,“ hrópaði hann. „Við erum að leita að þér.“

Cahnbley hnipaði sig saman í sæti sínu. Hinir farþegarnir sátu eins og frosin lík. Félagi Henning greip fram í. „Láttu hann vera,“ sagði hann. „Þetta er ekki Etkar André.“

Nasistarnir snerust á hæl. Einn þeirra sagði byrstur: „Ég þekki þig. Þú ert á listanum hjá okkur, þú ert Henning.“

„Leggið þið skothólkana frá ykkur,“ sagði Henning.

Við litum hvor á annan, Cahnbley og ég. Í næsta vetfangi þustum við að morðingjunum. Byssur þeirra drundu við. Glerrúður fóru í spón. Stormsveitarmaðurinn frammi í vagninum skaut að Cahnbley og mér. Kona veinaði.

Við vorum óvopnaðir. Félagi Henning féll stynjandi í kjöltuna á konu, sem sat við hlið hans. Stóri, ungi nasistinn skaut ennþá á Henning. Nokkrar kúlurnar lentu í fótum konunnar. Hún engdist sundur og saman og æpti.

Félagi Cahnbley hafði farið úr öðrum skónum og var að ráðast á brúnstakkinn. Vagninn var fullur af púðurreyk. Lítið barn féll til jarðar. Hávaðinn í byssunum ætlaði að æra mann. Allt í einu greip Cahnbley fyrir andlitið og féll ofan á tvær konur í gangvegnum. Það blæddi úr báðum konunum. Kúla straukst við hvirfilinn á mér. Ég riðaði og datt niður milli sætanna.

Bíllinn nam staðar. Ég barðist gegn því að missa meðvitund og heyrði morðingjana skipa öllum farþegunum út á þjóðveginn. Ég lokaði augunum, lá grafkyrr og lét sem ég væri látinn. Ég var dreginn út úr bílnum og kastað í skurð við veginn. Nasistarnir skipuðu vagnstjóranum að aka áfram einum síns liðs. Þeir skáru á símalínurnar og voru síðan teknir upp í bíl, sem hafði fylgt strætisvagninum eftir.

Menn með vasaljós voru önnum kafnir. Blóð rann niður hnakkann á mér. Henning var látinn, með sjö skot í höfði og brjósti. Cahnbley hafði misst annað augað og hluta af nefinu. Særða barnið kjökraði. Tvær særðar konur voru meðvitundarlausar. Sú þriðja veinaði látlaust fullum rómi. Einhver laugaði höfuð mitt köldu vatni. Áður en lögreglan kom, staulaðist ég burt í myrkrinu. Ég komst til Hamborgar með mjólkurbíl.

Tveimur kvöldum síðar sat ég á ræðupalli á fjölsóttum fundi kommúnista í Sagebiel-salnum í Hamborg. Flokksleiðtoginn Ernst Thälmann talaði. Hann skoraði á menn að stofna rauðar eftirlitsnefndir í borg og sveit til varnar gegn ógnum nasista.

Er Thälmann hafði lokið máli sínu, stóð ég upp og ávarpaði fundinn. Fundarstjórinn kallaði sárabindið sem ég var með um höfuðið, „aðalsmerki byltingarinnar“. Ég hvatti mannfjöldann til að reka slettirekur nasista út úr verkamannahverfunum og hefna dauða félaga Hennings. Ég lauk máli mínu með orðunum: „Niður með fasismann! Þýskaland er ekki Ítalía!“

Úr fimmtán þúsund börkum gullu við óp um hefnd. „*Rache! Rache!*“

GPÚ-manninum Michael Avatin var falið að hafa uppi á morðingjum Hennings. Hann náði þeim, en varð að fá þá lögreglunni í hendur. Dómararnir sem fóru með mál þeirra voru, eins og flestir þýskir dómarar, vildarvinir nasista. Morðingjarnir hlutu fangelsisdóma og var sleppt skömmu eftir að Hitler komst til valda. Þeir urðu allir þrír síðar liðsmenn Gestapo í Hamborg.

# Ráðstjórnarskipstjóri

PREUSS SKIPSTJÓRI, SKÓLASTJÓRI stýrimannaskólans, kallaði mig á skrifstofu sína. Í veðurbörðu andlitinu voru augu hans snör og unleg. Stóru, loðnu eyrun, sem gáfu andliti hans heldur skoplegan svip, virtust kippast fram á herskóa vísu.

„Skipin verða að sigla,“ sagði hann með ofsa eins og hann var vanur. „Og táp-mestu piltarnir á guðs grænni jörð eru rétt aðeins nógu góðir til að sigla þeim. Ertu með?“

„Já.“

„Andskotinn hafi það,“ hélt Preuss áfram. „Nú er komið langt fram í febrúar. Stýrimannaprófin verða eftir viku. Og hvað gerir þú? Þú sóar tíma þínum með þessum rauðu lubbum! Þú gætir látið englunum verða bumbult! Ég gæti hringt til vaktaslita og látið sparka þér út. En ég er ekkert annað en góðhjartaður kjáni. Ég vil, að þú gerir þér ljóst, að þú ert staddur þar, sem siglingarennurnar kvíslast. Önnur stefnan, sú sem þú tekur núna, liggur upp á sandgrynningar. Hin liggur um hreint og djúpt hafið. Ég mundi ekki gefa tvo aura fyrir þig, ef þú værir ekki sonur gamals sjómanns.“ Orð skipstjórans klufu í sundur gervibrúna, sem ég hafði smíðað mér í huganum til þess að sameina tvær andstæðar hvatir — byltingarhvötina og hvötina til að stjórna skipum. Ég heyrði rödd Preuss skipstjóra eins og dunur í fjarska.

„Við eigum allir heimskupör okkar og drauma okkar, drengur minn. Suma draumana getum við látið rætast, suma — aldrei! Þú getur gengið heiðvirða veginn.“ Hann beit endann af vindli og bætti við: „Eða þú getur farið til helvítis.“

Ég gat ekki safnað kröftum til þess að taka hreina ákvörðun. En ég ásetti mér að taka stýrimannsprófið. „Það getur verið, að ég losi mig undan hlekkjunum og taki hið mikla stökk síðar,“ hugsaði ég.

Ég hélt mér vakandi á nóttunni á svörtu kaffi, koníaki og vindlingum, á meðan ég var að búa mig undir prófið. Ég var þakklátur fyrir það, sem ég hafði lært í San Quentin, þegar ég útskrifaðist sem annar í röðinni af seytján nemendum og hlaut jafnvel heiðarleg ummæli í borgarablöðunum í Brimum. Mér var fengið skjal, sem veitti mér rétt til að stjórna skipum af hvaða stærð sem væri á öllum höfum.

Ég horfði lengi á skipstjórnarskírteini mitt. „Fyrir mér ertu ekki annað en pappírbleðill,“ hugsaði ég, „ekki meira virði en hlutabréf í gúmmíekru á tunglinu.“ Var ég ekki á svarta listanum hjá hverjum einasta skipaeiganda í landinu?

Næstu þrjár vikur var ég önnum kafinn við starfsemi meðal hafnarverkamanna við Rín. Firelei hafði gengið á námskeið í flokksskóla og starfaði nú hjá Weltfilm

í Hamborg, en það fyrirtæki verslaði með ráðstjórnarkvikmyndir. Þegar ég kom heim aftur, fann ég fyrir bréf, sem bauð mér að koma til viðtals á aðalskrifstofu Norðurþýska Lloyd.

Mér var vísað inn á skrifstofu von Thülen's kapteins, forstjóra siglingadeildarinnar. Hann sagði, að félagið, eitt elsta og mesta skipafélag í heimi, væri ávallt að svipast um eftir ungum, gáfuðum mönnum, sem vildu gerast yfirmenn á skipaflotanum. Hann fór gremjulegum orðum um samband mitt við kommúnismann, ráðlagði mér að segja skilið við róttækar stjórnmalastefnur og bauð mér stýrimannsstöðu á einu af farþegaskipunum, sem sigldu til Austurasíu! Paul König sjóliðskapteinn, maðurinn, sem hafði siglt kaþbátnum *Deutschland* frá Brimum til Baltimore og heim aftur á heimsstyrjaldarárunum, kom til liðs við von Thülen. Báðir þessir miklu, gömlu sjógarpar lofuðu mér hinni björtustu framtíð með því skilyrði, að ég sliti öllu sambandi við kommúnistaflokkinn.

Þetta var tækifæri, sem kemur ekki tvisvar á æviskeiðinu. Og ég vissi það. Góð, heiðarleg atvinna, öryggi og vonin um heiðvirda framtíð blöstu við mér. Ég gat kosið milli þess að láta æskudrauma mína rætast og að lifa í hætтуþrunginni óvissu sem byltingarmaður að iðn. Í margar mínútur barðist ég áköfum innri bardaga.

Að lokum hafnaði ég boðinu. Borgaralegur heiðarleiki var ekki það, sem ég sóttist eftir. Ég var tengdur Komintern, og ég ætlaði mér að lifa og deyja með Komintern. Ég þakkaði sjógorpunum fyrir góðvild þeirra. Þeir gátu ekki skilið, hvernig nokkur ungur sjómaður gat hafnað slíku boði. Í augum þeirra var ég fullkominn kjáni, sem var ekki viðbjargandi.

Eins og blindur maður staulaðist ég ofan þykku teppin á stiganum í byggingu Norðurþýska Lloyd. Þegar á götuna kom, grét ég eins og barn án þess að hugsa um þá, sem fram hjá gengu og störfu, og ég yfirbugaðist af flóði hræðilegrar, hjálparvana reiði gegn sjálfum mér. Ég hafði brennt að baki mér síðustu brúna til þess lífs, sem bauð mér eðlileg skyldustörf og eðlilega dægrastyttingu.

Firelei varð fól og þögul, þegar ég sagði henni upp alla sögu.

„Þarf það að vera svona?“ virtist mér hún segja með hrygð sinni. „Allt fyrir málstaðinn — og ekkert fyrir okkur sjálf.“

Flokkurinn fékk veður af því, að ég hefði skipstjórnarskírteini. Í lok maímánaðar var ég kallaður til Berlínar, og stúlkan, sem tók á móti mér á stöðinni, fór með mig beina leið á fund á skrifstofu Ernsts Thälmanns í Karl Liebnecht-húsinu. Thälmann, Fritz Heckert, Hermann Remmele og Dímítrov voru viðstaddir.

Dímítrov, sem angaði eins og venjulega af ilmvatni, glotti út undir bæði eyru. „Þú ert fyrsti yfirmaður á skipi, sem er líka í kommúnistaflokknum,“ sagði hann.

Remmele hló. „Í Sovét-Þýskalandi verður þú fyrsti stóraðmírall rauða flotans,“ þrumaði hann.

Fritz Heckert strauk lina ístruna á sér og sneri sér að efninu: „Þú verður nú að fara á kreik meðal yfirmanna og vélstjóra á kaupskipaflotanum og mynda byltingarsellur í hópi þeirra.“

Ég sagði félögum mínum ekki, að mér hefði verið boðið stýrimannsstarf. Þeir tóku það sem sjálfsgaðan hlut, að nafn mitt væri á svörtu listunum á hverri einustu skipaeigendaskrifstofu milli Königsberg og Emden. En Heckert og Dímítrov voru ekki seinir á sér að setja fram uppástungur sínar um starf mitt, en samkvæmt þeim átti ég að gerast félagi í hinu stærsta af sjö félögum, sem til voru fyrir skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra. Það átti að setja upp stefnuskrá með kaupkröfum yfirmanna á skipum, gefa út blað, sem berðist fyrir samstarfi yfirmanna og háseta gegn skipaeigendum og mynda „Einingarsamband yfirmanna á skipum“. Félagi Dímítrov benti á, ef þessar fyrirskipanir heppnuðust í Þýskalandi, að þá væri hægur vandi að koma af stað sams konar hreyfingum í öðrum siglingalöndum, sérílagi Englandi, Frakklandi og Bandaríkjunum. Mér voru veittir átta hundruð dalir á mánuði til að byrja með til að standast kostnað og lofað viðbót síðar eftir þörfum. Peningana átti ég að fá úr sjóði Vesturevrópu-skrifstofu Profinterns, en hún fékk þá eitt hundruð þúsund dali á mánuði frá Moskvu og var undir stjórn Fritz Heckerts í Berlín.

Ernst Thälmann sem hafði setið úti í horni, óhreyfanlegur eins og trédrumbur, stakk upp á því, að ég skyldi fyrst dvelja um hríð í Rússlandi til að kynna mér aðferðir siglingamálasambandsins þar. Dímítrov og Heckert féllust undireins á það.

„Þar sem ég hef ekki haft neina reynslu sem yfirmaður á skipi,“ mótmælti ég, „verður mér sparkað út af fyrsta fundi, sem ég kem á. Nasistarnir munu standa upp og segja: „Þessi maður hefur aldrei staðið á stjórnþalli og kemur nú hingað til þess að skipa stýrimönnum og vélstjórum fyrir verkum“.“

„Jæja,“ sagði Dímítrov. „Þá skulum við útvega þér skipsrúm. Þú skalt fá atvinnu sem skipstjóri á ráðstjórnarskipi. Þú verður að sjá um að hafa nokkra nasista í skipshöfninni, svo að þeir sjái með eigin augum, að þú ert raunverulegur yfirboðari skipsins.“

Þetta var fjarstæðukennt á að hlýða. En ævintýrakeimurinn við þessa uppástungu kom blóði mínu á hreyfingu. Dímítrov lofaði að láta mig vita, þegar hann hefði fundið hæfilegt skip. Á meðan átti ég að undirbúa jarðveginn fyrir herferð meðal yfirmanna á kaupskipaflotanum.

Í Hamborg dvaldi ég sjö daga við að kynna mér hin ýmsu félög yfirmannanna og fara um borð í skip til þess að ræða við stýrimenn og vélstjóra. Síðan ritaði ég fyrsta tölublað blaðsins fyrir yfirmenn skipa. Ég kallaði það *Stjórnþallinn* og lét prenta það í fimm þúsund eintökum í prentsmiðjum flokksins. Ég lagði síðan af stað í ferðalag til allra þýskra hafna. Í hverri höfn valdi ég mér úrvals sveit ungra félaga til þess að aðstoða við að dreifa út áróðursritum og selja yfirmönnum á skipum blað mitt, *Stjórnþallinn*.

Ég var í Danzig þegar ég fékk skeyti frá Berlín. Í því stóð: „Gefðu þig fram við ræðismann ráðstjórnarinnar í Brimum til að taka við stjórn á Soviet Pioner. Veldu sjálfur áhöfn. Wollweber.“

Hjarta mitt hamaðist. Sjónhverfingamegn Kominterns höfðu kunnað galdurinn.

Tuttugu og sjö ára gömlum, án allrar reynslu í skipstjóra, var mér sagt að fara og gerast skipstjóri. Ég ók í loftköstum til Hamborgar á vélhjóli. Klukkan níu morguninn eftir var ég kominn til Firelei. Með öndina í hálsinum sagði ég henni af hlutverki mínu.

„Lof mér að koma með þér,“ sagði hún undireins.

„En flokkurinn?“ spurði ég. „Þú getur ekki farið, nema þú fáið brottfararleyfi.“

„Hvað sem flokknum líður,“ sagði hún ákveðin. „Ef þú verður skipstjóri, fer ég þess á leit, að ég verði skráð sem káetudrengur.“

Ég boðaði formann bandalags yfirmanna á skipum í Hamborg, félagi Karl Meininger, á minn fund, og setti hann yfir allar deildir okkar í þýskum höfnum, meðan ég væri fjarvistum. (Þennan Meininger tók Gestapo fastan árið 1934, og var hann dæmdur fyrir landráð, en hann flýði frá Þýskalandi árið 1936 og varð síðar skipstjóri á kaupskipi í Palestínu.) Síðan tókum við Firelei saman þjónkur okkar í skyndi og ókum með lestinni yfir Lüneburg-heiði til Brima.

Á ræðismannsskrifstofu ráðstjórnarinnar í Brimum hitti ég fyrir fulltrúa frá Sovtorgflot, rússneska skipahringnum, sem hafði eftirlit með smíði ráðstjórnarskipa á þýskum skipasmíðastöðvum. Ræðismaðurinn kynnti hann sem Kostin skipstjóra og taldi hann vera fyrrverandi kabátsforingja úr flota Rússakeisara.

„Vinir okkar í Berlín hafa mælt mjög ákaflega með yður,“ sagði ræðismaðurinn við mig. „Ég geng út frá því, að þér hafið reynslu í öllum greinum skipstjórnar á verðmættu skipi.“

„Auðvitað,“ svaraði ég af ófyrirleitni.

Sú staðreynd, að „vinir okkar í Berlín“ sem höfðu mælt með mér, vissu ekki annað né meira um skip en að stefnið vissi fram og skuturinn aftur, fékk lítið á ræðismanninn. Kostin skipstjóri, fjórlegur, lítill maður, klappaði mér á öxlina og fór með mig út í bifreið sína, sem stóð fyrir framan ræðismannsskrifstofuna. Við ókum saman til Vulkan-skipasmíðastöðvarinnar.

Skip mitt, *Pioneer*, var stórt og fallett haffært dráttarskip, sem nýlokið var að smíða, og átti það að vera í förum við norðurströnd Síberíu. Hlutverk mitt var að fara með skipið norður fyrir Horn í Noregi til Múrmansk, en þar átti rússnesk áhöfn að taka við því og sigla því að mynni Jenisej-fljótsins. Í skipinu voru sameinaðar ítrasta iðnkunnátta og nýjustu framfarir í skipasmíðatækni, og það var búið tveimur 860 hestafla Dieselvélum.

Ég komst brátt að því, að Kostin skipstjóri var hreinasti viðvaningur í öllu, sem að siglingum laut. Hann vissi ekki, hvað drifakkeri var. Hann þekkti ekki einu sinni á áttavita. Ef skipasmíðirnir í Þýskalandi hefðu ekki verið jafnheiðarlegir og þeir voru, þá mundi Kostin hiklaust hafa sent hvaða lekabyttu sem væri til þess að bjóða hinum ísþökku siglingaleiðum í Norðurhöfum byrginn, ef byttunni hefði aðeins svipað til skips að útliti. Mér datt fyrst í hug að kæra þennan brellubósa fyrir GPÚ. Kostin var í augum mínum svikahrappur, sem stofnaði framkvæmd fimmáraáætlunarinnar í hættu og átti skilið að verða skotinn.

En Firelei bjargaði lífi Kostins skipstjóra. Henni fannst hann vera elskulegur karl. Hann hélt okkur konunglegar veislur, veitti okkur dýrindis mat, lét okkur fá herbergi á besta hóteli og sagði okkur af mikilli hrifningu, að Múrmansk mundi brátt verða fremsta fiskveiðihöfn í heimi, jafnast á við — og fara fram úr — Geestemünde, Grimsby og Hull.

Ég hafði frjálssar hendur til að útbúa *Pioner*. Ég keypti heilt fjall af matvælum, sem áttu ekki aðeins að duga okkur til norðurferðarinnar, heldur líka til járnbrautarferðarinnar heim aftur, því að ég vissi, að Rússar voru þá afskaplega sultin þjóð. En þegar ég fór að velja mér áhöfn, komst ég í vandræði.

Auk Firelei, sem átti að vera matselja á *Pioner*, vantaði mig tíu menn: vélstjóra, þrjá olúkyndara, stýrimann, fjóra háseta og hjálparmatsvein. Ég hafði í hyggju að velja að minnsta kosti fjóra menn af skipshöfn minni meðal atvinnulausra félaga í yfirmannasambandinu, helst félaga úr nasistaflokknum, til að hafa þess óræk vitni, að ég hefði verið skipstjóri í raun og veru. Hinir sex áttu að vera reyndir sjómenn úr kommúnistaflokknum. En yfirstjórn kommúnista í Brimum, með félagana Robert Stamm og Nickel í broddi fylkingar, sprengdi þessar fyrirætlanir.

Stamm og Nickel héldu því fram, að mér bæri að hlýðnast skipunum þeirra. Þeir hömuðust á móti áformunum um að taka nokkra nasista með. Þeir fullyrtu, að nasistarnir mundu sigla skipinu í strand á leiðinni, fremja skemmdarverk og fást við njósnir, þegar þeir væru komnir til Ráðstjórnarríkjanna. Öll áhöfn *Pioners* átti að vera flokksmenn, og Stamm og Nickel ætluðu að útvega þá.

Við sættumst á málið að lokum. Flokksstjórnin átti að sjá um fimm menn af skipshöfninni, en ég fékk að velja hina fimm, að því tilskildu þó, að enginn þeirra væri úr neinum andstæðingafélagsskap. Eftir að samningar höfðu verið undirritaðir, vegabréf áletruð og *Pioner* var ferðbúinn, komst ég að því, að af þessum fimm mönnum, sem flokkurinn hafði útvegað, hafði ekki einn einasti starfað á skipsfjöli áður. Þeir voru ekki annað en vildarmenn flokksforingjanna í Brimum, sem sáu sér leik á borði að krækja sér í auðunna peninga og litu á ferðina sem hreina skemmtiferð til föðurlands öreiganna.

Rauðir fánar blöktu, eimpípur orguðu, sendinefndir frá flokknum kvöddu okkur, Kostin skipstjóri varpaði brosum og fingurkossum til Firelei, og *Pioner* lagði út á fljótið og beindi stubbótta stefninu til hafs. Ég stikaði um stjórnvallinn, reyndi að leyndi stolti mínu og setti upp yfirlætislausan svip kunnáttumannsins, en veitti þó athygli hverri hreyfingu hins hæruskotna, gamla Weser hafnsögumanns, er hann mjakaði skipinu ofan fljótið.

Ég hafði engan reyndan stýrimann. Vélstjóri minn var í rauninni bílavíðgerðarmaður. Af hásetunum kunnu ekki nema tveir að stýra skipi. Hinir bættu það upp með því að kjósa fulltrúaráð, matvælaráð og menningarráðunaut til þess að sjá um marxista-skemmtanir á leiðinni. Neðan við bæinn Brake mættum við aðfallinu og lentum í kröppum sjó. Áður en við náðum Brimahöfn, þar sem áin rennur út



í sjó, héngu forseti matvælaráðsins og menningarráðunauturinn á borðstokknum myglugrænir í framan.

„Þig vantar ekki kjarkinn,“ sagði gráhærði hafnsögumaðurinn og sneri sér að mér. „Ég vildi ekki fara til Múrmansk á þessu skipi fyrir milljón rúblur.“

Undan Brimahöfn kom tollbáturinn að skipshliðinni til þess að taka innsiglin af vistum okkar, sem við höfðum keypt í fríhöfninni. Þar á meðal voru margir kassar af koníaki og nokkur þúsund vindlingar. Mér til skelfingar kom tollþjónninn æðandi upp á brúna.

„Innsiglin á geymslunni eru rofin,“ æpti hann. „Með hvaða rétti rjúfið þið tollinnsiglin, áður en þið eruð komnir út úr þýskri landhelgi?“

Ég fór undir þiljur og tollvörðurinn fokvondur á eftir mér. Ég komst að því, að félagarnir í matvælaráðinu, sem var ókunnugt um reglugerð fríhafnarinnar, höfðu brotist í vistirnar í ákefð sinni við að skipuleggja úthlutun matvælna í ferðinni. Nú stóðu þeir þarna eins og rölur. Einhver nöldraði um „burgeisaáreitni“ af hálfu tollþjónanna.

„Hver rauf þessi innsigli?“ hélt tollvörðurinn áfram. „Hve mörgum vindlingum hefur verið smyglað í land frá Brimum og hingað? Hve mörgum koníaksflöskum, hve mörgum smjördósum hefur verið smyglað í land? Ég neyðist til að gera skipið upptækt! Ég skipa ykkur að fara með skipið til Brimahafnar til rannsóknar!“ Öll mótmæli mín voru árangurslaus. Þrír tollverðir voru settir um borð í *Pioneer*, og hann skreiddist lúshægt inn til Brimahafnar, en þar bundu aðrir verðir hann formálalaust við bryggju.

Nú kom tíu klukkustunda rífrildi og samningaumleitanir. Á tollstöðinni var ég yfirheyður eins og ég væri sjóræningi. Það var leitað í *Pioneer* frá stafni til skuts. Það var gerð grein fyrir hverri koníaksflösku, hverjum vindlingi, hverju kílógrammi af smjöri, kaffi og hrísgrjónum. Meðan ég var að svara spurningum og skrifa undir yfirlýsingar til þess að gera yfirvöldin ánægð, gripu félagar mínir um borð tækifærið til þess að skjóta á röð af skyndifundum meðal hafnarverkamanna og lögregluþjóna við höfnina.

Vísarar-hafnsögumaðurinn fór, eftir að hann hafði svarið þess eið, að engu hefði verið smyglað í land, og sagði: „Ungi maður, þú kemst aldrei til Múrmansk.“

„Við sektum yður um þrjú hundruð mörk, og málskostnaður verður tuttugu og þrjú mörk,“ tilkynnti tollþjónninn, sem hafði haft rannsóknina með höndum. „Þér getið greitt sektina og hypjað yður burt. Þér getið líka áfrýjað úrskurðinum. Ef svo er, verður lagt hald á skipið, þangað til dómstólarnir hafa útkljáð málið.“

Ég greiddi sektina og gnísti tönnum. Það tæmdi að mestu sjóð skipsins. Síðan fór ég aftur um borð og tilkynnti menningarráðunautnum og félögunum þremur, að þeir væru reknir.

„Þú hefur ekkert vald til að reka okkur,“ mótmæltu þeir. „Við boðum skipshöfnina á fund til þess að gera samþykkt um málið.“

„Þið eruð reknir, kauplaust,“ hvæsti ég. „Þið eruð reknir! Takið þið þjónkur ykkar og snautið af mínu skipi.“

„Við neitum að fara af skipinu.“

„Snautið í land!“

„Þessi hegðun er ósamboðin öreiga,“ sögðu þeir. „Við kærum til flokksins.“

„Snáfið af skipinu,“ sagði ég, „annars læt ég taka ykkur fasta fyrir uppreisn.“

Þeir neituðu að hreyfa sig. Firelei og vélstjóri minn settu brunaslönguna í samband, og vélstjórinn setti dælurnar í gang.

„Af skipinu!“ skipaði ég aftur.

„Þú skalt fá að svara til saka fyrir eftirlitsráði flokksins,“ hamaðist menningarráðunauturinn.

„Látið buna á þá!“

Firelei og vélstjórinn beindu bunandi slöngunni á hina þrjóskufullu félagu og ráku þá eftir þilfarinu og inn í klefa þeirra með gusum af olíubrákuðu vatni úr höfninni. Að lokum forðuðu þeir sér allir fjórir upp á bryggju. Vélstjórinn, félagi Lausen, stóð vörð með skruflykil, til þess að koma í veg fyrir, að þeir kæmust aftur um borð.

Ég flýtti mér til hafnarskrifstofu kommúnista og réð fjóra nýja háseta. Síðan náði ég í blaðabifreið flokksins og sendi mennina fjóra til Brima til þess að fá vegabréfsáritanir hjá ræðismanni ráðstjórnarinnar. Innan átta klukkustunda voru þeir komnir aftur.

Á meðan hafði hraðboði komið til Brimahafnar með eftirfarandi skeyti frá Kostin skipstjóra:

„Kæri félagi, þú gerir svo vel að sigla e.s. Pioneer til Kílar og taka þar e.s. Lososí í eftirdrag. Lososí liggur við kolastöðina í Kílarfirði og Pioneer verður að draga hann til Múrmansk. Ég hitti þig í Kíl. Með alþjóðakveðju, Kostin.“

*Pioneer* var brátt kominn af stað. Þegar við vorum komnir á rúmsjó, tók ég stefnu til austurs milli eyjanna Helgoland og Scharhörn, sigldi inn í mynni Elfur, fram hjá Cuxhaven og renndi inn í stíflugáttirnar hjá Brunsbüttel við Norðursjávarendann á Kílaraskurðinum. Þegar strandvarnarstöðin í Cuxhaven dró upp flaggmerki: „Hvaða skip?“ svaraði ég hreykinn: „Pioneer, frá Brimum til Múrmansk.“

Milli Kílar og Horns í Noregi var löng og hættuleg sjóleið, en ég var ráðinn í að koma skipi mínu til Múrmansk eða líta aldrei framan í nokkra lifandi skepnu að öðrum kosti. Áður en við fórum frá Brunsbüttel, barst mér símskeyti frá Brimum. Ég vissi þegar, að skeytið var frá kommúnistaflokknum, sent að undirlagi menningarráðunautsins og matvælaráðsins. Það hljóðaði svo:

„Þér er hér með vikið úr kommúnistaflokknum fyrir ósæmilega tækifærisstefnu og hegðun, sem er ósamboðin öreiga. Yfirgefðu skipið Pioneer nú þegar. Nickel.“

Ég náði í sendil frá skipreiðasala og bað hann um að senda fyrir mig símskeyti til Brima.

„Farið til fjadans,“ símaði ég. „Ég og Pioneer á leið til Múrmansk.“

Við fórum um Kílarsskurðinn að næturlagi. Það var eins og að sigla eftir uppljómaðri þjóðbraut. Um dögun mætti ég tundurspilladeild, sem brunaði í gagnstæða átt. Ég heilsaði með rauða ráðstjórnarfánanum, þegar lágsigldu, gráu herskipin fóru framhjá og hafði þá ánægju að sjá deildir úr þýska flotanum kippa gunnfánum sínum upp og ofan og taka þannig mark á skipi, sem ég stjórnaði.

Á hinum risavöxnu stíflugörðum í Holtenau, Eystrasaltsmegin, stóð Kostin skipstjóri, lítill og nettur og glotti í kveðjuskyni. Hann gekk á skipsfjöl, og við höldum til skipalægisins, þar sem úthafstogarinn *Lososí*, nýr á Germania-skipasmíðastöðinni í Kíl, lá bundinn við skrokk af gömlum kolabarki. Ég sá undireins, að *Lososí* var einn nýjasti og fullkomnasti togari, sem til var. Hann var rúmlega tvöfalt stærri en *Pioner*.

Það var engin áhöfn á *Lososí*. Kostin hélt því fram, að það þyrfti enga áhöfn, fyrst *Pioner* ætlaði að taka togarann í eftirdrag. Ég kvaðst þurfa að minnsta kosti þriggja manna áhöfn á *Lososí*, jafnvel þó að hann væri dreginn. Það þyrfti engu að síður að stýra honum, sérílagi á hinum skerjóttu siglingaleiðum við strendur Noregs. Kostin skipstjóri skýrði mér frá því með mörgum fögnum orðum, eins og honum var títt, að Sovtorgflot hefði ekki gert neinar ráðstafanir til að manna *Lososí*.

„Jæja, ef svo er,“ andmælti ég, „þá ert þú Sovtorgflot. Þess vegna getur þú gefið mér umboð til að ráða þrjá menn í viðbót.“

„Það er ekki nokkur leið,“ sagði Kostin. „Ég get ekki tekist á hendur slíka ábyrgð.“

Hann fékk mér skipsskjölin, og ég kvittaði fyrir móttöku eins nýs togara.

„Meðal annarra orða,“ sagði Kostin, „hefurðu sjúkort af Þrándheimsfirði?“

„Nei.“

„Fyrir alla muni, fáðu þér kort af Þrándheimsfirði,“ sagði hann. „Þar er lítill hafnarbær, sem heitir Muruvík. Á leiðinni til Múrmansk áttu að koma við í Muruvík og taka tvö hundruð smálestir af trjávöðu. Þessi trjávöða á að fara til Múrmansk.“

„Trjávöðu?“ endurtók ég hissa.

„Trjávöðu, auðvitað, trjávöðu. Skipaðu trjávöðunni út í *Lososí* og farðu með hana til Múrmansk. Hérna eru skjölin. Allt er í besta lagi.“

Ásamt trjávöðuskjölunum fékk hann mér flösku af Kupferberg Gold kampa-víni og stökk út í bátinn, sem beið. Hann átti að fara aftur til Brima og hafa „yfirumsjón“ með, að öðru dráttarskipi væri hleypt af stokkunum. Þegar báturinn lagði frá skipshliðinni, hrópaði ég á eftir honum:

„Hæ, hvernig væri það, ef ég fengi kaðal til þess að draga *Lososí* á?“

„Það er ágætis dráttartaug á *Pioner*,“ hrópaði hann aftur og veifaði báðum handleggjum af kæti.

Ég fór með tvo háseta fram í lest til þess að ná í dráttartaugina. Hún reyndist aðeins vera afskorinn bútur af festarkaðli, innan við þrjátíu metra á lengd, allt of stutt til þess að draga skip á stærð við *Lososí* yfir mikinn hluta Atlantshafs. Ef

taugin var of stutt, var hætt við, þegar haldið væri undan í stórsjó, að annað skipið kastaðist upp á hitt og þau brotnuðu bæði. Auk þess gat stutt taug, sem hafði engan teygjukraft, hrokkið í sundur við snöggan kipp. Ég sá, að ég mundi þurfa að fá aðra taug.

Ég lét ekki þá staðreynd á mig fá, að það var engin áhöfn á *Lososí*. Ég gat sett þrjá menn af *Pioner* um borð í *Lososí* og látið mér sjálfum nægja níu. Ef rússneskir verkamenn gátu nærst á brauði og gúrkum og framkvæmt fimmáraáætlunina á þremur árum, þá ætti ég að geta siglt tveimur skipum til Múrmansk með einni áhöfn.

Ég fór í land og hringdi til Derutra, ráðstjórnarskipafélagsins í Hamborg. Í símann svaraði glaðleg rödd með þykkum rússneskum hreim.

„Mig vantar dráttartaug,“ sagði ég. „Mig vantar dráttartaug af fullri lengd, annars get ég ekki lagt af stað til Múrmansk.“

„Dráttartaug? Gerðu svo vel að skýra það nánar, félagi.“

Ég skýrði mjög rækilega eðli og tilgang dráttartauga, og að því loknu skýrði ég frá því, hvers vegna ég gæti ekki siglt án dráttartaugar. „Mig vantar góða, langa dráttartaug,“ lauk ég máli mínu. „Mig vantar hana nú þegar.“

Röddin við hinn endan á símanum þagnaði. Ég heyrði óm af orðasennu á rússnesku. Síðan svaraði röddin: „Það getur verið, að þig vanti dráttartaug, félagi. Ég efast ekki um það. Það hefur talsverðan kostnað í för með sér — jæja, það er best að þú talir við félagann, sem hefur umsjón með vörukaupum erlendis.“

Félaginn, sem hafði umsjón með vörukaupum erlendis, sagði til sín.

„Mig vantar dráttartaug ...“ Enn á ný skýrði ég málið frá upphafi til enda.

„Það er ágætt,“ sagði félagi erlendra vörukaupa. „En hvaða tryggingu höfum við fyrir því, að dráttartaugin sé send hingað aftur, þegar hún er einu sinni komin til Múrmansk? Við sjáum hana aldrei aftur. Við ...“

„En mig vantar dráttartaug,“ andvarpaði ég í símann.

„Eðlilega, eðlilega, en ég get ekki tekið ákvörðun um það svona í hvelli, félagi. Ég ætla að gefa þér samband við féлага varaforsetann. Hann getur sjálfsagt komið þessu í kring.“

Félagi varaforsetinn var í símanum.

„Mig vantar dráttartaug ...,“ endurtók ég.

„Vissulega, félagi, ... leyfðu mér aðeins að láta féлага ritarann fara yfir áhaldalista *Pioners*. ... Gerðu svo vel að hafa þolinmæði eitt augnablik.“

„Mig vantar dráttartaug,“ galti ég. „Ég get ekki lagt úr höfn, nema ég fái dráttartaug. Dráttartaug kostar þrjú hundruð mörk. Það er ódýrara að kaupa hana núna en að eyða peningum í hafnargjöld.“

„Við skiljum það mætavel,“ svaraði hinn blíðlega. „En ... segjum að dráttartaug sé ekki alveg bráðnaudsýnleg. Ég get ekki keypt dráttartaug, nema ég hafi kynnt mér alla málavöxtu til hlítar.“

„Félagi varaforseti, ... Mig vantar dráttartaug.“

„Já, já.“ Og síðan í sorgbitnum tón: „Gerðu svo vel að bíða. Ég get ekki tekið þá ábyrgð sjálfur.“

Ég beið. Ég hringdi aftur. Ég var í símanum í klukkutíma. Loksins svaraði frá Hamborg: „Við höfum ekkert vald til að kaupa dráttartaug handa yður. Samkvæmt áhaldalistanum á að vera ágæt dráttartaug á Pioner.“

Ég jagaðist dálítið enn. Derutra í Hamborg sagði mér að bera málið undir viðskiptanefnd ráðstjórnarinnar í Berlín. Ég hringdi til Berlínar.

„Mig vantar dráttartaug,“ sagði ég, „til þess að sigla tveimur nýjum skipum til Múrmansk. Ef ég fæ ekki dráttartaug, verða bæði skipin innlyksa í Kíl.“

Berlínarmegin í símanum sagði dimm rödd: „Gott og vel. Við skulum ræða málið. Hringdu aftur eftir tuttugu og fjóra tíma.“

Ég beið í tuttugu og fjórar klukkustundir. Kostnaður við að liggja í höfn nam nærri hundrað mörkum á sólarhring. Síðan hringdi ég aftur til Berlínar.

„Það er skipstjórinn á Pioner, sem talar. Hvernig er með dráttartaugina?“

„Ó, já, dráttartaugin. Við höfum sett okkur í samband við Hamborg. Hamborg segir, að það sé til ágæt dráttartaug um bord í Pioner. Gerðu svo vel að færa þér hana í nyt.“

„Það er engin dráttartaug til,“ orgaði ég bálreiður. „Það er taug — hún er á lengd við hundsrófu, ... hún er gagnslaus til dráttar, ... mig vantar nothæfa dráttartaug.“

„Nú, taug til að draga á.“

„Já, taug til að draga á.“

„Gerðu svo vel að hafa þolinmæði. Við getum ekki ákveðið þetta svona út í bláinn.“

Þá hringdi ég til Kostins í Brimum. Ritari hans sagði, að Kostin skipherra hefði verið kallaður til Berlínar út af einhverju dráttartaugarmáli.

Annar dagur leið. Önnur hundrað mörk af fé Rússa fóru til fjanans. Snemma næsta morguns hringdi ég aftur til Berlínar.

„Þetta er skipstjórinn á Pioner og Lososí. Mig vantar dráttartaug til að ...“

„Félagarnir eru ekki komnir enn,“ svaraði kvenrödd, „þeir koma klukkan tíu.“

Ég hringdi klukkan tíu.

„Hvernig er með þessa dráttartaug?“ þrumaði ég.

„Alveg rétt,“ sagði dimma röddin, sem ég hafði heyrt tveimur dögum áður. „Já, það var þessi dráttartaug. Við ætlum að senda mann á morgun til þess að ganga úr skugga um, að það sé engin dráttartaug til um bord í Pioner.“

„Þið eruð glæpamenn,“ öskraði ég í símann. „Þetta er skemmdartilræði við fimmáraáætlunina. Ef ég verð ekki búinn að fá dráttartaug fyrir kvöldið, sigli ég Pioner úr höfn og skil Lososí eftir.“

Eftir þetta kallaði ég skipshöfnina saman á fund til þess að ráðgast um, hvað gera skyldi. Félagi Lausen, vélstjóri minn, lagði til, að við skyldum laumast um bord í einhvern dráttarbát, þegar dimmt væri orðið, og stela dráttartaug. Við felldum þessa tillögu af ótta við, að því kynni að ljúka með því, að skipið yrði gert upptækt.

Ég fór í land til skipreiðasala og keypti bestu dráttartaug, sem völ var á. Ég greiddi hana ekki út í hönd, en sagði verslunarstjóranum að senda reikning, áritaðan af mér, til viðskiptanefndar ráðstjórnarinnar í Berlín. Þegar ég kom um borð aftur með dráttartaugina mína, fann ég þar fyrir þrjá steingervingslega Rússa. Þeir kváðust vera nýkomnir frá Berlín til þess að manna togarann *Lososí*.

Ég skipti Rússunum í þrjár vaktir, einum manni á hverja vakt, og gekk úr skugga um, að þeir kynnu að stýra. Að því loknu var allur mannskapurinn settur til að festa dýrmætu dráttartauginni okkar við hvalbak og frammastur togarans, og seint um eftirmiðdaginn lögðum við út af skipalæginu í Kíl og héldum út í Eystrasalt.

Til allrar hamingju hélt besta veður, þangað til við vorum komnir í gegnum Eyrarsund. Hraðinn var ekki meira en þrír metrar á sekúndu. Í Kattegat, milli Gautaborgar og Skagen, fengum við stinningskalda á norðvestan. *Pioner* risti ekki nema tæpan hálfan annan metra og valt gífurlega í sjónum.

Undan Skagen breytti ég stefnu til vesturs. Í rauðleitum geislum kvöldsólarinnar sá ég, að Rússarnir þrír voru á hlaupum fram og aftur um hvalbak togarans og veifuðu öllum öngum. Þeir bentu á dráttartaugina með hamagangi. Í sterkum sjónauka — *Pioner* var búinn öllum bestu tækjum, sem hugsast gat — gat ég greint, að dráttartaugin var að nuddast í sundur þar sem hún lá um festarlykkjurnar á *Lososí*. Hún gat slitnað á hverju augnabliki.

Ég sneri *Pioner* upp í vindinn, setti út bát og lét þrjá menn fara í hann. Það slaknaði á dráttartauginni. *Lososí* snerist hægt undan og valt í hliðarsjónum. Mennirnir þrír í bátnum reru að togaranum og drógu inn nokkurn hluta taugarinnar með hjálp Rússanna. Þar sem togarinn hafði ekki gufu á vélinni, urðu þeir að gera þetta með handafli, og tók það allt að fjórum klukkustundum. Slitni hlutinn af tauginni var dreginn inn, henni var fest á ný, og segldúk og striga vafið um þá staði, sem hætta var á, að nerust. Þegar mennirnir komu aftur, hvolfdi bátnum við skipshliðina. Þeir voru allir syndir, og við drógum þá um borð á köðlum. Við vorum svo ákafir að gæta hagsmuna Ráðstjórnarríkjanna, að við settum annan bát á flot til að bjarga þeim, sem hvolfi hafði! Það var komið fram yfir miðnætti, þegar við héldum ferðinni áfram, og bæði skipin hjuggu og skoppuðu í kröppum sjónum. Um borð á *Pioner* sáum við, að *Lososí* skjökti fram og aftur eins og dingull. Í fyrstu skelltum við skuldinni á Norðursjóinn fyrir þessar ofsalegu sveiflur, sem togarinn tók, en seinna komst ég að því, að rússnesku starfsbræðurnir höfðu gengið til hvílu þegar kvöldi tók, eins og ekkert hefði í skorist, og látið togarann stjórna sér sjálfan. Þegar dagur rann og við vorum komnir í landsýn við Noreg, stöðvaði ég skipin aftur, lét flytja Rússana um borð í *Pioner* og sendi þrjá menn af áhöfninni út í *Lososí*.

Ég stýrði djúpt fyrir ströndina og hélt norðlægri stefnu næstu þrjá daga. Það er óþarfi að taka fram, að ég svaf sjaldan. Dag og nótt stóð ég á stjórnþalli með bauga um augun. Ég gleymdi svengdinni og var hugfanginn af að stýra tveimur skipum með ónógri áhöfn og geta ekki treyst neinum nema sjálfum mér. Stjórnmalabaráttan virtist eiga heima á annarri stjörnu. Ég fann sárt til þess, að ást mín á sjónum og

trygðin við Komintern rákust illilega á. En ef skipin færust, vegna þess að mig skorti reynslu í sjómennsku, var ég ráðinn í að fyrirfara mér frekar en að þola háðglósur Dímítrovs og Heckerts. Í augum þessara féлага var ég bolséviki, og ég trúði því, að það væri ekki til sú þraut, sem sannur bolséviki gæti ekki leyst af hendi.

Firelei lærði að stýra *Pioner*. Hún reyndist einn af mínum bestu mönnum við stýrið, og hún komst fljótt upp á lagið að nota sextant eða sjöttung til breiddarákvarðana eftir sólinni á daginn og pólstjörnunni um nætur. Þegar hún stýrði skipinu, söng hún. Hún horfði yfir víðan sjávarflötinn og sagði: „Nú veit ég, hvers vegna sjómenn syngja við vinnu sína.“

Ég tók að stefna nær landi við Statlandshöfða, því að ég mundi eftir trjákvöðunni og vildi ekki fara á mis við Þrándheimsfjörðinn. Hafnsögumaðurinn á firðinum kom um borð, svolgraði nærri hálfflösku af koníaki á *Pioner* og sigldi báðum skipunum upp að hrörlegri bryggju við sögunarmyllu í þorpinu Muruvík.

Við fréttum, að hafnarverkamenn við allar strendur Noregs væru í verkfalli. Samt urðum við að taka farm af trjákvöðu fyrir Ráðstjórnarsambandið. Fimmáraáætlunin viðurkenndi engin verkföll. Hún gat ekki beðið. Fulltrúi ráðstjórnarinnar í Osló hafði gert ráðstafanir með milligöngu norska kommúnistaflokkinn til þess að láta verkfallsbrjóta ferma *Lososí* trjákvöðu. En mönnum mínum á *Pioner* leist ekki á að vinna með verkfallsbrjótum. Ég varð að tala tímunum saman, áður en mér tókst að sannfæra áhöfn mína um, að verkföllum væri stefnt gegn auðvaldinu, en ekki gegn föðurlandi sósíalísmans. Rússunum þremur stóð einum alveg á sama. Þótt einkennilegt megi virðast, höfðu þeir minnsta stéttarkennd af vinnuflokki þeim, er ég stjórnaði.

Fréttirnar um, að tvö skip með merki hamars og sigðar við hún hefðu komið til hafnar, flugu eins og eldur í sinu um allan Þrándheimsfjörð. Sex klukkustundum eftir að við höfðum lagst að, mættu félagar kommúnistaflokksins í Þrándheimi — borg með 60.000 íbúum — með tölu. Þeir komu á reiðhjólum, í vörubílum og áætlunarbílum til Muruvík til þess að heilsa hinum sigursælu verkamönnum byltingarinnar, sem sigldu á skipum undir ráðstjórnarfána. Yfir hundrað félagar, menn, konur og börn, flykkist út í *Pioner* og *Lososí*. Þeir undruðust stórum, er þeir hittu fyrir í stað fullrar áhafnar af röskum Rússum hóp Þjóðverja undir töfra-merkjum ráðstjórnar, því að þeir höfðu komið með áletruð spjöld og fána: „Komið heilir, upphafsmenn sósíalísmans.“

Þrátt fyrir það var þetta hin besta skemmtun. Ég skaut á „alþjóðabráðalagsfund“ , opnaði koníaks- og vindlingageymsluna og hélt stutta ræðu til norsku félaganna um sigurför *Þjatíleka*, fimmáraáætlunarinnar. Þegar kvöldaði, skildi ég féлага Lausen eftir til þess að sjá um gestahópin á skipunum, en mér var sjálfum ásamt Firelei og flokksstjórninni í Þrándheimi ekið á verklyðsfund til þess að flytja ávarp. Það var fundur verkfallsmanna. Þeir æptu fagnaðaróp, þegar þeim var sagt, að ég væri rússneskur skipstjóri á rússneskum skipum. Og ég forðaðist auðvitað að minnast á,

að á þeirri sömu stundu voru verkfallsbrjótar, sem flokksstjórnin á staðnum hafði grafið upp með hjálp ræðismanns ráðstjórnarinnar í Osló, að ferma skipin.

Ég kom aftur til Muruvík klukkan tvö um morguninn. Það var ljós í mörgum kýraugunum á *Pioner* og *Lososí*, og leyndardómsfull hljóð bárust undan þiljum. Þilförin voru þakin drukknum Norðmönnum, sem lágu dreifðir innan um tómar flöskur og glerbrot. Um borð í *Lososí* voru nokkur pör að dansa eftir tónum balalajka, sem einn rússneski hásetinn handlék. Í hverju fleti í híbýlum skipverja lá norskur kvenkommúnisti í örmunum á þýskum félag. Öðru hvoru voru höfð skipti á stúlkunum og konunum og fylgdu því skrikjandi hlátrasköll. Firelei, sem var líka orðin kennd, mundi eftir brunaslöngunni, sem hún hafði notað gegn menningarráðunautinum í Brimahöfn. Hún hnýtti kaðli í fötu, fyllti hana af saltvatni úr Þrándheimsfirði og tók að skvetta vatni inn í hverja rekkju, þangað til félagi Lausen varð fokvondur, greip hana og kastaði henni fyrir borð. Ég fór úr fötunum og stökk útbyrðis á eftir henni. Það var eins og við manninn mælt. Innan stundar hafði hver, sem syndur var, farið úr öllum fötum og varpað sér í sjóinn á eftir mér, til leiks í hinu milda ljósi norrænu næturinnar. Um dögum lagði ég hald á alla leigubíla, sem til voru í Muruvík og hlóð norsku gestunum mínum í þá í kös. Í stað peninga fékk hver bílstjóri flösku af koníaki. Kyrrð og spekt fór að færast yfir *Pioner* og *Lososí*.

Seint um daginn, þegar trjákvöðan var komin um borð, hóf ég gagngera leit í báðum skipunum, áður en við héldum úr höfn. Grunur minn reyndist réttur. Fjórir karlar og tvær konur voru dregin fram úr fylgsnum sínum og rekin í land. Með vélararnar í fullum gangi og hafnsögumanninn um borð hélt *Pioner* til hafs og dró *Lososí* í kjölfar sitt með tvö hundruð smálestir af trjákvöðu.

Norski skerjagarðslóðsinn hafði umsjón með skipunum, og ég bætti mér upp svefnleysið. Við héldum í norðurátt innan skerja og næturnar urðu svo bjartar, að það var hægt að lesa dagblöð undir eldrauðum, ógnandi miðnæturhimninum. Við fórum fram hjá Børvika og Boðin, þræddum hinar krókóttu siglingaleiðir austan Lofoten-eyjanna, sáum Narvik, Tromsø og Hammerfest — sem er að sögn nyrsta borg jarðar — hverfa afturundan. Við Geirsver eða Gjesvær, nálægt Horni, kvaddi ég hafnsögumanninn og sneri stefni *Pioners* austur yfir Íshafið.

Ég stýrði af mestu gætni. Á sex klukkustunda fresti hélt ég upp að landi til þess að ganga úr skugga um, hvar ég væri. Nordkapp og Vardö-höfðinn birtust og hurfu úr augsyn. Hvalatorfa lék sér í dúnmjúkum sænum. Ég tók stefnu á Kildin-eyju, sem liggur rétt við innsiglinguna til Kola-flóa.

Seytján dögum eftir að við fórum frá Kíl, sigldum við inn í Kola-flóa. Lágu strendurnar voru huldar þoku, og ég blés í eimpípu *Pioners* á hverri mínútu, er skipið mjakaðist inn í rússneska landhelgi. Þegar bátur hafnsögumannsins frá Múrmansk kom fram úr þokunni eins og vofa, langaði mig til þess að hrópa af gleði. Ég leit á örugga landtöku mína í Rússlandi með ný ráðstjórnarskip, sem voru nærri milljón dala virði, sem stærsta sigur, er ég hafði unnið. Skipverjarnir á *Pioner* röðuðu sér



upp við borðstokkinn og störfðu á vambmikla rússneska hafnsögumanninn eins og hann væri einhver guð úr lygasögu. En þessi ráðstjórnarborgari lét sig engu skipta nýju skipin, sem við komum með. Fyrsta hugrenning hans var um góðan kaffibolla og svínslæri með eggjum — kræsingar, sem Firelei bar óðar á borð.

# Ómáttugir og almáttugir

SVEIT GPÚ-MANNA kom um borð í *Pioner* á höfninni í Múrmansk, en enginn embættismaður skipaútgerðarinnar kom til þess að taka við hinum tveimur prýðilegu og dýrmætu skipum, sem ég hafði stýrt af svo miklu stolti og áhuga á fimmáraáætluninni. GPÚ-foringinn var sinasterkur maður, svartur á brún og brá, með skörp, gljáandi augu og talaði ágætlega ensku. Hver maður af skipshöfninni var yfirheyrður í þaula. Við höfðum allir svörtu skírteinin í kommúnistaflokknum, og GPÚ-þjónarnir voru því fúsir til að vingast við okkur. En ekki einn einasti þeirra lét í ljósi áhuga á spánnýju skipunum tveimur.

Ég litadist með eftirtekt um í höfninni. Leðjan, stritið og fiskurinn settu svip sinn á hana. Múrmansk, hið syfjulega þorp, var orðið að hreinasta goshver fram-taksseminnar, síðan ég kom þangað síðast, árið 1926. Bærinn hafði stækkað, og ný hverfi stórra timburhúsa teygðust í allar áttir. Geysistórar fiskskemmur höfðu verið reistar úr timbri og bárujárni. Mikill floti úthafstogara lá bundinn við bryggjur og fyrir akkeri í flóanum. Vindur skröltu án afláts; fiskhlössum var sveiflað í loftinu. Karlar og konur voru á hardahlaupum, vinnandi, æpandi. Löng, ný, traustbyggð bryggja skagaði langt fram í höfnina. Ég leit á hana og undradist.

„Sko þessa bryggju,“ sagði ég við GPÚ-foringjann. „Yfirbyggingin er svo hjákátleg. Það er ekkert rými fyrir verkafólkið.“

„Já,“ sagði GPÚ-maðurinn dapur í bragði. „Skemmdarstarfsemi. Við skutum verkfræðinginn.“

Næst benti ég á togarþyrpingu, sem lá fyrir akkeri undan landi. Það voru ný skip, en þau voru óhirt að sjá og ryðguð.

„Hvers vegna er þessum skipum lagt upp?“ spurði ég. „Hvers vegna eru þau ekki á sjó við veiðar? Hvers vegna eru þau svona ryðguð?“

„Við höfum engan slipp hérna til þess að gera við þau,“ sagði leiðsögumaður minn, „og það er skortur á málningu.“

Hann yppti öxlum. „*Nitsjevo*, við reisum bráðum skipasmíðastöð og gerum við þau.“

Enn var enginn kominn að vitja um *Pioner* og *Lososí*. Ég vildi fá að vita, hver ætti að taka við skipunum af mér.

„Hafnarstjórinn,“ sagði GPÚ-maðurinn. „Hann finnur þig innan skamms.“

Dagurinn leið, og enginn hafnarstjóri kom í ljós. Þegar kvöldla tók, sótti mikill fjöldi tötralegra kvenna og barna að *Pioner*. Þau laumduðust um borð til að biðja um

brauð eða önnur matvæli, sem við hefðum afgangs. Firelei sauð kássu úr kartöflum, söltu fleski og baunum, og rússnesku gestirnir okkar hámuðu gríðarstóra skammta af þessu upp til agna. Þegan konurnar höfðu matast, fóru þær að rannsaka hvern klefa, sem var ekki læstur. Þær reyndu að komast á brott með teppi og skó og jafnvel vekjaraklukkan. Að lokum varð ég að láta skipshöfnina reka þær burt með valdi. Síðar komu sumar yngri konurnar aftur og buðust til þess að samrekkja skipverjunum fyrir eina sokka, gott sáputykki eða kjötdós.

Klukkan átta kom yfirmaður GPÚ um borð og bauð okkur að koma með sér í land um kvöldið. Firelei og ég þáðum það með glöðu geði og báðum hann um að sýna okkur Múrmansk.

Yfir hverja götu í Múrmansk voru spenntir rauðir fánar með áletruðum kjör-orðum fimmáraáætlunarinnar. Allar göturnar voru fullar af vinnuklæddum körlum og konum. Það voru engar gangstéttir á götunum. Gangstígarnir voru úr timbri og voru brotnir á mörgum stöðum, svo að fólk varð að stikla á plönkum, sem lagt var yfir holur í götunni, eða vaða í hné í leðjunni.

„Takið þið ekki mark á því, þótt göturnar séu slæmar,“ sagði GPÚ-maðurinn. „Við erum að vinna af kappi. Á hverri viku flytja járnbrautarlestirnar hingað verkamenn, svo að hundruðum skiptir. Eftir tvö ár verður búið að steinleggja göturnar.“

Við gengum fram hjá hinu stóra timburhúsi Alþjóðasjómannafélagsins, sem ég hafði vígt nokkrum árum áður. Þá hafði ég í anda séð klúbbinn verða að menningarmiðstöð. Það, sem ég sá nú, var óþrifalegt greni, troðfullt af háværum verkamönnum á öllum aldri. Sumir lásu blöð, aðrir snæddu fisk, sem þeir höfðu komið með í pappírsumbúðum, en flestir drukku vodka undir brjóstmyndum Leníns og Stalíns.

Það var alls staðar daunn af rökum fatnaði, óþvegnum skrokkum og fiski. Mannlaus vörubifreið sat föst í leðjunni á aðalgötunni. Við stikuðum oft yfir karla og konur, sem höfðu lagst drukkin til svefns á trédrumbum í miðju feninu. Einu nýtísku steinhúsin í borginni voru bankinn og hús GPÚ. Í flestum timburhúsunum bjó ein fjölskylda í hverju herbergi, stundum tvær. Af einhleypu fólki vistuðust oft fimm til átta karlar og konur í hverju herbergi. Þar eð nýir verkamannahópar streymdu sífellt að, voru timburhúsin yfirfull, áður en hægt var að koma fyrir vatns- og ljósaleiðslum eða jafnvel skilrúmum. Ég sá fimm manna fjölskyldur hínast í herbergjum, sem ekki höfðu önnur húsgögn en gríðarmikla hrúgu af fataræflum, trékassa og nokkra nagla í veggjunum — og hina óhjálkæmlegu litmynd af Stalín.

Rannsóknarför okkar um Múrmansk, „landamæraströðvar sósíalíska verkalyðsins,“ var skopleg að ýmsu leyti. Firelei gerði drykkjumennina, sem lágu á götunum, að umtalsefni og spurði GPÚ-fræðara okkar, hvort flokksfélagsskapurinn í Múrmansk gæti ekki séð verkamönnunum fyrir heilbrigðari dægrastyttingu.

GPÚ-maðurinn reigði sig illúðlega. „Drykkjumenn?“ spurði hann. „Hafið þér séð fullan mann? Hefur hann móðgað yður? Hvar? Ég skal láta taka hann fastan nú þegar.“

Við fórum inn í langa byggingu, sem var lík hlöðu, en það var eina kvikmyndahúsið í bænum. Það var troðfullt af daunillu fólki. Það voru engin sæti auð. GPÚ-foringinn sló í öxlina á þremur áhorfendum og sagði þeim að standa upp. Þeir nöldruðu í fyrstu, en þegar þeir sneru sér við og sáu einkennisbúning leynilögrelunnar, stukku þeir upp í skyndi. Við sögðumst geta staðið, en leiðsögumaður okkar mátti ekki heyra það nefnt.

Við sáum mynd frá Hollywood um villta vestrið, með reiðfimum kúasmölum og allmikilli skothrið. GPÚ-maðurinn var montinn af að kunna ensku og skýrði hvert atriði hárrí röddu. Áhorfendurnir reyndu að þagga niður í honum. Vinur okkar storkaði þeim með því að hrópa enn hærra og hélt áfram að útlista, hver hefði stolið hvers kú og hver hefði skotið hvern.

„Fjandi góð mynd,“ sagði hann að lokum.

Það var orðið mjög áliðið, þegar við fórum um borð. Múrmansk var glaðvakandi. Það var unnið allan sólarhringinn, jafnt í glætu miðnætursólarinnar og um hábjartan dag. Mörg hundruð konur og nokkrir karlar voru að reisa girðingu um nokkurn hluta hafnarinnar. Þau grófu djúpar holur í mýrlenda jörðina og steypu sementstöpla í holurnar. Við námum staðar til að horfa á hóp kvenna við þessa vinnu. Yfirhafnir þeirra og pils voru gömul og slitin, skórnir göptu um saumana, og leðjan rann út úr þeim. Þær voru úttaugaðar í andliti.

„Eru þetta fangar?“ spurði Firelei óróleg.

„Nei, nei,“ svaraði GPÚ-maðurinn með áherslu. „Þær koma þúsundum saman til vinnu í verksmiðjunum í Lenínsgarði. Þar er þeim skipað í vinnuflokka, sem sendir eru til Múrmansk. Þegar þær hafa unnið eitt ár í Múrmansk, fá þær leyfi til að leita sér atvinnu í Lenínsgarði.“

„Vinnur fólkið alltaf á nóttunni?“

„Sumir vinna á daginn, aðrir á nóttunni. Tíminn er dýrmætur, og Ráðstjórnarríkin þarfnast fisks.“ Síðan fór hann að segja okkur frá því, að GPÚ hefði þremur mánuðum áður barið niður hreyfingu, sem miðaði að mótspyrnu með aðgerðaleyfi. „Þeir hvísluðu hver að öðrum: „Taktu það rólega, farðu þér hægt!“ Við tókum fjögur hundruð fasta.“

„Hvað var gert við þá?“ spurði Firelei.

„Við skutum forsprakkana hér á staðnum. Hinir voru sendir burt.“

Þegar við vorum komin í klefann okkar á *Pioner*, kastaði Firelei sér á rúmið og grét. Við hin lauslegu kynni, sem hún hafði haft af Múrmansk, hafði hún komist að raun um meiri ógnir en nokkurn tíma í hinu hungurþjóða Þýskalandi. Þetta var ekki föðurland sósíalísmans, sem hún hafði horft til svo hugfangin.

„Er það þetta, sem við erum að berjast fyrir?“ spurði hún.

„Fjöldinn hér á landi er óþroskaður,“ svaraði ég. „Það sem við höfum séð, sýnir þá óhemju orku, sem bolsévíkar neyta til þess að uppræta arfleifð keisaraveldisins. Það verður aldrei keypt of dýru verði að reisa upp sósíalískt þjóðfélag.“

Ég vissi, að þetta var innantómt hjal, en mér var fyrir öllu að halda uppi vörnum fyrir trú mína.

Morguninn eftir hafði enginn komið enn til þess að vitja skipanna, og ég fór að leita að hafnarstjóranum. Ég fann hann í dimmri skrifstofu bak við röð af símtólum. Hann var grannur og þunglyndislegur maður með skeggbrodda í andliti og óhreinar neglur. Hann var í illa hirtum, hvítum léreftsfötum. Fætur hans voru uppi á borði við hliðina á glasi af tei.

„Ég er skipstjórinn á *Pioner* og *Lososí*,“ sagði ég. „Ég ætlaði að skila skipunum af mér.“

Hafnarstjórinn, sem var í þjónustu Norðurhafsútgerðar ríkisins, virtist verða forviða.

„Skipum?“ tautaði hann. „Hvaða skipum?“

„Nýjum skipum, sem ég kom með frá *Brimum* og *Kíl*, tveimur nýjum skipum.“

Hann var ruglaður að sjá. Hann reis úr stólnum með erfiðismunum. Hann ávarpaði nú þrekvaxinn aðstoðarmann sinn: „Það eru komin tvö skip frá Þýskalandi. Eru þau í sæmilegu ástandi?“

„Ég skal skoða þau,“ sagði aðstoðarmaðurinn.

Hafnarstjórinn sagði mér að koma aftur eftir tvo tíma. Hann kvaðst verða að síma til Lenínsgarðs til að fá orð mín staðfest.

Þegar ég kom aftur, var hafnarstjórinn eitt sólskinsbros. Hann bauð mér te, kökur og vindlingar.

„Ég hringdi til Lenínsgarðs,“ sagði hann. „Við höfum verið að búast við þessum skipum í margar vikur.“

Það tók hafnarstjóran þrjá daga að ráða áhöfn á skipin. Á meðan bauð hann mér heim til sín. Kona hans, sem var vélritari í bankanum, veitti mér kál, súpu, fisk, kavíar, rúgbrauð og vodka. En lengstum dvaldist hafnarstjórinn um borð í *Pioner* og gæddi sér á dósakjötinu, smjörinu, sultunni og koníakinu okkar.

Að lokum komu áhafnirnar á bæði skipin. Það voru tuttugu og sjö menn á *Pioner* og yfir fjörutú á *Lososí*. Þeir voru ættaðir frá Jenísej-héraðinu í Síberíu, frá Arkhangelsk og ýmsum stöðum á Kola-skaga og voru ævintýralegir að sjá, háværir og harðneskjulegir. Skipin glumdu við af skellum og köllum þessara aðkomumanna. Þeir dáðust að öllu nýjabruminu, prófuðu torkennileg tæki, spýttu á nýþvegið þilfarið, stukku upp á dýnurnar með forugum skónum, skelltu hurðum, dreifðu innihaldi verkfæraskápanna út um allt, settu allt á tjá og tundur í eldhúsinu, skáru leðurhöldurnar af gluggum stýrishússins og settust síðan að vodkaflöskunum óhjákvæmilegu, sem þeir höfðu með sér í pinklum sínum. Á einni klukkustund höfðu nýju skipin tvö breyst í brengluð vitfirringahæli.

Rússneski skipstjórinn, sem átti að fara með *Pioner* til Síberíu, var ljóshærður piltur, ekki eldri en tuttugu og eins árs. Ég kom að honum, þar sem hann var að fleygja dóti mínu út um dyrnar á skipstjóraklefanum.

„Ég tek nú við stjórn á þessu skipi,“ tilkynnti hann. „Þess vegna er þetta minn klefi.“

Þegar ég krafðist þess, að hann setti dót mitt á sinn stað og leitaði sér að öðrum vistarverum, á meðan ég væri að undirbúa för mína heim til Þýskalands, lækkaði í honum rostinn. Í þeim svifum minnti loftskeytamaðurinn, maður með mongólskan svip og gríðarmiklar herðar, hann á, að skipverjar væru svangir, og bað hann um að fá lyklna að vistabúrinu hjá mér.

„Fáðu mér lyklna,“ sagði hann. „Okkur vantar kjöt, mjöl og niðursuðuvörur.“

Ég vissi, ef hann fengi lyklna, að þá mundu vistir okkar hverfa sem dögð fyrir sólu, og ég þurfti að nota það, sem eftir var af vistum, handa mönnum mínum á leið heim.

„Kemur ekki til mála,“ sagði ég. „Þessar vistir eru eign þýsku félaganna. Ef þið eruð svangir, verðið þið að fá ykkur mat sjálfir.“

Eftir nokkra orðasennu sendi hann nokkra af mönnum sínum til að hnupla poka af saltfiski í næsta geymsluskýli. Innan skamms angaði hið þrúða skip af fiski og floti frá stjórnþalli niður í kjöl.

„Ég tek nú að mér stjórn þessa skips,“ endurtók rússneski skipstjórinn. „Þú og skipverjar þínir, þið getið farið.“

Við tókum saman þjónkur okkar, og Rússarnir báru farangur okkar til járnbrautarstöðvarinnar, góðgladdir af vodka, hrópandi og syngjandi alla leið. Meðan við óðum leðjuna, sagði félagi Lausen forviða: „Þessir Rússar hérna norðurfrá eru líkir mönnum að sjá, en hegða sér eins og krakkar, sem hlaupið hefur ofvöxtur í. Við hefðum getað selt allt, sem var ekki naglfast, í Kíl og Þrándheimi og komið hingað með skipin tóm, og enginn mundi hafa haft hugmynd um það.“

Vélstjóri minn hafði rétt að mæla. Það höfðu þegar horfið ýmis dýrmæt siglingatæki, og rafmagnseldavélin var komin í ólag. Trjákvodan, sem við höfðum lestað í Noregi með aðstoð verkfallsbrjóta, var hluti af sendingu, sem átti að fara til Lenínsgarðs. En þessi dýrmæti farmur lá nú í ömurlegri hrúgu á brýggjunni, ekki einu sinni þakinn segldúk, og skýjabólstrar á lofti boðuðu rigningu.

Í tvo daga létum við fyrirberast innan um daunillan mannfjölda á stöðinni í Múrmansk og biðum eftir lest til Lenínsgarðs. Lestir fóru tvisvar á dag, en þær voru svo fullar, að við fengum hvergi far. Og við vorum ekki nógu stæltir til að ganga í flokk hinna húkandi ferðamanna, er höfðust við á þökum vagnanna.

Ég leitaði hjálpar hjá vini mínum úr GPU, og við komumst með fimmtu lestinni. Í henni voru tveir bólstraðir vagnar, sem voru nærri því tómir. Einu farþegarnir þar voru þrír eða fjórir háttsettir ráðstjórnar-embættismenn.

Rússarnir allt í kringum okkur litu á okkur eins og við værum furðuleg dýr. Við vorum með kjöt og smjör í dósnum. Þegar við snæddum, flyktust konur að okkur og betluðu. Vagnstjórinn rak þær burtu, og um tíma hélt ég, að gerður yrði aðsúgur að okkur.

„Þegar þið sofnid,“ sagði hann, „þá skulið þið ekki fara úr skónum.“

Fyrstu nóttina, sem við vorum í lestinni, var ýmiss konar fatnaði stolið frá okkur, á meðan við sváfum. Eftir það skipti ég mönnum mínum í vaktir til þess að vernda eigur okkar fyrir hinum vesælu öreigum í kringum okkur. Oftar en einu sinni kom fyrir, að ung stúlka ávarpaði þýskan sjómann og bauð honum að slást í för með sér á salernið fyrir eina stöng af sólskinssápu.

Við vorum þrjár nætur í lestinni. Þegar við komum í úthverfi Lenínsgarðs skipti ég því, sem eftir var af vistum okkar, milli nokkurra rússneskra barnafjölskyldna. Ein móðirin sagði við mig: „Guð blessi þig.“ Þau snæddu matinn þegar í stað og geymdu tómu dósirnar vandlega í pinklum sínum. Lest, sem var á norðurleið, ók framhá — til Múrmansk. Firelei og ég töldum sjötíu og sex vagna í lestinni.

Félagar mínir stytту sér stundir með því að skoða hallir keisarans, sem voru nú söfn og barnaheimili. Þeir heimsóttu Smolnáj og Pútílov-verksmiðjurnar, þar sem lúðrasveit lék fyrir þá, sem buðust til að vinna fram yfir hinar lögákveðnu átta stundir. Lengst af gengu mennirnir með svangan maga. Það var ekki hægt að fá máltíðir fyrir klukkan tvö nema á veitingahúsum, þar sem seig bitasteik kostaði átján rúblur.

Skip okkar, *Smolnáj*, fór frá Lenínsgarði nærri þremur dögum á eftir áætlun. Áður en skipið lagði úr höfn, komu GPÚ-dátar um bord og leituðu inn að skinni á flestum farþegunum.

Undan Kronstadt andvarpaði Lausen vélstjóri þungan. „Það væri óskemmtilegt að bera beinin í þessu landi,“ sagði hann. „Bíddu þangað til Sovét-Þýskaland er risið upp, — þá skulum við sýna Moskvítunum, hvað sósíalískur dugur er. Þessi fallegu skip í Múrmansk — öll ryðguð og fúin, ... *verflucht!*“

Trú sjálfs mín á stjórn bolsévika og þrekvirkri *Pjatiletka*, fimmáraáætlunarinnar, hafði orðið fyrir slæmu áfalli í förinni til Múrmansk. Þessi fyrsta för mín til Ráðstjórnarríkjanna í ópólítískum tilgangi hafði opnað augu mín fyrir tvískinnungi í sósíalíska föðurlandinu. Ég hafði fundið annars vegar skeytingarleysi af ásettu ráði um mannlegar þjáningar, þrælslegan ótta við að takast á hendur ábyrgð, gífurlegan hæfileikaskort og grátbroslegan ódugnað á sviði fjármála og atvinnuvega. Hins vegar þekkti ég vel hinn einskæra dugnað, sem ríkti í stjórn mála-, samsæris- og ógnarstarfsemi hins óskeikula flokks og GPÚ, þar sem miskunnarlaugar ákvarðanir voru teknar skjótt og aðgerðastefnu var fylgt. Það var þetta einkennilega rekkjuneyti hins ómáttuga fjölda og hinnar almáttugu ráðandi stéttar, sem hafði komið féлага Lausen til þess að hreyta úr sér: „... *verflucht!*“

Þetta var hugarástand, sem ég losnaði ekki við, eftir að við fórum frá Lenínsgarði. Það hefði ef til vill getað losað mig úr viðjum ráðstjórnarvímunnar, ef kringumstæðurnar hefðu ekki valdið því, að ég fór til Lenínsgarðs tveimur mánuðum síðar sem yfirforingi í hinu „óskeikula og almáttuga“ úrvalslíði bolsévismans.

Eftir að ég kom heim frá Múrmansk, varð ég hluti af innsta hringnum, sem stjórnaði siglingamáladeild Kominterns. Snemma í september 1931 var mér skipað að setja mig í samband við Dímítrov í Berlín. Stúlka, sem var hraðboði frá Vestur-

skrifstofunni, fór með mig á afskekkt kaffihús í Moabit-hverfinu. Að stundu lið-inni komu Dímítrov, Wollweber, allmargir Þjóðverjar og Rússi, sem ég hafði ekki séð áður. Á þessum fundi var gerð áætlun um verkfall með aðferðum, sem voru nýjar í sögu herferðarinnar gegn atvinnuvegunum.

Komintern hafði ráðgert að greiða siglingum Þýskalands þungt högg. Þann 1. október var í ráði að stöðva öll þýsk skip, ekki aðeins í Þýskalandi, heldur og í erlendum höfnum og á rúmsjó. Tilefnið, sem gripið var til þessa verkfalls, var ráðgerð kauplækkun sjómanna. Markmiðið var að rota alla utanríkisverslun Þýskalands með einu höggi. Það höfðu þegar verið sett á stofn framkvæmdaráð í öllum helstu höfnum. Lið sextán fulltrúa hafði verið valið til þess að stjórna framkvæmdum. Fyrst átti að reiða til höggs gegn þýskum skipum í ráðstjórnarhöfnum, og átti það að vera merki til þýskra skipshafna um allan heim að sýna sama lit. Wollweber og Albert Walter var falin yfirstjórn baráttunnar í Þýskalandi. Mér var falið að stjórna framkvæmdum á Norðurlöndum og í Ráðstjórnarríkjunum.

Við skiptum niður liði okkar samkvæmt áætlun. Foringjar í kommúnistasellum á öllum skipum á útleið fengu fyrirskipanir sínar. Tveimur dögum eftir fundinn í Berlín var ég kominn af stað til Lenínsgarðs. Með sérstöku umboði frá Vesturskrifstofunni voru mér fengin yfirráð yfir öllum starfsmönnum Alþjóðasjómannafélagsins í Lenínsgarði. Ég sendi yfirmann þýsku deildarinnar í Lenínsgarði, Fritz Richter, til Odessa til þess að hafa umsjón með þýskum skipum í Svartahafshöfnum. Ég hélt kyrru fyrir í Lenínsgarði og kom mér upp bækistöðvum í nágrenni hafnarinnar.

Undirbúningurinn fór eins leynt og unnt var. Það var séð fyrir húsnæði handa verkfallsmönnum. Deild ungra kvenna úr erlendu málaskólunum var fengið það hlutverk að sjá verkfallsmönnum fyrir skemmtunum. Mér voru fengin yfirráð yfir flokki þýskumælandi GPÚ-flugumanna, sem voru reyndir sjómenn. Þeir áttu að leika hlutverk verkfallsfúsra sjómanna, og þeim var falið að koma í veg fyrir, að þýsk skip strykju úr höfninni að næturlagi. Hafnarverkamenn ráðstjórnarinnar áttu að lýsa yfir samúðarverkfalli og neita að vinna í kyrrsettum þýskum skipum. Sov-torgflot hafði þegar leigt sér nægan skipakost í Bretlandi og á Norðurlöndum til þess að forðast stöðvun á útflutningsvörum ráðstjórnarinnar, sem voru venjulega fluttar með þýskum skipum.

Í dögum 1. október var boðið um verkfall og uppreisn á skipum látið út ganga. Þrjú þýsk skip lágu í Lenínsgarði. Verkfallsráð í Evrópuhöfnum skýrðu frá því, að tuttugu og fimm þýsk skip önnur væru á sjó á leið til Lenínsgarðs. Þýsku skipin höfðu ekkert hugboð um alþjóðasamsærið, sem bruggað var gegn þeim, og sigldu í gildruna.

Þýsku skipin í Lenínsgarði voru *Anita*, *Russ*, *Asta* og *Bolheim*. Ég gekk um borð í þau öll með þrjú GPÚ-menn mér til verndar, ruddi mér braut fram hjá yfirmönnum og kallaði skipverjana til fundar. Ég lýsti yfir því, að verkfallið væri skollið á, að það þyrfti að gefa þýskum skipeigendum ráðningu, sem þeir gleymdu ekki.



Kommúnistarnir á hverju skipi greiddu óðar atkvæði með þátttöku í verkfallinu. Hinum var sagt, að það mundi verða farið með þá sem verkfallsbrjóta, ef þeir gerðu ekki slíkt hið sama. Nokkrir neituðu. Þeim var skipað í land með valdi.

Klukkustundu síðar símaði ég til Hamborgar, Brima, Antwerpen og Rotterdam: „Þýskar skipshafnir í Lenínsgarði gera hundrað prósent verkfall. Skorið á allar aðrar skipshafnir að fylgja dæmi Leníngrad uppreisnarmanna.“

Fréttirnar bárust út um heiminn. Í Hamborg, Brimum, Kíl, Stettin, í Belgíu og Hollandi, í Bordeaux, Fíladelfíu og Bombay stöðvuðu þýskir sjómenn skipin. Lausafregnir bárust af uppreisnum á höfum úti. Yfir hundrað skipshafnir gerðu verkfall. Alls staðar knúðu flokkssellurnar á skipunum fram ákvarðanir um verkfallið. Þar sem ekki voru kommúnistar meðal skipverja, tóku skipin ekki þátt í verkfallinu, nema í rússneskum höfnum, því að þar var sjómönnum þröngvað til þess með aðstoð lögreglunnar að ganga af skipunum.

Þann 9. október voru 21 þýsk skip innlyksa á höfninni í Lenínsgarði. Þann 13. var tala þeirra orðin 36. Áhafnir fimm þýskra skipa voru fluttar í land í Odessa.

Þýska stjórnin mótmælti einarðlega þessari kyrrsetningu þýskra skipa í ráðstjórnarhöfnum og landflutningi þýskra sjómanna. Ráðstjórnin svaraði því til, að þýsku sjómennirnir hefðu gert verkfall af eigin hvötum og að hún hefði ekki lögmætt vald til að skerast í leikinn.

Á meðan skemmtu „verkfallsmenn“ sér hið besta í Lenínsgarði. Komsomol-félagar og GPÚ-menn stóðu verkfallsvörð við skipin. Daglegu verkfallsfundirnir voru í raun og veru veislur með skemmtiatriðum og dansi á eftir. Þýsku sjómennirnir lifðu að sögn þeirra sjálfra „eins og lávarðar“. Flestir höfðu náð sér í rússneskar kærustur — „*Streik-Liebchen*“.

Að morgni dags hinn 19. október kom skeyti frá Berlín. Verkfallinu var aflýst! Það var gengið að kauplækkuninni. Mér bar að tilkynna sjómönnum, að þeir ættu að hverfa aftur um borð í skipin. Ég var sem steini lostinn. Þetta var ósigur. En hvers vegna?

Ég fékk svarið síðar. Hitlerssinnar, sem höfðu stutt verkfallið, meðan það var á byrjunarstigi, höfðu skipt algerlega um stefnu, eins og þeir voru vanir, og gert skipaeigendum tilboð um að manna kyrrsettu skipin — nasistum. Innan skamms fóru skip að sigla frá Hamborg með áhöfnum stormsveitarmanna. Til þess að koma í veg fyrir, að Hitler ynni sigur á kaupskipaflotanum, hafði kommúnistaflokkurinn skipað fylgismönnum sínum að hverfa aftur á skipsfjöl. Verkfallinu var lokið.

Síðan kom eftirleikurinn. Weimar-lýðveldið hafði tekið upp siglingalöggjöf keisarátímabilsins óbreytta. Samkvæmt þessum lögum gerðust sjómenn, sem gerðu verkfall á höfum úti eða í erlendum höfnum, sekir um uppreisn. Í þýskum höfnum og í hafnsögumannahúsi Kílarskurðarins voru stofnaðir sérstakir dómstólar til þess að dæma mál uppreisnarmannanna. Dómstólarnir höfðu vaktaskipti og störfuðu allan sólarhringinn. Skipshafnir, sem höfðu gert verkfall erlendis, hittu lögregluna fyrir, þegar þær komu til þýskra hafna. Eitt hundrað fjörutíu og tveir forustumenn,

sem höfðu orðið við áskorun kommúnista, voru settir í fangelsi. Tuttugu og fimm af skipunum, sem höfðu setið föst í Lenínsgarði, fylgdu ekki áætlun. Áhafnir þeirra vissu, hvað beið þeirra í Þýskalandi, og gerðu uppreisn á rúmsjó. Eldar voru kæfðir og vélarnar gerðar óstarfhæfar með sandi. Björgunarbáta, hlaðna uppreisnarmönnum, sem struku af skipunum, rak fyrir vindi og sjó á Eystrasalti. Stjórnin sendi flugvélar sínar í hjálparleiðangra.

Í kjölfar þessarar herferðar, eins og flestra þeirra, sem kommúnistar gengust fyrir, biðu þátttakenda aðeins hrundar vonir, tvístruð heimili og eynd.

Ég sneri aftur til Þýskalands á ráðstjórnarskipinu *Kooperatzija*. Jafnskjótt og ég steig fæti á þýska grund, svifu að mér tveir þreknir menn í borgaralegum fötum. Þeir sýndu einkennismerki sín.

„Megum við fá að sjá skjöl yðar?“

„Hvað er að?“

„Þér fáid að sjá það. Þér eruð teknir fastir.“

Þeir fluttu mig í varðhald í miðri Hamburg. Ég var ekki sá eini, sem hafði verið tekinn fastur fyrir að róa undir fjöldauppreisninni á þýskum skipum. Af því, sem fanginn, er færði okkur mat, hvíslaði að mér, og af hinum samfellda nið ópa, er bárust úr hundruðum kofaglugga, þóttist ég mega ráða, að helmingur hins mikla fangelsis væri fullur af kommúnistum. Það var hughreysting.

Lögreglumenn komu að yfirheyra mig. Þeir beittu fagurgala og hótunum. Ég neitaði að svara. Ég neitaði að matast. Ég gekk í öskurkórinn og var vanur að klifra upp að rimlunum til að gægjast út um gluggann. Ég gerði allt, sem ég gat, til þess að brjóta reglur fangelsisins. Ég vissi, að félagar mínir gerðu slíkt hið sama. Allan daginn voru kröfugöngur kommúnista á iði fyrir utan fangelsisgarðinn. Ég heyrði söng fjöldans, ópin og óhljóðin, er lögreglan gerði árásir á múginn.

Meðal fanganna voru Albert Walter, Etka André og Christian Heuck, ríkisþingmaður frá Kíl. (Heuck hengdi sig árið 1933, skömmu eftir að Gestapo hafði handtekið hann.) Þeir höfðu allir þrír verið handteknir þrátt fyrir þinghelgi þeirra samkvæmt stjórnarskránni. Öll andkommúnistablöðin, frá nasistum til jafnaðarmanna, kröfðust þess, að hinum handteknu yrði refsað stranglega.

Ekkert gerðist. Rannsóknir lögreglunnar og dómstólanna leiddu ekki til neins. Ráðstjórnarsambandið var þá besti viðskiptavinur Þýskalands. Ráðstjórnarfáninn stóð aðeins að baki breska fánans um skipakomur í þýskar hafnir. Þýska stjórnin gerði sér það ljóst, að málssókn á hendur verkfallsleiðtogunum mundi óhjákvæmilega flækja ráðstjórnina í málið, og óttaðist hún, að slíkt kynni að hafa áhrif á viðskipta- og stjórnmalasambandið milli Moskvu og Berlínar.

Eftir að við höfðum setið í varðhaldi í níu daga, var okkur öllum sleppt umsvifalaust. Við gengum út í gráa nóvemberljósið, óhreindir, órakaðir, slæptir eftir hungurverkfallið. Stúlkur úr íþróttasamtökum kommúnista tóku á móti okkur á götunum með rauðum fánum. Þær báru fram vínarpylsur og bjór. Við héldum

sigurinn hátíðlegan. Það var satt, að verkfallinu hafði lokið með ósigri fyrir þýska verkamenn, en engu að síður hafði Ráðstjórnarsambandið unnið sigur í því.

# Mannaveiðararnir

NÁLÆGT ÁRSLOKUM 1931 sneri siglingamáladeild Kominterns athygli sinni mjög í áttina til kaupskipaflota Japana. Japanski herinn var að því kominn að taka Mansjúríu. Samkomulagið milli yfirvalda í Moskvu og Tókíó fór hríðversnandi. Komintern hafði stofnað til alheimsherferðar gegn Japönnum. Sjómannafélagsskapur okkar hóf sókn gegn flutningi á stríðsvörum til Japan, og var sókninni einnig beint gegn siglingum Japana almennt.

Þetta var, að því er ég best veit, í fyrsta skipti, sem skemmdaraðferðum kommúnista var beitt í stórum stíl. Komintern átti lítill ítök í Japan, meðfram vegna þess, að komið hafði verið á dauðarefsingu fyrir kommúnisma, og gat það því ekki lamað japanskar hafnir með verkföllum. Samkvæmt reglunni um „framkvæmdir, hvað sem það kostar“, var skemmdarstarfsemi beitt, hvenær sem ekki var hægt að koma við verkföllum. Sandi var hellt í legurnar á skrúfuöxlum skipanna. Vindur voru eyðilagðar. Vinduvírar og kaðlar voru sagaðir í sundur, svo að þeir slitnuðu, þegar á reyndi. Merkjaseðlum og áletrunum á kössum var breytt. Þegar slæmt veður var í hafi, var loftopunum snúid upp í vindinn, svo að sjór flæddi í lestina. Að næturlagi var steinolú og bensíni hellt niður um loftopin, og nokkrum hnefafyllum af tvisti, vættum í steinolú, var hent á eftir.

Við fengum brátt sannanir fyrir því, að fulltrúar japönsku leyniþjónustunnar voru önnum kafnir við það í hafnarborgum Evrópu að uppræta skemmdarstarfsemina. Kínverskur málastúdent við háskólann í Berlín, bráðgáfaður piltur, sem gekk undir nafninu „félagi Yang“ í kínversku deildinni hjá okkur, var sendur til Rotterdam til þess að stjórna skemmdarverkaflokkunum í hollenskum höfnum. Einn góðan veðurdag réðust leynilögreglumenn á Yang um borð í japönsku skipi, og var hann hafður í varðhaldi um borð. Skipið fór frá Rotterdam á leið til Yokohama með viðkomu í Le Havre, Oran og Port Said. Það varð uppi fótur og fit innan Kominterns út af þessum atburði. Yang var dauðans matur, ef hann féll í hendur lögreglunnar í Japan. Og þetta hlaut að draga kjark úr skemmdarflokkunum. Kommíssarenko fól mér að gera allt sem hægt væri til þess að bjarga Yang undan hendi böðulsins í Yokohama.

Ég samdi ávarp og lét þýða það á sjö tungumál undir fyrirsögninni: „Bjargið kínverska kúlíanum!“ Ég skoraði á sellur okkar í Le Havre, Oran og Alexandríu að gera allt, sem í þeirra valdi stæði til þess að frelsa Yang. Skipið kom við í Le Havre. Franska lögreglan kom í veg fyrir tilraun kommúnista þar til að bjarga kínverska

félaganum. Skipið hélt áfram til næstu hafnar, Oran á norðurströnd Afríku, og hafði Yang enn innanborðs. Kommíssarenko var mjög reiður. Öðrum, sem höfðu þekkt litla, káta Kínverjann, þótti sem hann væri þegar kominn til betri heima. Eftir svefnlausu nótt komst ég að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki nema einn maður til, sem gæti bjargað Yang, þó að það rigndi eldi og brennisteini. Þessi maður var Michael Avatin, Lettinn úr „S-neðanjarðardeild“, njónnadeild, Kominterns. Avatin var í Berlín. Þar sem hann var í þjónustu GPÚ, hafði ég ekkert vald til að stefna honum á minn fund.

„Lánið mér Avatin í þrjár vikur,“ sagði ég við Kommíssarenko.

Rússinn hugsaði sig um. Svipur hans tók engum breytingum. Síðan sagði hann: „Avatin, auðvitað. Ég hefði átt að muna eftir honum fyrir.“

Avatin kom til Hamborgar seint þetta sama kvöld. Þegar ég kom heim, fann ég hann sokkinn í hægindastól með hlaða af teikningum eftir Käthe Kollwitz. Ég var mjög æstur út af Yang. Viðurvist Avatins róaði mig undireins. Hann lét hvorki jarðskjálfta né morð raska ró sinni. Hann hlustaði á frásögn mína, spurði mig nokkurra spurninga um samgöngur, kinkaði síðan kolli, var hugsí um stund — og stóð upp. „Jæja, félagi,“ sagði hann. „Ég ætla til Oran.“ Tíminn var naumur. Yang var væntanlegur til Oran eftir fjóra eða fimm daga. En enginn í öllu Komintern hafði hæfileika á við Avatin til að ferðast lengsta leið á stystum tíma og með sem minnstum bægsлагangi og hávaða.

Það leið vika, full af ákófum kvíða. Mér fannst ég vera að bíða eftir afturköllum míns eigin líflátsdóms. Loksins kom símskeyti:

„Allt í lagi. M. Lambert.“

„Lambert“ var eitt af gervinöfnum Avatins. Ég var frá mér numinn af gleði. Yang var fjáls maður!

Avatin flaug frá Hamborg til Marseilles yfir Amsterdam og París. Í Marseilles tók hann í þjónustu sína þaulreyndan GPÚ-fulltrúa að nafni Michael. Ásamt Michael ferðaðist hann sem laumufarþegi til Algeirsborgar, og földu þeir sig undir kötlunum á Miðjarðarhafsskipi. Frá Algeirsborg fór hann með járnbraut til Oran. Í Oran var Alþjóðasjómannafélag starfandi. Avatin bauð út aðgerðasinnunum við höfnina og kommúnistasellunum meðal hafnarverkamanna. Þegar skipið, sem Yang var fangi á, kom til að taka kol, var Avatin reiðubúinn. Hann og liðsmenn hans voru vopnaðir öxum og járnkörlum.

„Það var jafnauðvelt og að stela hesti,“ sagði Michael Avatin mér seinna. „Það er kjarkur í Afríkumönnunum okkar! Ég fór um borð til þess að komast að því, hvar Yang væri falinn. Hann var hafður í handjárnnum í klefa undir þiljum. Afríkumennirnir okkar gerðu áhlaup á skipið og kveiktu smáelda í því. Meðan Japanirnir voru að slökkva þá, brutu aðrir upp hurðina og höfðu féлага Yang á brott með sér. Ég ók honum í bíl út í eyðimörkina og hafði hann þar, þangað til allt var fallið í ljúfa löð.“

Avatin var sérstæður maður í leyniþjónustu ráðstjórnarinnar og afar vinsæll.

Hann faldist aldrei bak við víglínuna, meðan menn hans voru í eldinum. Hann sótti hætturnar heim með liðsmönnum sínum og eggjaði þá til sóknar.

Einn af yfirmönnum Avatins, renglulegur, þögull og steingervingslegur Letti að nafni Schmidt, hafði komið til Hamborgar í sérstökum erindagerðum fyrir GPÚ. Avatin kom frá Berlín til móts við landa sinn. Tilgangurinn með ferð Schmidts var að uppræta erlendar njósnir meðal liðsmanna Ráðstjórnarríkjanna. Fyrsta hlutverk hans var að vinna bug á *Auslandsorganisation*, utanríkisdeild nasistaflokksins. Þar eð enginn maður í Komintern var kunnugri starfsemi nasista á kaupskipaflotanum en ég, var ég kallaður á ráðstefnur Schmidts og Avatins.

Utanríkisdeildin í nasistaflokknum var félagskapur nasista utan landamæra Þýskalands. Hún réð yfir miklum liðsafla í Bandaríkjunum og flestum ríkjum Suður-Ameríku, á Balkanskaga og á Norðurlöndum. Í Austurlöndum og Frakklandi hafði hún samstarfsmenn úr gamla rússneska keisarahernum. *Auslandsorganisation* hafði tvískipt hlutverk með höndum. Á yfirborðinu var takmarkið að halda uppi áróðri meðal Þjóðverja erlendis. Bak við tjöldin hélt deildin uppi alþjóðlegum hernaðarnjósnum af meira kappi en sjálf þýska leyniþjónustan. Árangri þessara hernaðarnjóсна sinna miðluðu nasistar herstjórn og foringjaráðum Ríkisvarnarlíðsins, og var þetta eitt helsta ráðið til þess að auka og efla áhrif nasista í hersveitum þýska lýðveldisins. „Hjálparstöðvar“, *Stützpunkte*, nasista á kaupskipum mynduðu lifandi og áhrifamikil tengsl milli sveita Hitlers erlendis og aðalbækistöðva Utanríkisdeildarinnar í Hamborg. Yfirmaður *Auslandsorganisation* árið 1932 var Kerr Thiele, fyrrverandi framkvæmdastjóri í Norðurþýska Lloyd. Thiele hvarf af sjónarsviðinu í blóðbaðinu í júní 1934. Wilhelm Bohle og Rudolf Hess tóku þá að sér stjórn utanríkisdeildarinnar.

Í desember 1931 mun GPÚ hafa fundið mann úr nasistaflokknum meðal nemenda Vesturskólans í Moskvu. Njósnari þessi stytta sér aldur í Lúbjanka-fangelsinu nokkrum dögum síðar. Áður en hann lést, hafði hann játað það í yfirheyrslu, að Hitlershreyfingin hefði sett á stofn upplýsingaþjónustu um ráðstjórnarmálefni með aðstoð leynilegra erindreka á rússneskri grund. Allmargir þýskir verkfræðingar og sérfræðingar í vélaiðn voru grunaðir um að vera leynifélagar úr nasistaflokknum. Það lék einnig grunur á því, að þeir hefðu samvinnu við andstæðinga Stalíns í iðnaðarmiðstöðvum Ráðstjórnarríkjanna. Ernst nokkur Schwartz, prófessor, sem hafði íbúð í Hamborg og átti hús í Frohnau, úthverfi Berlínar, hafði verið tilnefndur sem yfirmaður leyniþjónustu nasista í Ráðstjórnarríkjunum. GPÚ vantaði skjalfestar sannanir til þess að geta handtekið þýska ríkisborgara í Rússlandi. Félaga Schmidt hafði verið falin meðferð málsins í Þýskalandi. Hann og Avatin brugguðu ráðin á eftirfarandi hátt:

Sex kommúnistar frá Hamborg, sem lögreglan í Berlín mátti ekki þekkja, áttu að hafa gætur á öllum athöfnum Schwartz prófessors í tvær vikur. Á nánar ákveðnum tíma áttu þeir að halda honum föstum, á meðan aðrir flokkar úr njósnadeild okkar gerðu leit í íbúð hans í Hamborg og húsinu í Berlín. Allar bækur hans, spjaldskrár

og skjöl átti að flytja til Hamborgar og síðan með næsta skipi til rússneskrar hafnar. Sporhundana sex átti Hugo Marx, milligöngumaður GPÚ í Hamborg, að sjá um. Það kom í minn hlut að sjá um öruggan flutning á skjölum Schwartz prófessors frá Berlín til Hamborgar og á skipsfjöl. Avatin átti að stjórna framkvæmdum. Schmidt átti að vera leiðsagnarandi bak við tjöldin.

Allt, sem ég vissi um samsæri þetta, var það, sem Michael Avatin og félagi Schmidt töldu nauðsynlegt fyrir mig að vita, og ekki meira. Við fórum hver í sínu lagi til Berlínar og hittumst á kommúnistaveitingastað í Hedemannstraße. Meðan starfsmenn okkar lögðu net sín fyrir Schwartz, tók ég mér aðsetur í *Laubenkolonie* — smágarðahverfi — utan við Berlín, sem var kallað Felseneck. Þarna voru tæplega hundrað kofar, og var staðurinn öllu líkari herbúðum kommúnistasveita en garðyrkjunýlendu. Hverfið var frekar afskekkt og nágrenni Felseneck lítt ræktað. Vanhirtir limagarðar og haugar af rusli og úrgangi juku á eyðileik staðarins. Þetta var mikilvægt atriði, því að í Felseneck-nýlendunni voru mörg hús, sem hin þýska GPÚ notaði fyrir varðstöðvar. Þarna beið ég eftir skjalapýfinu úr húsi Schwartz prófessors.

Lið Avatins lét til skarar skriða að kvöldi 18. janúar. Schwartz prófessor var tældur burt frá íbúð sinni í Frohnau með fölsuðu símtali frá skrifstofu dr. Joseph Göbbels, sem var þá formaður í flokksdeild nasista í Berlín. Sá, sem hringdi, var GPÚ-maður. Meðan Schwartz var úti, gerðu GPÚ-menn húsrannsókn á heimili hans, bundu konu hans og tvær þernur og komust undan með tvö koffort full af skjölum. Koffortin voru fyrst flutt í Chorinerstraße 34, en þar var ein af stöðvum kommúnista í norðurhluta Berlínar.

En ef GPÚ átti njósnara í fylkingum Hitlerssinna, þá áttu foringjarnir í leynilögreglu nasista — Heinrich Himmler og Diels nokkur — einnig erindreka sína í félagsskap kommúnista. Árásarflokkur úr liði stormsveitanna gerði óvænt áhlaup á húsið í Chorinerstraße 34. En þýfið af heimili Schwartz prófessors var þá þegar komið á leið til Felseneck nýlendunnar. Brúnstakkarnir gerðu áhlaup á stöðina í Chorinerstraße með byssur á lofti. Liðsmenn úr rauðu fylkingunni, sem voru á verði í húsinu, svöruðu með skothríð. Fjórir nasistanna féllu, áður en lögreglan kom á vettvang. Njósnari í liði kommúnista ljóstraði því upp við aðalskrifstofu nasista, að það væri verið að flytja skjöl Schwartz prófessors til Felseneck. Ernst Schwartz skundaði sjálfur til veitingahússins Waidmannslust, sem var eitt af virkjum nasista, klukkustundar gang frá Felseneck. Hann tók að sér forustu vopnaðs brúnstakkaliðs og lagði land undir fót í áttina til kommúnistanýlendunnar.

Á meðan öllu þessu fór fram, sat ég hinn rólegasti í kofa við gildan kolaofn, var að ræða stjórn málahorfunar almennt við félagana og bíða eftir skjalasendingunni, sem ég átti að fara með til Hamborgar. En koffortin tvö með hnupluðu skjölunum komust aldrei til Felseneck. Þau týndust gersamlega í hinum víðáttumiklu útborgum Berlínar. Það hafðist aldrei upp á félagunum tveimur, sem áttu að aka koffortunum

á ákvörðunarstaðinn í leigubifreið. Það kom síðar í ljós, að þeir mundu hafa misst kjarkinn og strokið.

Hraðboði æddi inn til okkar. Hann skýrði frá því mäsandi og blásandi, að fylking tvö hundruð vopnaðra nasista hefði gert innrás í Felseneck. Ég stóð upp til þess að athuga málið og finna foringja nýlendunnar. Það var of seint. Úr öllum áttum heyrðust viðvörunaróp varðliða rauðu fylkingarinnar. Klukkan var eitt, og nóttin var svört. Ljós voru tendruð í kofunum. Þeir, sem höfðu byssur, dreifðu sér um garðana til varnar. Stormsveitarmennirnir sóttu hægt fram og brutu upp og rannsökuðu hvern kofa. Þeir byrjuðu í útjaðri hverfisins og sóttu inn að miðju. Steinar flugu inn um glugga. Dyrum var spyrnt inn. Nóttin endurómáði af ópum og skothríð úr skammbyssum.

Ég var óvopnaður. Ég hafði ekkert betra til bragðs að taka en að hnipra mig saman bak við limgerði og bíða með sinn múrsteinsmolann í hvorri hendi. Úr trjágöngunum, úr mölbrotnum gluggum, undan girðingum og nöktum limagörðum spúðu skammbyssurnar eldtungum. Það var skotið af handahófi. Stundum var ógerlegt að greina vin frá óvini, því að stormsveitarmennirnir voru ekki einkennisbúnir og báru engin einkenni. Stormsveitarmenn réðust inn í kofa, tuttugu metra frá mér. Íbúi kofans, verkamaður að nafni Fritz Klemke, þaut út úr dyrunum. Augnabliki síðar heyrði ég hann veina í gegnum skothríðina. Hann fékk skjótan dauðdaga.

Ég sá karla og konur á hlaupum í myrkrinu. Ég hljóp með þeim. Leitarljós blossuðu upp beggja vegna við garðahverfið. Það heyrðist hávært skrölt í lögreglubílum og þungir skellir í hermannaskammbyssum. Lögreglan var að umkringja staðinn, en bílarnir voru of þungir til að komast eftir þröngum trágöngum nýlendunnar. Jafnt sækjendur sem verjendur dreifðu sér í myrkrinu. Í kaldri, daufri birtu aftureldingarinnar komst ég á veitingahús nálægt Brandenburger Thor. Ég pantaði kaffi. Mér hafði aldrei bragðast það betur.

Síðar um daginn fór ég að leita að Avatin. Mér var sagt, að hann hefði farið til Essen. Schmidt hafði líka komið sér undan. Blöðin höfðu mjög hátt um Felseneck-málið. Tveir lögregluþjónar höfðu verið meðal hinna föllnu í orrustunni. Lögreglan í Berlín tók fimmtíu og fjóra stormsveitarmenn og tólf kommúnista höndum. Ég flýði til Hamborgar.

Schwartz prófessor fannst látinn á þröskuldi kofa eins í Felseneck. Í þili kofans, sem var eign kommúnista að nafni Hohmann, fundust þrjátíu byssukúlur. Að því er skýrsla lögreglunnar hermdi, hafði Schwartz verið stunginn í bakið með „óvenjulega löngum hníf“.

Til þess að hefna morðsins á Schwartz prófessor gerðu stormsveitardeildir meðal stúdenta við Berlínarháskólann heiftarlega atrennu að stúdentasellum kommúnista. Þeir kölluðu á liðsauka. Bardagarnir urðu svo ákafir, að lögreglan lokaði háskólanum „þar til öðruvísi yrði ákveðið“.

„S-neðanjarðardeild“ flokksins hafði komist á snoðir um, hver njónarni Himm-



lers í Felseneck-nýlendunni væri. Það var tuttugu og eins árs gamall piltur að nafni Bernhard Wittkowsky. Skömmu síðar fannst lík hans í útjaðri Berlínar með brotna höfuðskel. Í borginni Essen fannst annar nasistanjónsvari, Arnold Guse, og var hann myrtur næsta dag.

Hitler lofaði opinberlega fimm hundruð marka verðlaunum þeim, sem gæti ljósstrað upp nöfnum GPÚ-morðingjanna. Það bar engan árangur.

Þegar ég hitti Avatin aftur í lok janúar, virtist hann óbreyttur. Við ræddum um hina misheppnuðu Berlínarför og dauða nasistanna.

„Hver gerði það? spurði ég allt í einu.

Avatin leit snöggvast á mig. „Kemur það nokkuð málinu við?“ svaraði hann. „Þetta voru harðsnúnir fjandmenn öreigalýðsins.“

Þegar uppnámið út af blóðbaðinu í Felseneck var farið að hjaðna, sneri Schmidt sér að næsta viðfangsefni sínu. Svo virtist sem breskir njósningar hefðu náð fótfestu meðal skipshafna á rússneskum skipum. Breska leyniþjónustan notaði í þessu skyni fulltrúa úr erlendum félagsdeildum breska sjómannasambandsins, sem var andvígt bolsévikum. Í Hamborg var erindrekin, sem leitaðist við að ná samböndum í kaupskipaflota Ráðstjórnarríkjanna, Andersen nokkur, slyngur og fær Norðurlandabúi. Félagi Schmidt var sendur frá Moskvu til þess að framkvæma meiri háttar aðgerð gegn Andersen. Það var framið innbrot á skrifstofu hans á Seimarsteinweg.

Þetta bar nokkurn árangur. Það var skipt um áhafnir á nokkrum ráðstjórnarskipum, og nokkrir Rússar, sem voru orðnir vinsælir í Alþjóðasjómannafélaginu, hurfu. Í febrúar 1932 voru gerðar ráðstafanir til þess að ræna Andersen og flytja hann til Ráðstjórnarríkjanna á rússnesku skipi. Schmidt, sem virtist sífellt vera að gruflla út gólfid fyrir framan sig með augunum, og Hermann Schubert ríkisþingmaður skipuðu mér að fá Karli Stevens, kölluðum „Punch“, tíu menn úr neðanjarðarsveit minni til umráða. Stevens var einn ófyrirleitnasti starfsmaðurinn í njónadeildinni. Hann og mennirnir tíu áttu að taka Andersen höndum.

En njósningar Andersens sjálfs höfðu komist að ráðagerðunum. Þegar Stevens og flokkur hans réðust inn á skrifstofu Andersens, hittu þeir fyrir fjölda breskra sjómanna, sem voru vopnaðir bareflum og hnúajárnum. Það sló í grimmilegan bardaga. Innbú skrifstofunnar var brotið og bramlað, og Andersen lá undir borði með brotna hauskúpu. Lögreglan kom á vettvang, og árásarmennirnir flýðu hver í sína áttina. Andersen sneri aftur til Englands eftir nokkra sjúkrahúsdvöl. Skömmu síðar kölluðu bresk blöð, sem sögðu frá árásinni á Andersen, Alþjóðasjómannafélagið í Hamborg „morðingjabæli“.

„Punch“ Stevens hvarf frá Hamborg til þess að forða sér frá lögreglunni vegna annars glæps, sem hann hafði framið. Mörgum árum síðar, þegar ég var í fangelsi hjá nasistum, sögðu samfangar mínir mér, að vorið 1934 hefði Gestapo-maður séð Stevens í einkennisbúningi stormsveitarmanns. Hann var gripinn höndum og yfirheyrður. Stevens var pyndaður til sagna og játaði, að GPÚ hefði falið sér að

ganga í lið nasista. Premur mánuðum síðar dæmdi *Sondergericht*, setudómur, hann í ævilangt fangelsi. Hann var þó heppnari en yfirboðari hans, Hermann Schubert, einn af máttarstólpum þýska kommúnismans, sem flýði til Rússlands og var gerður að prófessor við Lenínskólann. Ásamt mörgum öðrum landflótta kommúnistum var félagi Schubert tekinn af lífi í dýflissum GPÚ í hinni miklu hreinsun Stalíns.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 1932 nam GPÚ í Hamborg fjóra menn á brott sjóleiðis. Örlög eins þessara manna tóku mig mjög sárt. Hinn langi armur Stalíns náði vini mínum, Úkraínubúananum Bandura, sem hafði áunnið sér traust mitt og virðingu á þeim árum, er hann var leiðtogi áróðursmanna við höfnina í Antwerpen.

Bandura, sem hafði gengið í kommúnistaflokkinn sökum þess, að hann elskaði uppreisnarmennina við sjóinn eins og sín eigin börn, átti ekki sjö dagana sæla í Hamborg, eftir að hann hafði verið fluttur þangað. Hann var eilíflega skinhóraður og gekk í görmum, fyrirlitinn af „100% stalínistunum“ í flokknum, en var þó trygglyndur og ótraudur í að berjast fyrir áhugamálum sjómanna. Þrátt fyrir trúmenskuna var farið með hann eins og versta afhrak, og var hann grunaður um villutrú og „stéttarfélagatilhneigingar“.

Bandura leið ákaflega illa. Frá barnæsku hafði hann ekki þekkt annað líf en stéttabaráttuna. Hann varð æ hneigðari til áfengra drykkja, og fékk hann þá á frönskum skipum, þar sem honum hafði heppnast að stofna allmargar sellur.

„Ég lifi í daunillu skolpræsi, og enginn skilur mig,“ sagði hann einu sinni. „Allir, sem voru góðir við mig, eru horfnir — konan mín, vinir mínir, börnin mín — allir, allir!“ Ég gat ekki hjálpað honum. Engir nema þeir, sem þekkja aðferðir kommúnista, að einangra algerlega þá, sem eru grunaðir um villutrú, geta skilið aðstöðu Banduras. Það er eins og að svipta fiskinn vatni, en halda samt lífi í honum og láta hann þjást.

Það tókst einkennileg vinátta með Bandura og Firelei. Hún hófst dag einn snemma í febrúar, skömmu eftir að Firelei og ég vorum gefin saman. Foreldrar hennar höfðu gert sér það ljóst, að ekkert afl, sem þau höfðu yfir að ráða, gat skilið okkur, og þau höfðu því gerst fúsari til sátta og veitt henni nokkurn fjárstyrk til þess að koma upp heimili. Við flýttum okkur að fá hjónavígsluathöfninni aflokið og héldum þaðan beina leið til hafnarinnar til þess að sitja fund um borð í ráðstjórnarskipi. Bandura var viðstaddur og sömuleiðis opinber fulltrúi frá rússnesku verklyðsfélögunum, sem öfundaði Bandura af vinsældum hans meðal ráðstjórnarsjómanna og hafði hafið ákafa herferð til að gera hann tortryggilegan. Réttlætiskennd Firelei varð til þess, að hún tók upp vörn fyrir Bandura, og frá þeim degi hændist þessi lubbagei förumaður að henni eins og tryggur hundur.

Dag nokkurn sagði Firelei við hann: „Félagi Bandura, komdu heim með mér, þú þarft að fá það og góða máltíð.“ Gamli, loðni stríðsmaðurinn gekk hógvælega á eftir henni. Eftir þetta hitti ég hann oft fyrir í íbúð okkar. Bandura kom þangað til þess að hvíla sig og fá nýjar vonir. Hann dreypti á kaffinu og sagði við Firelei: „Segðu eitthvað.“

„Hvað ætti ég að tala um?“ spurði Firelei.

„Það er sama hvað það er,“ nöldraði Bandura. „Talaðu um fuglana. Talaðu um trén. Talaðu um barnið, sem er í vændum. Segðu aðeins eitthvað.“

Firelei var með barni. Þegar Bandura fór, sagði hann oft: „Ég mundi elska son þinn! Nú er ég ekki lengur fátækur, ég er ríkur!“

„Félagi Bandura átti aldrei að verða byltingarmaður,“ sagði Firelei við mig.

„Því ekki það?“

„Þegar hann var lítill vildi hann verða garðyrkjumaður. Ef heimsstyrjöldin hefði ekki eyðilagt líf hans, mundi hann nú vera gamall og vitur garðyrkjufrómuður.“

Við og við hafði ég fengið skýrslur frá aðgerðasinum okkar við höfnina um, að þeir hefðu hitt Bandura á rússneskum skipum í höfninni eða séð hann í landi með rússneskum sjómönnum á knæpunum í St. Bauli. Bandura átti ekkert erindi á rússnesk skip. Hann var foringi aðgerðahóps, sem hafði starfssvið sitt á frönskum, jógóslavneskum og grískum skipum. „Hvað um það,“ hugsaði ég. „Bandura er Rússi og sækist eftir félagsskap landa sinna.“

Það hefur orðið að samkomulagi milli GPÚ og fulltrúa Kominterns í ýmsum höfnum, að ráðstjórnarsjómenn í höfnum utan Rússlands skyldu ekki fá tækifæri að flakka um eftir vild í umhverfi auðvaldsins. Ginningar þessa umhverfis höfðu oftsinnis haft þær afleiðingar, að rússneskir sjómenn struku af skipum, sér í lagi þeir, sem voru ekki sannfærðir kommúnistar.

Ráðstjórnarskip í erlendum höfnum voru undir sífelldu eftirliti, ekki aðeins af hálfu skipsráðanna og lögreglunnar í landi, heldur einnig vökumanna kommúnista á staðnum. Það var látið í veðri vaka, að ástæðan til þessa eftirlits væri óttinn við skemmdarverk af hálfu andstæðinga Stalíns. Tilgangurinn var í raun og veru sá að hamra því inn í hugi ráðstjórnarsjómanna, að GPÚ væri alls staðar nálægt. Leiðtogi þessara verndarflokka í Hamborg var Hugo Marx, GPÚ-refurinn fölleiti og hégómagjarni, sem ég hafði kynnst á róstutímunum 1923. Auk foringjastarfsins með vökumönnunum hafði Hugo Marx atvinnu sem verkstjóri hjá kommúnistafyrirtækinu Stauerei Einbeit, sem sá um fermingu og affermingu skipa og þá sérstaklega ráðstjórnarskipa. Einn morgun kom Hugo Marx óvænt á skrifstofu mína, læsti dyrunum, horfði snöggt um öxl og hvæsti ráðríkislega: „Við verðum að losa okkur við Bandura.“

„Hvers vegna?“

„Við höfum haft nánar gætur á honum. Hann hefur verið vandræðagripur í mörg ár. Hver veit nema hann sé á mála hjá Trotskíj?“

Ég sagði háðslega: „Ef Bandura er trotskisti, þá er ég heimatrúboði.“

Hugo Marx dró fram lista með nöfnum rússneskra skipa.

„Þetta eru skipin, sem Bandura hefur prédikað á gegn ráðstjórninni síðustu tólf mánuðina,“ muldraði hann. „Ég hef með höndum skriflegar skýrslur frá öllum þessum skipum.“

„Hvert beinist áróður hans?“

„Hann heldur því fram, að bolsévíkaflokkurinn hafi undir stjórn Stalíns gerst óháður rússneska öreigalyðnum. Hér eru hans eigin orð: „Miðstjórnarfyrikomulag bolsévíkaflokksins er orðið að skipulagðri skrifstofumennsku. Það er enginn sósíalismi til í Rússlandi, heldur einræði andbyltingarsinnaðrar geldingaklíku. Stalín verður að víkja, áður en hægt er að endurreisa vald verkalýðsins.“ Nú, hvernig líst þér á þetta, með leyfi að spyrja?“

Ég þagði. Þessar ákætur voru ekki falsaðar. Bandura var vel kunnugt um allt, sem gerðist í Ráðstjórnarríkjunum. Bandura var bóndi þrátt fyrir rótleysi sitt. Hann þekkti hungursneyðir af mannavöldum. Hann vissi, hvernig GPÚ-sveitirnar fóru með bændurna í Úkraínu. Og uppreisnarmaðurinn Bandura endurgalt því högginn eftir bestu getu.

„Bandura segir rússnesku sjómönnunum, að verkamenn í öðrum löndum hati Stalín,“ hélt Hugo Marx áfram. „Einn sjómaðurinn á Krasnáj Profintern mótmælti þessu. Hann sagði Bandura, að hann hefði lesið það í Pravda, að öreigalyður um allan heim elskaði Stalín og treysti honum. Hverju heldurðu að Bandura hafi svarað? „Pravda lýgur, enginn elskar Stalín,“ það var svar hans.“

„Nú, hvað ætlarðu þá að gera? Reka hann úr flokknum?“

„Nei, við ætlum að senda hann burtu.“

„Til Ráðstjórnarríkjanna?“

„Það er undir kringumstæðunum komið. Forustan í Berlín verður að sjá um það. Óbreyttu félagarnir mega ekki verða neins áskynja. Það verður að segja þeim, að Bandura hafi verið sendur í einhverjum erindagerðum til Póllands.“

Hugo Marx fór. Daginn eftir hittu ég Bandura.

„Félagi Bandura,“ sagði ég, „ég veit, að þú getur þagað yfir leyndarmáli.“

Bandura var þéttkenndur. Hann var nýkominn úr frönsku skipunum á höfninni. Hann benti sér í hjartastað. „Hérna hef ég lokað inni mörg og mikil leyndarmál,“ sagði hann. „Þau eru á öruggum stað hjá Bandura.“

„GPÚ hefur fengið skýrslur um viðræður þínar við menn á rússneskum skipum,“ sagði ég. „Þeim er ekki um það. Þú ættir heldur að koma þér undan. Farðu til Rotterdam eða Marseilles eða eitthvað.“

Bandura hló. „Þú vilt losna við mig?“

„Ég tala í alvöru. Ég er að vara þig við þessu.“

„Það er sama lyktin af GPÚ og af morðingjum Karls Liebknechts,“ sagði Bandura afundinn. „Það eru þeir, sem eru svikarar, en ekki ég.“

„Samt sem áður hafa þeir völdin.“

„Og ég hef trúna, félagi. Ég átti trúna, áður en þú fæddist. Hvar er konan þín?“

„Firelei?“

„Mig langar til að hitta hana.“

„Þú getur það ekki.“

„Ég skil,“ sagði Úkraínumaðurinn með bitru háði. „Ég er maður, sem smita aðra

af pestinni. Þér líkar best að ýlfra með hinum úlfunum. Vertu sæll. Skilaðu þakk-læti til konunnar þinnar fyrir alla gæsku hennar.“

„Gættu þess, að enginn sjái þig, þegar þú ferð.“

Bandura fór ekki frá Hamborg. GPÚ-menn gripu hann höndum og héldu honum níu daga í leynilegu varðhaldi í Kohlhofen 19. Fyrstu dagana í júní 1932, á hlýrri sumarnótt, var hann fluttur um borð í *Dnepr*. Bandura veitti enga mótspyrnu. *Dnepr* sigldi til Lenínsgarðs. Bandura var einn hinn fyrsti af hersingum erlendra kommúnista, sem voru reknir í útlegð til Solovetskíj-eyjanna í Hvítahafinu, eyja „hinna frosnu tára“.

„Hvað er orðið um félagi Bandura?“ spurðu aðgerðasinnar í Hamborg oftast en einu sinni eftir brottför hans.

„Hann var sendur til Gdynia,“ var svarið.

Ög þremur vikum síðar var annarri sögu komið á kreik. „Pólska lögreglan í Gdynia hefur handtekið hann.“

Í straumflóði viðburðanna gleymdist úkraínski stríðsmaðurinn fljótt.

Þrír menn aðrir voru numdir á brott og sendir áleiðis til Lenínsgarðs fyrir helming ársins 1932. Öll þessi mannrán voru framin undir augum þýsku yfirvaldanna án þess að vekja nokkurn grun. Um þessar mundir var neðanjarðarstarfsemi GPÚ orðin svo útbreidd og áhrifamikil, að hún starfaði sem sannkallað ríki í ríkinu í mörgum heimsálfum.

Einn hinna rændu manna hafði verið í viðskiptasendinefnd Ráðstjórnarinnar í Berlín. Hann hafði stolið allmikilli fjárupphæð og flúið til Köln, en þar reyndi hann að setja upp leikfangaverslun. Michael Avatin og aðstoðarmenn hans náðu honum í Köln og fluttu hann aftur til Berlínar. Þar var settur „öreigaréttur“, sem í voru tveir GPÚ-menn og tveir félagar úr kommúnistasellu starfsfólksins við viðskiptanefndarinnar, og úrskurðaði „rétturinn“, að hann skyldi sendur til Rússlands. GPÚ-verðir komu með hann til Hamborgar, lítinn, feitan, hnugginn mann með hornspangagleraugu. Til þess að koma í veg fyrir, að hann stytta sér aldur, var hann hafður í járnum nótt og dag. Skipverja einum af ráðstjórnarflutningaskipinu Rosa Luxemburg var skipað að „hverfa“ í Hamborg, og veslings fjárvikarinn frá Berlín var skráður háseti á skipið í hans stað. Það fréttist aldrei neitt af honum síðar, og var talið sjálfsgagt, að hann hefði verið skotinn í Rússlandi.

Hinir tveir nauðugu farþegarnir til Rússlands voru Ítalir. Övra, leynilögreglan í ríki Mussolinis, var mjög umsvifamikil í Þýskalandi og Austurríki. Njósningar voru starfandi við flestar ítalskar ræðismannsskrifstofur. Annan hinna tveggja tók GPÚ höndum í Vín, en þar hafði hann leikið hlutverk flóttamanns frá Övra. Starf hans var í raun og veru að njósna um flutning á áróðursritum kommúnista, sem voru prentuð á ítölsku í Vín, um Alpa fjöllin yfir landamærin til Ítalíu. Hann fékk tvö þúsund lírur fyrir hverja sendingu, sem var gerð upptæk. Hann kom til Hamborgar í vörslu GPÚ, nær dauða en lífi, og var fluttur til Lenínsgarðs á skipinu *Aleksej Rykov*.

Þriðji maðurinn var ítalskur njósnari, sem stóð í sambandi við ræðismannsskrifstofuna í Hamborg. Hann kom á skrifstofu mína 20. maí 1932 og kvaðst vera kommúnisti, sem hefði flúið úr fangelsi í Torínó. Hann hafði meðferðis blaðaúrklippur, sem sönnuðu sögn hans, og hann bauðst til að vinna í ítölsku deildinni í Alþjóðasjómannafélaginu í Hamborg, en þar var mjög mikið að gera um þessar mundir. Meðal ítalskra skipa, sem sigldu til Norðurevrópuhafna, var ekki eitt einasta, sem hafði ekki kommúnistasellu í áhöfn sinni. Hlutverk njósnarans var að komast að nöfnum þessara kommúnista, svo að Ovra gæti tekið þá fasta, þegar þeir kæmu til Ítalíu.

Mig grunaði ekki, að komumaður væri njósnari. Hann kom prýðilega fram og talaði eins og þaulvanur kommúnisti. Þegar ég bað njósnadeild flokksins um að athuga fortíð hins nýja manns, var það aðeins gert samkvæmt hefðbundinni venju. Það voru hafðar gætur á hverjum komumanni, sem gat ekki lagt fram skilríki frá flokknum, þangað til við höfðum komist að raun um, að hægt væri að treysta honum. Það var ekki annað en ráðstöfun til sjálfsvarnar.

Nafn Ítalans var Giacomo Bianchi. Í fyrstu urðu honum ekki á neinar þær yfirsjónir eða villur, sem njósnarar almennt gera sig seka um. Hann faldi engin hættuleg gögn í herbergi sínu. Hann forðaðist að spyrja spurninga, sem heyrðu ekki til skylduverka þeirra, sem honum höfðu verið falin. Hann var ekki eyðslusamur á fé. Hann fékk engan póst og ritaði engin bréf. Samt sem áður kom hann upp um sig. Ég var kominn á fremsta hlunn með að láta eftirlitið með honum falla niður og taka hann í starfshring okkar sem fullgildan féлага, þegar Hugo Marx birtist eins og draugur og hvíslaði: „Það er betra að fara varlega.“

„Hefuðu orðið nokkurs vísari?“ spurði ég.

Marx kinkaði kalli. Kvöldið áður höfðu nokkrir ítalskir sjómenn verið gestir á dansleik í Alþjóðasjómannafélaginu. Giacomo Bianchi var þar einnig, í samræðum við franska sjómenn, en hann lét þess ekki verða vart, hvorki í látbragði né orðum, að hann vissi um viðurvist landa sinna, andfasistanna.

„Þetta er grunsamlegt,“ hvíslaði Hugo Marx. „Giacomo er njósnari. Ef hann væri ekki njósnari, þá mundi hann hafa talað við landa sína. Til þess að leynd þeirri staðreynd, að hann er njósnari, forðaðist hann að yrða á þá í viðurvist annarra.“

Það var hert á eftirliti okkar með Giacomo. Nótt eina lá hann í rekkju með stúlku úr bandalagi ungra kommúnista, sem hafði verið falið að leita vinfengis við hann, og lofaði henni, að hann skyldi fara í ferðalag með hana til Ítalíu. Hún þáði boðið, hjúfraði sig að honum og bað hann um að segja sér meira. „Ég hef sambönd, sem skipta miklu máli,“ gaf Giacomo í skyn. Morguninn eftir fengum við skýrslu um þetta. Nokkrum dögum síðar sást Giacomo snæða kvöldverð með ókunnugum manni á veitingahúsi. Spor ókunna mannsins voru rakin til ítalska ræðismannsins. Daginn eftir tók einn af aðstoðarmönnum Hugo Marx mynd af ókunna manningum. Myndinni var komið fyrir í handtösku stúlkunnar. Kvöldið eftir, er hún sat með Giacomo á veitingastofu Alþjóðasjómannafélagsins, tók stúlkann upp

myndina. Hún sýndi Giacomo hana og mælti: „Við höfum haft hendur í hári á ítölskum slefbera. Hann er búinn að gefa okkur upp nöfn á öllum þeim mönnum, sem hann hefur haft samband við. Við skulum halda upp á það!“

Giacomo beið ekki boðanna. Hann afsakaði sig og flýtti sér í burtu. Tveir GPÚ-agentar náðu honum á herbergi hans, er hann var að taka saman dót sitt í mesta flaustri.

Njósna­rinn var pyndaður til sagna í bjórgeymslukjallara Alþjóðasjómannafélagsins, og munaði minnstu, að hann biði bana af. Pyndingarnar framkvæmdu félagar ítölsku flokksdeildarinnar. Þeir báru í brjósti grimmdarlegt hatur til sögubera Ovra og langaði til, að hann hlyti eins kvalafullan dauðdaga og unnt væri. Hann var laminn milli fótanna, uns hann kom upp öllu, sem hann vissi um starfsemi Ovra í Þýskalandi. Eftir það var GPÚ ekki unnt að láta hann lausan. Hann mundi hafa kært til lögreglunnar og komið viðvörunum til féлага sinna. Ef ég hefði ekki skorist í leikinn, þá mundu Ítalirnir hafa myrt hann á staðnum. Það náði engri átt að vera að burðast með lík í húsinu. Það var farið með Giacomo í Kohlhofen 19, leynivarðhald GPÚ í Hamborg. Ég sá hann ekki aftur. Eftir nokkrar vikur var hann fluttur til Ráðstjórnarríkjanna um borð í *Aleksej Rykov*. Jafnvel stúlkan, sem hafði verið fylgikona hans, vissi ekki, hvað um hann varð. Henni var sagt, að Giacomo hefði komist undan til Hollands.

# Stalín yfir heimshöfunum

VELDI STALÍNS Á HEIMSHÖFUNUM var árið 1932 orðið geysilega margþætt, tígulegt hið ytra, með ótal moldvörpugöngum undir yfirborðinu. Þetta víðáttumikla ríki rak áróðurshernað, hélt uppi fjöldamörgum smyglsamtökum, rak skóla fyrir áróðursmenn og skemmdarvarga, stofnaði til stórverkfalla, skipulagði skemmdarverk í stórum stíl, kom af stað flotauppreisnum, tók þátt í margs konar njósna-starfsemi, framdi morð, hafði flokka þaulreyndra mannræningja í þjónustu sinni og gerði út fangaskip í gervi saklausra kaupfara.

Í Moskvu hafði það ávallt verið talið mjög mikilvægt herbragð að hafa stjórn á öllum atvinnuvegum til sjávar í auðvaldslöndunum. Það var álitnið, að það væri lífsskilyrði í vörnum Ráðstjórnarsambandsins að geta lamað eftir geðþótta siglingar allra þjóða um höf og fljót. Allt frá því að ráðstefna siglingamáladeildar Kominterns, sem ég sótti, hafði verið haldin í Moskvu árið 1930, hafði alþjóðastofnun, sem var látin heita óháð, starfað meðal sjómanna og hafnarverkamanna um allan heim. Hún gekk undir nafninu Alþjóðasamband sjómanna og hafnarverkamanna, skammstafað ASH (ISH á ensku og þýsku), en var í raun og veru grímuklæddur liður í siglingamáladeild Kominterns. Eins og Komintern og Prófstein var ASH skipulagt sem sjálfstæður félagsskapur undir sérstakri stjórn. Til þess að gera dulbúninginn áhrifameiri var aðalskrifstofum þess ekki komið á stofn í Moskvu, heldur í Hamborg, Rothesoodstraße 8.

Yfirmaður ASH var Albert Walter. Hann fékk til starfseminnar mánaðarlegan styrk, er nam 52.000 dólum. Fé þetta kom frá Sovtorgflot, skipahringnum rússneska, en hann dró upphæðina frá kaupum rússneskra sjómanna og hafnarverkamanna.

Georgí Dímítrov hafði í ágúst 1931 fengið mér starf við stjórnarskrifstofu ASH. Laun mín voru 200 dalir á mánuði. Af þessum sjónarhóli komst ég í mjög nán kynni við allar meiri háttar framkvæmdir kommúnista í alþjóða siglingamálum.

Starfsemi ASH var þríþætt: 1) byltingarstarfsemi, 2) tenging milli miðstöðvanna í Moskvu-Berlín og umheimsins, 3) njósnir um siglingamál.

Herferðin meðal yfirmanna á skipum var aðeins lítil hluti þeirra viðfangsefna, sem mér voru lögð á herðar, eftir að ég kom til aðalbækistöðvanna í Hamborg. Komintern sýgur lífskraft starfsmanna sinna með ægilegum hraða. Yfir okkur öllum hvíldi bölvun ofreynslu, og okkur lá við köfnun í flóðinu af smáatriðum. Starfsmennirnir riðu undir tólf eða fleiri óskyldum störfum. Við sögðum okkar á milli: „Borgarinn er samsettur af kjöti og beinum, kommúnistinn af störfum.“



ASH hafði deildir í tuttugu og tveimur ríkjum og nítján nýlendum. Auk starfsmannanna, sem höfðu fasta búsetu, hafði ASH í þjónustu sinni flokk fimmtán „stjórnmalakennara“, sem voru á sífellið ferðalagi og höfðu hver sitt umdæmi — Litlu-Asíu, Vestur-Indíur, Bandaríkin og Kanada, Norðurlönd og svo framvegis. ASH rak fjörutíu og sjö Alþjóðasjómannafélög í jafnmörgum höfnum. Aðalmálgagn þess, *ASH-Tíðindi*, var gefið út á þrettán tungumálum, prentað í Hamborg og sent þaðan til rauðra félaga um allan heim. Af mánaðarútgjöldum ASH gengu aðeins 8.000 dalir til aðalbækistöðvanna og sendifulltrúa hennar. Afgangurinn, 44.000 dalir, var sendur í önnur lönd til styrktar félögum þeim, sem voru tengd ASH.

Til landa, sem leyfðu starf kommúnistaflokksins innan landamæra sinna, voru styrkirnir venjulega sendir símleiðis til óviðkomandi leppa eða upploginna verslunarfyritækja. Til landa, þar sem kommúnistaflokkurinn starfaði í trássi við landslög, voru styrkirnir sendir sjóleiðis með hraðboðakerfi Kominterns. En síðar vorum við þó neyddir til að hætta fjársendingum símleiðis, vegna þess að mörg lönd komu á strangri löggjöf um útflutning gjaldeyris. Trúnaðarpóstur Kominterns fluttist því æ meir í hendur hraðboða meðal skipshafna og kommúnista, sem voru starfsmenn á járnbrautarlestum milli landa. Af augljósum ástæðum voru peningar því sem næst aldrei sendir í gegnum banka. Þess var gætt af mestu varúð að forðast allt, sem gæti bent á samband milli neðanjarðardeildar kommúnista og hinna opinberu sendisveita Ráðstjórnarríkjanna.

Um þetta leyti, meðan ég starfaði fyrir framkvæmdaráð ASH, komst ég í kynni við allmarga bandaríska kommúnista. Sumir þeirra störfuðu undir umsjón minni. Tveir þeirra áttu eftir að ná mikilli hylli hjá Stalín. Það voru George Mink, sem vann sér frægð í GPÚ, og James W. Ford, sem var ár eftir ár frambjóðandi kommúnista til varaforseta í Bandaríkjunum. Við höfðum það álit á Ford, að hann væri sneyddur hugrekki og enn sneyddari iðjusemi, en furðulega útsmoginn í að smjæðra fyrir þeim, sem höfðu fjárreiðurnar með höndum. Félagi Ford var blökkumaður, frekar feitlaginn, mjög dökkur á hörund, blíðmáll og vel til fara, vann skyldustörf sín af rósemi og kænsku og hafði allgott upplag fyrir hæversklegt stjórnmalamak.

Árið 1930 var James Ford gerður að aðalritara Alþjóðaráðs svartra verkamanna, og hafði það aðalskrifstofur í Hamborg. Sá staður var valinn vegna hinna prýðilegu samgangna á sjó til Vestur-Indía og vesturstrandar Afríku. Skrifstofa Fords var í byggingu Alþjóðasjómannafélagsins í Hamborg. Hann hafði leynilegan bústað, fékk mánaðarlegan styrk frá Moskvu og hafði unga, þýska fylgikonu, sem starfaði raunar líka fyrir GPÚ. Blökkumannafulltrúar frá skólanum í Moskvu voru sendir til Bretlands, Jamaíku, Bandaríkja og Suður-Afríku. Félagsskapur Fords — sem var til styttingar kallaður *Negerkomitee* — blómgaðist. Óteljandi ávörp, bæklingar og mánaðarritið *Svarti verkamaðurinn* voru prentuð í prentsmiðju flokksins í Hamborg og send til allra landa. Allur áróður og allar skipulagstilraunir *Negerkomitee* beindust að því að æsa nýlendubúa til verkfalla og uppreisna, sérilagi í breskum nýlendum. James Ford sjálfur sýndi minnstan ötulleik allra í þessum

framkvæmdum. Hann var of mikill fræðimaður til þess að geta verið virkur bylt-ingarmaður, og honum var illa við að lenda í hættum. Stjórnmalakennari einn frá Moskvu, Pólverji að nafni „Adolf“, sagði einu sinni við mig: „Þessi Ford er dýrkeyptur sýningargripur. Hann gleypir of mikið fé, og hann sefur of mikið.“ Albert Walter bölsótaðist: „Við skulum losa okkur við þetta sníkjudyr. Við skulum senda hann heim til Ameríku,“ skrifaði hann til Moskvu.

„Ford verður að vera kyrr. Hann er vel mælskur,“ símaði Lozovskíj aftur.

Það tók brátt enda. Stórri sendingu af *Svarta verkamanninum* hafði verið smygl-að til Durban og Höfðaborgar. Það hófust óeirðir og ofbeldisverk í nokkrum höfnum í Suðurafríku. Breska leyniþjónustan rakti slóð æsingaritsins til Hamborgar. Nýlendustjórnin í Lundúnum bar fram mótmæli við þýsku stjórnina og sakaði hana um að skjóta skjólshúsi yfir upphafsmenn uppreisna í breska heimsveldinu. Afleiðingin var húsrannsókna af hálfu lögreglunnar á aðalskrifstofu okkar í Hamborg. James Ford var hræddur um, að hann yrði tekinn fastur, þaut út úr húsinu, stökk á bak reiðhjóli og reyndi að forða sér. Tilraunin var gagnslaus og hlægileg. Í norðurþýskri borg eins og Hamborg gat enginn blökkumaður vakið betur á sér eftirtekt en með því að bruna af stað á reiðhjóli með lögregluna á hælunum. Í þjónustu Kominterns jafngildir það að vekja á sér eftirtekt því að vera óhæfur til samsærisstarfa. Ford var fyrirvaralaust sviptur skylduverkum sínum á alþjóðavettvangi. En Lozovskíj bjargaði James Ford frá því, að hann yrði rekinn úr flokknum fyrir íþróttaiðkun sína á steinlögðum götum Hamborgar. Ford tók saman þjónkur sínar og hvarf. Duglegri starfsbróðir, George Padmore nokkur, var sendur frá Moskvu til þess að taka að sér forustu blökkumannaráðsins. Eftir stutta „útleð“ í Moskvu sneri Ford heim til Ameríku aftur, og þar heilsuðu kommúnistablöðin honum sem „hinum mikla blökkumannaforingja“.

Af allt öðru sauðahúsi en Ford var landi hans George Mink, sem átti einnig eftir að verða sérstakt eftirlæti Kremlarbúa — á öðrum og hættulegri vettvangi. Hann kom fyrst til Þýskalands síðari hluta ársins 1931, og hitti ég hann þar í forsalnum að fyrirtæki Dímítrovs, Führer-Verlag, í Berlín. Hann var um margt ólíkur öðrum mönnum, ungur, hvatlegur, með nokkuð gyðinglega andlitsdrætti og fullur af kaldranalegum hroka. Hann var frekar lágur vexti, en sterkvaxinn. Munnur hans var lítill og grimmdarlegur, tennurnar óreglulegar, og í augunum, sem voru mógræn að lit, vottaði fyrir villidýrsglampa. Samt kom Mink þeim, sem veittu honum ekki nána eftirtekt, fyrir augu sem lítilfjörlegur miðlungsmaður. Í þetta fyrsta skipti, sem ég sá hann, veitti hann móttöku allmikilli fjárhæð — mörg þúsund Bandaríkjadöllum — í reiðufé til hafnarstarfseminnar í Bandaríkjunum. Það var Fritz Heckert, ríkisþingmaður og féhirðir Vesturskrifstofu Kominterns, sem greiddi honum peningana.

„Hvaða maður er þetta?“ spurði ég.

„Glæpaforingja frá New York,“ svaraði Heckert í glensi. „Það er víst betra, að þú

farir með sömu lest og hann. Hann ætlar líka til Hamborgar og þaðan með skipi til Bandaríkjanna. Mink er mjög kvenhollur, og hann er með mikla peninga á sér.“

Innan stundar sat ég með Mink í klefa í hraðlestinni frá Berlín til Hamborgar. Við vorum einir. Mink tók upp flösku af frönsku koníaki og stafla af klámmyndum. „Stelpunum þykir gaman að svona myndum,“ sagði hann. „Þær líta einu sinni á þær og liggja þá kylliflatar.“ Við drukkum koníak og ræddumst við. Mink vissi, að ég var í framkvæmdaráði ASH. Hann langaði til að verða vel kynntur. Þess vegna raupaði hann af afrekum sínum.

Hann hafði gengið í kommúnistaflokkinn árið 1926 í Filadelfíu, en þar var hann leigubilstjóri. Í tómstundum sínum fór hann í ránsferðir um höfnina. Hann hafði komist að þeirri niðurstöðu, að það mundi eiga vel við hann að vera virkur kommúnisti. Hann fluttist til New York árið 1927, samdi trúnaðarskýrslur upp á eigin spýtur og bauð Lozovskij í Moskvu þjónustu sína. Dugnaður hans og æðruleysi ásamt reynslu hans sem „hafnarræningi“ gerðu hann hæfan til að starfa að því að koma Komintern á framfæri í Ameríku. Hann skipulagði fyrstu Alþjóðasjómannafélögin í bandarískum höfnum. Hann var kallaður til Moskvu árið 1928, tók að sér njósnið fyrir GPÚ gegn félögum, sem grunur lék á, að væri ekki hægt að treysta, og komst undir verndarvæng Lozovskíjs, en Mink hélt því fram, að hann væri skyldur Lozovskij.

Snemma á árinu 1932 barst yfirmönnum á skipi Hamborg-Ameríku-línunnar, *Milwaukee*, loftskeyti, sem hafði það í för með sér, að þeir hófu leit í nokkrum klefum skipsins, sem var þá á leiðinni frá New York til Hamborgar. Mennirnir sem höfðu þessa klefa, voru þrír hraðboðar frá GPÚ, er störfuðu sem þjónar á skipinu. Það voru þeir Ferdinand Barth, Camillo F. og Carl R. Í dýnunum í rúmum þeirra fundust vélritaðar skýrslur, ljósmyndir, bréf á dulmáli og línurit — afraksturinn af njósnum heils mánaðar í iðnaði Bandaríkjanna. Hraðboðarnir þrír voru settir í járn og síðar fengnir lögreglunni til yfirheyrslu. Einn af félögum í Hamborg, sem bar ábyrgð á því, að slík njósnaöggn kæmust leiðar sinnar óhindrað, sagði sig úr flokknum nokkrum dögum síðar. En GPÚ-mönnum, sem hafa með höndum flokksleyndarmál, er aldrei leyft að draga sig í hlé. Þessum félaga, ungum vélfræðingi, Hans Wissinger að nafni, var skipað að fara til Rússlands ráðstjórnarinnar. Honum þótti betra að vera frjáls maður og neitaði. Foringjar S-neðanjarðardeildarinnar afreðu þá að ráða Wissinger af dögum. Meðal þeirra, sem var falið að annast framkvæmdir þessa máls, voru Hugo Marx og George Mink. Þar hittu fjandinn ömmu sína, sem þeir voru.

Böðlarnir voru ekki að hafa fyrir því að ganga úr skugga um sekt eða sakleysi Wissingers. Þann 22. maí í dögum fannst Hans Wissinger skotinn til bana í rúmi sínu, þar sem hann bjó í Mühlenstraße. Í Alþjóðasjómannafélaginu, sem var rétt í nánd við morðstaðinn, varð uppi fótur og fit út af morðinu á Wissinger. Hann hafði átt gott til vina innan aðgerðaflokka Hamborgar. Albert Walter krafðist þess af

Þjósti miklum að fá að vita, hver hefði gerst svo óvarkár og fífljarfur að „uppræta“ mann aðeins steinsnar frá skrifstofum ASH. Hann gerði boð eftir Hugo Marx.

„Spurðu George Mink,“ svaraði Hugo Marx stuttur í spuna.

Til að forðast hneyksli létu kommúnistablöðin í veðri vaka, að ógnarliðar nasista hefðu myrt Wissinger. Síðar þennan sama dag hitti ég George Mink á Alþjóðþingi sjómanna, sem var haldið í Hamborg um þetta leyti. Hann sat drukkinn á veitingastofunni og söng við raust, umkringdur kvenhraðriturum úr flokknum. Ég ávarpaði Mink: „Þekktirðu Wissinger?“

„Hvað um það?“ spurði hann.

„Má vera, að hann hafi verið saklaus,“ sagði ég. „Ef til vill hefur ykkur skjátlast.“

Mink svaraði sem GPÚ-mönnum var títt: „Okkur skjátlast aldrei. Við leggjumst aldrei á saklausa menn.“

Meðal bolsévika þeirra af öllum þjóðum, sem flyktust saman í Hamborg snemma á þriðja tug aldarinnar, var George Mink hataður og fyrirlitinn. Jafnvel landar Minks drógu ekki dul á, að þeir töldu hann vera glæpamann. Albert Walter kallaði hann „manndráparann frá Bowery“. Síðar á árinu 1932 kom upp innan-flokksrígur milli Ernsts Thälmanns og ASH-foringjans, og var Mink þá falið af GPÚ-skrifstofunni í Berlín að safna gögnum, sem gætu gert félag Walter tjón.

Sjómenn láta sér ekki allt fyrir þjósti brenna. Morgun einn gripu menn úr lífvarðarsveit Alberts Walters George Mink höndum og leituðu á honum. Í vasa hans fundu þeir örlytla ljósmyndavél. Þar sem er stranglega bannað að bera á sér ljósmyndataki á skrifstofum kommúnista, sem annast alþjóðastörf, var Albert Walter skýrt frá fundi ljósmyndavélarinnar.

Gamli sjógarpurinn hamaðist. „Flengið hann,“ skipaði hann. „Gefið honum duglega ráðningu.“

Þetta voru ljúfir tónar í eyrum Hamborgarfélaganna. Þeir lögðu George Mink upp á borð og húðstrýktu hann. Síðan köstuðu þeir honum niður stigann.

Síðar missti ég sjónar af George Mink. Árið 1935, þegar ég var fangi hjá Gestapo, var ég yfirheyrdur um hann. Ég frétti þá, að hann hefði verið tekinn fastur í Kaupmannahöfn, en þangað höfðu aðalskrifstofur utanríkisdeildar GPÚ verið fluttar, eftir að Hitler komst til valda. Kvöld eitt í lok maímánaðar 1935 heyrðist þerna ein á Hótel Nordland í Kaupmannahöfn hrópa á hjálp. Annað starfsfólk á hótelinu flýtti sér að renna á hljóðið og fann þar einn af gestunum, George Mink, að reyna að nauðga stúlkunni. Mink var fenginn lögreglunni í hendur. Þegar lögregluþjónarnir leituðu á herbergi hans, fundu þeir dulmálslykla, heimilisföng á dulmáli, fölsuð vegabréf og þrjú þúsund dali af vafasömum uppruna. Höfðað var mál gegn George Mink og nokkrum af félögum hans fyrir njósnir í þágu Ráðstjórnarríkjanna. Þann 30. júní 1935 var George Mink dæmdur fyrir lokuðum dyrum, og hlaut hann átján mánaða fangelsisvist.

Eftir að George Mink var látinn laus, fór hann til Moskvu. Það var eingöngu áhrifum Lozovskíjs að þakka, að hann var ekki sviptur starfi fyrir fullt og allt fyrir

frumhlaupið í Kaupmannahöfn. GPÚ sendi hann til Barcelona. En Mink barðist ekki á vígstöðvunum gegn árásarherjum Francos. Hann hafði aðsetur á öruggum stað að baki víglínanna. Íbúð hans á Hótel Continental varð að klakstöð fyrir margar næturinnrásir af hálfu GPÚ á heimili andstæðinga Stalíns í Barcelona.

Annar Ameríkumaður, sem stóð mjög framarlega í baráttu Stalíns á heimshöfunum, var félagi Appelman nokkur, sem hafði fyrrum unnið að útbreiðslustarfi fyrir flokkinn í Albany, New York, og gekk undir dulnafninu Mike Pell. Hann hafði starfað fyrir Komintern í Þýskalandi og Rússlandi ráðstjórnarinnar.

Síðari hluta maímánaðar 1932 birtist Mike á fyrsta Alþjóðþingi sjómanna, sem haldið var í Altona, og var hann í mannmargri sendinefnd frá Bandaríkjunum, en George Mink var formaður hennar. Þetta þing, sem var kallað saman af hinu óháða ASH, var haldið í nafni „samfylkingarinnar“. Það var látið heita svo, að þingfulltrúarnir ættu að ræða málin á grundvelli algers jafnréttis, „án tillits til kynflokka, hörundslitar eða stjórnmálaskoðana“. Í raun og veru báru Moskvumenn kostnaðinn af þinginu og stjórnuðu því frá því fyrsta til hins síðasta. Jafnvel fargjöld þingfulltrúa frá ystu afkimum veraldar voru greidd úr sjóði okkar.

Þingmennirnir fóru að streyma til Hamborgar, þremur vikum áður en þingið hófst. Þeir komu með járnbrautarlestum, flugvélum og farþegaskípum, og sumir komu yfir höfin sem laumufarþegar. Þeir komu frá Höfðaborg og San Francisco og Sidney og frá hundruðum hafna þar á milli, pílágrímar á hina miklu grímuhátíð, sem veldi Stalíns á heimshöfunum efndi til. Að öllu saman lögðu voru á þinginu mættir fulltrúar fyrir hér um bil eina milljón sjómanna, hafnarverkamanna og fljótamanna. Minnstur hluti þeirra voru kommúnistar. Þar voru fulltrúar frá verklyðsfélögum stjórnleysingja á Spáni og í Suður-Ameríku, stéttarfélagssinnar (syndikalistar) frá Le Havre og Marseilles, arabískir þjóðernissinnar, óháðir Norðmenn og fleiri. Samt var meiri hluti þeirra, sem voru ekki kommúnistar, algerlega á valdi kommúnísku þingklíkkunnar, en hún starfaði eins og skipulögð stofnun, sem réð lögum og lofum í hinni svokölluðu lýðræðislegu samkomu.

Allar samþykktir, ræður og stefnuskrár voru samdar fyrirfram á aðalstöðvum okkar kommúnista. Allir helstu ræðumennirnir voru kommúnistar, dulbúnir á ýmsa vegu, og þeim var sagt nákvæmlega, hvað þeir ættu að segja, áður en þeim var leyft að mæla orð frá munni.

Kommíssarenko valdi marga ræðumennina úr hópi bandarísku sendinefndarinnar, sem sótti þingið. Louis Engdahl frá Chicago, sem var þá á ferðalagi um Evrópu ásamt Ada Wright, móður annars blökkumannsins úr Scottsboro-málinu fræga, talaði um „alþjóðlega samábyrgð“. Aðrir bandarískir ræðumenn voru Harry Hynes, sem féll síðar á Spáni, og Tom Ray frá San Francisco. Enginn þessara ræðumanna túlkaði sínar eigin hugsanir. Ræðu Engdahls hafði Willi Münzenberg samið, erindi Hynes var sprottið í heila Kommíssarenkos, og fyrirlestur Toms Rays um uppreisnir á sjó og skemmdarstarfsemi var saminn af mér.

Margir þingfulltrúarnir villtu beinlínis á sér heimildir. Kínverskir stúdentar

frá Berlín töluðu sem fulltrúar hafnarverkamanna í Kanton og Weiheiwei í Kína. Blökkumanni frá Trínidad, sem hafði dvalist í Lundúnum mestan hluta ævinnar, var heilsað sem sendimanni frá þeldökkum fljótaverkamönnum við neðri hluta Mississippi. Slík brögð eru leikin á hverju alþjóðþingi kommúnista.

Annar dag þingfundanna varð það ljóst, að enginn fulltrúi frá hafnarborgum Indlands mundi geta komið til Hamborgar. Breska stjórnin hafði synjað Indverjunum um vegabréf og hafði hneppt leiðtoga sendinefndarinnar í fangelsi. Kommíssarenko gekk um fundarsalinn og tautaði í barm sér. Allt í einu sneri hann sér að mér og mælti: „Indland er mjög mikilvægt. Við þurfum að fá Hindúa hér á þingið. Farðu og reyndu að róta upp Hindúa einhvers staðar. Komdu með hann hingað og síðan látum við hann halda ræðu.“

Ég fór út til þess að leita uppi líklegan Hindúa. Eimskipið *Drachenfels* frá Hansalínunni var í höfn. Kyndararnir á því voru Hindúar. Ég flýtti mér niður að höfn og fór um borð í *Drachenfels*. Hindúarnir um borð skildu mig ekki, þegar ég fór að tala við þá um þing. Ég reyndi aðra aðferð.

„Gaman að söngstelpum, ha? Gaman að litlu krílunum, singsong-baby? Bara koma með mér! Alveg gratis!“

Þrír af Indverjunum voru fúsir til að koma með mér. Tveir þeirra voru alskeggjaðir lubbar. Sá þriðji var skegglaus, en skininn eins og beinagrind. Þeir voru allir með óhreina túrbana og skyrturnar lafandi utan yfir buxunum. Þeir sleiktu út um í eftirvæntingu og fylgdu mér út í leigubíl. Við ókum beint til þingsins.

„Komið þið inn,“ sagði ég. „Sjá singsong-baby. Hér er staðurinn.“

Hinir þrír voru agndofa, er þeir sáu, að þeir voru komnir inn í stóran sal, fullan af mönnum, sem sátu kengbognir yfir skjölum. Þeir störfðu ruglaðir á alla rauðu fánana í kring. Ég teymdi fórnarlömbin mín fram hjá borðinu, sem alþjóðaráðið sat við og upp á ræðupallinn. Trumbur voru bardar og síðan varð þögn. Ernst Wollweber, forseti þingsins, stóð upp og tilkynnti rymjandi rómi, að þrátt fyrir tilraunir Scotland Yard til að koma í veg fyrir þátttöku indversku sendinefndarinnar hefði indversku félögunum tekist að finna leið til að sækja fundinn. Að lokum æpti hann:

„Fulltrúi sambands hafnarverkamanna í Kalkútta hefur nú orðið.“

Hindúarnir þrír stóðu á pallinum og kímdu sauðslega.

Ungi Bandaríkjamaðurinn, Mike Appelman, tók nú málið í sínar hendur. Hann sneri sér að Hindúunum og yggldi sig voðalega. „Hvað lengi vinna?“ hvíslaði Mike og var hinn hryssingslegasti.

„Sex til sex,“ svaraði einn Hindúinn.

„Indverski félaginn segir að heimsvaldaræningjarnir neyði indverska verkamenn til að vinna óslitið frá klukkan sex að morgni til sex að kvöldi, eða með öðrum orðum, minnsti vinnutími er tólf stundir á dag — og sjö daga á viku,“ túlkaði Appelman til áheyrendanna.

„Hvað mikið borga?“ sagði Appelman við Hindúann með glefsi.

„Þrjú pund.“

„Indverskir öreigar verða að strita í 360 stundir á mánuði fyrir 60 shillings eða með öðrum orðum tuttugu og fjórar klukkustundir fyrir einn dollar,“ tilkynnti Appelman þingheimi.

„Hvað borða kvöldmat?“ spurði hann Hindúana.

„Hrísgrjón.“

„Þeir eru fódraðir eins og skepnur. Þrisvar sinnum á dag fá þeir handfylli af hrísgrjónum. Það er matarskammtur indversku félaganna,“ þrugaði Appelman.

„Viltu meiri peninga? Betri mat? Taka í lurginn á húsbóndanum?“ spurði hann. Hindúinn starði. Síðan glotti hann og kinkaði kalli.

„Indversku verkamennirnir lýsa því yfir, að þeir séu fúsir til að hefja þátttöku í stéttabaráttunni, baráttunni um hærra kaup og styttri vinnutíma, baráttu sósíalísmans gegn ránsaðferðum auðvaldsins, baráttunni til verndar Ráðstjórnarríkjunum gegn árásum hákarla heimsvaldastefnunnar,“ lét Appelman drynja.

Þingheimur æpti og klappaði. Hljómsveitin lék Alþjóðasöng verkamanna, Nallann, og fulltrúar risu á fætur og sungu. Hindúunum þremur var hrint út úr salnum í flýti. Við útgöngudyrnar vildu þeir fá að vita, hvenær þeir fengju að sjá þessi „sing-song-baby“, sem þeim hafði verið lofað.

„Hypjið ykkur, ræflarnir ykkar,“ var sagt. „Snáfið um borð í skipið.“

Raunverulegur einræðisherra þings þessa, sem samdi stefnuskrá með kröfum sjómanna og hafnarverkamanna um allan heim, var Rússinn Kommíssarenko. Hann var líka einræðisherra í rússneska flutningaverkamannasambandinu með fjögur hundruð þúsund félögum. Á sameinuðum fundi allra þingdeilda benti félagi Kommíssarenko á starfsaðferðir og ástand í rússneska skipaflotanum og kvað það vera til fyrirmyndar öllum öðrum kaupskipaflotum heimsins. „Baráttu okkar er ekki lokið,“ hrópaði hann, „fyrir en hinir rauðu fánar öreigafrelsisins blakta við hún á síðasta skipinu.“ En á *Sonderkonferenz*, flokksfundi starfsmanna ASH, talaði Kommíssarenko í miklu kaldranalegri tón. Þar ræddi hann við okkur um sérstök stjórnmalaverkefni kommúnistasella á skipum, sér í lagi rússneskum skipum. Sem einn af foringjum neðanjarðardeilda siglingamála hafði ég haft talsverð afskipti af ráðstjórnarskipum. Það voru fangaskip — í dulbúningi frjálsra skipa — í fleiri en einum skilningi: fangaskip fyrir áhafnirnar, sem urðu að hlíta sérstökum sjóferðalögum, er áttu ekki sinn líka að grimmd, ekki einu sinni í hinni alræmdu sjómannaöggjöf Þýskalandskeisara; og fangaskip fyrir þrjúskufulla erlenda kommúnista, sem GPÚ þótti óhyggilegt að láta leika lausum hala. Kommíssarenko tók þetta allt sem sjálfsagðan hlut; hann talaði eins og bolsévíki við bolsévíka.

Eftir að framkvæmd fimmáraáætlunarinnar var hafin og eftir að Komintern hafði jafnframt verið breytt í deild í leyniþjónustu Ráðstjórnarinnar, urðu brottnám lögreglunjósnara, sem gátu orðið hættulegir, og erlendra flokkssvikara ekki annað en vanastörf. Meðal hinna rændu manna voru embættismenn í sendisveitum og viðskiptanefndum ráðstjórnarinnar, lögreglunjósnarar, æsingamenn, njósnarar er-

lendra ríkisstjórna, sjóðþurrðarmenn í þjónustu Ráðstjórnarinnar og Kominterns, leiðtogar félaga, sem voru óvinveitt Stalín, gíslar og skemmdarvargar.

Um allt þetta vissu óbreyttu liðsmennirnir í flokki kommúnista ekkert með vissu. Félagar þeir, sem falin voru störf í njósnavarnarliðinu, sem hafði samstarf við GPÚ um mannrán, voru aldrei teknir úr flokki þekktra leiðtoga. Þeir komu úr fylkingum þeim sem lágu milli efstu ráðamanna og hinnar sauðþægu kommúnistahjarðar. Þeir menn sem var falið að starfa í hinni svonefndu S-neðanjarðardeild urðu að fullnægja þremur frumskilyrðum: Þeir urðu að hafa að baki sér þriggja ára óflekkað starf í flokknum, geta sýnt fram á að minnsta kosti eina handtöku, án þess að þeir hefðu ljóstrað nokkru saknæmu upp við lögregluna, og hafa óbifanlega trú á sögulegri köllun Ráðstjórnarsambandsins. Þeir þurftu að vera ungir, hugdjarfir og sýna málefnum blinda hollustu. Þegar þeir voru gengnir í þjónustu S-neðanjarðardeildarinnar heyrðist aldrei minnst á þá opinberlega í flokknum.

Aðferðin sem notuð er, þegar numinn er á brott njósnari eða svikari, er tíðast hin sama. Á erlendu yfirráðasvæði þykir hentugra að ræna mönnum en að myrða þá, nema ef sá sem í hlut á er svo lítilfjörlegur, að enginn mundi láta sig það máli skipta, hvernig dauða hans hefði borið að höndum. Fyrst kemur oftast nær vingjarnlegt tilboð um atvinnu í Ráðstjórnarríkjunum. Ef hlutaðeigandi gengur að því, er ekki einu sinni víst, að hann verði skotinn eða gerður útlægur, þegar hann kemst til Rússlands. Það getur átt sér stað, að hann fái atvinnuna, einhverja ómerkilega stöðu þúsund mílur eða svo frá næstu landamærastöð, í þeirri vissu, að honum muni aldrei nokkurn tíma verða leyft að fara frá föðurlandi sósíalísmans aftur. Flestir kommúnistar, sem þiggja slík „boð“, fara af fúsum vilja og beygja sig fyrir örlögum. Þeir líta oft svo á, að það sé verra en dauðinn að lifa lífi sínu utan Ráðstjórnarsamtakanna. Í augum þeirra er það að gefa sjálfa sig GPÚ á vald, hinsta merki trúmennskunnar við málstað þann sem hefur þegar tekið það besta sem þeir áttu — hrifningu æskúaranna.

En hafi aftur boði GPÚ um að „fara til Moskvu og fá sér hvíld“ verið hafnað, tekur njósnavarnarliðið til starfa. GPÚ bíður ekki eftir því, að ráðstjórnarskip leggist í höfn einhvers staðar nálægt, áður en sökudólgurinn er tekinn. Hann er gripinn við fyrsta tækifæri sem býðst og er síðan hafður í varðhaldi — stundum mánuðum saman — meðan beðið er eftir komu einhvers ráðstjórnarskips með áhöfn úrvalsmanna. GPÚ hefur leynileg fangelsi í mörgum helstu borgum eða nágrenni þeirra. Í Hamborg var það í kjallara undir bóka-versluninni Viva, á Kohlhofen 19 í miðri borginni. Í Kaupmannahöfn var það sumarbústaður, sem var eign Richards Jensens, á þjóðvegnum milli Kaupmannahafnar og Køge. Ráðstjórnin hafði fjölda annarra slíkra fangelsa í ýmsum löndum, en ég get ekki vitað nákvæmlega, hvar þeim var komið fyrir. Úr þessum ólöglegu svartholum voru fangarnir fluttir um borð í ráðstjórnarskip, nóttina áður en þau létu úr höfn.

Leynilegar innanfélagsráðstefnur, sem voru opinberu þingfundunum algerlega



óviðkomandi og engir fengu aðgang að nema kommúnistar, voru haldnar í hliðarherbergjunum. Málin sem voru tekin þar til meðferðar, voru trúnaðarmál um samsæri — starfsmannamál, styrkir, ný brögð til þess að koma af stað verkföllum, ákveðnar áætlanir um tilræði gegn siglingum ýmsra þjóða og starfsemi kommúnista í herskipaflotum auðvaldsríkjanna. Á einum slíkum fundi — en þar var ég fundarstjóri — voru aðferðir, sem beitt hafði verið í flotauppreisnum liðinna tíma, nákvæmlega skilgreindar, gerð grein fyrir hvers vegna þær hefðu mistekist og stungið upp á nýjum aðferðum, sem gætu komið að haldi í framtíðinni. Rússneskur þingfulltrúi, sem hafði komið á ráðstjórnarskipinu *Dnepr*, skýrði uppreisnaraðferðir bolsévika á Eystrasaltsflota Rússakeisara. Þjóðverji einn, ríkisþingmaðurinn Willy Leow, sagði frá liðsafla aðila í sigursælu uppreisninni á keisarafлотanum þýska. Félagi Langumier, franskur að þjóðerni, skýrði frá uppötum háseta á herskipum í Toulon. Síðan tóku til máls fulltrúar frá danska flotanum og pólsku herskipastöðinni í Gdynia. En mesta athygli vöktu erindi um flotauppreisnina í Síle og uppreisnina í breska heimaflotanum í Invergordon, sem höfðu báðar átt sér stað í september 1931. George Mink flutti skýrslu um viðburðinn í Síle, en Cole, fulltrúi frá Liverpool, talaði um „samhuginn í Invergordon“.

Uppreisn breska flotans í Invergordon mátti teljast í fremstu röð stjórn mála-viðburða. Hún hafði ekki einungis valdið bresti í breska heimsveldinu, heldur einnig í trú margra milljóna af öðrum þjóðum á ónæmi bresku orrustuskipanna gegn sýki byltingarinnar. Uppreisnin hófst að kvöldi hins 12. september, eftir að Sir Austen Chamberlain hafði tilkynnt í neðri málstofunni, að kaup háseta í flotanum yrði lækkað. Þá um kvöldið þyrptust hásetarnir saman á veitingastöðum í landi — og æsingamenn tóku til starfa. Bond háseti á *HMS Rodney* — sem var eitt af mestu skipum flotans — stökk upp á borð og skoraði á sjómennina að svara ákvörðun ríkisstjórnarinnar með verkfalli. Næsti ræðumaður var Len Wincott, sem var helsti maður forsprakkanna. Skipafulltrúar voru kjörnir til þess að flytja áhöfnum allra skipa í flotanum verkfallsboðin. Daginn eftir voru kjörin skipsráð. Mánudaginn 14. september samþykkti fulltrúafundur skipshafnanna, að verkfallið skyldi hefjast á þriðjudagsmorgun klukkan sex. Glasi var fleygt í flotaforingja einn, sem reyndi að slíta fundinum. Sjómennirnir héldu til skipanna, og sungu sumir „Rauða fánann“, einn af baráttusöngvum kommúnista. Allt kvöldið gullu hrópin við frá skipi til skips: „Gleymið ekki deginum á morgun.“

„Dagurinn á morgun“ rann upp. Fyrstir til að leggja niður vinnu voru hásetarnir á *Rodney*. Fagnaðaróp þeirra ómuðu um allt skipalægið. Tveimur klukkustundum síðar höfðu allar skipshafnir heimaflotans lagt niður vinnu. Sverð og skjöldur breska heimsveldisins var lamaður. Eftir þrjátíu og sex klukkustundir gafst flota-stjórnin upp fyrir uppreisnarmönnum. Málið var þaggað niður. Það var enginn yfirheyrður né dæmdur. Tuttugu og fjórir af forsprökkunum voru reknir af flotanum — „fyrir óhlýðni“ — og fengu ókeypis farseðla heim til sín. Í umræðum um ályktanir, sem hægt væri að draga af atburðunum í Invergordon, sagði einn

af rússnesku fulltrúunum að slík verkföll í flotanum gætu „gert breska ljónið að meinlausri kisu“. Þessa setningu greip bandaríski fulltrúinn, Mike Appelman, á lofti og notaði hana í bók sinni, *SS Utah*, sem lýsti í mjög gagnsæju skáldsögusniði aðferðum við að skipuleggja verkföll og uppreisnir á höfum úti. Deildir Kominterns í Rússlandi, Þýskalandi, á Norðurlöndum og í Ameríku gáfu bókina út. Uppreisnin í Invergordon skapaði ástæðulausa bjartsýni í hugum margra skammsýnna bolsévíka um líkindin til þess, að hægt yrði að „kollvarpa“ breska heimsveldinu. En ófarir mínar í Englandi skömmu síðar staðfestu þá skoðun foringja okkar, að þrátt fyrir „samhuginn í Invergordon“ voru hersveitir okkar enn langt frá því marki að geta tálgað klær breska ljónsins.

# Aðalerindreki á Englandi

ÉG VAR BOÐAÐUR TIL Berlínar, eftir að Alþjóðþingi sjómanna og hafnarverkamanna var lokið og síðasti fulltrúinn hafði fengið greiddan ferðakostnað sinn heimleiðis. Georgí Dímítrov heilsaði mér með sérstakri alúð.

„Kæri félagi,“ ávarpaði hann mig, „við ætlum að senda þig til Englands. Þú færð að sjá, að ástandið þar er mjög varhugavert. Bresku samtökin okkar eru vandræðamál. Þau gera hvorugt, að þroskast né deyja útaf. Harry Pollitt og samverkamenn hans eru jafnmiklir dekurdrengir og jafnófærir um að vinna byltingarstörf meðal fjöldans og þeir eru enskir í anda.“

Í fimm klukkustundir samfleytt tók ég á móti rækilegum fyrirskipunum um sendiför mína. Þær voru meðal annars að endurskipuleggja fjármálastjórn Lundúna-bladsins *Daily Worker* og sjómannablaðs kommúnista, *The Seafarer*. Auk þess voru verkefni ferðalag milli breskra hafna, endurskipulagning kommúnistaminnihlutans í verklýðsfélögunum, sem gekk undir nafninu „minnihlutahreyfingin“, indverska sjómannasambandsins, sem hafði aðsetur í Lundúnum og Vestur-Indíafélagsins — alþjóðablökkumannafélagsskapar, sem hafði skrifstofur í Cardiff í Wales.

Þetta var langmikilvægasta starf, sem mér hafði nokkurn tíma verið falið að vinna. Ég sat í tvo daga við að fara í gegnum bréf frá Bretlandi á Vesturskrifstofu Kominterns. Ég komst að því, að skýrslurnar, sem breska miðstjórnin hafði sent, voru sambland af kænsku, sjálfsréttlætingu og fullyrðingum um sigra, sem höfðu ekki unnist. Hverju einasta bréfi lauk með háværum beiðnum um peninga. Breski flokkurinn hafði sjálfur því sem næst engar tekjur. Ef til vill fimm af hverjum hundrað, sem voru skráðir félagar hans, greiddu lögboðin gjöld. Allar greinar flokksstarfseminnar voru háðar fjárstyrkjum frá Moskvu.

Það má geta þess hér, að skjöl Vesturskrifstofunnar, sem snertu Bretland, voru ekki geymd á aðalskrifstofunum, sem höfðu aðsetur í Führer Verlag. Skjöl um málefni hvers lands um sig voru geymd í einkaíbúðum ýmissa flokksmanna, sem þekktir voru að trúmennsku. Þessi dreifing á skjölunum gerði það að verkum, að lögreglan gat aldrei náð í meginhlutann af trúnaðarskjöllum Kominterns í Berlín í einni húsrannsókn. Jafnvel Gestapo tókst ekki að ná þeim, þótt dugleg væri. Vorið 1933 voru skjölin flutt smám saman til Kaupmannahafnar.

Undirbúningur var hafinn til þess að tryggja það, að ég kæmist óhultur til Bretlands og næði öruggu sambandi við alla aðila. Bretland var eitt af frjálsum löndum þessa heims. En það átti, þar sem Scotland Yard var, lögreglulið, sem starfaði

af nálega óskeikulli nákvæmni. Njósningar Scotland Yards voru alls staðar. Bresku vegabréfayfirvöldin höfðu það orð á sér, að þau gætu uppgötvað fingerdustu falsanir ferðaskírteina á augabragði. Við vissum það í Komintern, að það var vonlaust, að nokkrum kunnum erindreka tækist að fara um breska höfn, án þess að yfirvöldin hefðu hendur í hári hans. Fjöldamargir Komintern-menn höfðu á undanförunum árum lent í höndum Scotland Yards og verið gerðir landrækir. Þeir og margir aðrir, sem höfðu aldrei til Englands komið, voru skráðir á hinn fræga lista breska innanríkisráðuneytisins yfir grunaða menn. Náði hann til allra þjóða og var handbær hverjum þeim embættismanni, sem við skoðun vegabréfa fékst. Við vissum það einnig af reynslunni, að Scotland Yard virti pósthelgina að engu. Bréf voru oft opnuð við gufu af mikilli leikni, ljósmynduð og send áfram á ákvörðunarstað eftir mjög litla töf. Auk þess hafði ég heyrt því fleygt, að Scotland Yard væri eina lögregluliðið í heimi, sem GPÚ hefði aldrei tekist að lauma neinum af flugumönnum sínum inn í.

Ég fékk þrjú vegabréf til notkunar, meðan ég dvaldist í Englandi. Eitt þeirra var hollenskt og hljóðaði á nafnið Gerhart Smett, en á það átti ég að komast inn í landið og innrita mig hjá lögreglunni í Lundúnum. Norskt vegabréf á nafnið Alfson Petersen átti að sanna breska kommúnistaflokknum, hver ég væri. Til vara hafði ég bandarískt vegabréf, sem var upprunalega gefið út til handa Kurt Peter nokkrum, og átti ég aðeins að nota það í viðlögum eða á flóttu. Lýsingarnar á handhöfum allra vegabréfanna hæfðu mér algerlega. Það hafði engu verið breytt nema ljósmyndunum og eiginhandarnöfnunum. Ég hafði meðferðis meðmæli frá verslunarfyritæki, og var mér þar lýst sem fulltrúa fyrir fiskkaupmann í Rotterdam. Fiskkaupmaðurinn var til í raun og veru. Honum var mútað til að viðurkenna þetta meðmælabréf, ef fyrirsurnir bærust um það. Öll þessi skjöl voru gefin út af fölsunarmiðstöð Kominterns, sem hafði skrifstofur sínar í Lindenstraße 68–72, Suðvestur-Berlín.

Ég kvaddi Firelei og flaug til Lundúna á skafheiðríkum degi. Vegabréfaskoðunin á flugvellinum í Croydon olli mér nokkrum kvíða. Embættismennirnir lásu gaumgæfilega hvert blað í hollenska vegabréfinu mínu. Svo fóru þeir að bláða með hægð í gegnum lista sinn yfir grunsama menn. Að því loknu lögðu þeir nokkrar spurningar fyrir mig. Mér var sleppt í gegn. Ég ók í strætisbifreið inn til borgarinnar. Ég fór úr henni á hægri bakka Tempsár, stökk upp í leigubíl og ók til Kings Cross stöðvarinnar í hinum enda Lundúna. Þar lét ég bílinn fara og stíkaði í kringum margar húsaþyrpingar, þangað til ég var orðinn viss um, að enginn hefði elt mig. Síðan fékk ég mér annan bíl og ók til Charing Cross hótelsins. Þaðan setti ég mig í samband við miðstjórnina, sem hafði skrifstofur þar nálægt í King Street.

Ég hitti Harry Pollitt, foringja kommúnista í Stóra Bretlandi, á Brasserie Universelle nálægt Piccadilly. Hann var laglegur, vel vaxinn og prúðbúinn maður, hátt á fertugsaldri, talaði liðlega og sleitulaust og hafði mjög mikið álit á eigin hæfileikum. Hann tók á móti mér með uppgerðarkæti, og þóttist ég verða þess

áskynja, að honum væri ekkert um návist mína í Lundúnum. „Eitthvað rotið í Danmörku,“ hugsaði ég. „Það má ekki láta það viðgangast, að félagi Pollitt leyni staðreyndum.“ Frá upphafi vorum við fjandmenn. Gremja Pollitts var sykrud. Í augum hans var ég eins og fávís boðflenna í málefnum breska flokksins. En enginn maður í neinum kommúnistaflokki þorir nokkurn tíma að draga vald „mannsins frá Moskvu“ í efa. Pollitt bauð mér að gista hjá kommúnistafjölskyldu, en því hafnaði ég. Eðli verksins, sem ég var kominn til þess að vinna, var óskemmtilegt. Það var augljós hætta í því að gista á stað, sem starfsmenn, er voru grunadir um vanrækslu, gætu vitað um. Ég hafnaði líka boði Pollitts um að taka mér kvenritara. Ég var alveg sannfærður um að hún mundi vera njósnari miðstjórnarinnar.

„Þetta er allra laglegasta stúlka,“ sagði Pollitt og reyndi að freista mín.

„Vertu ekki að hafa fyrir þessu,“ sagði ég. „Ég set saman neðanjarðardeild mína sjálfur.“

Breski flokksleiðtogi virtist vera að þreifa fyrir sér. Hann hélt, að ég væri Rússi.

Ég leigði mér herbergi í einu gistihúsinu nálægt Euston-stöðinni. Síðan tók ég að safna að mér traustum aðstoðarmönnum. Þeir voru Joe Keenan, lítill, harðger Ástralíumaður, gamall í hettunni hjá Komintern, „Rauði“ MacGrath, renglu- legur Nýsjálandingur, sem ég hafði unnið með í Antwerpen á árunum eftir Hamborgaruppreisnina árið 1923, Patrick Murphy, einn af fáum Írum í þjónustu GPÚ, drykkjumaður og áflogamaður, og stúlka, sem var kölluð Cilly. Cilly var ung, há og dökkhærð, sjálfstæð og vel til fara; hún var Þjóðverji og hafði unnið hjá Arcos, viðskiptasendiráði ráðstjórnarinnar í Lundúnum, þangað til Scotland Yard gerði húsrannsókn hjá þeirri stofnun. Við hittumst á testofu til þess að skiptast á skoðunum og ræða fyrirætlanirnar.

Aðstaða breska flokksins í Komintern var einkennileg. Frá því í allsherjarverfallinu 1926 var hann orðinn fánýtasta og dýrasta leikfang Alþjóðasambands Kommúnista. Hann hafði gleypst fjárfúlgur, er námu fjórðungi milljónar dala á ári. Eftir tíu ára starf hafði hann á að skipa sellum, sem námu tæplega einum tíunda hluta af sellum flokksins í Hamborg einni. En í Lundúnum voru ekki færri en fjörutíu og eitt félag, sem höfðu samstarf við kommúnista, „bandalög“ allra tegunda, öll veigaminni og fámennari en flokkurinn sjálfur, öll háð fjárstyrkjum frá aðalstöðvum okkar í Berlín og Moskvu. Þetta virtist sannarlega vera einkennilegt ástand í landi, sem mátti kalla vöggu iðnaðarframleiðslunnar og öreigalýðs nútímans. „Hver er ástæðan til þessarar kyrrstöðu?“ spurði ég sjálfan mig.

Aðalástæðan var ef til vill afstaða breska verkamannsins. Aðra ástæðu var að finna í getuleysi og stærilæti flokksstjórnarinnar og þeirri skyggnu skoðun hennar, að byltingar borguðu sig vel, það er að segja, ef ekkert yrði úr þeim. Og þriðja ástæðan var framtak leiðtoga bresku verklyðsfélaganna og Scotland Yards í því að kæfa í fæðingu allar sóknartilraunir kommúnista.

Ég ákvað að snúa mér fyrst að Lundúnablaðinu *Daily Worker*. Ritstjórnarskrif-

stofur og afgreiðsla þessa mál gagns miðstjórnarinnar voru undir eftirliti Scotland Yards frá því klukkan níu á hverjum morgni fram til klukkan sex á kvöldin. Tveir leynilögreglumenn stóðu samfelt á verði. Ég sá þá standa hinum megin við götuna, slæpast í útidyrum eða þykjast vera niðursokknir í dagblöð, meðan þeir gáfu gætur hverjum þeim, sem kom eða fór. Endurskoðun okkar þurfti að fara fram að nóttu til, án þess að nokkur af aðilum hefði hugboð um það fyrirfram.

Joe Keenan og Pat Murphy smöluðu saman starfsfólkinu. Klukkan níu kom það allt saman á efstu hæð í húsi „minnihlutahreyfingarinnar“. Fundur okkar stóð til klukkan sjö morguninn eftir. Þetta var endurtekið tvisvar sömu vikuna. Hinir snyrtilegu Bretar — það var ekki einn einasti verkamaður á meðal þeirra — tóku „GPÚ-aðferðum“ mínum illa. En þeir voru hræddir um að missa atvinnuna og voru svo forsjálrir að halda sér í skefjum. Fundir okkar voru ofsalegir og tóku á taugarnar. En það er ánægjan við að taka til meðferðar fyrirtæki, sem er algerlega kostað af Moskvu: „maðurinn frá Moskvu“ má hamast eftir vild, hann getur gerst meinyrtur, fengið berserksgang og smánað Moskva-mútuþegana af hjartans lyst — og enginn þorir að bæra á sér af ótta við, að hans verði getið í „trúnaðarskýrslu“.

*Daily Worker* hafði verið stofnað árið 1930 með fjárstyrk frá ráðstjórninni, er nam upphaflega 45 þúsund dólum. Styrkurinn var veittur með milligöngu Kominterns að því tilskildu, að upplagið yrði að minnsta kosti eitt hundruð þúsund eintök. Auk styrksins í upphafi hafði Vesturskrifstofan sent 2.600 dali á mánuði til greiðslu á launum starfsmanna. Í apríl 1931 hafði breska miðstjórnin tilkynnt það til Berlínar og Moskvu, að upplag blaðsins væri orðið yfir tvö hundruð þúsund, og fór hún fram á, að mánaðarstyrkurinn yrði hækkaður í 4.000 dali til að standast kostnað af auknu starfsliði í útgáfudeild flokksins. Pjatniskij og Dímitrov höfðu hækkað tillagið upp í 3.200 dali. Þetta var umfram reglulega fjárstyrki til pólitísku starfseminnar, sem var sér á blaði. Ósamræmið milli þessarar vaxandi útbreiðslu blaðsins, sem haldið var fram, og ömurlegrar kyrrstöðu í annarri starfsemi flokksins, varð til þess, að grunsemdir vöknudðu í hugum æðri starfsmanna í Komintern. Eftir mjög rækilega rannsókn komst ég að þessari niðurstöðu:

Upplag blaðsins *Daily Worker* var ekki tvö hundruð þúsund, heldur tæplega þrjátíu þúsund. Starfslið blaðsins hafði ekki verið aukið. Hvert fóru peningarnir frá Komintern? Litlum hluta þeirra hafði verið varið til þess að kaupa auglýsingar. *Daily Worker* greiddi verslunarfyirtækjum fé fyrir að auglýsa í dálkum þess í því skyni að sýna Moskvu fram á vaxandi áhrif blaðsins. Það, sem eftir var af fénu, fór í laun og „kostnað“ til lítillar klíku í miðstjórninni. Í „kostnaði“ var meðal annars innifalið skrautlegar íbúðir, lífeyrir fylgikvenna, skemmtiferðir til Ermarsundsstrandar og loðkápur og bifreiðar handa eiginkonum helstu bresku stalínistanna.

Bresku félagarnir, á meðal þeirra Harry Pollitt, gerðu sér mikið far um að skýra þessar staðreyndir á annan veg með því að tala tímunum saman um örðugleika þá, sem bresk yfirvöld hefðu valdið *Daily Worker*. Ég hló að vífilengjum hans. Ógnir þær, sem kommúnistar voru beittir í Bretlandi, voru barnaleikur hjá þrautum

þeim, sem félagar okkar í flestum löndum Evrópu og Asíu urðu að þola. Ég skar laun allra niður í fjögur pund á viku og „kostnað“ niður í ekki neitt. Frá Berlín hafði ég komið með styrkina fyrir júní og júlí, og ég var eins fastheldinn á féð og harðbrjósta maurapúki. Þegar öllum kaupgreiðslum var lokið, var afgangur 1600 dalir, sem ég varði til að bæta dreifingarkerfið. Ég sendi langa skýrslu um það, hvers ég hafði orðið vísari, til Hamborgar með hraðboða mínum á skipinu *Lapwing*. Frá Hamborg var hún send til Berlínar, frá Berlín til Moskvu. Ég kenndi Harry Pollitt, „Lenín breska heimsveldisins,“ um spillingarfenið. Pollitt var kallaður til Moskvu. Hann hlýddi og fór — og lifði það af! Stalín hefur oft þá aðferð að láta helstu leiðtoga halda stöðum sínum, ef það stafar engin alvarleg hættu af þeim, þótt þeir hafi brotið af sér á einn eða annan hátt. Kennisetning í Kreml er sú, að þeir, sem vita, að nöfn þeirra í leynisþjaldskrá GPÚ eru merkt með rauðu bleki, verði því auðsveipari þrælur það, sem eftir er.

Ég rannsakaði starfsemi hérumbil tuttugu annarra deilda kommúnistaflokksins og félaga, sem höfðu samband við hann, og alls staðar var ástandið hið sama: þrúðbúnir og mælskir starfsmenn, sem slæptust bak við gljáfægð skrifborð, nettar vélritunarstúlkur, skrifstofutími frá níu til fjögur, hrúgur af pappíraráðagerðum og samþykktum, myndir af Lenín og Stalín á veggjunum og ekkert samband að kalla við vinnandi stéttir í Stóra-Bretlandi.

Eitt af viðfangsefnum mínum var að rannsaka hag Lundúnaskrifstofu Ráðstjórnarvinafélagsins, sem var látið heita „óháður“ félagsskapur. Frá árslokum 1930 hafði þetta félag fengið sérstakan mánaðarlegan styrk til þess að andæfa hinum ákafa áróðri gegn ráðstjórninni, er var rekinn í Bretlandi og snerist aðallega um atvinnurekstur, er líktist mest þrælhaldi, í skógarhöggshéruðunum nálægt Arkhangelsk. Ráðstjórnarvinafélagið í Lundúnum hafði fengið gríðarstórar sendingar af fögru og dýrmætu myndariti, *U.S.S.R. in Construction*, og fé til að kosta dreifingu þess í stórum stíl meðal breskra kennara, háskólaprófessora og félaga menntamanna. Er ég kannaði bókhald og húsakynni „vinanna“ í Lundúnum, komst ég að því, að fénu hafði verið sóað, en háir staflar af *U.S.S.R. in Construction* lágu á kjöllurunum, þaktir ryki og köngurlóarvef.

Eitt af afrekum þeim, sem varð mér álitsauki í Moskvu, var að uppræta dáfallegt hreiður, sem tveir af ædstu bresku kommúnistunum, þeir félagarnir Thompson og George Hardy, höfðu búið sér á kostnað Kominterns. Thompson og Hardy voru leiðtogar mikilvægustu deildar kommúnistaflokksins í Bretlandi — þeir höfðu með höndum hafnir og hafnarkvíar, fiskveiðar og allan breska kaupskipaflotann. Thompson var raddmikill risi, sem hafði áður verið starfsmaður hjá sambandi bresku verklyðsfélaganna. George Hardy var fóthvatur, lævís ráðabrugari, sem hafði gegnt störfum fyrir Komintern í mörgum fjarlægum löndum, í Indlandi, Moskvu og Vladívostok, í Suður-Afríku, Shanghai og Bandaríkjunum. Ég hafði hitt bæði Thompson og Hardy í Berlín og Hamborg árið áður. Þeir voru báðir lík-

astir efnuðum kaupsýslumönnum að sjá, og konur þeirra voru jafnprúðbúnar og konur heldri manna.

„Þegar þú skiptir við þessa tvo menn, skaltu vera ruddalegur og frekur,“ hafði Dímítrov ráðlagt mér. „Þeir eru rétt eins líklegir til að selja þér Nelson-styttuna á Trafalgar-torgi, ef þú ert ekki var um þig.“

Cilly, Joe Keenan og Pat Murphy fóru á kreik til þess að njósna um félagsskap þann, sem var undir yfirráðum Hardys og Thompsons. Ég sendi „Rauða“ McGrath til Newcastle, Liverpool og Glasgow til þess að athuga ósamræmið milli skýrslna þeirra, sem voru samdar með Moskvu fyrir augum, og framkvæmdanna eins og þær voru í raun og veru. Ég fann það, sem ég hafði búist við. Í hafnarfélögum kommúnista í Stóra Bretlandi voru skráðir um fjórtán hundruð félagar, en enginn þeirra hafði greitt önnur félagsgjöld en inntökugjald. Alþjóðasjómannafélagin í breskum hafnarborgum voru ekki stjórnmálamiðstöðvar, heldur ógedslegar knæpur, sem voru reknar til ágóða fyrir Hardy og Thompson. Alþjóðasjómannafélaginu í Freetown á vesturströnd Afríku hafði verið breytt úr samkomustað fyrir kommúnista í eitthvað, sem líktist mest miðstöð fyrir þrælasölu. Þeldökkir félagar, sem komu til Englands, höfðu þar sögu að segja. Hardy hafði selt „Krubossa“-klíku deildina í Freetown, en „Krubossar“ voru menn, sem útveguðu strandferðaskipum eyrarvinnumenn fyrir þriðja hluta af venjulega kaupum blökkumannanna. Thompson rak gróðavænleg viðskipti, sem voru í því fólgin, að hann flutti inn arabíska og kínverska sjómenn og kom þeim á bresk skip fyrir miklu lægra kaup en títt var að greiða. Mánaðarstyrknum frá ASH, sem nam 2.500 dölum og Hardy og Thompson fengu frá Albert Walter til þess að reka rauðan áróður á breskum skipum, var skipt niður sem hér segir: Hardy greiddi sjálfum sér 1.000 dali í laun, Thompson greiddi sjálfum sér 1.000 dali í laun, og afganginum, 500 dölum, vörðu þeir til þess að gefa út blað, *The Seafarer*, ekki til dreifingar meðal hafnarverkamanna og sjómanna, heldur til þess eins að senda það til þýskra og rússneskra hafna sem „sönnun“ um athafnasemi sína í Englandi. Ég safnaði nákvæmum upplýsingum í skýrslu handa Dímítrov. En George Hardy komst á snoðir um, að eitthvað óþægilegt væri á seyði og fór sjálfur að safna gögnum gegn siglingamálamíðstöðinni í Hamborg og mér. Hann sakaði mig um að hafa látið fremja innbrot á skrifstofu sinni í Commercial Road og að hafa stolið einkaskjólum hans. Hann fékk konu sinni í hendur skýrslu um þetta og sendi hana til Moskvu með skýrsluna. Það hefði verið hægðarleikur að stöðva frú Hardy í Berlín. En henni var leyft að halda áfram.

Ég fékk brátt fyrirskipanir frá Berlín um að ráða niðurlögum Hardys og Thompsons með hverju því vopni, sem beitt yrði, og að koma á laggirnar nýrri stjórn í neðanjarðardeild þeirra. Ég var jafnvel að mér í kúgunaraðferðum og aðrir þeir sem aldir eru upp í samtökum kommúnista. Fyrst stöðvaði ég allar styrkgreiðslur. *The Seafarer* hætti að koma út. Sjö Alþjóðasjómannafélögum í breskum hafnarborgum var lokað hverjum á fætur öðrum. Í flugritum, sem var dreift meðal fylgismanna Hardys og Thompsons, sakaði ég þá um þjófnað á fé verkamanna og makk við



Scotland Yard. Ég kom því til leiðar, að meiðandi upplýsingar um einkalíf Hardys bárust í hendur Bevins og Spences, bitrustu andstæðinga kommúnismans og leiðtoga bresku sjómannafélaganna. Innan skamms var farið að birta þessi gögn á fremstu síðu í tímariti Spences, *Seaman*, og rötudu þau þannig í hvern einasta hásetaklefa á breskum skipum. Afleiðing þess var, að Hardy sakaði Thompson um svik og Thompson barði Hardy til óbóta. Í hefndarskyni kærði Hardy mig fyrir Scotland Yard, og leynilögregluþjónar fóru að leita um allt East End að „Rússa, sem talaði með bandarískum hreimi“. Ég hafði það margsinis á tilfinningunni, að einhver væri að elta mig. En til allrar hamingju er venjulega hægt að þekkja leynilögregluþjóna í hundrað metra fjarlægð.

Herferðinni gegn Hardy og Thompson lauk með algerum sigri okkar. Thompson var ekki hættulegur, þó að hann væri hávær. Honum var leyft að láta af störfum. George Hardy var skipað að fara til Moskvu. Í tvær vikur hikaði hann við. „Bölvadir drullusokkarnir ykkar,“ sagði hann við mig, „þið hafið konuna mína þar.“

„Dú sendir hana þangað, var ekki svo?“ svaraði ég.

George Hardy var þó Englendingur, þegar öllu var á botninn hvolft. Hann fékk að halda lífi. En hann hefur, svo að ég viti, aldrei risið aftur úr djúpi gleyskunnar.

Forustan í starfi Kominterns á skipastóli breska heimsveldisins var falin nýjum mönnum á Alþjóðþinginu gegn stórveldastríði í Amsterdam í ágústmánuði 1932. Það voru Kremlverjar, sem stofnuðu til þingsins og kostuðu þinghaldið. Guðfeður þess voru fögur skrudfýlking frjálslyndra „sakleysingja“, allt frá Romain Rolland til Patels, forseta indverska þjóðþingsins. Þar var einnig saman komið úrvalið úr Komintern frá öllum löndum. Á einni leyniráðstefnunni, sem haldin var samhliða opinberu „sýningar“-fundunum, voru eftirmenn Hardys og Thompsons tilnefndir. 4.000 dala styrkur var veittur til nýskipunar. *Seafarer* kom aftur út. Ég sendi menn til hafnarborganna til þess að stofna Alþjóðasjómannafélög á ný í Lundúnum, Cardiff, Penarth, Liverpool, Glasgow, Hull og víðar. Meðal nýju leiðtoganna voru GPÚ-maðurinn Pat Murphy, aðstoðarmaður hans, Cole, og Len Wincott, einn af forsprökkunum úr flotauppreisninni í Invergordon.

Eftir að Hardy og Thompson hafði verið rutt úr vegi, beindi ég kröftum mínum að Vestur-Índíafélaginu. Það var bandalag blökkumanna, sem maður að nafni O'Connell hafði skipulagt á mörgum árum, og voru margar deildir þess heimilisfatar á Jamaíku, Haítí, Dóminíska lýðveldinu og smærri eyjum. Það barðist fyrir réttindum blökkumanna og menningarsamvinnu milli þeirra um allan heim. O'Connell, sem hafði aðalskrifstofu sína í Cardiff, var ötull maður, mjög dökkur á hörund, en með nef eins og arabískur hestamaður og höku eins og hnefaleikari. Hann var ekki félagi í kommúnistaflokknum, en átti sæti í einum helstu hliðarsamtökunum — félagi ráðstjórnarvina. Mér hafði verið falið að smeygja ráðgefandi kommúnista inn á skrifstofu O'Connells og að binda hendur O'Connells með því að neyða hann til að taka á móti nokkur hundruð dala regluglegum fjárstyrk frá alþjóðaskrifstofu ráðstjórnarvinafélagsins. Í raun réttir var slík

skrifstofa ekki til; „skrifstofan“ var Willi Münzenberg. Takmarkið var auðvitað að nota sér félagsskap O'Connells til þess að koma kommúnismanum á framfæri við þeldökka íbúa í Vestur-Indíum. Aðstoðarmaðurinn, sem ég hafði ætlað mér að koma inn á skrifstofu O'Connells, var blökkumaður í Lundúnum, Jones að nafni, útskrifaður frá Lenínskólanum í Moskvu. En ég renndi ekki grun í það, að félagi Jones hafði verið á mála hjá Scotland Yard í mörg ár og var það enn.

Þessari sendiför minni lauk með ömurlegum ósigri. Ég fór til Cardiff. O'Connell var fús til að taka við fénu, sem ég bauð fram til styrktar félagi hans, en hann hélt því þrálátt til streitu, að Vestur-Indíur væru eitt og Moskva annað. Hann sagði mér afdráttarlaust: „Ég er fulltrúi blökkumannanna, sem eru bræður mínir. Þú vilt, að ég verði fulltrúi Rússlands meðal íbúanna í Vestur-Indíum. Ég get ekki þjónað tveimur herrum. Vegna samvisku minnar get ég það ekki.“

„En við höfum einlægán áhuga á að hjálpa blökkumönnum í baráttu þeirra,“ sagði ég.

„Hverjir eru ‚við‘?“ gall O'Connell við. „Við“ er Moskva. Moskva hefur einlægán áhuga á að hjálpa Moskvu.“

Þá reyndi ég aðra aðferð. Það voru allmargir blökkumenn í Cardiff, sem voru bæði félagar kommúnistaflokksins og Vestur-Indíafélagsins. Þeir voru ekki miklir fyrir sér, en þeir voru til. Ég lét prenta dreifibréf, þar sem O'Connell var stimplaður „svikari“ við málstað blökkumanna. Bréfinu var dreift um Cardiff og skip, sem Vestur-Indíamenn sigldu á. O'Connell lét ekki standa á svarinu. Hann kallaði fylgismenn sína á opinberan fund til þess að láta kné fylgja kviði á stalínistunum.

Ég kallaði Jones frá Lundúnum og nokkra blökkumenn aðra frá Liverpool og Birkenhead til liðsauka við flokk okkar á fundinum. Öllum þátttakendum voru falin hlutverk fyrirfram. Ég kom mér upp bækistöð um stundarsakir í fish-and-chips búð örskammt frá fundarsalnum og hafði tvo blökkumenn „í förum“ til að halda uppi sambandi við lið okkar á fundinum. Félagið átti engan góðan ræðumann nema O'Connell. En hins vegar gat hver maður úr flokki okkar þulið lestur, ef á þurfti að halda. Ég var viss um, að sigurinn mundi falla okkur í skaut. Þegar kommúnistastofni hefði einu sinni verið komið á fót innan félagsins, var hægt að neyða O'Connell til þess annaðhvort að segja af sér eða semja.

O'Connell hafði sigur. Hann hafði haft veður af öllum fyrirætlanum mínum. Lögregluþjónar í borgaralegum búningi voru á gangi í kringum fundarstaðinn. O'Connell setti fundinn með því að kalla upp nafn hvers einasta kommúnista af okkar mönnum og skipa þeim að ganga af fundi. Það urðu nokkur áflog, fáeinar hauskúpur brákuðust, og síðan réðst lögreglan til atlögu og tók alla kommúnistana fasta fyrir að „koma af stað óeirðum“. Ég bölvaði sjálfum mér fyrir klaufaskapinn. Lögreglan í Cardiff var nú einnig farin að leita að „Rússanum, sem talaði með bandarískum hreim“. Ég flýði frá Wales við illan orðstír. Ég símaði til Berlínar um ófarir mínar. Það kom skipun frá Berlín um að kúga O'Connell eða að eyðileggja félagið. Pat Murphy var sendur til Cardiff til þess að halda herferðinni áfram.

Henni lauk mörgum mánuðum eftir að ég var farinn frá Englandi, með því, að Vestur-Indía-félagið var leyst upp. O'Connell féll í djúp gleyskunnar.

Um miðjan júlí var mér skyndilega skipað að koma aftur til Þýskalands. Andrúmsloftið, sem mætti mér í Hamborg, sannfærði mig um, að mikil og óvæginn öfl væru í þann veginn að sækja hvert annað heim til allsherjar-lokasennu. En atburð-irnin í ættlandi mínu eiga heima í öðrum kafla. Ég sneri aftur til Lundúna í ágúst og lenti að þessu sinni í Grimsby. Ég átti enn eftir að fást við málefni indverska sjómannasambandsins.

Frá árinu 1930 höfðu aðalskrifstofur þessa sambands verið í Lundúnum, nálægt East India Dock Road. Yfirmaður sambandsins hafði fengið mánaðarstyrki frá skrifstofunni í Hamborg, er námu þremur til fjórum hundruðum dala. Moskvumenn höfðu gert kröfu um, að aðalskrifstofur sambandsins yrðu fluttar til Kalkútta. Það þótti æskilegt að hafa nánara samband við hafnarverkamenn í Indlandi. En af einhverri óskiljanlegri ástæðu höfðu miðstjórn breska flokksins og leiðtogi indverska sjómannasambandsins sífellt ónýtt hverja tilraun til að flytja skrifstofurnar. Verkefni mitt var að komast að ástæðunni til þess, að skipanir Kominterns voru virtar að vettugi, og að ryðja úr vegi öllu, sem hindraði framkvæmd þeirra.

„Við vitum harla lítið um þessa peyja,“ hafði Albert Walter sagt við mig. „Formaður sambandsins er Hindúí. Hann er feitur, auðnalaus slæpingi, en hann hefur betri sambönd á skipum, sem sigla á Inland en nokkur annar. Finndu hann og settu dálítið dýnamít undir rófubeinið á honum. Hann kallar sig Vakíl.“

Mér höfðu verið gefnar frjálssar hendur til þessara framkvæmda. Ef félagi Vakíl neitaði að flytja til Kalkútta, átti ég að reka hann, taka neðanjarðardeild hans af honum og setja yngri bolsévika úr Austurlandafylkingu Willis Münzenbergs í stað feita Hindúans.

Eins og ávallt er gert, þegar svo stendur á, var fyrsta verk mitt að stöðva fjárframlög til Hindúans. Ég hugsaði sem svo: „Hindúinn neitar að flytja fyrirtækið til Kalkútta. Til þess hljóta að liggja einhverjar ástæður. Ég verð að komast að því, hverja hann talar við og hvers vegna hann vill ekki fara frá Lundúnum.“ Þrír aðstoðarmenn mínir höfðu gætur á honum í viku, en urðu einskis vísari. Vakíl fór sjálfur til hafnarinnar á hverjum morgni og gekk á skip, sem höfðu indverskar áhafnir. Í þessum ferðum hafði hann meðferðis sýnishornatösku með ódýrum úrum og öðru glingri. Þetta gerði hann til þess að villa lögregluþjónunum við hafnarbúðinar sýn.

Til að eyða ekki meiri tíma í árangurslaust eftirlit tók ég það ráð að sækja Indverjann heim án frekari umsvifa. Ég kom á skrifstofu hans án þess að gera boð á undan mér á sunnudagskvöldi.

Indverjinn var stór, brúnn, feitur maður nálægt fimmtugu. Hann var til fara eins og hver annar knæpueigandi í East End og litlu, lævisu augun pírdi út í umheiminn milli fitukeppa. Hann var ekki einn. Tveir menn með vefjarhetti sátu á hækjum sínum á lágum stólkollum. Þeir stukku allir á fætur, þegar ég kom inn.

„Hvers óskið þér, herra?“ spurði Vakill virðulega.

„Ég kem í erindum ASH, Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna.“

„Nú!“

Við settumst. Félagar Vakils ætluðu að fara. En ég kom í veg fyrir það. „Ég fer fyrstur héðan,“ sagði ég. „Þið getið farið, þegar ég er farinn.“ Við ræddumst við. En allar eftirgrennslanir mínar um það, hvers vegna foringi indverska sjómanna-sambandsins vildi ekki flytja skrifstofur sínar til Kalkúttu, voru til einskis.

Ég sýndi ekkert fararsnið á mér og tók að skrifa hjá mér ýmsar upplýsingar um félagsskapinn. Vakill var mjög tregur á að svara spurningum mínum. Sum svörin voru fullkominn fyrirsláttur, önnur augljós ósannindi. Þá reyndi ég það, sem var kallað „Thälmanns-aðferðin“ í Komintern. Ég sló hnefanum í borðið, stóð upp, og velti stólnum mínum um leið. Ég hallaði mér fram með öllum þeim ógurleik, sem ég átti til og öskraði: „Félagi Vakill, framkoma þín sæmir ekki byltingarsinna. Ég hélt að þú væri bolsévíki. Hvar er bolsévíka-hreinskilnin? Ég sé nú, að ég á í höggi við hrekkvísan ref. Við settum þig yfir þetta félag. Við eigum rétt á að fá að vita, hvernig þú hefur stjórnað því.“

Vakill sökk niður í stólinn með lafandi handleggi. „Svei mér þá!“ sagði hann loksins, „þú ert ákaflega ófyrirleitinn.“

„Við skulum reyna að ná samkomulagi,“ sagði ég.

„Jæja!“

„Mundu það, að við erum sterkari en þú. Heldurðu, að við látum nokkurn mann komast upp með að stela einu af félögunum okkar?“

„Þú mátt ekki gleyma,“ tautaði Indverjinn, „að við erum í Lundúnum.“

Ég lét sem ég skildi ekki þessa hótun og skipaði honum að semja skýrslu um starf félagsins. Ég kvaðst mundu koma aftur um morguninn. Vakill játti því.

Ég hringdi til Joes Keenans í næsta síma og skipaði honum að vekja þrjá af aðstoðarmönnum okkar. Klukkan tvö um morguninn komum við saman við opið á Blackwall-jarðgöngunum. Þaðan héldum við til stöðva Indverjans.

Vakill var háttaður. Hann kom til dyra í óhreinum grænum náttfötum. Við stök-uðum honum inn í húsið og gengum inn. Síðan hófum við leit í húsinu. Auk okkar voru engir nærstaddir, nema Vakill og aðstoðarmenn hans tveir með vefjarhettana. Hinir síðarnefndu voru lokaðir inni í bakherbergi og vörður settur við dyrnar. Vakill rákum við inn á skrifstofu hans.

Það hófst einkennileg réttarrannsókn. Indverjinn var bleyða. Þegar hótunum var beitt, ljóstraði hann upp öllu, sem við vildum fá að vita, þar á meðal ástæðunni til þess, að hann neitaði að flytja neðanjarðardeild sína til Kalkúttu. Stundum var hinn æðisgengni ótti hans svo skringilegur, að við gátum tæplega varist hlátri. Vakill hafði breytt indverska sjómannasambandinu í ópíumsmuglfyrirtæki, og voru helstu viðskiptavinir hans í Lundúnum. Fulltrúar hans á skipum, sem voru í förum til Austurindía, keyptu eitruflífið í ýmsum hafnarborgum Indlands. Þeir keyptu

óþíumið fyrir 230 dali hvert kílógramm, og Vakill greiddi þeim tuttugu af hundraði í umboðslaun. Síðan seldi hann lyfið í Lundúnum með góðum hagnaði.

„Hvað hefurðu gert við ágóðann?“

„Ágóðinn var ósköp lítill. Ég þarf að sjá fyrir stórrí fjölskyldu,“ sagði Vakill blítt.

Sannleikurinn var sá, að Vakill átti enga fjölskyldu, en var aftur á móti orðinn eigandi að mörgum húsum í Whitechapel. Ég sagði Vakill, að hann yrði þegar í stað að láta af öllum afskiptum af indverska sjómannasambandinu. Ég hótaði honum að kæra hann fyrir breskum yfirvöldum, ef hann héldi áfram að nota fé-laga sambandsins til þess að smygla óþíum. Í rauninni var mér slíkt fjarri skapi. Vakill og menn af hans tagi mundu ekki víla fyrir sér að koma upp um indversku fylgismennina okkar á skipunum, ef í harðbakka slægi. Ég sló eignarhaldi á öll skjöl og bækur, sem ég fann í húsinu. Félagar mínir settu þau í poka, og síðan var farið með pokana einn og einn í íbúð í High Street, lengst inni í fátækrahverfinu Poplar, en þá íbúð hafði ég leigt, fyrst þegar ég kom til Englands, og notaði ég hana til geymslu á áróðursritum, er fara áttu til nýlendanna. Ég sendi þegar í stað nákvæma skýrslu um málið til Berlínar. Skjöl Indverjans voru send viku síðar með sendimanni á skipinu *Lapwing*.

Rannsóknin á Vakill hafði tvennt í för með sér. Enn á ný var því ljóstrað upp við Scotland Yard, að ég væri í Lundúnum. Kærandinn var annaðhvort Vakill sjálfur eða miðstjórn breska kommúnistaflokksins, því að henni var meinilla við yfirgang minn og afskipti af breskum málefnum. Enn á ný fékk ég fregnir af, að grunsamlegir menn væru á ferli um Lundúnir í leit að „Rússanum, sem talar með bandarískum hreim“.

Síðari hluta dags nokkru síðar ætlaði ég að hitta Cilly, ritara minn, hjá Kings Cross stöðinni. Ég fór með strætisvagni frá Commercial Road til Aldgate. Þegar ég kom út úr vagninum og ætlaði að endastöð neðanjarðarbrautarinnar við Aldgate, komu tveir þreknir menn fram undan húshorni og þrifu í handlegginn á mér.

„Halló,“ sagði ég. „Hvað er ykkur á höndum, piltar?“

„Þú ert býsna líkur útlendingi, sem við erum að leita að,“ svaraði annar.

Þeir sýndu báðir einkennismerki sín.

„Við erum frá Scotland Yard,“ tautuðu þeir einum rómi.

Ég hafði skrifað hjá mér atriði úr samræðum við indverskan féлага og var með þetta í vasanum, sömuleiðis uppkast að bréfi, sem ég ætlaði að láta Cilly vélrita. Bréfið var stílað til selluforingja í Cardiff, Liverpool, Glasgow og Tyne-höfnunum. Ég bögglaði blöðunum saman í vasa mínum, dró þau upp með leifturhraða, stakk þeim upp í mig og tók að tryggja af ákefð. Mér lá við köfnun.

Annar lögregluþjónninn barði í bakið á mér af alefli. „Hræktu skjölunum út úr þér, frændi,“ ráðlagði hann mér.

Nokkru af blöðunum tókst mér að renna niður, einu eða tveimur spýtti ég út úr mér og nuddaði þau í tætlur með fótunum, þegar þau duttu á götuna. Hin blöðin drógu lögregluþjónarnir út úr mér með sterkum, stubbóttum fingrum.

Ég hafði þóst of öruggur. Ég hafði gleymt einni veigamestu reglu þeirra, sem við samsæri, fást, reglunni, sem mælir svo fyrir: „Berðu aldrei neitt skriflegt í vösunum. Láttu einhvern aðstoðarmann þinn, sem enginn þekkir, geyma það, eða feldu það í fòðrinu á fötunum eða í holum á líkamanum.“

Menn frá Scotland Yard sanna dug sinn með því að beita aldrei ofbeldi að óþörfu, eins og lögregluþjónum flestra annarra þjóða er svo tamt. Hér voru hvorki handjárn né þrælatök né lögreglubifreið skröltandi eftir götum fullum af fólki. Þeir klipu rétt ofurlítið í rifbeinin á mér og drógu seiminn: „Svona nú, komdu þá. Þú ert ekki neitt að þrjóstast, ha?“

„Nei,“ sagði ég.

„Hvert varstu að fara?“ spurðu þeir.

„Ég var að fara heim til mín til þess að þakka niður, áður en ég fer úr landi,“ sagði ég.

„Allt í lagi. Þá skulum við allir fara heim til þín.“ Við fórum niður á Aldgate-stöðina og settumst upp í lest, sem ók í vestur. Ég sat í horni við glugga með annan lögregluþjóninn til hægri handar og hinn andspænis mér. Það fór allt fram í mesta bróðerni. Valmennin tvö gerðu að gamni sínu, spurðu hvernig ég kynni við mig í Piccadilly og hvernig enskar stúlkur stæðust samanburð við stúlkur í heimalandi mínu.

„Það er sagt, að rússneskar stúlkur séu sérstaklega bólfimar,“ sagði annar.

Ég var á verði.

„Ég veit það ekki. Ég hef heyrt það líka.“

„Ertu ekki Rússi?“

„Nei.“

„Ja, hver skollinn er að heyra! Hvernig kanntu við þig í Englandi?“

„Illa.“

„Þú hefðir átt að koma beina leið til okkar, þá hefðum við sýnt þér það helsta. Þá hefðirðu kunnað við þig í Englandi.“

„Getur verið.“

„Hvert finnst þér vera besta land í heimi?“

„Bandaríkin.“

„Ekki Rússland?“

„Nei!“

„Við erum þér svei mér þakklátir fyrir hreinskilnina,“ sagði annar maðurinn háðslega. „En þið þessir karlar komist aldrei neitt í Englandi. Hver andskotinn vill sofa í rúmi við sjöunda mann eins og þeir gera í Rússlandi? Eða er ekki svo?“

„Ég veit það ekki. Ég hef aldrei komið til Rússlands.“

Við fórum úr neðanjarðarbrautinni í vesturhluta borgarinnar og gengum á leið heim til mín, en þar geymdi ég ekkert saknæmt. Með því að fara með þá þangað vonaði ég að ég gæti haldið sporhundunum frá East End, þar sem flestar stöðvar kommúnista voru. Á leiðinni komum við á veitingahús. Ég bauð lögregluþjónum

glas, og þeir buðu mér aftur, og leiknum milli kattanna og músarinnar var haldið áfram. Þegar við komum heim á herbergi mitt klæddu þeir mig úr hverri spjör og leitundu gaumgæfilega í fötunum og öllu herberginu. Síðan yfirheyrdðu þeir mig, og stóð yfirheyrslan í margar klukkustundir. Í fyrstu laug ég þá fulla, en síðar tókst þeim að ginna mig til mótsagna, og þegar ég játaði, að frásögn mín hefði verið helber uppspuni, hlógum við allir eins og við værum í allra skemmtilegasta félagsskap, og leynilögreluþjónarnir pöntuðu te og brauð. Ekki einu sinni, þegar þeim var orðið það ljóst, að ég mundi ekki koma neinu upp né játa neitt, ekki einu sinni þegar það komst upp, að vegabréf mitt var falsað, tóku þeir upp hótanir eða ofbeldi.

„Heyrðu,“ sagði annar allt í einu, „ef þú vildir vinna fyrir okkur, gætirðu haft dálítinn aukaskilding upp úr því. Það er ekki mikil gróðavon í þessari atvinnu, sem þú stundar núna, eða hvað? Enginn slær hendi við nokkrum pundum aukreitis.“

„Ég hef þegar sagt ykkur, að ég kann ekki við mig í Englandi.“

„Hvert varstu að hugsa um að fara hédan?“

„Til Þýskalands, ég á kærustu þar.“

„Nú, það má vera, að þú sjáir ekki kærustuna í bráð. Við gætum kært þig fyrir að koma til landsins undir röngu yfirskini.“

„Hafið þið það eins og þið viljið,“ sagði ég.

Komintern á til orðtæki um brottvísanir úr landi, og er hann svo: „Í Rússlandi er mönnum holað ofan í jörðina, annars staðar er mönnum sparkað úr landi, en í Englandi er mönnum fylgt úr landi með viðhöfn.“ Ég get vottað að hann er réttur, því að annar lögreluþjónninn sagði við mig, þegar þeir voru orðnir uppgefniir á að yfirheyra mig: „Við viljum ekki hafa neitt uppistand, skal ég segja þér. Innanríkisráðuneytið lætur sér nægja að senda svona karla þangað sem þeir eiga heima. Við fylgjum þér út á skip í fyrramálið. Lofaðu okkur aðeins að geyma vegabréfið þitt.“

„Ha? Á ekki að taka mynd af mér? Og engin fingraför?“

Þeir kímdu. „Við höfum mynd af þér á vegabréfinu og fingraförin voru á glösum, sem þú drakst úr áðan.“

Mig fór að gruna, að þessir menn væru alls ekki þjónar bresku ríkisstjórnarinnar, eins og þeir sögðust vera. Hvers vegna voru þeir svona vægir? Hvers vegna fóru þeir ekki með mig á stöðina? Ég krafðist þess að fá að sjá skilríki þeirra.

„Allir geta sýnt eitthvert einkennismerki,“ sagði ég.

„O, eðlilega.“

Þeir tóku báðir upp lögreluskírteini sín frá Scotland Yard. Sú stofnun óx mjög í álitinu mínu.

„Þú ert prúður piltur, og það erum við líka. Við erum ekki að gera neitt veður út af þessu. En hvenær sem þú vilt vinna þér inn nokkur pund, — þá sendu okkur línu.“

Annar þeirra gætti mín á herbergi mínu það sem eftir var næturinnar. Hinn

fór til þess að annast undirbúning þess, að mér yrði kurteislega fylgt úr landi. Um morguninn kom yfirlögregluþjónn með annan með sér.

„Þú átt hrós skilið fyrir að vera ekki með nein skjöl í farangri þínum,“ sagði yfirlögregluþjónninn, á meðan ég var að láta niður dót mitt. „En gerðu mér greiða og komdu ekki til Englands aftur. Það borgar sig ekki fyrir þig og gerir okkur aðeins ónæði.“

Mér var fylgt í járnbrautarlest til Grimsby. Þar var ég fluttur um borð í skip. Leynilögregluþjónn vék ekki frá mér, fyrr en við vorum komnir út fyrir breska landhelgi. Hann fór í land með hafnsögumanninum. Á ferðinni til Hamborgar, sem tók þrjátíu og sex klukkustundir, reyndi ung kona meðal farþeganna hvað eftir annað að hafa tal af mér. Hún var vingjarnleg og fjörleg og kvaddst vera kennslukona frá Hull, sem væri að fara til Þýskalands að gamni sínu. Þegar skipið var komið fram hjá Helgoland og inn í hið breiða mynni Elfur, sagði ég við þessa konu:

„Ég veit, að þér eruð í þjónustu Scotland Yards. Ég hef haft gaman af að spjalla við yður, en ég vildi síður, að þér eltuð mig í land í Hamborg.“

Skotið missti ekki marks, mér hafði ekki skjátlást. Fjörlega andlitið varð hart og órólegt. Í höfninni í Hamborg lét hún sem sér hefði borist skeyti frá Hull um að systir hennar hefði orðið alvarlega veik. Hún fór aftur til Englands án þess að stíga fæti á þýska grund.

Síðari hluti afleiðinganna af rannsókninni á feita Indverjanum í Lundúnum var grátbroslegur. Hann skrifaði Albert Walter, yfirmanni ASH bréf, þess efnis að hann mundi kæra alla indverska kommúnista, sem hann þekkti, fyrir leyniþjónustunni bresku, ef hann fengi ekki aftur innan eins mánaðar skjöl þau, sem tekin hefðu verið á skrifstofu hans. Málinu var vísað til skrifstofu GPÚ í Berlín. Í fyrstu var ætlunin að senda Michael Avatin til Lundúna til að „þagga niður“ í Vakíl. En Scotland Yard þekkti Avatin og hann var of dýrmætur maður til að GPÚ vildi hætta á að missa hann út af slíkum smámunum. Annar maður, Patra nokkur, var sendur í hans stað. Patra var hár, grannur, skarpeygur Balkanbúi, og hafði starfað frá því í janúar 1932 í neðanjarðardeild hins þögula Letta Schmidts, sem ég hafði hitt í Hamborg áður, en þangað var hann vanur að koma í gervi sjómanns á ýmsum ráðstjórnarskipum. Patra fór til Lundúna.

Mörgum árum síðar heyrði ég af vörum samfanga míns í kjöllurum Gestapo á Alexanderplatz í Berlín, hvað orðið hefði um Indverjann. Hann hafði verið svæfður með klóróformi í greni sínu nálægt East India hafnarkvíunum í Lundúnum, honum troðið í koffort og smyglað þannig fram hjá ensku hafnarlögreglunni um borð í rússneskt skip í Tilbury. Vakíl komst til Lenínsgarðs við góða heilsu.

„Hvað var gert við Indverjann í Rússlandi?“ spurði ég.

„Ég veit það ekki,“ svaraði hinn. „Það er sagt, að hann hafi gerst sjúkraliði.“



# Hvernig við efndum til uppreisna á sjó

ALLMÖRGUM DÖGUM EFTIR að mér hafði verið vísað úr landi í Bretlandi, skipaði Albert Walter mér að fara aftur í gin ljónsins.

„En þeir voru fyrir stuttu að fylgja mér úr landi,“ sagði ég.

„Það er einmitt það,“ þrumaði gamli, veðurbítni sjómaðurinn, „þeir búast ekki við þér svona undireins aftur, og þess vegna er líklegt, að þú getir leikið á þá.“ Mér var fengið annað vegabréf auk meðmælabréfa og fimm hundruð dala í peningum. Ég átti ekki að fara til Lundúna, heldur til Glasgow. Skoska deildin af breska sjómannasambandinu hafði sagt slitid við stjórn sambandsins og var farin að skipuleggja verkföll upp á eigin spýtur í Glasgow og Grangemouth. Skýrsla frá erindreka GPÚ, sem hafði aðsetur í Glasgow, hafði leitt í ljós, að þrír menn í stjórn klofningsfélagsins voru hlyntir kommúnistum. Fyrirætlanir flokksstjórnarinnar í Moskvu voru að gera þetta að deild úr Profintern. Mér var því falið að ræða við þessa stuðningsmenn kommúnista í stjórninni í Glasgow og ryðja innrás kommúnismans braut. Þetta átti ég að gera í samvinnu við Gallacher, eina þingmanninn, sem kommúnistar áttu í neðri málsstofunni. Ég hafði hitt Gallacher, sem var maður óþýður og fylginn sér, í Lundúnum, og vissi, að hann var á öndverðum meiði við Harry Pollit. Ég tók mér tafarlaust far með litlu bresku flutningaskipi til Newcastle. Auk mín var aðeins einn farþegi á skipinu, kaupsýslumaður frá Newcastle, Bates að nafni. Á leiðinni kom ég mér svo vel við þennan mann, að hann bauð mér að dveljast á heimili sínu yfir helgi. Sem gesti heldri borgara í Newcastle þótti mér ólíklegt, að vegabréfaeftirlitið í Newcastle mundi verða mjög strangt. En engu að síður gerði árvekni bresku vegabréfalögreglunnar fyrirætlanir mínar að engu.

Skipið var ekki fyrir lagst að bryggju í Newcastle en tveir þreknir lögregluþjónar komu um borð og viku sér að mér. „Megum við sjá vegabréf yðar? Okkur hefur verið tilkynnt um komu yðar.“

Mjög vesældarlegur sat ég í klefa mínum, meðan lögregluþjónarnir tveir skoðuðu vegabréf mitt gegnum stór stækkunargler, en Bates beidd eftir mér á bryggjunni og þeytti bílhorn sitt. Annar lögregluþjónninn leit fast á mig.

„Það hefur verið kákað við þetta vegabréf,“ sagði hann hægt.

Hinn barði hnúunum í borðið.

„Það hefur verið kákað við þetta vegabréf!“ bergmálaði hann.

Það var leitað á mér og í farangri mínum af mikilli nákvæmni. Þeir fundu ekki það, sem þeir voru að leita að. Heimilisföng og annað skriflegt, sem tilheyrði starfi

mínu, var í höndum hraðboða á öðru skipi. Ég neitaði afdráttarlaust að svara nein-um spurningum.

Það var farið með mig í varðhald hafnarlögreglunnar. Varðmennirnir þar voru í einkennisbúningi breska flotans. Húsið var úr múrsteini, og var því haldið mjög vel hreinu. Arinn var í hverjum klefa. Áður en klefanum var læst, var mér borið te og svínslæri með eggjum, og fangavörðurinn kveikti upp í eldstæðinu. Lökín í rúmi mínu voru hvít og hrjúf, teppin voru hrein, eldurinn skíðlogaði og kulnaði síðan. Ég svaf eins og steinn.

Tvo daga og tvær nætur sat ég í varðhaldinu í Newcastle. Eftir að lögregluþjónarnir höfðu komist að raun um, að ég mundi ekki láta neitt uppskált, hvorki um sjálfan mig né yfirboðara mína, snerist tal þeirra aðallega um England, en þess á milli stríddu þeir mér í öllu bróðerni á því, að þessi för mín skyldi bera svona lítinn árangur. Ég reyndi að veiða upp úr þeim, hver væri sögumaður Scotland Yards í Hamborg, sem hefði látið þá vita, að mín væri von. Þeir hlógu. „Við þurfum enga sögumenn. Við snuðrum dálítið í kringum okkur, og þá vitum við jafnóðum: Nú, þarna er einhver á leiðinni.“

Enn á ný var mér vísað úr landi. Ég var sendur til Hamborgar á sama skipi og ég hafði komið til Newcastle. Eftir það var nafn mitt strikað út fyrir fullt og allt af lista Kominterns yfir menn, sem hægt væri að senda til Englands. Bestu dulargervi voru þeim manni einskis nýt, sem hafði einu sinni komist í tæri við Scotland Yard. Stóra Bretland hefur ávallt verið eitt hættuminnsta starfssvið Kominterns, en þó um leið það örðugasta.

„Búðu þig undir að fara til Hollands nú þegar,“ sagði Albert Walter við mig. „Ég hef haft samband við Vesturskrifstofuna. Sjómannaverkfall er á döfinni í Hollandi. Komdu því af stað. Veldu stærsta skipið, sem sella frá okkur starfar á. Það, sem þarf, er eitthvað, sem vekur eftirtekt, *ein Fanal* — leiðarljós — fordæmi, sem aðrar skipshafnir geta fylgt. Og gleymdu ekki að vega duglega að jafnaðarmönnum í verkfallsáskorunum þínum.“

Ég kom til Rotterdam árla næsta morguns. Jafnaðarmenn studdu hollenska sjómannaverkfallið með hangandi hendi. Það, sem Komintern vildi, var að framið yrði eitthvert ólöglegt ofbeldisverk, sem sósíalistaforingjarnir mundu fordæma, svo að við fengjum tækifæri til að stimpla þá svikara við málefni sjómanna.

Milligöngumaður okkar og stjórnmalakennari í sjómannasellum hollenska kaupskipaflotans var Willem Schaap, bláeygur maður og dagfarsgóður, þögull og þrekmikill. Miðstjórn flokksins í Hollandi hafði fengið boð frá Berlín um að safna öllu liði sínu til átaka — en liðstyrkurinn var 5.700 kommúnistar, sem skipað var í 142 sellur.

Á skrifstofu Willems Schaaps skoðaði ég ásamt félaganum de Groot — manni úr hollensku miðstjórninni — lista yfir kommúnistasellur á hollenskum skipum. Við völdum hafskipið *Rotterdam* til fyrstu átakanna. *Rotterdam* var sómi hollenska kaupskipaflotans, stórt, skrautlegt farþegaskip, sem var þá á leið til Rotterdam frá

New York með hollensku keppendurna á Ólympíuleikunum og mörg hundruð annarra farþega. Í kommúnistasellunni á skipi þessu voru tuttugu og sjö félagar, þar á meðal yngsti loftskeytamaðurinn. Skipið átti að koma við í frönskum og breskum Ermarsundshöfnum. Ég var ekki í neinum vafa um, að hollenska Ameríku-línan, eigandi skipsins, vissi, að verkfall vofði yfir, og mundi því skipa skipstjóranum á *Rotterdam* að halda ekki til hollenskrar hafnar, fyrr en deilan hefði verið útkljáð. Þessari aðferð beittu skipaeigendur venjulega. Þarna var átyllan, sem við vorum að leita að. Snemma í september sendi ég Willem Schaap til Suður-Englands til móts við skipið í því skyni að koma af stað uppveisn um borð, ef eigendurnir skyldu reyna að koma í veg fyrir, að skipið héldi til venjulegrar heimahafnar í Hollandi. Ég treysti því, að þetta tuttugu og sjö manna kommúnistalið okkar mundi reynast fært um að æsa skipshöfnina, sem var tvö hundruð manns, til dáða.

Meðan *Rotterdam* var að nálgast Landsendahöfða, unnu fylkingar okkar í höfninni í Rotterdam dag og nótt. Við héldum fundi svo að tugum skipti og sendum áróðursflokka út í hvert skip, sem lá á höfninni. Að nóttu til fóru menn okkar um höfnina í bátum. Þeir höfðu meðferðis málningu og pensla og máluðu vígorð verkfallsins á skipshliðar, bryggjur og vöruskemmur. Framkvæmdaráð voru stofnuð. Starfsmönnum á skrifstofum skipafélaganna, sem voru kommúnistar, var skipað að láta okkur vita um fyrirætlanir skipaeigenda. Flugumenn okkar innan lögreglunnar í Rotterdam voru beðnir um að láta okkur vita um fyrirhugaðar húsrannsóknir.

Eins og vænta mátti, fékk skipið *Rotterdam* skeyti um það frá eigendunum að skipa farþegunum upp í Plymouth og Boulogne og snúa aftur til New York án viðkomu í Hollandi. Willem Schaap flýtti sér til Plymouth, laumaðist um borð í *Rotterdam* og fór með því til Frakklands.

Þegar *Rotterdam* var komið út á rúmsjó, áleiðis til New York, tóku fylgismenn okkar á skipinu til starfa. Fyrir tilstilli aðstoðarloftskeytamannsins og foringja kommúnistasellunnar var skipshöfninni sagt, að loftskeyti hefði borist þess efnis, að hollenskir sjómenn hefðu einhuga lagt niður vinnu í öllum höfnum Hollands og að verkfallsmenn hefðu sent áskorun til skipshafnarinnar á *Rotterdam* um að neyða skipstjóran til að halda til heimahafnar. Ekkert slíkt skeyti hafði borist í raun og veru. Hollenskar siglingar höfðu ekki verið stöðvaðar. Ásetningur okkar var að koma slíkri stöðvun af stað með uppveisn á *Rotterdam*, sem smitaði frá sér.

Uppreisnin gekk að óskum. Nefnd kommúnista setti skipstjóranum, van Dulken, úrslitakosti. Þeir kröfðust þess, að skipið færi ekki til New York, heldur til heimahafnar og tæki þátt í verkfallinu.

Van Dulken skipstjóri neitaði. Hann skýrði skipshöfninni frá, að það væri ekkert verkfall í hollenskum höfnum. Þýsku fulltrúarnir í nefndinni kölluðu hann lygara, fullyrtu að falsskeytið væri rétt og endurtóku kröfur sínar í nafni skipshafnarinnar. Enn neitaði van Dulken.

Kommúnistarnir gerðust djarftækir. Í fararbroddi fyrir flokki sjálfboðaliða af áhöfninni gerðu þeir innrás í vélarúmið, slöktu undir kötlunum og stöðvuðu

vélarnar. Farþegaskipið rak fyrir vindi og sjó um vesturhluta Ermarsunds, ósjálfbjarga eins og tröllaukna líkkistu. Fréttin um uppreisn á rúmsjó á einu stærsta skipi hollenska kaupskipaflotans sópaði burtu leifunum af mótspyrnu gegn verkfallinu í Rotterdam. Á einni nóttu voru allar siglingar stöðvaðar. Ekkert líf sást í höfninni, nema verkfallsverðirnir og sveitir lögreglunnar.

Leiðtogar hins hægfara hollenska sjómannasambands höfðu ekki gert ráð fyrir því, að verkfallssamtökin snerust í svo róttæka átt, sem raun var orðin á. Þeir voru mótfallnir bardagaaðferðum, sem brutu í bág við landslög. Ég gleypti við tækifærinu. Um alla sjávarsíðuna var dreift blóðrauðum áróðursmiðum með skömmum um leiðtoga sósíalista, „svikara, sem selja skipaeigendunum sjómennina með húð og hári með því að neita að halda baráttunni áfram með öllum ráðum, löglegum og ólöglegum.“ Árangurinn var sá, að hollenskir sjómenn flyktust til herbúða kommúnista.

Hollensku skipaeigendurnir gerðu tilraun til að manna skipin, sem lagt hafði verið upp, kínverskum sjómönnum, en hérumbil þrjú hundruð slíkir menn höfðu aðsetur á austurlensku greiðasöluhúsunum sem lágu á víð og dreif við höfnina í Rotterdam. Eftir tillögu Willems Schaaps og kínverska aðstoðarmannsins hans komum við okkur saman um að hræða kínversku sjómennina burt með því sem félagi Schaap vildi kalla „sálfræðilegar ógnir“. Foringi bardagasambands Rauðu fylkingarinnar í Rotterdam var skipaður í starf „aðalsálfræðingsins“. Hann kvaddi smáskærulið úr flokkunum sér til aðstoðar og útvegaði sér skrá um kínversku greiðasöluhúsin. Sumir liðsmennirnir létust vera starfsmenn hollenska sjómannafélagsins, en aðrir starfsmenn útlendingaeftirlitsins í Rotterdam. Þeir gengu hringinn milli greiðasöluhúsanna og hótuðu atvinnulausu austurlensku sjómönnum að þeir yrðu þegar í stað reknir heim til Kína, ef þeir áræddu að ganga í skiprúm hollenskra sjómanna, er voru í verkfalli. Nokkrir Kínverjar, sem skeyttu þessari skipun engu, voru slegnir í rot með sandpokum. En mikill meiri hluti þeirra lét skipast af „sálarlækningum“ félaga Schaaps.

Á meðan var spilunum leikið út á báðar hliðar um borð í *Rotterdam*. Van Dulken skipstjóri lést ganga að kröfum skipverja um að fara með skipið til Rotterdam. En um miðja nótt laumaðist hann til að breyta stefnu skipsins og stefndi aftur til New York. Um sólarupprás urðu kyndararnir varir við, að skipstjórinn hafði brögd í tafla. Sólin átti að rísa fyrir stafni. Í stað þess reis hún yfir skutnum. Enn voru eldarnir slökktir, enn var hið mikla skip ósjálfbjarga á reki milli Lizard-höfða og Ushant.

„Heim til Rotterdam,“ hótaði framkvæmdaráðið, „annars siglum við dallinum í strand á klettunum í Comwall.“

Van Dulken átti ekki annars úrkosta. Á *Rotterdam* voru kommúnistarnir öllu ráðandi. Skipinu var snúið á ný. Aðfaranótt mánudagsins 5. september varpaði skipið akkerum undan Hind-vitanum, og skipstjórinn sendi hollensku flota-stjórninni skeyti: „Uppreisn — hjálp æskileg.“

Í höfninni í Rotterdam var sjóliðum skipað út í hafnsöguskip til þess að sigla út

og vinna bug á uppreisnarmönnunum. Flotastjórnin sendi fallbyssubátinn *Meerlant* út að fylgja *Rotterdam* til hafnar. Ég hafði séð þessar ráðstafanir fyrir og býið mig undir að mæti þeim. Aðgerðaflokkur dreifði flugritum meðal sjóliðanna, er þeir gengu á skipsfjöln. „Öreigar í einkennisbúningi,“ stóð í bréfunum, „neitið að taka bræður ykkar um borð í Rotterdam höndum. Barátta þeirra er barátta ykkar. Munið hinn dýrlega arf uppreisnarmannanna á Pótemkín!“ Til óeirða kom, þegar nokkur hluti sjóliðanna neitaði að taka þátt í leiðangrinum gegn uppreisnarmönnunum á *Rotterdam*. En það tókst fljótt að afvopna þá og handtaka.

Klukkan að ganga þrjú um morguninn þann 6. september var komið með hafskipið, sem slíkur stýr hafði staðið um, inn til Rotterdam. Á þilfarinu stóð sjóliðasveit vörð; fallbyssubáturinn *Meerlant* veitti skipinu fylgd. Tíu af forsprökkunum voru teknir höndum og dæmdir til fangelsisvistar.

Öllu alvarlegri urðu endalok annarrar uppreisnar, sem átti sér stað undir hollenskum fána á hinum helmingi jarðarinnar, nokkrum mánuðum síðar. Undirbúningur hennar og útfærsla stóðu í nánú sambandi við reynslu þá, sem fengist hafði af uppbotinu á *Rotterdam*, og var uppreisnin árangur af þögulu starfi M-deildar — hermáladeildar — Kominterns.

M-deildin á ítök alls staðar þar, sem meiri háttar kommúnistaflokkur starfar. Hún hefur á hendi framkvæmd „byltingalegrar niðurrífsstefnu“, hún er armur Kremlverja í her og flota annarra landa. Sellur M-deildarinnar voru æfðar í sífelldum, sleitulausum og kerfisbundnum byltingaráróðri meðal hermanna auðvaldsríkjanna. Takmark þessarar herferðar var, eins og okkur öllum var ljóst, að brjóta niður allan aga og alla hollustu í her og flota heimsveldanna. Það var einnig talið mjög mikilsvert, ef hægt væri að vinna fyrrverandi hermenn og sjóliða til liðs við málstað kommúnista. Þeir voru notaðir til þess að koma á og halda við samböndum við menn, sem enn störfuðu í landvarnarliðinu. Ef til styrjalda kæmi, átti allt þetta neðanjarðarkerfi að skipuleggja skemmdarstarfsemi í hernum, uppreisnir og verkföll af hálfu hermanna, hvenær sem hagsmunir Ráðstjórnarríkjanna kröfðust slíkra aðgerða.

Aðstaða kommúnista var sérstaklega hagkvæm í herskipaflotum Þýskalands, Danmerkur, Frakklands og Hollands. Árið 1931 voru settir á stofn skólar í Rúðuborg, Hamborg og Rotterdam í því skyni að kenna kommúnistum, sem áttu að starfa á herskipum. Um miðjan september 1932, eftir að hollenska sjómannaverkfallinu var lokið, var mér skipað að taka átta menn úr Félagi ungra kommúnista í Hollandi til kennslu í tíu daga og æfa þá í starfsemi á flotanum. Þessir átta kommúnistar voru komnir að herskyldualdri, en þar sem þeir voru sjómenn, mundu þeir verða að gegna þjónustu á herskipum, og þótti líklegt, að þeim yrði skipað í hollensku flotadeildina í Austurmálum.

Ég taldi þetta vera smávægilegt starf. Þessir tíu dagar liðu eins og sumarleyfi. Þjálfun hinna lærdómsfúsu æskumanna fór fram í húsi Allþjóðasjómannafélagsins,

Willemskade 7. Úr húsinu var útsýni gott yfir innri höfnina í Rotterdam, og blöstu þar hafskip og herskip við augum samsærismanna.

Í síðustu kennslustundinni tók þátt ungur kínverskur umboðsmaður Kominterns, og var hann nýkominn frá Moskvu á leið til Suðurhafseyja. Félagi þessi, rólyndur, eftirtektarsamur maður, sat þögull úti í horni, hlustaði á og skrifaði hjá sér við og við. Willem Schaap kynnti mér hann undir nafninu „Leo Chang“.

„Hvað kemur hollenski flotinn honum við?“ spurði ég.

„Hann ætlar að taka að sér starf í nýlendum,“ svaraði Schaap.

„Leo Chang“ fór til Batavíu í Indónesíu, eftir að hann hafði setið marga fundi með M-deildinni í Rotterdam. Ég sneri aftur til Hamborgar og varð brátt svo niðursokkinn í önnur skyldustörf, að ég veitti starfsemi Kominterns og „Leos Changs“ á Suðurhafseyjum litla athygli. En atburðir þeir, sem áttu sér stað fjórum mánuðum síðar á siglingaleiðum Austur-Asíu, voru svo skelfilegir, að þeir skyggnu jafnvel um stund á nasistahættuna í hugum okkar. En vegna þess, að atburðir þessir áttu sér stað nokkrum dögum eftir að Hitler varð kanslari og um sama leyti og fjármálahrunið í Bandaríkjunum var á döfnni, eru þeir enn þann dag í dag kafli úr sögu okkar tíma, sem fáir þekkja til hlítar.

Setuliðið á flotastöðinni í Surabaja á Java gerði uppreisn. Hollenska stjórnin sá, að hætta vofði yfir hinu mikla veldi Hollands í Austurmálum, og tók skjótt til sinna ráða. Fjögur hundruð tuttugu og fimm af uppreisnarmönnum í Surabaja voru settir í járn og varpað í fangelsi.

Kominterm æpti: „Niður með heimsvaldastefnunna! Bjargið föngunum í Surabaja!“ Tækifærið var of gott til þess, að það yrði látið ónotað.

Í Kutaraja, lítilli hafnarborg á Norður-Sumatra, lá orrustuskipið *De Zeven Provinciën*. Á herskipi þessu átti M-deild Kominterns öfluga sellu og sömuleiðis framkvæmdaráð, sem í voru hollenskir og javanskir sjóliðar. „Chang“, sendiboði Kominterns, hafði numið í Moskvu, og kynnt sér meðal annars afrek uppreisnarmannanna á *Pótemkín* í flota Rússakeisara. Hraðboði kom með fyrirskipanir frá Singapúr, aðalbækistöð Kominterns í Austurálfunni. Hásetarnir á *De Zeven Provinciën* áttu að ná skipinu á sitt vald, sigla til Java og hefja skothríð á flotastöðina í Surabaja. Slíkar aðgerðir voru vel til þess fallnar að gefa byltingarsinum merki um að draga rauða fánann að hún á öllum öðrum herskipum og hefja almenna uppreisn í Austur-Indíum.

Skipherrann og yfirmennirnir á *De Zeven Provinciën* voru í landi í Kutaraja, að níu undanteknum. Rétt fyrir dögum þann 5. febrúar hófust uppreisnarmennirnir handa. Átta af yfirmönnum, sem höfðu orðið eftir um borð, voru settir í handjárn. Einn stökk fyrir borð og komst undan. Hann synti til lands. Rétt um sólaruppkomu létu uppreisnarmennirnir úr höfn á orrustuskipinu. Þeir tóku stefnu í áttina til Java.

Að vörmu spori tóku stjórnvöld í Moskvu að fagna þessu herskipsráni sem mikilvægum og gífurlegum sigri. Félagi Dímitrov í Berlín skipaði mér að gefa út

ávarp uppreisnarmönnum til stuðnings. „Sjólíðar allra þjóða,“ skrifaði ég, „búið ykkur undir að feta í fótspor uppreisnarmannanna á De Zeven Provincien!“ Þetta ávarp var prentað í þýskri, hollenskri, enskri, danskri og franskrri útgáfu, og var því dreift með leynd meðal áhafna á herskipum þessara þjóða. Lögregluþyrirvöldin í þessum löndum brugðust skjótt við, og skipun var gefin út um að handtaka höfund ávarpsins.

Samtímis tóku vélar Kominterns í Hollandi og í Hollensku Indíum til starfa. Fundir voru boðaðir. Ávörpum, sem prentuð höfðu verið í leyniprentsmiðjum og smyglað fyrirfram til Singapúr og Batavía, var dreift út í hundraðþúsundatali. Í þeim var skorað á verkamennina að sýna einhug í framkvæmdum og stofna til kröfugangna og verkfalla, sem væru nauðsynlegur forleikur vopnaðrar byltingar.

Skipshafnir á öðrum hollenskum herskipum höfðu þegar gert uppreisn. Fjórutíu og fimm af forsprökkunum voru teknir höndum. Flugsveitir sem var skipað að veita *De Zeven Provincien* eftirför, töfðust sökum þess, að verkamenn á flugstöðinni höfðu gert verkfall. Hluti innfæddra verkamanna í Surabaja lagði niður vinnu fyrir fortölur framkvæmdaráðanna. Margir voru handteknir. Þeir skipverjar á *De Zeven Provincien*, sem höfðu verið í landi, þegar uppreisnin hófst, stofnuðu einnig til uppþots og börðust við varðsveitir lögreglunnar.

Í höfuðborg Hollands kom ríkisstjórnin saman á skyndifund. Tilskipanir voru gefnar út í því skyni að vinna bug á skemmdarstarfsemi í nýlendunum. Menn úr her og flota voru látnir sæta hegningu fyrir að hafa kommúnistarit í fórum sínum. Hollenski varnarmálaráðherrann gaf í skyn, hver örlög uppreisnarmannanna kynnu að verða, og mælti: „Sá, sem er ekki þess boðinn og búinn að deyja fyrir land sitt, á ekki skilið að lifa.“

En á meðan skipaði félagi Chang svo fyrir, að taka skyldi vopnabúrið í Surabaja og fá öreignum vopn í hendur.

Uppreisnarmennirnir á *De Zeven Provincien* voru á leið suður með strönd Sumatra. Frá Celebes sigldi flotadeild, sem í voru beitiskip og tundurspillar á fullri ferð til móts við uppreisnarmennina.

Það er hláleg staðreynd, að njósvari einn úr flokki skipverja á *De Zeven Provincien* hafði varað skipherrann við hinni yfirvofandi uppreisn. En skipherrann var um það bil að hagræða sér í landi fyrir nóttina og hló. Tveimur stundum síðar var orrustuskipið numið á brott. Nú var hann, ásamt sjö yfirmönnum og tuttugu sjólíðum, staddur um borð í skipi stjórnarinnar, *Aldebaran*, og veitti strokuskipinu hraða eftirför. En *De Zeven Provincien* var hraðskreiðara. Það var enginn hægðarleikur að ná því. Auk þess var skipið vopnað 28-sentimetra fallbyssum. Í Komintern vonuðum við af ákafa — og skammsýni — að drunur þessara 28-sentimetra fallbyssna mundu ráða niðurlögum 300 ára veldis Hollendinga á eyjum kryddjurtanna.

Í Batavía var flugbátasveit, búin vélbyssum og sprengjum, að leggja til hafs með innsiglaðar fyrirskipanir. Tveir kafbátar, tveir tundurspillar og einn tundurduflabátur bættust í eltingaleikinn. Liðsauki var sendur til verndar vopnabúrinu í Surabaja.

Þar lá beitiskip stjórnarinnar, *Java*, og tundurspillarnir *Evertsen* og *Piet Hein* og biðu þess, að uppreisnarmennirnir nálgudust. Skipherrann á orrustuskipinu, sem rænt hafði verið, hafði flust um borð í *Eridanus*. Það var hraðskreitt skip, og tókst því að halda sér nálægt kjölfari *De Zeven Provinciën* og senda skeyti um ferðir þess.

Síðan kom ósigurinn. Samúðarframkvæmdirnar á landi runnu út í sandinn. Uppreisnarmennirnir stóðu nú einir uppi. Óeirðir brutust út meðal þeirra sjálfra; þeir sendu út ósamhljóða fregnir, og *De Zeven Provinciën*, sem hélt suður með vesturströnd Sumatra, gekk ekki nema sjö mílur á vöku. M. Wibaut, einn af foringjum jafnaðarmanna, fordæmdi uppreisnarmennina opinberlega. Fjölsóttir fundir gerðu samþykktir um að styðja ríkisstjórnina. Komintern sá, að ósigur var í nánd, og lét sig nú engu skipta afdrif uppreisnarmannanna. Þegar þeir urðu þess varir, að þeir voru yfirgefnir af öllum, buðust þeir til að gefast upp, ef þeim yrði tryggt fullt fjálsræði.

Stjórnin svaraði: „Enga samninga! Uppgjöf skilmálalaust!“ Herlið var dregið saman á vesturströnd Java til þess að koma í veg fyrir, að uppreisnarmennirnir gætu lent.

Eftir fimm daga eltu stjórnarskipin *De Zeven Provinciën* uppi undan suðurodda Sumatra. Uppreisnarmennirnir höfðu engar loftvarnabyssur. Flugbátur varpaði niður bréfi.

„Gefist upp, eða við hefjum skothríð,“ stóð í bréfinu.

„Vikið til baka,“ var svarið.

Sprengjum var varpað. Ein þeirra kom niður fyrir aftan stjórnarpallinn. Það kom upp eldur í skipinu, 22 uppreisnarmenn fórust og 25 særðust. Uppreisnarmennirnir þustu í bátana í ofboði. Stjórnarliðið ætlaði sér ekki að skeyta um líf yfirmannanna, sem voru fangar á skipinu. Til síðustu stundar sendi framkvæmdaráðið út loftskeyti, fordæmdi kauplækkanir og krafðist réttlætis.

Skeiðið var runnið á enda. Þeir, sem eftir lifðu, voru teknir fastir. Síðar dæmdi herréttur í Surabaja 19 Java-búa og 5 Hollendinga af forsprökkunum til hegningarhússvinnu frá nú upp í átján ár.

Firelei var sælli en orð fá lýst að fá mig heim aftur. Mér fannst hún vera fegurri og elskulegri en nokkru sinni fyrr. Þetta var 25. september 1932. Tveimur dögum síðar fæddist okkur sonur. Ég stóð við höfðalagið á rúmi hennar og hélt um hendur hennar. Á veggnum fyrir ofan rúmið var mynd af Lenín í djúpum þönkum. Ég hafði sótt lækni úr flokknum og hjúkrunarkonu úr Samverjasveit kommúnista. Firelei var hugprúð, eins og hver sú kona, sem er ekki hrædd við lífið. Mér virtist barnsfæðing vera meiri viðburður í lífi einstaklings en bylting. Það var margt líkt með fæðingu og byltingu. Báðum fylgdi ofsi. Beggja varð að gjalda með baráttu, sársauka og blóði. Báðar voru upphaf nýs lífs, og enginn gat sagt, hvert stefna mundi.

„Drengur,“ sagði læknirinn.



„Drengur,“ hrópaði Firelei í undursamlegri hrifningu. „Heyrðirðu það? Drengur! Ó, hvað það er yndislegt.“

Og síðan hvíslaði hún kvíðin: „Hann grætur ekki. Hvers vegna grætur hann ekki?“ Og augnabliki síðar: „Ó, heyrðirðu það? Hann grét! Hann var hýddur, og hann grét! Ó, hvað það er yndislegt!“ Rödd Firelei, blíð og glaðleg, endurómaði um fátæklegu íbúðina okkar og um allan heiminn: „Ó, hvað það er yndislegt.“ Síðan hallaði hún sér á koddann, róleg og glöð.

Við kölluðum barnið Jan.

# Hakakrossinn varpar skugga

DAG EINN SPURÐI ég Ernst Thälmann: „Hvað verður, þegar Adolf Hitler hrifsar völdin?“

„Hann má það,“ svaraði Thälmann, „það stendur aldrei lengi. Verkamennirnir munu rísa gegn honum. Það verður borgarastyrjöld.“

Vorið 1932 mundi stálbandalag milli hinna sterku flokka jafnaðarmanna og kommúnista í Þýskalandi hafa getað stemmt stigu fyrir framrás Hitlers og með því breytt allri rás mannkynssögunnar. Þessa sannfæringu hef ég öðlast af reynslu minni sem virkur liðsmaður í her eins styrjaldaraðilans, en frá því sjónarmiði lýsi ég viðburðum þeim, er voru undanfari valdatöku Hitlers, en ekki sem hlutlaus söguritari eða sjónarvottur.

Snemma á árinu 1932 höfðu Hitlerssinnar þegar náð völdum í landsstjórnun Thüringen og Braunschweig, en í Prússlandi — sem nær yfir tvo þriðju hluta Þýskalands — höfðu jafnaðarmenn enn yfirhöndina. Þann 17. mars gerði lögreglan í Prússlandi húsrannsóknir á bækistöðvum nasista í Berlín og um eitt hundrad minni borgum til þess að koma í veg fyrir fyrirhugaða göngu stormsveitarmanna til Berlínar. Þann 17. apríl úrskurðaði stjórnin, að orrustusveitir nasistaflokksins væru ólöglegar. Lögreglan lokaði stöðvum brúnliða.

Bannið við starfsemi stormsveitanna varð að skrípaleik, þó að til þess væri stofnað af alvöru. Hersveitir nasista dófnuðu og uxu. Einu áhrifin, sem sjáanlegt var, að nýju lögin hefðu, var, að Hitlersliðar voru nú í hvítum skyrtum í stað brúnna.

Átta milljónir jafnaðarmanna og fjórar milljónir baráttufúsra kaþólskra manna stóðu gegnt þrettán milljónum nasista. Það var undir kommúnistaflokknum og fimm milljónum fylgismanna hans komið, hvor vogarskálin yrði þyngri. Um skeið var svo að sjá sem árásirnar á virki nasista í mars og apríl væru upphaf almennrar sóknar, er hefði það að marki að reka Hitler aflvana út í myrkrin. Allur fjöldinn í kommúnistaflokknum vildi skerast í leikinn og hjálpa til. En í Moskvu stóð upp D. Z. Manúílskíj, sem ávallt talaði fyrir munn Stalíns, á ellefta þingi framkvæmdaráðs Kominterns og mælti á þessa leið: „Í því skyni að gabba fjöldann halda sósíaldemókratar því blákalt fram, að höfuðóvinur verkamannastéttarinnar sé fasisminn. Það er ekki satt, fasismi, eins og Hitler boðar hann, er ekki höfuðóvinurinn. ...“

Rödd Manúílskíjs var rödd úr Kreml. Í eyrum kommúnista um allan heim hafði hún lög að mæla. Afleiðingin varð hræðilegur glundroði meðal leiðtoga flokksins

í Þýskalandi. Ráðstafanir þeirra urðu hvorki fugl né fiskur og sveifluðust öfganna á milli, allt frá samstarfi við samtök Hitlers til launsáttra og morða á einstaklingum úr stormsveitunum.

Kosningabardagar eltu hver annan eins og öldur á undan stormi. Í hvert skipti, er ég kom heim til Þýskalands á árinu 1932, var ég staddur í miðri æðisgenginni kosningabaráttu. Herir þeir, sem stóðu andspænis hver öðrum þessa mánuði, voru fjölmennari en herirnir, sem börðust í heimsstyrjöldinni.

Úrslitatölur tveggja kosninga, þeirrar fyrstu og þeirrar síðustu, sem fram fóru í Þýskalandi lýðræðisins, gefa ljósa hugmynd um, hvers virði lýðræðið var í Þýskalandi árið 1932:

Í kosningunum til Þjóðfundarins 1919 hlutu flokkar þeir, sem studdu stjórnarskrá Weimar-lýðveldisins, 25.723.000 atkvæði. Flokkar þeir, sem voru andvígir Weimar-stjórnarskránni, hlutu aðeins 4.667.000 atkvæði.

Í síðustu frjálsum ríkisþingskosningunum í nóvember 1932 hlaut samfylking lýðræðissinna 13.314.000 atkvæði, en hersveitir einræðissinna höfðu aukist upp í 21.337.000.

Á fjórtán árum tilveru sinnar höfðu þýskir lýðræðisflokkar þannig misst 12.670.000 af fyrri fylgismönnum sínum, en flokkar þeir, sem vildu lýðræðið feigt, höfðu vaxið um 16.670.000.

Adolf Hitler hafði sent fulltrúa til Hamborgar til að stjórna herferð gegn einræði því í félagssamtökum, sem kommúnistaflokkurinn hafði náð á miklum hluta þýska kaupskipaflotans. Erindreki Hitlers var Heines nokkur, einn þeirra fyrriverandi fyrirliða úr hernum, sem krökkt var af í nasistaflokknum, blóðþyrst ruddamenni úr hinni úrkynjuðu klíku Röhm's höfuðsmanns. Þessi Heines hafði verið dæmdur til lífláts fyrir morð árið 1920, en var náðaður fyrir sakaruppgjöf Hindenburgs. Árið 1933 gerði Hitler Heines að lögreglustjóra í Breslau. Gestapo tók Heines af lífi í „hreinsum“ nasista í júní 1934.

Daginn eftir að Heines kom til Hamborgar, birtist Heinz Neumann, einn af ríkisþingmönnum kommúnista. Hann hafði löngum verið sérfræðingur í ógnaríþróttum og tók nú að predika sókn með blóðsúthellingum fyrir flokksleiðtogunum í Hamborg. „*Blut muss fließen* — blóð skal fljóta,“ var eftirlætis orðtak þessa unga Berlínarbúa. Menn höfðu beyg af Neumann í flokknum. Það var alkunna, að hann var vildarmaður Stalíns.

„Látið þið mig fá mann, sem ég get notað til þess að gera Hamborg heitari en helvíti fyrir Heines,“ sagði hann. Foringi flokksins í Hamborg, Hermann Schubert, fól mér að aðstoða Neumann í herferðinni gegn Heines.

„Versti galli okkar er þessi kerlingarlega linkind,“ voru fyrstu orð Berlínarbúans við mig, þegar við áttum tal saman í íbúð minni í Hamborg. „Hvers vegna getum við ekki losað okkur við þennan ósæmilega tepruskap? Hitlers-glæpamennirnir! Þessi sósaldemókratísku naut og skemmdarvargar! Það þýðir ekki að eyða orðum að slíkum lýð!“

Heinz Neumann var ólíkur öðrum leiðtogum flokksins. Að vissu leyti var hann enn sjálfstæður í hugsunum. Hann heimtaði aga, en hataði hann sjálfur, og aðaluppistaðan í lundarfari hans var andvaralaus, glæsileg ófyrirleitni. Hann hafði fallett, gáfulegt andlit og var broshýr. Augu hans voru stór og grimmdarleg. Hann hegðaði sér eins og heimurinn hefði verið skapaður honum, Heinz Neumann, til hægðarauka. Fyrirlitning hans á óbreyttum, stritandi verkamönnum bar burgeisættirni hans vitni. Í augum margra ungra stúlkna í kommúnistaflokknum var hann enn hinn rómantíski riddari byltingarævintýra. Hann gat tekið þær og kastað þeim frá sér, hvenær sem hann vildi. Meðal blómarósanna í flokknum jafngilti setningin: „Ég hef sofið hjá Heinz Neumann“ — því, að sagt væri: „Ég hef verið sæmd orðu Rauða fánans.“ Félagi Neumann leit svo á, að hver sá sósíalísti, sem afneitaði forustu ráðstjórnarinnar, væri jafngildur argasta brúnstakki og ætti þar af leiðandi ekki annað skilið en hnífstungu eða byssukúlu. „Sósíalistar eru sósíalfasistar,“ hreytti hann oft úr sér á fundum. „Þeir eru vinstri fylkingarmur Hitlerssamtakanna.“ En eins og flestir manndráparar, sem láta þjóna sína annast um manndrápin, var Heinz Neumann bleyða þegar á reyndi.

Fyrirskipanir hans um aðferðir þær, sem ætti að nota gegn herferð Heines við sjávarsíðuna í Hamborg, er hægt að draga saman í eina setningu: „Hleypið þið upp fyrsta sjómannafundunum, sem Heines boðar til, og skjótið þið hvern brúnstakk, sem þið sjáið.“

Fyrri hluta þessara fyrirskipana framkvæmdi ég. Ég réðst inn á fundina með mörg hundruð sjómenn og hafnarverkamenn og sundraði þeim. Ég hafnaði uppástungu Neumanns um að brytja nasistana niður í hrönnum, er þeir væru flúnir úr salnum út á götuna, því að ég vissi, að stormsveitirnar mundu vafalaust hefna sín. Það þótti mér andstyggilegast við þessar tíðu skothríðir á götum úti, að það voru engu síður saklausir vegfarendur, sem urðu fyrir skotunum. Neumann var æfur út af „tepruskap“ mínum. Reiði hans virtist fá nokkra réttlætingu, þegar úrvalsið tvö hundruð SS-manna hleypti upp kommúnistafundi, sem átta hundruð menn og konur sátu. Um þetta leyti — í maíbyrjun — höfðu sjómannastormsveitir nasista komið sér upp stöðvum á Schaarmarkt, í hjarta hafnarhverfisins í Hamborg.

Fölvi óróleikans var á andliti Neumanns, og augu hans brunnu af kaldri heift, er hann sagði: „Við verðum að sýna bófum Hitlers, að þeir geta ekki búið um sig við rauðu sjávarsíðuna. Ég gef þér tíu daga frest. *Ich will Leichen sehen* — ég vil sjá lík.“

Af sjö flokksleiðtogum, sem viðstaddir voru, þorði enginn að mjamta. Ég skalf frá hvirfli til ilja, er ég mælti: „Félagi Neumann, ég er óvanur slátrarastörfum. Starfsvið mitt er skipulagning og viðhald sambanda.“ Með þeim orðum gekk ég af fundinum og hef verið feginn því alla tíð síðan. Ef ég hefði fylgt fyrir mælum Neumanns, þá væri ég ekki á lífi. Menn þeir, sem gengu í ógnarfylkingu Neumanns í minn stað, hlutu allir hroðalegan dauðdaga.

Heinz Neumann fól Johnny Dettmer, ófyrirleitnum, ljóshærðum risa, sem ég hafði kynnst 1923, er hann smyglaði vopnum til rauðu hundradssveitanna, það

starf að framleiða nasistalík í Hamborg. Félagi Dettmer var ekki teprulegur. Í broddi Rauðu sjóliðanna framleiddi hann svo mikinn fjölda líka, að það gladdi jafnvel hjarta Heinz Neumanns.

Einu sinni snemma morguns voru sjö ungir nasistar á leið til að dreifa áróðursritum meðal hafnarverkamannanna við hafnarbúðina. Menn Johnnys Dettmers gengu hægt aftan að þeim og skutu þá alla sjö í bakið. Annan morgun um dögum voru félagar Hitlersæskunnar, piltar og stúlkur, að ganga um borð í skip, sem leigt hafði verið til skemmtiferðar. Bak við tré og runna skammt frá bryggjunni lágu menn Johnnys Dettmers í launsátri. Piltar og stúlkur, ekkert þeirra eldra en sextán ára, féllu fyrir dum-dum kúlunum úr byssum Rauðu sjóliðanna, sem skutu af handahófi. Öðru sinni, að kvöldi þess 19. maí 1932 réðust Rauðir sjóliðar á hóp ungra nasista, sem voru á heimleið af fundi, í dimmu stræti og drógu þá inn í forstofur húsa í nágrenninu. Þar voru átta eða níu þeirra ristir með hnífum. Auga eins nasistans var stungið úr honum með tappatogara. Annar, stormsveitarmaðurinn Heinzemann, hlaut ellefu hnífstungur. Rauðu sjóliðarnir settust svo ofan á hann, skáru kynfærin af honum og stungu mænuna í sundur. Ég og aðrir félagar vorum lostnir skelfingu, er við fréttum um þessar aðfarir. En við höfðum lært að þegja. Villutrúarmenn innan flokksins voru látnir sæta meðferð, sem gaf rannsóknarréttinum á Spáni að fornu ekkert eftir. Takmarkinu, sem stefnt var að með þessum himinhrópandi hermdarverkum, var ekki náð. Fylkingar Hitlers héldu áfram að senda framsveitir sínar inn á svið verkamannastéttarinnar með ósveigjanlegu hugrekki og þrálæti.

Eftir þessa röð morða í stórum stíl hvarf Heinz Neumann skyndilega af leiksviði bolsévismans. Undirróður, sem rekinn var af foringjaklíku Thälmanns og Piecks, réð niðurlögum hans. Ernst Thälmann notaði sér hinn villutrúarlega skilning Neumanns á kynblendingshugtakinu „sósíalfasisti“ til þess að ná sér niðri á einum gáfaðasta keppinaut sínum. Óhappasaga auðmannssonarins frá Berlín eftir þetta felur í sér napurt háð. Neumann var gerður rækur til Moskvu og hékk þar með ólund í nærri tvö ár. Þegar hinn aldraði Wilhelm Pieck, eftirmaður Thälmanns að nafninu til og svarinn hatursmáður Berlínarbúans, kom til Moskvu eftir hrakfarirnar í Þýskalandi, var Neumann falið að fara til Þýskalands og stjórna leynisamtökunum gegn Hitler. Slík sendiför var í rauninni jafngild dauðadómi. Í stað þess fór Neumann til Svisslands og hóf þar baráttu í því skyni að fá féлага Pieck sendan í sinn stað. Neumann var skipað að hverfa til Rússlands — og neitaði. GPÚ kærði hann þá fyrir svissnesku lögreglunni, og var Neumann handtekinn fyrir að hafa ferðast til Svisslands með falsað vegabréf. Nasistastjórnin gerði kröfu um, að Neumann yrði framseldur Gestapo til þess að sæta hegningu fyrir morð og landráð. Neumann átti um tvennt að velja: Þýskaland — eða Rússland. Hann kaus Rússland, át allt ofan í sig, niðurlægði sjálfan sig fyrir miðstjórninni í Moskvu og hlaut fyrirgefningu Stalíns. Árið 1936, rétt áður en Spánarstyrjöldin braust út, birtist Neumann á Spáni með umboð frá Komintern og kallaði sig Enrique Fischer. Hann lenti þegar í valdadeilum við deild GPÚ í Madrid. GPÚ á Spáni tók

hann höndum og skilaði honum aftur til Ráðstjórnarríkjanna, meðan hinar miklu hreinsanir Stalíns stóðu sem hæst. Heinz Neumann, helsti ógnarseggur Kominterns og höfundur orðtaksins: „Dreptu nasistann, hvar sem þú hittir hann fyrir!“ féll fyrir byssukúlu böðuls í Moskvu.

Árið 1937 spurði ég Ernst Wollweber í Kaupmannahöfn: „Hvers vegna var félagi Neumann líflátinn?“

„Kallaðu hann ekki féлага,“ urraði Slésíumaðurinn. „Hann var njósnari fyrir Gestapo.“

Kommúnistar voru bestu bandamenn Hitlers, þótt ósjálfrátt væri. Viðkvæði hinna óskekikulu mann í æðstu ráðunum í Moskvu og Berlín var: „Einblínið ekki á Hitler; haldið ykkur á línunni! Við verðum að reiða hnefann hæst til höggs gegn ‚sósíalfasistunum‘ — flokki sósíaldemókrata. Það verður að vinna bug á þeim og verklyðsfélögum þeirra, ef við eigum að vinna meiri hluta verkamanna til fylgis við alræði öreiganna!“ Við reyndum af fremsta megni að framkvæma þessar fyrirskipanir, því að okkur hafði verið kennd auðsveipni og einstaklingsagi, sem var skyldari Bismarck en átrúnaðargöðinu Karli Marx.

Firelei lét ekki blekkjast.

„Við erum trygg eins og grammófónplötur,“ sagði hún einu sinni við mig.

„Það er styrkur okkar,“ svaraði ég. „Til þess að sigra heiminn verðum við að eiga flokk, sem er samhuga.“

„Heill Eiffell-turn af grammófónplötum, sem leika allar Nallann,“ sagði Firelei og brosti.

Ég reiddist. Umburðarleysi lá í loftinu í kringum okkur. Firelei var of göður hermaður til að hlaupast undan merkjum.

Vorið 1932 tóku lýðveldisflokkarnir í Þýskalandi höndum saman til einu tilraunar sinnar til þess að stemma flóð nasismans með sameinaðri gagnárás „innan takmarka stjórnarskrár og landslaga“. Þeir mynduðu með sér félagasamsteypu, sem var, bæði að því er mannfjöldi og fjármagn snertir, miklu sterkari en Hitlersamtökin. Þeir kölluðu samsteypu þessa „Járnfylkinguna“. Nasistar héldu að jafnaði tvö þúsund múgfundi á dag, og var ráðgert að halda að minnsta kosti jafnmargar samkomur gegn Hitler. Leiðtogar Járnfylkingarinnar lýstu yfir þeim ásetningi sínum að vinna Þýskaland aftur með samfelldum fundahöldum. Þeir líktu eftir áróðurstækni nasista og kommúnista, en drógu kraftinn úr herferð sinni þegar í stað með því að afneita beitingu ofbeldisaðferða jafnhliða áróðrinum. Árásarsveitir verklyðsfélaganna — *Hammerschaften* — voru settar á stofn til þess að vernda fundi Járnfylkingarinnar og áróðurssveitir hennar gegn ágangi nasista.

Járnfylkingin hafði ekki fyrr hafið gagnsókn sína en allar sellur kommúnistaflokksins fengu fyrirskipanir um að spilla aðgerðum fylkingarinnar með öllum ráðum. Við gerðum það. Áróðurssveitir Járnfylkingarinnar voru afvopnaðar með valdi, og bæklingar og dreifiblöð tekin af þeim. Fundum Járnfylkingarmanna var hleypt upp með því að fylla salina fyrirfram af stormsveitarmönnum og kommúnistum. Komm-

únistar, sem létust vera lýðræðissinnar, gengu í Járnfylkinguna, svo að hundruðum skipti, í þeim tilgangi einum að koma af stað glundroða. Og samhliða þessum brögðum var haldið uppi öflugum árásum í blöðum nasista og kommúnista. Foringjar Járnfylkingarinnar, sem höfðu ríkisstjórn Brünings kanslara að bakhjalli, létu sér nægja mjög máttlausar tilraunir til að launa lambið gráa. Nokkur kommúnistablöð voru bönnuð og ritstjórar þeirra dæmdir fyrir „landráðaskrif“. Þegar stormsveitir nasista voru bannaðar með stjórnarúrskurði í apríl, var hægur vandi að láta kné fylgja kviði og hefja allsherjarsókn, en Járnfylkinguna skorti til þess hug. Þeir voru hræddir við stjórnarbyltingu. Þeir voru, að því er virtist, hræddir við sín eigin völd.

Stjórn Brünings kanslara, sem hafði notið stuðnings lýðræðissamsteypunnar, fór frá völdum 30. maí 1932. Franz von Papen, fyrrum njósvari og innsti koppur í búri í klíku brögðóttra aðalsmanna, varð kanslari, og von Schleicher hershöfðingi, yfirmaður Ríkisvarnarliðsins, *Reichswehr*, varð hermálaráðherra hans. Hitler hafði lofað því upp á æru og trú að styðja ráðuneyti Papens — með tveimur skilyrðum: að Ríkisþingið yrði rofið þegar í stað og nýjar kosningar færu fram og að stjórnarbannið gegn stormsveitunum yrði afnumið. Skilmálarnir voru teknir til greina. Vígbúnaður þjóðarinnar varð aðalumræðuefni fylgismanna nýju stjórnarinnar. „Niður með bolsévismann“ var vígorðið, sem átti að tryggja það, að vígbúnaðurinn færi fram án þess að vekja háværa athygli erlendis, sérílagi í Frakklandi. Stormsveitirnar leystu nýja ógnaröld úr læðingi. Tala stjórnámálamorða náði nýju hámarki fyrstu vikuna í júní. Hitler setti Papenstjórninni úrslitakosti. Hann krafðist þess, að herlög yrðu látin ganga í gildi, kommúnistaflokkurinn yrði bannaður og lögreglan í Prússlandi sett undir stjórn nasista. Von Papen neitaði. Hitler hótaði að láta „atburðina ganga sinn gang“; von Papen bjóst til að hrifsa einræðisvald sjálfur.

Það var sagt, að stormsveitir nasista væru sestar um Berlín í víðáttumiklum herbúðum. Ríkisvarnarliðið var við öllu búíð. Stormsveitarmennirnir töluðu hispurslaust um „nótt hinna löngu hnífa“, sem átti að koma. Von Papen ætlaði að ganga milli bols og höfuðs á stjórninni í Prússlandi. Íhaldsstjórn þjóðernissinna í ríkinu og jafnaðarmannastjórn í stærsta hluta þess voru ósamrýmanlegir rekkjunautar. Óþið „rekið marxista út úr prússnesku ráðuneytunum“ svall eins og dunandi brimsög. Prússland var síðasta virki lýðræðisins. Þegar ég kom heim frá Englandi, skundaði ég á fund í Karl Liebknecht-húsinu.

Það var óvenjulegur fundur. Öll miðstjórn flokksins var samankomin ásamt leiðtogum sambandsfélaganna og ferðærindrekum. Það var gustmikill fundur, og stóð hann frá klukkan átta að kvöldi til fimm að morgni. Tylft flokksbrota voru í háarifriðli. Óþ og öskur gullu við, meðan umræðurnar stóðu yfir, og um skeið hélt ég, að úrval þýska bolsévismans mundi lenda í áflogum. Sumir voru því meðmæltir að beita öllum vopnum flokksins gegn Hitler. Nokkrir töluðu með bandalagi við jafnaðarmenn á síðustu mínútu. Aðrir héldu, ef nasistar hrifsuðu völdin með ofbeldi, að þá mundu sósíalískir verkamenn leita til herbúða kommúnista. En sú

kenning, að jafnaðarmenn væru höfuðóvinir ráðstjórnarveldisins, hélt velli. Ernst Thälmann hamaðist eins og naut í flagi með öflugri aðstoð Hugos Eberleins, gjaldkera flokksins, Hermanns Schuberts, varaforsetans, Willys Leows, Leos Fliegs, Fritz Schultes og annarra manna á ríkisþinginu og í miðstjórninni. Að lokum voru allar tillögur um að ganga til bandalags við jafnaðarmenn felldar. Gamla línan sigraði.

„Þið kommúnistar berið aðalábyrgðina á framgangi andbyltingastefnunnar í Þýskalandi, vegna sundrunarstefnu ykkar gagnvart samfylkingu verkamanna,“ sögðu blöð jafnaðarmanna.

„Svikarar,“ öskruðu kommúnistablöðin á móti. „Brúarsmiðir fasismans.“

Þegar nútíminn horfir um öxl á þessa samkundu ósamlyndisins í Karl Liebknecht-húsinu, gefur að líta samkundu dauðra manna. Eftir þinghússbrunann tókst flestum fundarmönnum að flýja undan Gestapo. Sneyddir völdum sínum hittust þeir aftur í Moskvu, en nú voru þeir einskis nýtir í augum Kremhverja. GPÚ fullkomnaði það verk, sem Gestapo hafði ekki auðnast að koma í kring. Kippenberger og Schubert, Leo Flieg, Birkenhauer og Hugo Eberlein; ritstjórar *Rote Fahne*, Süßkind, Knoth og Noffke; ritarar Thälmanns, Werner Hirsch og Meyer; leiðtogar prússnesku kommúnistanna, dr. Lothar Wolf og dr. Fritz Halle; rithöfundarnir Hotopp, Hans, Kurt Sauerland og Emel; Fritz Schulte og Heinrich Kurella, ritstjórar *Imprecorr*, og svo margir fleiri, að nöfn þeirra gætu fyllt margar síður — örlög þeirra allra urðu að fara sömu leið og Heinz Neumann, í grafreit GPÚ.

Hitler, Göring, Göbbels og ræðumannahópar þeirra, fjögur þúsund talsins, þutu um landið í flugvélum og bifreiðum. Kvöld eftir kvöld höfðu þeir viðdvöl í þýskum borgum til þess að tala til lýðsins. Ekkert hérað var of afskekkt né of lítilmótlegt: Königsberg fimmtudag, Kassel föstudag, Hamborg laugardag. Hitler reið gandreið í loftinu á daginn, en að kvöldi dáleiddi hann múginn, svo að hann fylltist föðurlandssinnuðu æði.

Foringi okkar, Ernst Thälmann, lýsti því yfir, að í hinni harðnandi baráttu væri „bylting alþýðunnar“ sannnefni á stefnu okkar. Orð! Við vissum allir, að við vorum ekki nógu sterkir til að gera byltingu. Ríkisvarnarliðið var fullt af nasistum. Í þýsku lögreglunni utan Prússlands var urmull af nasistum. Það voru ekki nema ein samtök í landinu, sem voru þess megnug að ráða niðurlögum brúnstakka og Stálhjálma í borgarastyrjöld. Það voru verklyðsfélögin undir forustu jafnaðarmanna. En foringjar þeirra kinokuðu sér við að leggja út í borgarastyrjöld.

Kommúnistaflokkurinn tók upp mjög hættulegan leik. Leynilegar fyrirskipanir voru sendar til allra selluforingja um að grípa fyrsta tækifæri til að egna til blóðbaðs milli stormsveita og verkamanna. Sú von var látin í ljós, ef fjöldi verkafólks yrði drepinn, að þá mundu menn verklyðsfélaganna láta til skarar skríða í trássi við foringja sína. Kommúnistaflokkurinn ætlaði síðan að taka við forustu hins reiða múgs og krefjast allsherjarverkfalls og vopnunar verkamannasamtakanna. Takmarkið var að koma af stað borgarastyrjöld og gera allan fjölda sósíalista fráhverfan gömlu



foringjunum. Áform þetta var jafnglæpsamlegt og það var fráleitt. En við kommúnistar, sem lifðum í heimi okkar eigin ímyndana, tókum það upp með bjartsýni, sem hefði hæft vitfirringum frá Mars.

Við vöknudum upp við vondan draum. Það var sunnudag einn í júlí. Yfirstjórn stormsveitanna hafði skipað öllum brúnstakkadeildum í Norðursjávarhéraðinu að hefja göngu um kommúnistahverfin í Altona. Kommúnistaflokkurinn bjó þegar allar bardagasveitir sínar í Hamborg til mótmælagöngu. Það var svo til ætlast, að þessar tvær vopnuðu fylkingar, hvor um sig með lið, sem skipti tugum þúsunda, rækjust á í hinum þröngu götum. Auk þess var öllum kommúnistum, sem færir gátu talist, og tóku ekki þátt í göngunni, skipað að mæta á nánar tilteknum stöðum í útborgunum. Hverri sveit, sem safnaðist saman á þessum stöðum, var fenginn í hendur listi með nöfnum starfsmanna nasista og Stálhjálmsfélaganna í þeim borgarhluta. Ef áreksturinn í Altona leiddi til blóðbaðs, áttum við að ráðast inn á heimili Hitlerssinna og gera öllum þeim skjót skil, er við næðum í. Margbrotið hraðboðakerfi átti að halda uppi sambandi milli árásarsveita þessara og þriggja manna ædstu herstjórn kommúnista — í henni voru Hermann Schubert, foringi flokksins í Hamborg, Ernst Wollweber, fulltrúi miðstjórnarinnar, og Etkar André, yfirmaður hermála-neðanjarðardeildarinnar. Meiri fjöldi vopnaðra kommúnista lá í leyni í leiguhúsunum þennan sunnudagsmorgun en í upphafi hinnar hörmulegu októberuppreisnar 1923. Sveitir stúlkna og kvenna voru reiðubúnar að hjúkra þeim særðu og koma flóttamönnum undan. „*Der Tag der langen Messer*“ — „dagur hinna löngu hnífa“ var í aðsigi.

Lögreglustjórnin í Altona, Eggerstedt, sem var jafnaðarmaður, lagði á síðustu stundu bann við mótmælagöngu kommúnista. Um leið ítrekaði hann leyfi nasista til að halda sína göngu og veitti þeim lögregluvernd. (Sami Eggerstedt var síðar myrtur köldu blóði í fangabúðum Gestapo nálægt Papenburg, tveimur dögum eftir að hann kom þangað.) Vopnaðir flokkar úr bardagasveitum Rauðu fylkingarinnar voru á húspökum fram með götum þeim, er skrudgangan átti að fara um. Mér var falið að stjórna sjómanna- og hafnarverkamannasveitum flokksins, og lét ég þetta lið, er nam átta hundruðum manna, koma saman á hafnarknæpum við fljótið. Dagskipun okkar var að útrýma öllum nasistum af skipunum og hafnarsvæðinu, þegar kommúnistar hefðu unnið bug á skrudgöngu nasista í Altona.

Stormsveitirnar héldu af stað. Þær gengu eftir gjallandi tónum lúðrasveita með blaktandi hakakrossfána. Lögregluþjónar voru á báðar fylkingarhlíðar. Lögreglubifreiðar með vélbyssum óku á undan og eftir skrudgöngunni. Hún hélt inn í krókótt stræti gömlu borgarhervanna, liðaðist áfram eins og heljarstór, brún slanga. Lúðraþytur og trumbusláttur bergmáluðu af veggjum fornfálegra húsa. Í hliðargötunum úði og grúði af verkamönnum og kvennaliði þeirra, sem steyttu hnefana, köstuðu grjóti og rusli að brúnstökkunum og æptu ókvæðisorð.

Stormsveitirnar gengu eins og vél. Andlit piltanna voru fól og alvarleg. Á mínútu fresti heyrðist dimmt öskur.

„Niður með rauðu pestina! Vakna þú, Þýskaland!“

Síðan heyrðust fyrstu skothvellirnir af þökunum. Þökin voru of brött og göturnar of þröngar til þess, að hægt væri að miða nákvæmlega. Skotunum var miðað neðst á húsveggina, og kúlurnar köstuðust af þeim inn í fylkingar brúnstakkanna. Skotin lentu í nokkrum konum, sem höfðu verið að horfa á gönguna úr gluggum íbúða sinna, og féllu þær veinandi til jarðar. Stormsveitarmennirnir þustu inn í húsin til að gera atlögu að árásarmönnum á þökunum. Sorpílát flugu út um gluggana.

Lögregluþjónarnir lögðu til orrustu. Vélbyssur sópuðu þökin og gluggana. Lög-regluþjónarnir vörpuðu gassprengjum, og fólkidd hljóp eins og kakalakkar. Stormsveitunum hafði verið sundrað í óreglulega, huglausa hópa. Sumir héldu áfram göngunni, aðrir flýðu. *Feuergruppen* kommúnista, sem höfðu ætlað sér að útrýma brúnstökkunum, voru nú í vonlausum bardaga við lögregluna. „Degi hinna löngu hnífa“ lauk með ósigri og glundroða. Sveitir okkar, sem höfðust við í kringum vígvöllinn, biðu árangurslaust eftir skipun um að sækja fram. Átján dauðir og tvö hundruð særðir lágu á við og dreif um steinlagðar göturnar. Miklu fleiri særðir og nokkrir deyjandi menn höfðu leitað skjóls á heimilum kommúnista, og var þeim hjúkrað þar. Þegar ég kom heim, ringlaður eftir ófarirnar, mætti ég Firelei í dyrunum. „Farðu hægt,“ sagði hún, „ég er með þrjá særða féлага hérna.“

„Ætli þeir hafi það af?“

Hún kinkaði kalli. „Slíkur dagur spyr eitri í hjartað,“ sagði hún lágrri röddu.

Þetta var „blóðugi sunnudagurinn í Altona“, sem flýtti fyrir hinni illræmdu, en sögulegu „naudgun Prússlands“. Vesturskrifstofa Kominterns gat ekki gert Hitler betri greiða en þann að koma af stað blóðbaðinu í Altona. Von Papen kanslari greip átylluna, þá að jafnaðarmannastjórnin í Prússlandi hefði reynst ófær um að halda uppi lögum og reglu, og hann krafðist þess, að ráðherrarnir Braun og Severing hefðu sig á brott úr stjórnarbyggingunum í Berlín. Þessir tveir ædstu menn prússnesku stjórnarinnar héldu því fram, að úrslitakostir von Papens væru brot á stjórnarskránni, og lýstu því yfir, að þeir mundu ekki hverfa á brott fyrir öðru en ofbeldi. Valdabrölt von Papens náði hámarki sínu 20. júlí, nokkrum dögum eftir blóðbaðið í Altona. Nýútnefndur lögreglustjóri Berlínar réðst inn í stjórnarhöllina og tók ráðherrana fasta. Sósíalistaforingjarnir fóru með hermönnum í skála Ríkisvarnarliðsins, og var þeim sleppt nokkrum klukkustundum síðar gegn lofordi um að hafast ekkert að. Þannig höfðu örfáir menn, í bága við Weimar-stjórnarskrána, svipt völdum stjórn, sem hafði yfirráð yfir að minnsta kosti þrjátíu þúsundum æfðra, vopnaðra lögregluþjóna.

Liðsmenn kommúnista fóru um göturnar. Aðgerðasveitir okkar dreifðu út milljónum ávarpa með áskorunum um allsherjarverkfall. Kommúnistar voru handteknir í hrönnum. Lið jafnaðarmanna hélt kyrru fyrir. Eitur bróðurmorða og tortryggni hafði þegar læst sig um hjörtu verkamanna. Gáfaður og samviskulaus ungur maður, dr. Hermann Diels að nafni, sem hafði verið njósnari Papens í prússnesku stjórninni og var líka njósnari Hitlers í liði Papens, var gerður að yfir-

manni stjórnmalalögreglunnar í Prússlandi. Þann 20. júlí 1932 hóf Diels formlega skipulagningu þess, sem síðar varð Gestapo — *Geheime Staatspolizei* — en var áður til á fyrsta byrjunarstigi í nasistaflokknum.

Fjórtán nasistar og kommúnistar voru drepnir 31. júlí, daginn sem kosningar fóru fram til nýja Ríkisþingsins. Nasistar voru nú orðnir stærsti flokkur landsins. Jafnaðarmannaflokkurinn var enn annar í röðinni og kommúnistar þriðju. 13. ágúst var Hitler boðið sæti í stjórninni. Hann hafnaði boðinu. Hann vildi fá allt — eða ekkert. 30. ágúst varð Göring forseti Ríkisþingsins. En sú stofnun reyndist enn á ný óstarfhæf. Meiri hluti til stjórnarmyndunar var ekki til. Þingmennirnir samþykktu vantraust á stjóra von Papens með 513 atkvæðum gegn 32. Að því búnu rauf von Papen þingið. Þetta var 12. september. Nýjar kosningar áttu að fara fram þann 6. nóvember. Ég sneri aftur frá störfum mínum í Hollandi í tæka tíð til að flegja mér út í hringiðuna.

Í grimmd kosningabardagans, sem stóð allan októbermánuð, fengu hvorki félagar mínir né ég tíma til umhugsunar eina stund, né nægan svefn nokkra nótt. Við lögðum alþjóðaskyldurnar á hilluna um stundarsakir og einbeittum öllum kröftum okkar að starfinu heima fyrir.

Á fárra daga fresti var flokksmönnum boðið að vera við öllu búinir, því að alltaf var að kvisast, að Hitler ætlaði þann og þann dag að hefja göngu til Berlínar. Þrisvar á einum mánuði tók lögreglan í Hamborg mig fastan; í hvert skipti varð ég að hafast við yfir nóttina í hinum drungalegu kjöllum bæjarfangelsisins; í öll skiptin voru kjallararnir troðfullir af kommúnistum, Stálhjalmsliðum, stormsveitarmönnum og liðsmönnum þaðan af herskárri samtaka. Stjórnmalabaráttan lá ekki einu sinni niðri í fangelsunum. Þetta var sá mánuður ævi minnar, sem hefur verið störfum hlaðnastur og um leið sá ömurlegasti. Flokkurinn skipaði, og ég þeyttist af stað eins og gerviliður, tannhjól í hinu afkáralega gangverki skynlausra véla. Fyrir Firelei og mér var sonur okkar, Jan litli, sá eini í umhverfi okkar, sem tók ekki þátt í bardaganum. Þegar hann mókti í körfu sinni eða spriklaði í baðinu, var litli hraustlegi líkaminn hans til unaðar fyrir alla byltingarmennina, konur og karla, sem þrömmuðu inn og út úr íbúð okkar á öllum tímum dags og nætur. Félagarnir stóðu forviða, brostu hugfangnir eða hlógu dátt, er þeir sáu Jan, og var svipur þeirra oft líkastur svip fanga, er heyrir saklausan barnshlátur berast í gegnum múra fangelsisins.

Október var einnig verkfallamánuður. Það var sígild fyrirskipun frá Komintern að skipuleggja verkföll, hvar og hvenær sem unnt væri, til þess að skerpa deilurnar og neyðina, sem stöfðu af fjármála- og stjórnmalavandræðunum. Ráðstafanir von Papens til þess að vinna bug á atvinnuleysinu voru fyrirtaks jarðvegur fyrir verkföllin. Einn þriðji hluti þýska verkalyðsins var atvinnulaus. Það var úr þessum herskara atvinnuleysingja, sem fylkingum kommúnista og stormsveitanna bárust dyggastir og djarfastir liðsmenn. Áform von Papens var að fjölga mönnum í vinnu án tilsvarandi hækkunar á kaupgreiðslum þjóðarinnar í heild. Kommúnistaflokkurinn

æsti fjöldann til þess að leggja verkfærin frá sér, og hverju verkfalli fylgdi óþið: „Burtu með harðstjórn Papens!“ Samtök Hitlers höfðu einnig sagt stjórn von Papens stríð á hendur. Sérdomstóll hafði dæmt fimm stormsveitarmenn til lífláts. Þeir höfðu misþyrmt og drepið kommúnista einn í Slesíu með því að skjóta á hann þrjátíu og fimm skotum að móður hans ásjáandi. Hitler svaraði með því að gera morðingjana fimm opinberlega að „fóstbræðrum“ sínum. „Niður með harðstjórn Papens!“ varð einnig heróp nasista. Kommúnistar og brúnstakkar tóku saman höndum um að gera fyrirætlanir von Papens að engu með verkföllum.

3. nóvember, klukkan 4 að morgni, rétt fyrir kosningar, náði flóð verkfallanna hámarki með flutningaverkfallinu í Berlín. Kommúnistar og nasistar stóðu hlið við hlið í röðum verkfallsvarðanna, í varnarflokkum og í framkvæmdaráðum. Von Papen kanslari hótaði herlögum. Flokkar nasista og kommúnista svöruðu með því að draga allar vopnaðar hersveitir sínar saman í nágrenni og útborgum Berlínar. Verkfallinu var haldið áfram. Í kosningunum tapaði Hitler nærri tveimur milljónum atkvæða og 33 þingsætum í Ríkisþinginu.

Við drögum andann léttar. Flokksblöðin voru sigri hrósandi. „Skip Hitlers er að sökva!“ sögðu fyrirsagnirnar. Jafnaðarmenn höfðu tapað sjö hundruð þúsund atkvæðum til kommúnista. Kommúnistar höfðu nú sex milljónir atkvæða og 100 sæti í þinginu. En í rauninni stóð allt í sama stappinu enn. Flokkur Hitlers var enn stærsti flokkur þingsins, enda þótt hann hefði gengið nokkuð saman. Hreinn þingmeirihluti var ekki til. Ríkisþingið var enn eins og vél, sem komst ekki í gang. Verkföllin héldu áfram. Tólf dögum síðar sagði stjórn von Papens af sér.

Von Schleicher hershöfðingi varð kanslari 2. desember. Þeir kölluðu hann „sósíal-hershöfðingjann“. Leynilegur vígbúnaður þjóðarinnar með aðstoð milljónanna í verklyðsfélögunum var aðaluppistaðan í stefnuskrá hans. Hann reyndi að lægja öldur bitrasta flokkshaturins í landinu með allsherjar sakaruppgjöf stjórn-málafanga. Þúsundum handtekinna kommúnista og stormsveitarmanna var sleppt úr þýskum fangelsum. Þeir voru hermenn, sem lögðu þegar til orrustu aftur.

„Burtu með Schleicher!“ hömuðust nasistablöðin.

„Niður með Schleichers-stjórnina!“ bergmáluðu kommúnistarnir.

# Millipáttur á Norðurlöndum

ÉG VAR BOÐAÐUR til Berlínar 6. desember 1932 til viðtals við Dímítrov. Hann var feitur og sællegur að sjá. Þegar þrumuskýin voru á lofti í júlí hafði hann óttast, að Vesturskrifstofa Kominterns, sem hann veitti forstöðu, mundi þurfa að flytjast á brott frá Berlín. Hann hélt, að slíkra varúðarráðstafana þyrfti ekki við nú. Taugaóstyrkurinn, sem hafði gert vart við sig í Komintern, rénaði eftir hrakfarir Hitlers í kosningunum í nóvember. Enn einu sinni var athyglinni beint frá brúnu hættunni til „erkióvinnarins“, jafnaðarmannaliðsins. Dímítrov fullvissaði mig um, að stjarna Hitlers væri að ganga til viðar. „Hitler kemst aldrei til valda,“ sagði hann ákveðinn.

Á skrifstofu Dímítrovs í Wilhelmstraße hitti ég fyrir einkaritara, sem ég hafði ekki séð þar áður, vöðvamikla stúlku með karlmannlegt göngulag, sem elti húsbónda sinn eins og tryggur hundur. Hún hét Isa. Hún lagaði kaffi fyrir okkur á rafmagnskönnu, á meðan ég tók á móti fyrirskipunum mínum.

„Þykir þér gott að vinna með mér?“ spurði Búlgarinn mig.

„Já,“ sagði ég brosandí.

„Mér þykir þú líka góður samverkamaður. Þú átt að fara til Norðurlanda.“

Í tvo daga rótaði ég í gegnum spjaldskrána yfir norrænu löndin, sem var geymd í kjallaraíbúð í Berlín-Lankwitz, til þess að öðlast þekkingu á hinu nýja starfi. Án frekari umsvifa tók ég við skilríkjum mínum, fölsuðu vegabréfi og peningum og settist upp í næturhraðlestina yfir Warnemünde-Gedser til Kaupmannahafnar.

Yfirmaður allrar starfsemi Kominterns á Norðurlöndum var Richard Jensen, maður tröll að vexti, danskur að uppruna. Skipanir frá Moskvu voru endursendar til Jensens yfir Berlín, og Jensen sendi þær svo til formanna miðstjórnanna — Aksel Larsens í Danmörku, Silléns í Svíþjóð og Kristiansens í Noregi. Dani þessi var sérkennilegur maður, ruddalegur og ráðríkur víkingur, 130 kílógramma flykki af kjöti og beinum, slægvis í meira lagi, en þó hneigður fyrir að reka upp drynjandi hlátrasköll. Hann var meira en tveir metrar á hæð og drakk óstjórnlega. Hann drakk bjór fyrir morgunverð, bjór stóð að staðaldri á skrifborðinu fyrir framan hann, og á kvöldin drakk hann bjór í rúminu, áður en hann gat farið að sofa. Öllum, sem þekktu hann, geðjaðist vel að honum. Aðrir komu og fóru eins og svipir á leiksviði Kominterns, hurfu síðan kulnaðir eða útskúfaðir eða drepnir — en Jensen sat, þó að árin liðu. Hann hafði áður verið verkamaður, þótti gaman að

sóa peningum eins og lávarður, og hann var einn hinna fáu erlendu bolsévika, sem nutu óskipts trausts Stalíns.

Fjórum sinnum á ári ferðaðist Jensen til Moskvu, stöku sinnum til Berlínar og Parísar, en hann kunnir best við sig í fæðingarborg sinni, Kaupmannahöfn. Heimilisfang hans, þangað til ég fór úr þjónustu Ráðstjórnarinnar 1938, var stöðugasta heimilisfang Kominterns: Vesterbrogade 70, fimm mínútna gang frá aðalbrautarstöðinni og Tivoli. Besta skemmtun þessa félaga var að láta alla erindreka, sem heimsóttu hann — ekki síður þá æðstu — drekka frá sér vitið. Hann hafði innilega ánægju af að ganga sigri hrósandi af velli, meðan einhver rígmontinn „maður frá Moskvu“ lá hrjótandi á þykku gólfteppunum í íbúð hans. Kona Richards Jensens barst lítt á, en var einbeitt, dugandi kona á fimmtugsaldri, tveimur höfðum lægri en maður hennar, og starfaði í GPÚ. Sonur Jensens, Martin, var líka í utanríkisdeild GPÚ. Meðan ég dvaldi í Kaupmannahöfn, var ég gestur Jensens. Mér þótti hann vera meistari í þeirri erfiðu íþrótt að sameina háværa gestrisni og ströngustu kröfur samsærisstarfseminnar.

Kommúnistaflokkurinn í Danmörku var lítill, en vel skipulagður. Hann gaf út fjögur blöð og hafði ellefu þúsund félaga. Hann hafði yfir að ráða dugandi bardagasveitum, allmörgum sellum innan danska flotans og sérstaklega framtaksömum flokki menntaðra skoðanabræðra, en fremstur í flokki þeirra var kunnur Kaupmannahafnararkitekt, Poul Henningsen. Danmörk var ekki iðnaðarland. Ef landið ætti ekki kaupskipaflota sinn og flytti mikið út af landbúnaðarafurðum, þá mundi því farnast mjög illa. Þess vegna voru verkamennirnir við sjóinn sá hluti danska verkalýðsins, sem réð úrslitum að dómi kommúnista. Komintern miðaði aðallega að því með starfsemi sinni í Danmörku að brjóta vald jafnaðarmanna í hafnarborgunum á bak aftur og ná nægum áhrifum til að setja dönsku stjórninni stólinn fyrir dyrnar með því að teppa útflutninginn. Til þess að veifa sverði útflutningsteppunnar, svo að gagni kæmi, var nauðsynlegt að ná yfirráðum í sjómannafélögum. Sjómannafélagið og Kyndarasambandið danska voru auðug og sterk samtök, deildir úr hinu sósíalíska Alþjóðasambandi flutningaverkamanna, ITF, í Amsterdam undir hinum herskúa Hollendingi Edo Fimmen. Þegar kommúnistaskellur, bæði utanaðkomandi og starfandi í félögum sjálfum, náðu þeim á sitt vald síðar, heilsuðu Moskvumenn þessu afreki sem sigildu dæmi þess, hvernig ætti að sigrast á erlendu verkalýðsfélagi og spenna það fyrir kerru Ráðstjórnarinnar.

Richard Jensen stjórnaði baráttunni. Aðferðirnar voru kunnar frá fornu fari: skipulagðar herferðir gegn mannorði jafnaðarmannaforingjanna, mútur og þvinganir við lægri starfsmenn, njósnir, klíkusamsæri, sendifarir verklyðsfulltrúa til Ráðstjórnarríkjanna, þar sem þeim var fagnað með kostum og kynjum, látlaus áróður meðal danskra skipshafna í erlendum höfnum, ókeypiskvikmyndir frá ráðstjórninni og liðleg samvinna við menntamenn fyrir tilstilli ráðstjórnarvinafélagsins danska. Kommúnistar náðu yfirráðum í skipaútvegi Kaupmannahafnar. Jensen sá um það, að andstæðingum Stalíns meðal sjómanna var bægð frá skiprúmum. Í lok ársins

1932 var ekki til eitt einasta danskt skip, sem hafði ekki kommúnistasellu meðal skipshafnarinnar. Jafnvel einu tvö skipin, sem héldu uppi áætlunarferðum milli Íslands og Hamborgar, *Detifoss* og *Godafoss*, voru mönnuð kommúnistum að meiri hluta og voru notuð sem hraðboðaskip fyrir GPÚ. Þegar næsta þing var haldið, flaug Edo Fimmen til Kaupmannahafnar til að bjarga samtökum sínum. Hann hélt þriggja stunda ræðu á þýsku, en Richard Jensen mútaði túlki Fimmens til að leggjaast veikur. Það var enginn annar túlkur við hendina. Hollendingurinn sneri aftur til Amsterdam, sigraður. Kyndarasambandið, milljónasjóður þess og byggingarnar, sem það átti í Kaupmannahöfn, urðu raunverulega eign Kominterns, og Jensen var við völd, flibbalaus og órakaður, en „voldugri en Danakóngur“.

Starf mitt var í því fölgandi að fara í tíu daga ferðalag milli danskra hafna og tala á fundum verklyðsfélaga sem „fulltrúi flutningaverkamanna í Ráðstjórnarríkjunum“. Danmörk var mjög farsælt og frjálslýnt land. Ég ferðaðist — sem „rússneskur fulltrúi“ — til Óðinsvéa, Sønderborg, Árósa, Esbjerg, Álaborgar og annarra minni hafnarbæja; klakti út nýjum ráðagerðum með flokksdeildum á hverjum stað, reif niður danskar stofnanir í ræðum mínum, réðst á verklyðsforingjana og jafnaðarmannastjórn Staunings, og yfirvöldin skiptu sér ekki af mér í eitt einasta skipti! Í öllum dönskum borgum fékk ég næturgistingu á heimilum hjá yndislegu fólki, skoðanabræðrum kommúnista af menntaða taginu. Utan Kaupmannahafnar var dýrðarljómi „mannsins frá Moskvu“ svo áhrifamikill, að stúlkunum í flokknum fannst þær mega til að keppast um að bjóða „gestinum, sem Stalín hafði sent“ atlot sín. Í Sønderborg gekk ég niður aðalgötuna á eftir flokki harmóníkuleikara, eftir tónum Alþjóðasöngsins, Nallans, en æpandi mannföldi elti. Því miður var tíminn of naumur til slíks gleðskapar. Fundirnir voru þrír í hverri borg, einn fyrir forustumenn, annar fyrir flokksmenn almennt og sá þriðji opinber fundur. Að kvöldi hvers dags sendi Martin Jensen, sem var túlkur minn, nákvæma skýrslu til föður síns. Richard Jensen var ánægður með árangurinn af förinni. „Næst þegar ég fer til Moskvu, skal ég bera þér vel söguna,“ lofaði hann mér. Síðan sagði hann með áfergju: „Við skulum fá okkur einn bjór.“

Frá Kaupmannahöfn hélt ég til Svíþjóðar. Jensen varaði mig við dugnaði sænsku lögreglunnar, sem hermt var, að skiptist á skýrslum um erlenda erindreka við Scotland Yard.

Aðferðin til þess að forðast vegabréfaskoðun við komuna til Svíþjóðar var einföld. Ég fór með ferju yfir sundið til Málmeyjar. Við vegabréfaeftirlitið í Málmey voru tvö hlið. Á öðru stóð: „Fyrir Norðurlandabúa“, á hinu „Fyrir útlendinga“. Við hið síðarnefnda varð hver ferðamaður að láta rannsaka skilríki sín og útfylla prentað eyðublað. Við hliðið, sem var merkt „Fyrir Norðurlandabúa“, fór engin rannsókn af neinu tagi fram. Stúlka úr neðanjarðardeild Richards Jensens fylgdi mér.

Hún masaði hástöfum á dönsku, þegar við gengum inn í Svíþjóð í gegnum „Norðurlandabúa“-hliðið. Ég kinkaði kalli við masi hennar og hló. Embættismaður

sá, sem var á verði, heyrði glensíð og lét mig fara framhjá óáreittan. Átta klukku-stundum síðar var ég í Gautaborg, aðalhafnarborg og annarri stærstu borg Svíþjóðar.

Milligöngumanni okkar í Gautaborg hafði verið tilkynnt um komu mína. Sendiboði frá honum, stúlka, sem hafði biðið eftir mér á stöðinni, fylgdi mér þegar til íbúðar hans við Järntorgsgatan. Heiti þessa GPÚ-manns var Harald Svensson. Hann var blíðmáll maður, þrjátíu og sex ára að aldri, lágvaxinn og grannvaxinn og ljós á hár. Ég hafði heyrt hans getið í Berlín, Hamborg og Kaupmannahöfn. Starfsvið hans var njósnir við sjávarsíðuna og milligöngur. Kommúnistasellurnar, sem hann hafði umráð yfir á stærstu sænsku skipunum, *Gripsholm* og *Kungsholm*, höfðu stundum flutt áriðandi skjöl fyrir Vesturskrifstofuna til og frá New York. Harald Svensson var í þjónustu sænsku tollstjórnarinnar og var auk þess í hafnarlög-reglunni í Gautaborg. Hann dulbjó samsærisstörf sín með því að gegna embætti til málamynda í sænska ráðstjórnarvinafélaginu. Kona hans, dökkhærð og smekklega til fara, var einnig í þjónustu sænska ríkisins. Viku þá, sem ég dvaldi í Gautaborg, gisti ég hjá einum af aðstoðarmönnum Svenssons, hugsjónaríkum fanti að nafni Knut Björk.

Skyldur mínar í Svíþjóð voru óskemmtilegs eðlis. Kommúnistaflokkurinn sænski hafði löngum verið og var enn óháðastur hinna sjötíu og sex flokka, sem voru deildir af Komintern. Hann var eini kommúnistaflokkurinn, sem gat staðið á eigin fótum fjárhagslega og gat unnið störf sín, hvort sem styrkir frá Moskvu um Berlín—Kaupmannahöfn bárust að í tæka tíð eða ekki.

En mönnum í Moskvu var illa við, að flokksdeildirnar erlendis væru sjálfstæðar fjárhagslega, því að slíkt sjálfstæði gerði Kremlbúum óhægt um hönd að ná sér niðri á þrjóskufullum flokksbrotum, stöðva útkomu blaða þeirra og launagreiðslur til foringjanna.

Það voru óskráð lög í Komintern, en ófrávíkjanleg, að miðstjórn einskis flokks skyldi vera fullkomins fjárhagslegs sjálfstæðis aðnjótandi og að laun miðstjórnarmannanna skyldu ávallt greidd af mánaðarstyrknum frá Osíp Pjatrínskíj í Moskvu, en ekki af iðgjöldum flokksmanna. Þess var krafist, að ágóða af ýmiss konar starfsemi kommúnista utan Ráðstjórnarríkjanna væri skilað til einhverrar hinna mörgu ráðstjórnarstofnana, og Moskva tók síðan ákvörðun um, hve miklu skyldi varið til styrktar einstökum félögum og í hvaða skyni. Fjármálaþrældómur á borð við þennan var eitt helsta vopnið, sem beitt var til þess að gera alla aðila Kominterns að auðsveipum þjónum Ráðstjórnarríkjanna.

Fjárhagsleg meginstoð kommúnistaflokksins í Svíþjóð voru verkamannasamtök, sem starfræktu nýtísku veitingastaði í öllum stærri bæjum Svíþjóðar og græddist vel fé. Komintern hafði ákveðið að taka þessa gróðavænlegu tekjulind undan umráðum sænska flokksins og gera hana að samvinnufyrirtæki í umsjá GPÚ eða — ef ókleift reyndist að vinna bug á mótspyrnunni gegn því — að eyðileggja hana.

Helsti samverkamaður minn í þessu var Gustav Holmberg, fyrrum kennari við Lenínskólann í Moskvu, félagi sænsku miðstjórnarinnar og yfirmaður GPÚ í



Vestur-Svíþjóð. Félagi Holmberg var mildur og ráðsettur á svipinn eins og efnaður smákaupmaður í Vesturheimi, en foringar GPÚ mátu það mikils, að umboðsmenn þeirra litu þannig út. Holmberg ákvað, hvaða starfsmönnum yrði boðið á „veitingahúsaráðstefnuna“. Ræðurnar, sem ég hélt, voru ekki eftir sjálfan mig. Þær voru samdar fyrirfram í Berlín, og var það einn af forstjórunum úr blaðahring Münzenbergs, sem var höfundurinn. Ég flutti ræðurnar af allri þeirri ákefð, sem ég átti til, og deilurnar, sem á eftir fóru, stóðu langt fram á nótt. Holmberg var önnum kafinn við að skrifa hjá sér. „Að lesa á loftvogina“ kallaði hann það og lét mig um að þrætta og finna til röksemdir gegn öllum mótmælunum, sem sett voru fram gegn ráðagerðum Kominterns.

Það er eitt af sérkennum kommúnistasamtakanna, að útsendur fulltrúi frá Komintern — enda þótt hann sé miklu ónýtari maður en starfsmennirnir á staðnum — hefur miklu meira vald en þeir, þegar um er að ræða að „samræma“ skoðanir á samkundum minni háttar kommúnista. Í augum flokksmanna almennt er aðkomumaður, alþjóðafulltrúinn, völdug og leyndardómsfull skepna, sannkallaður Salómon heimsbyltingarinnar. Til þess að halda við álitinu verður hann að skapa bil milli sín og óbreyttu flokksmannanna.

Eftir fjögurra daga viðurstyggeileg hrossakaup létu Svíarnir undan mér. Í einu hljóði var gerð samþykki um endurskipulagningu á rekstri veitingahúsanna sem „einkafyrirtækja“, og fundarmenn lofuðu þagmælsku. Leiðin lá nú opin fyrir beinar samningaumleitanir milli manna í Berlín og miðstjórnarinnar í Stokkhólmi. Löng skýrsla, undirrituð af Holmberg og mér, var send til Berlínar. Eiling nokkur, viðskiptasérfræðingur GPÚ, maður sem var mjög líkur H.G. Wells að sjá, var sendur til Svíþjóðar til þess að fullkomna þjófnað þessara gróðavænlegu veitingahúsa í nafni „bolsévikkunar“ sænska flokksins. Áður en hann kom, var ég þegar á norðurleið í svefnklefa næturhraðlestarinnar milli Kaupmannahafnar og Oslóar.

Öll sænsku verkamannasamtökin voru lögð niður, áður en yfir lauk. Stjórn samtakanna í Gautaborg, sem voru stærst og best efnum búin og höfðu aðsetur á tveimur hæðum í Rialto-húsinu, neitaði að láta þau af hendi við GPÚ sumarið 1933, eftir að GPÚ hafði að yfirlögðu ráði notað bækistöð þeirra sem miðstöð fyrir mannrán, er vöktu mikla eftirtekt. Lokaði lögreglan fyrirtækinu „vegna glæpa, sem framdir höfðu verið í húsakynnum“.

Kommúnistaflokkurinn í Noregi var vandræðabarn Kominterns. Hvað eftir annað höfðu klofningur og hreinsanir átt sér stað, svo að við sjálft lá, að hann yrði lagður niður, en í hvert skipti, sem hann náði sér aftur, skrikaði leiðtogunum fótur á ný, og þeir tóku upp hætti íbúa Sódómu og Gómorru. Flestir norskir bolsévíkar voru einlægir byltingarmenn, óvægnir aðgerðasinnar, en samt sem áður urðu þeir aldrei annað en hópur fégjarnra lauslátunga. Nokkrum mánuðum áður en ég kom, höfðu þeir fengið ríflegan fjárstyrk til þess að kosta kommúníska starfsemi á norska hvalveiðiflotanum; viku síðar hafði gjaldkeri flokksins strokið til Svíþjóðar með peningana og eiginkonu byggingamiðlara eins í Túnsbergi. Á síðasta flokksþinginu

í Osló lauk umræðum um stofnun framkvæmdaráða kvenna með áköfu rífrildi um konuskipti formanns flokksins, Kristiansens, skipulagsstjórans, Ottars Lies, og annarra manna í miðstjórninni.

Aðfangadagskvöld jóla 1932 lét einn af helstu áróðursmönnum flokksins, Alfson Pedersen, greipar sópa um allar ritvélar og reiknivélar í aðalskrifstofu kommúnistaflokksins, seldi þær fornsala, sem var líka flokksmaður, og slagaði síðan með lagsbræðrum sínum upp Karl Jóhannsstræti í áttina til konungshallarinnar, og sungu allir hástöfum orrustusöng ráðstjórnarflugmannanna.

Þegar Dímítrov ræddi við mig um Noreg, kallaði hann Norðmennina „við-kunnanlegustu menn, en lausláta stigamenn“. Í flokknum var meira af misindisfólki og svörtum sauðum úr hjörðum burgeisa en ósviknum verkamönnum. Einu samtökin, sem voru áreiðanleg, voru félög stúdenta við háskólana í Osló og Prándheimi og sellur norsku sjómanna, sem voru dreifðar um öll lönd veraldar. Að örfáum háskólagengnum mönnum undanteknum voru driffjadrir flokksins á hverjum stað undantekningarlaust stúdentar eða sjómenn. Í öllum norskum bæjum, sem ég heimsótti á fimm vikna ferðalagi, voru móttökurnar æ hinar sömu. Mér var boðið í staupinu, og það var ekki fyrr en ég hafði sannað, að ég gæti haft í fullu tré við þá, sem færastir voru af innfæddu svolunum, að félagarnir sýndu lit á að vilja ræða flokksmálefni.

Helsti milligöngumaðurinn milli neðanjarðardeildar Kominterns og GPÚ og kommúnistasamtakanna í Noregi var einn af kunnustu læknum höfuðstaðarins, dr. Arne Halvorsen. Hann átti einkaíbúð í Sommerlyst, lækningastofu á Aakebergveien 22 og leynilega stjórnmalabækistöð á Karl Jóhannsstræti 2, í húsi, sem vissi að torginu fyrir framan aðaljárnbrautarstöðina í Osló.

Dr. Halvorsen var maður með ótal sambönd. Þræðirnir, sem komu saman í hendi hans, lágu til háskóla, sjúkrahúsa og verkfræðiskóla, til skipasmíðastöðva, strandvarnarstöðva og sjómælingastöðvar ríkisins. Kona hans, Karin, stór, dökkhærð, þunglyndisleg ung kona, var ritari á skrifstofu Wilhelmsens, mesta skipaeiganda í Noregi. Karin Halvorsen var flokksbundin á laun eins og maður hennar. Bróðir hennar, sem var líka í þjónustu ráðstjórnarinnar, hafði embætti í norsku ríkislög-reglunni. Dr. Halvorsen sjálfur hóf starfsferil sinn sem strætisvagnstjóri, hafði unnið fyrir sér á háskólanum og gegnt læknisembætti hjá hafnsögubjónustu ríkisins á Atlantshafsströndinni. Meðan rússneska borgarastyrjöldin stóð yfir, hélt dr. Halvorsen til Moskvu til þess að bjóða málstað bolsévika þjónustu sína. Hann vann sér traust Leníns og Dzerzhínskijs og hafði bundist vináttu við Anatolj Lúnatsjarskíj, fyrsta þjóðfulltrúa uppeldismála. Eftir að hann kom aftur til Noregs, hafði GPÚ helgað sér hann sem sjaldgæfa uppgötvun. Dr. Halvorsen var holdugur maður, letilegur að sjá, en andlit hans var fullt af vöðvamiklum krafti. Hann hafði skörp, gáfuleg, grá augu og var hæðinn að eðlisfari. Hann var orðinn ruddalegur af ofdrykkju. Nóttum saman sat hann uppi til klukkan þrjú og neyddi konu sína og gesti til að drekka á við sig, svaf síðan til klukkan átta og þurfti ekki meiri

svefn. Í leynilegu starfsliði hans voru nokkrar stúlkur — félagar flokksins — sem höfðu komist undir yfirráð læknisins, eftir að hann hafði eytt föstrum fyrir þeim. Einu sinni sýndi hann mér með vingjarnlegu brosi langar raðir af glerkrukkum með föstrum á misjöfnu þroskastigi í herbergi fyrir aftan lækningastofuna. Á hverri krukku var miði og á hann vandlega letrað nafn látins byltingarmanns.

„Hvað er þetta?“ hrópaði ég í skelfingu.

Dr. Halvorsen hló napurt. „Ég sýndi féлага Lúnatsjarskíj þær, þegar hann var á ferðalagi um Noreg í fyrra. Það var nærri liðið yfir hann.“

Karin Halvorsen, kona læknisins, var sorgmæddasta kona, sem ég hef nokkru sinni hitt fyrir. Hún horfði á án þess að mæla orð frá vörum, þegar maður hennar hallaði sér aftur í hægindastól með handlegginn um yngri blómarós úr flokknum. Hann átti bjórtunnu á stokkunum í dagstofunni og úrval sterkari drykkja í flöskum á borðinu. Ég sá dr. Halvorsen finna upp nýjar aðferðir til að kvelja hana hvert kvöld, sem ég dvaldi á heimili hans. Hún virtist vera kona, sem hafði grátið síðasta tári sínu endur fyrir löngu og gat ekki grátið meira. En hún var honum trú, trú til dauðans — eða var það hollusta við málstaðinn? Með milligöngu hennar komust öll mikilvæg skjöl um norskar siglingar í hendur GPÚ og það oft áður en þau náðu til lögætra móttakenda.

Á öðrum degi eftir komu mína til Osló sótti ég fund miðstjórnarinnar og skýrði hugmyndir Dímítrovs og Jensens um, hvað kommúnistaflokkurinn í Noregi ætti að vera og gera. Noregur átti auk járnbrauta og opinberrar starfrækslu aðeins þrjá verulega mikilvæga atvinnuvegi: hvalveiðar, fiskveiðar og siglingar. En það var ekki einn maður í miðstjórninni, sem vissi neitt að ráði um siglingamál. Sú eina af deildum flokksins, sem var sæmilega starfrækt, var neðanjarðardeild dr. Halvorsens, en erindrekar hans voru dreifðir um allar mikilvægar hafnir frá Kristjánssandi til Narvik og unnu að hermálastörfum og njósnum, sérstaklega á svæðinu fyrir norðan sextugustu og áttundu breiddargráðu, í héruðum, sem Ráðstjórnarríkin girntust sökum legu þeirra í hernaði. Það féll í minn hlut að vekja áhuga miðstjórnarinnar á sjónum. Til þess að gera málið flóknara hélt Kristiansen, formaður flokksins, langa ræðu um „stjórn málaástandið“. Ottar Lie, hægri hönd hans, og aðrir slógu á sömu strengi og leiðtogi þeirra, þeir voru allir mjög alvarlegir og virðulegir á að hlýða, það var hin venjulega vörn starfsmanna, sem vilja fela áberandi veilur í starfrækslu flokksins. Til þess að vinna bug á vörnunum og til þess að sýna þeim, að Komintern væri ekki ókunnugt um persónulega ágalla þeirra og lesti, tók ég upp umræður um konuskiptin. Kristiansen stökk á fætur í hamslausri gremju.

„Einkalíf okkar er alveg óskylt stjórn málastörfum okkar,“ æpti hann.

„Það er mjög svo skylt þeim,“ svaraði ég.

Ég hafði komið með skýrslur, sem Komintern hafði fengið frá innanflokks-njósnum sínum í Noregi. Ég gat nefnt dæmi þess, að norskur kommúnistaleiðtogi hefði sjö sinnum á ferðalögum sínum um Noreg haft skipti á konu sinni og konum eða fylgikonum annarra miðstjórnarmanna. Þegar þetta kvisaðist, höfðu óbreyttir

félagar flokksins dregið sínar ályktanir, þar á meðal þá, að næst kappdrykkjuna væru „frjálsar ástir“ aðalstarf kommúnistanna í Osló. Hver sá, sem girntist að afla sér gnótt rekkjunauta af hinu kyninu, þurfti ekki annað en að ganga í flokkinn, enda var hann ósjaldan kallaður „rauða kvennabúrið“. Auk þess hafði dr. Halvorsen varað mig við því að hafa mök við nokkra konu í norska kommúnistaflokkinum án þess að leita ráða hans fyrst. „Þær eru útsteiptar í kynsjúkdómum,“ hafði hann sagt.

Félagi Kristiansen og menn hans sáu, hvert stefndi. Ef þeir yrðu kallaðir til Moskvu og ef GPÚ gæfi andstæðingablöðum Stalíns í Noregi upplýsingar um handahófsástir þeirra, þá mundi ferill þeirra sem byltingarmenn að iðn og „leiðtogar verkalyðsins“ vera á enda. Ef gangur málanna yrði þessi, myndu ungir félagar úr skólunum í Moskvu, sem yrðu sendir til Noregs til þess að berjast fyrir „öreigaskírífí“, verða mjög líklegir til að hafa framgang, enda þótt þeir væru óþekktir og óreyndir. Miðstjórnin virtist hafa látið kúgast í bráð.

Við tókum síðan að gera uppkast að áætlun um framkvæmdir í hvalveiðiflotanum og um framhaldsefingu flokksaðstæðna í höfnum og á skipum. Skipulagsáætlunin, sem ég lagði fram og hafði verið samin í Berlín, var samþykkt í einu hljóði. En eftir að fundinum var lokið, var mér búið undrunarefni, sem var sérkennilega norskt í eðli sínu. Í hita umræðnanna hafði ég ekki tekið eftir því, að Ottar Lie hafði laumast burt af fundinum. En ég tók aftur á móti eftir því, að frakkinn minn var horfinn. Það var ágætur nýr frakki úr úlfaldaull. Ottar Lie, skipulagsstjóri flokksins, hafði selt hann á fornsölu. Hann birtist skömmu síðar með sína brennivínsflöskuna undir hvorum handlegg.

„Hvað á þetta að þýða, félagi Lie?“ spurði ég.

„Æ,“ sagði hann hlæjandi, „ég sá þennan indæla frakka frammi í forstofunni, og ég gat ekki gert mér í hugarlund, hver ætti hann, svo að ég seldi hann. Við skulum fá okkur einn gráan, félagi alþjóðafulltrúi.“

Ég tók málinu í gamni. Við drukkum. Þegar brennivínið var runnið niður kverkarnar, sagði Ottar Lie: „Nú skulum við fara út og selja frakkann minn. Hann er skolli slitinn, en það er frakki samt.“

Starf mitt í Noregi hófst nú af alvöru. Kristiansen stakk upp á að láta frænku sína fylgja mér sem ritara og túlk á ferðum mínum um Noreg. Ég hafnaði auðvitað tilboði hans. Hún átti að gegna hlutverki njósnarans, sem miðstjórnir í rannsókn voru vanar að koma fyrir í neðanjarðardeildinni til að færa þeim fregnir af starfsemi „mannsins frá Moskvu“. Í stað þess tók ég mér ritara, sem dr. Halvorsen valdi. Hún var flokksbundin á laun og hafði verkefni í GPÚ. Hún hét Kitty Andresen, átti heima á St. Hallvard 26 í Osló, og var valkyrja, ófríð sýnum og full af óbugandi lífskrafti. Á laugardögum, milli ferðalaga, þegar engum flokksstörfum var hægt að sinna, vegna þess að flokkurinn var fullur, þótti henni gaman að fara með mig niður að Oslófirði til að synda milli ísjakanna eða að ganga og renna okkur á skíðum milli skógivöxnu fjallanna og vatnanna í Nordmarken.

Fyrstu vikuna í Noregi beindust störf mín eingöngu að Osló. Aðra vikuna rannsaðaði ég samtök okkar í minni hafnarborgum fyrir sunnan höfuðstaðinn — Friðriksstað, Túnsbergi og Sandfirði, en hinir tveir síðastnefndu staðir voru heimahafnir meiri hlutans af hvalveiðiflotanum í Suður-Íshafinu. Alls staðar var ástandið hið sama: liðsmenn flokksins voru óspilltir í sjálfu sér, en leiðtogarnir hálfmenntaðir lauslátungar. Ég skipti um stjórnir, þar sem ný foringjaefni voru til. Umdæmisstjórana í Fredrikstad og Björgvin sendi ég til Berlínar í orði kveðnu til þess að gefa Vesturskrifstofunni skýrslu, en í raun réttir til að losna við þá, meðan umdæmi þeirra voru endurskipulögð. Mér samdist svo um við yfirmennina í Berlín, að þeim yrði haldið rígbundnum þar að minnsta kosti í mánuð. Ég veit ekki, hvað um þá varð síðar.

Í Osló vígði ég nýtt Alþjóðasjómannafélag og stofnaði fast framkvæmdaráð meðal verkamanna á skipasmíðastöðvum og við hafnir. Í Túnsbergi og Sandfirði lagði ég undirstöðuna að skólum fyrir erindreka, sem var ætlað að stofna kommúnistasellur á móðurskipunum í hvalveiðiflotanum. Í Björgvin ávarpaði ég fundi félagsmanna í ýmsum óháðum verklyðsfélögum í því skyni að undirbúa þá undir að gerast deildir Profinterns í Moskvu, en mér varð ekki ágegnat nema að litlu leyti. Um leið kallaði ég alla kommúnista, sem mættir voru, á fylgismannafundi með það fyrir augum að láta þá ryðjast til valda í félögunum. Í Þrándheimi vann ég að skipulagsmálum, en flutti auk þess þrjú erindi í kommúnistafélagi stúdenta við háskólann um efni, sem þeir höfðu valið sjálfir. Ræðuefnin, sem þeir kusu, voru: „Stefnuskrá Kominterns“, „Viðfangsefni kommúnista í heimsvaldastyrjöld“ og „Ríki og bylting“. Mér virtist, að æska Noregs ætti ekki nærri því eins fastar rætur í móðurmoldinni og til dæmis æska Frakklands og Hollands. Æskulyðurinn í Þrándheimi hafði hjákátlega skemmtun af því að rífa niður sína eigin þjóð, en halda á loft kaldranalegri alþjóðastefnu. En í Komintern eru „alþjóðastefna“ og „ráðstjórnarvald“ samnefni.

Í Noregi engu síður en annars staðar voru grátlegust örlög þeirra manna í samtökum kommúnista, sem urðu beinlínis málstað þeim að bráð, sem þeir höfðu svarist í þjónustu við. Þar má nefna Arthur Samsing, seigan, bláeygan, glaðlyndan, lítinn mann. Hann var flæmdur í útlegð og líklega tortímt vegna einhverra athugasemda, sem hann hafði látið falla um „eignamennina“ og „eignaleytingjána“ í Alþjóðasambandi kommúnista. Ég hafði þekkt félagi Samsing árum saman. Hann hafði starfað fyrir Komintern í Ameríku, Belgíu og Þýskalandi og í föðurlandi sínu, Noregi. Einu sinni var hann sendur til Gdynia í mjög hættulegum erindagerðum. Dauðinn var hverjum þeim Komintern-manni vís, sem tekinn var höndum á pólskri grund. En engar hættur né örðugleikar gátu aftrað Samsing. Meðan hann starfaði í Gdynia, varð unga konan hans, sem hann hafði skilið eftir heima hjá tveimur litlum börnum, mjög veik. Það þurfti dýrar læknisadgerðir til að bjarga lífi hennar. Samsing fór bórnarveg bréflaga til Georgís Dímítrovs um að skjóta fénu til. Hann fékk það svar, að flokkurinn gæti ekki gert neitt fyrir konu hans, þar sem hún væri ekki flokksbundin. Samsing fór frá Gdynia til Berlínar. Honum var sagt,

að Komintern hefði ekkert fé aflögu og Dímítrov væri í leyfi. Dímítrov naut hvíldar og hressingar í Zoppot, tískubaðstað og spilaviti örskammt frá Gdynia! Arthur Samsing skundaði til Zoppot. Hann fann þennan búlgarska yfirboðara sinn fjarri skotgröfum stéttabaráttunnar, þar sem hann bjó í íbúð á skrautlegu hóteli með fagurri dansmey frá Berlín. Samsing bað Dímítrov um peninga til þess að bjarga lífi konu sinnar. Hann hafði ekki í önnur hús að venda. Allri ævi sinni hafði hann varið í samtökunum og fyrir þau. Dímítrov gramdist það, að einn hinna sparneytnu aðgerðasinna hans skyldi hafa komið að honum í hlutverki óhófsmannsins, og varð ofsareiður. Samsing hvarf á brott, félaus. Hann sneri ekki aftur til starfa síns í Gdynia. Hann fór til Osló til þess að vera við hlið konu sinnar, sem bjó þá með börnin í eyðikofa í skógunum nálægt Osló. Komintern hætti að greiða honum laun sem strokumanni. Samsing svaraði með opnu bréfi og bar saman efnalega vellíðan Komintern-leiðtoganna — *die Bonzen* — og þrotlausa örbirgð meiri hluta aðgerðasinnanna, sem unnu dyggilega öll hættulegustu störf in í djúpunum.

„*Der Samsing ist verrückt*,“ svaraði Dímítrov hinn opinberu ákæru. Þessi Samsing er brjáláður.

Þetta var sumarið 1931. Kona Samsings lifði af. Samsing sjálfur gerðist mjög virkur í norska kommúnistaflokknum. Samt sem áður fékk hann enga atvinnu. Hann þjónaði flokknum enn sem sjálfboðaliði, gekk í aflagsgörmum, úttaugaður af sulti, og átti ekkert athvarf nema hrörlega kofann í skóginum. Oft og tíðum var hann tekinn fastur og settur í fangelsi. En byltingarmanni eins og honum var líf utan samtakanna óhugsandi. Hann var einn hinna fáu Norðmanna, sem drukku ekki. Komintern rak hann ekki. Samsing hafði starfað of lengi í þjónustu ráðstjórnarinnar og vissi of mörg leyndarmál þess. Hann varð æ gagnteknari af þeirri hugmynd, að hann væri kallaður til þess að sópa *Die Bonzen* — skrifstofusníkjudyrunum almáttugu — út úr flokknum og alþjóðasambandinu. Komintern komst að þeirri niðurstöðu, að það væri mál að „uppræta“ Samsing.

Samsing var boðið að fara til Ráðstjórnarríkjanna, en hafnaði því. „Það eru nógu margir kommúnistar í Rússlandi,“ svaraði hann, „en ekki nógu margir í Noregi.“ Haustið 1932 stakk Komintern upp á því, að Samsing skyldi senda konu sína og börn til Rússlands, konuna á heilsuhæli til lækninga, en börnin á barnaheimili. Arthur Samsing gekk að þessu. Hann vissi, að fjölskyldu hans mundi verða haldið sem gíslum og að hann mundi aldrei fá að sjá þau aftur, nema hann færi sjálfur til Ráðstjórnarríkjanna. Samt sem áður hélt hann, að lífskjör þeirra mundu verða sæmilegri í Ráðstjórnarríkjunum en sultarlíf þeirra hingað til. Fjölskyldan hélt til Kaupmannahafnar, og Richard Jensen sendi hana til Lenínsgarðs. Samsing hélt áfram að starfa fyrir flokkinn í Osló.

Ég hitti Arthur Samsing aftur í janúar 1933. Gremja hans í garð Dímítrovs og hans líka hafði ekki dregið úr hrifningu hans og trú á framtíð sósialismans. Norska miðstjórnin óttaðist hið einbeitta þrek hans og miskunnarlausan heiðarleik og notaði hann iðulega til framkvæmda, sem líklegt þótti, að lyki með handtöku

hans. Eitt slíkt starf, sem honum var falið, meðan ég var í Osló, var að hleypa upp þingfundi í norska Stórþinginu. Samsing hélt til Stórþingsins í broddi fylkingar nokkurra einarðra aðstoðarmanna sinna og tókst að trufla athafnir þingsins. Áður en dagur var að kvöldi kominn, var allt lögreglulið höfuðborgarinnar farið að leita að Arthur Samsing. Nokkrum dögum síðar fékk dr. Halvorsen mér bréf frá Vesturskrifstofunni. Bréfið hafði inni að halda fyrirskipanir um að nota ekki féлага Samsing til neinna starfa, sem væru til þess fallin að auka vinsældir hans í norska flokknum, en þær voru þegar meiri en hóflegt þótti. Þessu fylgdi beiðni um, að ég reyndi að fá Samsing til að fara til Rússlands. Samsing rak upp snarpan hlátur, þegar ég sagði honum af bréfinu.

„Segðu Dímítrov að láta mig vera í friði,“ sagði hann. „Það er mikilvægara að reka hernað gegn *Die Bonzen* en að fá þægilega atvinnu í Ráðstjórnarríkjunum. Segðu Dímítrov, að ég sé ekki reiðubúinn að fara í köldu geymsluna.“

Ég lét það gott heita, en hét á Samsing að lækka tóninn í ögrunum sínum. „Þú stendur einn,“ sagði ég við hann. „Byltingarmaður, sem stendur einn gegn Komintern, getur aldrei borið sigur úr býtum. Komintern vinnur alltaf sigur á einstaklingnum, sem gerir uppreisn.“

„Segðu féлага Dímítrov,“ svaraði hann með alvörusvip, „að félagi Samsing álíti, að í augum norsks kommúnista hljóti Noregur að koma fyrst, en ekki Rússland ráðstjórnarinnar. Kommúnisti verður að berjast fyrir frelsi stéttarbræðra sinna, en ekki fyrir þjóðernislegum hagsmunum Ráðstjórnarríkjanna.“

„Ráðstjórnarríkin eru ímynd styrks og heiðurs kommúnista.“

„Della! Og það veistu.“

„Án Ráðstjórnarríkjanna hefur kommúnisminn í heiminum engin skilyrði til að lifa.“

„Lausn verkalýðsstéttarinnar verður að vera hennar eigið verk,“ sagði Samsing háðslega. „Við þurfum ekki stóra, stóra manninn með stafinn.“

Ég reyndi að tala um fyrir litla þráláta Norðmanninum. Röksemdirnar, sem ég færði, er ég reyndi að fá hann aftur inn á braut þrælsóttans og hermannaþryggðarinnar, voru hinar sömu, er ég hafði beitt gegn efasemdum sjálfs mín. „Það má vera, að það sé eitthvað til í því, sem þú heldur fram,“ sagði ég. „Komintern er á leið að verða ólögleg grein af Narkomindel (Utanríkisráðuneytinu) í Moskvu. Það er þó engu að síður voldugustu byltingasamtök, sem hafa nokkurn tíma verið til. Það er ekkert til, sem getur komið í stað Kominterns. Ef okkur er alvara að vilja byltingu og sósíalisma í heiminum, getum við aðeins öðlast það með Komintern — aldrei á móti því.“

„Haltu áfram,“ sagði Samsing og hló. „Eða á ég að ljúka við prédikunina fyrir þig? Hér kemur hún: ‚Kommúnisti, sem er í stöðugri andstöðu við forustu Stalíns, mun óhjákvæmilega enda í herbúðum burgeisa og andbyltingarmanna.‘ Ég var blindur maður. Þegar ég sá féлага Dímítrov í hórustandinu í Zoppot, varð ég sjáandi. Þessi öreigi í loðkápu! Ég sagði honum, að ég ætti heima í Noregi, en ekki

Póllandi. „Félagi Samsing,“ sagði hann, „við höfum lengi þekkt tillhneigingar þínar til tækifærisstefnu“ og ég svaraði: „Félagi Dímítrov, þú ert í svo finum fötum. Þau eru of stór á mig, en ég get látið breyta þeim.“ Hvað sagði hann? „*Samsing, du bist verrückt*. Þú þarft að taka þér hvíld.“

„Það getur verið, að þú þurfir hvíld,“ tautaði ég.

„Ég sagði við féлага Dímítrov,“ hélt Samsing áfram, „ég sagði við hann: „Ef þið rekið alla gáfumennina, sem eru ekki nógu auðsveipir, og haldið aðeins eftir hlýðnum heimskingjum, þá munið þið vissulega eyðileggja flokkinn.“ Þetta er ekki eftir Samsing. Þetta er úr bréfi, sem félagi Lenín skrifaði Búkharín. Félagi Dímítrov leit á mig eins og hann langaði til að segja: „Samsing, ef þú værir ekki brjáláður, þá mundirðu skammast þín.“ Ha-ha-ha! Segðu *Den Bonzen*, að Samsing sé enn í fullu fjöri.“

Örlög Samsings voru þegar ákveðin. Í lok janúar var Samsing boðaður til Kaupmannahafnar á fund Richard Jensens. Aðgerðasinnanna í Kaupmannahöfn rak í rokastans við að sjá Samsing koma þangað dauðadrukkin. Hann fór ekki til Osló aftur. Hann hvarf.

Afskiptum mínum af atvikum þeim, er snertu Samsing, lauk nokkrum mánuðum síðar. Ég fór aftur í sendiför til Noregs í apríl 1933. Í *Aftenposten*, stærsta dagblaði Noregs, sá ég mynd af Arthur Samsing, og undir henni var eftirfarandi spurning prentuð með stóru lettri: „Hvar er þessi maður?“

Lögreglan í Osló beið lengi eftir svari. Kvöld eitt spurði ég dr. Halvorsen: „Hvað varð af féлага Samsing?“

„Æ, hann er í Rússlandi,“ svaraði hann.

Þann 30. janúar 1933 var ég staddur í Þrándheimi. Ég fékk símskeyti.

„Komdu heim. Áriðandi. Firelei.“

Mér varð einkennilega órótt innanbrjósts. Ég flýtti mér til Osló; það var næturferðalag með járnbraut yfir snævi þakið fjallendi. Í Osló tók ég hraðlestina yfir Málmei-Trelleborg og kom til Stralsund í Þýskalandi snemma næsta morguns. Síðustu dagana, sem ég var í Þrándheimi, hafði ég verið of önnum kafinn til að lesa blöðin. Í lestinni hafði ég lesið *Vopnin kvödd* eftir Ernest Hemingway. Firelei beið mín á stöðvarpallinum. Hún tyllti sér á tær, þegar lestin ók inn á stöðina. Ég hallaði mér út um gluggann og kallaði nafn hennar.

Í eina eða tvær sekúndur huldi hópur stormsveitarmanna hana sjónum mínum. Hljóðið af glamrandi hælum og lyktin af leðri hurfu framhjá. Síðan vorum við saman.

„Það hefur orðið sorglegur atburður,“ sagði Firelei.

„Já?“

„Móðir þín er dáiin.“

Þetta var þungt högg. Stutt örvæntingarkviða blandaðist óljósri sektarvitund vegna alls þess, sem ég hafði látið ógert. Það var of seint.

„Var hún enn á lífi, þegar þú sendir mér símskeytið?“



„Nei. Flokkurinn skipaði mér að síma þér.“

Loftið tók undir af hvini gufunnar, sem streymdi úr eimvagninum. Ég heyrði snögg óp burðarkarlanna, skerandi köll pylsusalanna, brot úr slitróttum samræðum. Firelei dró mig afsíðis. Og síðan bætti hún við, rólega: „Hitler er orðinn kanslari.“

**Þriðji hluti:**

Nótt hinna  
löngu hnífa

# Þvarsel mod Gestapo-Agent!



Úr danska kommúnistablaðinu *Arbejderbladet* 28. nóvember 1937. Birt var vegabréfsmynd af Krebs, sem sýndi Gestapo, að hann hefði starfað með leyniþjónustu ráðstjórnarinnar.

# Fyrirboði mikilla tíðinda

STORMSVEITARMENNIRNIR STREYMDU framhjá gervallan daginn, og augu þeirra ljómuðu af fögnuði og stolti. Þeir héldu líka áfram að streyma framhjá eftir að dimma tók, og kyndilljósín blikuðu á hakakrossfánunum. Og stormsveitirnar sungu baráttusöngva nasista hárrí röddu.

Við áhrifamenn Kommúnistaflokksins höfðum enga hugmynd um ógn þá, sem að okkur stéðjaði af völdum nasista. Við höfðum enga hugmynd um það, hversu vandlega skipulagðar vopnasveitir nasista höfðu verið né um vanmátt okkar sjálfra. Við gerðum okkur þó ljóst, að viðnám var sama og sjálfsmorð. Þýski verkalyðurinn var sundraður, og leiðtogar hans voru alls ófærir til þess að efna til raunhæfra aðgerða. Flokkurinn vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Við vorum að sönnu sterkir. En Hitler var sterkari. Eins og nú var málum komið, var kjörorðið um heimsbyltingu fjarstæð endileysa. Ernst Thälmann neitaði að gefa fyrirskipun um, að hefja skyldi viðnám, sem var fyrirfram dæmt til að mistakast. Hann vitnaði til hinna frægu orða Leníns: „Hershöfðingi, sem etur her sínum fram til vonlausrar baráttu, verðskuldar ekkert annað en vera skotinn.“

En ráðamennirnir í Moskvu skildu auðsýnilega ekkert í hiki okkar. Vesturskrifstofu Kominterns bárust fyrirskipanir þeirra fljótt og vel. Dímítrov kom þeim því næst á framfæri við flokkinn í Þýskalandi. Ég mætti á tveim róstusömum fundum, öðrum í Hamborg, hinum í Berlín, þar sem lögð var áhersla á það að hlýðnast bæri fyrir mælum ráðamanna í Moskvu. Þeir kröfðust þess, að þegar í stað yrði lagt til atlögu við óvinina og valdatöku Hitlers svarað með allsherjarverkfalli. Á fundinum í Hamborg reis maður, Westerman að nafni, á fætur og hrópaði: „Til hvers væri það svo sem?“

Sendiboði Kominterns, sem var Ungverji, svaraði byrstur í bragði: „Til þess að feykja Hitler brott. Við sigruðum Kapp og Cuno með allsherjarverkföllum. Við munum líka sigra Hitler með allsherjarverkfalli.“

„Þetta er fjarstæða,“ svaraði Westerman. „Sendiboði Kominterns veit eins vel og ég, að flokkurinn er ekki nægilega öflugur til að efna til allsherjarverkfalls, hvað þá byltingar. Flokkurinn yrði þurrkaður út.“

„Félagi Westerman verður að gera sér það ljóst, að Hitler mun ráðast á Ráðstjórnarríkin, ef hann fær að efla hreyfingu sína óárettur,“ svaraði Ungverjinn. „Stefna Hitlers felur í sér stríð! Ég tala í fyllstu einlægni, þegar ég fullyrði, að aldrei

hafi skyldan að verja föðurland sósíalísmans verið meiri en einmitt nú. Sovét-Þýskalánd verður aldrei stofnað, ef Ráðstjórnarríkjanna nýtur ekki við.“

Fundarmenn létu samsinni sitt óspart í ljós.

Hið rjóða andlit Westermans gerðist öskugrátt. „Það er hagar verkamanna þýska kommúnistaflokksins, sem ég ber fyrir brjósti,“ mælti hann. „Áhrif þeirra á fjöldann eru ekki nægilega mikil til þess, að unnt sé að efna til allsherjarverkfalls, er beri tilætlaðan árangur. Þeir munu berjast einir síns liðs. Þeim verður tortímt. Fjöldinn allur af verkamönnum Þýskalands mun neita að láta lífið í baráttu fyrir föðurland sósíalísmans. Ef þeir eiga að fást til þess að berjast, þá verður að ljúga að þeim, telja þeim trú um það, að það séu líkur til þess, að unnt sé að steypa Hitler af stóli. Samviska mín bannar mér að etja félögum mínum, sem treysta mér, fram til vonlausrar baráttu.“

Westerman lét fallast niður á stól sinn. Þögn ríkti í salnum. Fyrirlitningarsvipur varð greindur á ásjónum flestra. Sendiboði Kominterns svaraði með því að hrópa hátt og snjallt: „Ber okkur að taka þetta þannig, að félagi Westerman sé flugumaður okkar á meðal? Westerman er tækifærissinni.“

Hróp heyrðust um salinn: „*Raus mit Westerman!* Burt með svikarann!“

Westerman kaus þann kost að ganga af fundi. En honum var ekki leyft að yfirgefa húsið, fyrr en fundi hafði verið slitið. Daginn eftir var honum vikið úr flokknum. Gestapo handtók Westerman þennan vorið 1935, og skömmu síðar stytta hann sér aldur í fangabúðunum við Fuhlsbüttel.

Við samþykktum fyrirskipanir flokksins. Fyrstu daga og nætur febrúarmánaðar árið 1933 var skipulögð dreifing milljóna flugrita, er báru fyrrisagnirnar: „Verkamenn Þýskalands! Niður með Hitler! Allsherjarverkfall er krafa dagsins!“

Þannig veitti Komintern Hitler raunverulega nauðsynlegt tækifæri til þess að efna til hinnar þráðu byltingar sinnar. Þeir okkar, sem vildu veita viðnám í mynd skemmdaverka og leynistarfsemi, voru ofurliði bornir af málsvörum Kominterns, er höfðu að kjörorði: „Ekkert undanhald, heldur markvísa sókn.“ Fyrirskipun okkar um allsherjarverkfall varð Hitler raunverulega kærkomin, því að hún varð honum tilefni þeirrar ráðstöfunar að efna til ofsókna gegn jafnvel hinum frjálslyndustu andstæðingum nasista. Kjörorð hans og manna hans var: „Bjargið Þýskalandi frá bolsévisma og borgarastyrjöld.“ Hermann Göring, sem nú hafði gerst ráðherra, lauk einni æsingaræðu sinni með því að öskra: „Við getum ekki lokið verki okkar án blóðbaðs nýrrar Bartolomeusarnóttar. Þjóðernisjafnaðarmenn! Engan tepruskap!“

Verkalýðsfélögin sátu auðum höndum, og kommúnistunum innan vébanda þeirra var ógerlegt að fá þau til þess að efna til róttækra ráðstafana. Hitler hafði rofið þing, og Þýskalánd stóð á þrepi nýrrar kosningabaráttu.

Verkfallið lognaðist út af smám saman. Siðspillingar tók að gæta innan vébanda Kommúnistaflokksins. Þolinmæði flokksmannanna var þrotin. Á mörgum fundum, sem ég tók þátt í, heyrði ég verkamenn segja: „*Was willst du?* Við viljum ekkert hafa með verkfall frá Moskvu að gera!“

Ringulreiðin var svo mikil, að því verður ekki með orðum lýst. Flokksforingjarnir vissu ekkert, hvað gera skyldi. Stefna þeirra var að bíða og sjá hvað sæti. — Hraðboðarnir voru hins vegar á þönum með hinar ýmsu fyrirskipanir, sem voru jafnan í mótsögn hver við aðra. Dag nokkurn bárust mér fjórar fyrirskipanir, sem engar voru samhljóða, nema þeim lauk öllum með þessum orðum: „Takið þetta til alvarlegrar athugunar og fáið það aftur hraðboðanum eða eyðileggið það.“

Við vorum þó í miklum meiri hluta á höfninni í Hamborg. Nasistar höfðu aldrei verið þar svo fámennir frá því árið 1930. Hver stormsveitarmaður, sem var einn á ferli við höfnina, átti það víst að verða drepinn. Sama var að segja, ef þeir voru aðeins nokkrir í hóp. Nótt eina sendi ég lið mitt á bátum út á höfnina, og morguninn eftir gat að líta heróp okkar: „*Jagt den Hitler fort!*“ — Steypum Hitler af stóli, og: „*Werft Nazi Spitzel in den Hafen!*“ — Köstum njósnurum nasista í höfnina! á sérhverju skipi og bryggju. Lögregluvörðurinn við höfnina var aukinn svo mjög, að okkur varð brátt lítt mögulegt að smygla áróðursritum okkar í stórum stíl út á höfnina. Firelei bar þá fram þá tillögu, að við kæmum okkur upp leyniprentsmiðju um borð í einhverju skipinu, til þess að við gætum framleitt áróðursrit okkar og dreifibréf gegn Hitler á hafnarsvæðinu sjálfu. Tillaga hennar var samþykkt. Meðal varðmannanna, er gættu hinna fjölmörgu skipa, er lágu að Waltershof, voru fjölmargir kommúnistar. Þegar ég hafði farið eftirlitsferð um höfnina morgun nokkurn, valdi ég skipið *Bochum*, er var af meðalstærð og eign Hamborgar-Ameríku-línunar fyrir samastað þessarar starfsemi.

Við fluttum prentsmiðjuna um borð í þetta skip þegar nóttina eftir og tókst að koma henni framhjá hafnarlögreglunni, þótt merkilegt megi heita. Síðar var miklum pappírblöðum og blekbirgðum komið um borð í *Bochum*. Brátt höfðum við komið prentsmiðjunni fyrir.

Ég gerði mér far um að skipuleggja leynistarfsemi þessa sem best. Tveir menn áttu að starfa við prentsmiðjuna. Hinn þriðji átti að vera hraðboði milli mín og *Bochum* og flytja á milli handrit þau, sem prenta átti. Fjórði félaginn, sem líka var hraðboði, átti að flytja áróðursritin úr *Bochum* til fimm „deildahraðboða“, sem komu þeim síðan áleiðis. Þannig var dreifing þeirra um höfnina skipulögð sem best.

Ég valdi firelei til að starfa sem hraðboða milli aðalbækistöðvarinnar og *Bochum*. Hún átti og að annast um skopmyndir og auglýsingaspjöld, sem var snar þáttur í áróðri okkar. Til að vera hraðboði milli *Bochum* og deildahraðboðanna valdi ég mann, Julius Emmerich að nafni. Hann hafði starfað langa hríð í floknum og getið sér ágætan orðstír. Engan okkar grunaði þá, að félagi Emmerich hefði verið njósnari Heinrichs Himmlers þegar í nokkra mánuði. Yfirmaður starfseminnar um borð í *Bochum* var lágvaxinn og þegjandalegur Rúmeni, er var sérfræðingur í allri leynistarfsemi. Honum til aðstoðar var gamall skipstjóri af dráttarbát, sem nú var atvinnulaus, Willem að nafni. Rúmeninn hét Alexander Popovics.

Félagi Popovics var hinn mikilhæfasti maður. Hann var kominn fast að fertugu,

dökkur á brún og brá, karlmannlegur, vingjarnlegur á svip og kvikur í fasi. Komintern hafði sent hann í skólann í Lenínsgarði og því næst fengið honum verk að vinna í Bessarabíu. Árum saman hafði hann haft forustu þess að smygla prentuðu máli, vopnum, bréfum og peningum yfir Dnjesterfljót frá Rússlandi til Rúmeníu. Popovics var gagnkunnugur fljótum. Hann hafði hafið lífsstarf á Dóná. Aðalaðstoðarmaður hans í þessu landamærastarfi hans hafði verið stúlka, sem hann kvæntist í Ráðstjórnarríkjunum.

Ævintýri og hættur Popovics höfðu orkað mjög á hug hans. Þegar eitthvert hlé varð á starfi hans í þágu flokksins, gerðist hann hugsí og dapur í bragði. Dag nokkurn hitti ég hann í slíku skapi.

„Hvað amar að þér, félagi Popovics?“ spurði ég.

Hann dró upp úr vasa sínum úrklippu úr rúmensku blaði. Úrklippan hafði verið límd á hálf þóstkort.

„Heyrðu,“ mælti hann. Hann las upphátt og þýddi hverja setningu jafnóðum:

„Ellefta janúar, 1932. Landamæraverðir komu sex manns að óvörum, sem fóru með leynd yfir Dnjesterfljót. Eftir að landamæraverðirnir höfðu skipað þeim nokkrum sinnum að nema staðar án árangurs, hófu þeir skothríð á þá. Allir þessir sex menn létu lífið. Þetta reyndust vera fimm karlmenn og ein stúlka. Fimm þeirra voru starfandi félagar æskulýðsfylkingar Kommúnistaflokksins, hinn sjötti var smyglari. Þetta gerðist í fyrrinótt í Soroca í norðanverðri Bessarabíu.“

„Var stúlkan kona þín?“ spurði ég.

Popovics kinkaði kalli.

„Og ég var ‚smyglarinn‘,“ mælti hann biturlega. „Þeir héldu, að ég væri látinn, svo að mér tókst að komast undan. Allir hinir félagar mínir létu lífið, hinir ungu og vösku félagar mínir. En fréttin er ekki sönn. Verðirnir drápu þá, eftir að við höfðum verið tekin til fanga til þess að ræna af okkur fé.“

Það var þetta, sem olli þunglyndi Popovics. Hann var ekki framar fær um að ráðast í stórræði, en hann var áreiðanlegur og traustur sem fyrr. Sumarið 1932 skaut honum upp í Hamborg. Belgíska lögreglan hafði laumað honum yfir þýsku landamærin. Hann fékk þann starfa í Hamborg að útbreiða kommúnisma í skipum þeim, er sigldu undir fánum Balkanlandanna. Popovics svaf á daginn í byrgi um borð í *Bochum*. Á næturnar vann hann við prentverkið. Hann var rólegur og óttalaus. Skyldan var honum fyrir öllu. Hann var einn þeirra manna, sem heldur myndu hengja sig eða skera sig á háls en bregðast því trausti, sem honum var auðsýnt.

Hið fyrsta, sem Popovics prentaði, var yfirlýsing frá miðstjórn Kommúnistaflokksins til allra undirdeilda hans. Það var ritað á máli því, sem lét Ernst Wollweber svo snilldarlega og lauk með vígorðinu: „Afvopnið stormsveitirnar. — Vopnin í hendur verkamannanna!”

Kommúnistar á skipum þeim, sem komu frá Hollandi og Belgíu, höfðu mikið af skotvopnum meðferðis. Neðanjarðardeild minni var það hlutverk fengið að koma

byssunum á land. Því næst átti að fá þær í hendur hraðboðum Etkars Andrés, sem var æðsti hernaðarfræðingur flokksins. Oft varð ég sjónarvottur að óeirðum um þessar mundir. Kommúnistarnir efndu til ránsferða til að koma höndum yfir peninga, er verja skyldi til vopnakaupa. Árásir voru gerðar á vopnageymslur, og matvælaverslanir voru rændar. Oft sló í bardaga milli kommúnistasveitanna og lögreglunnar og hersveita nasista. Skot gat að heyra í borginni á hverri nóttu. Þó féllu fáar leyniskyttanna, enda bjuggust þær um á húspökum, þar sem varnarskilyrði voru hin ákjósanlegustu.

Einhverju sinni, er ég kom heim síðla nætur, hitti ég Etkar André fyrir í íbúð minni. Etkar gast vel að Firelei. Að þessu sinni bar furðulega sjón fyrir augu mér. Etkar hallaði sér makindalega aftur á bak í hægindastól og sötraði kaffi með þeirri ákefð, er einkenndi hann jafnan. Firelei stóð fyrir framan hann. Hún var í baðfötum einum klæða. Í sokkaböndum hennar hafði verið fyrir komið mörgum sjálfvirkum skammbyssum af belgískri gerð.

Ég hló dátt.

„Hvað á þetta svo sem að þýða?“ varð mér að orði.

„Ég er svo sem ekki að afvegaleiða konuna þína,“ svaraði Etkar og kímndi. „Ég er aðeins að gera tilraun. Eftir að piltarnir okkar tóku upp á því að afvopna þá brúnstakka, sem ekki gættu allrar varfærni, hafa nasistarnir tekið eitthvað nýtt til bragðs. Stormsveitarmennirnir ganga um hinir sakleysislegustu á svip, og nasistastelpur fylgja þeim fast eftir og fela vopn innan á sér. Það er auðvelt að leita á helvítis nasistunum. En það eru ekki allir piltanna okkar ódfúsir þess að fletta ókunnugar konur klæðum og leita á þeim. Þetta er því dágóð hugmynd hjá þrjótunum!“

„Og hvað?“

„Þetta er í fyrsta sinni, sem félagi Etkar stelur hugmynd frá nasistunum,“ mælti Firelei. „Hvers vegna skyldu ekki stúlkur okkar gera slíkt hið sama? Lögregluþjónar hika líka við að leita á konum á almannafæri.“

„Þetta er hverju orði sannarra,“ svaraði Etkar. „Síðan kom ég líka til þess að fá kaffibolla, sem ég gæti drukkið í friði og næði.“

Fáum dögum síðar var „hin nýja aðferð“ notuð af mönnum Andrés í árás á eitt af virkjum stormsveitanna, Adler-veitingahúsið. Stormsveitarmennirnir ugðu ekki að sér, þótt þeir sæju ókunna, óvopnaða menn safnast saman í anddyri og göngum veitingahússins. Stúlkurnar komu skömmu síðar og sluppu við það, að leitað væri á þeim. Þegar merki var gefið, fengu þær karlmönnum vopnin í hendur. Á næsta augabragði var ákafur bardagi hafinn. Veitingahúsið var rutt og varð auk þess fyrir miklum skemmdum. Sjö brúnstakkar voru skotnir til bana. Tveir vegfarendur létu lífið. Annar þeirra var kona með fjögur börn. Þau féllu fyrir hinni vægðarlausu kúlnahríð.

Í þriðju viku febrúarmánaðar stefndi Albert Walter, siglingamálaráðunautur Kominterns, mér til fundar við sig í bækistöð sína, Baumwall. Gamli sæfarinn



líktist helst óðum manni. Hann æddi fram og aftur um herbergið og öskraði til vélritunarmeyja sinna. Þegar hann kom auga á mig, þagnaði hann skyndilega.

„Fyrirgefðu félagi,“ varð honum að orði. „En þetta athæfi Thälmanns og samherja hans gerir mig æfan. Sérhver maður, sem er til einhvers nýtur, er hrifinn brott og fengin ‚sérstök verkefni‘. Það er engu líkara en við séum njósningar og sprengjuvarparar, en ekki bandalag byltingarsinna.“

„Þú ert taugaóstyrkur, félagi Walter,“ mælti ég.

„Ég er ekki taugaóstyrkur, ég er brjáláður,“ þrumaði hinn gamli stríðsgarpur.

„Hvað á ég að gera?“

„Já, það er nú það,“ svaraði hann. „Það er eitt þessara ‚sérstöku verkefna‘. Hann lækkaði róminn og hélt áfram máli sínu af meiri stillingu. „Það hafa borist peningar frá Berlín, sem mér hefur verið falið að fá þér í hendur. Safnaðu saman nokkrum félögum, náungum, sem bera eitthvert skyn á skip og sjómennsku, og farðu með þá til Berlínar. Þú verður að hafa hraðann á. Þú átt að koma skilaboðum til Karl Liebnechts-hússins. Spurðu þar eftir Kippenberger.“

„Hvaða skilaboð eru það?“

Albert Walter bar báðar hendur sínar að enni sér. „Dauði og djöfull,“ tautaði hann reiðilega. „Hefur þú nokkurn tíma heyrt þess getið, að rotturnar flyi skip áður en það leggur upp í feigðarför sína?“

„Verið getur það.“

„Jæja, hérna eru peningarnir. Fáðu góða pilta í lið með þér og farðu rakleidis til Berlínar. Þeir eru í þann veginn að flytja Vesturskrifstofuna til Kaupmannahafnar.“

Níu klukkustundum síðar var ég í Berlín. Félagar mínir biðu á heimilum kommúnista í borgarhlutunum Wedding og Moabit, en ég lagði leið mína til aðal-bækistöðvar flokksins að Bülowplatz.

Ég kom of seint til þess að finna Kippenberger, hinn mikilhæfa sérfræðing flokksins í hermálum, iðnaðarmálum og samgöngumálum Mið-Evrópu. Rúðurnar í bókabúðum kommúnista í borginni höfðu verið brotnar. Lögreglumenn nasista höfðu tekið sér aðsetur í Karls Liebnechts-húsi, aðalvígi bolsévismans í Evrópu. Lögregluþjónar stóðu á verði við anddyri þess. Hópur þeirra streymdi út úr húsinu, og hver þeirra hafði eitthvað af herfangi því, sem þar hafði hlotnast þeim, meðferðis. Ég nam staðar og starði agndofa á sjón þessa. Það varð ekki um það efast, að kommúnisminn í Vestur-Evrópu hafði orðið fyrir reiðarslagi.

Verkamaður klappaði á öxl mér. „Það er hyggilegast fyrir þig að halda þig í mannþrönginni,“ tautaði hann. „Þeir kynnu að taka þig fastan.“

Ég fór að ráðum hans.

„Þeir eru að loka Karls Liebnechts-húsinu,“ mælti verkamaðurinn.

Það hafði ekki verið um neitt viðnám að ræða. Hvarvetna í grennd við Bülowplatz höfðu vopnaðir lögregluþjónar búist um. Einkennisklæddur nasisti sást hins vegar hvergi. Verkamennirnir, sem nú stóðu aðgerðarlausir, hefðu gengið af hverjum þeim brúnstakki dauðum, sem hefði látið sjá sig þarna.

Ég fékk mér leigubifreið í flýti. Þegar að Hallesches Tor kom, borgaði ég bifreiðarstjóranum og fór út úr bifreiðinni. Ég lagði leið mína eftir Wilhelmstraße, uns ég kom að höll þeirri, þar sem Adolf Hitler og samherjar hans höfðu nú aðsetur sitt sem drottneundur landsins. Loks kom ég að húsi númer 48: Neues Deutscher Verlag. Svo var látið í veðri vaka, að hér hefði útgáfufyrirtæki bækistöð. En raunverulega var hér eitt útibú Vesturskrifstofu Kominterns. Hér var hljótt og mannaust. Þó fann ég stúlku fyrir, sem skilin hafði verið hér eftir og átti að leiðbeina félögum um samastaði ráðamanna. Stúlkan gæddi sér á súkkulaði.

Hún gaf mér upp heimilisfang í Gesundbrunnen-hverfinu, sem er í norðausturhluta Berlínar.

„Farðu þangað,“ sagði hún „og bíddu þar.“

Þetta reyndist vera heimili uppgjafahermanns og konu hans. Þar beið ég síðan áreкта. Um kvöldið kom kvenhraðboði.

„Ég er að leita að sjómanni frá Hamborg,“ mælti hún.

Uppgjafahermaðurinn gaf mér vísbendingu.

„Komdu með mér, félagi,“ sagði stúlkan.

Við komum okkur saman um, hvað við skyldum segja, ef lögreglan skyldi stöðva okkur. Venjulega lét lögreglan karl og konu, sem handtekin höfðu verið, laus aftur og leyfðu þeim að fara leiðar sinnar, ef skýring þeirra á því, hvernig á því stæði, að þau væru saman á ferð, bar saman.

Stúlkan fór með mig til reisulegs húss í úthverfinu Wilhelmsdorf. „Er félagi Kippenberger hér?“ spurði ég hana.

„Nei,“ svaraði hún. „Þú munt hitta fyrir annan féлага, sem þú þekkir vel.“

Hún hringdi bjöllu. Þrjár stuttar hringingar og ein löng. Maður gæðist út um rifu á hurðinni. Hann opnaði fyrir okkur og hleypti okkur inn.

„Er vinur okkar heima?“ spurði stúlkan.

Maðurinn kinkaði kalli.

Ég gekk í gegnum herbergi þar sem margt manna, karla og kvenna, var saman komið. Ég hugði, að þetta myndu vera varðmenn og hraðboðar. Í öðru stærra herbergi, sem liðsforingi vísaði okkur inn í, hiti ég Ernst Wollweber fyrir.

Hann stóð þar á miðju gólfi með vindling í munnum. Hávaxin, glæsileg stúlka var þar og að starfi. Ég bar strax kennsl á hana. Þetta var Cilly, sem hafði starfað með mér á Englandi. Hún leit á mig í skyndingu, en þess varð í engu vart, hvort hún þekkti mig eða ekki.

Wollweber lét ekki á því standa, að hann hæfi máls. „Hvað hefur þú komið með marga féлага frá Hamborg?“ spurði hann án tafar.

„Prettán með mér.“

„Prettán!“ Slesíumaðurinn glotti, svo að skein í tennur hans. „Og allt sjómenn.“ Þvínæst yppti hann öxlum og bætti við: „Jæja, hvernig líst þér annars á viðhorfin?“

„Það verður allt um seinan, ef við fáum ekki almenning í lið með okkur fyrir marsbyrjun,“ svaraði ég.

„Hvað verður um seinan?“

„Að efna til róttækra ráðstafana.“

„Það er ekkert um seinan,“ urraði Wollweber. „Það væri ef til vill nær sanni að segja, að það væri of fljótt. Við skulum sýna Hitler í tvo heimana. Hann mun sofna en fjöldinn vakna. Fjöldann fær ekkert sigrað. — Auðvitað er ætlun okkar sú að efna til róttækra aðgerða, hefja markvissa sókn. Við verðum að leggja áherslu á það að stofna til smáskæruhernaðar til að dylja undanhaldið. Undanhald er engan veginn sama og ósigur. Eða er það?“

Það brá fyrir djöfullegum glampa í augum hans. „Nei,“ svaraði ég.

„Maður verður aðeins að þekkja fjöldann,“ hélt Wollweber áfram máli sínu. „Nú sem stendur fæst fjöldinn ekki til að berjast. Við verðum því að fá fjöldann til að berjast. Meðan við erum að því verðum við að halda Hitler við efnið. Við gerum það með skemmdaverkum og hvers konar truflunum. Við gerum óvinum okkar fyrirsát, hvar sem þess er kostur, skjóttum á þá utan úr myrkrinu og nóttinni. Og þar að mun koma, að við höfum tekið fyrir kverkar villidýrsins. Við verðum að vekja sjálfum okkur og öllum félögumunum fórnarvilja. Ef við gerum það ekki, er úti um okkur.“

„Það er allt í lagi,“ mælti ég. „Fjöldinn mun ganga í lið með okkur.“

„Ég óttast svo sem ekki um hina óbreyttu féлага,“ svaraði Wollweber. „En það eru aðrir, sem ég treysti ekki eins vel. Þessir náungar, sem hugsa um ekkert annað en peningasendingarnar frá Moskvu, munu aldrei leggja líf sitt í sölnurnar fyrir málefni okkar. Ég vænti mér einskis góðs af þeim.“

Ernst Wollweber var sannur Þjóðverji. En hann fyrirleit alla þá, sem ekki höfðu tileinkað sér siðu og háttu rússnesku bolsévíkanna. Ég hygg, að Wollweber hafi talið, að í heiminum væru aðeins til tvö lönd, sem einhvers væri um vert. Annað var Rússland, hitt Þýskaland. Á mönnum annarra þjóða hafði hann vanþóknun og ímugust.

„Mér var falið að hitta Kippenberger að máli,“ mælti ég.

„Þú átt ekkert erindi við hann. Hann verður að fara huldu höfði. Helldorf greifi hefur mælt svo fyrir, að sér skuli fært höfuð hans á fati.“ Helldorf greifi var yfirmaður stormsveitanna í Berlín. Ástæðan til þess, að nasistarnir vildu ódfúsir hafa hendur í hári Kippenbergers, var sú, að tveir menn úr lögreglulíði Berlínar, Lenck og Anlauf að nafni, höfðu verið drepnir af njósnurum kommúnista framan við Karls Liebknechts-húsið. Þeirra skyldi hefnt. Helldorf greifi varð síðar lögreglustjóri Berlínarborgar. Hans Kippenberger, sem var þingmaður, var handtekinn af GPÚ í Moskvu árið 1936 og hvarf eins og svo margir féлага hans.

Wollweber kom brátt að því, hvaða verkefni mér væri ætlað. Hann nefndi mér heimilisfang í Charlottenburg. Húsráðandinn hét Kuschinsky og átti heima við Lützowstraße. Þar var farangur geymdur, er hafði að innihaldi mikilvæg skjöl Vesturskrifstofunnar, er flytja átti til Kaupmannahafnar. Það átti að flytja farangur

þennan sjóleiðis yfir þýsku landamærin við Flensborg og koma honum til dönsku borgarinnar Sønderborg. Þetta var mjög hættulegt verk, en geysilega áriðandi.

Við komumst heilu og höldnu til Flensborgar. Við félagarnir fórum til staðar þess, sem okkur hafði verið vísað á. Þarna var stór salur, og á veggjunum gat að líta spjöld, sem á var letrað: „Drekkið eins og ykkur lystir, en minnst ekki á stjórnmál.“ Farangur okkar var fólgin meðal bjórámanna í kjallara hússins. Sendiboði Richards Jensens beið mín þarna. Hann hét Júlíus Vanman. Ég komst síðar að því, að hann var launaður af GPÚ. Vanman hafði bát við höndina. Ég lét féлага mína leggjast til hvíldar en fylgdist með Vanman niður að höfninni til þess að líta á farkostinn. Báturinn reyndist vera björgunarbátur stórs skips. Kommúnistar höfðu komist höndum yfir hann með einhverjum ráðum, en kommúnistunum í Flensborg var ógerlegt að smygla farangrinum í honum yfir landamærin, þótt þeir hefðu verið af vilja gerðir, því að landamæraverðirnir hefðu strax borið kennsl á þá.

Það var nístingskalt um nóttina. Milli klukkan ellefu og lágnættis vakti ég féлага mína. Við bárum farangurinn úr í bátinn í mesta flýti, ýttum frá landi og þrifum árarar. Vanman hnipraði sig saman frammi í stafni. Hann þekkti til Flensborgarfloans. Ég settist við stýrið. Við höfðum ekkert ljós uppi og neituðum okkur meira að segja um að reykja, enda þótt raun væri. Við rerum sem hljóðlegast og fylgdum myrkrinu. Sjógangurinn var talsverður, og stinningskaldi blés á stjórnbörða. Við sáum strandljósin greinilega. Við sáum líka rauð og græn ljós gufuskippanna, sem létu í haf. Félagarnir, sem þreyttu róðurinn, köstuðu yfirhöfnum sínum yfir farangurinn, er hafði verið komið fyrir á botni bátsins. Við Vanman vorum hins vegar dúðaðir, enda vorum við þeir einu, sem sátu auðum höndum.

Félagar mínir reru svo knálega, að við lögðum fimmtíu sjómíllur að baki á sex klukkustundum. Þegar við náguðumst strönd Danmerkur, gættum við fyllstu varfærni. Nú reri aðeins helmingur áhafnarinnar. Við heyrðum vélahjóð fiskibátanna hvarvetna umhverfis okkur. Brátt rann dagur, og við greindum stálgráan himin. Ströndin var lág og sums staðar klettótt. Við sáum húsáþyrpingar á landi uppi. Vanman hvessti sjónir í áttina til lands.

„Allt í lagi,“ mælti hann. „Leggið hér að landi.“

Nú reru aðeins fjórir menn. Hinir földu sig bak við borðstokkinn til þess að þeir sæjust ekki, ef varðmenn skyldu vera á næstu grösum. Brátt sást vör fyrir stafni. Þegar bátur okkar var kominn fast að ströndinni, komu tveir menn út úr kofa nokkrum uppi á ströndinni. Ég varpaði öndinni léttar. Áhyggjusvipurinn og alvörubragurinn vék fljótt af andlitum féлага minna. Vanman kunnir sér ekki læti. Hann blístraði fjörlega danslag fyrir munni sér: „*Das ist die Liebe der Matrosen.*“ Sú er ástin sjóliðanna. Þjóðverjarnir kveiktu sér í vindlingum og réttu úr sér. Þeir létu félögunum af ströndinni eftir að bera hinn dýrmæta farm á land upp.

Í húsinu uppi af vörinni var Georg Hegener, aðaladóðarmaður Jensens, fyrir. Hann klappaði góðlátlega á öxl mér. „Það væri synd að segja, að Danmörk færi alls kostar á mis við menninguna,“ varð honum að orði.

Félagi Hegener hafði þegar annast undirbúning þess að koma farangrinum til Kaupmannahafnar. Það var aðeins skammt um liðið, frá því að smyglarastöð þessari hafði verið fyrir komið í útjaðri Sønderborgar. Þetta var í þriðja sinni í einni og sömu viku, sem mikilvægum skjölum Kominterns var smyglað frá Berlín til Danmerkur bakdyramegin eins og hér hefur verið lýst. En þetta var aðeins byrjunin.

Við félagarnir tvístruðumst eftir að hafa lokið þessu ætlunarverki okkar. Við hurfum einn og einn aftur til Þýskalands. Sumir okkar tóku sér far með almenningsvögnunum, sem héldu uppi áætlunarferðum eftir ströndinni. Aðrir tóku sér far með járnbrautarlestum. Félagar mínir hefðu átt þess auðveldan kost að flýja í stað þess að hverfa aftur til Þýskalands. En enginn þeirra valdi þann kostinn. Skylduræknin var þeim fyrir öllu.

Kommúnistaflokknum hafði verið gert mjög erfitt að starfa, þegar hér var komið sögu. En því fór fjarri, að hann væri með því úr sögu. Margir fundir voru haldnir, þar sem mál voru rædd og ráðum ráðið. Mörgum félögum Kommúnistaflokksins var fyrir lagt að ganga í nasistaflokkinn. Öllum skrifstofum og bækistöðvum hraðboða flokksins var fyrir komið á hinum ólíkustu stöðum, svo og leyniprentsmiðjum og öðrum slíkum stofnunum, sem nauðsynlegar voru, meðan flokkurinn var enn til og vildi láta áhrifa sinna gæta. Útlendingadeild GPÚ í Hamborg var búinn samastaður í skósmíðavinnustofu. Svipaða sögu var að segja um hinar ýmsu deildir flokksins.

Njósningar og svikarar voru að starfi á meðal okkar. Einn þeirra var Josef Bleser, er hafði hraðboðastarf með höndum. Njósningar S-neðanjarðardeildar Kommúnistaflokksins, er unnu í aðalbækistöð lögreglunnar í Berlín, komust að því, að Bleser þessi var stormsveitarmaður og þáði greiðslur af dr. Diels, yfirmanni þeirrar deildar lögreglunnar á Prússlandi, sem sinnti stjórn málaeftirliti. En njósningarinn var varaður við hættu þeirri, sem ægði honum, og komst undan. Kvisast hafði, að hann væri um þessar mundir staddur í Hamborg. Michael Avatin fékk mér í hendur mynd og nákvæma lýsingu manns þessa og fól mér að leita hans við höfnina, því að Bleser hafði áður fyrir verið í þjónustu flotans. Í febrúarlok fékk ég fyrirskipun um að hætta leitinni. Bleser hafði verið ráðinn af dögum. Hinir þýsku þjónar GPÚ höfðu haft strangan vörð á konu hans, og að lokum hafði þeim tekist að rekja spor hans til herbergis í húsi nokkru í Höchs-hverfi í Frankfurt við Main. Þeir höfðu síðan veitt honum eftirför á náttarþeli og skotið hann til bana á Kasinostraße. Hann var engan veginn sá eini, sem þessi örlög voru búin.

Enginn einkennisklæddur nasisti áræddi að láta sjá sig við höfnina í Hamborg né iðnaðarhverfum hennar. Oft gat að líta rauða fána með hamri og sigð í svo að segja hverjum glugga meðfram heilum strætum þessara borgarhluta. Nú var kosningabaráttan í algleymingi. Þar gat að líta áletranir sem þessar ritaðar stórum stöfum: „*Kommunisten in den Reichstag! Tod dem Faschismus!*“ Kjósið Thälmann, Pieck, Klöru Zetkin, Wollweber, Heckert!“ Blöð nasistanna fordæmdu kommúnista með stóryrðum og fúkyrðum dag hvern. Göring hafði stofnað nýja leynilögreglu í

Berlín — *Geheime Staatspolizei* — Gestapo. Hvert var hlutverk hennar? Ég ræddi mál þetta við Etkar André, sem hafði stefnt Firelei á fund sinn til þess að teikna nýjan blaðhaus fyrir sig. André glotti djöfullega. „Helvítis hundarnir eru að reyna að stæla GPÚ,“ mælti hann.

Hvert var hlutverk Gestapo, og hvað höfðu nasistarnir í hyggju með hinum ýmsu ráðstöfunum sínum? Það liðu ekki nema tveir dagar, uns ég fékk svar við þessum spurningum. Og svörin voru svo skýr, að enginn þurfti að efast.

Ég gekk inn í borgina frá höfninni klukkan tvö eftir miðnætti. Ég hafði átt annríkt um kvöldið um borð í *Bochum*, þar sem Popovics var önnum kafinn að prenta boðskap til fjöldans. Ég lagði leið mína til Bunte Kub veitingahússins til þess að leita að manni, er Lewandowsky hét og hafði ýmis störf með höndum fyrir flokkinn. Skemmtistaðirnir og danssalirnir meðfram Reeperbahn voru troðfullir af fólki, og þar var líf og fjör. Sjómenn voru þar að skemmta sér. Skyndilega vék maður sér að mér og ávarpaði mig. Þetta var einn af hraðboðum flokksins.

„Hvað er í fréttum, félagi?“ spurði ég.

„*Parteibefehl* — allar deildir flokksins verða að breyta um aðseturstaði þegar í stað. Farðu ekki heim til þín að sinni.“

„Hvers vegna ekki?“

„Ríkisþinghúsið er að brenna. Fjöldahandtökur um gervallt Prússland.“

Því fór fjarri, að mér yrði bilt við frétt þessa.

„Svo að það er þá svona komið,“ varð mér að orði.

„Já.“ Hraðboðinn kinkaði kalli. „Nótt hinna löngu hnífa er runnin upp.“

Ég hraðaði mér brott til þess að finna Firelei. Einnig hafði ég hug á því að hitta einhvern af áhrifamönnum flokksins að máli. Á Holstenwall gengu stormsveitarmenn fylktu liði og stefndu í áttina til miðhluta borgarinnar. Gatan glumdi undan fótataki þeirra, og þeir sungu Horst Wessel sönginn við raust:

*Die Straße frei den braunen Battaillon.*

*Die Straße frei dem Sturmabteilungsmann!*

Vík fyrir brúnni fylking frjálsra sona,  
hin frækna Stormsveit ryður greiða braut.

# Í storminum

MEIRA EN FJÖGUR ÞÚSUND og sex hundruð kommúnistar og jafnaðarmenn voru handteknir nóttina, sem Ríkisþinghúsið brann. Árásarsveitir nasista náðu á vald sitt öllum þeim byggingum um gervallt Prússland, þar sem kommúnistar höfðu aðsetur. Í aftureldingu voru hraðboðar okkar á þönum fram og aftur og gáfu þá fyrirskipun hver um sig, að prenta skyldi flugrit í geysiupplögum, er hefðu að fyrir-sögn: „Göring kveikti í Ríkisþinghúsinu.“ Hálfnakinn Hollendingur, Marinus van der Lubbe, hafði verið tekinn höndum inni í hinu brennandi húsi. Nasistarnir fullyrtu þegar opinberlega, að hann væri kommúnisti. Við, sem störfuðum í innsta hring Kominterns og þýska Kommúnistaflokksins, höfðu aldrei heyrt manns þessa getið.

Kommúnistar voru hundeltir. Fúans í lífstré flokksins gætti æ meira. Njósningar voru hvarvetna að verki. Meginhlutinn af forystumönnum flokksins komst undan til hlutlausra landa. En ýmsir þeirra höfðu verið handteknir áður en þeim auðnaðist að flýja. Ernst Thälmann var handtekinn í leynibústað sínum. Einn af hraðboðum hans hafði selt hann í hendur óvinanna. Etkar André var og seldur í hendur fjandmannanna af Eiche nokkrum Redzinsky, sem stundað hafði nám við Lenínskólann. Gestapo tók André höndum inni í járnbrautarvagni. Georgí Dímítrov var tekinn fastur og hneptur í dýflissu, eftir að veitingamaður nokkur í Berlín hafði vísað lögreglunni á hann. Torgler, formaður þingflokks kommúnista, gekk sjálfviljugur á vald Gestapo. Albert Walter æddi heim til sín í dögum til að bjarga móður sinni úr klóm árásarmannanna, en þeir reyndust þá sitja fyrir honum í svefnherbergi gömlu konunnar.

Þannig var flokkurinn stórkostlega lamaður á einni nóttu. Ný lög voru sett, er hertu ofsóknirnar gegn kommúnistum að miklum mun. En þó veittu kommúnistarnir enn víða vasklegt, skipulegt viðnám, og margir nasistanna snýttu rauðu.

Af forustuliði flokksins var raunverulega aðeins einn maður eftir. Það var Ernst Wollweber, yfirmaður skipulagsskrifstofu flokksins. Hann ferðaðist um og hélt starfi sínu áfram og bauð hinum miklu hættum, sem ægðu honum, ótrauður byrginn. Hann var í Berlín í dag. Á morgun var hann síðan ef til vill kominn til Hamborgar, og þarnaæsta dag skaut hann upp kollinum í Rínarbyggðum. Hann fyllti skörð flokksleiðtoganna á hverjum stað og reyndi að leggja hendur sínar yfir þau kaun, sem flokkurinn hafði hlotið. Hann unni sér aldrei hvíldar.

Aðfaranótt hins fimmta dags marsmánaðar hófust ofsóknirnar í Hamborg. Þar,

í Berlín og ýmsum hinna stærri borga, höfðu nasistarnir enn reynst í minni hluta við kosningarnar. En djúpið milli hinna tveggja verkamanna flokka, kommúnista og jafnaðarmanna, var of mikið til þess að unnt væri að brúa það á hinni örlagaríku stundu og heimssögulegu. Kommúnistar höfðu sér í lagi átt mikinn þátt í því að mynda þetta djúp á liðnum árum. Ég var kvöld þetta í Alþjóðasjómannafélaginu í Hamborg og ræddi við fulltrúa sjómanna og hafnarverkamanna. Firelei var í öðrum sal hússins að horfa á kvikmyndina *Storm yfir Asíu*, er sýnd var við mikla aðsókn um þessar mundir. Enn gat að líta fjölmarga rauða fána í gluggum húsanna í hafnarhverfum borgarinnar. Úti fyrir voru hinar vopnuðu sveitir okkar á verði.

Skömmu fyrir lágnaetti flutti hraðboði frá aðalbækistöð flokksins okkur þau tíðindi, að stormsveitir væru komnar til borgarinnar og væru fjölmennar fyrir á öllum járnbrautarstöðvum hennar. Klukkustund síðar barst sú fregn, að stormsveitirnar hefðu náð lögreglustöðinni og öðrum miklvægum stöðvum á vald sitt. Klukkan tvö um nóttina símaði einn félaganna í andnasistadeildinni til mín og tjáði mér, að nokkrar stormsveitanna stefndu í áttina til Alþjóðasjómannafélagsins. Ég náði þegar sambandi við hina leynilegu aðalbækistöð flokksins. Svefndrukkin rödd svaraði í símann.

„Þeir eru á leiðinni hingað,“ mælti ég. „Hefur náðst samkomulag við jafnaðarmennina um vopnað viðnám?“

„Nei, við stöndum einir,“ svaraði röddin.

Ég skýrði hinum óþreyjufullu sjómönnum og hafnarverkamönnum frá því, hvernig málum væri komið. Þeir vildu vera kyrrir og verja húsið. Margir þeirra voru vopnaðir byssum, aðrir hnífum. Skyndilega stóð Firelei við hlið mér. Hún var náfól, og það var blik í augum hennar.

„Hvers vegna að úthella blóði til einskis?“ varð henni að orði. „Segðu félögunum að fara heim til sín.“

Hundruð andlita stórðu á mig utan úr hálförökkri salsins. Eftirvæntingin skein úr hverju þessara andlita.

„Hverfið til skipa ykkar,“ mælti ég. „Við munum ekki heyja baráttu okkar í breiðfylkingu, sem óvinirnir eiga auðvelt með að tvístra. Barátta okkar verður smáskæruhernaður. Vekið hverjum hóp um sig hatur og fyrirlitningu á nasismanum. Látið hvern hóp baráttusveita okkar vita það, að hann berst ekki einn, að hann á þúsundir vopnabráðra, enda þótt hann sjái þá ekki. Félagar, gerið skyldu ykkar! Kommúnistaflokkurinn lengi lifi!“

Mannfjöldinn tvístraðist. Skömmu eftir klukkan þrjú um nóttina lögðu stormsveitirnar til atlögu við Alþjóðasjómannafélagið. Þær voru vopnaðar vélbyssum og gassprengjum. Þeir hinna fáu féлага okkar, sem neitað höfðu að yfirgefa húsið, voru svo grátt leiknir, að þeir voru nær dauða en lífi, er þeir voru fluttir brott og varpað í fangelsi.

Listar yfir menn þá, sem handtaka átti, höfðu fyrir löngu verið samdir af málalíðum Heinrichs Himmlers. Þetta varð mér ljóst, þegar njósningar okkar



í SS-sveitunum gáfu okkur þær upplýsingar, að nöfn manna, sem dáíð höfðu skömmu áður en Hitler varð kanslari, væru enn á listum þessum. Í þessum efnunum hafði Himmler stælt starfsaðferðir GPÚ. Við höfðum einnig lista tilbúna yfir þá menn, sem handtaka átti og skjóta eða halda sem gíslum á þeirri stundu, er kommúnistabyltingin hæfist. Nasistarnir gerðu árásir sínar á næturþeli og stældu líka að því leyti aðferðir GPÚ. Þeir höfðu fangana á burt með sér án þess að láta aðstandendum þeirra nokkrar upplýsingar í té um það, hvort þeir væru lífs eða liðnir. Þeir tóku konur, mæður og börn flóttamanna höndum og héldu þeim sem gíslum. Ógnlegar sögur bárust úr fangelsunum, sem voru yfirfull. Félagar, sem ég þekkti og taldi til vina minna, höfðu stokkið út um glugga til að stytta sér aldur eða fundust í fangelsisgörðunum skornir á háls. Lík margra þeirra voru og slædd upp úr ám, og undantekningarlítið hafði þeim verið misþyrmt hræðilega.

Ofsóknirnar og ógnirnar hertu þá félagana, sem mest var í varið. Ég varð þessa var í fari Firelei. „Við verðum að halda baráttunni áfram,“ mælti hún. „Við höfum engan tíma til þess að gráta.“

Við gerðum allt sem við gátum til þess að afla okkur upplýsinga um það, hverjir væru á „dauðalistunum“, og okkur varð furðanlega vel ágegn, þegar að því er gætt, hversu aðstaða okkar var örðug. Mörg fórnardýranna komust undan með því að breyta samastað sínum daglega. En erfiðleikar þessir uxu með degi hverjum. Hver sú fjölskylda, sem Gestapo stóð að því að hafa falið yfirlýstan kommúnista, sætti hinni miskunnarlausustu meðferð. Nágrannar vantreystu hver öðrum, og foreldrar óttuðust börn sín. Eftir að fyrsta handtökualdan var liðin hjá, varð nokkurt hlé. Við hagnýttum okkur hið tveggja daga hlé til þess að reyna að endurskipuleggja samtök okkar og gera nauðsynlegar ráðstafanir.

En brátt lagði Gestapo til nýrrar atlögu og hafði nú breytt um starfsháttu. Sérhverjum félaganum nasistaflokksins var fyrir lagt að hafa samvinnu við leynilögregluna. Upplýsingum var safnað úr hverri verksmiðju, hafnarkví og húsi. Njósningar nasista, sem starfað höfðu innan vébanda kommúnistaflokksins árum saman, komu nú fram í dagsljósið. Þeir stigu upp í bifreiðar ásamt Gestapo-mönnum. Bifreiðar þessar óku síðan um gervalla borgina frá morgni til kvölds. Hvenær, sem njósningarinn sá kommúnista, er hann bar kennsl á, á stræti úti, gaf hann merki, bifreiðin nam staðar og félaginn var handtekinn. Í borg eins og Hamborg, þar sem voru að minnsta kosti hundrað þúsund flokksbundnir kommúnistar, hlaut starfsaðferð þessi að bera mikinn árangur. Einn njósniari, Kaiser að nafni, sem hafði verið leiðtogi atvinnulausra kommúnista, stóð að handtöku átta hundruð kommúnista og venslafólks þeirra. Og um marga fleiri var áþekka sögu að segja.

S-neðanjarðardeild kommúnista, en einn af helstu forustumönnum þess var Michael Avatin, tók það ráð að færa suma liðsmenn sína í stolna einkennisbúninga stormsveitarmanna. Þessir félagar okkur urðu brátt hinir mestu skaðvaldar njósnurum nasista. Það voru líka þessar sveitir, sem urðu tilefni þess orðróms, er upp kom í öndverðri nasistabyltingunni, að nasistar myrtu hver aðra í sumum

borgarhlutum Berlínar og Hamborgar. Ég minnst þess einnig, að kommúnistar, sem störfuðu innan vébanda Hitlershreyfingarinnar, öfluðu upplýsinga um svikara meðal kommúnista með þeim árangri, að mörgum þeirra voru þau örlög búin, sem þeir höfðu öðrum ætlað.

Þriðja starfsaðferð Gestapo var þannig, að ókleift var að koma nokkrum vörnum við henni. Aðferð þessi var eins harðýðgisleg og hún var árangursrík. Án minnsta fyrirvara ruddust nokkur hundruð Gestapo-manna, er nutu fulltingis SS-liða og stormsveitarmanna, inn í viss borgarhverfi. Þeir slógu hring um stór svæði borgarinnar, og engum var leyft að fara út fyrir þennan hring. Sveit manna var fyrir komið við anddyri sérhvers húss. Engum manni var leyft að fara inn í húsið eða út úr því. Gestapo-menn eða SS-liðar leituðu þessu næst um húsið frá kjallara að hanabjálka. Engu herbergi, rúmi eða skúffu var hlíft við nákvæmri rannsókn. Þeir leituðu og vendilega að leynihólfum í gólfum og veggjum. Karlmennt, konur og börn voru svipt klæðum og leitað á þeim. Og árangur þessa varð sá, að í hverjum borgarhluta fundust leyniprentsmiðjur, birgðir vopna og sprengiefnis, bannaðar bókmenntir, flóttamenn, skjöl og margs konar skilríki.

Mér var það kunnugt, að nafn mitt var skráð í bókum Gestapo. Síðan nóttina, þegar Ríkisþinghúsið brann, hafði ég ekki látið sjá mig í íbúð okkar Firelei, sem einnig var heimili sonar okkar, er um þessar mundir var fimm mánaða gamall. Ég svaf hjá ýmsum flokksbræðrum mínum. Fundir þeir og ráðstefnur, sem ég tók þátt í, fóru aldrei fram tvisvar á sama stað. Skemmtigarðar, veitingahús, mannlauð skip, troðfullir danssalir og bátar voru staðir þeir, þar sem ég hitti einkum féлага mína, réði ráðum mínum, gaf fyrirskipanir og fékk fyrirskipanir. Þannig liðu fram stundir, og ógnin og ofsóknirnar ágerðust jafnan.

Aður en ég mætti á fundi, sendi ég jafnaðarlega ungan dreng eða stúlku til þess að afla upplýsinga um það, hvort hætta myndi vera á ferðum. Ég gerði mér allt far um að vera sem sakleysislegastur á svip og í framkomu allri. Í vasa mínum geymdi ég belgískt vegabréf og nokkur bréf á flæmsku, sem stimpluð höfðu verið í Ostend. Ég bar aldrei nein skilríki á mér, sem orðið gætu sönnunargögn gegn mér, ef ég félli í hendur óvinanna. Ég kunní utanbókar langan lista af mannanöfnum, heimilisföngum og leyniorðum. Ég gekk undir sérstöku nafni í hverjum borgarhluta um sig. Þegar ég ræddi við féлага, sem ég var ekki því kunnugri, nefndi ég mig aldrei þeim nöfnum, sem orðið gátu sönnunargögn gegn mér, ef illa færi.

Maður, sem starfar í þágu lögbannaðs og ofsóttis stjórnmálaflokks, lærir að vera stundvís, eins þótt um smávægileg erindi sé að ræða. Fólk, er bíður eftir einhverjum, hlaut að vekja athygli vegfarenda eða nærstaddra njósnara. Bið í nokkrar mínútur eftir einhverjum hafði oft í för með sér, að hlutaðeigandi karl eða kona var yfirheyrður eða handtekinn. Við höfðum það fyrir sið að bíða aldrei lengur en eina mínútu, og þegar félagi sá, sem vænst var, mætti ekki á tilteknum tíma, var það venjulega aðeins af einni ástæðu. Félagarnir duldu hvern annan þess, hver samastaður þeirra væri, og aðeins hraðboðar og milligöngumenn, sem talið var

óhætt að sýna fyllsta trúnað, vissu hin raunverulegu heimlisföng. Ég bauð aldrei nema nákunnugum mönnum heim til mín í hina ýmsu leynibústaði mína. Ég lagði áherslu á það að vekja ekki grun nágranna minna með því að láta ljós loga hjá mér langt fram á nótt. Ég gætti fyllstu varfærni og fór hvorki frá né til samastaða minna nema að áður hefði verið gengið úr skugga um það, að engir njósningar væru á stræti úti eða í gluggum næstu húsa.

Ég ákvað ýmiss konar merki við vini mína til að tryggja öryggi okkar sem best. Ef blómsturpottur var úti í glugganum, táknaði það: „Þú mátt koma inn, það er allt í stakasta lagi.“ Væru gluggatjöldin hins vegar vafin saman, merkti það: „Varaðu þig. Það er hætt á ferðum.“ Þegar ég var úti á götu, gerði ég mér allt far um að horfa sem mest til hægri, því að með því torveldaði ég árásarmönnum í bifreiðunum að bera kennsl á mig. Áður en ég beygði fyrir horn eða fór inn í hús, gekk ég ávallt úr skugga um það, að mér væri ekki veitt eftirför. Gestapo lét einkum skólapilta og ungar stúlkur reka minni háttar njósnir fyrir sig. Flokkurinn gerði sér allt far um að einangra konur og unnustur handtekinna manna eða flóttamanna, því að þær voru jafnan undir sífelldu eftirliti Gestapo. Flokksmönnum var stranglega fyrir lagt að gæta hófs um neyslu áfengra drykkja. Það varðaði brottrekstri úr flokknunum, ef kommúnisti valdi stúlku, sem ekki var flokksbundin, sér að maka eða ástmey. Við gengum þess ekki dulin, að starfsaðferðir Gestapo voru margar og viðsjárverðar.

Þrem dögum eftir að hinar miklu mannaveiðar hófust í Hamborg, framdi Julius Emmerich, er gegndi starfa sem hraðboði milli leyniprentsmiðju okkar um borð í *Bochum* og deildanna í hafnarhverfinu, Júdasarverk sitt. Þetta gerðist skömmu fyrir dagmál. Skipsvörðurinn svaf inni í klefa sínum, er var miðskipa. Willem, uppgjafaskiptjörinn, og Popovics, hinn dyggi og tryggi rúmenski byltingarmaður, höfðu nýlega lokið næturverki sínu, sem var að prenta leyniblaðið *Kastljósið*. Þeir biðu eftir Juliusi Emmerich, sem átti að koma upplaginu af blaðinu til rétttra aðila. En Emmerich lét ekki sjá sig. Í stað þess kom Popovics, sem gengið hafði upp á þiljur til þess að svipast um eftir hraðboðanum, auga á fimm eða sex menn skríða eftir þilfari gufuskipsins, er lá við hliðina á *Bochum*. Popovics hraðaði sér strax á vettvang til þess að vara varðmanninn við hættunni. Varðmaðurinn kom þegar út úr klefa sínum og bauð árásarmönnum, sem þegar höfðu komið um borð í *Bochum*, að nema staðar.

„Upp með hendur,“ var svar það, er hann fékk. „Standið kyrrir eða við skjótum.“

Ásármennirnir tóku sér stöðu á þilfarinu, vopnaðir byssum. Popovics hrópaði inn um loftop niður í lestina, þar sem prentsmiðjunni hafði verið fyrir komið: „Flýðu. Gestapo.“

En það var um seinan fyrir Willem að flýja. Hann gerði hetjulega tilraun til þess að kasta upplaginu af hinu dýrmæta *Kastljósi* í sjóinn. En árásarmennirnir höfðu hendur í hári hans. Popovics kastaði sér í höfnina, enda þótt skotin skyllu umhverfis hann. Hann kastaði af sér klæðum á sundinu. Honum tókst að komast úr skotfæri með því að synda bak við skip, er lá fyrir akkerum þarna í grenndinni.

Loksins komst hann að grísku flutningaskipi. Hann hrópaði á hjálp, og einhver kastaði kaðli til hans. Grísku sjómennirnir gáfu Popovics föt og hjálpuðu honum í land. Rúmeninn hélt rakleiðis heim til íbúðar minnar, þar sem Firelei, sem aldrei hafði verið handtekin af lögreglunni, bjó enn með barn okkar. Firelei vissi, hvar mig var að finna.

Gestapo gekk ótrauð að verki. Fyrir hádegi höfðu sjötíu og átta félagar okkar verið teknir höndum. Varðmaðurinn í *Bochum* neitaði að svara öllum spurningum Gestapo. Hann slapp úr höndum hennar með því að kasta sér út um glugga á fimmtu hæð lögreglustöðvarinnar, en beið bana af völdum fallsins. Willem skýrði nasistunum frá öllu, sem hann vissi, eftir að þeir höfðu barið hann með keðjum samfleytt í tvær klukkustundir. Um kvöldið hafði ég fengið slitróttar fréttir af atburðum þessum og skipað öllum þeim félögum, sem hinir handteknu menn þekktu, að breyta um nöfn og heimilisföng þegar í stað — ef þeim væri þess nokkur kostur.

Um nóttina reyndi ég með aðstoð Firelei og nokkurra hraðboða að endurskipuleggja leifar þeirra deilda samtaka okkar, sem ég hafði yfir að ráða. Þetta var miklum erfiðleikum háð, því að handtökurnar héldu áfram alla nóttina, og alltaf var hætta á, að Gestapo kæmi þá og þegar. Sérhvert ókunnugt andlit, enda þótt það væri hið vingjarnlegasta að sjá, varð tilefni spurningarinnar: „Hver ert þú? Vinur? Óvinur? Get ég treyst þér, eða hyggst þú svíkja mig?“

Við vorum dauðþreytt, þegar dagur rann.

„Ég er eins og afturganga,“ sagði Firelei og reyndi að brosa. „Hvar getum við sofíð?“

„Það veit ég ekki,“ svaraði ég.

„Þetta er annars auma lífið, sem við lifum, Jan. Stundum finnst mér eins og öll þessi fyrirhöfn okkar muni vera unnin fyrir gýg,“ mælti Firelei, og beiskjan duldist ekki í rödd hennar.

„Dú ert þreytt.“

„Já, víst er ég þreytt.“

„Ég skal finna stað, þar sem þú getur sofíð,“ hét ég henni.

„Fyrst verð ég að fara og bjarga syni okkar,“ mælti hún.

„Farðu varlega.“

„Auðvitað fer ég varlega.“

Við ákváðum að hittast í litlu veitingahúsi í Barmbeck-hverfinu. Ég kom þangað á tilsettum tíma. Firelei kom ekki. Ég beið klukkustundum saman, og eftirvæntingin ætlaði að firra mig vitinu. Ég fékk lánað hjól og fór til Schaarmarkt, en þar var íbúð sú, þar sem við höfðum lifað svo margar sælar stundir. Utan af strætinu sá ég, að gluggarnir voru opnir. Bókum og blöðum var kastað út um gluggana. Þetta voru bækur mínar og blöð. Stormsveitarmenn úti á strætinu söfnuðu þeim saman og komu þeim fyrir í aftursæti bifreiðar. Spölkorn frá húsinu hafði hópur karla, kvenna og barna safnast saman. Þau horfðu þögl á aðfarir þessar. Þeim var það

engin nýjung lengur að vera sjónarvottar að húsrannsókn. Þetta var um sjöleytið að morgni til.

Einhver lagði hönd sína á öxl mér. Ég sá gamalkunnugt andlit. Þetta var einn félaganna úr þeirri deild flokksins, er starfaði í þessu stræti. Hann gaf mér merki um að fylgjast með sér. Við héldum brott.

„Félagi Firelei er á óhultum stað,“ mælti félaginn.

„Hvar er hún? Hún fór hingað til að sækja barnið.“

„Vertu rólegur. Þú munt sjá hana áður en langt um líður.“

Hann fór með mig um allmargar götur, uns við komum loksins að reisulegu húsi. Ég fann Firelei þar fyrir í íbúð, þar sem voru mörg börn og hávaðasöm. Hún sat á stól frammi í eldhúsi og hélt vasaklút að vitum sér. Húsmóðirin reyndi að hugga hana.

„Hvað hefur komið fyrir?“ spurði ég. „Hvar er barnið?“

Firelei skýrði mér frá því, sem gerst hafði, slitróttum orðum.

Hún hafði hraðað sér til íbúðar okkar. Þegar hún kom þangað, svaf Jan litli í náðum í vöggu sinni. Hún hafði staðið kyrr í sömu sporum góða stund, virt hið litla andlit fyrir sér og gætt þess að raska ekki svefnró sonar síns. Hún hafði verið þreytt, dauðþreytt. Hún hafði sett mjólk í skaftpott og komið honum fyrir á eldavelinni til þess að ylja mjólkina. Hún hafði farið í bað og því næst lagst upp í rúm til þess að hvíla sig stundarkorn. Hún hafði síðan sofnað gegn vilja sínum og vitund.

Hún hafði vaknað við það að dyrabjöllunni forstofumegin var hringt harkalega. Hún hafði legið kyrr og haldið niðri í sér andanum, dauðhrædd um, að barnið myndi vakna og taka að gráta.

„Opnið,“ hrópaði rödd úti fyrir.

Brátt hrökk hurðin upp undan þungu höggi. Einhver þreifaði sig varfærnislega áfram gegnum forstofuna. Andartaki síðar stóð þybbinn ungur maður á gráum frakka og með gráan hatt inni í svefnherbergi hennar. Hann hélt á skambyssu í hendi sér og gerði sér ekki það ómak að taka ofan hattinn.

„Góðan daginn,“ sagði hann. „Ég heiti Teege. Mig langar til þess að spjalla dálítið við manninn þinn.“

„Hann er ekki hér. Hver ert þú?“

„*Geheime Staatspolizei*.“

„Ég er ein míns liðs,“ sagði Firelei. „Maðurinn minn er farinn burtu.“

„Hvert?“

„Ég veit það ekki. Ef til vill til Frakklands.“

Gestapo-maðurinn litaðist um í herberginu. Að því loknu mælti hann: „Ég trúí þér ekki. Klæddu þig.“

„Hvers vegna?“

„Þú kemur með mér.“

„Hvert?“

„Þú sérð það, þegar þar að kemur. Svona, klæddu þig nú.“

Firelei var fljót að hugsa: „Ég ligg hér allsnakin,“ sagði hún við Gestapo-manninn. „Ég get ekki klætt mig, meðan þú ert hér inni í herberginu. Þú verður að fara inn í næsta herbergi, þangað til ég er reiðubúin.“

Gestapo-maðurinn Herrmann Teege hikaði við. Hann átti um það tvennt að velja að bíða inni í dagstofunni eða draga nakta konu fram úr rekkju hennar.

„*Wie Sie wollen*,“ mælti hann. Hann tók barnið upp úr vöggunni. Hann gekk inn í dagstofuna með barnið, sem enn svaf, á armi sér. „Það fer víst best á því, að ég hafi af fyrir krakkanum, þangað til þú ert reiðubúin,“ tilkynnti hann.

Firelei stökk fram úr rúminu, fór í skó, kastaði yfirhöfn yfir sig og læddist því næst fram að hinum svefnherbergisdýrunum, er vissu út að forstofunni. Inni í hinu herberginu símaði Gestapo-maðurinn til stormsveitarstöðvar, er var þarna í grenndinni, og bað þess, að sér yrði send húsrannsóknarsveit hið fyrsta. Firelei komst heilu og höldnu fram að útidyrnum og hljóp sem hraðast niður húsprepin. Úti á strätinu var engin umferð, nema nokkrir hafnarverkamenn gengu af hendingu framhjá í þennan mund á leið til vinnu sinnar. Firelei komst til tóbaksbúðar þarna í grenndinni, en eigandi hennar var kunningi okkar og flokksbróðir. Tóbakssalinn fór með hana til íbúðar sinnar, og þar fann ég hana nú fyrir. Þar hafði síðan Firelei látið bugast. Húsmóðirin gerði sér allt far um að reyna að hugga hana.

„Ekki að gráta, ekki að gráta,“ tautaði konan í sífellu fyrir munni sér. „Þeir gera barninu þó ekki mein. Bíddu aðeins og vertu vongóð. Bíddu aðeins þangað til þessir *dreckigen Hunde* hafa lokið húsrannsókninni. Og þegar þeir eru farnir, skal ég fara sjálf og sækja barnið. Mér þætti gaman að sjá þann, sem leyfði sér að stöðva mig. Það stöðvar engin konu eins og mig. Ég myndi svei mér sýna þeim í tvo heimana. Svona nú, stúlka mín, vertu bara róleg og bíddu.“

Ég taldi þennan atburð táknrænan fyrir ástandið um þessar mundir um gervallt Þýskaland. Við biðum. Sól tók óðum að lækka á lofti. Um ellefuleytið sendi ég ungling á vettvang til að njósna um Gestapo-mennina, er húsrannsóknina gerðu. Hann kom að vörmu spori aftur, enda þótt mér fyndist hann hafa verið óratíma í burtu.

„Þeir leita nú um allt húsið og líka í tveim næstu húsum,“ sagði hann. „Þetta eru eitt Gestapo *Schwein* og níu stormsveitarmenn. Síðan er þarna bifreið full af Gestapo-mönnum, ef koma skyldi til uppþots.“

Ég fól unglingi þessum og tveim öðrum að hafa gætur á húsinu og þeim, sem húsrannsóknina gerðu. Sjálfur skundaði ég til húss nokkurs þarna í grenndinni, er bar hið undarlega heiti „Herrlichkeit“. Þar var hinn leynilegi aðsetursstaður Rauðu fylkingarinnar. En þegar talinn hafði verið gamall maður, þrír hraðboðar, seytján ára gömul stúlka og tveir unglingar fjórtán og fimmtán ára gamlir, var húsið mannaust.

Ég þurfti á tíu mönnum að halda til að geta myndað sveit, er hrekti Gestapo brott úr Schaarmarkt inn í eitthvert hinna fornu hliðarstræta, svo að einhver vina minna

gæti brugðið sér inn í íbúðina og haft barnið á brott með sér. Ungu hraðboðarnir voru reiðubúnir að veita mér fulltingi sitt. En gamli maðurinn hristi höfuðið.

„Þú veist, félagi, að okkur er óheimilt að hlýðnast nokkrum beiðnum,“ mælti hann heimskulega. „Fyrirskipanir okkar koma frá *Gauleitung*. Það eru einu fyrirskipanirnar, sem við hlýðnumst.“

„Hvar get ég hitt Fiete Schulz?“ spurði ég. Schulz var yfirmaður *Gauleitung*, eftirmaður Etkars Andrés.

Gamli maðurinn brosti í kampinn. „Það get ég ekki sagt þér. Þú ert ekki í neðanjarðardeild félaga Fietes.“

Það var tilgangslaust að reyna að telja honum hughvarf. Rauða fylkingin var önnum kafin annars staðar. Ég gekk þess ekki dulinn, að í baráttu sem þessari voru ungbörn aðeins til byrði.

Það var orðið kvöldsett, þegar ég kom aftur heim til tóbakssalans. Firelei var þar ekki fyrir. Húsmóðirin tjáði mér, að hún hefði fundið einhverjar fatatuskur handa henni. Firelei hafði klæðst þessum fötum, sett upp gamlan hatt og gleraugu og borið ösku í andlit sér, sem olli því, að hún varð ellileg ásýndum. Hún hafði síðan farið burtu í fylgd með unglingnum, er fyrir um getur.

„Ég held þú ættir að flýta þér að finna hana,“ sagði konan að lokum.

Varfærni mín var nú horfin út í veður og vind. Ég skundaði til Schaarmarkt. Brátt kom ég auga á Firelei. Hún gekk hægum skrefum framhjá húsinu, þar sem íbúð okkar var. Nú hvíldi kyrrð yfir húsinu. Hvergi gat brúnstakka að líta. Haka-krossfánanum hafði verið fyrir komið í gluggum þess.

Firelei starði upp í glugga íbúðar okkar, þegar hún gekk framhjá húsinu. Hún hélt áfram að næsta götuhorni, nam þar staðar stundarkorn, en fór því næst sömu leið til baka, gekk framhjá húsinu og einblíndi upp í gluggana sem fyrr. Firelei gekk nær hundrað metra frá húsinu, en nam þar staðar og tók að ræða við hinn unga aðstoðarmann minn. Ég beið ekki boðanna, heldur gekk til þeirra.

„Farið burtu héðan,“ mælti ég og var mikið niðri fyrir. „Þetta gengur brjálsemi næst.“

„Ég verð að ná barninu mínu,“ mælti hún festulega. „Hann liggur í gluggakistunni. Ég heyri hann gráta.“

„Og hverjir eru þar fleiri?“

„Ég veit það ekki. Ég heyri ekkert nema grátinn í barninu.“

„Hvar eru varðmenn okkar? Sást þú nasistana fara?“ spurði ég unga kommúnistann.

„Ég sá tvær sveitir fara burtu í bifreiðinni, sem var fullfermd.“

„Og hinir? Gestapo-maðurinn?“

„Ég veit það ekki.“

„Farðu ekki inn í húsið,“ sagði ég. „Þeir sitja fyrir okkur. Þeir hafa sennilega falið sig í herbergjunum og bíða þess, að við komum að sækja barnið.“

„Þeir hafa lagt hann í gluggakistuna. Hann er svangur. Hann grætur!“ tautaði Firelei fyrir munni sér. Hún kreppti hnefana. „Ó, þessi villidýr, þessi villidýr.“

Hún gerði sig líklega til þess að fara inn í húsið.

„Farðu ekki inn,“ maldaði ég í móinn. „Þeir handtaka þig.“

„Þeir mundu ekki leyfa þér að hafa barnið þitt hjá þér í fangelsinu,“ sagði hinn ungi félagi okkar.

Við stóðum þarna og vissum ekki, hvað til bragðs skyldi taka. Einhver gekk framhjá okkur.

„Hann varð okkar var,“ hvíslaði unglíngurinn. „Við getum ekki verið hér öllu lengur.“

Firelei hreytti út úr sér milli samanherþra varanna: „Ef ég næ Jan litla einhvern tíma aftur, skal ég svei mér kenna honum að hata.“

Þetta voru hræðileg orð af hinum fögru vörum Firelei.

„Maðurinn varð okkar var,“ endurtók unglíngurinn. „Ég segi ykkur satt, að við getum ekki verið hér öllu lengur.“

„Víst verð ég hér kyrr,“ svaraði Firelei. „Þetta var verkamaður.“

Ég sá fram á það, að við gátum ekkert gert til þess að bjarga barninu. Gestapomennirnir myndu áreiðanlega hafa son okkar á brott með sér, þegar þeir þreyttust á því að sitja fyrir okkur. Ég hafði þegar eytt mestum hluta dagsins til einskis, og nú hafði ég mikilvæg erindi að reka.

„Ég verð að fara,“ mælti ég dapurlega.

„Jæja, farðu þá.“

„Þú lofar mér að gera enga vitleysu?“

„Ég lofa því,“ svaraði Firelei.

„Það er hættulegt fyrir þig að vera hér. Minnstu þess, að hér þekkjá þig margir.“

„Ég veit það. Ég skal ekki gera mig seka um neina vitleysu.“

Ég fékk Firelei því sem næst alla þá peninga, sem ég bar á mér. Við urðum ásátt um að hitta hvort annað í lestrarsal Borgarbókasafnsins hvaða dag sem væri, milli klukkan tvö og þrjú. Við kvöddumst án þess að vita, hvort við myndum nokkurn tíma sjást aftur.

Ég ákvað að endurskipuleggja prentsmiðju í hafnarhverfinu og koma henni svo fyrir, að hún væri á sem óhultustum stað. Það varð að vinna að leyniblöðunum á mörgum stöðum. Á þessum stað þurfti að semja greinarnar og búa undir prentun, á öðrum að geyma pappír, þriðja annast setningu, fjórða prentun og þar fram eftir götunum. En mestum vandkvæðum var þó dreifing þeirra háð. Ég varð að vísa áhyggjunum af barnsráninu á bug til þess að geta gefið mig að þessu verkefni. Jafnvel kaup á hundrað þúsund örkum af pappír var hættulegt verk og erfitt. Allar pappírsverslanir voru undir eftirliti Gestapos, og kaupmönnum hafði verið fyrir lagt að gera grein fyrir öllum þeim pappírsgögnum, sem þeir seldu. Það þurfti hugrakkann mann og fórnfúsan til þess að annast pappírskaup. Ég ákvað að lokum



að leita til Jans Templins, en hann var framkvæmdarstjóri fyrirtækisins Einbeit, sem annaðist fermingu og affermingu skipa frá Ráðstjórnarríkjunum.

Templin þessi var hinn gervilegasti maður, gráeygur, ljóshærður og hraustur eins og fullþroska eik. Við gengum saman eftir mannlausu stræti, og hraðboðar voru á verði til þess að vara okkur við, ef árásar skyldi vera von.

Jan Templin var í versta skapi.

„Þetta eru nú meiri andskotans vandræðin,“ rausaði hann. „Ég hef þrjár íbúðir fullar af kommúnistum, og ég veit ekkert, hvað ég á af þeim að gera. Þeir flúðu hingað frá Berlín, og nú ætlast þeir til þess, að ég laumi þeim um borð í rússnesk skip.“

Ég hló við.

„Hverjir eru þetta?“ áráddi ég að spyrja.

Það urraði í Templin. „Nöfnin skipta nú minnstu máli. Bara að ég gæti troðið þeim öllum í stóran sekk og drekkt þeim. Til hvers ætlast þessir djöflar svo sem? Get ég hrist ráðstjórnarskip fram úr erminni þegar mér býður svo við að horfa, eða hvað?“

„Þetta er þinn vandi,“ mælti ég. „Minn vandi er pappír.“

„Pappír.“

„Já, hvar get ég keypt pappír, án þess að nasistarnir hafi hendur í hári mínu?“

„Keypt?“

„Hvað svo sem annað? Hefur þú ef til vill ráð á því að gefa pappír?“

„Já, og eins mikið og þú vilt,“ svaraði Templin.

„Hundrað þúsund arkir?“

„Þó það nú væri.“

Hann hafði alveg gleymt vanda flóttamannanna. Augu hans ljómuðu. Augu hans ljómuðu vegna þess, að hugmyndaflug hans sagði honum, að pappírinn, sem hann ætlaði að gefa mér, mundi verða notaður til þess að prenta ávörp, þar sem hvatt væri til viðnáms og skemmdarverka. Einbeit var eigi aðeins verslunarfyrirtæki. Það var eitt af stóðum kommúnismans og byltingarstefnunnar. Hafnarverkamenn, sem ekki voru kommúnistar, fengu aldrei vinnu hjá Einbeit. Jan Templin skýrði mér frá því, að menn sínir hefðu rænt pappírsgeymsluhús við höfnina, án þess að upp hefði komist. Það voru því engar ýkjur, að hann gæti látið mig fá eins mikið af pappír og ég vildi.

Ég fékk þær pappírsgirðir, sem ég þurfti með, og kom þeim í geymslu í kjallara undir braudgerðarhúsi. Því næst kom ég prentsmiðjunni fyrir á þann hátt, sem ég taldi bestan. Það tók langan tíma að flytja vélarnar og pappírinn á sinn stað, en þó tókst okkur það að lokum með því að gæta fyllstu varfærni í hvívetna. Ég fól Alexander Popovics að vera prentsmiðjustjóri. Hann varð barnslega glaður yfir því að geta nú helgað sig hinum fyrri starfa sínum.

„Nú ætti svo sem allt að vera í lagi,“ sagði hann og geislaði af ánægju. „Þú skrifar, og ég prenta.“

Ég frétti ekkert af Firelei né syni okkar í tvo daga. Mér hafði auðnast að endurskipuleggja áróðursvél mína að nýju, án þess að fleiri væru handteknir. Og nú var þegar hafist handa af kappi. Popovics sendi frá sér nýtt dreifibréf, sem ég hafði samið og bar yfirskriftina: „Hakakrossinn er hungurkross,“ í risaupplagi. Og þó hafði ég enn ekkert frétt af Firelei.

Ég hitti hana aftur fjórum dögum eftir árás Gestapo á fyrri heimili okkar. Ég sá hana sitja við eitt borðið í lestrarsal Borgarbókasafnsins og fletta stórri bók, er hafði að geyma málverk Albrechts Dürers. Hún var hnuggin á svip, en hendur hennar voru styrkar og augnaráð hennar rólyndislegt. Mér fannst það kraftaverki líkast, að hún skyldi raunverulega sitja þarna heil á húfi. Á þessari stundu hét ég því að skilja hana aldrei eina eftir aftur.

„Þarna sérðu, hvort ég get ekki farið varlega,“ sagði hún og brosti. „Ég hef ekki gert neina vitleysu.“

„Segðu mér allt af léttu.“

Hún hafði fengið í lið með sér fjölmarga kunningja sína, sem voru þó ekki flokksbundnir kommúnistar. Meðal þeirra voru kaupmaður, saumakona, vöru-bifreiðarstjóri og dóttir klæðskera nokkurs. Hún hafði ávallt fengið fleiri í lið með sér, og aðferð hennar var jafnan hin sama. Hún gaf sig á tal við hlutaðeiganda og sagði eitthvað á þessa lund: „Barnið mitt er þarna inni í húsinu. Gerðu mér þann greiða að sækja það og fara með það heim til mín og hafa það hjá þér þangað til ég kem eða geri þér orð.“ Og þetta fólk lagði leið sína inn í íbúðina, hvert af öðru, til þess að sækja Jan litla, en enginn þessara hjartagóðu björgunarmanna átti afturkvæmt út úr húsinu.

„Íbúðin okkar líktist helst gírugu gini,“ sagði Firelei. „Fjöldi manns fór þangað inn, en enginn kom þaðan út aftur. Gestapo hafði fólk þetta í haldi inni í húsinu og vonaðist eftir því, að annaðhvort okkar mundi koma að lokum.“

Að þrem dögum liðnum tóku mannaveiðararnir loksins að þreytast og leiðast biðin. Þeir höfðu umturnað rúminu, brotið húsgögnin og rífið myndirnar af veggjunum. Þeir höfðu haft allar bækur mínar, ljósmyndir og handrit á burt með sér, svo og útvarpstæki og aðra verðmæta muni. En þeir höfðu engin sönnunargögn fundið, enda hafði ég séð svo um, að engin hætta væri á því. Fólkíð, sem Firelei hafði sent inn í húsið, var látið laust, eftir að Gestapo-mennirnir höfðu sparkað í það og hrakið það. Gestapo-mennirnir höfðu þessu næst farið á brott, en látið þess getið, að þeir myndu senda hjúkrunarkonu eftir barninu.

Saumakonan, er Lieschen hét, hafði þá notað tækifærið, farið aftur inn í íbúðina og sótt barnið.

„Ég gaf Lieschen síðustu skildingana, sem ég átti, og fól henni að fara með barnið til skyldfólks míns í Hannover,“ sagði Firelei.

Hún fékk ekki dulið það, hversu hana tók það sárt að verða að skilja barnið við sig. Ég forðaðist að horfast í augu við hana af ótta við, að ég mundi þá láta bugast.

Ég talaði um verk, sem yrði að vinna. Hún hlustaði á mig af slíkri athygli, að ætla hefði mátt, að hún léti ekkert annað sig nokkru skipta.

„Dú ert félagi minn,“ sagði ég.

„Já,“ hún kinkaði kolli. „Við hopum aldrei af hólmi.“

# Dauðir menn í orlofi

MÉR VAR STEFNT TIL Berlínar. Walter Duddins, sem var maður dökkur á brún og brá, kynjaður úr Rínarbyggðum og gerst hafði eftirmaður Hermanns Schuberts þingmanns sem stjórnmalaleiðtogi flokksins í Hamborg, kom fyrirskipun þessari á framfæri við mig. Ég hafði hitt hann á Stadtpark. Hann lét mér í té leyniorð og heimilisfang í Berlín-Neukölln og sagði mér, hvar og hvenær hraðboði á bifhjóli myndi bíða mín. Auðvitað hafði ég ekki minnstu hugmynd um, hvaða starf ætti að fela mér.

„Og Firelei?“ leyfði ég mér að spyrja. Ég minntist fyrirheits þess, sem ég hafði gefið sjálfum mér.

Þessi spurning var of fjarstæðukennd í eyrum kommúnista til þess að vera borin fram upphátt. Flokkurinn þurfti Firelei með í Hamborg. Það yrði talin vanræksla, ef hún yfirgæfi stað þann, þar sem henni hafði verið gert að starfa. Og samkvæmt hinum nýju ákvæðum flokkslaganna var vanræksla sama og svik.

„Allt í lagi,“ sagði ég við Duddins.

„Fáðu félagi Ottó yfirstjórn neðanjarðardeildar þinnar í hendur. Hann er dugandi náungi.“

„Allt í lagi.“ Ottó K. var aðstoðarmaður minn. Hann hafði getið sér góðan orðstír fyrir að efna til uppreisna meðal vélamanna á þýskum skipum, er lágu í bandarískum höfnum í októberverfallinu árið 1931.

„Ég vara þig við,“ sagði Duddins að skilnaði. „Þú minnst ekki einu orði við nokkurn mann á það, sem þú heyrir eða sérð í Berlín.“

Ég hitti hraðboðann um hádegið. Hann var ungur stúdent, sem hafði horfið frá háskólanámi til að gerast virkur byltingarmaður. Hann bar merki stálhjálma einvaldans á leðurjakka sínum.

„Ef við verðum stöðvaðir á leiðinni,“ sagði ég „þá þekkjum við ekkert hvor til annars. Þú hefur tekið mig upp á bensínstöð vegna þess, að ég bauð þér tíu mörk fyrir að flytja mig til Berlínar.“

„Allt í lagi.“

Fimm mínútum síðar fórum við út úr úthverfum Hamborgar og bar hratt yfir. Fimm klukkustundum síðar komum við til Berlínar og höfðum þá hvergi áð á leiðinni. Stúdentinn hélt rakleiðis til gístitúss nokkurs.

„Ég verð hér um kyrrt í tvo daga,“ sagði stúdentinn. „Þú getur spurt eftir *Herr Gerdes*, ef þú þarft mín með.“

Ég fór með troðfullum strætisvagni til Neukölln, sem er eitt af iðnhverfum borgarinnar. Inni í sjálfri Berlínarborg voru hinir brún- og svartklæddu liðsmenn Hitlers hvarvetna á varðbergi. En úti í Neukölln gætti þeirra hins vegar lítt. Þar áráddi enginn stormsveitarmaður að láta sjá sig einan á ferli. Þeir voru ávallt sex eða fleiri í hóp og gengu jafnan eftir miðjum strætunum.

Ég gekk inn í þriggja hæða hús. Ég gat ekki varist nokkurs uggs og kvíða. Hjartað barðist ótt og títt í brjósti mér. Maður gat aldrei vitað, þegar hann hringdi dyrabjöllu, hvort vinur kæmi til dyra eða Gestapo væri þar í launsátri. Ég hringdi dyrabjöllunni. Lítill drengur opnaði dyrnar. Hann skellti hurðinni þegar í lás, er hann sá, að ókunnugur maður stóðu úti fyrir.

„Pabbi,“ heyrði ég hann hrópa.

Pungt fótatak nálgast. Lágvaxinn maður og órakaður opnaði dyrnar. Hann var snöggklæddur. Kona stóð á gægjum í dyrum fyrir enda gangsins. Maðurinn þrýsti á hnapp með þeim árangri, að ég stóð í ljósadýrð, en sjálfur var hann í hálfrokkri sem fyrr.

„Hvað vilt þú?“

Ég nefndi leyniorðin, er voru þessi: „Ég hef lesið auglýsingu yðar og vildi gjarnan fá að líta á frímerkin, sem þér hafði til sölu.“

„Ert þú kaupmaður?“

„Nei, áhugamaður.“

Maðurinn vísaði mér inn í herbergi, sem var smekklega búið húsgögnum. „Fáðu þér sæti,“ sagði hann. Hann opnaði skúffu í skáp, sem þarna var. Hún reyndist hafa frímerkjasafn að geyma. „Ef þú heyrir dyrabjöllunni hringt, þá láttu sem þú sért að skoða frímerkin,“ sagði hann. „Maður getur svo sem átt á öllu von nú orðið. Ég ætla að raka mig.“

Eftir að maðurinn hafði rakað sig og lokið við að klæðast, fór hann út einn síns liðs. Hann kom aftur eftir svo sem eina klukkustund.

„Þá skulum við koma,“ sagði hann. „Gakktu þó ekki samsíða mér, heldur um tíu skrefum fyrir aftan mig. Nemdu staðar, þegar þú sérð mig stinga hægri hendinni í vasa minn. Þú munt verða var við unga stúlku. Þegar ég sting báðum höndunum í vasana, þá bíddu ekki boðanna heldur gefðu þig þegar í stað á tal við hana.“

„Allt í lagi.“

Við lögðum leið okkar um mörg stræti og snerum fyrir fjölmörg horn. Leiðsögumaður minn lést gæta að götunöfunum, en raunverulega var hann að athuga, hvort nokkur veitti okkur eftirför. Loks gekk hann inn í litla brauðsölubúð. Hann kom út þaðan aftur eftir nokkur andartök og hélt áfram ferð sinni sem fyrr, og ég hélt mig alltaf í tíu skrefa fjarlægð við hann. Hann nam staðar til þess að líta í búðarglugga. Hann stakk hægri hendinni hægt og rólega í frakkavasa sinn. Ég var staddur utan við litlu brauðsölubúðina. Hávaxin stúlka, sem ég minntist ekki að hafa nokkurn tíma séð áður, kom út úr brauðsölubúðinni. Hún heilsaði mér af mikilli ástúð og blíðu. „Halló, ég hef verið að bíða eftir þér.“ Hún stakk hönd sinni

undir arm mér. Mér varð litið um öxl. Leiðsögumaður minn var horfinn. Hans hlutverki var lokið.

Við lögðum leið okkar um margar götur fram og aftur. Stúlkan fjölyrti sífellt um Marlene Dietrich. Loks fór hún með mig inn í veitingahús, þar sem hópur strætisvagnastjóra snæddu kvöldverð. Hún kvaddi mig með handabandi, þegar hún hafði lokið við að drekka kaffið.

„Bíddu hér þangað til einhver, sem þú þekkir, gefur þér merki,“ sagði hún að skilnaði og var því næst á braut.

Ég sat þarna aleinn góða stund. Fólk kom og fór, og ég virti hvern og einn fyrir mér til þess að athuga, hvort ég þekkti ekki einhvern. Það lét hátt í útvarpinu, og utan úr eldhúsinu barst glamur í búsaöldum. Síðan kom ung, svartklædd kona inn í veitingahúsið. Hún var léttstíg og bar sig tígulega. Hún var grannvaxin, andlit hennar rólyndislegt og vandlega snyrt og fótleggir hennar nettir. Hún settist við borð skammt frá dyrunum og bað um salat og te. Ég þekkti hana. Þetta var Cilly. Mér varð þegar ljóst, hvers vegna mér hafði verið stefnt til Berlínar. Ég átti að hitta Ernst Wollweber.

Cilly snæddi í makindum. Að því loknu kveikti hún sér í vindlingi. Ég fylgdist með hverri hreyfingu hennar, enda var þess ekki langt að bíða, að hún gæfi mér merki. Því næst fór hún út. Ég greiddi veitingamanninum og fór í humátt á eftir henni.

Það var aldimmt úti. Við fengum okkur leigubifreið, en skiptum um og fengum okkur aðra leigubifreið, þegar kom á Friedrichstraße.

„Þú mátt sofna, ef þú vilt,“ sagði Cilly stillilega. „Við eigum alllanga ferð fyrir höndum.“

Okkur fóru ekki fleiri orð í millum. Taugaóstyrkur minn var með öllu horfinn. Ég hallaði mér aftur á bak í sæti mínu og virti bifreiðastjórann í framsætinu fyrir mér. Öðru hvoru varð mér litið á Cilly, þar sem hún sat við hlið mér og líktist því helst, að hún væri á heimleið úr leikhúsinu. Við ókum um hvert strætið af öðru. Tré og hús þutu framhá. Við ókum í suðvestur áleiðis til Zehlendorf. Loks nam bifreiðin staðar framan við nýtt, reisulegt hús.

Cilly greiddi bifreiðastjóranum og gekk inn um hliðið. Ég fylgdist með henni sem fyrr. Hún vísaði mér inn í íbúð á fyrstu hæð. Húsgögnin voru fábreytt, en nýleg. Engar myndir gat að líta á veggjunum, og eldhúsið reyndist mannlaust. Það varð ekki af neinu ráðið, að fólk byggi hér.

„Gerðu svo vel að bíða,“ sagði Cilly. „Ég ætla að tilkynna félagu Ernst komu þína.“

Ég var enn aleinn. Eftir stutta stund var barið að dyrum forstofumegin. Hraustlegur maður, kvikur í hreyfingum, kom inn og fór sem hljóðlegast. Ég hafði séð hann áður. Hann var einn af hraðboðum Vesturskrifstofunnar milli Berlínar og Moskvu og hét Max. Hann hafði áður starfað í þjónustu lögreglunnar í Berlín. Hann fagnaði mér eins og bróður sínum.

„Vinur okkar er úti,“ sagði hann. „Hann vill ekki ræða mikilvæg mál innan fjögurra veggja. Mundu eftir þessu húsi. Komdu hingað aftur, þegar þú hefur lokið erindi þínu.“

Prekvaxinn maður beið utan við húsið. Halda hefði mátt, að hann hefði verið steingervingur, ef hann hefði ekki reykt vindling. Þannig hitti ég Wollweber í skuggum Berlínar undir yfirdrottun Hitlers. Hann rumdi af ánægju. Við gengum hlið við hlið til Zehlendorf-skógar og Grünewald.

„Stundum,“ sagði Wollweber, „mistakast hinar ágætustu ráðagerðir vegna óvæntra atburða. En þrátt fyrir það er engin ástæða til þess að láta hugfallast. Við munum sigrá að lokum. Engum hefur tekist að granda eftirmanni sínum.“ Þetta sagði Machiavelli, og hann vissi hvað hann söng.“ Og brátt hélt hann áfram máli sínu: „Segðu mér allt, sem þú veist frá Hamborg.“

Ég sagði honum allt, sem ég vissi. Wollweber hlustaði og starði fram fyrir sig hvössum sjónum, þar sem grillti í nakin trén í dimmunni. Þegar ég hafði lokið skýrslu minni, lagði hann ýmsar spurningar fyrir mig. Spurningar hans voru nákvæmar og kröfðust nákvæmra svara. Ég hlaut að undrast það, hversu fljótur hann var að glöggva sig á hverju máli. Mestur var áhugi hans á því, að unnt reyndist að stofna prentsmiðjur að nýju og endurskipuleggja áróðursstarfsemina, því að hann vissi, að það var frumskilyrðið til þess, að hægt væri að halda skemmdarstarfseminni og viðnáminu áfram. Það einkenndi Wollweber, að hann lét sig litlu skipta örlög hinna óttaslegnu málaliða Kominterns, sem flúið höfðu Berlín í skyndingu til þess að freista þess að fá far með ráðstjórnarskipum undir umsjón Jans Templins.

„Þeir eru hvergi til neins nýtir,“ sagði hann. „Eins og nú er málum komið, er einn óbreyttur félagi heima á Þýskalandi tíu sinnum meira virði en svonefndur áhrifamaður erlendis.“ Og hann hélt áfram máli sínu: „Horfurnar eru alls ekki eins ískyggilegar og maður gæti ætlað. Enginn, sem þekkir nasistana, getur undrast baráttuaðferðir þeirra. Þrjátíu þúsund félagar eru nú í þrjátíu og tveimfangabúðum. Vikuna, sem leið, voru tvö hundruð fjörutíu og sjö félagar myrtir í Berlín. Það er hræðilegt, en ekki svo undravert, þegar maður gætir að því, hve fjölmenn samtök okkar eru. Við munum bíða meiri afhroð. Já, vissulega. Það er ávallt dýrkeypt, þegar fjöldaflokkur er bannaður. Annars hefði Gestapo getað skotið eða hengt þessar þrjátíu þúsundir. Því skyldum við aldrei gleyma! Gestapo er ekki mesta hættan fyrir samtök okkar. Hættan mesta er óttinn og örvæntingin.“

Ernst Wollweber var fastur fyrir eins og klettur. „Mesta yfirsjónin, sem við gætum gert,“ sagði hann enn fremur, „væri að stæla baráttuaðferðir rússnesku bolsévíkanna áður en þeir brutust til valda. Málaliðar keisarastjórnarinnar voru dugleysingar og amlóðar samanborið við málaliða Hitlers. Viðhorfin á Rússlandi þá og Þýskalandi nú verða engan veginn lögð að jöfnu. Við verðum að berjast gegn Hitler með nýtísku baráttuaðferðum, og, ef nauðsyn krefur, breyta baráttuaðferðum okkar frá degi til dags. Það er einmitt vegna þessa, sem ég stefndi þér hingað til Berlínar. Það verður að undirbúa félagana, uns þeir hafa náð því stigi, að engin óvænt breyting

stefnunnar né baráttuaðferðanna kemur þeim á óvart. Þeim, sem sýna þrjúsku og þvermóðsku, verður að ryðja úr vegi.“

Wollweber lét móðan mása. Hann þagnaði eftir hverja setningu og beið eftir því, að ég samsinnti honum. Mér hafði löngu skilist, að það, sem fyrir honum vakti, var raunverulega að verða einvaldsherra yfir samtökum okkar. Mér duldist engan veginn, að Wollweber hafði mikla vanþóknun á öllum hinum fyrri leiðtogum þýska Kommúnistaflokksins. Margir hinna fyrri leiðtoga flokksins höfðu verið handteknir, og fjölmargir þeirra höfðu flúið land, og Ernst Wollweber hafði orðið svo að segja á einni nóttu hinn ábyrgi leiðtogi viðnámsins gegn Hitler og málaliði hans. Hann var maður, sem neitaði harðlega að hafa samvinnu við nokkurn þann mann í flokknum, sem ekki sat og stóð í hvívetna eins og hann vildi. Hann minnti mig um margt á skopstælingu af Stalín. En eitt var víst, enda þótt margt væri á huldu um mann þennan, athafnir hans og ætlanir: Skip, sem Ernst Wollweber átti að vera skipstjóri á, varð að hafa að áhöfn menn, allt frá stýrimanni að léttadrengr, er hlýddu honum af trú og trygð í hvívetna.

Wollweber vildi breyta um forustu flokksins í Hamborg, en þar var hann næststerkastur á gervöllu Þýskalandi. Hann lét svo um mælt, að Walter Duddins yrði að víkja, og maður, John Scheer að nafni, átti að verða eftirmaður hans. Ástæðan til þess, að Wollweber hafði stefnt mér á sinn fund, var sú, að ég átti að koma Scheer í samband við aðalneðanjarðardeildina í Hamborg, án þess að Duddins vissi um það. Þannig átti síðan að einangra Walter Duddins smám saman. Duddins hafði verið þingmaður og hlotið ágæta menntun. Hann naut mikils álits vegna óttaleysis síns og hæfileika. En hann leit á Wollweber sem „bónða“. Eina ástæðan, sem Wollweber lét uppi um, af hverju að Duddins skyldi rutt úr vegi, fólst í þessari einu setningu: „Félagi Walter er ófyrirleitinn tækifærissinni.“ Wollweber ætlaði að koma sjálfur til Hamborgar og fá flokksforustuna þar í hendur John Scheer.

Loks lauk þessari óskemmtilegu samræðu. Yfirmaður minn stóð þarna og hallaði sér upp að stórum trjából, og ég sá það í bjarmannum af vindlingnum, að hann horfði á mig hvössum sjónum. Við stóðum þannig þögulir stundarkorn.

Síðan spurði Wollweber rásum rómi: „Hefur þú heyrnt nýjustu þýsku skrítluna?“ „Nei.“

„Hver er besti kvenkosturinn í Þriðja ríkinu?“

„Það veit ég ekki.“

„Aríska amman,“ sagði hann og hló hrossahlátri.

Við skildum ú ítjadhri Grünewald. Skógarnir voru mannlausir og nóttin hlý og niðdimm. Hrossahlátur Ernst Wollwebers hljómaði enn fyrir eyrum mér, þegar ég gekk brott. Ég var glaður yfir því að vera aftur einn.

Það var langt liðið á nótt, þegar ég kom til hússins í Zehlendorf. Max var þar fyrir ásamt tveimur mönnum öðrum. Þeir sátu yfir spilum.

„Þú ert eitthvað svo öflugur á svipinn,“ sagði Max. „Glefsaði einhver í þig?“



„Ég er syfjaður,“ svaraði ég. „Mér kom aldrei til hugar, að Wollweber myndi halda mér á göngu klukkutímum saman.“

„Wollweber lætur margt vel,“ sagði Max og hló við. „Félagarnir, sem koma hingað til að ræða við hann, hafa allir sömu sögu að segja. Komdu, ég ætla að vísa þér á rúmið þitt.“

Hann vísaði mér inn í rúmgott svefnherbergi. Um það var sömu sögu að segja og önnur herbergi hússins, sem ég hafði séð: Það bar engin merki þess, að búíð væri í því. Þó lagði þar angan að vitum mér, sem minnti á rósailm.

„Farðu úr skónum,“ sagði Max. „Fólkið á neðri hæðinni kann að halda, að við séum peningafalsarar, ef það heyrir til okkar svona seint um nótt.“

„Hver notar ilmvötn hér?“ spurði ég.

„Cilly sefur hér stundum, þegar Wollweber er ekki heima,“ svaraði Max.

Við vorum í járnbrautarlest á leið til Hamborgar: Wollweber, John Scheer, Cilly og ég. Þetta var ekki hraðlestin, sem ég hafði svo oft ferðast með áður fyrr, þegar tímarnir voru ekki eins viðsjárverðir og nú. Hinir ofsóttu menn gerðu sér allt far um að láta sem minnst á sér bera á aðaljárnbrautarstöðvunum. Við ferðudumst með skiptilest frá Berlín til Spandau, og í Spandau höfðum við tekið sérlest á leigu, sem átti að flytja okkur til Bergerdorf, sem er eitt úthverfi Hamborgar. Þannig ætluðum við að sleppa við eftirlit Gestapo á aðaljárnbrautarstöðinni. Við Wollweber vorum hvor í sínum klefa sama vagnsins, en John Scheer og Cilly voru í öðrum klefa yst í lestinni. Wollweber og Cilly höfðu dönsk vegabréf meðferðis, en ég belgískt, en félagi John Scheer hafði hins vegar skilríki kaupmanns frá Minneapolis handa milli. John Scheer var skarplegur maður, þrjátíu og sex ára að aldri. Klæðnaður hans olli því, að hann minnti dálítið á flotaforingja í útli.

Þetta var óskemmtileg ferð. Það var margt manna með lestinni, og meðal farþeganna voru fjölmargir stormsveitarmenn frá sveitahéruðunum. Hún nam staðar á hinum ýmsu stöðvum með örskömmu millibili. Ég hafði keypt franskt blað í Berlín, er var í mjög stóru broti, og það kom nú í góðar þarfir, því að ég notaði það til þess að fela mig sjónum farþeganna og annarra, er nærstaddir voru. En hvorki mig né samferðarfólk mitt grunaði, að Gestapo hefði einmitt sett nýja gildru fyrir okkur.

Lestin nálgadist Ludwigslust, smáborg, er liggur um hundrað kílómetra frá Hamborg og skammt frá gröf Bismarcks. Vélin stundi þungan, lestin hægði á sér og nam staðar eins og hún hafði gert á öllum öðrum stöðvum, sem á leið okkar höfðu verið. Ég bar dagblaðið fyrir andlit mér sem fyrr og lést lesa, meðan ég beið eftir því, að lestin héldi áfram.

En lestinni dvaldist. Mér brá í brún, er ég heyrði liðsforingja segja hvillum rómi úti á pallinum: „*Alles aussteigen!* Allir farþegarnir fari út úr lestinni!“

Fyrirgangur, fótatak og mannamál barst að eyrum. Mér varð litið upp.

Fjöldi brúnstakka hafði umkringt lestina. Þeir báru hina hvítu borða lögreglu-manna Görings á ermunum. Þeir voru vopnaðir marghleypum og hinir vígalegustu.

Ég sá samferðarfólk mitt klifra út úr vögnunum. Sumir gerðu að gamni sínu, aðrir spurðu kvíðnir og taugaóstyrkir, hvað um væri að vera, nokkrir horfðust festulega í augu við brúnstakkana. Það fór kuldahrollur um mig. „Hvað tekur nú við?“ hugsaði ég með mér. „*Das Spiel ist aus!*“ Leiknum er lokið.

Öðru sinni gall fyrirskipunin við: „Farþegarnir fari þegar í stað út úr lestinni!“

Ernst Wollweber stóð á pallinum í tíu skrefa fjarlægð, og hin dökku augu hans leiftruðu í sólskininu. Hann kveikti sér í vindlingi og horfði á reykin liðast upp í loftið.

Ég hljóp út úr klefanum. Ég þaut framhá Wollweber, en steig ofan á hann í flaustrinu. Ég lyfti hattinum. „*Verzeihung*,“ sagði ég. „Ég bið yður afsökunar.“

„Stattu þig,“ tautaði foringinn. „Þessir karlar vita ekkert.“

Síðan skildu leiðir okkar. Ég hélt í áttina til afturenda lestarinnar í þeirri von, að ég fyndi einhverja smugu. Hringur stormsveitarmannanna var heill og órofinn. Við hinn enda lestarinnar var Cilly að masa við brúnstakk nokkurn. Cilly hallaði höfðinu aftur, svo að langi, hvíti hálsinn kom í ljós, og nasistinn glotti með velþóknun. John Scheer gekk rösklega í áttina til eimreiðarinnar, leit hvorki til hægri né vinstri og reyndi að komast eins langt frá Wollweber og honum var unnt.

Ég fylgdi John Scheer eftir án þess að hafa nokkuð sérstakt í huga. Ég klappaði á brjóstvasann, þar sem blessað belgíska vegabréfið var. Það var nú orðið mér eins mikilvægt og hrörlegur fleki skipbrotsmanni á rúmsjó. Allt í einu vissi ég, hvers vegna ég var að elta John Scheer. Sú fáránlega hugmynd hafði gripið mig, að félagi Scheer væri eimreiðarstjóri, og að hann ætlaði nú upp í eimreiðina og setja hana á fulla ferð. Auðvitað gerði hann það ekki. Hann nam staðar við stjórnklefa eimreiðarinnar, lagði hendurnar á bakið og starði drembilega yfir höfuð brúnstakkanna. Ég sneri mér við. Andlit Ernsts Wollwebers var eins og ólundarleg gríma. Hann var enn að kveikja sér í vindling. Einkennilegri hugsun, sem var alveg óháð hættunni, er yfir vofði, skaut upp í huga mér. „Markmið okkar er í þoku,“ hugsaði ég, „samtökin eru orðin markmið í sjálfu sér.“

Rödd, sem var á að hlýða eins og hún kæmi í gegnum kallara, tilkynnti: „Allir farþegar skipi sér í röð! Síni skilríki!“

Við endann á pallinum stóð lítið borð. Á borðinu lá miðlungsstór bók. Tveir ungir menn sátu við borðið — Gestapo-fulltrúar. Farþegarnir skipuðu sér í röð fyrir framan borðið. Meðal tíu hinna fyrstu var John Scheer. Fimm eða sex farþegar stóðu milli hans og mín. Einna aftast í röðinni stóð Ernst Wollweber og bak við bann Cilly, nærri höfði hærri. Skammt frá borðinu stóð hávaxinn, ungur maður með leiftrandi blá augu og hrokafullan þóttasvip. Hann var ekki í einkennisbúningi, en á kraganum bar hann fyrirliðamerki SS-liðsins. Hann var sá, sem hafði umsjón með aðgerðum þessum.

„Gangið fram!“

Það er sitt hvað að standa augliti til auglitis við Gestapo um hábjartan dag eða að berjast við hana úr myrkrinu. Mig langaði ekkert til að sjá, hvað um Wollweber og

Cilly yrði. Ég beindi öllum kröftum mínum að því að sýnast óskelfdur og einblíndi á borðið fyrir framan mig.

Yfirheyrslurnar hófust. Hver á fætur öðrum gengu farþegarnir að borðinu, sýndu skilríki sín og svöruðu stuttum spurningum. Á meðan var deild stormsveitanna að rannsaka farangur þann, sem skilinn hafði verið eftir í klefnum. Nokkrir ferðamenn fyrir framan mig sýndu félagsskírteini nasistaflokksins. Þeim var sleppt óáreittum. Einhvers staðar fyrir aftan mig féll maður í öngvit. Hann var gyðingur. Tveir liðsmenn tóku að leita í vösum hans. Síðan fóru þeir með hann í lestina aftur. Brúnstakkarnir voru kurteisir. Þeir komu með stóla úr biðsalnum og buðu þá aldurnignu konunum. Röðin styttist.

Nú var röðin komin að John Scheer. Hann sló bandaríska vegabréfinu sínu í borðið og horfði til himins, eins og honum kæmi þetta ekki við. Annar Gestapo-fulltrúinn skoðaði vegabréfið; hinn blaðaði í bókinni, sem hafði inni að halda nafnalista og nokkrar ljósmyndir.

„*Sprechen Sie Deutsch?*“

John Scheer hristi höfuðið, „Ég tala ensku,“ sagði hann.

Gestapo-maðurinn spurði á bjagaðri ensku: „Til hvers eruð þér að ferðast í Þýskalandi?“

„Skemmtiferð,“ sagði John Scheer.

„Þér ferðist einn?“

„Já.“

„Hvaða starf hafði þér með höndum í Ameríku?“

„Ég rek gufufvottahús.“

„Hvaða erindi eigði þér til Hamborgar?“

„Fá skipsferð til New York,“ sagði John Scheer.

„Hvað eruð þér með mikla peninga?“

„Níutíu mörk.“

„Ó, þér eruð búinn að kaupa farmiða með skipinu?“

„Alveg rétt.“

„Gerði þér svo vel að sýna mér hann,“ sagði Gestapo-maðurinn.

„Ég hef hann ekki hér, hann er hjá vini mínum í Hamborg,“ sagði John Scheer.

„Segið þér með nafn og heimilisfang vinar yðar.“

Scheer nefndi nafn af handahófi og götunafn, sem var ekki til. Gestapo-fulltrúinn, sem hafði verið að blaða í bókinni, krotaði eitthvað hjá sér með blýanti.

„Þökk fyrir,“ sagði John Scheer.

Hann gekk burtu. Hann hafði ekki gengið meira en sex skref, þegar annar Gestapo-maðurinn hrópaði á eftir honum: „*Aber Sie haben etwas vergessen!*“ Þér gleymduð einhverju! Félagi Scheer hafði skilið vegabréfið eftir á borðinu. Hann sneri sér á hæl og kom aftur með útrétta hönd. Gestapo-fulltrúinn hrifsaði vegabréfið.

„Ég hélt, að þér skilduð ekki þýsku?“ sagði hann.

John Scheer skoðaði neglurnar á sér. „Dálítið skil ég,“ sagði hann.

Gestapo-fyrirliðinn, sem hafði hingað til látið það, sem fram fór afskiptalaust, skarst í leikinn. „*Ist hier ein Nationalsozialist, der Amerikanisch sprechen kann?*“ Er nokkur þjóðernisjafnaðarmaður hér, sem kann ameríska ensku? hrópaði hann til ferðamannanna í röðinni. Þar voru tveir nasistar, sem kunnu „amerísku“. Líkami Johns Scheers féll sýnilega saman. Andlit hans stíðnaði. Nasistarnir yrtu á hann á ensku. Hann reyndi að svara.

„*Dieser Herr ist bestimmt kein Amerikaner,*“ tilkynnti annar nasistinn. Þessi maður er áreiðanlega ekki Ameríkumaður. Enska Johns Scheers var ekki góð og skorti bandaríska hreiminn.

„Við verðum því miður að halda yður eftir. Hafid þér farangur?“

Tveir stormsveitarmenn fóru með John Scheer inn í biðsalinn. Hann gekk nú aftur teinréttur. Það var í síðasta sinn, sem ég sá hann. Mörgum mánuðum síðar kom frétt um, að hann hefði verið myrtur. Banamenn hans vissu einir, hvernig hann dó.

Yfirheyrslurnar héldu áfram. Nú var röðin komin að mér. Tveir karlar og ein kona voru á milli mín og borðsins. Ég vissi, að vegabréfið mitt var gallað. Ef glöggur maður tók aðra blaðsíðu vegabréfsins og hélt henni gegn ljósinu, gat hann hæglega séð, að pappírinn var þynnri á bletti, þar sem gamla ljósmyndin hafði verið losuð af og hin nýja, myndin af mér, límd á í staðinn. Það var verið að yfirheyra manninn næstan fyrir framan mig. Hann var austurrískur og var á leið að heimsækja systur sína, sem var gift í Lauenburg. Hann tvísteig án afláts, meðan á rannsókninni stóð.

„*Schön!* Þér megid fara í lestina.“

Austurríski maðurinn lét ekki segja sér það tvisvar.

„Næsti.“

Ég gekk fram og fékk Gestapo-manninum vegabréf mitt. Hann leit snöggvast framan í mig og tók síðan aftur að blaða í listanum. Skammt frá stóð yfirmaður þeirra eins og líkneski.

„*Sprechen Sie Deutsch?*“

„*Jawohl!*“ Ég var orðinn rólegur. Kuldahrollurinn var horfinn.

„Eruð þér einn á ferð?“

„Já.“

„Hvað eruð þér að gera í Þýskalandi?“

„Ég er sjómaður. Ég gekk af skipi mínu í Danzig. Ég er á leið heim til Belgíu til þess að komast á annað skip.“

Gestapo-fulltrúinn leit upp. „Hvað hét skipið, sem þér voruð á?“

„Yser frá Antwerpen,“ sagði ég. „Belgískt skip.“

„Hvers vegna er engin pólsk áritun á vegabréfi yðar?“ Hann benti með fingrinum á auða síðu í skírteininu.

„Belgíski ræðismaðurinn í Danzig sendi mig sjóleiðis til Stettin. Þar tók ég lestina.“

„Sýnið mér farmiðann yðar.“

Til allrar hamingju hafði ég að ráði Wollwebers keypt farmiða alla leið frá Berlín til aðaljárnbrautarstöðvarinnar í Hamborg.

„Hvers vegna eruð þér að fara til Hamborgar?“

„Ræðismaðurinn í Hamborg á að útvega mér far með skipi til Antwerpen. Það er ódýrara en að fara með járnbraut.“

„Hafið þér komið til Þýskalands áður?“

„Ekki nema á skipum.“

Gestapo-maðurinn virtist ekki hafa neitt við þetta að athuga. Hann leit á starfsbróður sinn, sem hafði lokað bókinni og hristi höfuðið lítið eitt. Hann hafði ekki fundið neitt.

Allt í einu beindi hann til mín spurningu, sem setti mig nærri því í bobba.

„Hvers vegna notið þér þessa hægfara leið til þess að ferðast frá Berlín til Hamborgar?“

„Það er ódýrara,“ sagði ég. „Ræðismaðurinn vildi ekki greiða hraðlestargaldið.“

„Hvað eruð þér með mikla peninga?“

„Fjörutíu og þrjú mörk.“

„Hvar lærðuð þér að tala þýsku?“

„Móðir mín var frá Eupen. Ég átti heima þar í mörg ár. Héraðið var þýskt áður en Versalasingurinn var gerður.“

„Nú, þá eruð þér sama sem *Volksgenosse*, landi okkar?“

„Já.“

„Þakka yður fyrir, þér megið fara í lestina aftur.“ Þetta var um garð gengið. Mér fannst ég ganga of hratt í áttina til klefa míns. Ég var hræddur um, að ég mundi taka til fótanna. Ég reyndi af öllum mætti að ganga hægt, þannig að skarp-skyggnum áhorfendum mundi sýnast, að ekkert væri um að vera. Þegar ég var kominn í lestina, fór ég að hugsa um Wollweber. Hann mundi aldrei komast í gegn. Ef nokkur ljósmynd var í sökudólgalista-num á þessu borði, þá var það mynd Wollwebers. Ég dró niður gluggann í klefa mínum og einblíndi á foringjann. Ég hélt báðum höndum í gluggakisturnar. Samþjappaður æsingur lá í æðum mínum eins og bráðið grjót, og mér fannst eins og að ég mundi þá og þegar svífa upp af gólfinu í vagninum.

Ernst Wollweber reykti án afláts. Hann lét ekki bera á neinni geðshræringu. Þessi stutti, digri maður var meinlaus og lítilfjörlegur að sjá milli Cilly, sem stóð fyrir aftan hann, há og prúðbúin, og stóra, þrekna mannsins fyrir framan hann, sem var með stórgert andlit og þunga úrfesti og líktist mest smjör- og eggjasala eða hrossakaupmanni.

Röðin styttist. Það var farið með tvo menn, sem höfðu engin skilríki, í biðsalinn. Það var ef til vill liðin klukkustund, síðan lestin hafði verið stöðvuð.

Gestapo-fyrirliðiinn tók að gerast óþolinmóður. Hann gekk fram með röð þeirra, sem biðu, og benti konunum og nokkrum börnum að fara aftur í lestina. Meðal þeirra, sem fóru, var Cilly. Tveir tugir ferðalangar urðu eftir í röðinni. Síðastur

þeirra var Ernst Wollweber. Höfuð hans var orðið eirðarlaust á feitu öxlunum. Litlu fæturnir iðuðu á steinsteypu gólfinu. Dauðinn var ekki lengra en fimmtán metra frá honum.

Mógulu stöðvarhúsin og blái himininn, trén og húsin og eimreiðin — þau virtust öll spyrja: „Félagi Ernst, ... hvað nú?“

Þá bar fyrir augu furðulega sjón. Ernst Wollweber haltraði út úr röðinni. Á andliti hans var afsökunarbrod. Hann gekk beint til háa, unga Gestapo-foringjans, hneigði sig klunnalega og rétti honum ljósgráa danska vegabréfið. Augnabliki síðar voru þeir í áköfum samræðum. Gestapo-mennirnir við borðið sáu, að litli, samanreki farþeginn var að tala við yfirmann þeirra og gerðu sér ekki það ómak að skipa honum í röðina aftur — þeir þorðu ekki heldur að yfirheyra hann. Ég heyrði ekki, hvað þeir sögðu. Þeir töluðu af fjöri, Wollweber með einkennilegum lotningarsvip, en Gestapo-foringinn gamansamur og drýldinn. Hann fékk Wollweber danska vegabréfið aftur og klappaði honum á öxlina með hanskaklæddri hendinni.

Yfirheyrslu fanganna, sem eftir voru, var nálega lokið. Gestapo-foringinn fylgdi Wollweber til klefans og masaði láttlaust. Ég flutti mig í næsta glugga og heyrði brot úr samræðum þeirra.

„*Grüßen Sie unsere Blutsbrüder in Nord-Schleswig*.“ sagði hann. Skilið þér kveðju til landa okkar í Norður-Slésvík. „Hið nýja Þýskaland gleymir ekki sonum sínum handan landamæranna. *Gute Reise! Gute Reise!*“ Góða ferð!

Liðþjálfarödd gelti: „*Alles fertig!*“ Allt tilbúið.

Lestin ók hægt af stað. Gestapo-foringinn stóð teinréttur og kvaddi með nasista-kveðju.

„*Auf Wiedersehen! Heil Hitler!*“

„*Heil Hitler!*“ svaraði Wollweber án þess að hræra fingur.

Á veitingastofu einni í Bergerdorf skipaði foringinn Cilly að snúa þegar aftur til Berlínar. Geymslum, leynilegum bústöðum, sambandsstöðvum — öllum slíkum hjólum í neðanjarðarvélinni, sem John Scheer var kunnugt um, þurfti að breyta, áður en Gestapo bryti niður mótstöðuafli félaga Scheers.

Síðar, þegar við vorum komnir til Hamborgar, spurði ég Wollweber: „Hvernig fórstu að því?“

„Fór ég að hverju?“

„Í lestinni — í Ludwigslust?“

Slesíumaðurinn brosti napurt eins og hans var venja.

„Ég sagði honum, að ég væri gigtveikur,“ sagði hann, „og að mér veittist örðugt að standa svona lengi í röð. Ég kvaðst vera Þjóðverji frá Danmörku og hafa komið hingað suðureftir til þess að sannfærast um, að ógnarsögurnar í erlendum blöðum væru gyðingaáróður. Dóninn glepti við því. Hann var fullur af hroka.“

„Ef félagi Scheer hefði fengið þá hugmynd,“ sagði ég, „þá hefðu þeir tekið þig.“

Ernst Wollweber tautaði, fyrirlitlega og stríðnislega í senn: „Hvers vegna hefðu þeir tekið mig? ... Ég skal segja þér: Það leynist veila í hauskipunni á flestum

mönnum. Hún kemur ekki í ljós, fyrr en allt er orðið um seinan. Þegar mest ríður á, gera þeir einmitt það, sem átti ekki að gera, og með því er djöfladansinum lokið.“

Það, sem eftir var dagsins, varpaði hann frá sér öllum verkefnum leynistarfseminnar. Hann lokaði sig inni í herbergi, sem ég hafði útvegað honum í verkamannabústað nálægt flugvelliðum í Hamborg. Í einverunni þar drakk hann margar flöskur af Patzenhofer-bjór.

En dvöl Wollwebers í Hamborg hleypti áður en langt um leið, straumi í bæði flokkinn og Gestapo. Þeir, sem uppi stóðu af gömlu skipulögðu neðanjarðardeildinni í flokknum, sáu vonir sínar um heiðarlegt eftirlaunastarf í Rússlandi dofna og fylltust skyndilega tryllingslegum fitonsanda, er þeir reyndu að sanna foringjanum, að Hamborg væri enn rauðasta borgin utan Rússlands. Yngri og oft harðgerari kommúnistarnir í lægri flokksráðunum, er litu á sjálfa sig sem erfingja hinna og skyndiárásarlið hinna nýstofnuðu leynisamtaka, lögðu sig í framkróka við að sanna Ernst Wollweber, að gamla forustuliðið hefði dregist aftur úr rás viðburðanna, svo að ekki yrði um bætt. Hver sá, sem stóð utan bolsévikasamtakanna, mundi hafa litið á slíka samkeppni um forustu dauðadæmde málstaðar, sem fáránlegt kapphlaup um réttinn til að þola kvalafullan dauðdaga. Í augum kaldranans var þetta ekki annað en blóði letraður vitnisburður um, að jafnvel meðal lifandi líka er baráttan um aumasta lífsviðurværi rekin af meiri ákefð en átökin um fulla kjötpotta.

Hamborg bergmálaði af kommúnistauppþotum, og ský blóðrauðra flugmiða svifu niður af húspökunum um það leyti, sem mest umferð var á götunum. Gestapo reiddi til höggs með leifturhraða. Frá aðalstöðvum lögreglunnar kvisaðist, að hópar fanga væru kvaldir með sífelldum undirleik spurningarinnar: „Jæja, *du Kommunistenschwein*, ætlarðu þá að segja okkur hvar Ernst Wollweber er?“

Hugo Marx og Fiete (Friedrich) Lux, foringjar GPÚ-neðanjarðardeildarinnar í Hamborg, voru teknir höndum. Walter Duddins var tekinn höndum og þúsund aðrir. Marx hengdi sig í klefa sínum. Fiete Lux var barinn til ólífis. Duddins var dæmdur í fangelsi fyrir landráð. Wollweber lifði. Enginn, nema ef til vill yfirmenn hans í Komintern og Marx, lífvarðarforingi hans, vissu, hvenær eða hvert hann kom og fór. Á einum einasta degi hafði Ernst Wollweber ráðstefnur með sérstöku „flutningaráði“ dagblaðapjónustu Kominterns — Rússa, sem hafði komið til Hamborgar sem loftskeytamaður á ráðstjórnarskipi og ógeðslegum þorpara að nafni Rudolf Heitman, sem var Gestapo-fulltrúi á mála hjá GPÚ. Nýtt ávarp, sem Wollweber hafði samið, var í umferð meðal flokksmanna. Það hófst svo:

„Félagar! Undanhald okkar er á enda. Önnur sókn er að hefjast. Herstjórnir, sem hefja styrjöld, hafa herinn reiðubúinn; flokkurinn verður að skapa sér her sinn, þegar líður á baráttuna.“

En nýju sókninni lauk í fangabúðum Hitlers. Það varð mælikvarði á trúmennsku hvers eins, að hann lokaði augunum fyrir staðreynd ósigursins. „Hvers vegna?“ var óleyfileg spurning. Það voru drottinsvik að gefa í skyn, að yfirsjónir hefðu átt sér stað í starfsemi liðinna tíma. Við vorum, að ég held, hræddari við að horfast í augu

við sannleikann og efasemdirnar í hugum okkar sjálfra en að mæta veldi Hitlersliðanna og Gestapo.

Snemma morguns, dag einn í marslok, var gerð húsrannsókn í prentsmiðju minni í myrkvastofu ljósmyndarans. Sagan um innrás þessa er lofsöngur um tryggð og hetjulund Alexanders Popovics. Ég hafði gefið Rúmenanum nokkrar fyrirskipanir skömmu áður. Hann var líkastur manni, sem hafði lifað vikum saman án þess að fá það eða ætan matarbita. En hann lét aldrei bilbug á sér finna.

„Við erum allir dauðir menn í orlofi,“ hafði hann sagt við Firelei. „En við getum ekki hlaupist á brott, þá mundum við deyja af skömm. Við mundum liggja andvaka á nóttunni og sjá andlit allra þeirra, sem horfnir eru, stara á okkur út um rimlagluggana.“

Í þessari myrkvastofu okkar samsærismannanna á efstu hæð í drungalegu leiguhúsi var Firelei eins og vera úr öðrum heimi. Eini glugginn í herberginu var þakinn svartri málningu. Veggirnir höfðu verið klæddir teppum til að deyfa hljóðið í vélunum. Um rafmagnsljósið hafði Firelei hnýtt vasaklút til þess að draga úr ofbirtunni. Firelei var tuttugu og sex ára. Hún var grönn og girnileg, og hún elskaði enn birtu og liti sumarsins. Hún var eins og gestur í ömurleik þess lífs, sem hafði aðeins hættur að geyma. Það var ekki ást hennar á málefningu, heldur ást hennar á mér, sem hafði valdið því, að hún tók þessa mikilvægu ákvörðun. Hún var orðin ein af okkur og hafði þó aldrei glatað hinum einlæga hita tilfinninga sinna.

Ég hafði kvatt þau skömmu fyrir miðnætti, Firelei, félagi Alexander og ungan hraðboða.

Söguna um húsrannsókn þessa — sem var ein af mörgum þúsundum — heyrði ég í sundurlausum molum, sumt sagði Firelei mér, sumt sögðu mér fangar, sem höfðu haft tal af Popovics, áður en hann gekk í dauðann, og sumt kom fram í landráðandi fyrir rétti, þar sem ég var einn hinna ákærðu.

Klukkan að ganga fjögur um morguninn hringdi húsvörður leiguhúss eins á Reeperbahn í númer 0-0001 — símanúmer Gestapo. Hann skýrði frá því, að hann hefði heyrt grunsamlegan hávaða í húsinu. Gömul kona, sem var leigjandi í húsinu, hafði kvartað um, að hávaðinn, sem virtist koma í gegnum loftið í svefnherbergi hennar, héldi fyrir henni vöku.

Hálfri stundu síðar nam bill frá aðalstöðvum Gestapo staðar fyrir framan húsið. Tveir menn hlupu út úr bílnum. Þeir töluðu við húsvörðinn, og síðan fóru þeir allir inn og héldu upp stigann.

Popovics varð fyrstur til að heyra fótatak innrásarmannanna. Hann stöðvaði vélna þegar í stað.

„Hvað er að, Alexander?“ spurði Firelei.

Það heyrðist viðvörunartónn í bjöllunni, sem stóð í sambandi við ljósmyndastofuna, í sama bili og barið var harkalega að dýrum á henni. Firelei stóð ráðþrota. Popovics greip um úlnið hennar og dró hana að bakdyrum ljósmyndastofunnar. Lásinn var vel smurður, hurðin opnaðist þegar í stað.



Það var eins og Popovics væri að framkvæma áætlun, sem hann hefði gert löngu fyrirfram. Hann ýtti Firelei út á dimman stigapallinn og sagði: „Hlauptu.“

„En þú?“ spurði Firelei með öndina í hálsinum.

„Ég hef annað að gera,“ svaraði Popovics.

Ungi hraðboðinn hafði þegar skotist niður bakstigann. Firelei smeygði sér fram í myrkrið. Popovics læsti dyrunum á eftir henni. Firelei hafði farið úr skónum. Meðan hún hljóp niður stigann, heyrði hún, að framdyrnar á ljósmyndastofunni voru brotnar í spón. Popovics tók lykilinn úr bakdyrunum, opnaði gluggann og kastaði lyklinum út í myrkrið.

Rúmeninn greip síðan lista af heimilisföngum á dulmáli úr fylgsninu bak við þaksperru. Hann reif hann í tætlur og setti hann upp í sig. Þá klifraði hann út um gluggann og náði fótfestu á þakbrúninni. Hann lokaði glugganum og skreið eftir brúninni. Ætlaði hann að láta taka sig höndum ráðnum hug til þess að beina athygli Gestapo frá Firelei? Eða var hann að hugsa um orð sjálfs sín: „Við getum ekki hlaupist á brott, þá mundum við deyja af skömm?“

Gestapo var að leita í ljósmyndastofunni og myrkvastofunni. Ljósmyndarinn og fjölskylda hans voru handtekin. Popovics skreið lengra eftir þakbrúninni. Hún var hál, og honum sóttist seint áfram. Við endann á brúninni lá þakrenna niður á jörð. Ef hann gæti ...

Maður hallaði sér út um gluggann. Geisli úr vasaljósi lék um Popovics. Hann hnipraði sig saman á þakbrúninni og lá grafkyrr.

„Komdu inn!“ hrópaði maðurinn.

Popovics bærðist ekki.

„Komdu inn — annars skýt ég!“

Þannig varð Popovics fangi Gestapo. Einn af mörgum þúsundum.

Ég sá ekki Firelei aftur í margar vikur. Okkur var svipt sundur, eins og mörgum elskendum í samtökunum hafði verið svipt sundur, áður en röðin kom að okkur. Flokkurinn sendi hana til Berlínar. Henni var bannað að láta mig vita, hvar hún ætti heima eða hvaða starf hún hefði með höndum. Við fengum ekki einu sinni að kveðjast.

Einum eða tveimur dögum síðar kom skipið *Beira* til hafnar í Hamborg. Það var danskt flutningaskip, sem var í reglubundnum ferðum til Kaupmannahafnar. Á skipi þessu var fjölmenn kommúnistasella, og einn félagi hennar var hraðboði milli Vesturskrifstofunnar og miðstjórnar flokksins í Þýskalandi. Hann færði mér skipun um að sjá um öruggan flutning á siglingamálaspjaldskrár Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna, AHS, frá Hamborg til Kaupmannahafnar. Spjaldskrárnar höfðu verið í höndum Alberts Walters, forstjóra siglingamáladeildar Kom-interns, sem nú var í fangelsi.

Með aðstoð kvenhraðboða náði ég sambandi við móður gamla sjógarpsins. Hún var gömul kona og hrum, en bardagamóður hennar var óskertur. Auðvitað gæti ég fengið spjaldskrárnar, sagði hún. Þær voru í gamalli dragkistu, sem var falin í kjall-

ara á heimili togarasjómans í Altona. Umfram þetta talaði gamla konan ekki um annað en soninn, Walter, sem hafði verið einkabarn hennar.

Ég fann dragkistuna og gætti hennar eins og sjáaldurs auga míns. Með aðstoð starfsmanns hjá skipreiðasala smyglaði ég henni um borð í *Deira*. Ég reyndi að tilkynna Ernst Wollweber, að ég væri að flytja góssið til Kaupmannahafnar. En það var ekki hægt að hafa uppi á Wollweber með svo stuttum fyrirvara. Hann flutti aðalstöðvar sínar í hverri viku, og það var ekki hægt að ná sambandi við hann nema með margbrotnu skiptistöðvakerfi.

Förin til Kaupmannahafnar gekk að óskum. Hin snöggu umskipti, er ég losnaði undan martröðinni í Þýskalandi, komu mér til að efast um, hvort ég væri í vöku eða draumi. En er ég sá hið risavaxna ferlíki, er nefndist Richard Jensen, bíða eftir mér á bryggjunni í Kaupmannahöfn, komst ég að raun um, að ég var vakandi.

# Í löndum rökkursins

RICHARD JENSEN VELTI sínu víðfræga skrokkbákni upp í stýrissætið í nýja Renault-bílnum sínum. Hann skríkta af ánægju.

„Nú, þegar ljósin eru slokknuð í Berlín,“ sagði hann, „verður Kaupmannahöfn fremsti höfuðstaðurinn, næst Moskvu.“

Það var birta og vogleði yfir Kaupmannahöfn. Mannfjöldinn, sem drakk og dansaði og mataðist af hjartans lyst í öllum skemmtihöllunum í kringum Tívoli, hafði ekkert hugboð um hin myrku öfl, sem höfðu tekið sér bólfestu í litla, glaðlynda konungdæminu, síðan logarnir brutust út um hvelfingu þýska Ríkisþinghússins. Danir voru, engu síður en bræðraþjóðir þeirra í norðri og lýðveldin miklu í vestri, einkennilega óviðbúnir að mæta árás afla þeirra, sem höfðu frelsi mannkynsins á vörum, en valdatöku í hjarta. Hinum breiða undirstraumi frá Moskvu hafði verið beint úr aðalfarveginum — Þýskalandi — og í fyrsta skipti buldi hann nú beint á löndunum norðan Eystrasalts og vestan Rínar.

Jensen hló. „Konan mín er að kvarta: Allan daginn er verið að hringja dyra-bjöllunni. Tovarish hér og tovarish þar. Þeir koma frá Moskvu, frá Lenínsgarði, frá Berlín og Hamborg. Þeir kunna ekki orð í dönsku. Félagi Jensen, segja þeir, útvegaðu okkur dönsk vegabréf! Svona gengur það.“

„Og lögreglan?“

„Lögreglan er meinlaus,“ svaraði Jensen.

Við vorum að aka í bráðabirgðaskrifstofurnar, sem Vesturskrifstofa Kominterns, er var ræk frá Berlín, hafði sett upp á Vimmelskaftet 42 í Kaupmannahöfn og var látin heita lögmansstofa Ottos Melchiors. Það var auðvelt að sjá, hvers vegna Kaupmannahöfn hafði verið valin fyrir framkvæmdamiðdepil Komintern-starfseminnar erlendis. Gestapo teppti gömlu samgönguleiðina yfir Berlín. París var of langt frá Moskvu og samgönguleiðirnar í kringum Þýskaland of krókóttar til að hægt væri að hafa þægilegt og öruggt samband við Frakkland. Leiðin Moskva-Lenínsgarður-Helsinki-Kaupmannahöfn lá um tiltölulega hættulaus lönd. Með járnbrautarlest og skipi var hægt að komast hana á fjörutíu og átta klukkustundum. Aðstaða kommúnista í kaupskipaflotum Norðurlanda var sterk, einkum í Danmörku, og þess vegna var Kaupmannahöfn hentug heimsmiðstöð fyrir samsærisstarfsemi um siglingamál. Auk þess voru Danir ein gestrisnasta og frjálsslyndasta þjóð á jörðu hér, og hið elskulega afskiptaleysi dönsku lögreglunnar hafði löngum verið haft á orði meðal Komintern-manna.

Á lögfræðiskrifstofunni í Vimmelskaftet, sem svo átti að heita, hitti ég bráðabirgða-eftirmann Georgís Dímítrovs. Hann var Tékki að þjóðerni og gekk í Komintern undir nafninu Walter Ulrich, öðru nafni Ulbricht eða Leo, Urvich eða Sörensen. Árið 1923 hafði hann verið skrifstofustjóri í skipulagsskrifstofu Rauðu hundraðsveitanna í Þýskalandi. Með honum var nú ungur Pólverji, sendur af Kommíssarenko í Moskvu, og var honum falið að endurskipuleggja Alþjóðasamband sjómanna og hafnarverkamanna, sem hafði orðið að sjá af sínum ágæta yfirmanni, Albert Walter, vegna handtöku hans. Félagi Ulrich var maður lágvaxinn og herðabreiður, breiðleitur, seinn í hreyfingum og dökkur á hörund. Hann hafði djúpsett, gáfuleg, brún augu.

„Ég býst ekki við, að þú farir aftur til Þýskalands,“ sagði Ulrich við mig. „Við þurfum að nota þig annars staðar. Við erum í þann veginn að taka upp nýja stefnu, sem beint er gegn borgaralegu lýðræðislöndunum. Sú orka, sem við beitum gegn þeim, hlýtur að bera tíu sinnum meiri ávöxt en starf í Þýskalandi. Valdataka Hitlers hefur breytt aðstæðunum í alþjóðastjórnámálum frá rótum. Hin svokölluðu lýðræðisríki eru að rotna lifandi. Þau bjóða okkur tækifæri til djarflegar útbreiðslustarfsemi, sem mun bæta töp þýska undanhaldsins, og vel það. Við drögum rauðan hring um Þýskaland, og — þegar sá tími kemur — kyrkjum við veldi nasista.“

„Þýski flokkurinn býst við mér aftur,“ sagði ég. „Miðstjórnin gaf mér ekki fjarvistarleyfi.“

Jensen geispaði, svo að undir tók. „Það er allt í lagi. Kaupmannahöfn hefur völdin núna. Við sendum Wollweber þýskan féлага úr Lenínskólanum í þinn stað.“

„Þú átt að fara til Svíþjóðar,“ sagði Ulrich.

Í Svíþjóð stóð yfir sjómannaverkfall, mesta verkfall í sögu stéttabaráttunnar þar í landi. Hið sósíalíska sænska Sjómannasamband hafði forustu í verkfallinu, og leiðtogar þess gerðu sér allt far um að halda baráttunni innan takmarka hreinnar kaupdeilu milli sjómanna og skipaeigenda. En Komintern, sagði Ulrich, lét sér ekki nægja slíka stefnu. „Við verðum að breyta verkfalli þessu í uppþot,“ sagði hann. „Við verðum að koma því svo fyrir, að það taki á sig einkenni ákafrar stjórn-máladeilu. Við verðum að skapa skilyrði til árekstra milli verkamanna og ríkisstjórnarinnar. Sænsku öreigunum verður að skiljast, að það er ekki nóg að berjast gegn kauplækkun og að Ráðstjórnarveldið eitt getur bjargað þeim frá langvinnri neyð. Þetta er mikilvægt. Það má ekki gleyma því, að Svíþjóð er ekki nema steinsnar frá hliðum Rússlands.“

Starf það, sem mér var fengið í hendur, fól í sér ýmis atriði, sem Ulrich og Jensen lögðu sig í líma við að útlista. Eitt þeirra var útsmegin ráðagerð um að eyðileggja sænska Sjómannasambandið. Í samningi milli sambandsins og félags skipaeigenda var ákvæði um, að sjómönnum bæri skylda til að segja upp starfi með viku fyrirvara, áður en þeir gengju af skipunum. Það var meðal annars hlutverk mitt að fá áhafnir skipanna til að virða þetta ákvæði að vettugi og ganga af skipunum, jafnóðum og þau kæmu til sænskrar hafnar. Komintern vonaði — og þær vonir

rættust síðar — að slíkt athæfi mundi hafa í för með sér tugi af skaðabótakröfum á Sjómannasambandið fyrir samningsrof og valda því þannig ærnum útgjöldum.

Félagi Ulrich neri höndum saman, eins og hann væri að snúa einhvern úr hálsliðnum. Vöxtur kommúnistaáhrifanna í Svíþjóð, sagði hann, væri kominn undir því, hve vel tækist að trufla viðskipti Svíþjóðar og veikja sænska ríkisvaldið.

„Hvenær á ég að fara?“ spurði ég.

„Nú þegar,“ sagði Ulrich.

Tveir danskir hraðboðar voru tilnefndir til þess að vera milligöngumenn mínir milli Danmerkur og Svíþjóðar. Mér var fengin til umráða fjárhæð, er nema skyldi 1.800 dölum á viku hverri, sem verkfallið stæði yfir. Jensen fékk mér danskt vegabréf.

„Ágætis vegabréf,“ sagði Jensen. „Stimpilmerkin eru ósvikin. Beint frá vinum mínum í lögreglunni á Friðriksbergi.“

Richard Jensen ók til verslunarsendisveitar Ráðstjórnarríkjanna til þess að taka út þá peninga, sem þurfti. Hann kom með þá í bakherbergi á Kaffi Helmerhus, og þar voru seðlarnir taldir. Þar kom fyrir afkárlegt atvik. Við breiddum peningana á borð. Það voru fimm-, tíu- og tuttugu dala seðlar. Í kringum borðið, með björglós fyrir framan okkur, sátu Ulrich, Jensen, Pólverjinn og ég. Allt í einu var barið að dyrum, en þær voru ekki læstar. Eins og þegar ránfuglar varpa sér á bráð, skutum við átta hnefum fram til verndar Komintern-fénu. Handfljótir eins og apar tróðum við, Ulrich, Pólverjinn og ég, seðlum í vasa okkar. Jensen losaði mittisgjörð sína, hneppti frá buxunum og mokaði peningunum, sem eftir lágu á borðinu, ofan í buxurnar. Maðurinn, sem barði, var þjónninn.

„Sími til herra Jensens,“ sagði þjónninn.

Jensen stóð upp og gekk að símaklefanum, sem var í aðalveitingastofunni. Hann ríghélt báðum höndum um vömbina á sér. Þjónninn gaut hornauga til risans. Pólverjinn stóð upp og elti Jensen eins og tortrygginn fressköttur. Viti menn, bandarískir bankaseðlar tóku að hrjóta út úr buxnakálmum Jensens. Pólverjinn tindi þá upp. Hótelstjórinn kom hlaupandi, mjög vandræðalegur á svipinn. Jensen hélt strikinu eins og orrustuskip og virti hina ekki viðlits. Þegar hann kom aftur úr símanum, eyddi hann öllum grunsemdum með góðlátlegum hlátri.

„Drottinn minn dýri,“ rumdi hann, „nú kemst öll Kaupmannahöfn að því, að ég á lata konu.“

Ég fór með hraðlestinni yfir Málmei til Gautaborgar, aðalstöðva verkfallsmanna. Harold Svensson, sænski tollþjónninn í þjónustu GPÚ, tók hjartanlega á móti mér. Innan klukkustundar frá því ég kom til Gautaborgar, var ég sestur á ráðstefnu með Gustav Holmberg úr sænsku miðstjórninni. Með honum voru tveir menn. Annar þeirra var Georg Hegener, aðaladstoðarmaður Jensens. Hann var feitur á skrokkinn, en snar í hreyfingum engu að síður. Hann átti til hugnæmt bros, var dálítið stríðinn og hafði margra ára reynslu í Komintern-starfi. Hinn maðurinn var Bertil Berg frá Málmei, helsti milligöngumaðurinn milli starfsmanna GPÚ

og kommúnistaflokksins í Suður-Svíþjóð. Hann var ungur og ófyrirleitinn. Hann hafði laglegt, unglingslegt andlit, en köld, nærri litlaus augun gáfu því ógeðfældan grimmdarsvip. Þeir höfðu báðir verið sendir til Gautaborgar tveimur vikum áður til að láta til skaras skriða gegn þrjóskufullum kommúnistum, er stjórnðu Verkamannasamtökunum í Gautaborg, blómlegu fyrirtæki, sem hafði aðsetur á tveimur hæðum Rialto-hússins, stærstu byggingarinnar í borginni.

Með aðstoð manna úr bardagasveitum flokksins höfðu sendimennirnir tveir unnið afreksverk, sem blöðum á Norðurlöndum varð mjög tíðrætt um. Sjómannaverkfallið var skolið á, og Hegener og Berg gripu tækifærið. Eimskipið *Kjell* hafði verið mannað verkfallsbrjótum. Skipið lá við akkeri á ytri höfninni. Nótt eina leigði Bertil Berg sér vélbát, fyllti hann ribböldum úr flokknum og sigldi út að *Kjell*. GPÚ-mennirnir réðust til uppgöngu og báru skipshöfnina ofurliði. Þeir völdu úr fimm af fórnardýrunum, bundu þá og köstuðu þeim ofan í bátinn. Þegar komið var í land, var rændu mönnum ekið í bíl til Rialto-hússins. Þar var þeim misþyrmt í augu fjölda gesta í klúbbum, síðan kastað upp á litla vörubifreið og ekið á brott.

Sænsku yfirvöldin létu hefja allsherjarleit. Lögreglan fór á kreik og leitaði dauðaleit að fimmmenningunum um land allt, en árangurslaust. Lögreglan gerði þegar í stað húsrannsókn í bækistöð Verkamannasamtakanna og tók höndum tvö hundruð manns, sem voru ekkert við málið riðnir. Frá Þrándheimi til Kaupmannahafnar, frá Esbjerg til Stokkhólms lýstu forsíður blaðanna mannráninu sem eftirtektarverðasta glæp, er framinn hefði verið á Norðurlöndum um margra ára skeið. Dag eftir dag glumdi spurningin við: „Hvar eru mennirnir af *Kjell*?“

Þeir fundust fimm dögum eftir að þeim hafði verið rænt. Klæðlausir, blóðugir og marðir komu þeir haltrandir úr út skógunum lengst inni í Svíþjóð. Skömmu síðar lokaði lögreglan Verkamannasamtökunum í Gautaborg. GPÚ hafði haft sitt fram.

„Hvers vegna?“ spurði forstjóri samtakanna lögreglustjórann í Gautaborg.

„Vegna glæpanna, sem hér hafa verið framdir,“ svaraði embættismaðurinn.

Bertil Berg var tekinn fastur. Hann neitaði öllum ásökunum og bauð réttinum opinberlega byrginn. Hann var dæmdur, ekki fyrir mannrán, heldur fyrir æsingastarf og skemmdarstarfsemi. Þegar leið á verkfallið, kom Richard Jensen til Svíþjóðar til að tala á landsfundi verkfallsráðanna, og tók ríkislögreglan hann höndum í lestinni. Hann var settur í varðhald í Gautaborg og gefið að sök að hafa verið upphafsmaður „*Kjell*-málsins“. Jensen neitaði afdráttarlaust, að hann hefði nokkurn tíma verið riðinn við Komintern. Hann kvaðst vera maður verklyðsfélaganna og ekkert annað. Ýmsir menntamenn, sem voru nákomnir Ráðstjórnarvinafélaginu, skrifuðu undir áskorun um að sleppa Jensen, og staðfestu sakleysisfyrirlysingu hans. Sænska stjórnin slepti honum og baðst afsökunar.

Sænska verkfallið varð að mikilfenglegum sigri frá sjónarmiði kommúnista. Í fyrsta skipti á starfsferli mínum varð ég raunverulegur alvaldur fjölmennra móg-

samtaka. Skipunum þeim, sem ég gaf á leynifundum kommúnistahlutans af verkfallsráðunum, var tekið sem úrskurðum, er ekki yrði áfrýjað. Kommúnistar störfuðu sem órjúfandi heild í verkfallsráðunum og lögðu fyrirskipanir mínar út sem „meirihlutasamþykktir“ flokksins. Þessi aðferð var tekin upp eftir rússnesku ráðstjórninni og sigldi undir fána „öreigalyðræðis“. Henni var einnig beitt með miklum árangri á fundum verklyðsfélaga og á opinberum fjöldafundum, sem boðaðir voru til að vekja samúð með verkfallsmönnum.

Þá skildist mér, hver áhrif einbeittur og markviss áróður getur haft á æstan mannfjöldi. Ég lærði, hve auðvelt er að æsa múg, sem á annað borð er kominn á hreyfingu, til ofbeldisverka. Endur fyrir löngu hafði Georgí Dímítrov sagt mér í Berlín: „Þegar þú verður var við, að þú hefur náð föstu taki á hugum fjöldans, þá slepptu aldrei takinu, láttu fjöldann aldrei sjálfráðan; segðu fjöldanum hvað hann á að aðhafast kvölds og morgna; láttu hann finna að hann hefur öfl að baki sér, sem þekkja hina réttu leið, og vísa veginn án afláts.“ Sannanir um réttmæti þessa hollráðs urðu mér deginum ljósari í sænska verkfallinu.

Ég gersigraði sænska Sjómannasambandið, sem hafði til þessa verið eitt hinna best skipulögðu í Evrópu. Sérstakir ofbeldisflokkar gengu á skipin, þegar þau komu frá útlöndum, og neyddu áhafnirnar til að ganga af skipunum án þess að skeyta um viku uppsagnarfrestinn, sem sambandið hafði samþykkt. Skipaeigendurnir svörðu með málaferlum og kröfðust þess, að hald væri lagt á sjóð sambandsins. Tilraunir leiðtoga sambandsins til að aftra þessum málalokum gáfu mér tækifæri til að stimpla þá í ávörpum, sem prentuð voru daglega á blóðrauðan pappír, sem svikara við verkfallið og leigubý skipaeigenda. Ég sendi bestu félagana, sem ég hafði, til Stokkhólms og Luleå, til Karlskrona, Málmeijar og Helsingjaborgar. Í öllum höfnunum voru stofnuð verkfallsráð undir handarjaðri kommúnista, og fyrir látlausan áróður náðu þau fljótlega stjórn verkfallsins úr höndum hinna viðurkenndu fulltrúa verklyðsfélaganna. Stormsveitir kommúnista náðu yfirhöndinni á öllum fundum sambandsins. Í Gautaborg og Málmeij sögðu verkfallsmenn skilið við verklyðsleiðtogana. Sambandsdeildinni í Stokkhólmi var vikið úr sambandinu fyrir stórkostleg brot á lögum þess. Sambandið var að liðast sundur. Fyrirskipanabréfi, sem ég fékk frá Ulrich, lauk með orðunum:

„*Das hast du gut gemacht*“ — vel af sér vikið, félagi.

Framkvæmdaráð sambandsins gaf út ávarp til féлага sinna: „Bjargið samtökum ykkar frá erlendum glæpamönnum og skemmdarseggjum!“

Þremur klukkustundum síðar svaraði ég með eldrauðri auglýsingu, undir fyrir-sögninni: „Burt með svikarana! Feyskinn viður flýtur ekki, og verður ekki tegldur!“ Lýðræðið í sænsku verkalyðssamtökunum var í þann veginn að tapa stórrustu.

Ógnarherferð okkar gegn verkfallsbrjótum og virkum andstæðingum kommúnista í röðum verkfallsmanna var rekin samhliða árásum á verkalyðsfélögin. Í höfninni í Gautaborg lá skipið *Lumplena* fyrir akkeri, og var það notað sem fljótandi heimili verkfallsbrjóta. Vegna verkfallsvarða okkar komust þeir, sem á *Lumplena* voru,

ekki í land. Stjórnvöld létu flytja þá í bátum til Gautaborgar, og þeir héldu kyrru fyrir á *Lumplena*, þangað til þeir voru fluttir á skip, sem stöðvast höfðu vegna verkfallsins. Í fyrstu reyndi ég að ónýta störf verkfallsbrjótanna með því að smygla nokkrum tryggum félögum um borð í *Lumplena* og láta þá ráða sig á skip með verkfallsbrjótum. Þegar komið var á rúmsjó, tóku okkar menn upp á því að kveikja elda í kolageymslunum, hella sandi eða glermylsnu í legin á skrúfuöxlunum eða, ef það bar ekki tilætlaðan árangur, kæra skipsfélaga sína sem verkfallsbrjóta fyrir kommúnistum í erlendum viðkomuhöfnum. En Vesturskrifstofan krafðist öflugri aðgerða. Richard Jensen sendi hraðboða, Longfors nokkurn, til mín með skipanir um að sökkva *Lumplena* og verkfallsbrjótahöfn þess á höfninni í Gautaborg.

„Þegar aðstæður breytast, verður að breyta bardagaaðferðunum,“ sagði hann.

„Félagi Ulrich er órólegur,“ sagði Longfors við mig. „Blöðin eru full af kvikisögum um, að erindrekar ráðstjórnarinnar stjórnir þessu verkfalli. Þau segja, að Svíar geti ekki fundið upp svona aðferðir. Þú átt að fara varlega, svo að þú verðir ekki tekinn. Ulrich er hræddur um, að það verði ógurlegt hneyksli, ef lögreglan nær í þig.“

Ég var óhræddur. Ég roðnaði af sigurgleði. Sjálfur hafði ég ekki haft samband við meira en tólf menn í sænska flokknum, hraðboða og leiðtoga. Óbreytta liðið, sem framkvæmdi fyrirskipanir mínar, vissi ekki einu sinni, að ég væri til. Þegar árekstrar urðu og allt fór í bál og brand, gerði ég mér far um að vera hvergi nálægur.

Ég ráðgaðist við Gustav Holmberg um, hvernig hægt væri að koma *Lumplena* fyrir kattarnef. Óundirbúið skemmdarverk mundi gera fjöldann andvígán okkur, einkum ef manntjón hlystist af. Það var óhjákvæmilegt að viðhafa undirbúning. Það þurfti að æsa almenningsálitid gegn *Lumplena*, áður en hægt væri að sökkva skipinu, svo að verknaðurinn gæti sýnst sprottinn af augnabliks örvæntingaræði. Félagi Holmberg var sammála. Fimm mönnum úr Rauðu fylkingunni var falið að vera viðbúnum, þegar hið rétta augablik kæmi. Það mundi nægja að opna botnventlana eða að kveikja í lestinni eða hvort tveggja. Á meðan gerði Holmberg út Samband ungra kommúnista til að undirbúa almenningsálitid.

Eftir nóttina voru húsveggir, gangstéttir og bryggjur í Gautaborg alsett máluðum vígorðum: „Burt með Lumplena!“ ... „Niður með pestarskipid Lumplena!“ ... „Hvað er verkfallsbrjótur? — Maður, sem stelur brauðinu frá börnum þínum!“

Blaðaljósmyndarar tóku myndir af vígorðunum. Myndirnar voru birtar á fremstu síðu sænsku blaðanna. „Hvað á þetta að þýða?“ voru fyrirsagnirnar. „Hvar er lögreglan?“ Skipaeigendafélagid krafðist aukinnar lögregluverndar við höfnina og *Lumplena*. Ráðagerðirnar um að sökkva verkfallsbrjótaskipinu urðu að vikja fyrir öðrum atburði. *Gripsholm*, mesta skip sænska kaupskipaflotans, kom til Gautaborgar frá New York. Eftir að farþegum og pósti hafði verið skipað á land, var skipinu skipað að láta úr höfn þegar í stað. Ég sendi stormsveitir mínar til hafnarinnar. Gripsholm var kyrrsett með valdi og áhöfnin, sem skipti hundruðum, rekin í land. Það var hundraðasta skipid, sem stöðvaðist vegna verkfallsins.

Kvöld eitt samdi ég flugmiða: „Sjómenn, stofnið árásarsveitir!“



Árásarsveitirnar voru stofnaðar. Kvöldið eftir samdi ég annan flugmiða: „Sjómenn og kyndarar! Gerið árásir á hafnirnar! Kastið verkfallsbrjótum af skipunum!“

Flugmiðarnir voru prentaðir í prentsmiðjum flokksins að nóttu til. Hraðboðar á bifhjólum fluttu þá til fjarlægustu hafna Svíþjóðar svo að segja áður en prentsvertan var þornuð. Árangurinn kom hjörtum bolsévika til að hoppa af gleði. Sjófarendur voru komnir af stað, og sökum þess að þá skorti aðra tápmikla forustu, gerðu þeir einmitt það, sem hin leynda stjórn kommúnista vildi. Allar tilraunir verklyðsfélaganna til að beita venjulegum, seinlátum lýðræðisaðferðum, að leggja til, ræða og greiða atkvæði, voru blátt áfram tættar í sundur fyrir óvæntar framkvæmdir hins brynjaða kommúnistaminnhluta. Þetta færði mér heim sanninn um, hve gagnslitlar lýðræðisaðferðir eru, þegar þeim er beitt gegn samsæri með einhuga stjórn í broddi hamslauss lýðs.

Mennirnir gerðu innrásir á hafnarsvæðin og leituðu í verkfallsbrjótaskipunum. Það voru ekki sjómenn eingöngu í hópum árásarmannanna. Kommúnistaflokkurinn var mættur, karlar, konur og börn, og höfðu flest þeirra aldrei komið á skipsfjöl áður. Á sænska skipinu *Gwalia* létu árásarsveitirnar sér ekki nægja að eyðileggja allt, sem þær gátu hönd á fest, heldur kveiktu í skipinu á mörgum stöðum. Árásirnar á hafnirnar voru gerðar að nætulagi. Í Gautaborg var riddarasveit lögregluþjóna dregin af hestbaki og afvopnuð. Lögreglan notaði táragas, en þar eð hana skorti reynslu í meðferð þess, var sprengjunum sleppt of snemma, og verkfallsmenn köstuðu gashylkjunum aftur í árásarmennina.

Fréttir bárust frá Hamborg um, að margir skipsfarmar af nasistum hefðu látið úr höfn, og væri förinni heitið til Svíþjóðar til að manna sænsk skip. Þetta var — enda þótt enginn nema utanríkisdeild nasistaflokksins gerði sér þá grein fyrir því — upphaf kerfisbundinnar innrásar af hálfu nasista í kaupskipaflota Norðurlanda, Hollands og Belgíu. Enn einu sinni hafði Komintern óafvitandi opnað fasistum leið. En þegar fréttin kom, varð hún vatn á myllu kommúnista. Hún gaf okkur tækifæri til að saka sænska Skipaeigendafélagið um bandalag við hina mjög óvinsælu Þjóðernissósíalista.

Af tveimur skipsförmum brúnstakka, sem væntanlegir voru til Stokkhólms þessa viku, komst ekki nema annar á áfangastaðinn. Hitt skipið hafði skipað farþegum sínum á land í Oskarshamn, Norrköping og öðrum minni höfnum á leiðinni. Ég fann Alþjóðasjómannafélagið fullt af sjómönnum ýmissa þjóða. Þeir höfðu fengið sér hamra og axir, barefli, flöskur fylltar af sandi, sandpoka, hnífa, gaddakylfur, hnúajárn og tappatogara að vopnum. Þeir skiptu sér í flokka og töluðu af blóðþorsta miklum. Þeir voru með miklar fyrirætlanir. Þeir vildu endurtaka Kjell-ránið í stærri stíl. Háværar deilur voru hafnar um pyndingaraðferðir, hverja annarri djöfulegri. Kvenfylgiliðið var öllu hugvitsamara um þetta en sjómennirnir. Ég furðaði mig á því stórkostlega hatri, sem þessir rólyndu Svíar höfðu yfir að ráða.

Hástig þessara athafna allra var eins og svalandi skúr. Þýska skipið *Alster* kom til hafnar skömmu eftir miðnætti. Meiri hluti árásarsveitanna í Stokkhólmi lá sofandi

á bekkjum og gólfum Alþjóðasjómannafélagsins. Hinir voru í nálægum íbúðum að bíða eftir kalli til vopna. Undireins og einn af vökumönnunum í höfninni hafði tilkynnt mér, að nasistaskipið væri komið, flýtti ég mér til Alþjóðasjómannafélagsins. Hraðboðar vöktu þá, sem sváfu í íbúðunum.

„Brúnu manndrápararnir eru komnir,“ hrópuðu þeir.

Ef ég hefði verið vakinn einni mínútu fyrr, þá mundi ég hafa fallið í hendur lög-reglunnar í Stokkhólmi. Hún hafði umkringgt bækestöð Alþjóðasjómannafélagsins. Einn og einn voru liðsmenn árársarsveitanna leiddir út úr húsinu, eins og dasaðar rollur, og afvopnaðir. Ég stóð í skjóli við hús ekki allfjarri, horfði á aðfarirnar og gnísti tönnum. Það hafði komist upp um fyrirætlun okkar.

Ég símaði heim til Silléns, formanns kommúnistaflokksins.

„Við verðum að gefa út ávarp þegar í stað,“ hrópaði ég í heyrnartólið og sagði frá viðburðum næturinnar. „Hafðu fyrirsögnina: ‚Lögreglustjórinni í Stokkhólmi er þjónn Hitlers‘.“

Rödd Silléns var eins og marrandi hurð, þegar hann svaraði: „Hvað þá? Um miðja nótt?“

„Veistu ekki, að það er verkfall?“

„Hver er þetta? Hvað eiga þessar heimskulegu spurningar að þýða?“

„Látid þið hendur standa fram úr ermum! Ég sendi hraðboða mína til ykkar klukkan níu.“

Ég hringdi af. Dreifimiðinn var prentaður um hádegi og var dreift um höfnina. Enn var eftir að efna til árásar á *Alster*. En foringjar hafnarsveitanna höfðu verið handteknir. Lögreglan hafði sundrað liði okkar. Það var aðeins ein leið opin: smáskæruhernaður. Hraðboðar flokksins buðu út öllum vinnufærum kommúnistum. Þeir söfnuðust saman á götuhornum meðfram höfninni. Ég skipaði þeim í smásveip og gaf þeim skipun um að misþyrma öllum, sem kæmu í land úr *Alster*, og kasta þeim í höfnina. Í hverri sveit voru einn eða tveir þýskir flóttamenn.

Eftir að handteknu félagarnir höfðu verið hafðir í haldi yfir daginn, var þeim sleppt um kvöldið. Þrátt fyrir að árásin ráðgerða hefði farið út um þúfur, var tilvera nasistanna ekkert sældarbrauð þann daginn. Það var einnig dagur óvæntra viðburða. Hérumbil tuttugu af stormsveitarmönnunum neituðu að hreyfa sig af skipinu, þegar þeir heyrðu, að það ætti að nota þá fyrir verkfallsbrjóta. Auk þess gengu ellefu þeirra til Alþjóðasjómannafélagsins, þegar myrkva tók, og skýrðu frá því að þeir væru andvígir nasistum, en hefðu gripið þetta tækifæri til þess að komast á sænsk skip og flýja Þýskaland. Við fögnuðum þeim sem bræðrum. Stúlkurnar, sem kvöldið áður höfðu lagt sig í framkróka við að finna upp nýjar pyndingaradferðir, gerðu nú allt sem hægt var til að þóknast félögunum frá Hamborg.

Á meðan gerðu leiðtogar sænska Sjómannasambandsins allt sem unnt var til þess að bjarga hinum niðurníddu leifum samtaka sinna með því að semja frið við skipaeigendur. Þeir gengu að kröfunum um lækkun á kaupum sjómanna og réðu fylgismönnum sínum að taka upp vinnu aftur. Í símskeyti frá Richard Jensen var

mér gert viðvart um þessar leynilegu samningaumleitanir. Eðli starfsemi minnar hafði nú tekið snöggum breytingum. Í stað þess að hvetja fleiri skipshafnir til að taka þátt í verkfallinu átti ég nú að reyna að telja kommúnista og áhangendur þeirra meðal sjómanna á að keppast um að komast í þau skipsrúm, sem laus voru. Félagarnir voru snortnir af hita bardagans og vildu fyrir hvern mun halda áfram.

Annað símskeyti kom frá Jensen. „Enga vitleysu. Vinir okkar verða að ganga á skipin.“

Ef þeir gerðu það ekki, vissi ég að keppinautar okkar, jafnaðarmennirnir, mundu gína yfir atvinnunni og kommúnistarnir fengju að hírast í landi.

Flokksaginn vann sigur. Þannig lauk verkfallinu með ósigri fyrir sænska sjómenn. En kommúnistaflokkurinn var fastari í sessi á skipunum en nokkru sinni fyrr. Vesturskrifstofan, Komintern í Moskvu og öll blöð Kominterns töldu verkfallið vera mikilvægan stjórnmalásigur.

Ég sendi hraðboða til Kaupmannahafnar til að gefa skýrslu og fá frekari fyrirskipanir. Síðan sneri ég aftur til Gautaborgar, dauðuppgjefinn. Hugur minn var í Þýskalandi. Hvar var Firelei? Hvar var sonur minn? Ég hafði ekkert frétt af þeim.

Harold Svensson var með bréf til mín með fyrirskipunum. Hann hafði ein-kennisfrakkann hnepptan frá sér og var að hossa litla syni sínum á hnjám sér. Hann hneggjaði, og barnið skríkti af ánægju. Ég var að lesa fyrirskipanir mínar.

Svensson hætti leiknum. „Jæja, félagi, hvert skal halda?“ spurði hann.

„Til Noregs,“ svaraði ég. „Narvik.“

Richard Jensen, sem hafði verið fengin í hendur yfirstjórn fjármála Vesturskrifstofunnar, sendi mér enga peninga. Hann hafði gefið í skyn, að hann þyrfti að senda miklar fjárhæðir til Ameríku, en þar var verið að vinna að því, að ráðstjórnin væri viðurkennd opinberlega. Þess vegna varð ég að ferðast norður fyrir heimskautsbaug á þriðja farrými með tvo dali til umráða á dag.

Í Osló hélt ég beint til bústaðar dr. Halvorsens. Hann hafði víggirt sig með viskíflösku og var að vinna að veigamikilli skýrslu um norsku ríkisjárnbrautirnar. Gögnin, sem hann var að vinna úr, voru mörg hundruð síður að stærð með landabréfum, ljósmyndum af brúm og jarðgöngum, sérilagi af járnbrautarlínunni milli Hænefoss, Hønefoss, og Björgvinjar. Ég ætlaði að fá meðmæli til flokksdeildarinnar í Narvik hjá dr. Halvorsen.

„Ég hef ágætan mann norður þar,“ sagði hann, „Martin Hjelmen. Hann hefur myndað mjög athafnasaman flokk meðal sjómanna á norðurströndinni, en samböndin við Kiruna-járnbrautin eru slæm. Honum finnst hann vera einangraður þarna fyrir norðan. Það fjörgar hann, ef hann verður þess var, að Alþjóðasambandið sýni áhuga á starfi hans.“

Mér þótti skringilegt að sjá, hvernig dr. Halvorsen geymdi trúnaðarskjöl flokksins. Bréf og skjöl um Narvik tók hann úr læstum stálkassa, sem var merktur „Encephalitis epidemica — svefnisýki.“ Hann valdi úr handfylli af skjölum.

„Kynntu þér þetta,“ sagði hann.

Dr. Halvorsen símaði til Kittyar Andresens, kvenhraðboða síns. Þessi skarpleiti kvenskörungur með harðfengna andlitið snaraði sér inn í herbergið tæpum háltíma síðar. Hinn stálhrausti líkama hennar iðaði af eftirvæntingu.

„Hæ, sjómaður!“ hrópaði hún. „Þú ert að fara norður, heyrir ég. Lof mér að fara með þér. Mér dauðleiðist.“

„Enga peninga,“ svaraði ég. „Ég verð víst að fara einn.“

Kitty Andresen gretti sig. En ekkert gat kæft skap hennar.

„Ég verð að segja ykkur eitt,“ skrafaði hún. „Ég átti langt tal við Hákon Noregskonung.“

„Konunginn?“

„Já. Það var í febrúar. Ég var á skiðum í Nordmarken. Allt í einu kom karl á skiðum á eftir mér. Hann var eins og fuglahræða, sem hefur hlaupið ofvöxtur í. Hann fór fram úr mér á leið niður brekkuna, svo að ég reiddist og hrópaði: „Hæ, stopp!“ Hann nam staðar og baðst afsökunar á að hafa farið fram úr mér. Við settumst í snjóinn og snæddum brauð, og hann kallaði mig „barmafulla Noregisdóttur!“ Ég hló og sagði: „Kunningi, þér eruð nógu gamall til að eiga dóttur á mínum aldri. Ég hef séð yður einhvers staðar áður.“ „Rétt,“ sagði hann, „ég er Hákon konungur.“ Innan skamms vorum við farin að tala saman um stjórnsmál. Vitið þið hvað hann sagði? „Skipin okkar, þau eru líf okkar og máttur.“

Dr. Halvorsen setti upp vingjarnlegasta djöfulsglott sitt. Ég vissi hvað hann var að hugsa. Hann var að hugsa um Karin, konu sína, og njósnir hennar í skrifstofu skipajöfursins Wilhelmsens.

Ég fór með næturlestinni til Þrándheims. Þar norður fyrir liggur engin járnbraut, því að landið er svo klettótt og hrjóstrugt. Þegar undantekin er járnbrautin til Kiruna, fara allar samgöngur til norðurhlutans fram á sjó. Skipið var lítið, en traust. Sem farþegi á þriðja farrými varð ég að hafast við á þilfari. Förunautar mínir voru bændur, sjómannaakonur, veðurbitinn klerkur og nokkrir járnbrautarstarfsmenn og vitaverðir. Það var harðfengt, vingjarnlegt fólk, sem elskaði hinar hreinu, ströngu línur áttþaga sinna. Það bölvaði skipunum, sem sigldu fram með ströndinni til Múrmansk, Arkhangelsk og Karahafsins í sífellt ríkari mæli. Skipin dreifðu olíu um sjóinn, og olían drap fiskinn.

Skammt frá mynni Saltfjarðar og höfninni í Boðin sá ég, hvernig olían getur farið með sjófugla. Eitthvert olíuskip á leið þar hjá hafði dælt dreggjunum úr olíugeymum sínum í sjóinn, og olían hafði sest í fjaðrir máfanna, sem syntu á sjónum. Á margra mílna svæði gat að líta ömurlega sjón — óteljandi fugla, þakta olíuskán, dauða eða að dauða komna. Það mundi vera tilgangslaust, hugsaði ég með sjálfum mér, að segja þessum óbrotnu Norðmönnum frá dásemdum fimmáraáætlunarinnar, sem dreifði olíu við bæjardyrnar hjá þeim og drap fiskinn og fuglana. Á þriðja degi stefndi skipið inn Lofoten-fjörðinn undir gráum himni. Aflíðandi hlíðar mósvartra fjalla byrgðu sjóndeildarhringinn, og hin mikla járngrýtisbryggja gnæfði á stjórnboða, en skipin, sem lágu við hana, voru að sjá eins og leikföng.

Ef járngrýtið hefði ekki komið til sögunnar, mundi Narvík vera syfjulegt sjávarþorp. Járn var lífæð Narvíkur; járnbrautin frá Kiruna til hinnar íslausu strandar hafði gert Narvík að einni fræknustu járngrýtishöfn heimsins. Á flestum skipum þeim, er til Narvíkur sigldu, blöktu fánar Stóra-Bretlands og Þýskalands, en Þýskaland var í þann veginn að fá yfirhöndina. Narvík var lík Múrmansk að því leyti, að hún var full af karlmennsku og háreysti vinnunnar, en þar var ekki vottur af þeim þrengslum, eynd og sóðaskap, sem einkenndu Múrmansk.

Starf mitt í Narvík stóð í nánu sambandi við stefnu Hitlersstjórnarinnar. Skýrslur, sem okkur höfðu borist um leynilegan vígbúnað í Þýskalandi, um tilnefningu hermálaráðunauta við allar þýskar sendisveitir og aukningu á járnkaupum Þýskalands yfir Narvík, bentu allar í sömu átt — styrjaldarundirbúningur með góðum fyrirvara. Styrjöld gegn Ráðstjórnarríkjunum, að því er við héldum. Ég var ekki í neinum vafa um það, ef stríð skylli á, að þá mundi Rauði herinn ekki hika við að reka járnfleyg á milli norsku járngrýtishafnanna og þýskra siglinga. Það féll í hlut okkar Komintern-manna að herfa jarðveginn. Skipanir mínar frá Vestur-skrifstofunni gengu í þá átt, að ég ætti að beina athygli kommúnista á Narvíkursvæðinu frá fiskveiðum og siglingum að hafnarverkamönnum í Narvík og verkamönnum við Kiruna-járnbrautina. Í styrjöld mundi allsherjarverkfall og uppreisn hafnarverkamanna og járnbrautarmanna vera ágæt átylla til þess, að Rauði herinn og flotinn tækju Norður-Noreg í sína umsjá. Hafði Stalín ekki sagt sjálfur, að Rauði herinn væri her heimsbyltingarinnar?

Í samtökum kommúnistaflokksins á Narvíkursvæðinu voru tæplega níu hundruð félagar, er greiddu iðgjöld. Aðalstöðvum flokksins hafði verið komið fyrir í húsi Alþjóðasjómannafélagsins, sem Arthur Samsing hafði stofnað árið 1931 og hafði síðan lifað á fjögur hundruð dala mánaðarstyrk úr sjóði Kominterns Mánuði áður en ég kom til Narvíkur, hafði Knut Björk, sem ég hafði hitt í Svíþjóð — og féll síðar á Spáni — verið gerður að leiðtoga flokksins í Narvík. En sá, sem hafði taumana í sinni hendi á bak við tjöldin, var maður dr. Halvorsens, Martin Hjelmen.

Hjelmen var ættaður frá Osló. Hann hafði hlotið menntun í hernum og var fær stjórnandi. Hann var meðalmaður á hæð, hafði dökk, fjórleg augu og brúnan, óþægán hárlubba, og var einn hinna fáu norsku kommúnista, sem voru ekki auga-fullir og ósjálfbjarga að minnsta kosti einn dag í viku. Hann talaði ensku prýðisvel og hafði ferðast um Bandaríkin fyrr á dögum. Mér var mikil ánægja að hafa samvinnu við mann á borð við Martin Hjelmen. Hann var heiðarlegur inn í bein. Sem bolsévíki áleit hann, að eina bjargráð Noregs væri bandalag við Rússland ráðstjórnarinnar. Að því starfaði hann.

Á fjölmörgum fundum brýndi ég fyrir verkamönnum flokksins nauðsyn þess að gera höfnina í Narvík og Kiruna-járnbrautina að virki stalínista. Í samráði við Hjelmen og Björk gerði ég áætlun um starfsemi flokksins í næstu sex mánuði. Við komum okkur saman um að gefa út vikublað fyrir hafnarverkamenn í Narvík og annað fyrir járnbrautarmennina. Eftir að ég hafði starfað af krafti að endur-

skipulagningu í fimm daga, fannst mér að flokksdeildum okkar í Narvík hefði verið mörkuð framtíðarstefna. Ég bjóst til brottferðar. Í bæ á stærð við Narvík hlaut gestur, sem hafði mök við alþekktu kommúnista á staðnum, að vekja á sér eftirtekt lögreglunnar fyrr eða síðar.

Martin Hjelman var vel að sér um starfsemi nasista á Norðurlöndum. Fyrstu flokksdeildir nasista höfðu verið settar á stofn rúmu ári fyrir Ríkisþinghússbrunann. Gestapo hafði tekið að teygja arma sína út fyrir landamæri Þýskalands ekki síðar en í mars 1933, og voru erindrekar hennar grímubúnir sem blaðamenn, kaupþýslumenn og flóttamenn á öndverðum meið við Hitler. Nafnlaust beitiskip hafði verið á sveimi milli Lofoten-eyjanna. Félagsskapur Þjóðverja, búsettra á staðnum, sem kallaði sig *Kulturverband*, rak upp kollinn í norðurhluta landsins. Annað félag, *Deutsch-Schwedische Reichsvereinigung*, kom upp eins og skrattinn úr sauðarleggnum á sænskri grund. *Herr* Haupt nokkur frá Berlín settist að sem farmmiðlari í Narvík og notaði sér viðskiptasambönd sín til að stinga upp á að mönnum, sem væru ekki af arískum kynstofni, yrði sagt upp starfi hjá fyrirtækjum, sem versluðu við Þýskaland. Tveir aðstoðarmenn Hjelmens, sem brutust inn í skrifstofu Haupts, komust yfir bæklinga, prentaða á norsku, sem Fichtebund í Hamborg hafði gefið út, en það var dulbúin grein af utanríkisdeild nasistaflokksins. Í bæklingum þessum var því haldið fram, að Hitler mundi verja Noreg fyrir innrás bolsévika. Vorið 1933 voru þetta enn furðulegar upplýsingar.

Það, sem Martin Hjelman vissi ekki, var, að Haupt hafði njósna sína einnig í Alþjóðasjómannafélagi okkar. *Herr* Haupt var starfsmaður Gestapo, og sendimenn hans störfuðu sem sjómenn á járngrýtisskipum frá Hamborg. Þeir þóttust vera æðisgengnir fjandmenn Hitlers og hikuðu ekki við að taka þátt í kommúnistafundum í Narvík. Einn morgun tók leynilögreglan Knut Björk í yfirheyrslu um Kominternfulltrúa frá Hamborg. Leynilögreglumennirnir nefndu nafn. Það var nafn mitt. Það var ljóst, að einn af njósnurum nasista hafði borið kennsl á mig og skýrt Haupt frá, að ég væri í Narvík, en hann aftur kært fyrir norsku lögreglunni.

Það hófst óður eltingaleikur. Lögreglan hafði gætur á öllum skipum, sem lögðu úr höfn í Narvík. Hjelman leitaði hjálpar fiskimanns nokkurs til að smygla mér frá Narvík. Bátur fiskimannsins var tíu metrar á lengd, smíðaður úr eik fyrir nærri níutíu árum. Í honum var hóstandi vél frá heimsstyrjaldarárunum. Við laumuðumst út úr Lofoten-firði um hánótt, sjómaðurinn, tíu ára gamall sonur hans og ég.

Fiskimaðurinn sat í skut, ferlegur og þrekinn og stýrði. Hann tuggði tóbak eins og súkkulaði. Hérumbil á klukkustundar fresti æpti hann á son sinn að færa sér te og romm. Drengurinn gerði gælur við hina ódælu vél. Ég dældi, holdvotur, og saltvatnið sveið í augum mér. Við náðum Boðin, í norðvesturhluta Saltfjarðar, að kvöldi næsta dags.

„Mér þykir leitt, að ég get ekki greitt þér fyrir ómakið,“ sagði ég við fiskimanninn. „En segðu mér heimilisfang þitt. Og ég óska þér góðs gengis á leiðinni heim til Narvíkur.“

„Ég mundi ekki taka við peningum af þér,“ sagði fiskimaðurinn. „Það ert þú, sem þarft mest á góðu gengi að halda.“

Það féll skipsferð til Þrándheims morguninn eftir.

Á veitingastofu einni seldi ég skrifara lögfræðings nýju Continental-ferðarítvéлина mína fyrir áttatíu krónur. Sextíu klukkustundum síðar var ég í Þrándheimi. Ég fór til Alþjóðasjómannafélagsins.

Ritarann, féлага Bakland, furðaði á að sjá mig.

„Lögreglan kom hingað,“ sagði hann mjög æstur, „þeir voru að spyrja eftir þér.“

Aumingja maðurinn var á nálum og vildi láta mig fara. Hann var hræddur um að Komintern mundi skella skuldinni á hann.

„Láttu mig fá fimmtíu krónur,“ sagði ég. „Ég ætla til Osló.“

Pegar ég kom út af stöðinni í Osló, varð ég var við, að lögreglumenn í borgaralegum fötum eltu mig. Ég skaust fyrir mörg horn, hvert á fætur öðru, og þaut síðan eins og örskot inn í City-hóтелиð. Leynilögreglumennirnir höfðu tekið til fótanna. Þeir náðu mér í anddyrinu. Annar lagði höndina á öxl mér. Hinn varði innganginn.

„Við erum frá útrendingaeftirlitinu. Gerið þér svo vel að koma með okkur á lögreglustöðina.“

Þeir kölluðu á leigubifreið. Þeir skorðuðu mig milli sín, og við ókum til aðal-lögreglustöðvarinnar. Í rúmgóðri skrifstofu virti herðabreiður maður mig gaumgæfilega fyrir sér. Hann var yfimaður útrendingaeftirlitsins.

„Setjist þér,“ sagði hann.

Ég settist og bjóst til að verjast með þögninni.

„Hvers vegna misnotið þér norska gestrisni?“ spurði maðurinn.

„Ég veit ekki, hvað þér eigið við,“ svaraði ég.

„Þér vitið það. Þekkið þér Samsing?“

„Hvern?“

„Arthur Samsing.“

„Nei.“

Embættismaðurinn dró mynd af féлага Samsing út úr myndahefti. „Hvaða þátt áttuð þér í hvarfi þessa manns?“ spurði hann. „Hvar er hann?“

„Ég þekki manninn ekki,“ sagði ég.

„Hvað voruð þér að gera í Narvík?“

„Ég hef aldrei komið til Narvíkur. Ég er að koma frá Þrándheimi.“

„Í hvaða tilgangi komuð þér til Noregs?“

„Ég kom í skemmtiför. Noregur er fallett land.“

Hann reiddist. „Ég sé, að það er tilgangslaust að tala við yður,“ hreytti hann út úr sér fokvondur. „En ég skal samt sem áður segja yður eitt. Við vitum, hver þér eruð. Við vitum, að þýska ríkislögreglan er að leita yðar. Þér eruð kominn til Noregs í ólöglegum tilgangi. Við verðum að senda yður úr landi. Ef þér talið við okkur af hreinskilni, þá sendum við yður til þess lands, sem þér veljið sjálfur. Ef þér haldið áfram að gabba okkur, þá ...“

„Já?“

„Þá sendum við yður til Þýskalands,“ hélt lögreglustjórinn áfram: „Þér vitið betur en ég, hvað það táknar.“

„Við skulum ræða málið,“ sagði ég.

„Gott. Segið þér mér, hvers vegna þér komuð til Noregs, hverja þér hafið hitt hér fyrir.“

„Ég kom hingað til þess að skoða landið,“ sagði ég. „En aðallega til þess að hitta stúlku, sem ég er ástfanginn af.“

„Hvaða stúlku?“

„Ungfrú Kitty Andresen.“

„Heimilisfang?“

„St. Hallvard 26.“

Rannsóknardómarinn var vantrúaður: „Sei, sei, þér hafið ekki komið hingað vegna stúlku. Hver er þessi ungfrú Andresen?“

„Stúlka. Ég get ekki sagt meira. Hún getur gefið yður upplýsingar sjálf, ef hún vill.“

„Við skulum sjá til. ... En meðal annarra orða, eruð þér útsendur kennari til Norðurlandþjóðanna frá Alþjóðasambandi kommúnista?“

„Er ég hvað?“

Yfirheyrslan tók margar klukkustundir og varð árangurslaus. Að lokum sagði yfirmaður útrendingalögreglunnar með niðurbældri reiði: „Það er nóg komið! Við yður verðum við að tala á annan hátt!“

Hann kallaði á leynilögregluþjón. Ég var handjárnaður og leiddur niður í dimman gang í kjallara hússins. Þungar járndyr voru til beggja handa. Einar dyrnar opnuðust.

„Þarna inn,“ sagði leynilögregluþjónninn.

Þunga hurðin skall í lás á eftir mér. Þarna inni var ekkert nema lítið loftop, örmjór ljósgeisli og síðan steinveggurinn á alla vegu. Ég gekk um gólf og reyndi að koma brotamynd atburðanna, sem höfðu leitt til handtöku minnar, í eina heild. Þetta var í þrettánda skipti á ævinni, sem ég hafði flónskast í hendur lögreglunnar. Tilhugsunin um, að Norðmennirnir mundu ofurselja mig Gestapo, var eins og kveljandi martröð. Ég fór að leita í klefanum, hvort einhver fyrri íbúi hans hefði ekki skilið eftir rakvélarblað. „Ég skal aldrei fara til Þýskalands,“ hugsaði ég. „Ekki sem fangi. Aldrei!“

Ég var að hugsa um úrræði, um Gestapo, um dauðann, um Firelei, um skip, sem svífa yfir höfin, ég var að hugsa, hve frábrugðið þessu, hve auðvelt, hve gleðiþrungnið lífið hefði getað verið.

Klukkan sjö um kvöldið marraði lykill í lásnum, og fangavörður steig inn í klefan. Á eftir honum gekk fangi. Fanginn var með stóran bakka. Bakkinn var þakinn snjóhvítum dúk. Hann setti bakkann á borðið og horfði á hann girndaraugum.



„Herra minn,“ sagði fangavörðurinn með lotningu. „Einn vinur yðar sendir yður þennan mat úr veitingahúsinu hinu megin við götuna.“

Nú vissi ég, að lögreglan hafði yfirheyrkt Kitty Andresen og Kitty sagt dr. Halvorsen af handtöku minni. Ég leitaði vandlega í hverjum rétti að leyndri orðsendingu og fann hana í búðingnum. Það var vélritaður miði frá dr. Halvorsen. „Kæri vinur,“ stóð á seðlinum, „borðaðu allt. Engillinn hún Kitty kemur bráðum. A.“

Ég borðaði allt. Um níuleytið varð ég altekinn ákafri köldu. Mér varð ljóst, að dr. Halvorsen mundi hafa „bætt“ matinn. Mig snarsvimaði og sveið í augun, og kvalafullt máttleysi læstist um hvern vöðva. Ég lagðist á lága járnfletið og reyndi að sofna, en svefninn flýði mig. Myrkrið í kringum mig var stöðugt á hægum hringsnúningi, og sú tilfinning ásótti mig, að höfuð mitt væri að síga niður og ég fengi ekki að gert.

Allt í einu var ljósið í klefanum kveikt. Næturvörðurinn kom inn. Að baki hans kom einhver og ýtti manningnum til hliðar. Dr. Halvorsen æddi inni í klefann með litla leðurtösku í hendi sér. Á eftir honum kom Kitty. Dr. Halvorsen jós skömmum yfir vörðinn.

„Hvaða nautshausastjórn er á þessu fangelsi?“ hreytti hann úr sér. „Ég hef þegar sagt þeim, að þessi maður væri veikur. Þetta hneyksli dregur dilk á eftir sér. Að setja veikan mann í steininn? Láta veikan mann deyja í svona gigtarkompu, er það tilgangurinn?“

Vinstra auga hans lokaðist, og með djöfullegu glotti á hrukkötta andlitinu laut hann niður að mér. Hann taldi æðaslögin. Hann hneppti skyrtunni frá mér og setti á mig hlustunarpípu.

„Vertu rólegur,“ tautaði hann, „vertu rólegur, kunningi. Þú skalt hafa það af, svo sannarlega sem ég heiti Arne Halvorsen.“ Hann sneri sér að fangaverðinum og æpti: „Útvegið þér mér vatn, ískalt!“

Fangavörðurinn flýtti sér út.

Dr. Halvorsen ýtti eldspýtustokk undir teppið hjá mér. „Skilurðu það sem ég segi?“ hvíslaði hann.

Ég kinkaði aðeins kalli. Máttleysið í líkamanum var ósvikið.

„Vertu óhræddur,“ sagði læknirinn. „Það, sem er í stokknum — taktu það um sexleytið á morgun. Þú verður máttvana, þú svitnar. Láttu sem þú sért að kafna, nái ekki andanum, verki undir síðunni.“

Fangavörðurinn kom með vatnið. Dr. Halvorsen hellti fyrst dufti, síðan vatni, í glasið.

„Drekktu. Drekktu hægt. Þá líður þér betur.“

Ég drakk. Kitty kraup við fletið og hélt glasinu að vörum mér. Af vörum hennar hrutu kjassyrði. Hún talaði svo hátt, að fangavörðurinn heyrði. Að lokum kyssti hún mig. Hún fór út úr klefanum, grátandi að því er virtist og snýtti sér ákaft.

„Látið þið manninn alveg í friði,“ sagði dr. Halvorsen við fangavörðinn. „Látið

Þið hann vera einan, heyrið þér það? Ég ætla að tala við fangelsislækninn, áður en hann fer á stofugang í fyrramálið. Lítið þið hann vera einan, sagði ég.“

„Já, herra minn,“ tautaði fangavörðurinn og leit á mig eins og hann hefði séð afturgöngu.

Morguninn eftir var ég einkennilega léttur á mér og hress. Samt sem áður breiddi ég teppin upp að eyrum og hafnaði morgunverðinum, sem var kaffi og rúgbrauð með smjöri. Skömmu fyrir hádegi kom fangavörðurinn aftur inn í klefann.

„Getið þér gengið?“ spurði hann.

„Ég held það.“

„Maður uppi, sem langar til að finna yður.“

Ég smeygði mér í buxurnar og fangavörðurinn studdi mig niður dimma ganginn, gegnum margar stáldyr og upp tvo stiga. Ég gerði mér upp svima og kvalir. Nokkrum sinnum hallaði ég mér upp að veggnum, engdist sundur og saman, þrýsti hendi að brjóstinu, andaði villt og óreglulega og gaf frá mér stunur. Fangavörðurinn studdi mig inn í skrifstofu. Ég gekk inn í herbergið eins og sámlig eftirlíking af manni, sem stendur á grafarbakkanum, og hneig máttleysilega í stól.

Yfirmaður útlendingaefirlitsins í Osló sat andspærnis mér.

„Hvernig líður yður?“

„Ekki sem best,“ sagði ég.

Hann ypti öxlum og muldraði eitthvað um spítala. Með honum var annar maður, ungur, sterklegur, með fjórleg grá augu og unglingslegur í andliti.

Lögreglu maðurinn sagði: „Þessi maður er kominn frá Stokkhólmi til þess að hafa tal af yður. Hann er úr sænsku ríkislögrelunni.“ „En við erum í Noregi,“ mótmælti ég dauflega. „Lögreglu yfirvöld í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hafa mjög náið samstarf,“ svaraði Norðmaðurinn. „Þessi sænski starfsbróðir minn hefur fullan rétt til að yfirheyra yður, enda þótt við séum í Noregi.“ Svíinn brosti. Hann bauð mér vindling. Ég afþakkaði. Hann kom sér fyrir við annan enda skrifborðsins og dró upp vasabók.

„Stjórnvöldum okkar,“ hóf hann mál sitt, „þætti fengur í að fá að heyra álit yðar um ýmsa atburði, sem gerst hafa í Svíþjóð nú nýlega. Meðal annars detta mér í hug ýmiss konar skemmdarverk í höfnunum í Gautaborg og Stokkhólmi. Sömu leiðis brottnám sænskra borgara af e.s. Kjell.“

„Ég er ókunnugur í Svíþjóð,“ tautaði ég.

„Það má vera. Ég er sjálfur þaukunnugur í Svíþjóð. En hér er um að ræða starfsemi ákveðinna manna í Svíþjóð, sem hafa samband við ráðstjórnina. Mér hefur verið falið að greiða yður vel fyrir upplýsingar sem gætu komið yfirboðurum mínum að gagni.“

Ég varð að taka á öllu sem ég átti til að skella ekki upp úr. Flestir Norðurlandabúar voru of heiðarlegir, sanngjarnir og hrekkláusir til þess að rækja lögreglustarf af dugnaði. Ég gat ekki annað en hugsað, hve lítið maður á borð við þennan starfsmann

sænsku leyniþjónustunnar hefði að gera í andstæðinga eins og dr. Halvorsen eða félagi Ulrich eða Richard Jensen.

„Ég er enginn upplýsingasali,“ sagði ég.

„En þér hafið verið í Svíþjóð?“

„Ég ferðaðist yfir Svíþjóð, þegar ég kom til Noregs, það er allt og sumt.“

„Þér hafið ekki haft viðdvöl í Gautaborg á laun?“

„Nei, hvers vegna ætti ég að dvelja þar á laun?“

„Eruð þér ekki starfsmaður Alþjóðasambands kommúnista?“

„Nei.“

Yfirmaður útlendingaeftirlitsins tók fram í: „Auðvitað eruð þér það,“ æpti hann. „Við höfum sannanir fyrir því! Þér hafið gerst sekur um landráð í Þýskalandi.“

Svar mitt var á reiðum höndum: „Almenningur í hinum frjálsa Noregi verður ekki hrifinn, þegar það fréttist, að lögreglan hér hafi samstarf við Gestapo-brennuevarginn og eiturfjasegginn Göring.“

„Það þýðir ekkert að eyða tíma við þennan mann,“ sagði Norðmaðurinn við sænska starfsbróðurinn. „Við getum ekki notað GPÚ-aðferðir, því er verr og miður.“ Að annarri spurningasennu lokinni var dyrunum skyndilega hrundið upp, og Kitty Andresen kom inn.

Hún æddi inn á gólfid; ófríða andlitið var hjúpað grímu meðaumkunarinnar. Hún skipti sér ekkert af mönnunum, sem voru að yfirheyra mig, en kippti stól upp að hliðinni á mér og lagði hendurnar um hálsinn á mér. „Vesalings drengurinn minn. ... Geta þeir ekki séð, hvað þú þjáist? ... Hérna, réttu mér höndina þína. ... Svona ...“ í augum hennar blikuðu tár. Mig furðaði mjög á lögreglumönnunum.

Yfirmaður útlendingaeftirlitsins sagði við Kitty: „Kæra ungrú, ég verð að vara yður við þessum manni. Hann er hættulegur. Hann mun valda yður vonbrigðum. Hann mun gera yður ógæfusama og yfirgefa yður, þegar honum býður þannig við að horfa.“ Hann talaði á norsku í ströngum, föðurlegum tón.

Kitty hló svo hjartanlega, að undir tók: „Ó, hvað er gaman að yður!“ Orðin bunuðu eins og foss. „Ég hef þekkt þennan pilt í mörg ár. Hættulegur! En þau býsn! Hann er sætari en nokkur piltur, sem ég hef augum litið í Noregi, í Danmörku og þótt víðar væri leitað. En hann er veikur. Sjáið þið ekki, að hann er veikur? Lofið þið mér að síma. Ég ætla að tala við kónginn. Það gæti verið, að kóngurinn segði ykkur að reyna heldur að hafa uppi á þjófum og morðingjum og láta elskhuga norskrar stúlku í friði.“

Embættismennirnir voru sýnilega í vandræðum. Þeir kölluðu á fangavörðinn og skipuðu honum að fara með mig í klefann aftur. Kitty fylgdi mér niður stigann.

Hún hrópaði til fangavardarins: „Ef þið dirfist að halda þessum pilti hér lengur, þá geri ég óttalegt uppistand. Ég fer til dagblaðanna. Ég ætla að —.“

Þegjandi fór fangavörðurinn með mig inn í klefann.

Það var engin sjúkradeild í þessu lögregluvarðhaldi.

Ég hátaði og gróf mig niður í teppin. Þegar fangavörðurinn var farinn, rétti ég

höndina undir dýnuna, þar sem ég hafði falið eldspýtustokkinn, er dr. Halvorsen hafði laumað til mín. Í honum var ljóst, gráleitt duft. Ég skreiddist úr fleti minu og fyllti blikkbolla af vatni. Ég hellti lyfinu upp í mig og skolaði því niður með vatni.

Áhrifin létu ekki standa lengi á sér. Ég varð ringlaður í höfðinu, ég ældi slími og engdist saman og bölvaði í vesaldómi mínum. Eftir nokkra stund tók svitinn að streyma úr öllum holum og andardrátturinn varð hryglukenndur. Hugsanir mínar í garð dr. Halvorsens voru ekki sem vingjarnlegastar.

En hann kom á tilsettum tíma. Ég heyrði hróp hans úti á ganginum, er hann krafðist þess að fá að koma inn. Dyrnar voru opnaðar. Eftir að dr. Halvorsen hafði litið snöggvast á mig, skipaði hann fangaverðinum að síma til fangelsislæknis. Þangað til hinn síðarnefndi kom, þrammaði dr. Halvorsen fram og aftur á ganginum og hegðaði sér við næturverðina eins og hann væri eigandi Oslóarfangelsisins. Loksins kom fangelsislæknirinn.

Skodun sjúklingsins hófst. Dr. Halvorsen framkvæmdi hana og kallaði mig „háttvirtan skjólstæðing“ sinn. Ungi fangelsislæknirinn lét eldri manninn sjálfráðan. Ég stundi og bylti mér, og andardrátturinn var líkastur snörpum stormhviðum.

Dr. Halvorsen talaði við starfsbróður sinn með alvörusvip.

„Það verður að flytja hann þegar í stað,“ þrumaði hann. Og svo: „Maðurinn verður að fá sérstaka hjúkrun. Ég skal taka ábyrgð á honum.“

Þeir þustu út. Fangelsislæknirinn kom innan stundar aftur, gaf mér róandi lyf og fór. Ég beið einn í klefanum og framleiddi yfirnáttúrleg hljóð næturverðinum á ganginum til skemmtunar.

Brátt komu dr. Halvorsen, fangelsislæknirinn og tveir menn aðrir. Þeir hjálpuðu mér í fötin, og með aðstoð dr. Halvorsens skreiddist ég eftir ganginum, í gegnum tvö hlið, yfir gangstéttina á götunni og staulaðist upp í bíl frelsisgjafa míns. Við ókum til úthverfanna í Osló, að litlu húsi, sem Leif Foss bjó í, þögull maður og kjálkabreiður. Dr. Halvorsen hegðaði sér eins og honum hefði óvænt tæmst arfur.

„Hvaða andskotans lyf var þetta?“ spurði ég.

„Ipecac,“ sagði hann. „Til margra hluta nýtsamlegt. Spánverjar fengu það hjá Indíanunum í Suður-Ameríku.“

„Og sjúkdómurinn?“

„Angina pectoris. Ef til vill matvælaeitrun. Eða þá snertur af lungnabólgu. Einkennin voru ekki vel ljós.“

„Og nú?“

Dr. Halvorsen hló. „Noregur, vinur minn, við erum í Noregi! Ég ber ábyrgð á öryggi þínu. Það felur í sér, að þú átt að vera kominn undan fyrir sólaruppkomu. Ef þú kvænist nokkurn tíma, þá náðu þér í kvenmann, sem á leynilögregluþjón fyrir bróður, eins og blessunin hún Karin okkar. Farðu að mínum ráðum. Fáðu þér duglega neðan í því!“

„Þú kemst í klandur fyrir þetta!“

„Láttu mig um það.“

Eldsnemma um morguninn ók dr. Halvorsen með mig til félaga, sem var ljósmyndari. Þar var tekin mynd af mér. Ég fór einn aftur heim til Leifs Foss. Um dögum kom dr. Halvorsen aftur. Úr einum vasa sínum dró hann slitid og óhreint danskt vegabréf, úr öðrum tók hann málmöskju með einhverju samsulli í litlum glerflöskum. Kitty Andresen var ekki nema tæpar tuttugu mínútur að gera breytingar á vegabréfinu, að setja mynd af mér í stað þeirrar gömlu og flytja merkið af gúmmístimpli dönsku lögreglunnar á myndina með harðsoðnu eggi. Hún tók hýðið af egginu, meðan það var heitt, og velti því hægt yfir stimpilfarið uns það festist við eggjahvítuna. Eftir að hún hafði límt myndina af mér á vegabréfið, velti hún egginu aftur gætilega yfir brúnina á myndinni. Eins og töfrar væru að verki, hafði stimpillinn flust aftur á vegabréfið, ofurlítið daufari en áður, en ósvikinn að lögun.

Klukkan níu fór dr. Halvorsen til þess að kaupa farmiða til Antwerpen. Ég tók vegabréfið og farmiðann — hann var á fyrsta farrými. Kittý fylgdi mér niður að höfninni. Við fórum um borð í skipið *Brabant*.

E.s. *Brabant* sigldi út Oslóarfjörð klukkan ellefu.

Tveimur dögum síðar kom ég til Antwerpen. Fulltrúinn á staðnum, félagi Anton, hár, kaldur og íhaldssamur, tók á móti mér á bryggjunni. Dr. Halvorsen hafði tilkynnt honum komu mína.

„Ég hef símað til Kaupmannahafnar,“ sagði Anton. „Félagi Avatin er hér. Hann þarf ef til vill á þér að halda. Antwerpen er full af Gestapo-njósnum.“

Þetta var í maí.

# Vestan Rínar

ÉG SNÆDDI KVÖLDVERÐ með Michael Avatin. Hann hafði smogið út úr Þýskalandi örfáum dögum áður en ég var tekinn fastur í Osló. Það sem hann hafði séð og heyrt af örlögum margra sameiginlegra vina okkar var á þann veg, að blóðið stirðnaði í æðum þess sem á hlýddi. Ég spurði hann um Firelei.

„Hún er heppin,“ sagði hann. „Hún er hraðboði hjá félagi Kippenberger.“

Ég gat ekki gert að því, að mig hryllti við. Hans Kippenberger var forstjóri hernjósna neðanjarðardeildar flokksins. Ég þekkti hina nýju löggjöf Hermanns Görings. Fyrir hvers konar njósnastarfssemi um hermál og iðnaðarmál var ekki til nema ein dómsniðurstaða í Þýskalandi: dauðinn.

Við ræddum um Gestapo. Avatin hafði haft gætur á vexti, starfsaðferðum og venjum þessa liðs, eins og dýravinur mundi gefa athöfnum eftirlætistígriðs síns gaum. Utanríkisdeild Gestapo var að víkka út starfssvið sitt. Starfsmannalið hennar erlendis skiptist í tvær deildir — njósnara og mannaveiðara. Njósnararnir komu venjulega í gervi stjórn málaflóttamanna, sem voru fleytifullir af ákafa og þráðu það heitast að ná góðri aðstöðu í samtökum þeim, er börðust gegn hreyfingu Hitlers. En mannaveiðararnir voru æfðir mannræningjar og manndráparar. Þeir komu í þriggja og fimm manna hópum með umboð til að ræna eða myrða stjórn málaandstæðinga, sem njósnararnir bentu þeim á. Í hverri stórborg í löndum, sem lágu að Þýskalandi, höfðu aðalforstjóri Gestapo-njósnanna og ofbeldissveiturnar samfellt samband — með pósti, síma, hraðboða og sendiráðum — við aðalbækistöðvar leynilögreglunnar í Berlín og utanríkisdeild hennar í Hamborg. Það var hann, sem skipaði fyrir um ofbeldisverkin og stjórnaði þeim, og sendi upplýsingar þær til Berlínar, sem njósnaralið hans hafði safnað. Uppgötvun, sem einhver njósnari nasista gerði af tilviljun í París, Basel eða Lundúnum gat haft í för með sér handtöku hugrakkra samsærismanna, sem störfuðu innan landamæra Þýskalands. Michael Avatin sagði, að það væri Gestapo-efirlitsmaður á hverju einasta þýsku skipi sem sigldi til erlendra hafna. En leikurinn var þó ekki ójafn; njósnarar og andnjósnarar beggja aðila höfðu sig mjög í frammi. Og hver sem náðist var drepinn án dóms og laga, eins og eiturnaðra.

Aðalskipuleggjandi Gestapo-njósnanna í Flandri var fyrrverandi foringi í her Rússakeisara, Ílja Rajkov, sem hafði hlotið viðurnefnið „Uxinn“, vegna þess hve rammur hann var að afli. Rudolf Heitman, GPÚ-maður í Gestapo í Hamborg,

hafði flett ofan af Uxanum við okkur, og Avatin hafði verið falið að taka Rússann af lífi.

„Það er erfitt að hafa hendur í hári Uxans,“ sagði Avatin. Meira vildi hann ekki segja.

Áður en mánuður var liðinn hreldi Ílja Rajkov stríðsmenn okkar í höfninni í Antwerpen með nýju sýnishorni af dugnaði sínum. Skip Hamborg–Ameríku-línunnar, *Caribia*, hafði komið til Antwerpen á heimleið frá Vestur-Indíum. Maður úr áhöfninni, Hans Lisser, sem hafði verið hraðboði Kominterns til Vestur-Indía frá 1932, kom í land í Antwerpen og óskaði þess, að flokkurinn sendi reyndan féлага um borð til að tala á fundi framkvæmdaráðs skipsins. Enginn okkar vissi þá, að félagi Lisser var orðinn Gestapo-njósvari og hjól í vél Uxans.

Ignace Aussiger, reyndur og hugaður félagi, sem hafði nokkrum dögum fyrr flúið undan Gestapo í Köln, var sendur um borð. Ásamt unnustu sinni, sem hét Paula, hafði hann falið sig í lest á fljótapramma og komist þannig niður Rín til Antwerpen. Aussiger fór um borð í *Caribia* klukkan átta og hafði meðferðis talsvert af bæklingum. Löngu eftir miðnætti barði unnusta hans, Paula, að dyrum Alþjóðasjómannafélagsins. Hún vakti verðina. Stúlkan var svo æst, að þeir áttu örðugt með að skilja hið sundurlausa tal hennar. En þeir komust brátt að hinu sanna. Félagi Aussiger var ekki kominn í land af *Caribia*.

Paula æpti tryllingslega: „Þeir hafa tekið hann! Þið verðið að hjálpa honum ...“

Þrír af vörðunum skunduðu ofan á bryggjuna, sem *Caribia* lá við. Að undanteknum ljósunum við landgangana ríkti þar myrkur og þögn. Fjórir ungir varðmenn úr SS-liðinu vörnuðu næturgestunum þremur uppgöngu á skipið. Þýsku kommúnistarnir þrír gátu ekki kært sjálfir, því að þeir voru í Belgíu í óleyfi og áttu yfir höfði sér handtöku og brottvísun úr landi. Þeir flýttu sér til aðalstöðva belgíska flokksins og vöktu dyravörðinn. Dyravörðurinn kallaði á tvo lögregluþjóna. Lögregluþjónarnir fóru um borð í *Caribia*.

Nasistarnir gengu í veg fyrir þá efst á landganginum. Þeir breiddu þýska fánann þvert yfir landganginn.

„Traðkið nú á fánanum okkar, ef þið þorið,“ sögðu þeir við lögregluþjónana. „Þetta er þýsk grund.“

Lögregluþjónarnir hikuðu.

„Okkur er sagt, að þið hafið mann í járnum á skipinu,“ sagði annar. „Við erum komnir til að rannsaka málið.“

„Hann er einn af áhöfninni. Hann sló stýrimanninn. Þess vegna var hann settur í járn.“

Belgarnir kröfðust þess að fá að tala við skipstjóran. Það var kallað á skipstjóran. Hann samsinnti sögn SS-mannanna um að maðurinn hefði verið settur í járn vegna óhlýðni. Belgísku lögregluþjónarnir renndu ekki grun í, að hinn raunverulegi yfirboðari skipsins var ekki skipstjórinn, heldur foringinn í *Stützpunkt* nasista á skipinu.

Um dögun var háflæði. *Caribia* lét úr höfn og Ignace Aussiger var fangi um borð. Þegar loks var hægt að tilkynna ábyrgum leiðtogum flokksins um mannránið, var orðið of seint að bjarga félaganum frá Köln. Hinar löglegu aðferðir yfirvaldanna í Belgíu voru einkennilega áhrifalausar, þegar þeim var beitt gegn hinum miskunnarlausu, ólöglegu aðferðum Gestapo. Í janúar 1934 var Ignace Aussiger hálhöggvinn í Köln. Unnusta hans, Paula, varð viti sínu fjær. Flokkurinn gat ekki haft neitt gagn af henni. Um skeið flakkaði hún um sjómannahverfið í Antwerpen eins og hefningjarn svipur. Hún fór að gerast drykkfelld. Belgíska lögreglan tók hana höndum, og sökum þess að hún hafði ekkert vegabréf, var hún flutt á laun yfir landamærin til Hollands. Forstjóri Alþjóðasjómannafélagsins í Rotterdam vildi senda hana til Rússlands. En Paula var ekki talin með réttu ráði. Rússneski ræðismaðurinn neitaði henni um áritun á vegabréfið. Hún varð vændiskona í Ton, fjölleikahúsi við Schiedamsche Dyke í Rotterdam.

Loks komu fyrirskipanir mínar. Maður að nafni Ditlevsen flutti mér þær frá Danmörku. Hann var bátsmaður á danska skipinu *P. A. Bernstorff*. Auk loftleiðarinnar Kaupmannahöfn-Amsterdam-París var þetta skip helsta tengibrúin, sem bréfaskipti kommúnista milli Kaupmannahafnar og höfuðstaðanna í Vestur-Evrópu fóru um. Járnbrautirnar voru orðnar ónothæfar, því að þær lágu allar um þýskt land. Ditlevsen færði mér líka peninga. Innan um peningasendingarnar var þykkt umslag, sem mér var skipað að senda áfram til Roys Hudsons, eftirmanns Georges Minks við sjávarsíðuna í Bandaríkjunum. Hraðboði einn á farþegaskipinu *Ilsenstein* flutti bréfið til New York.

Í fyrirskipunum þeim, sem ég fékk, fólst, eins og títt var um fyrirskipanir Kominterns, meira en venjulegur dauðlegur maður gat framkvæmt á tilsettum tíma. Manni, sem fær járnkarl í hendur og fyrirskipun um að flytja fjallið Matterhorn með honum, hlýtur að vera álíka innanbrjósts og Komintern-erindreka, þegar hann les nýkomnar fyrirskipanir.

„Hvar á ég að byrja?“ spurði ég féлага Anton, sem hafði umsjón með fjárhagshlið þessara fyrirætla.

„Byrjaðu á því, sem er hjarta þínu næst,“ svaraði hann rólega.

Samkvæmt skipun Kominterns hóf ég nú almenna sókn gegn hakakrossfánanum. Í þrjá daga samfleytt voru ávörpin látin flæða yfir hafnirnar í Antwerpen, Rotterdam, Ghent og Dunkerque, og tónn þeirra var ávallt sá sami: „Niður með morðingjafánann! Neitið að ferma eða afferma skip, sem hafa fána manndráparans Hitlers við hún! Hakakrossinn er hungurkross!“ Hafnarverkamenn söfnuðust saman. Framkvæmdaráð voru stofnuð. Nasistasjómenn, sem sáust með hakakrossmerkið í hollenskum og belgískum höfnum, voru barðir til óbóta. Ég hékk með naumindum í aftursætinu á mjög gömlu vélhjólí og lét aka mér í loftinu frá Antwerpen til Rotterdam, til Antwerpen aftur og áfram til Ghent og Dunkerque. Undirtektir verkamanna voru skjótar, því að hið mikla umtal, sem hermdarverk Gestapo og stormsveitarmanna höfðu vakið í erlendum blöðum, hafði undirbúið þá.



Áróðursflokkum mínum í höfninni í Antwerpen varð þegar í stað vel ágegn. Síðan komu Dunkerque, Rotterdam og Ghent. Fimm dögum eftir að herferðin hófst, lágu tuttugu þýsk skip kyrrsett í þessum höfnum, umsetin af æstum múg. Hafnarverkamenn í öðrum höfnum, frá Sydney til Sevilla, fóru brátt að dæmi forustuliðsins í Antwerpen. Óðar en þýskt skip var lagst að bryggju, sendi ég nefnd hafnarverkamanna um borð á fund skipstjórans. Þeir kröfðust þess, að hakakrossfáninn yrði tekinn niður. Skipstjórinn neitaði auðvitað: Hlutskipti hans mundi verða fangelsun, ef hann yrði við kröfum nefndarinnar.

Svar hafnarverkamannanna var: „Meðan morðingjafáninn er uppi, vinnum við ekki við skipið.“

Hring verkfallsvarða var slegið um skipin. Enginn Þjóðverji fékk að fara í land. Það leiddi til aukinna átaka, er yfirmenn skipanna reyndu að fá þýsku áhafnirnar til að vinna við farminn. Kommúnistar og sósíalistar á skipunum neituðu að hlýða þessari skipun. Skipstjórnarnir gáfu merki með eimflautunum: „Upppreisn um borð!“ Það hófst hörmulegur kapítuli í lögregluannálum lýðræðisþjóðanna. Belgískir og hollenskir lögregluþjónar gripu þýsku sjómennina höndum. Borgarstjórinn í Antwerpen, Camille Huysmans, birtist við höfnina í því skyni að fá verkamennina til að taka upp vinnu. Þetta var um kvöld, um ellefuleytið. Í skuggum vöruskemmu einnar stóð ég og var að gæta að, hvernig framkvæmdum liði.

„Hver er feiti maðurinn, sem er að tala við framkvæmdaráðið?“ spurði ég einn hraðboðann á vígvellinum.

„Huysmans borgarstjóri,“ svaraði hann.

Borgarstjórinn var jafnaðarmaður. Ég kallaði saman hóp ungra aðgerðasinna — Letta, Þjóðverja, einn Eistlending og einn Íra — og sendi þá fram til þess að hrinda óboðna gestinum fram af bryggjunni. En hann var of langt frá brúninni, og félagar mínir létu sér nægja að lumbra á borgarstjóranum í Antwerpen.

„Alvarlegar óeirðir í höfninni í Antwerpen,“ sagði í fyrirsögnum blaðanna morguninn eftir.

Í Ghent og Dunkerque var verkbannið á hakakrossfánanum svo algert, að þýsk skipafélög strikuðu hafnir þessar út af listanum yfir viðkomustaði.

Eftir tvær vikur var herferð þessi kæfð með herbragði, sem var líklega runnið undan rifjum dr. Josephs Göbbels í Berlín. Ávörp voru fest upp í hafnarkvíunum í Antwerpen og víðar, undirrituð af „kommúnistaminnihlutanum“, og var sú spurning lögð fyrir verkamenn, hvers vegna verkamenn í rússneskum höfnum hefðu ekki lagt niður vinnu á þýskum skipum. Neðan á flugmiðunum voru myndir frá Lenínshöfn, höfninni í Lenínsgarði. Þar lá skip með hakakrossfánann við hún og skammt frá annað, sem hafði uppi hamar og sigð á rauðum grunni. Lestir þýsku skipanna voru opnar og það mátti greina menn við vinnu. „Stalín vill að þið leggið niður vinnu á þýskum skipum. Spyrið nú Stalín hvers vegna hann lætur ekki leggja niður vinnu á þýskum skipum í Rússlandi.“ Spurningin breiddist út. Á næsta fundi verkfallsmanna spurðu hafnarverkamenn: „Hvers vegna?“

Svarið, sem ég og starfsbræður mínir gátu gefið, var máttlaust: „Þýsk skip, sem sigla til Rússlands,“ sögðum við, „flytja vörur í hina sigursælu sköpun sósíalísmans. Högg sem reitt væri gegn þýskum skipum í ráðstjórnarhöfnum væri högg gegn fimmáraáætluninni.“ Á einum þessara funda, sem ég hafði eftirlit með, reis upp maður og æpti og veifaði höndunum.

„Svona tala engir nema lögfræðingar,“ hrópaði hann. „Ráðstjórnarsambandið hefur svikið okkur.“

Mér þótti sem óp þessa manns hefðu brugðið fæti fyrir tilraun okkar til að reka skipakost nasista af höfunum. Þetta var fölt, hálf-kaldhæðið, hálf-ófyrrleitíð andlit manns um fertugt. Hann hafði ljóst hár, djörf augu og höku sem bar vitni um þrjúsku. Hver var þetta? Eftir fundinn gekk ég á eftir manningnum út á götu. Og allt í einu þekkti ég hann aftur. Nafn hans var Hermann Knüfken. Ég hafði séð hann í fyrsta skipti í Hamborg vorið hráslagalega 1919. Hann stóð þá í miðri þyrpingu hafnarverkamanna í uppreisnarhug og hrópaði: „Þeir ríku verða að deyja, svo að þeir fátæku geti lifað.“ Hann var maðurinn, sem hafði hertekið togara á Norðursjónum og flutt þýsku sendinefndina á fyrsta þing Kominterns í Rússlandi.

Ég náði honum nálægt Steen.

„Halló, þorpari,“ sagði hann. „Ert þú hérna?“

„Við skulum fá okkur bjór,“ sagði ég.

„Ég er til í það.“

Þetta voru einkennilegir samfundir. Hér var maður sem hafði átt mikinn þátt í því óbeinlínis að hrinda mér út í elfu kommúnistahreyfingarinnar; og hér var ég, blóðkorn í æðum Kominterns. Og maðurinn, sem hafði vísað mér veginn í æsku, sat nú metra frá mér og var svarinn óvinur málefnsins. Það var enginn fjandskapur okkar á milli. Við ræddumst við, ég varlega, hann af kaldranalegri hreinskilni. Eftir að Hermann Knüfken hafði setið í þýskum fangelsum í mörg ár fyrir togararánið, hafði Hindenburg forseti gefið honum upp sakir. Um tíma hafði hann starfað við Norðurlandaskrifstofu Kominterns og verið síðan fluttur til Lenínsgarðs sem skipulagssérfræðingur hjá Sovtorgflot.

„Ég sá fljótt, hvernig allt var í pottinn búið í Rússía hinni heilögu,“ sagði Knüfken. „Þetta var ekki sósíalismi. Þetta var ekki það, sem ég hafði barist fyrir. Það sem ég sá, var hræ mikillar þjóðar; og hver hafðist við í innýflum skepnunnar og nagaði af hjartans lyst? Blessuð elsku bolsévíkaskrifinnskan. Þetta vanaði nú drauminn minn. Ég sá eftir að hafa stolið þessum togara fyrir þá 1919. Ég reiknaði með sjálfum mér: togarinn var hálftrar milljónar rúblna virði; sjö ár í tughúsi voru sjö milljón rúblna virði. Svo að ég hugsaði, að mér væri betra að næla mér í aurana mína. Sjö og hálf milljónir rúblna, það var skuld herra Stalíns við mig. Jæja, ég komst yfir sand af rúblum og fór að selja þær, hvar sem ég gat, tvö hundruð rúblur fyrir eitt enskt pund. Þá, einn góðan veðurdag, komu vinir mínir úr GPÚ —“

Ég vissi það, sem á eftir kom. Knüfken hafði verið tekinn fastur fyrir fjárglæfra. Hneykslið var svo mikið, að Sovtorgflot riðaði. Knüfken var dæmdur til lífláts. En

þar eð hann átti sér sögu sem samverkamaður Karls Liebknechts og Rósu Luxemburg, hafði ráðstjórnin breytt dómnum í tíu ára hegningarvinnu. Eftir tveggja ára strit í fangabúðum í Kirjálalandi hafði Knüfken komist undan.

„Líklega hafa þúsund vesælir djöflar reynt það, og ég er þessi eini af þúsund, sem komst lífs af,“ sagði Knüfken og glotti.

„Og nú?“

„Nú er ég hér,“ sagði hann.

„Að vinna skítverk andbyltingarinnar,“ sagði ég.

Knüfken hallaði sér aftur á bak. Hann fylgdi reyknium úr vindli sínum með augunum. „Ég hef aldrei lifað betra lífi en nú,“ sagði hann ánægður.

„Ég trúu því.“

„Þú ert helvítis fiöl. Þið, þessir karlar, haldið að þið séuð úlfar, en þið eruð ekki annað en hvolpar að eltast við fiðrildi. Getið þið ekki gert ykkur ljóst, að Jóu Stalín og tovarísjes hans, félagar hans, hafa megnustu fyrirliðningu á ykkur, þessum erlendu dindlum?“

„Fyrir hvern vinnur þú? Gestapo?“ spurði ég í fyllstu alvöru.

„Ertu vitlaus! Gestapo borgar svo illa.“

„Hver borgar betur?“

„Scotland Yard. Þú sérð, að ég er orðinn raunsæismaður.“

„Hvers vegna lagðistu á móti vinnustöðvun á þýskum skipum?“

Knüfken hló kuldahlátri. „Mér þykir gaman að kasta spýtum milli leggja Kominterns,“ sagði hann, og bætti við í alvörutón: „Allar greinar stjórnmalanna eru blekkingar. Þú veist það eins vel og ég. Hvers vegna ekki að taka afleiðingum þess?“

„Hvaða afleiðingum?“

„Lifa sínu góða lífi, róa sinni eigin kænu og skemmta sér dálítið.“

„Mig tekur sárt til þín.“

„Nú, þú trúir því enn, að ‚rétt‘ og ‚rangt‘ sé sitt hvað,“ sagði Knüfken. „Þú ert haldinn af sjúkdómi þeim, sem nefnist samviska.“

„Kallaðu það samvisku.“

„Settu samviskuna í hásetið, og þá muntu drepast úr hungri. Þú gætir líka endað með snöru um hálsinn.“

Niðurstaðan varð engin. Áður en ég fór, sagði ég við liðhlaupann: „Láttu baráttu okkar afskiptalaus framvegis. Taktu þetta sem heilræði.“

„*Nur kalten Blut, mein Junge,*“ drafði í Knüfken. „Ég er gamall í hettunni. Segðu kunningjunum í GPÚ, að félagi Stalín skuldi mér réttar tíu milljón rúblur — í gulli. Þú getur ekki ætlast til þess, að nokkur maður sleppi slíkri inneign.“ Við skildum. Með aðstoð félaga Antons náði ég sambandi við Michael Avatin. Ég gaf Lettanum skýrslu um Knüfken. Hann gerði ekki nema kinka kolla. Hálfum mánuði síðar kom Willy Zcympanski, sem hafði verið mér samtíða í fangelsi í Hamborg fyrir tíu árum, til Antwerpen. Zcympanski var orðinn starfsmaður í hermálanjónnadeild Kominterns, en GPÚ fékk hann stundum lánaðan, ef um

sérstök störf var að ræða. Hann yfirheyrði mig um Hermann Knüfken. Ég þóttist vita, að hann hefði verið sendur til Antwerpen til þess að ráða niðurlögum þessa fyrrverandi „Kidds sjóræningjakapteins“ Kominterns. Honum tókst það ekki. Knüfken er enn á lífi. Zcympanski fyrirför sér sumarið 1937, eftir að Gestapo hafði tekið hann höndum, þegar hann var á njósnaferðalagi um Þýskaland.

Vegna hinna dreifðu verkfalla gegn nasistafánanum höfðu margir þýskir sjómenn orðið innlyksa í Antwerpen. Það voru bardagamennirnir, sem höfðu lagt niður vinnu og áttu handtöku yfir höfði sér, ef þeir sneru aftur til þýskra hafna. Fyrir mig og fyrir Komintern var þetta hentugur liðsauki. Fimm hinna best gefnu skipaði ég í „blaðaráð“ til þess að gefa út nýja vikublaðið okkar, sem ég skýrði *Scheinwerfer, Kastljósið*. Efst á blaði í fyrsta tölublaðinu, sem var gefið út í tólf þúsund eintökum, stóðu ögrunarorðin: „Við lifum, og við munum lifa!“ Tveimur dögum eftir útkomu blaðsins var megnið af upplaginu komið áleiðis til Þýskalands eftir neðanjarðarleiðum, falið í kolageymslum skipa og lestum fljótapramma á Rín.

Ég safnaði öðrum þýskum stríðsmönnum saman í skemmdarverkaflökka. Ég setti á stofn fræðsluhringi, þar sem félögum af þýskum skipum voru kenndar einfaldar aðferðir við að valda miklu tjóni á skipum og farmi með sem fæstum ráðum. Einhver sérfræðingur á Vesturskrifstofunni hafði samið lista með bendingum um tækni í skemmdarverkum á sjó. Mér var sendur listinn með hraðboða Jensens á *P. A. Bernstorff*. Hér eru nokkrir liðir þessarar æfingatöflu fyrir skemmdarvarga:

Elsta og áhrifamesta aðferðin var sú að blanda fíngerðum sandi í smurningsolíur, sem notaðar eru í vélum skipa, sérilagi á legur hins langa og þykka skrúfuöxuls. Handfylli af sandi gat nægt til að lama stærstu skip svo að dögum skipti, ef rétt var að farið. Sand eða smámöl mátti líka nota í lestarvindurnar og akkerisvinduna. Aðrar aðferðir voru: Alger eyðilegging áttavita og sextanta, skemmdir á áttavitum með því að eyðileggja eða rugla segulinn; eldar í kolageymslum með þeim hætti, að hellt var steinolíu og vatni á kolin, sérilagi ef heitt var í veðri; að saga í sundur stýriskeðjurnar á rúmsjó; að lækka hitastigið í lestum skipa, sem fluttu suðræn aldin, sérstaklega banana; að sprauta vatni og sementi yfir nýjar vélar, rafmagnsbora, dælur, prentvélar og ritvélar, en slíkt var flutt í stórum stíl frá Þýskalandi til Suður-Ameríku. Beinlínis gerðar í þeim tilgangi að skemma skipin eða að sökkva þeim voru aðferðir eins og þær að rennbleyta farma af korni eða sojabaunum með vatni, annaðhvort með því að bora smágöt neðan á skipshliðina eða festa op á vatnsslöngu í loftopinu eða aðeins með því að snúa loftventlunum upp í vindinn í rigningu eða stórsjó, þegar dimmt var orðið. Korn og sojabaunir gátu bólgnað og orðið allt að þrisvar sinnum fyrirferðarmeiri af bleytu og gátu þannig sprengt hliðar og stálþilför á traustgerðustu skipum. Sem hámarki skemmdarstarfsins var stungið upp á að skipshafnir á þýskum skipum tækju skipin á sitt vald, ef styrjöld bæri að höndum.

Helstu leiðbeiningar í þessa átt mæltu fyrir um að eyðileggja loftskeytatæki, taka yfirmennina sem gísla og sigla skipinu til hlutlausrar hafnar eða ráðstjórnarhafnar.

Komintern var á þeirri skoðun, að fjárhagar Þýskalands stæði höllum fæti

og ef hægt væri að egna til stórfelldrar skemmdarstarfsemi gegn iðnaði þess og flutningum, mundi það von bráðar hafa í för með sér fjárhagslegt og þess vegna stjórn málalegt hrún nasista. Sú skoðun reyndist órökstudd. En það var þó staðreynd, að til skemmdarverka þurfti engin fyrirferðarmikil né víðtæk samtök. Æfður maður gat stofnað heilu skipi í hættu einn síns liðs. Atburðir síðari ára sönnuðu, að skemmdarvervakflokkarnir voru ekki stofnaðir til einskis. Í Puerto Colombia kveikti skipshöfnin í flutningaskipi Norðurþýska Lloyd, *Helgoland*, og gerðu síðan uppreisn. Kyndararnir á *Bahia Blanca*, einu af skipum Hamborg-Suður-Ameríku-línunnar, gerðu skipið ósjálfært í höfninni í Rio de Janeiro. Nálægt Pernambuco kom upp eldur af völdum skemmdarstarfsemi í kolageymslu skipsins *Sao Paulo* frá Hamborg. Kínverskir sjómenn á þýsku hveitiskipunum *Nienburg* og *Anatolia* gerðu uppreisn undan Buenos Aires. Á farþegaskipinu *Leuna* hvarf leiðtogi nasista á skipinu í Inlandshafi, en kyndararnir á því skipi voru kommúnistar.

Fyrstu dagana í júní var mér skipað að fara til Parísar og sitja Alþjóðþingið gegn fasisma sem „fulltrúi verkamanna í Hamborg“ og erindreki Alþjóðasambands sjómanna.

Lestin til Parísar var þéttskipuð fulltrúum frá mörgum löndum. Þeir höfðu allir sama ákvörðunarstað, en enginn þóttist þekkja neinn hinna, fyrr en lestin var komin til Lille, fyrstu öruggu stöðvarinnar eftir að komið var yfir belgísk-frönsku landamærin. Á Gare du Nord údi og grúði af sendlum Rogers Ginsburgers, aðalfulltrúa okkar í París. Einn þeirra fylgdi mér til bústaðar míns, Rue Etienne Marcel 221 í Montreuil, austlægu úthverfi borgarinnar. Það var heimili féлага Beaugrands, þingmanns í fulltrúadeildinni og forstjóra neðanjarðardeildar hermála kommúnista í Frakklandi. Hann var grannvaxinn risi og hafði áður verið slátrari í sláturhúsi sem hið opinbera rak. Íbúð hans var full af minjagripum um margar ferðir til Rússlands og myndum af leiðtogum ráðstjórnarinnar og Rauða hersins. Kona hans, feitlagin, fjórleg kona hafði með höndum starf í Les Halles, miðstöð matvælasölu í París.

Eitt af hlutverkum mínum nú var að skipuleggja eftirlit með öllum sjómönnum, hafnarverkamönnum, fljótamönnum og fiskimönnum meðal erlendu fulltrúanna. Annað hlutverk var að starfa sem tulkur á ráðstefnum milli starfsmanna Kominterns og formanna ýmissa nefnda. Þessir fundir fóru fram annaðhvort á „húsa-meistarastofu“ Rogers Ginsburgers í Rue de Seine eða í hinum miklu skrifstofum, sem Vesturskrifstofan hafði sett á stofn í Rue Lafayette 288. Úrvalslíð Kominterns var komið til borgarinnar.

Yfirboðari minn, Ulrich, flaug frá Kaupmannahöfn ásamt Richard Jensen og tveimur tugum aðstoðarmanna þeirra. En meiri hluti þingfulltrúanna voru ekki kommúnistar. Verkamenn og menntamenn, kennarar, rithöfundar, læknar, lögfræðingar og prestar úr frjálslyndu herbúðunum komu í hrönnum til þess að leggja hönd á plóginn og hjálpa til að mynda alheimssamtök gegn Hitler og öllum hans samherjum. Fáir af þessum falslausu pílagríumum renndu, að því er virtist, grun í, að

stofnun sú, sem hafði skipulagt Alþjóðþingið og greitt kostnað af því, skrifað allar samþykktir þess og samið ályktanir þess fyrirfram, var Komintern.

Verðir og túlkar, vélritarar, hraðritarar, fylgdarmenn og hraðboðar skiptu mörgum hundruðum og voru allir félagar kommúnistaflokksins. Þingið kom saman í Salle Pleyel, hljómleikasalnum fræga, ekki allfjarri l'Etoile og Sigurboganum. Á yfirborðinu var það ein hin mikilfenglegasta alþjóðasamkunda, sem heimurinn hafði nokkurn tíma séð. En hið raunverulega þinghald fór fram bak við tjöldin að venju. Þingið kaus „Alþjóðanefnd gegn stríði og fasisma“ og samþykkti einróma tillögu kommúnista um að „nefndir gegn stríði og fasisma“ skyldu settar á stofn í öllum lýðræðislöndum jarðar.

Á þriðja degi þingsins talaði ég í Salle Pleyel, og var húsið þéttskipað. Eins og aðrir ræðumenn, sem komu frá einræðislöndum, var ég með grímu fyrir andliti, því að hættan á Gestapo-mönnum meðal okkar vofði ætíð yfir. Ég skoraði á alþjóða-fulltrúana að nota þær þúsundir skipa allra þjóða, sem sigldu til þýskra hafna, fyrir múrbrjóta og ryðja þannig áróðrinum gegn Hitler braut inn í Þriðja Ríkið. Þessu var tekið með dynjandi lófataki. Ræða mín var þýdd á sjö tungumál.

Einn þeirra, sem búist hafði verið við að sækti þingið, var Ernst Wollweber. En gamli uppreisnarmaðurinn var kyrr í Þýskalandi. Cilly, ritari hans, kom í hans stað. Andlit hennar vitnaði um ofreynsluna af margra mánaða leynistarfvi við hlið Wollwebers.

„Ég er fegnust, að ég komst þaðan lifandi,“ sagði hún. „Það er ekki hugsunin um dauðann einan, sem fær mest á mann. Það eru ógnirnar, tilfinningin, að alls staðar séu tennur, morðingjatennur, sem eru í þann veginn að glefsa í mann og limlesta mann.“

Á einkafundi þýskra kommúnista í vinnustofu Rogers Ginsburgers lenti ég í skætingi út af Ernst Wollweber. Dvergvaxinn en grimmeygur Rússi frá skrifstofu Kominterns í Moskvu var viðstaddur. Leifarnar af forustuliðinu þýska — Pieck, Könen, Remmele og þý þeirra — voru sýnilega hræddir við Wollweber sem keppinaut. Þeir voru allir samþykkir því að leyfa honum að hafa á hendi stjórn samtakanna í Þýskalandi, og vonuðu þeir, að þá mundi hann fyrr eða síðar lenda í kjöllum Gestapo. Rússneski sendimaðurinn brást reiður við þessari afstöðu. Hann lét þá hafa það ósvikið. Sem skipuleggjandi nýrrar leynistarfsemi í Þýskalandi hafði Wollweber unnið sér frægðarorð meðal ráðstjórnarforingjanna. Þeir voru ófúsir á að fórna færasta manningnum í liði sínu í Þýskalandi. Þýsku leiðtogarnir samþykktu loksins kröfu Rússans um, að hraðboði yrði sendur til Berlínar til að sjá um, að Wollweber kæmist klakklaust frá Þýskalandi. Þeir létu undan eins og menn, sem heyra dauðadóm sjálfra sín. Þeir buðust til að senda einhvern af sínum mönnum. Rússinn hafnaði því. Tortryggni og hatur lágu í loftinu.

„Farðu og finndu félag Jensen,“ sagði Rússinn við mig. „Segðu honum að mæta á Metro Vavin klukkan átta stundvíslega.“

Jensen stakk upp á því, að aðstoðarmaður hans, Georg Hegener, yrði sendur til Þýskalands til að bjarga Wollweber.

Kvöldið áður en Hegener fór til Þýskalands, mælti ég mér mót við Cilly í kaffihúsi nálægt Odeon. Hún var í uppnámi. Jafnaðargeð hennar var horfið, og hún var sorgmædd og ráðþrota. Við sátum yfir glasi af absinti, og hún greip í handlegginn á mér og talaði af ákefð.

„Þessi Wilhelm Pieck! Hann er svo æstur í að komast í sætið hans Ernsts Thälmanns, að honum finnst það persónuleg móðgun við sig, þegar einhver kemst lifandi frá Þýskalandi. Hann er hræddur við að láta mig starfa í miðstjórninni. Hann heldur að ég sé njósnari fyrir Ernst.“

Cilly elskaði Ernst Wollweber. Hún var ekki pólitísk að upplagi, en hún var kommúnisti og vann skyldustörf sín án þess að spyrja, án þess að kveinka sér. Nú sá ég konuna, sem í henni var, brjótast í gegnum brynju agans.

Eins og margir aðrir starfsmenn Kominterns bar hún í brjósti óljósan, en djúptækan ótta við að verða skyndilega kölluð til Moskvu. Enginn gat verið öruggur um að slík köllun byndi ekki enda á stormasömu, en ánægjulegu lífdagana erlendis.

„Ég skal tala við félagi Jensen,“ sagði ég. „Hann getur tilkynnt Moskvumönnum, að hann þurfi að fela þér eitthvert starf til bráðabirgða.“

„Gerðu það.“

Jensen ráðgaðist við Ulrich. „S-neðanjarðardeildin“ — njósnadeild Kominterns — þurfti á duglegum konum að halda. Cilly var skipað í sveit Michaels Avatins.

Meðal þingfulltrúa þeirra, sem komið höfðu frá Þýskalandi, var Bror Nyström, fæddur Svíi, en borgari í Ráðstjórnarríkjunum. Hann hafði starfað í iðnnjósnaneðanjarðardeild Hans Kippenbergers, og hafði sérstaklega séð um Siemens fyrirtækin, stál- og rafmagnsiðnaðarhringinn. Hjá Nyström frétti ég, hvar Firelei væri niður komin. Hún var enn á flóttu undan Gestapo. Frá Berlín hafði hún verið flutt til Stettin, eftir að húsrannsókn hafði verið gerð. Bror Nyström gaf mér upp götunúmer í Stettin.

„Þú mátt skrifa henni,“ sagði hann. „Þetta er besta heimilisfang, eftir því sem heimilisföng gerast nú á dögum.“

Ég skrifaði nokkrar ósaknæmar línur á póstkort, gaf upp heimilisfang fransks verkamanns í Montreuil og setti kortið í póst. Ég beið í fjóra daga. Það voru dagar miskunnarlausra kvala. Síðan kom svarið, og rithöndin, sem ég þekkti svo vel. Firelei var í nauðum stödd. Ég símaði henni allt það fé, sem ég hafði í eigu minni.

Af símsstöðinni skundaði ég til úthús Vesturskrifunnar í Rue Lafayette. Óbilandi rólegur kvenritari tók á móti mér. Ég bað um viðtal við einhvern af framkvæmdarstjórum okkar.

„Augnablik,“ sagði hún.

Ég beið eina klukkustund og aðra klukkustund. Hraðboðar komu og fóru. Loksins gaf ritarinn mér leiðbeiningu um að fara að brú einni yfir Signufljót nálægt Louvre. Á brúnni stóð miðaldra maður í gráum fötum. Það var Pólverjinn René,

forustumaður hinnar nýstofnuðu *Comité Mondial contre la Guerre et la Fascisme* — Alþjóðanefndar gegn stríði og fasisma.

Hann fór þegar að tala um næsta hlutverk mitt. „Þú verður að fara til Strassborgar og Basel,“ sagði hann. „Við verðum að búa svo í haginn, að við getum hafið flutninga í stórum stíl á Rundschau yfir Rín til Þýskalands.“ *Rundschau* var gefið út í Basel og var eitt af tímaritum blaðþjónustu Kominterns. René hélt áfram, en ég heyrði það varla. „Við erum að gefa út brúna Bók um Ríkisþinghússbrunann. Það er mjög mikilvægt mál. Hundrað þúsund eintök af henni í mjög litlu broti eiga að fara til Þýskalands. Og Strassborg ...“

„Hlustaðu á mig,“ greip ég fram í. „Ég hef áhyggjur út af dálitlu öðru. Konan mín, félagi Firelei, er í miklum vanda stödd.“

„Jæja?“

Ég talaði. René kunni að hlusta. Ég fór fram á, að flokkurinn hjálpaði mér að ná Firelei frá Þýskalandi. Það vottaði fyrir ísköldu brosi á andliti Pólverjans,

„Kæri félagi,“ sagði hann með þolinmæðissvip. „Ég get virt viðkvæmni þína. En ástandið er of alvarlegt til þess, að við megum hætta neðanjarðardeild okkar í að leysa einkavanda félaganna. Það getur ef til vill orðið síðar. Við þurfum að nota þig til að koma á fót starfhæfum samgönguleiðum yfir Strassborg. Það er mjög áriðandi.“

Við skildum reiðir. Á þeirri stundu var Firelei mér meira virði en öll stjórn mála-samsærin samanlögð. Ég fór að leita að Richard Jensen. En Jensen var farinn frá París. Hann hafði farið fljúgandi til Kaupmannahafnar. Ég fór til Ginsburgers. Mig vantaði peninga og áreiðanlegan hraðboða, sem Gestapo þekkti ekki. Ginsburger hafði samúð með mér, en var hræddur. Hann vildi ekki gera neitt nema eftir fyrirskipunum frá yfirmönnum sínum. Ég var ráðinn í að taka ekki að mér frekari störf, meðan Firelei væri í Þýskalandi, heimilislaus og á flótta.

Ég afréð að snúa aftur til sjávarins. Sjómennirnir mundu ekki hika við að hjálpa mér. Flestir þeirra, sem dvalið höfðu í Hamborg á liðnum dögum, þekktu Firelei og töldu hana í hópi vina sinna. Ég skrifaði Firelei að vera viðbúin að halda á brott fyrirvaralaust. Það var mjög óvarlegt. Ef bréfið félli í hendur Gestapo, mundi allt vera tapað. Ég fékk lánaða hundrað franka hjá félagi Beaugrand. Það var nóg fyrir farinu til Antwerpen.

Í skrifstofu féлага Antons í Antwerpen fann ég fyrir bréf frá Vesturskrifstofunni með skipun um að fara tafarlaust til Strassborgar. Ég tók ekkert mark á því. Í bakherbergi á Kaffi Belgenland safnaði ég í kringum mig harðfengasta úrvali hafnar-sveitanna í Antwerpen. „Hjálp þið mér að bjarga Firelei,“ var bón mín til þeirra. Þeir svöruðu með niðurbældu fagnaðarópi. Hrifning þeirra og trúmennska kom tárur fram í augun á mér. Meðal þeirra var Birzinsch, ungur Letti. Undir forustu hans gengu aðgerðasinnar á skipin morguninn eftir og efndu til samskota. Um kvöldið voru mér fengnir nærri fjögur hundruð belgískir frankar.

„Ég þarf einn sjálfbóðaliða til að fara með mér til Þýskalands,“ sagði ég.



Birzinsch bauð sig fram. Við fórum frá Antwerpen sama kvöldið og komum til Verviers, belgískrar borgar við landamærin, klukkan fjögur um morguninn. Maður úr kommúnistasellunni á staðnum fylgdi okkur eftir smyglarabrautum til út-hverfanna í Aachen. Það var fimm stunda gangur í gegnum þéttan skóg. Við komumst til Þýskalands án þess að verða varir við nokkurn landamæravörð á leiðinni.

Í Aachen skildum við. Birzinsch tók meiri hluta samskotafjárins og settist upp í lest til Köln og Berlínar. Frá Berlín ætlaði hann til Stettin. Ég beið í Aachen. Endilangan daginn gekk ég um rólegu, hreinu strætin, forðaðist miðbik borgarinnar og forðaði mér inn í húsdyr, þegar stomsveitir nálguðust, og á nóttunni faldi ég mig í skógunum. Ég hvorki mataðist né svaf. Mínúturnar læddust hjá eins og illgjörn og seínlát kvikindi. Dagurinn leið og nóttin, og annar dagur og önnur nótt. Nagandi spurningar ásóttu mig: „Hvað var orðið um Birzinsch? Mundi hann finna Firelei? Hvar voru þau? Hvenær var þeirra von?“ Aftur og aftur risu þessar spurningar í huga mér.

Í hvert skipti, sem lest kom frá Köln, var ég á vakki í nánd við öikumannaknæpu, þar sem við höfðum komið okkur saman um að hittast. Og loksins komu þau. Birzinsch með óumræðilegan sigurvegarasvip á stillilega baltneska andlitinu, og við hlið hans gekk Firelei í rauðum og hvítum sumarkjól, með litskrúðuga handtösku á úlnliðnum. Mig langaði að þjóta til þeirra með gleðiópi, en ég sat á mér. Síðan gekk ég í humátt á eftir þeim, þangað til þau komu að útjadhri skógarins.

Birzinsch gekk ofurlítið frá og lét sem hann væri að leita að sveppum. Við vorum ein í rökkri beykitrjúanna. Ég horfði í augu Firelei. Þau skinu eins og stjörnur.

„Loksins erum við saman aftur,“ sagði hún blítt. „Ég er svo fegin, svo afskaplega fegin. Ég ætla aldrei að láta þig fara frá mér aftur ...“

Alla nóttina héldum við í austurátt í gegnum svörtu skógana. Birzinsch hafði forustuna. Undir morgun nam hann staðar og lét okkur ná sér.

„Nú getið þið fengið ykkur ærlegan koss,“ sagði hann. „Við erum komin til Belgíu.“ Enn á ný virtist lífið ætla að verða eins og söngljóð. Við komumst til Antwerpen, og í viku lífðum við lífi okkar í þakherbergi uppi yfir steypusmiðju. Við gleymdum umheiminum. En hin háværa áfergja Vesturskrifstofunnar batt enda á þessa leynilegu frídaga. „Við eigum að fara til Parísar,“ tilkynnti ég.

„Mig hefur alltaf langað til að sjá París aftur,“ sagði Firelei.

Við héldum til Parísar og fórum fótgangandi yfir landamærin, því að Firelei var enn vegabréfslaus. Í París útvegaði Roger Ginsburger henni vegabréf á nafn Jeanette Languinier frá St. Nazaire. Með það ferðuðumst við til Strassborgar og Basel.

Við vorum í Strassborg, þegar mér barst sú frétt, að Michael Avatin og aðstoðarmenn hans hefðu loks tekið yfirmann Gestapo-njósnaðaranna í Flandern, Ílja Rajkov — Uxann — af lífi. Ég heyrði einstök atriði þessa atburðar síðar, sumpart hjá Avatin sjálfum, sumpart hjá Cilly, sem hafði hjálpað honum, en mestmegnis hjá félagi Anton, sem hafði safnað skýrslum um málið.

Fjórum mönnum hafði verið falin framkvæmd verksins — Avatin, belgískum

manni að nafni Rose, kubbslegum, litlum Grikkja frá Þessaloníku og loks Cilly. Það var erfitt að ná tangarhaldi á Uxanum. Hann þaut um borgina í leigubílum og hélt ráðstefnur sínar í uppljómuðum kaffihúsum. Gríski kubburinn var á vakti fram með höfninni og gaf gætur þeim, sem gengu inn og út um íbúð Uxans. Avatin og Rose voru á hælum hans. Og Cilly, klædd í kjóla, sem voru eins og rennblautt silki, dreypti á vnglasi sínu í kaffihúsum og lagði sig í framkróka við að fá Uxann til að biðja sig bónar. Þegar þessu hafði farið fram í viku, varð Avatin óþolinmóður.

Hann vildi fá Cilly til að gera Uxann drukkin og fara síðan með hann á nætur-göngu fram með fljótinu. En Uxinn drakk ekki nóg, og hann gekk aldrei út úr augsýn götuljósanna og lögregluþjónanna. Þegar hann því fór eitt sinn með Cilly í hótél um nótt, ákvað Avatin að breyta fyrirætlunum sínum.

Vegna þess að Cilly var illa við að nota hníf, fór Grikkinn í bókasafn til þess að kynna sér eiturlyf. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að nokkrir dropar af ómeng-uðu nikótíni mundu vera fyrirtak. Cilly þurfti ekki að gera annað en að blanda nikótíninu í te Uxans, áður en hann færi að háttu, og síðan gæti hún fengið sér flugfar til Parísar, en félagi Ginsburger mundi sjá henni fyrir vegabréfi, sem sýndi, að hún hefði verið lengi í París.

Þessi ráðagerð þótti líkleg til að heppnast. Í næstu viku fór Uxinn með Cilly í þrjú hótél, hvert á fætur öðru. Ekkert gerðist. Uxinn var enn á lífi. Það var svo að sjá sem Cilly væri með hugarvél. Þriðja morguninn var hún svo fól í andliti, að varir hennar virtust vera rauðar sem blóð. Þegar hún sagði, að Uxinn væri mjög ógæfusamur maður, sagði Avatin henni til syndanna, svo að í hvein. Hann sendi bréf til Kaupmannahafnar og krafðist þess, að Cilly yrðu falin störf, sem væru ekki fullt eins alvarleg.

Cilly gaf nýsnaranum ekki eitur. Rétt fyrir miðnætti kvöld eitt símaði hún af hóteli við Meir, að Uxinn væri drukkin og óþolandi. Hún kvaðst skyldu fara með hann í leigubíl og skilja hann eftir milli trjána nálægt gamla virkinu við fljótið.

Í þrjár klukkustundir biðu Avatin, Rose og Grikkinn á bekknum undir trjánum. Þeir mæltu ekki orð frá munn. Um klukkan hálf þrjú rann bíll inn á milli trjána. Þeir sáu Cilly koma út úr honum. Hún gekk hratt eftir fljótsbakkanum og lét sem hún væri að horfa á skip, sem fór fram hjá. Uxinn skjögraði út úr bílnum hálfri mínútu síðar. Hann hrópaði á Cilly og bað hana að bíða. Cilly sneri sér við. Rétt í því, er hann rétti höndina eftir henni, stjakaði hún honum frá sér, fór upp í bílinn og sagði bílstjóranum að stíga á bensínið. Þegar Uxinn rankaði við sér, var bíllinn farinn. Flakkararnir hrinu og hlógu dátt. Þeir höfðu umkringgt Uxann og jusu yfir hann háði og huggunarorðum.

„Við skulum koma,“ sagði Avatin rólega.

Skýin héngu lágt yfir turnum Antwerpen. Ljósinn hinum megin fljótsins voru óskýr í rígningu. Hver á fætur öðrum örkuðu flakkararnir á brott. Skuggar þeirra liðu yfir votgljáandi steinstéttina og leituðu sér skjóls í útidrym húsa.

Avatin stóð fyrir framan Rússann. Hann var rólegur eins og ávallt, þegar verk var að vinna. Ströndin var auð. Það var komin hellirigning.

„Uxi,“ sagði Avatin, „þegar einn maður heldur byssu að mænunni á öðrum manni, hvað verður þá?“

„Ekkert,“ sagði Uxinn fyrirhitlega.

„Og þegar hann hleypir af?“

Uxinn leit upp. „Annar er látinn, hinn er lifandi,“ tautaði hann.

Þeir höfðu skjót handbrögð. Grikkinn hélt skambyssuhlaupi upp að baki Uxans.

„Stattu upp!“

Uxinn reis á fætur. Hann gnæfði hátt í rigningunni og vissi ekki, hvað um var að vera.

„Gakk!“ sagði Grikkinn.

Uxinn gekk. Hann gekk fram á brúnina á hafnarbakkanum með Avatin sér við hægri og Rose við vinstri hlið. Fyrir aftan hann gekk kubbslegur Grikkinn með byssuna.

„Við ætlum að drepa þig,“ sagði Avatin.

Uxinn varð allt í einu forviða.

„Hvað gengur að ykkur, piltar?“ sagði hann og nötraði.

„Það er verst fyrir Gestapo að missa þig,“ sagði Avatin.

Fyrir fótum þeirra gjálfraði vatnið í fljótinu kolsvart við steinana. Uxinn stóð á brúninni eins og hann væri að hugsa sig um, og fyrirvaralaust snerist hann á hæl og sló Grikkjann í andlitið. Í sömu svífum rak Avatin rýting sinn á kaf í kvið njósnarans og risti út úr. Síðan sparkaði hann í hann. Uxinn gaf frá sér hljóð. Þá stakkst hann á höfuðið í fljótið, og straumurinn bar hann burtu.

## „Það er auðvelt að deyja“

Í SEXTÍU DAGA ferðuðumst við Firelei um Frakkland, Belgíu og Holland. Frá Strassborg héldum við til Basel og fórum yfir landamærin við þorp, sem hét St. Louis. Frá Basel snerum við aftur til Parísar, og þaðan héldum við til Rúðuborgar, Le Havre, Boulogne, Dunkerque, Ghent, Antwerpen, Rotterdam og til baka til Antwerpen í þessari röð. Í öllum þessum höfnum var það hlutverk mitt að stofna neðanjarðarstöðvar til flutninga á ólöglegum ritum til Þýskalands, og notaði ég um leið tækifærið til þess að líta eftir sjómannadeildum kommúnista við fljót og strendur. Síðari hlutann í ágúst var það hlutskipti mitt að leika hlutverk eins helsta herbragðameistarans í verkfalli fljótamanna og verkamanna við skipaskurði í kringum París og á Norður-Frakklandi.

Við vorum í Le Havre á heimili erindrekans, Cance, þegar fregnir um fyrstu opinberu kommúnistaftökurnar í Þýskalandi bárust út um heiminn. Hinn 1. ágúst 1933 féllu höfuð verkamannanna Hermanns Lütgens, Brunos Tesch, Wolffs og Möllers fyrir exi böðulsins í Hamborg-Altona. Ég hafði verið þeim kunnugur og Firelei líka. Setudómstólar í Chemnitz, Breslau, Berlín og Köln höfðu felld fleiri líflátsdóma. Spor þau, sem þessi hryðjuverk mörkuðu í hugum okkar, hefðu ekki getað verið dýpri, þó að okkur hefði verið sagt, að sonur okkar hefði verið myrtur. Í bræði sinni teiknaði Firelei skopmynd af Hitler í hlutverki böðulsins með öxina í hægri hendi, afhöggið höfuð féлага Lütgens í þeirri vinstri og höfuðlausan líkama hans liggjandi milli fóta sigurvegarans. Þvert yfir teikninguna ritaði hún þessar kunnu línur:

*Verflucht, verflucht,  
Wer diesen Tag vergessen will,  
Wer dieses Blut nicht rachen will ...*

Bölvaður, bölvður sé sá, sem vill gleyma þessum degi og ekki hefna þessa blóðs.

„Einu sinni þótti mér gaman að teikna fallega hluti,“ sagði Firelei þungbúin. „En það er nú gleymt og grafið.“

Ég samdi áskorun um hefnd, svæsin vígorð æstra tilfinninga, og lét prenta hana í prentsmiðju flokksins ásamt myndinni af böðlinum Hitler, í tuttugu og fimm þúsund eintökum. Ég lét þegar í stað senda það til allra hafna, þar sem við höfðum sveitir, er sáu um smygl á áróðursritum til Þýskalands. Firelei tók eitt hundrað

þessara æsingamiða og fór að heiman. Hún hljóp niður brekkuna eins og fætur toguðu.

„Þú ættir að hafa gát á henni,“ sagði Cance, „hún er ákaflega æst.“

Ég hætti við það, sem ég var að gera, til þess að gæta að, hvert Firelei væri að fara. Ég þaut af stað og ráfaði marklaust um göturnar í Le Havre. Allt í einu rann sannleikurinn upp fyrir mér. Í höfninni lágu tvö þýsk skip, *Gerolstein* og *Bellona*. Firelei hafði farið þangað til að dreifa ritunum meðal þýsku sjómanna.

Þetta var hættulegur leikur. Það var ekkert það þýskt skip á floti, sem hafði ekki Gestapo-njósnara meðal áhafnarinnar. Hópur þriggja eða fjögurra nasista á hverju skipi gat hæglega kúgað fimmtíu manna áhöfn.

Ég hljóp niður að *Gerolstein*, en á því var kommúnistasella.

„Já,“ sagði vörðurinn við landganginn, „hér var telpukind að dreifa út einhvers konar æsingablöðum.“

„Fór hún aftur?“

„Já.“

„Hvenær?“

„O, fyrir klukkustund eða vel það.“

„Hvert fer þetta skip héðan?“

„Til New York.“

Ég flýtti mér burtu. Ég þaut út að *Bellona*, sem lá í öðrum hluta hafnarinnar. Heimahöfn *Bellona* var Brimar. Það var að koma frá Spáni á heimleið og var eitt hinna fáu skipa, sem var mannað félagsbundnum nasistum að mestu leyti. Við landganginn stóðu vörð tveir sjómenn með merki stormsveitanna í barmi sér. Ég komst ekki um borð. Skammt frá skipinu var hafnarbakinn þakinn böggluðum eintökum af hefndarávarpi okkar. Firelei hafði komið hingað.

Ég spurði teljara, sem var að skrifa hjá sér tölu farmsendinga við dyrnar á vöruskemmunni: „Hafið þér séð stúlku hérna, unga stúlku í rauðum og hvítum kjól, ljóshærða stúlku?“

„*Une fille? ... Ah, la garçonne! Mais oui!*“

„Hvar?“

„Þarna í vöruafgreiðslunni.“

Það var vöruafgreiðsla þýsku Neptún-línunnar við endann á vöruskemmunni. Ég hrópaði til flokks hafnarverkamanna, meðan ég var á leið þangað.

„Hvað gengur að?“

„*Au secours*,“ hrópaði ég í geðshræringu. „*Brigandage. Les Nazis.*“

Fjórir eða fimm komu með mér. Hafnarverkamenn í Le Havre voru stjórnleysingar. Þeir höfðu ekki tekið þátt í verkföllunum gegn nasistafánanum, því að þeir litu á hann sem einskisvirða dulu, eins og alla fána. En þeir hötuðu Hitler engu að síður. Ég þusti inn á þýsku vöruafgreiðsluna formálalaut. Hafnarverkamennirnir fylgdu mér eftir. Afgreiðslan voru tvö herbergi, hið fremra stórt, og lítil skrifstofa

þar fyrir innan. Í fremra herberginu var yfirmaður á *Bellona* að tala við tvo þýska skrifstofuþjóna.

„Hæ,“ hrópaði hann, „hvert á að fara?“

Við hrintum honum til hliðar og fórum inn í innri skrifstofuna. Firelei var þar. Hún sat við borð andspænis ungum manni. Ungi maðurinn, sem var ekki sjómaður, hörfaði upp að veggnum. Firelei æpti af undrun.

„Hvað ertu að gera hérna?“ spurði ég.

Hún var ekki með sjálfri sér. Hún gekk að unga manninum með kreppta hnefa. „Þessi litli morðingi,“ tautaði hún, „hann vildi fá mig út á skipið með sér. Þessi líka laglegi —“

Menn þustu saman í fremra herberginu. Hafnarverkamennirnir stóðu eins og klunnar og vissu ekki, hvað þeir áttu gera.

„Við skulum fara héðan.“

Ég greip í handlegginn á Firelei og dró hana með mér. Þjóðverjarnir viku þöglir til hliðar. Hafnarverkamennirnir vildu brjóta og bramla innanstokksmunina.

„Nei, nei,“ sagði ég við þá. „Þetta var misskilningur.“

Firelei og ég höfðum komið til Frakklands með fölsuð vegabréf og vorum ekki innrituð hjá lögreglunni. Við gátum ekki átt á hættu að verða yfirheyrð. Firelei masaði út í bláinn. Ég hjálpaði henni upp í leigubíl og settist hjá henni.

„Hvert?“

„Í baðhús.“

Ég leigði steypuklefa og lét Firelei standa undir kaldri bunu í tíu mínútur samfleytt.

„Hefurðu náð þér?“

„Já,“ sagði hún feimnislega. „Ég veit ekki, hvernig á því stóð. Ég trylltist.“

„Klæddu þig nú. Við förum heim til Cance. Þú átt að halda kyrru fyrir í rúminu einn dag og lesa og tala ekki við neinn mann.“

Hún elti mig eins og þreytt barn. Hún æpti upp úr svefninum. Hún æpti nöfn mannanna, sem höfðu verið hálshöggvarar í Hamborg-Altona, og hún kallaði þá „litlu bræður“ sína.

Ég spurði hana ekki, hvað komið hafði fyrir á hafnarbakkanum við *Bellona*. Hún sagði mér það af sjálfsdáðum, mörgum vikum síðar. Hún hafði dreift flugritunum út með því að vefja þeim saman og kasta þeim inn fyrir borðstokk skipsins. Síðan hafði hún farið inn í vöruafgreiðsluna til þess að dreifa fleiri ritum. Þar gripu hana tveir menn og neitðu að sleppa henni aftur.

„Þeir vildu, að ég færi með þeim um borð í *Bellona*,“ sagði Firelei. „En þeir hikuðu, af því að ég hóttaði þeim að ég skyldi veina. Og síðan komst þú.“

Þann 15. ágúst vorum við í Dunkerque. Hin herfræðilega afstaða þessarar hafnar hafði löngum vakið sérstaka athygli Kominterns. Verklýðsfélög kommúnista voru einráð í höfninni og á járnbrautunum, sem lágu að borginni. Við vissum, ef til styrjalda drægi, að þá mundi landinu milli Dunkerque og Lille vera hættast í öllu

Frakklandi. Fulltrúi GPU, sem hafði aðsetur í Dunkerque, var Marcel Wegscheider verkfræðingur; og helsti aðstoðarmaður hans var Gustave Huyge, formaður félags hafnarverkamanna. Þeir höfðu báðir skrifstofur í einu stæðilegasta húsi borgarinnar, Salle d'Avenir, Rue l'Ecluse-de-Bergues 9.

Við Wegscheider og Huyge ræddum, hvort gerlegt væri að stofna til verkfalls á fljótum og skipaskurðum Norður-Frakklands. Vesturskrifstofan hafði þegar sett upp áætlanir um slíka herferð. Takmarkið var hvorki meira né minna en taka fyrir kverkar iðnaðarins á þessu svæði með því að stöðva aðflutning hráefna, sem fóru um kerfi það af fljótum og skipaskurðum, er tengdi París við Lorraine og Ermarsund. CGTU, Verklýðsambandið franska, sem var undir yfirráðum kommúnista, hafði þegar undirbúið jarðveginn í nokkrar vikur með undirróðri. Það gat ekki munað nema nokkrum dögum, að þessi *bataille des bateliers* brytist út. Það féll í hlut stjórnar kommúnistaflokksins í Dunkerque að skipuleggja sérfræðingalið í því skyni að gera hið yfirvofandi verkfall að sannkallaðri orrustu með því að teppa siglingaleiðirnar til Parísar með skipagirðingu.

Það var aðferð, sem ekki hafði verið reynd til þessa. Wegscheider, ég og flokkur aðstoðarmanna okkar héldum hver í sínu lagi til Parísar. Við komum saman aftur í skrifstofu CGTU í Rue des Granges aux Belles til ráðstefnu með René og frönsku flokksleiðtogunum.

Benoit Franchon, hermálafræðingur í framkvæmdum bolsévika á Frakklandi, breiddi úr herstjórnarkorti af svæðinu umhverfis París. Herbúðir og stöðvar borgaraliðsins voru merktar bláu. Með rauðu voru merkt straummót fljóta og skipaskurða, sem hernaðargildi höfðu. Rödd Franchons var hnitmiðuð og köld, og hann benti á staði, þar sem skipagirðingar gætu verið áhrifamestar og þar sem flokkar bardagamanna frá París hefðu þegar tekið sér aðsetur. Hver flokkur hafði tvo hraðboða á vélhjólum til að halda uppi samfelldu sambandi við aðalstöðvar verkfallsráðsins, en þeim hafði verið komið fyrir í St. Denis, langt frá opinberum byggingum kommúnista í því skyni að láta verkfallið sýnast óháð þeim. Sem ráðgjafar verkfallsráðsins voru tilnefndir Jean Rigal, Emile Ramette og Mauvais nokkur, allt gamlir, þaulvanir Komintern-menn, og síðan ég sem fulltrúi ASH, siglingamálaeildar Komintern.

Verkfallið hófst 19. ágúst. Enn sem komið var grunaði frönsku stjórnina ekki, hve samsærið var umfangsmikið. En um dögum þann 20. ágúst lögðu skemmdar-sveitir okkar til atlögu.

Frönsku fljótamennirnir okkar — *les bateliers* — fylgdu forustumönnum okkar eftir. Á Aisne-fljóti voru tíu fljótaprammar bundnir hlið við hlið, svo að þeir tepptu forveginn milli bakka. Prammarnir til beggja enda við fljótagirðinguna voru mannaðir bardagaflokkum úr Rauðu fylkingunni, og var hlutverk þeirra að verja þá gegn árásum úr landi. Árfarvegurinn var tepptur. Þegar birti af degi, gátu flutningaskip á leið frá Rheims til Parísar ekki komist leiðar sinnar. Þar sem Aisne rennur út í Oise, varð flækja hinna króuðu skipa þéttari með hverri stund sem leið.

Næst tókum við að teppa fljótið Oise. Oise var breiðara en Aisne og þar þurfti fjórtán pramma til að reisa fljótandi girðingu. Á skurðunum, sem lágu til norðurs og til Belgíu, var nægilegt að leggja þremur til fjórum skipum í þyrpingar við inn-siglingar gáttarstíflanna. Um hádegi höfðu alls verið settar upp tuttugu og tvær girðingar. Umferð um fljót og aðrar skipaleiðir norðan Parísar var stöðvuð.

Þetta kom frönskum yfirvöldum svo á óvænt, að þau höfðust ekkert að. Í Lille og Amiens, í Dunkerque og Rúðuborg, slógust fljótamenn í hópinn. Siglingum milli Frakklands, Belgíu og Hollands var hætt. Við beindum framkvæmdum okkar til suðurs og austurs. Nýjum skipagirðingum var komið fyrir. Signufljót var teppt og síðan Marne. Hinn 22. ágúst hótaði stjórnin í París að skerast í leikinn. Hún setti verkfallsmönnum úrslitakosti og krafðist þess, að girðingarnar yrðu teknar í burtu.

Til að draga málið á langinn sendum við nefndir verkfallsmanna til samninga við ríkisstjórnina. Ramette og Jean Rigal hröðuðu sér norður til að draga verkamenn í námum og vefnaðarverksmiðjum inn í verkfallið. Ég gaf út ávarp: „Fljótamenn, verndið skipagirðingar ykkar!“

Ég sat fund með verkfallsráðinu í Conflans Ste. Honorine morguninn 23. ágúst, þegar kófsveittur hraðboði kom hlaupandi inn á fundinn.

„Gætið ykkar,“ hrópaði hann. „Garde Mobile er á leiðinni, og lögreglan og brunaliðið frá París.“ Fundurinn fór í mola. Arrachard, einn af foringjum kommúnista í París, æddi til skipagirðingar, sem var þar nálægt, til að stjórna vörninni. Sveitir úr *Garde Mobile* voru á leið til fljótsins. Ég var á leið til hraðboðastöðvanna, þegar hersveitarforingi stöðvaði mig.

„Hvaðan komið þér? Hvert ætlið þér?“

Doris Ginsburger, sem var túlkur minn, var í för með mér. Hún svaraði með töfrandi brosi. Ég tók upp danska vegabréfið mitt.

„Hann er ferðamaður,“ sagði hún. „Ég er fylgdarmaður hans. Við komum hingað til þess að sjá þessar spennandi skipagirðingar.“

Garde Mobile foringinn baðst afsökunar. „Haldið þið áfram,“ sagði hann. „En þér ættuð að vita, *mademoiselle*, að það er hægt að sjá margt betra í Frakklandi en þetta.“

Fljótamennirnir gerðu að engu tilraunir árásmanna til að ráðast til uppgöngu á skipagirðingarnar. Þeir notuðu kylfur og bátshaka og bunuðu köldu vatni úr strigaslögum á lögreglubátana. Hliðarárás úr landi var sömuleiðis hrundið. Stjórnarliðið hörfaði undan. Þremur klukkustundum síðar hófu þeir árás á ný og dældu nú vatnsbunum úr háþrýstidælum slökkviliðsins í París. Vatnsgusurnar slöngvuðu verjendunum um koll. Herliðið braust um borð í pramma og skar á landfestarnar. Skipin snerust hægt um sjálf sig og rak með straumnum. Strax og *Garde Mobile* hafði fylkt liði aftur til þess að gera atlögu að næstu torfæru, sendum við Mauvais út hraðboða með skipun um að leggja girðingunni á ný. Í



Þetta skipti létum við okkur ekki nægja eina girðingu. Á hálf annars kílómetra svæði mynduðum við þrjár girðingar með yfir fjórutíu skipum.

Sameinað lið ríkisstjórnarinnar gerði nú atlögu að öllum girðingum okkar í einu og lét náttmyrkríð skýla sér í sókninni. Við höfðum fengið skipanir frá Komintern um að forðast að nota skotvopn, því að framkvæmdir þessar báru frekar einkenni aðalæfingar en úrslitabardaga. Til þess að komast hjá algerri uppreisn forðaðist lög-reglulíðið og *Garde Mobile* einnig að nota skammbyssurnar.

Skrámur, brotnar hauskipunur og óteljandi kaffæringar í fljótum og skurðum voru hlutskipti aðilanna.

Þessi almennu áflog stóðu yfir í fjóra daga og nætur. Þetta var ævintýralegasta verkfall, sem hafði verið framkvæmt á franskri grund. Um kvöldið þann 26. ágúst voru allir helstu skipuleggjendurnir boðaðir á ráðstefnu í St. Denis. Frachon skýrði frá því, að skipun hefði borist um að aflýsa verkfallinu um dögum. Félagi Arrachard stökk á fatur ofsareidur. „Hvers vegna?“ hrópaði hann. „Verkfallið gengur ágætlega. Hvers vegna eigum við að hætta?“

„Félagarnir í Komintern eru ánægðir,“ bergmálaði Frachon. „Við megum ekki spila út öllum spilum okkar. Þetta var tilraun, tilraun sem heppnaðist vel. Við getum lært af henni og undirbúið okkur undir stórfelldan bardaga í framtíðinni.“

Mörg hundruð *bateliers* höfðu verið handteknir meðan á „tilrauninni“ stóð. Þrjátíu vígamenn frá Dunkerque voru ákærðir fyrir uppreisnarstarfsemi. Meðal þeirra var ekki einn einasti af hinum raunverulegu leiðtogum verkfallsins.

Molluheitan dag nokkurn í lok ágústmánaðar birtist Ernst Wollweber í París eins og skrattinn úr sauðarleggnum.

Firelei hitti hann í vinnustofu félaga Ginsburgers í Rue de Seine. Wollweber sat kengboginn yfir landabréfi af París og öðru af Evrópu.

„Félagi Ernst!“ hrópaði Firelei. „Velkominn til Parísar. Við vorum hrædd um, að þú hefðir verið tekinn.“

„Hrædd?“ Slésíumaðurinn glotti. „Þegar einn fer, kemur annar, en stundum kemur það þó fyrir, að dauðir verða aftur lifandi.“

Þegar Wollweber kom til Parísar, var það líkast því, sem soltinn haukur væri á sveimi yfir hænsnabúi. Allir þýsku kommúnistarnir, sem höfðu komið sér fyrir í þægilegum skrifstofum eftir flóttann frá Þýskalandi, fóru að óttast um stöður sínar og fjárveitingar. Þeir gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að einangra komumanninn, reyna að koma honum til Brüssel eða Moskvu. Slésíumaðurinn glöggvaði sig þögn á málum í vikutíma. Hann valdi sér fylgdarlið dyggra aðstoðarmanna úr hópi óbreyttu flóttamannanna. Hann sendi einkahraðboða til Kaupmannahafnar og Rússlands, og þessir sendimenn komu brátt aftur með hagstæð svör. Síðan komu fundir með fulltrúum Vesturskrifstofunnar. Wollweber hafði hlotið mikið frægðar-orð fyrir skipulag sitt á þýsku „neðanjarðarsamtökunum“.

Sú staðreynd var Wollweber mjög í vil, að hann var harla lítt kunnur utan landamæra Þýskalands. Hann var dularfullur maður, og hann kundi að leika það

hlutverk. Hann gekk um götur Parísarborgar, gildvaxinn, með járnhart ennið falið undir barðastórum hatti, sem var of stór, en það glytti í fálýndu augun í heita sumarloftinu í París.

Hann gekk undir mjög mörgum nöfnum. Í Comité Mondial kölluðu þeir hann Schulz. Í flóttamannaráðunum gekk hann undir nafninu Anderson. Á ráðstefnum starfsmanna flokksins var hann kynntur sem Kurt Schmidt. Ernst Wollweber virtist hafa geigvænlega ánægju af að taka upp nöfn manna, sem höfðu látið lífið í dýflissum Gestapo. Firelei kallaði hann „mannætuna“, og geðjaðist honum sýnilega að því nafni, sérílagi þegar hann heyrði það af vörum viðfældinnar stúlku. Þá var hann vanur að nema staðar, svörtu mongólaaugun pírdi upp, eins og hann væri að lesa dulmál í gíflistunum í loftinu, og það færðist glott yfir tóbakskámugar varirnar, glott, sem Firelei gat engu svarað, nema með frekar skringilegu „Úfff!“ Kvöld nokkurt vorum við Firelei með Wollweber í kaffihúsi í Ódáinsvöllum, Champs Elysées. Wollweber drakk sóðavatn. Við töluðum um París, um Þýskaland og framtíðina, og allt í einu sagði hann: „Ég hef verið að skyggjast um. Þessi París er hreinasti fjársjóður. Ég hef lært meira hér á einni viku, get ég sagt ykkur, en á þremur árum í Þýskalandi. Í Þýskalandi drepast félagar okkar annaðhvort úr hungri eða eru barðir til ólífis. Og hérna? Boulevard-kaffihúsin eru troðfull af strokumönnum!“ Þegar hér var komið hvæsti hann illilega: „Ég er að hugsa um að smala þeim saman. Ég ætla að senda þá aftur heim til Þýskalands, því að þar eiga þeir heima.“

Kaffihúsráðstefna okkar stóð lengur. Wollweber minntist á Vesturskrifstofuna, æðstu samkundu Komintern-valdsmanna utan skrifstofu Molotovs og Pjatrínskíjs í Moskvu. Ulrich kallaði hann „lagaklækjaref“. Nafngift hans á Pólverjanum René, forustumanni Alþjóðanefndar gegn stríði og fasisma, var *Schlappschwanz* — ræfill. „Ef ég hefði völd Renés,“ urraði hann, „þá gæti ég látið jörðina snúast á hinn veginn.“

Talið barst að Henri Barbusse. Wollweber hafði aldrei heyrt hans getið.

„Hver er þessi blessaði Barbusse?“ spurði hann.

„Hann hefur skrifað bókina Í eldinum,“ sagði Firelei.

„Hann mundi ekki standa sig vel, ef hann væri í eldinum,“ lagði Wollweber til málanna fyrirliðlega. „Hann er of langur og horaður. Hvaða lögregluþjónsasnir sem væri mundi geta þekkt hann úr, þó að hann væri innan um milljón aðra.“

Firelei hló. „Félagi Ernst, hvað segirðu um þennan blessaðan Goethe?“

„Goethe er látinn,“ sagði Wollweber. „Goethe samdi Faust.“

Wollweber kvaðst mundi fara til Moskvu bráðlega. Frá Moskvu ætlaði hann til Kaupmannahafnar. Hann langaði til að skapa sjálfum sér neðanjarðardeild, sem hann gæti treyst út í ystu æsar. Nöfn frábærra keppinauta hans eins og Wilhelms Piecks og Münzenbergs — voru bannfærð. Hann vildi þá ekki fyrir samverkamenn sína meðal óbreyttu og óspilltu liðsmannanna. Og skyndilega sneri hann sér að Firelei: „Þú ferð til Kaupmannahafnar með mér.“

Firelei varð hverft við. Hún kvaðst vilja vera hjá mér.

„Maðurinn þinn kemur innan skamms á eftir,“ sagði Wollweber. „Það er margt, sem ég þarf að gera í Kaupmannahöfn. Loftið er hreinna þar en í París.“

Premur dögum síðar fékk Firelei skipun frá Vesturskrifstofunni um að fara. Hennar var þörf í Kaupmannahöfn, og þangað varð hún að fara. Það varðaði brottrekstri úr flokknum að þverskallast við aga hans. Wollweber fór til Kaupmannahafnar í flugvél. Firelei fór sjóleiðis með *P. A. Bernstorff* frá Dunkerque.

Á vinnustofu Rogers Ginsburgers lá fyrir mér bréf frá Vesturskrifstofunni, og var mér falið að stjórna sérstakri ráðstefnu ensk-amerísku sendinefdanna, sem sóttu Heimsþing æskunnar gegn stríði, er kom saman í París í september. Þinginu stjórnaði á laun Michal Wolf, leiðtogi Alþjóðasambands ungra kommúnista — æskulýðsfélags Kominterns. Markmið ráðstefnunnar var að samræma störf kommúnistasamtaka innan vopnaframleiðslu og skipasmíðaiðnaðarins í því skyni að reka hernjósnir og tefja fyrir vopnaflutningum, sem ráðstjórnin væri mótfallin.

Í lok Heimsþings æskunnar hitti ég í járnbrautarskrifstofu Kominterns (Internationales Komitee der Eisenbahnen) á Place de la République fyrrverandi pólskan herforingja, sem Kremlarmenn höfðu eftir handtöku Alberts Walters útnefnt ráðstjórnarfulltrúa fyrir siglingamáladeild Kominterns. Þessi félagi skýrði mér frá því, að það væri í þann veginn verið að kalla hann til Moskvu og að hann hefði bent Molotov á að hafa mig bak við eyrað, þegar skipaður yrði nýr aðalritari siglingamáladeildarinnar.

„Enginn er kunnugri alþjóðastarfi við sjávarsíðuna en þú,“ sagði hann.

Ég fylltist óhemju fögnuði. Þetta var æðsta staða, sem ég gat nokkurn tíma haft von um að öðlast innan Alþjóðasambands Kommúnista. Tonie, fertug stúlka, sterkleg og ungleg, forstjóri járnbrautarskrifstofu Kominterns, kastaði handleggjunum um hálsinn á mér og fadmaði mig.

„Mig langar til að sofa hjá foringja allra sjómanna,“ gargaði hún.

Pólverjinn kímði: „Tonie, þú færð nóga keppinauta, en það er alveg vonlaust fyrir ykkur að komast í bólið hjá þessum félagi.“

Eftir handtöku Alberts Walters var mánaðarstyrkur sá, sem Alþjóðasamband sjómanna og hafnarverkamanna, ASH, fékk frá Moskvu, frá tuttugu til fjörutíu og fimm þúsund dalir, allt eftir því, hve framkvæmdir voru mikilvægar og yfirgrípsmiklar þá og þá stundina.

Ég hélt til Komintern-hótelsins, Hotel d'Alsace, og tók saman farangur minn. Ég átti að fara til Kaupmannahafnar, fá þar ný vegabréf hjá Richard Jensen og halda síðan til Moskvu til fundar við Osíp Pjatrínskíj, skipulagsstjóra Kominterns.

Ég kvaddi vini mína í París og fór með flugvél til Amsterdam. Einn af fulltrúum GPÚ í Hollandi kom til móts við mig á flugvöllinn. Hann hét de Groot og var samkvæmt útliti og skilríkjum kaffiheildsali. Hann fékk mér böggul með nokkrum tugum óútfylltra hollenskra vegabréfa, sem ég átti að fá Richard Jensen í Kaupmannahöfn. Tollskoðun hjá farþegum, sem ferðuðust í flugvél, var ekki eins ströng

og hjá þeim, sem fóru með járnbraut eða skipi. Innan skamms drundu hreyflarnir, rykið þyrlaðist aftur undan vélinni, er hóf sig til flugs. Fríslandseyjar hurfu sýnum, Norðursjórinn teygði grænan og hvítan flöt sinn svo langt sem augað eygði.

Er ég kom til Kaupmannahafnar, fór ég þegar í stað á fund Richards Jensens á heimili hans við Vesterbrogade. Þar var kvenritari, sem vísaði mér til leynilegrar skrifstofu í Toldbodgade 18, í hinu illræmda hafnarhverfi. Þar var hinni nýju vegabréfafölsunarmiðstöð Vesturskrifstofunnar komið fyrir. Ég fékk Jensen hollensku vegabréfin og bað hann að ganga fá því við ræðismann ráðstjórnarinnar, að ég fengi nauðsynleg skilríki til Moskvuferðarinnar.

„Þú ferð ekki til Moskvu,“ sagði Jensen. „Félagi Wollweber vill fá að finna þig.“

„Ég hef fyrirskipanir um að gefa mig fram við Pjatnítstkíj,“ svaraði ég.

„Láttu Pjatnítstkíj eiga sig. Félagarnir Kuusinen og Bela Kun eru staddir í Kaupmannahöfn. Það er hægt að koma þessu öllu í kring hér,“ mælti Jensen.

Það liðu þrjú dagar, áður en Vesturskrifstofan gaf sér tíma til að skipta sér af framtíðarstarfi mínu. Á meðan hitti ég Firelei. Hún átti heima við Øresundsvej, í nýtísku herbergi með útsýni yfir fagra sandströnd og breiður Eystrasalts.

„Wollweber vinnur dag og nótt,“ sagði hún. „Hann er eins og skurðgrafa í buxum og grefur sér braut inn í Vesturskrifstofuna.“

Firelei tók mjög nærri sér fréttirnar um hin sífelldu hryðjuverk í Þýskalandi. En henni féll starfið vel í geð. Wollweber hafði sett hana yfir flutning kommúnistarita frá Danmörku og Suður-Svíþjóð til Þýskalands. Auk þessa starfs bar henni skylda til að vera nálægt símanum í herbergi sínu hvern morgun frá klukkan fimm til ellefu og skrifa nákvæmlega upp orðalag allra orðsendinga, sem bárust í gegnum símann. Þessar orðsendingar voru síðan sendar til Vesturskrifstofunnar með hraðboða. Flestar símaorðsendingarnar voru á dulmáli. Firelei vissi hvorki hvað þær þýddu né hver sendi þær. Það gerði ekkert til. Æskudraumar hennar voru horfnir. Barnið hennar var glatað. Hún hafði falið sig þjónustu þess málstaðar, sem hafði rænt hana svo miklu, að nú varð ekki snúið aftur til fyrri lífshátta.

Að morgni hins fjórða dags, er ég dvaldi í Kaupmannahöfn, kom sonur Jensens, Martin, sem var GPÚ-maður og hafði eftirlit með störfum kommúnista við vatns-, gas- og rafmagnsveitu borgarinnar, í heimsókn til mín. Það var sunnudagur.

„Við förum til Vesturskrifstofunnar,“ sagði hann. „Þeir eru í háarifildi út af þér.“

„Hvers konar rifrildi?“ spurði ég, frekar skelkaður.

Meðan við ókum í sporvagni til útborgarinnar Charlottenlund, þar sem Otto Ville Kuusinen hafði skrifstofu í íbúð konu, sem var í þjónustu GPÚ, masaði Martin Jensen í hálfum hljóðum. Hann lét sér umhugað um að geðjast mér, því að ég vissi um sum ævintýri hans með blómarósum flokksins, og félagi Martin var hræddur um að konan hans, Inge, sem elskaði hann ákaft, kæmist að ástarafrekum hans.

„Það er deila um valdsvið,“ sagði hann. „Alþjóðastarfsmennirnir vilja fá þig til

að stjórn samtökunum við sjóinn, en þá kom Wollweber og sagði: „Kemur ekki til mála, ég þarf að nota þennan félag í Þýskalandi.“

„Hafa þeir tekið nokkra ákvörðun?“

„Nei, þeir eru enn að rífast.“

„Hvor er sterkari?“

„Þjóðverjinn, að ég held — Wollweber. Hann hefur þessa miklu þolinmæði. Hann situr og rökræðir málið, þangað til hinir gefast upp og fara heim.“

Við fórum út úr vagninum nálægt heimili húsmóður Kuusinen. Charlottenlund var íbúðahverfi heldra fólks. Martin Jensen gekk inn í hús, Ordrupvej 173, og kom von bráðar aftur ásamt hárrí, frekar beinaberrí konu um fertugt. Hún var gáfuleg á svip, og göngulag hennar var einkennilega stirt, eins og hún gæti ekki beygt vinstri fótinn um hnéð. Konan var Petra Petersen, leynierindreki og um mörg ár símastúlka í aðalrítsímastöð danska höfuðstaðarins. Ég kynntist henni betur nokkrum árum síðar, þegar ég gisti í íbúð hennar í nokkrar vikur og svaf í sama rúminu og Kuusinen hafði sofði í snemma á þessu hausti, 1933.

Martin Jensen fór. Petra Petersen tók undir handlegginn á mér.

„Indælt er veðrið,“ sagði hún. „Við skulum ganga.“ Við gengum í gegnum lystigarðinn í Charlottenlund, þangað til við komum að ströndinni. Sólin glitr- aði á öldum Eyrarsunds, og friðsælar eyjar risu við bláan sjóndeildarhringinn. Við ströndina var gamalt virki, sem hafði verið breytt í skemmtilund, og lá þar bát- bryggja út í sjóinn. Petra Petersen fór með mig að litlum, nettum vélbát. Við fórum út í hann. Í bátnum voru Finninn Otto Kuusinen, lágvaxinn, litlaus maður með skarpa andlitsdrætti og hvöss músaraugu; og Ernst Wollweber, sem virtist vera kubbulegri en nokkru sinni fyrr í ljósum flónelsbuxum og bláum jakka. Bát- num stýrði Julius Vanman, sem hafði gengið í njósnavarnarliðið.

Meðan báturinn skreið hægt meðfram hinni broshýru strönd, réðum við ráðum okkar. Kuusinen talaði svo lágum rómi, að það heyrðist ekki nema óljóst tafs. Hann hreytti setningunum fram af þunnum vörunum.

Að því er mig snerti, var málið þegar útkjád. Ég átti ekki að fara til Moskvu. Ég átti að fara til Þýskalands. Wollweber horfði á mig eins og veiðiköttur. Ég tók fréttinni með þögn.

„Fyrst um sinn mun félagi Ernst taka sjálfur að sér stjórn siglingamáladeildarinnar,“ tilkynnti Kuusinen mér.

Í huga minn laust skilningi á taflí því, sem hafði verið teft bak við tjöldin. Í því taflí var ég ekki annað en peð — eitt af mörgum. Ernst Wollweber hafði komist að þeirri niðurstöðu, að ég mundi aldrei reynast honum auðsveipur þræll. Sjón- deildarhringur minn var alþjóðlegs eðlis. Wollweber sá ekkert nema Þýskaland. Æðsta þrá hans var að stefna öllum kröftum, sem fyrir hendi voru, til baráttunnar í Þýskalandi, ekki aðeins mönnum, heldur og fé. Ég átti að fara til Þýskalands vegna þess, að Ernst Wollweber var ráðinn í að láta fjárstyrkinn frá Kreml ekki lenda í höndum manns, sem hann gat ekki stjórnað eftir geðþótta. „Að öllu athuguðu,“

sagði Wollweber, „Þá ertu félagi þýska flokksins og þess vegna undirorpinn ráðstöfunum þýsku framkvæmdastjórnarinnar.“

„Við komumst að þeirri niðurstöðu, að þú sért ómissandi í Þýskalandi,“ lagði Kuusinen í belg. „Fyrir bolsévika er það mesti heiður, sem hugsast getur, að fá að vinna byltingarstarfið, þar sem hættan er mest.“

„Hvers vegna, félagi Kuusinen,“ langaði mig til að spyrja, „fórst þú ekki aftur til Finnlands, eftir að stjórnarbyltingunni þar var drekkt í blóði?“ Í stað þess kinkaði ég kalli. Hitler var hættulegasti óvinur allra réttinda verkamanna og Ráðstjórnarríkjanna. „Gott og vel,“ sagði ég, „ég skal fara til Þýskalands.“

„Kviðirðu fyrir?“ spurði Wollweber.

„Nei.“

„Við skulum gefa þér viku frí. Og þegar þú kemur aftur eftir sex mánuði eða svo, þá höldum við endurfundina hátíðlega.“

„Verið þið ekki að reyna að villa mér sýn,“ svaraði ég önuhur. „Það er ekki einn af hverjum tíu vinum okkar í Þýskalandi, sem kemst aftur heill á húfi.“

„Í flokknum þekkjum við enga vini. Í flokknum þekkjum við aðeins féлага,“ sagði Slésíumaðurinn. „Við höfum allir staðið andspænis dauðanum. Hvað um það? *Das Sterben ist nicht so schwer*. Það er auðvelt að deyja. Erfiðust er listin að halda lífi.“

„Það er auðvelt að deyja.“ Það var löng þögn.

„Við skulum snúa okkur að þeim málum, sem fyrir liggja,“ sagði Kuusinen þurr í bragði.

„Vikufrið“ leið hjá eins og vindgusa. Dagarnir voru hlaðnir störfum. Frá Lozovskíj í Moskvu bást lofsyrði um hlutdeild mína í fljótamannaverkfallinu franska. „Sjómáðurinn frá Hamborg,“ skrifaði hann, „*der hat seine Sache ganz gut gemacht*.“ Hann leysti vel úr sínu verki. Þetta jók mikið á hróður þann, sem ég hafði unnið mér í sænska verkfallinu. Lozovskíj bað mig um að skrifa stutta sögu baráttunnar síðarnefndu, og ég eyddi tveimur „frí“-kvöldum mínum í að semja skýrsluna. Hún var gefin út undir fyrirsögninni: Það sem sænska sjómannaverkfallið kenndi okkur.

Ég þýddi einnig mikið af trúnaðargögnum, sem fjölluðu um handtöku Georgís Dímitrovs í Berlín og undirbúninginn að réttarhöldunum vegna bruna Ríkisþinghússins, en það var þá þegar augljóst, að þau mundu vekja alþjóða eftirtekt. Hetjulund sú, sem heimsblóðin hafa eignað fyrrverandi forseta Vesturskrifstofunnar og að nafninu til núverandi forseta Kominterns í Moskvu vegna hinna djörfu og gáfulegu spaugsyrdra hans við „vitni“ hins opinbera, Hermann Göring og Joseph Göbbels, var ekki annað en vandlega og kænlega undirbúinn sjónleikur. Trúnaðarskjöl þau, sem ég fékk til meðferðar í húsakynnum Vesturskrifstofunnar í Vimmelskaftet, höfðu inni að halda upplýsingar, sem venjulegir blaðsnápar gátu ekki náð í frekar en flóknu dulmálin, sem dulmálsérfræðingar Pjatrínskíjs höfðu búið til.

Mörgum mánuðum áður en hin frægu réttarhöld hófust í Leipzig, voru þegar hafnar leynilegar samningaumleitarnir milli ráðamanna í Moskvu og Berlín um

skipti á Dímítrov og hinum búlgörsku aðstoðarmönnum hans og þremur þýskum herforingjum, sem GPÚ hafði tekið fyrir njósnir í Rússlandi. Það varð að bjarga Dímítrov frá því, að Gestapo pyndaði hann til sagna, ekki vegna hans sjálfs, heldur vegna leyniþjónustu ráðstjórnarinnar og Kominterns, því að honum var of kunnugt um innstu leyndarmál þeirra.

Þegar þvingun var beitt, hafði Dímítrov sýnt öllu meira staðfestuleysi en margir þeir félagar, sem lutu stjórn hans. Hann lét Gestapo fá heimilisfang hjóna, sem höfðu hýst hann. Bæði maðurinn og konan reyndu að fyrirfara sér, þegar Gestapo kom að sækja þau. Þau skáru á slagæðarnar á sér, en nasistunum tókst að flytja þau á sjúkrahús í tæka tíð. Dímítrov gaf einnig Gestapo upp nafn og heimilisfang fylgikonu sinnar, Annie Krüger. Kona hans dó skyndilega í dularfullum kringumstæðum í maí 1933, meðan Dímítrov var í varðhaldi og beið þess að mál hans yrði tekið fyrir.

Það var um þetta leyti, sem GPÚ skarst í leikinn og hafði í hótunum við Gestapo: „Látið þið Dímítrov í friði. Það sem þið gerið honum, það munum við og gera njósnurum ykkar í Moskvu.“ Samningaumleitarnir um fangaskiptin hófust fyrir milligöngu ræðismanns ráðstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og systur Dímítrovs, sem Gestapo, þótt einkennilegt megi virðast, lét vera frjálsa ferða sinna frá og til Þýskalands. Það var gengið frá samningum milli manna í Moskvu og Berlín, rétt áður en réttarhöldin hófust. En til þess að láta á engu bera var Dímítrov haldið í Þýskalandi, þangað til sýningin mikla í Leipzig var um garð gengin. Hann naut forréttinda í fangelsinu, sem óþekktari föngum var neitað harðlega um. Honum voru fengin dagblöð, honum var leyft að reykja vindla í klefanum og taka á móti pósti. „Litlu“ félagarnir fengu ekki annað en barsmið og stundum byssukúlur. Á síðari árum heyrði ég þá tala af gremju í garð Dímítrovs og um það, hvernig Stalín hefði bjargað honum. Þeim fannst málstaðurinn, sem þeir þjónuðu, hafa svikið þá og yfirgefið. Ef þeir hefðu móðgað Göring hershöfðingja opinberlega í réttinum eins og Dímítrov, þá mundi endurgjaldið hafa orðið ljótt: Þeir hefðu orðið að láta lífið fyrir svo „hetjulega“ leiksýningu.

Ég var að búa mig undir að leggja af stað til landsins, þar sem „auðvelt var að deyja“. Ég hafði þýska landabréfið í höfðinu — borgir þess, fljót og járnbrautaráætlanir. Ég setti á mig langan lista af nöfnum, heimilisföngum og leynilegum götunúmerum. Hvenær sem Ernst Wollweber nefndi nafn einhvers tilvonandi samverkamanns míns, bætti hann við: „Ef til vill er þessi félagi enn frjáls ferða sinna, ef hann er þá ekki handtekinn eða látinn, þú verður að komast að því.“

Ég átti að skipuleggja dreifingu mikils fjölda áróðursrita til aðalstöðva hvers umdæmis. Ritunum var smyglað til Hamborgar með skipverjum, en samtökin, sem stofnuð höfðu verið til þess að flytja bannvöruna frá geymslunum í höfninni í Hamborg til starfslíðsins inni í landinu, höfðu bilað. Hlutverk mitt var að endurreisa þau. Auk þess voru önnur verkefni, takmarkaðri að edli, en engu þýðingarminni: að senda trúnaðarskýrslur með skipahraðboðum til Kaupmannahafnar. Sumar

Þessar skýrslur áttu að koma frá Rudolf Heitman, GPÚ-manninum í Gestapo Hamborgar; aðrar skýrslur áttu að berast frá njósunurum okkar í ýmiss konar félagsskap nasista, helstu þeirra voru Þýska Verkamannafylkingin og *Auslandsorganisation* — utanríkisdeild nasistaflokksins. Tvö bestu hraðboðaskipin áttu að flytja slíkar skýrslur. Það voru *Deira* og *Jolontha*, dönsk skip, sem voru í förum milli Kaupmannahafnar og Hamborgar, mönnuð eingöngu fylgismönnum Richards Jensens. Allur undirbúningur undir för mína til Þýskalands fór fram með mestu leynd. Hjá Jensen fékk ég tvö vandlega fölsuð vegabréf. Annað var danskt að uppruna; hitt var breskt, gefið út á nafn Roberts Williams blaðamanns og undirritað af Sir John Simon. Hjá Jensen fékk ég líka 2.000 dali, og átti ég að skila helmingnum til samtakanna í Berlín, en með hinum helmingnum átti að greiða kostnað minn af neðanjarðarstarfsemi fyrstu þrjá mánuðina. Og loks tilkynnti Ernst Wollweber mér, að hann hefði falið áreiðanlegri stúlku að vera einkaritari minn og hraðboði.

„Hver er það?“ spurði ég.

„Cilly.“

Frá því að Wollweber var í París, hafði Cilly gifst — til málamynda — rosknúm, óþekktum félagi úr danska kommúnistaflokknum. Slíkt framferði var algengt með kvenfulltrúum okkar. Með hjónabandi sínu hafði Cilly skipt um nafn á löglegan hátt og öðlast danskan borgararétt. Um Danann var það að segja, þegar hann hafði leikið hlutverk eiginmannsins sem flokksskyldu, að þá var hann tekinn úr umferð og fluttur til Rússlands.

Það rann upp sá dagur, er ég kvaddi Firelei.

Tár seytláði niður kinn hennar. „Þú kemur aldrei til mín aftur,“ sagði hún. „Frá Þýskalandi kemur enginn aftur.“ Skömmu síðar hafði hún endurheimt sitt fyrra hugrekki. Við snæddum kvöldverð saman í ró og næði og héldum síðan heim í herbergi Firelei, en hún hafði skreytt það mörgum blómum. Hún tók mig í faðm sér ákaft en blítt, gagnatekin af þeim mikla ásetningi að gefa mér allt það besta, sem hún átti til, það mesta sem nokkur kona getur gefið í síðustu faðmlögnum.

Klukkan tíu kom Julius Vanman, GPÚ-maðurinn úr fylgdarliði Jensens. Hann beið rólegur nokkra stund. Síðan sagði hann: „Það er mál að leggja af stað, félagi.“

Ég sleit mig lausan og gekk með GPÚ-manninum út á götuna. Firelei varð að vera kyrr. Hún mátti ekki fá að vita, hvar ég færi yfir landamæri Þýskalands. Hún fór að syngja þjóðlag, sem hún elskaði. „*Fahre wohl, du grüne Erde ...*“ Vegni þér vel, þú græna jörð. Eftir fyrstu hendinguna brast rödd hennar.

Julius Vanman fór með mig í bakherbergi í Kaffi Helmerhus við Ráðhústorgið. Þar var Ernst Wollweber. Hann var með handlegginn um hálsinn á ungri, dökkhærðri konu. Það var Lola, kona Walters Duddins, fyrrverandi leiðtoga flokksins í Hamborg. Duddins hafði verið tekinn fastur í Þýskalandi og beið dóms fyrir landráð. Lola var ekki nema ein úr hinni vaxandi hersingu „flokkssekkna“, sem flyktust til Kaupmannahafnar og Parísar eftir að menn þeirra höfðu verið sendir í opinn dauðann til Þýskalands.



Wollweber tók í hönd mér og hristi ákaft. Breiðleita andlitið var alsett hrukkum af hinu gleðisnauda glotti hans og svörtu augun tindruðu.

„*Hals und Beinbruch*,“ rumdi hann. „Vertu duglegur. Flokkurinn gleymir ekki börnum sínum.“

Vanman hafði undirbúið hvert atriði í ferð minni. Við fórum til Fredericia á austurströnd Jótlands með járnbrautarlest og ferju, og þaðan bar lestin okkur austur til Sønderborg. Á leiðinni spurði ég Vanman um Michael Avatin, en ég hafði ekki séð hann í Kaupmannahöfn, enda þótt hann væri þar staddur.

„Hann var önnum kafinn að veiða nasistanjósna,“ sagði Vanman.

„Náði hann nokkrum?“

Vanman kímði. „Já, ef það gæti hresst þig dálítið. Daginn sem þú komst frá París, gómaði hann náunga, sem heitir Milenzer. Þetta Gestapo-nagdýr hafði leigt sér herbergi andspænis íbúð Jensens. Hann var með kvikmyndavél og var að taka myndir af öllum, sem gengu út úr húsi Jensens og inn. Heitman í Hamborg gaf okkur bendingu um hann.“

„Hvað varð um Milenzer?“

„Vinir okkar fóru með hann á bát út á Sundið. Þeir kyrktu hann og köstuðu honum í sjóinn með hlekki um báða fætur.“

Frá Sønderborg liggur þjóðvegur fram með ströndum Flensborgarfjarðarins. Við ókum með áætlunarbíl, þangað til við vorum hérumbil mílu vegar frá þýsku landamærunum. Þá héldum við inn í landið, gengum yfir geysistöra landareign, yfir akra, gegnum skóga, þangað til við komum að húskofa sem stóð við afskekktan veg. Leiðin sem við höfðum farið, var svo flókin, að ég var alveg áttavilltur.

„Hvar erum við?“ spurði ég.

„Í Þýskalandi,“ sagði Vanman. „Þrjár mílur frá Flensborg.“

Í kofanum beið landamærahraðboði, samanrekinngur maður, sem lét ekkert trufla skapsmuni sína. Julius Vanman kvaddi mig. „Haltu fánanum á lofti,“ sagði hann. Hraðboðinn blístraði glatt og dró tvö reiðhjól fram úr skúr, sem var nálægt.

„Það er ekkert sem skerpír matarlystina eins og útreiðartúr að morgni dags,“ drafaði í honum.

Hann hjólaði á undan. Í köldu morgunmistrinu hjóluðum við inn í Flensborg. Við fengum okkur kaffi í veitingakrá nálægt stöðinni. Þegar hraðboðinn hafði drukkið út úr bolla sínum, kinkaði hann kolli til mín og gekk út í hægðum sínum. Ég beið þangað til hann var horfinn sýnum. Síðan gekk ég líka út úr kránni. Ég steig inn á stöðina, fullur eftirvæntingar, þegar ég gekk fram hjá stormsveitarmönnunum, sem stóðu vörð, og keypti mér farmiða til Ahrensburg, einnar af útborgum Hamborgar. Þetta var 10. október.

# Tekinn höndum

HINN 30. NÓVEMBER 1933 tók Gestapo mig höndum.

Vikurnar sjö, sem liðnar voru, frá því er ég kom til Þýskalands, höfðu verið ein samfelld martröð, vikur myrkurs og svikulla fúafenja, vikur gætilegrar framsóknar og andvaralausra stökka, glaðvakandi örlagaatrúar og fávíslegrar elju innan um trúða ósigranleikans og dauðastunur hinna glötuðu. Gestapo reiddi ekki lengur til villtra högga upp á von og óvon. Hún hafði lært hina ómetanlegu list undirferla og þolinmæði. Fjöldahandtökurnar, sem áttu sér stað í eltingarleiknum mikla undanfarið vor, höfðu orðið að vika fyrir nákvæmari aðferðum. Eltingarleikurinn var ekki eins hraður, en hann var orðinn grimmilegri, ekki eins hávær en einmitt þess vegna geigvænlegri og skæðari en nokkru sinni fyrr.

Í Hamborg var innflutningsmiðstöð okkar fyrir bannvarning frá útlöndum, og þaðan fór ég ferðir til Berlínar, Lýbíku, Emden, Brima og Duisburg við Rín. Flest nöfn og heimilsföng undirleiðtoga í neðanjarðardeild okkur til dreifingar áróðri voru ekki lengur til. Þeir, sem báru þessi nöfn, voru annaðhvort í dýflissum, komnir í gröfina eða höfðu blátt áfram horfið. Fyrri heimili þeirra voru orðin að gildrum fyrir þá, sem vildu hnýta hina slitnu þræði og ríða netið af nýju. Þar sem milligöngu-neðanjarðardeildin milli óæðri flokksdeildanna og forustuliðsins var svo að segja úr sögunni, varð ég að þreifa mig áfram til ókunnna félaganna til að endurnýja slitin sambönd og velja mér nýtt aðstoðarlið. Þetta var mjög hættulegt starf: að finna karl eða konu, sem ég hafði ekki haft neinar fregnir af í marga mánuði, í djúpum stórborgar, að hafa öll vélabrogð í frammi til þess að ná fundum þeirra að næturlagi og að velta því fyrir sér í hvert einasta skipti — en þau skiptu tugum — hvort hann eða hún væru enn tryggir samherjar eða hefðu gerst svikarar við málstað fyrri vina.

Taugar mínar voru orðnar svo óþjálar, að mér þótti sem ég mundi springa, ef ég væri ekki alltaf á hreyfingu. Hver vika samsærisstarfsins hafði verið sem mínúta eða öld. Stundum þótti mér sem hver maður væri heppinn, er nyti þeirra forréttinda að vera skotinn umsvifalaust. Það var miklu betra að deyja þannig, fljótt og sársaukalaust, en að lifa þessa daga, þrungna hatri og ótta, órólegu ráðabruggi og krampakenndum framkvæmdum með eyðilegginguna vofandi yfir, svo að það var mesta undrunarefni hvers nýs dags, að maður skyldi enn vera á lífi.

Ég hrósaði mér af því að vera laus við sjálfsblekkingar. Ég barðist vegna þess, að ég hataði. Umfram það virtist allt vera einskis nýtt. Mér leið illa, þegar ég hugsaði.

Framkvæmdirnar veittu mér rólega og heita sælukennd. Ég vissi, að ég var félagi í sjálfsvígasveit, sem sótti fram gegn ósigrandi ofurefli. Ég vissi, að kommúnisti, sem féll í hendur Gestapo, hlaut hryllilegri meðferð en nokkur morðingi, sem myrti til fjár. Á eldrauðum auglýsingamiðum hafði ég séð leiftur þeirra fréttu, að höfuð félagu, sem voru fundnir sekir um landráð, hefðu fallið fyrir öxi böðulsins.

Einn vandinn var til dæmis að finna sér náttstað. Flestir aðstoðarmenn mínir höfðu sjálfir verið reknir úr híbýlum sínum. Það voru augu á hverju húsi, lögreglunni var tilkynnt um hvern ókunnan mann. Það var blátt áfram að bjóða ógæfunni heim að leigja sér herbergi eða gista í hóteli. Ótti og tortryggni gægðust fram úr hverjum dyrum. Það voru orðin landráð að hýsa einhvern óvin ríkisvaldsins. Götur, járnbrautarstöðvarnar, kaffihúsin, verksmiðjurnar, hafnarkviarnar og skipin voru full af söguberum. Þeir voru eins og sjálfboðaliðafylking af njósnurum. Húsrannsóknir fóru fram milli miðnættis og dagrenningar. Umferðin um hin sjö hlið Gestapo-stöðvanna náðu hámarki sínu þær stundirnar, sem venjuleg umferð borgarinnar var minnst.

Á þessum sjö vikum svaf ég hartnær aldrei tvisvar í sama rúmi. Meðan dagur var á lofti, voru hvíldarstundir mínar. Starfsdagur minn hófst, þegar rökkrið færðist yfir, og honum lauk sjaldan fyrr en klukkan fimm eða sex að morgni. Ég sat ráðstefnur með kennurum flokksins og hraðboðum, með félögum, sem sáu um flutning áróðursefnis inn í landið, með dráttarbatamönnum og prammaskipstjórum, sem smygluðu nýkomnum sendingum úr skipunum í geymslurnar í landi, fram hjá hafnarlögreglunni og liði tollvarðanna. Það er engin kyrrstaða í neðanjarðarstarfinu. Atburðarásin er á fleygiferð, ný andlit, nýir staðir, en óljós meðvitund um hættu er alltaf nálæg. Undir morgun fór ég að leita að hvíldarstað. Stundum var það heimili flokksfélaga, sem fáir þekktu, stundum kjallari eða rykugt gólf í vörugeymslu, stundum herbergi í nætur-gistihúsi, sem leigði leynilegum elskendum herbergi í nokkrar klukkustundir í senn, einstöku sinnum var það kirkja. En öruggustu staðirirnir voru greni portkvenna. Þær hötuðu stormsveitarmennina, sem heimsóttu þær oftast og létu minnst af hendi rakna.

Einu sinni í viku hitti ég Rudolf Heitman, starfsmann okkar í Gestapo. Heitman var meðalmaður á hæð, herðabreiður. Andlit hans var stórgert, en ekki svipmikið, augun blá og sviplaus og fasið fálátt. Hár hans var klippt á prússneska vísu og var tekið að grána við gagnaugun. Hann hafði verið starfsmaður stjórnálgögreglunnar á tímum Weimar-lýðveldisins, og þegar Hitler varð kanslari, gekk Rudolf Heitman í nasistaflokkinn eftir skipun frá GPÚ. Hann var ekki byltingarmaður af sannfæringu. Hann seldi upplýsingar. Gestapo hafði tekið við honum og veitt honum minni háttar embætti í járnbrautaeftirlitinu. Þaðan safnaði hann upplýsingum um menn, sem Gestapo var að leita að, um hegðun og örlög félaga, sem handteknir höfðu verið, um njósnara, sem hafði verið falin sérstök störf í utanríkisdeild Gestapo. Upplýsingar hans, sem, þegar best lét, náðu aðeins til örlítils hluta af starfsemi GPÚ, komust síðan í hendur Vesturskrifstofunnar. Kommúnistar, sem störfuðu

innan Gestapo, urðu ekki vegnir upp með gulli, þeir voru ekki margir, ekki fleiri en rúmur tugur alls í Þýskalandi. Meðal annarra sendinga færði sendiboði Jensens, sem kom vikulega á Beira, mér ávallt peningaumslag til Rudolfs Heitmans. Ég hitti hann síðan sama kvöldið á söngleik, kabarett, einum í kjallara í St. Georgshverfinu. Við sátum hvor við sitt borð, og létum sem við þekktumst ekki, fyrr en ég gaf Heitman merki um að koma út á salernið. Þar skipti ég við hann á peningaumslaginu og upplýsingum þeim, sem hann hafði safnað. Hann dulþjó skýrslur sínar af mesta hugviti. Aðra vikuna var skýrslan falin í texta glæpareyfara, næstu viku var hún vélrituð á næfurþunn pappírblöð, sem voru bökuð innan í rúsínubollu, og í þriðja skiptið var hún límd innan í fóðrið á ódýru veski, fullu af myndakortum af hestum, kvikmyndastjörnum og nasistaforingjum.

Helsti aðstoðarmaður minn var Karl Burmeister. Hann var fæddur við Norðursjó, hár, klunnalegur, ljóshærður og bláeygur, útskrifaður af Vesturskólanum í Moskvu. Hann var gætinn og áreiðanlegur starfsmaður og kunni að beita þolinmæðinni, en þegar hann sá sér það fært, var hann skjóttur, miskunnarlaus og duglegur í framkvæmdum. Hann stjórnaði hraðboðakerfi okkar meðal fljótamanna á Elbu, neðri hluta Rínar og miðþýskum skipaskurðunum, sem tengja Elfur og Rín við Berlín. Öryggi mörg hundruð skipahraðboða og annarra félaga í neðanjarðardeild flutninga var komið undir trúmennsku hans og minni. Kornung eiginkona Burmeisters hafði verið tekin föst og var haldið sem gísl. Gestapo hafði tilkynnt, að hún mundi ekki sleppa, fyrr en maður hennar hefði náðst. Það var honum, sem hafði tekist að lauma allmörgum ungum kommúnistum inn í utanríkisdeild nasistaflokksins. Þessi sveit Burmeisters vann hin ágætustu afrek. Hún útvegaði okkur — og við létum upplýsingarnar berast til Kaupmannahafnar og GPÚ — nöfn flestra Gestapo-starfsmanna á þýskum skipum, milligöngumanna Gestapo í erlendum höfnum og lista um alla þá sjómenn nasista, sem höfðu verið æfðir í ljósmyndatöku og fengnar ljósmyndavélar til að taka myndir af herfræðilega mikilvægum strandlengjum og öllum erlendum höfnum sem þýsk skip komu í. Þessar síðastnefndu njósnaaðferðir hafði Gestapo stælt eftir GPÚ.

Burmeister var einkennilega hörundsár, en óttaðist ekkert. Hann var skyldurækinn fram úr hófi. Hann var eins og góður herforingi, sem er ávallt boðinn og búinn að ráðast í það upp á eigin spýtur bak við línur óvinanna að safna fylgismönnum sínum um sig í óvinalandi. Einu sinni gerði hann hlæjandi samanburð á sér og sendiboðum kristmunka, sem fóru leynilegra erinda á dögum Elísabetar Englandsdrottningar. „Ég vildi bara að við ættum eins rólega daga og kristmunkarnir,“ sagði hann. Hann var meistari í þeirri íþrótt að hlaða undir síðferðisþrek þeirra sem biluðu, með því að sannfæra þá um, að neðanjarðarsamtök okkar væru miklu sterkari og betur skipulögð en þau gátu verið í raun og veru.

Sambönd, sem tapast höfðu fyrir óvæntar aðgerðir óvinanna, náðust stundum aftur af hreinni tilviljun. Ég hafði verið að leita að Otto K., aðalmilligöngumanni okkar við sellurnar á skipum Hamborg-Ameríku-línunnar, en ég hafði misst

sjónar á honum eftir eina af innrásum Gestapo í höfnina. Ég leitaði hans þrálátt en árangurslaust. Hann hafði ekki sofð heima í meira en hálft ár. Kona hans, sveitastúlka með hörgult hár, hafði eignast son, sem Otto hafði aldrei séð. Morgun einn um fjögurleytið sat ég hugsi yfir bjórglasi í afskekktu hafnarkæpu. Síðustu gestirnir voru að slangra út, og þjónarnir voru að telja þjóf fé næturinnar. Ég var þreyttur og var að bollaleggja með sjálfum mér, hvar ég gæti hnuplað mér nokkurra stunda svefni, þegar breiðleit, mjaðmamikil stúlka yrti á mig.

„Hvað er að?“ sagði hún hryssingslega. „Þú situr aleinn svona lengi yfir einu litlu bjórglasi.“

„Mér þykir gaman að því,“ svaraði ég. „Auk þess kemur þér það ekkert við.“

„Ég þekki þig,“ sagði stúlkan.

„Þekkirðu mig?“

Ég varð þegar í stað var um mig, reiðubúinn að verjast eða flýja. Stúlkan settist hjá mér, spennti greipar og lagði höndina á öxlina á mér.

„Þú ert sjómaður,“ sagði hún. „Þú komst inn á ensku skipi — o — svona fyrir níu árum. Þú komst inn á Kaffi Rheingold og drakst cherry brandy með mér. Eintómt cherry brandy, það var svo gaman, þess vegna man ég eftir þér. Í þrjár nætur elskaðirðu mig. Síðan fór skipið þitt. Manstu það?“

„Þú heitir Berta,“ sagði ég. „Þú varst í búið.“

„Nú heiti ég Marie.“

„Marie?“

„Já. Á hvaða skipi ertu?“

„Ég er ekki á neinu skipi. Það er erfitt að komast á skip nú á dögum.“

„Eigum við ekki halda upp á það, að fundum okkar hefur borið saman aftur?“ spurði hún.

„Nei, ég er þreyttur.“

„Ertu þreyttur?“

„Já, lofaðu mér að sofa hjá þér,“ bað ég.

„Svo að þú hefur engan náttstað?“

„Nei, og enga peninga til að borga þér.“

„En heyrðu,“ hvíslaði hún, „ég er veik.“

„Ég skal ekki snerta þig.“

Ég fór með henni í hús, þar sem áttu heima vændiskonur, atvinnulausir hafnarverkamenn og götuhreinsarar. Hún var góð, og hún átti gott rúm. Á bældum legubekk sat bangsi með augu úr grænu gleri. Hann lyfti hægri framlöppinni til Hitlerskveðju. Fyrir ofan rúm Marie, með klámmyndir á báða vegu, hékk steinprent af Adolf Hitler. Á litlu borði fyrir neðan myndina lá slitin skjalamappa. Ég tók að veita sprungunum í brúna skinninu eftirtekt. Hún hafði snærisspotta í stað leðurhandfangs. Ég þekkti hana þegar í stað. Otto átti hana.

„Hvar er Otto?“ spurði ég og benti á möppuna.

„Hver?“ sagði Marie hikandi. „Ég veit ekki um hvað þú ert að tala. Ég á hana.“

Ég þreif í handlegg hennar, hristi hann og endurtók spurninguna. Stúlkan varð hrædd.

„Hann er hjá Emmie,“ sagði hún „þriðju dyrnar hérna frammi á ganginum.“

Þannig fann ég félagann sem týndur var, sem ég hafði óttast svo mjög um.

Á allt annan veg lauk leit minni að Jan Templin, hafnarverkstjóra ráðstjórnarskipanna í Hamborg, sem hafði hálfu ári áður birgt mig svo rausnarlega af pappír handa ólöglegu pentsmiðjunni minni. Templin var maður, sem hafði óteljandi ævagömul sambönd. En skömmu fyrir kosningar til nýja Ríkisþingsins í nóvember, þegar stormsveitarmenn gengu um göturnar með spjöld, er sýndu mann hangandi í gálga og áletrunina: „Hann greiddi atkvæði gegn hinu nýja Þýskalandi,“ hafði Jan Templin horfið af fyrri dvalarstöðvum sínum. Í íbúð hans bjó nú SS-foringi. Alls staðar voru hættur á leið minni. Þegar leitað er að einhverjum, sem horfinn er, verður að spyrja. Þegar slíkt kemur fyrir, liggur næst að álíta, að maðurinn hafi farið í felur, en að öðum kosti, að hann hafi flúið úr landi eða í þriðja lagi að hann hafi verið tekinn höndum. Leit minni lauk, þegar óttaslegin stúlkukind í hverfinu Neustadt sagði Cilly, að Gestapo hefði tekið Jan Templin fastan.

Jan Templin var mjög vel kunnugt um sambönd okkar á rússneskum skipum. Ég ritaði viðvörunarbréf, sem ég ætlaði að senda til Kaupmannahafnar með *Beira*. En þegar *Beira* kom til hafnar, höfðu atburðirnir hlaupið fram úr innihaldi bréfsins. Jan Templin var látinn. Hann hafði tekið leyndarmál Ráðstjórnarríkjanna með sér í gröfina. Uggur minn hvarf. Hann hengdi sig í klefa sínum, að því er blaðaskrifstofa Gestapo hermdi.

Olgu Templin, konu hans, barst orðsending frá lögreglunni með tilkynningu um stað og stund útfararinnar. Athugulir menn úr neðanjarðardeildinni voru nálægt, er athöfnin fór fram. Líki Jans Templins var ekið að gröfinni undir eftirliti Gestapo-manna. Líkkistan var innsigliuð. Olgu Templin var ekki leyft að líta andlit látna förunautsins í hinsta sinn. Líkkistan var grafin tvo metra niður í jörðina, og þegar gröfin var orðin full af mold, fóru Gestapo-mennirnir.

Félaga mínum, Karli Burmeister, komu ýmislegar grunsemdir. „Segjum svo,“ sagði hann, „að Jan Templin sé alls ekki látinn, heldur lifandi. Segjum að Gestapo hafi jarðað tóma líkkistu eða annað lík, svo að félagarnir héldu, að Templin væri látinn. Hvað mundu þá aðrir fangar gera til þess að bjarga sér? Þeir mundu segja sem svo, að Jan Templin væri látinn og gæti ekki kvalist lengur, og þess vegna mundu þeir bera sakir á hann til þess að létta byrði annarra, sem eru enn á lífi. Segjum nú, að þetta sé einmitt það, sem Gestapo vill. Jan Templin sé á lífi, sakfelldur af sínum eigin félögum og Gestapo geti stofnað til opinberra réttarhalds og látið dæma hann fyrir landráð.“

Slíkt hafði komið fyrir áður. Tony Taube úr stjórn flokksins í Hamborg afréð að komast að því, hvort Templin væri látinn. Þá nótt gekk þögull kommúnistahópur að gröf Jans Templins. Þeir báru skóflur. Nokkrir stóðu vörð á meðan aðrir opnuðu gröfina og sviptu lokinu af líkkistunni. Þeir fundu lík. Þeir settu líkið í sjó-

mannapoka úr striga og fóru með það heim til félaga eins í flokknum, ekki alllangt frá kirkjugarðinum. Síðan kölluðu þeir á Burmeister.

Dauði maðurinn var Jan Templin. En hann hafði ekki hengt sig. Andlitð var kramið eins og spyrnt hefði verið í það með þungum skóhnöllum. Hægri úlnliðurinn og allmörg rifbein voru brotin. Líkaminn var þakinn rákum eftir svipuhögg. Fótleggirnir voru flakandi í sárum. Kynfærin báru þess merki, að þau hefði verið brennd með logandi vindlingum. Líkið var ljósmyndað. Félagarnir stóðu í kring um Jan Templin og rauluðu sorgarlag byltingarinnar, og sumir grétu hástöfum.

Burmeister skýrði mér frá þessu um morguninn.

„Ef þeir ná mér nokkurn tíma,“ sagði hann hörkulega, „þá ætla ég ekki að bíða eftir þessu — að þeir fari svona með mig. Ég skal finna eitthvert ráð. Fljótt ráð og öruggt.“

Við fengum okkur kaffi í veitingakrá til þess að hrista af okkur drungann. Eftir það gengum við um friðsælar götur og ræddum um starfið framundan.

Fjölhæfni Cilly og hinn skarpi skilningur hennar á þeim atriðum, sem máli skiptu, hafði gert það að verkum, að hún var orðin mér ómissandi í leyrikrossferð minni gegn veldi nasista. Hún var fljót að hugsa og snillingur í að tengja á ný sambönd, sem virtust vera slitin og að gera bráðókunnugu fólki rótt í geði. Ósjálfrátt gat hún, að því er virtist, skynjað, hvort karl eða kona væru hreinlynd eða hikandi eða hvort þau sætu á svikráðum. Lögreglu nasista var ekki kunnugt um hana enn, og hún hafði lítið að óttast. Hún gisti í hótelum heldra fólks og var prýðilega til fara, og hvort sem um skyldustörf eða skemmtanir var að ræða, var hún eins kæruleysisleg í fasi og hún ætti eftir að lifa í hundrað ár. Hún átti ekki til hatur það og beiskju, sem bar svo á í röðum okkar. Hún vildi gjarnan geðjast mér, gjarnan sýna hugrekki sitt. Andlitsfegurð hennar og hái, stillilegi líkaminn minntu mig ávallt á Díónumynd, sem ég hafði séð í Louvre í París. Ég var oft að furða mig á því að Cilly, sem var fylgikona Ernsts Wollwebers, skyldi hafa verið send til Þýskalands. Einu sinni, þegar hún var að tala við mig um sjálfa sig, svaraði hún spurningunni.

„Ég var send í útleigð,“ sagði hún.

„Hvers vegna?“

„Þegar félagi Ernst var í París, átti hann vingott við pólska stúlku. Seinna, þegar við vorum saman í Kaupmannahöfn, fór Ernst að fá bréf. Það var ilmur af bréfunum og höndin var kvenhönd. Þau voru rituð á pólsku, og ég gat ekki lesið þau. Ég varð brjáluð af afbrýðissemi. Ernst hló. Hann sagði, að ilmurinn væri ekki til annars en að leyndu eðli bréfanna, en þau snertu samtökin. Ég stal bréfunum og lét þýða þau. Það voru ástarbréf frá hálfvitfirtum kvenmanni. Ég var sá kjáni, að ég gerði uppistand.“

„Og þess vegna sendi Wollweber mig til Þýskalands,“ sagði Cilly með þrjósku. „Hann bjóst við, að ég neitaði, krypi á kné, bæði hann um að lofa mér að vera hjá sér í Kaupmannahöfn. Honum skjátaðist. Ég fór til Þýskalands.“

„Málalokin hljóta að verða óskemmtileg.“

„Það geta líka komið fyrir skemmtilegir hlutir,“ sagði hún.

„Vertu ekki að draga sjálfa þig á talar, Cilly.“

Það var kvöld. Við sátum úti í horni á Vaterland Bar. Cilly hallaði sér fram yfir borðið, og það var óvenjuleg tær hlýja í augum hennar. Hún sagði með ákefð: „Ég er ekki að draga sjálfa mig á talar. Ég veit, hvar við stöndum. Við erum fangar á sál og líkama. Hugir okkar og líkamir eru bundnir í þröngu sundi með háum, gluggalausum veggjum til beggja handa. Sundið á sér nafn. Það heitir „flokksagi“ og er andstyggilegasti hlutur, sem fundinn hefur verið upp.“

„Hann er nauðsynlegur. Án hans gæti flokkurinn ekki lifað.“

Cilly lyfti glasi sínu: „Lengi lifi flokkurinn,“ hvíslaði hún. „Mig langar líka til að lifa. Allar skepnur vilja lifa. Og hérna, sem — *Tote auf Urlaub*, ættum við að lifa eins og hver dagur á jörðu væri hinn síðasti.“

„Jæja,“ sagði ég, „nú verð ég að fara. Ég á að mæta á fundi klukkan tíu.“

„Ætlarðu að hitta mig í kvöld?“ spurði Cilly rólega.

„Ekki fyrir klukkan tólf.“

„Það er þá víst, að þú komir? Hótel Mau númer sextán.“

Það mundi vera hreinasta glapræði, ef ég kæmi í stórt hótél. „Hvað gengur að Cilly?“ spurði ég með sjálfum mér um leið og ég fór. „Er hún að tapa sér?“

Maðurinn, sem ég ætlaði að hitta þetta kvöld, var Martin Holstein, vígamaður, sem Wollweber taldi einn hinna bestu. Vikum saman hafði ég reynt að ná sambandi við hann. Ég vissi, að Martin Holstein var einn ófyrirleitnasti bardagagarpurinn í flokknum. Hann var maður tuttugu og níu eða þjátíu ára að aldri, með þunnar varir, ljósgræn augu og skinhórð andlit. Hann var enginn stjórnandi, en hann hafði sannað nytsemi sína í störfum, sem kröfðust hugrekkis og hæfileika til að greiða högg með leifturhraða.

Enginn okkar hafði Martin Holstein grunaðan um græsku. Marga af samverkamönnum mínum hafði einhver óþekktur svikari selt í hendur Gestapo. Hugo Gill, sem stjórnaði sellum okkar í handanhafskvíunum og olíuhöfninni, hafði horfið kvöld eitt ásamt þjátíu og tveimur aðstoðarmönnum sínum. Alfred Feddersen hafði verið framseldur og var barinn til ólífis í aðalfangelsinu í Hamborg. Tveimur vikum síðar tók Gestapo þá Karl Rattai og Matthías Thesen höndum. Rattai varð vitstola af pyndingum, og félagi Thesen skar á æðar sér með glerbroti úr brotnum glugga. Margir höfðu farið sömu leið. Burmeister og ég og Cilly höfðum með aðstoð sérstakrar sellu úr Njósnaraliðinu tekið hvern einasta féлага í samtökunum til athugunar í því skyni að komast að því, hver þessi leyndi svikari meðal okkar væri. Nokkrir félagar voru settir undir eftirlit GPÚ. En enginn hafði Martin Holstein grunaðan, því að hann hafði þjónað flokknum í mörg ár í Þýskalandi, Vesturheimi og Rússlandi. Ég minntist orða Wollwebers: „Félagi Holstein er þarna einhvers staðar. Notaðu hann til milligöngustarfa eða í smyglflokka eða í skemmdarsveitir. Holstein er ágætur!“ Ég hafði leitað kappsamlega að Holstein. Cilly náði sambandi



við hann þann 29. nóvember og það varð að samkomulagi, að hann skyldi hitta mig kvöldið eftir í Grasagarði Berlínarborgar, *Botanischer Garten*.

Kvöldið þann 30. nóvember var dimmt. Köld norðvestanátt stóð inn af Norður-sjó. Cilly var með mér. Klukkan þrjár mínútur í átta gengum við inn í Grasagarðinn. Við áttum að hafa fund með Burmeister og Otto klukkan átta. Skipið *Jolantha* hafði komið frá Kaupmannahöfn þá um morguninn með nýjar leiðbeiningar frá Vesturskrifstofunni. Klukkan hálfnú átti ég að hitta Martin Holstein.

Vegirnir voru forugir. Kuldinn beit okkur í framan. Augu okkar voru galopin í myrkrinu. Uppi yfir okkur ýlfraði vindurinn í nöktum trjákrónunum. Cilly vafði sig síðri loðkápu og stiklaði forarpollana gætilega. Við gengum fram með tjarnarbakka og töldum bekkina á leið okkar. „Einn, tveir, þrír, fjórir. Þeir hljóta að bíða okkar við þann fimmta.“

Einhver húkti á bekknum. Hann sat í kryppu og rak höfuðið fram, en skyldi ör-lítilli vindlingaglóð með höndunum. Við námum staðar. Cilly blístraði fyrstu tóna eins af orrustusöngvum nasista. Maðurinn stóð upp af bekknum og gekk hægum skrefum í áttina til okkar. Í vasanum á rykfrakka mínum krepti ég hnefann fast um litlu skambyssuna hennar Firelei. Ég var ráðinn í að skjóta, ef eitthvað væri ekki með felldu.

Risavöxtur Karls Burmeisters gnæfði við himin fyrir framan okkur. Hann rumdi, þegar við tókumst í hendur.

„Hvar er Otto?“ spurði ég.

„Tekinn fastur.“

Slíkar fréttir eru líkastar því, að eikarkylfu sé slegið í höfuð manni. Burmeister talaði lágum, kyrktum rómi: „Þeir tóku hann í morgun.“

„Hvar?“

„Heima hjá honum.“

„Hann fór að hitta Anja?“

Anja var kona Ottós.

Karl Burmeister kinkaði kalli. „Ef til vill hefur hann langað til að sjá soninn líka. Hann var svo fjandi svangur og lasinn og ætlaði sér að fá einnar nætur góðan svefn. Gestapo hafði vörð um húsið allan tímann.“ Sorgbitinn bætti Burmeister við: „Byltingarmaður hefur engan rétt til að eiga konu og börn.“

„Hvar er Anja?“

„Tekin föst.“

„Við verðum að breyta um öll heimilisföng og stöðvar, sem Otto vissi um.“

„Ég hef séð um það,“ svaraði Burmeister. „Ég lét flytja allt hafurtask hans til stúlku í blómabúð, á meðan við erum að finna annan stað.“

„Stúlku?“

„Sumar stúlkur eru áreiðanlegar.“

„Ég vona það.“

„Fjandi hentugar stundum,“ tautaði Burmeister.

Við gengum fram og aftur undir trjánum, og athuguðum vandlega veginn bæði fyrir framan okkur og aftan. Draugalegir gráir flókar þutu eftir svörtum himninum.

„Hvernig líður konunni þinni?“ spurði ég Burmeister.

„Ég vildi, að ég vissi það.“

Síðan töluðum við um starf okkar, um skipin, um áróðursstörf, millistöðvar, aðferðir og ráðagerðir og hin flóknu verklegu atriði, sem fylgja skipulagningu sam-  
særa. Allt í einu rétti Burmeister úr sér.

„Það er einhver að elta okkur,“ sagði hann rólega.

Tuttugu skrefum fyrir aftan okkur var maður að reykja vindling.

„Líklegast Holstein.“

„Bölvaður.“

Maðurinn að baki okkar gekk í hægðum sínum milli trjánna. Það var Martin Holstein. Hann var berhöfðaður og frakkalaus.

„Halló, Martin.“

„Mér varð kalt að sitja á bekknum,“ sagði Holstein. „Lofid mér að vera með í djöfladansinum.“

Samræður okkar stóðu í eina klukkustund enn. Ég var feginn að hitta Holstein. Hrifning hans smitaði út frá sér. Þegar síðustu skýrslurnar höfðu verið ræddar og sundurliðaðar og áætlun lögð um störf næsta dags, skildum við og héldum hver í sína áttina.

Ég gekk út úr garðinum og hélt niður götu, sem lá fram með gömlu borgar-  
virkisgröfinni. Ég var að hugsa um að halda til herbergis, sem Burmeister hafði útvegað mér tveimur dögum fyrir. Ég var að hugsa um Cilly og hina áköfu þrá hennar eftir félagsskap öðrum en í stjórnmálum. Ég hugsaði líka um Firelei og einstæðingsskap hennar, góðvild hennar og hugrekki og týndar vonir.

Himinninn var þakinn ólundarlegum skýjum. Í gulleitu skini götuljósanna syntu kringlóttir blettir gangstéttanna eins og eyjar í myrkrinu. Fyrir framan mig leiddust karl og kona og hurfu fyrir horn. Mjaðmabreiður kvenmaður skaust í gegnum myrkrið og hvarf inn um húsdyr. Þegar gangstéttirnar eru auðar, verður hundeltum manni órótt innanbrjóstis. Ég furðaði mig á því, hvers vegna bíllinn hægði á sér, þegar hann náði mér. Ég var að hugsa um að skjótast inn í húsdyr á meðan hann færir framhjá. En svo hugsaði ég: „Æ, það eru taugarnar.“ Og ég gætti þess að hraða ekki skrefum mínum.

Það var ekki ímyndunaraflíð, sem var að gabba mig. Bíllinn hægði á sér. Ég heyrði, að hemlarnir ískruðu.

„Raus!“ hrópaði glefsin rödd. „Auf ihm! Út! Á hann!“

Ég snerist á hæli og hljóp eins og fætur toguðu í áttina að húsdryum einum. Í yfirfrakkavasa mínum hafði ég litlu marghleypuna, sem Firelei hafði gefið mér, þegar ég kvaddi hana í Kaupmannahöfn. Á þessari úrslitastund vissi ég nákvæmlega, hvað ég ætlaði mér, hvað mér hafði verið kennt að gera, ef það kæmi fyrir, að ráðist yrði á mig á götunni. Ég ætlaði að hlaupa inn í húsið, þeysast upp á efsta loft, kom-

ast undan eftir húspökunum og skjóta mér til varnar á undanhaldinu. Oftar en einu sinni hafði þessi aðferð gefist vel.

Dyrnar voru læstar. Árásarmennirnir slógu hring um mig á vetfangi. Það voru þrjár piltar, sem höfðu stokkið út úr bílnum. Þeir voru með skammbyssur á lofti. Þeir miðuðu byssunum á mig og hvæstu: „Upp með hendurnar!“

„Þú verður skotinn, ef þú hreyfir þig!“

Ég rétti hendurnar upp og stóð kyrr. Einn Gestapo-maðurinn þrýsti hlaupinu á skammbyssunum að tönnunum í mér. Augu hans voru einkennilega björt, og hann urraði eins og hundur. Hinir fóru höndum um herðar mínar og niður handleggina og fæturna, þukluðu á hverjum þumlung af líkama mínum og rótuðu í vösum. Öllu, sem þeir fundu, tróðu þeir í frakkavasa sína.

Ég heyrði mäsandi andardrátt þeirra. Þegar þeir höfðu smellt handjárnnum um úlnliði mína, vék spenningurinn í andlitum þeirra fyrir sigrihrósandi, ungæðislegum svip. Mér var innanbrjóstis eins og manni, sem finnur jörðina opnast upp á gátt undir fótum sér og gleypa sig.

Þeir fóru með mig á lögreglustöð eina í St. Pauli, skemmtanahverfi Hamborgar. Þegar þeir teymdu mig fjöttraðan eftir götunum, þusti fólk saman og starði. Það þurfti ekki nema óþýða skipun frá einum Gestapo-manni til að sundra hópunum.

Á stöðinni hrintu þeir mér til sætis á stól. Tvær vændiskonur, sem komið hafði verið með á undan mér, voru reknar inn í annað herbergi. Allmargir lögreglumenn í einkennisbúningum sátu við skrifborð sín og störfu þöglir á mig. Andlit þeirra voru eins og grímur, sviplaus. Gestapo-fulltrúarnir þrjár gerðu að gamni sínu og ljómuðu af ánægju. Þeir fóru úr frökkunum. Þeir tóku byssur sínar úr frakkavösum og stungu þeim í rassvasana. Síðan settust þeir allir upp á skrifborð og kveiktu sér í vindlingum. Þeir voru illa til fara og hrukkurnar í andlitum þeirra vitnuðu um svefnleysi.

Einkennilegur doði hafði lagst á hug minn. Ég tók eftir hverju smáatriði, en ég gat ekki hugsað. Ég vissi, hverju var von á næstu stundirnar. Einhvern veginn var það ekki ég, sem var að lifa þetta. Það var einhver annar. Í hring samverkamanna minna í alþjóðaþjónustu Kominterns höfðum við oft rætt um það, hver örlög bíða félaga, sem féllu í hendur Gestapo. Þó að við ypptum öxlum, gat það tæplega dulið þá þöglu skelfingu, sem greip um hjartarætur okkar, þegar aðalstöðvar okkar fengu þær fregnir, að einhver af vinum okkar væri orðinn liði Heinrich Himmlers að bráð.

Vinir? Þar sem ég sat hnípin á stól undir glærum ljósunum á St. Pauli-lögreglustöðinni, minntist ég brúnþunga andlitsins á Ernst Wollweber, er hann sagði: „Í flokknum þekkjum við enga vini — í flokknum þekkjum við aðeins félaga,“ og bætti við með hæðnisglotti: „Vertu rólegur. Það er auðvelt að deyja.“

Einn þeirra, sem höfðu tekið mig höndum, var þrekvaxinn maður, dökkur á hörund og kinnbeinastór. Hinir voru grannir og ljóshærðir. Enginn þeirra tók neitt mark á einkennisbúnu lögregluþjónunum, sam viðstaddir voru.

„Jæja, þá náðum við þér loksins,“ sagði einn þeirra, er mér varð litið á hann.

Annar hló korrandi og dró hægt fingurinn yfir barkann á sér. „Þú missir skeggjð, lagsi,“ drafaði í honum.

Hörundsökki maðurinn rannsakaði vegabréf mitt af mestu gaumgæfni og sagði síðan sjálfbyrgingslega: „Ef þú hefur ekki komið til Þýskalands aftur, þá hefurðu við sótt þig til Kaupmannahafnar eða Parísar, dauðan eða lifandi. Þó að þú hefur farið til Kína, hefurðu við veitt þig í gildruna.“

Annar hinna hafði tekið upp vegabréfið.

„Allra laglegasta vegabréf,“ sagði hann. „Hvar fékkstu það?“

Ég virti hann ekki svars.

„Hafðu það eins og þú vilt,“ sagði hinn letilega. „Við komumst að því — fyrr en varir.“

Ég reyndi af alefli að hugsa. Ég reyndi að láta mér koma til hugar, hvað þeir gætu vitað um mig og hvað ég þyrfti að segja. Í lýðræðislöndum gildir sú regla kommúnista fyrir félag, sem handteknir eru, að þegja. Ef þú þegir hérna, hugsaði ég, þá misþyrma þeir þér til ólifis. Þegar til lengdar lætur er ekki nema um tvennt að velja, að láta bugast eða deyja. Jafnvel þeir sterkustu eru brotnir á bak aftur, ef þeir deyja ekki. Það er hægt að sigrast á holdi og blóði. Það er hægt að sigrast á sál mannsins. Ef þeir gefa manni ekki tækifæri til að fyrirfara sér, þá er hægt að vinna bug á þeim manni. Þeir vissu að ég hafði verið í Kaupmannahöfn og París. Þeir vissu, að ég hafði gengið með belgíska skammbyssu á mér án þess að hafa fengið leyfisbréf til þess. Þeir vissu meira, miklu meira. Enginn fangi veit, þegar hann er handtekinn, hversu mikið fangaverðir hans vita um verk þau, er hann hefur unnið í trássi við landslög.

Heili minn gat ekki hugsað nema eina hugsun: „Segðu þeim ekkert! Kúlfa, sem væri settur í greni fullt af soltnum tígriðrum, mundi sennilega vegna betur; hann mundi að minnsta kosti deyja fljótt. Ég verð að sitja um tækifæri til að fyrirfara mér. Þangað til má ég ekki segja þeim neitt. Ekki neitt! Það er ekki snefill af von. En það er enn til tilgangur. Á hverjum degi falla menn um allan heim málstaðarins vegna. En málstaðurinn lifir. Málstaðurinn er ósigrandi. Segðu þeim ekkert! Skerðu af þér limina, einn í einu, heldur en að gera nokkurn þann hlut, sem gæti orðið málstaðnum til tjóns.“

„Viltu reyk?“

Ég kinkaði kolli.

Hörundsökki maðurinn setti vindling upp í mig. Varir mínar voru þurrar, tilfinningarlausar. Ég fann ekki, að ég hefði vindling í munnum. Síðan kveikti Gestapo-maðurinn á eldspýtu og gaf mér eld. Ég andaði reyknun ofan í lungun af græðgi. Ég fann, að mig sveið í augun af reyknun, og óafvitandi togaði ég í hlekkina, sem luktum um úlnliði mína, til að taka vindlinginn út úr mér. Hörundsökki maðurinn sá þetta. Hann tók vindlinginn út úr mér og lagði hana á skrifborðs-röndina. Og rétt á eftir stakk hann henni upp í mig aftur.

„Dú sérð,“ sagði hann, „að við förum ekki illa með þig.“

Hinir tveir glottu. Lögregluþjónarnir gláptu heimskulega.

Ég var að hugsa um, hvað orðið hefði um Karl Burmeister, Cilly, félagi Holstein. Handtaka mín var ekki gerð út í bláinn. Gestapo-mennirnir vissu, hver ég var, þegar þeir gripu mig. Ég gat enga skýringu fundið. Við höfðum farið afar gætilega. Við höfðum fylgt öllum hinum flóknu reglum samsærisstarfseminnar. Við vorum of athugulir og vel æfðir til að verða ekki þegar í stað varir við það, ef okkur var veitt eftirför. Við vorum engir viðvaningar í að vinna gegn lögunum. Ef Karl Burmeister hefði nú verið tekinn? Eða Cilly? Eða Holstein? Ég vildi ekki trúá því. Cilly var væntanleg í íbúð mína um miðnætti, og þá mundi hún verða vör við, að ég væri horfinn. Hún mundi renna grun í sannleikann. Hún vissi, að ég hafði falið skrá yfir heimilisföng hraðboða í svefnherbergi mínu. Hún mundi finna hana, hafa hana á brott með sér og gera hinum viðvart.

Þetta var allt fráleitt.

Ályktun sú, sem heili minn reis gegn, var þessi: „Meðal aðstoðarmanna þinna er njósnari. Öll afrek Gestapo, sem nokkru skipti, eru unnin fyrir tilstilli njósnara. Ef ekki væru njósnarnir, þá mundi starf Gestapo vera takmarkað við ófrjó vanastörf skriffinna.“

Ég barðist gegn því að gera mér þetta ljóst. Tilhugsunin gerði mig hugsjúkan. Hver var njósnarinn? Hvað vissi hann? Ég fálmaði árangurslaust.

„Dú ert flón,“ sagði hörundsökki Gestapo-maðurinn. „Ég mundi hafa þekkt þig aftur innan um þúsund aðra. Manstu ekki eftir mér?“

„Nei.“

„Hefurðu ekki séð mig aka við hliðina á þér í neðanjarðarlestinni í Berlín?“

„Ég man ekki til þess.“

„Sástu mig ekki á fundinum í Antwerpen, þegar þú skipaðir fulltrúum hafnarverkamanna að leggja verkban á öll þýsk skip, sem kæmu til Belgíu? Manstu eftir því?“

„Ég hef aldrei talað á slíkum fundi,“ sagði ég.

„Við ætlum að bræða upp minnið í þér, drengur minn!“ Stóri maðurinn hló. „Hvaðan ertu, drengur?“

„Ég er fæddur í Rínarlöndum.“

„Jæja, ég er kunnugur þar. Það er falleg sveit.“

„Já, hún er falleg,“ sagði ég.

Gestapo-fulltrúinn rak hnefann alveg upp að augunum á mér. „Og þú selur Moskvumönnum fallegu sveitina þína!“ hvæsti hann. „Hvað heldurðu, að sé ráðlegast að gera við þorpara, sem svíkja land sitt í hendur Moskvíta, ha?“

Ég sagði ekkert. Einn af starfsbræðrum stóra mannsins hallaði sér aftur á skrifborðið og hrækti í andlit mér.

„Dú færð bráðum að missa skeggið,“ sagði hann, án þess að hreyfa varirnar.

„Það er of góður dauðdagi fyrir þann, sem vinnur gegn föðurlandi sínu, að verða skotinn.“

„Ég hef ekki unnið gegn föðurlandi mínu,“ mótmælti ég.

„Haltu þér saman. Hver sá, sem vill eyðileggja Hitler, vill eyðileggja Þýskaland. Hitler er Þýskaland, og Þýskaland er Hitler.“

Ég þagði.

Hörundsdökki maðurinn horfði á mig kuldalega og fjandsamlega. „Eitt þykir mér verst,“ sagði hann, „mér þykir verst, að þú skulir ekki geta séð, þegar hausinn á þér sjálfum veltur af skrokknum.“

Síminn hringdi. Lögregluþjónn tók heyrnartækið.

„Herra Magnus,“ ávarpaði hann dökkleita fulltrúann. „St. Georgs lögreglustöðin vill tala við yður.“

Magnus þrammaði að símanum.

Ég lagði eyrun við hverju orði.

„Magnus. ... Ó, já, allra skemmtilegasta kvöld. Þið hafði náð í kvenmanninn? Gott. Ágætt. Fyrirtak! Símið þið í Stadthaus, þar fáid þið fyrirskipanir. Já, já. *Heil Hitler!*“

Hann sneri skífunni og náði í annað númer þegar í stað. Ég hafði gætur á fingrum hans. 0-0001, það var númer aðalskrifstofu Gestapo. Ég vissi það, því að ég hafði svo oft hringt þangað til þess að gefa Gestapo villandi upplýsingar.

Síðan heyrðist rödd Magnus drynja: „Kraus lögreglufulltrúi? ... Já, við náðum honum. Hann gekk hratt, en við náðum honum. ... Nei, ... nei, hann hegðaði sér eins og manneskja. Var samt með skothólk á sér. Einn af þessum litlu frá Belgíu. Gáfum honum ekki færi á að nota hann. ... Já, alveg eins og manneskja. ... Koma með hann strax? Ágætt. *Wird gemacht. Heil Hitler!*“

Hinir tveir stukku niður af skrifborðunum. Stólnum var spyrint undan mér.

„Þá förum við.“

Við gangstéttina beið bíll með sterklegum bílstjóra við stýrið. Bílstjórinn var með gráan trefil, margvafinn um hálsinn, og óhreina húfu, sem slútti fram yfir augu. Þegar við fórum upp í vagninn, horfðu vegfarendur á okkur aulalegir á svip og héldu leiðar sinnar.

Mér var hrint inn í aftursæti bílsins, og sat ég þar í kreppu milli tveggja Gestapomanna.

„Sittu grafkyrr og þegiðu.“

Báðir mennirnir þrýstu skammbyssuhlaupum að síðunni á mér. Magnus sat frammi í hjá bílstjóranum. Hann sneri sér við.

„Hefuðu nokkurn tíma verið blóðugur um rassinn?“

„Nei, herra minn.“

„Jæja, þá verðurðu það fyrr en varir.“

Bílstjórinn geispaði. Billinn ók af stað.

Við ókum hratt eftir ömurlegum strætum til aðallögreglustöðvarinnar. Skuggar

flugu fram hjá og ljós. Fólk gekk fram með húsabyrpingunum. Í húsadyrum einum var piltur að bíta við að draga hlæjandi stúlku inn í húsið. Á öðrum stað glumdi ómur af sjálfspilandi píanó út um hálfdimman glugga.

Bíllinn hæðði á sér, vegna þess að hundur var að ganga í hæðum sínum yfir götuna. Magnus öskraði óðslega til vörubílstjóra, sem hélt ekki nógu langt til hægri. Vörubílstjórinn veifaði handleggnum fyrirlitlega, en síðan þekkti hann lögreglubílinn og vék úr vegi. Af fljótinu barst djúpur sónn úr eimpípu á skipi. Maðurinn, sem sat á vinstri hönd, potaði byssunni í mig.

„Heyrirðu skipið pípa?“

„Já, herra minn.“

„Þú færð aldrei að heyra skip pípa framar,“ tautaði hann. „Þú færð aldrei kvenmann framar. Þú færð aldrei glas af öli. Hvernig líst þér á það?“

„Mér líst illa á það.“

„Ég skal ekki lá þér það,“ sagði hann. „Það er skemmtilegt að ferðast á skipi og fá sér glas af öli með laglegri stúlku.“ Hann barði snögg í höfuðið á mér með hnefanum. „Næst þegar ég geri það, ætla ég að hugsa til þín,“ sagði hann og hló.

Ég furðaði mig á því, hve rólegur ég var. Þetta var allt svo einfalt, þegar öllu var á botninn hvolft.

Nú vorum við komnir inn í miðja borgina. Bíllinn skaust yfir stutta brú, og svo gnæfði bygging aðallögreglustöðvarinnar yfir götunni.

Verðir í einkennisbúningum svartliða réttu upp hendurnar til Hitlerskveðju, þegar bíllinn sveigði inn í bogagöng og nam skyndilega staðar í dimmum húsagarði. Húsagarðurinn var þéttskipaður bílum. Þykkir veggir gnæfðu í myrkrinu. Ljós streymdi úr háum gluggum. Ég heyrði klukkuna slá í St. Michaelskirkjunni. Klukkan var ellefu.

Gestapo-mennirnir stukku út úr bílnum. Bílstjórinn teygði úr sér og geispaði.

„Djöfullinn hafi það,“ nöldraði hann, „Maður þarf þó að sofa.“

„Jæja — út úr bílnum.“

Einn af Gestapo-mönnum kom með munninn að eyranu á mér. „Nú færðu að missa skeggð,“ rumdi hann ógnandi.

„Láttu þá ekki hafa neitt upp úr þér,“ hugsaði ég. „Hvað sem fyrir kann að koma, þá láttu þá ekki hafa neitt upp úr þér. Komintern þekkir ekki nema einn glæp: svik við flokkinn. Allt annað miðast í rauninni aðeins við hentugleika. Þúsundir hafa þegar gengið þessa sömu braut, sem ég á nú að ganga.“

„Fljótur nú! Af stað!“

Einn gekk á undan. Hinir voru á hælunum á mér. Við gengum eftir myrkri forstofu. Fótaskot okkar bergmálaði af rykugum veggjum. SS-maður gekk fram hjá okkur og stíkaði stórum. Hann hélt í endann á keðju, sem var vafið um úlnliðinn á töttralegum fanga. Þeir gengu fram hjá án þess að líta á okkur.

Hröðum skrefum gengum við eftir göngum, sem voru eins og völundarhús, upp breiða stiga, fram hjá vopnuðum vörðum og stórum herbergjum, fullum af dynjandi

háreysti. Dyr voru opnaðar, þegar Magnus gaf merki, og þeim var læst aftur, þegar við höfðum gengið um. Tveir fjötraðir menn komu á harðahlaupum ofan stigann. Þeir voru hlekkjaðir saman. Á eftir þeim kom ungur stormsveitarmaður. Hann veifaði gúmmíkylfu.

„Hraðar!“ æpti hann. „Hlaupið hraðar!“

Á næsta stigapalli stóðu um tuttugu menn með andlitin að veggnum. Verðirnir hrópuðu ókvæðisorð. Einn vörðurinn, ungur piltur, hafði náð taki á horuðum hnakka roskins verkamanns og var að skemmta sér við að slá höfði hans við vegginn. Við endann á fylkingu karlmanna stóðu tveir SS-menn yfir bústinni stúlku. Andlit stúlkunnar var fölt sem nár. Hún kastaði sér flatri á steingólfíð og reis á fætur aftur. Annar SS-maðurinn veifaði handleggjunum og öskraði skipunarorð:

„Upp — niður! Upp — niður! Upp — niður! Þú skalt fá að éta skít, tíkin þín! Upp — niður! Upp — niður!“

Óskapleg org glumdu við úr hinum enda gangsins. Prúðbúinn maður lá á fjórum fótum. Glottandi liðsmaður sat klofvega á baki hans. Maðurinn orgaði eins hátt og hann gat: „Ég er gyðingur, ég er gyðingsræksni! Ég er gyðingur, ég er gyðingsræksni!“ Við vorum á sjöttu hæð. Gangurinn var þögull eins og kirkjugarður. Teppi þöktu gólfið. Veggirnir voru hreinir, og málningarþef lagði fyrir vit okkar. Hnuggin kona sat á bekk. Hún hélt á pappaöskju á hnjám sér, og höfuð hennar hékk ofan á bringu.

„Nem staðar!“

Ég stóð andspænis þungri hurð. Tveir vopnaðir menn í svörtum einkennisbúningum með hauskúpumerki úr silfri á skyggnihúfunum stóðu vörð við dyrnar. Á skiltinu, sem fest var á hurðina, stóð: *Inspektion — Zutritt verboten*. Eftirlit, aðgangur bannaður.

Verðirnir glottu breitt.

„Halló, hver er þar?“

„Svikari,“ sagði Magnus, stuttur í spuna.

Hann þrýsti á hnapp. Dyrnar opnuðust. Mér var hrint inn í herbergið af slíkum ofsa, að ég steypmist endilangur á gólfið.

Það kvað við öskur. Þetta var stórt eyðilegt herbergi. Í fyrstu var ég sem rotaður af hinni skerandi ofbirtu ljósaklasanna. Síðan sá ég menn standa í hnöppum í kringum mig, og þeir horfðu allir á mig og öskruðu. Landabréf og tilkynningar þöktu veggina. Ský af tóbaksreyk þyrlandist upp undir loftið.

Rödd, sem var eins og svipusmellur, skar upp úr öllum gauraganginum: „Stattu á fætur!“

Ég reis hægt upp af gólfinu.



# Gestapo yfirheyrir mig

Í KRINGUM MIG VAR þéttur glundroði af ófriðlegum andlitum og ógnandi röddum. Sundmaður á reginsjó, sem verður fyrir árás hákarls, getur ekki verið meiri einstæðingur en fjandmaður nasista í greni Gestapo. Samt sem áður var þetta það, sem mér hafði verið sagt að búast við. Ég var ekki ofsóttur að ósekju. Ég var ekki saklaus maður, sem hafði verið hrifinn úr rúmi sínu fyrir dögum vegna nafnlausrar kæru. Ég hafði barist gegn veldi Hitlers með öllum ráðum og kænskubrögðum, sem ég hafði til umráða. Ég hafði barist fyrir byltingu öreigalýðsins, og ég trúði enn á hana.

Hnefahögg buldi á andliti mínu. Einhver sparkaði aftan í mig, svo að ég hnaut við. Margar hendur hrifu mig upp af gólfinu og hrintu mér upp að vegg. Sköllóttur maður rak hnéð í magann á mér. Annar sló mig í höfuðið með handjárnnum. Ég var hraustur, en ég féll við. Það var Magnus, sem dró mig aftur fram í mitt herbergið og skipaði mér að standa teinréttum. Hann benti hinum að víkja til hliðar.

„Látið þið hann vera,“ skipaði hann.

Lágvaxinn, herðabreiður maður kom inn í herbergið. Hann hafði dökk, djúpsett augu og í andliti hans voru djúpar hrukkur. Föt hans voru snyrtileg, og hann hafði hringi á höndum. Ilm furunála lagði af gljáandi hári hans.

„Gott kvöld,“ sagði hann.

Mennirnir viku til hliðar. Þeir þögðu. Einhver kom með stól. Lágvaxni maðurinn settist niður tvo metra fyrir framan mig og virti mig fyrir sér. Við hlið hans stóð SS-maður með nær tveggja metra langt leðurkeyri og stúlka með hraðritunarblokk. Þau höfðu bæði komið innan úr næsta herbergi með manninum.

„Við ætlum að rista húðina á þér í lengjur,“ sagði lágvaxni maðurinn.

Stúlkan brosti. Hún hafði fallegar tennur. Hún var stór og feit, með blá augu og þykkán, hörgulan makka. Ég þekkti hana. Hún hét Hertha Jens. Hún var dóttir auðugs bónda í fenjalöndunum.

Hún brosti til mín og sagði: „Það er svei mér fallett að sjá þig.“

Fyrir ári hafði Hertha Jens enn verið trúnaðarvinur Hermanns Schuberts, ríkisþingmanns og eins af leiðtogum kommúnistaflokksins. Hún hafði haft aðgang að trúnaðarskjölum og tekið þátt í leynilegum fundum. Hún hafði átt upptökin að því, að prentsmiðjur höfðu verið gerðar upptækar og hundruðum félaga var parað í dýflissur. Mörgum okkar hafði geðjast vel að Herthu Jens. Hún hafði virst vera svo áreiðanleg og veglynd. Síðan fréttum við um svik hennar, og S-neðanjarðardeildin hafði þegar um nokkurt skeið álitnið, að ekki væri seinna vænna að koma henni

fyrir kattarnef. Sumir héldu því fram, að hún hefði verið njósnari Hitlers í mörg ár. Aðrir hugðu, að hún hefði gerst svikari við málstaðinn, þegar Hermann Schubert yfirgaf hana og flýði til Parísar. Það skipti í rauninni engu máli. Frá því í maí hafði nafn hennar verið skrásett hjá GPÚ meðal þeirra, sem ráðgert var að „uppræta“.

Hertha Jens sá, að ég starði á hana. Bros hennar varð að háðsglotti.

Sokknu augun í litla manningum fyrir framan mig lifnuðu, eins og kveikt hefði verið á rafmagnsperu innan í höfðinu. Hann talaði rólega. „Ég veit margt, sem við gætum gert við þig,“ sagði hann. „Það er ekki oft, sem svona fiskur hleypur á færið hjá okkur. Þeir verða fegnir í Berlín.“

Mannaveiðararnir, sem stóðu í kringum mig, flissuðu. Andlit þeirra voru herpt saman af eftirvæntingu. Reykurinn úr vindlingum þeirra þyrlaðist upp í mörgum bugðóttum reykskýjum. SS-maðurinn með keyrið gekk að borði við gluggann. Hann lyfti keyrinu, svo að endi þess nam við loft. Síðan lét hann það smella á borðplötunni. Skellurinn var eins og ríffilskot. Ég hrökk saman.

„Ég er Kraus lögreglufulltrúi,“ sagði lágvaxni maðurinn letilega.

Aftur lét SS-maðurinn keyrið smella á borðinu.

„Þetta er C-deild,“ sagði Kraus, „sú deild af *Geheime Staatspolizei*, sem vinnur gegn Komintern. Þessi deild er illræmd meðal vina þinna í Moskvu.“

Gestapo-maðurinn skelli upp úr. Hinir kinkuðu ákaft kolli. Hertha Jens skaut fram vörunum, svo að þær voru þykkar og mjúkar að sjá. Kraus lögreglufulltrúi virti mig fyrir sér.

„Ætlaðu að hegða þér skynsamlega?“

„Já.“

„Mundu þetta — ef þú lýgur, þá lifirðu ekki. Er þér það ljóst?“

„Mér er það alveg ljóst.“

„Hvern hittirðu í Grasagarðinum í kvöld?“

„Ég hitti engan,“ sagði ég. „Ég var að ganga mér til skemmtunar.“

„Hver sendi þig til Þýskalands?“

„Ég fór af sjálfsdáðum.“

„Hvar áttu heima?“

„Ég kom til Hamborgar í eftirmiðdag, og ég var í þann veginn að fá mér herbergi á hóteli.“

„Þrjár spurningar,“ sagði lögreglufulltrúinn, „og þrjú svör. Öll svörin eru lygi.“

Ég þagði. Ég kenndi skjálfta í hnjúnum. Mig langaði til að stöðva skjálftann, en það var engin leið. Kraus spurði: „Hver kenndi þér að ljúga?“

„Enginn.“

„Kenndi hún móðir þín þér að ljúga?“

„Nei.“

„Lýgurðu vegna þess, að þú haldir, að þú getir bætt fyrir þér með því?“

„Ég lýg ekki,“ sagði ég þvöglulega.

„Lýgurðu til þess að bjarga félagsskap þínum frá tortímingu?“

„Nei.“

„Segðu mér eitt, vinur, hvar er Ernst Wollweber?“

„Ég veit það ekki.“

„Þú þekkir ekki Ernst Wollweber?“

„Ég kannast við nafnið, en ég hef aldrei kynnst honum sjálfur.“

„Hvar fékkstu danska vegabréfið, sem við fundum í vasa þínum?“

„Ræðismaðurinn í Antwerpen vildi ekki láta mig hafa þýskt vegabréf,“ sagði ég. „Ég hafði engin skilríki. Þess vegna keypti ég vegabréfið af Dana, sem hafði orðið þarna innlyksa.“

„Hverjir eru með þér í samsærinu? Hvar eiga þeir heima?“

„Það eru engir með mér í neinu samsæri.“

„Hvar eru Hans Kippenberger, Heinz Neumann, Bela Kun? Hvar eru Hermann Schubert, Adolf Deter, Max Ulrich, Kommíssarenko, og öll sú hersing alþjóða-þorpara, sem gengur ljósum logum um þetta land? Hvar eru þeir? Hvar eiga þeir heima? Undir hvaða nöfnum?“

„Ég veit það ekki.“

„Hvar er Kuusinen? Hvar er Remmele? Hvar er Willi Münzenberg?“

„Ég veit það ekki.“

Kraus sagði ólúndarlega: „Ég get komið þér til að óska þess, að þú værir látinn. En ég ætla þó fyrst að spyrja þig nokkurra spurninga, og ég vona að þú getir svarað þeim.“

Hann sendi Herthu Jens inn í skrifstofuna til þess að sækja einhver skjöl. Ungur maður, sem hafði komið inn í herbergið, ávarpaði Kraus í hálfum hljóðum. Kraus kinkaði kalli. Ungi maðurinn flýtti sér út. Viðræðunautur minn tók hlaða af skjölum, sem Hertha Jens fékk honum.

„Jæja þá,“ sagði hann, „þú ert í kommúnistaflokknum?“

„Nei, herra minn.“

„Þú varst í flokknum?“

„Já.“

„Hve lengi?“

„Frá árinu 1923 fram að Þjóðernisbyltingunni — fram að Ríkisþingshússbrun-  
anum.“

„Og þú heltist úr lestinni, þegar Hitler komst til valda?“

„Já, ég heltist úr lestinni.“

„Varstu slíkur vesalingur, að þú yfirgæfir flokk þinn, þegar hættu bar að hönd-  
um?“

„Ég heltist úr lestinni,“ sagði ég. „Ég fór utan til þess að reyna að komast á erlent skip.“

Kraus lögreglufulltrúi fýldi grön með fyrirlitningu. „Ó, Þú ert svo meinlaus og elskulegur piltur. En það erum við nú líka, það segi ég satt. Hlustaðu nú á: ég er hér með údrætti úr nokkrum skjölum, sem varða þig. Við skulum sjá, hvort þú ert

eins mikið blessað lamb og þú vilt vera láta eins og nú er ástatt fyrir þér. Þú hefur verið yfirmaður á skipi?“

„Ég hef skipstjórnaskírteini.“

„Um eitt skeið tókstu þér fyrir hendur að stofna kommúnistafélag fyrir yfirmenn á skipum og gafst út blað, sem hét Stjórnspallurinn. Er rétt farið með?“

„Það er rétt.“

„Árið 1923 tókstu virkan þátt í vopnaðri uppreisn gegn stjórn þýska lýðveldisins. Þú varst þá sveitarstjóri í annarri hundraðsdeild Rauðu sjóliðanna. Þú varst tekinn fastur, en komst undan. Er það rétt?“

„Já,“ sagði ég.

Kraus hélt áfram: „Hér er nokkurra ára eyða. En nú komum við að árinu 1926. Árið 1926 myrtirðu mann í Kaliforníu.“

„Ég hef aldrei myrt mann,“ tók ég fram í af ákefð.

„Ekki það? ... Ég er hérna,“ sagði Kraus, „með opinbera skýrslu, sem þýski ræðismaðurinn í New York hefur vottað, að sé rétt. Í skýrslu þessari segir, að þú hafir verið dæmdur í Los Angeles til tíu ára hegningarvinnu fyrir glæp, sem framinn var með mannskæðu vopni.“

Hrannir íss og elds streymdu um líkama minn. Í hring þeirra, sem hjá sátu, hljómaði lágt blísturshljóð. Herbergið virtist riða í kringum mig og mér sortnaði fyrir augum.

Kraus lögreflugforingi malaði eins og köttur: „*Ja, mein Freund*, jæja, vinur, afturgöngur fortíðarinnar geta verið fjandi óþægilegar á stundum, *nicht wahr?* Ekki satt?“

Ég gat engu svarað. Dýri, sem situr í gildru og sér veiðimanninn nálgast, hlýtur að vera svipað innanbrjósts og mér var þá. Kraus spurði ísköldum rómi:

„Hefuðu nokkurn tíma verið ráðinn hjá GPÚ í Rússlandi?“

„Nei. Aldrei.“

„Þú hefur það líklegast þó. Ég skal komast að því. Nú kemur árið 1929. Í desember 1929 varstu í höndum franska útlendingaeftirlitsins eða hvað? Þú straukst úr varðhaldi í Le Havre og komst undan. Frönsku yfirvöldin sendu skýrslu um þig til þýsku sendisveitarinnar í París. Svo að ég býst við, að þetta sé staðreynd.“

Ég kinkaði kolla. Ég var þurr í munnum. Mig langaði til að biðja um vatn, en ég gat ekki komið orðum að því.

Kraus brosti. „Næstu fjögur árin eru afturgöngurnar eins og mý á mykjuskán,“ hélt hann áfram. „Árið 1931 var þýska lögreglan að leita að þér fyrir undirróður. Hér er líka skýrsla frá Englandi. Breska ríkisstjórnin lagði fram mótmæli gegn smyglun landráðarita í áróðursskyni til breskra nýlendna — sem sökudólgar í þessu máli voru tilnefndir Lozovskíj nokkur í Moskvu, James nokkur Ford frá New York, annar negri að nafni George Padmore og þú. Sumarið 1932 tók Scotland Yard þig höndum í Lundúnum og flutti þig úr landi. Vorið 1933 lýsti sænska lögreglan eftir þér fyrir uppbot og mannrán, sem þú stóðst að í sambandi við sjómannaverkfallið.“

Mánuði síðar varstu tekinn fastur í Noregi, en þér tókst enn að komast undan. Tveimur mánuðum síðar var franska *Sureté*, lögreglan, að leita að þér í París og Strassborg. Sömuleiðis lögregluliðin í Hollandi og Belgíu. Á öllum þessum stöðum notaðirðu fölsuð vegabréf. Þú fékst skipanir og peninga frá Alþjóðasambandi kommúnista í Moskvu. Og nú höfum við gómað þig. Í þetta skipti skaltu ekki komast undan. Kæran á hendur þér er landráð.“

Kraus lögreglufulltrúi hallaði sér aftur á bak. SS-maðurinn lét keyri sitt smella ótt og títt á borðinu við gluggann.

Ég ætlaði að tala. Rödd mín hljómaði eins og hást garg.

„Haltu kjaftil!“ glefsaði einn Gestapo-maðurinn.

„Þú gætir sagt okkur sögu í mörgum bindum,“ tautaði lögreglufulltrúinn. „Því þá ekki að hegða sér skynsamlega? Það getur verið svo skemmtilegt að lifa. Ég bið þig þess lengstra orða, heggaðu þér skynsamlega.“

„Já,“ sagði ég.

Kraus rykkist upp í sæti sínu. „Nú förum við að skilja hvor annan,“ sagði hann. „Heldurðu, að þú getir leikið á mig?“

„Nei,“ svaraði ég.

„Hver er þessi ungi kvenmaður, sem þú hefur verið að flækjast með hér um borgina?“

„Hvaða ungi kvenmaður?“

„Þú veist það — há og grönn, dökkhærð, mjög vel til fara.“

„Ég þekki enga slíka stúlku,“ sagði ég.

„Ertu viss?“

„Já.“

Lögreglufulltrúinn sneri sér að Herthu Jens.

„Látið þið konuna koma inn,“ skipaði hann.

Hertha Jens fór blístrand í út úr herberginu og kom hálfri mínútu síðar með Cilly. Hún var föl og tekin í andliti, augu hennar voru stór og það var svo að sjá sem hún hefði ekki sofði í margar nætur. Kraus lögreglufulltrúi kímði með sjálfum sér.

„Fjári laglegur skrokkur,“ sagði hann. „Ég verð að játa, að þú hefur góðan smekk.“ Cilly starði á mig eins og hún tryði ekki sínum eigin augum. Roðinn var horfinn af vörum hennar, og það lék titringur um munnvikin. Fyrir aftan hana stóð Hertha Jens og brosti glatt.

Cilly stóð svo nálægt mér, að ég hefði getað snert hana. Við stördum hvort á annað án þess að láta þess verða vart, að við þekktumst.

„Þekkirðu hana nú?“ spurði Kraus hörkulega.

„Nei, herra minn,“ sagði ég.

„Athugaðu hana vel,“ hvæsti hann. „Hún verður orðin gömul, skorpín norn áður en þú sérð hana næst.“

Varir Cilly voru eins og mjótt og beint strik. Dökkblái kjóllinn hennar var allur í brotum. Rafarböndin hennar voru horfin. Ungi, granni vöxturinn og þreytulega

andlitið voru einkennilegar andstæður. Hún þrýsti vörunum saman, svo að þær hvítuðu. Varir hennar sögðu allt. „Segðu þeim ekki neitt,“ sögðu þær.

Kraus lögreglufulltrúi stóð upp og greip í handlegginn á henni.

„Þekkið þér þennan mann?“

Cilly svaraði rólega: „Ég hef aldrei séð hann áður.“

Kraus reiddi höndina til höggs. Fimm, sex sinnum sló hann Cilly óþyrmilega í andlitið. Hún tók andköf.

„Þekkið þér hann nú?“ hreytti lögreglufulltrúinn úr sér.

„Nei,“ sagði hún dauflega. „Ég þekki hann ekki.“

„Þetta er nóg. Farið þið burtu með hana.“

Hertha Jens hrifsaði í úlnliðinn á Cilly og fór með hana inn í næsta herbergi. Þegar Hertha Jens kom aftur, sá ég í gegnum opnar dyrnar, að Gestapo-maður var að hrinda Cilly til sætis á stól. Á andliti hennar var ógleymanlegur svipur ítrustu örvæntingar.

Allt, sem talað er við arineldinn um hetjulund, er fjarstæða. Ef það gæti átt sér stað, að maður skriði í felur inn í sjálfan sig, mundi ég hafa gert það. Fyrir framan mig stóð Kraus lögreglufulltrúi með stutta hundasvipu í hendi. Svipan var gegnbleytt í vatni. Blautt leður setur dýpri för. Vatnsdropi glitraði fremst á svipunni. Ég sá hann detta á gólfíð.

„Hver er þessi stúlka?“ spurði lögreglufulltrúinn. Ég leit undan í örvæntingu. Ég svaraði ekki.

Síðan small svipan í andliti mér eins og bráðinn eldur.

Þá kvað við dynjandi, hljómtær hlátur.

„Þetta er gaman!“ sagði Hertha Jens.

„Hver er stúlkan?“ sagði lögreglufulltrúinn.

„Ég — veit — það — ekki.“

Enn reið svipan á andliti mínu. Fyrst þytur, er hún hjó í gegnum loftið, síðan skyndilegt sársaukakast, sem blindaði augu mín og skarst í gegnum höfuðið eins og hægfara rýtingur. Ég vissi, að ég stundi og riðaði aftur á bak.

„Ætlarðu nú að segja okkur, hvað stúlkan heitir?“

„Ég get það ekki. ... Ég veit það ekki.“

Andlit lögreglufulltrúans fraus af ísköldu æði. Svipan var keyrð í andlit mér. Hún beit fyrir kverkar mér, hún beit aftur, ótrúlega hratt. Ég streittist við að losa mig úr fjötrunum, svo að ég gæti varið andlitið með höndunum. Ég togaði í hlekkina og veinaði.

„Ætlarðu að gera svo vel að segja okkur, hver kvenmaðurinn er?“

Ég var viti mínu fjær af sársauka. Ég brá mér upp að veggnum. Hendur gripu mig og hrintu mér aftur inn í hringinn.

„Hver er stúlkan? Hvað heitir hún?“

„Hún ... hún ...“

„Já, út með það!“

Ég hikaði. Hikaði eitt blint, hugsunarlaust augnablik.

Gestapo-maður greip um handlegg minn við olnbogann og úlnliðinn. Ég veinaði. Ég hélt, að handleggurinn væri að brotna.

„Hver er þessi kvenmaður?“ hvæsti Kraus rétt við eyrað á mér. „Við brjótum í þér hvert bein, ef þú segir það ekki.“

„Ég kynntist henni í lestinni,“ sagði ég með andköfum.

„Hvaða lest?“

„Lestinni frá Kaupmannahöfn.“

Gestapo-maðurinn sleppti handleggnum á mér.

„Nú fer þetta að koma,“ sagði hann. „Þú komst frá Kaupmannahöfn?“

„Já,“ svaraði ég. „Frá Kaupmannahöfn.“

„Og hún var með sömu lest? Komintern hafði falið henni að aðstoða þig?“

„Hún var í lestinni. Hún hafði ekkert samband við Komintern.“

„En þú hafðir það?“

„Nei.“

„Leysið þið buxurnar niður um dónann,“ hrópaði einhver óþolinmóður.

„Segðu okkur, hvernig þá kynntist henni,“ skipaði Kraus.

„Í lestinni. Hún sat beint á móti mér í klefanum. Hún bað mig um vindling og þannig kynntumst við.“

„Hvenær var þetta?“

„Í gær.“

„Hvað heitir hún?“

„Ég veit það ekki. Ég spurði hana ekki að heiti.“

„Hvað varstu að gera með henni í Grasagarðinum?“

„Við vorum að ganga okkur til skemmtunar.“

„Þetta er ekki annað en Þjóðsaga, sem þið tvö hafið samið fyrirfram,“ sagði Kraus stillilega. „Þið komuð ekki í gær. Þið komuð til Þýskalands fyrir mörgum mánuðum. Þið hafið verið undir eftirliti í Berlín og Hamborg síðustu tvær vikurnar. Það var þriðji maður með ykkur í Grasagarðinum. Það var heill hópur ykkar að brugga þar og læðast í því skyni að vinna Nýja Þýskalandi tjón, að skapa óánægju, að sá út njósnurum, að róa undir landráðum. Við höfum fengið skýrslur um ykkur.“

Ég sagði ekkert.

„Er Ernst Wollweber í Kaupmannahöfn?“

„Ég veit það ekki. Ég þekki Wollweber ekki.“

„Hvaða skipanir fékkstu hjá Wollweber í Kaupmannahöfn? Hvert var ætlunarverk þitt í Þýskalandi?“

„Ég fékk engar skipanir hjá Wollweber. Ég þekki Wollweber ekki.“

„Langar þig að reykja?“

„Já.“

Kraus lögreflufulltrúi gaf mér vindling. Meðan ég reykti hann, lagði hann hend-

ina á öxl mér. Andlit hans breyttist allt í einu, eins og hann hefði sett upp vingjarnlega grímu.

„Heyrðu mig,“ sagði hann, „við gætum gert með okkur samkomulag. Það er alveg úti um þig, þú veist það. Gott og vel. Manni, sem hefur lent í klónum á okkur, standa tvær leiðir opnar til ellinnar — friðsöm leið og kvalafull leið. Kvalafulla leiðin er ókeypis. En fyrir friðsömu leiðina tökum við það endurgjald, að þú segir okkur allt, sem þú veist um félagsskap þinn. Öll nöfn, öll heimilisföng, alla glæpi, sem þú veist um, og hver framdi þá. Þú ert einn. Að ástinni þinni í næsta herbergi meðtaldri verðið þið tvö. Þriðji maðurinn er einnig í okkar vörslu. En hver var sá fjórði? Hverjir voru þeir tugir manna, sem voru í samsæris-neðanjarðardeildinni? Hvar eru prentsmiðjurnar? Hvernig eru dulmálin? Hvar eru landamærastöðvarnar? Hver kemur með peningana? Hver falsar vegabéfin? Við vitum, að þú hefur verið í þjónustu Kominterns. Við vitum, að þú komst til Þýskalands í erindum Kominterns. Segðu okkur, hvaða hluti Stalín-samtakanna hér var í þinni umsjá, og hverjir voru aðstoðarmenn þínir. Þú munt aldrei sjá eftir að gera það. Þú munt fá að kenna á því, ef þú gerir það ekki.“

Ég var feginn að fá vindlinginn. Hann veitti mér næði til að hugsa. Lævisleg glóðin í augum lögreglufulltrúans bar þess vitni, að honum var það ljóst, að honum hafði skjátlást, er hann leyfði mér að reykja. Ég var um of hluti af Komintern til að hugsa um sjálfan mig. Einstaklingurinn var ekkert. Flokkurinn var allt! Ef ég gæti haldið út þessa nótt, þá mundu félagarnir úti hafa tíma til að breyta um bústaði, fundarstaði og geymslustaði. Þeir mundu breyta um samgönguleiðir, taka upp ný dulmál og jafnvel ný nöfn. Neðanjarðarsamtökin höfðu lært að hafa hraðann á, að yfirgefa skjótt allar stöðvar, sem handtaka einhvers af félögnum gat teft í hættu, að finna nýjar stöðvar og nýjar leiðir, sem handteknu félagarnir gátu ekki haft hugboð um. Gestapo-mennirnir sátu um mig eins og úlfar. Þeir vissu þetta: Ef þeir gætu neytt mig til að leysa frá skjóðunni í nótt, þá mundi árangurinn verða húsrannsóknir og handtökur í stórum stíl. Þeir mundu ná miklu herfangi. Göring og Himmler mundu ljúka lofsorði á þá. Ég var ráðinn í að segja þeim ekki neitt. Ég vildi heldur þola hræðilegan dauðdaga en að svíkja flokkinn. Ég var hermaður Kominterns. Engar kvalir gátu verið verri en ásökun félaga: — „Hann lét bugast, hann sveik málstaðinn til að komast hjá tortímingu.“

Hertha Jens tók upp pilsíð og klóraði sér á feita, hvíta lærinu. „Eftir hverju erum við að bíða?“ sagði hún og gretti sig.

Kraus lögreglufulltrúi sagði við mig: „Hefurðu hugsað þig um?“

„Ég get ekki gefið upplýsingar um mál, sem mér er með öllu ókunnugt um,“ sagði ég. „Ég hætti störfum í flokknum, þegar Hitler komst til valda.“

Þegar í stað var hundasvipan keyrð í andlit mér. „Hver sendi þig til Þýskalands? Hver fékk þér peninga? Hvað var þér skipað að gera?“

„Það sendi mig enginn.“



„Og samt komstu. Þú vissir, að lögreglan var að leita þín fyrir landráð, og þó komstu til Þýskalands með falsað vegabréf. Hvers vegna?“

„Ég kom til þess að finna son minn. Hann hvarf, þegar lögreglan gerði húsrannsókn í íbúð konu minnar í Hamborg. Ég kom til Þýskalands til að grennslast eftir, hvar hann væri niður kominn.“

„Sei, sei! Bolsévíki farinn að láta sér annt um fjölskyldu sína, ha? Hvenær var þessi húsrannsókn gerð?“

„Í marsmánuði í ár.“

„Hvers vegna?“

„Það átti að taka konuna mína fasta.“

„Hún komst undan, trúi ég?“

„Já. Hún kom aftur að leita að barninu. Sonur okkar var réttur sex mánaða að aldri. Þegar hún kom aftur, var barnið horfið. Ég ætlaði mér að finna það. Þess vegna kom ég til Þýskalands.“

Hertha Jens hló.

„Sonur þinn er í góðum höndum,“ sagði hún. „Konan þín fær aldrei að sjá barnið ykkar aftur, nema hún komi til þess að gefast upp.“

„Þegiðu,“ sagði Kraus við hana. Síðan sneri hann sér að mér: „Svo að þú ætlaðir að nema barnið þitt á brott frá Þýskalandi?“

„Já.“

„Ég trúi því ekki. Hver sendi þig til Þýskalands? Hverjar voru fyrirskipanir þínar?“

„Ég kom til að finna son minn.“

„Vitleysa,“ galti hann. „Hvaða hlutverk hafði Karl Burmeister?“

Spurningin kom yfir mig eins og reiðarslag.

„Burmeister?“

„Já, Burmeister. Hvert var hlutverk Burmeisters í þessari landráðaklíku ykkar? Vertu ekki svona mikið flón — hetjuskapur er skrípaleikur.“

Ég trúði því ekki, þegar þeir sögðu mér, að Karl Burmeister hefði verið tekinn. Hann var rólyndasti, áreiðanlegasti vígamaðurinn í neðanjarðarsamtökunum.

Kraus lögreglufulltrúi sagði: „Burmeister hefur leyst frá skjóðunni.“

„Ég hef ekki séð Burmeister í sex mánuði,“ sagði ég.

„Ekki það? Félagi þinn Burmeister kveðst hafa tekið við peningum og fyrirskipunum af þér í Grasagarðinum fyrir nokkrum klukkustundum.“

„Það er ómögulegt.“

„Ekkert er ómögulegt.“ Kraus gekk út á ganginn. Ein mínúta leið. Gestapomennirnir helltu yfir mig háði og blótsyrðum. Hertha Jens sat á stólnum og lét skína í tennurnar. „Tímarnir eru breyttir,“ sagði hún. „Það er svo gaman að sjá þig aftur.“

Dyrinum út í ganginn var skellt upp á gátt. Karl Burmeister var varpað inn í herbergið. Hann reis á fætur. Hið mikla brjóst hans gekk upp og ofan, og það

korraði í hálsi hans. Á eftir honum þrömmuðu Kraus lögreglufulltrúi og tveir snögglæddir Gestapo-menn inn í herbergið. Þeir hristu Karl Burmeister upp að veggnum.

„Svona nú, Karl, þú segir ekki eitt orð,“ sagði Kraus. „Ég spyr þig einnar spurningar. Þú þarft ekki að gera annað en að kinka kalli eða hrista höfuðið.“ Burmeister var nakinn niður að mitti. Andlit hans var skrámað. Líkaminn var þakinn bláum rákum; á síðum og baki voru blóðklessur. Það var blóð á buxunum og skónum.

„Segðu mér eitt,“ sagði Kraus og benti á mig. „Er þetta maðurinn, sem gaf þér fyrirskipanir í Grasagarðinum?“

Burmeister þagði.

„Ég vil aðeins að þú staðfestir það, sem þú hefur sagt þessum herrum, sem yfirheyrðu þig.“

Alt í einu kastaði Karl Burmeister sér með dýrslegu öskri yfir Gestapo-manninn, sem næstur honum stóð.

„Hundarnir ykkar,“ öskraði hann. „Bölvadir úrþvættis hundarnir ykkar!“

Annar hinna snögglæddu stökk fram.

Hann æpti í æsingi: „Haldið þið honum! Haldið þið mannfjandanum!“

Síðan komu þeir honum undir.

„Farið þið út með hann,“ skipaði lögreglufulltrúinn. „Látið þið hann syngja.“

Karl Burmeister barðist eins og ljón. Hann barðist með höfðinu, hnjánum, tönnunum, fótunum og fjötruðum handleggjunum. Hann barðist og bölvadi, og andardráttur hans var eins og stunur hraustrar konu í fæðingarhríðum. Einn af lögregluþjónum miðaði skammbyssu sinni. Kraus lögreglufulltrúi veifaði til hans að hætta. Burmeister var enn að brjótast um, þó að fjórir menn héldu honum á gólfinu. Hann kyrrðist ekki, fyrr en einn þeirra þjappaði fæti sínum að kverkum hans. Eilífa brosið var horfið af andliti Herthu Jens. Kraus horfði á aðfarirnar eins og köttur, sem situr um bráð. Í greipum Gestapo-mannsins stóð ég þarna eins og ósjálfbjarga fábjárni í leiðslu.

Þeir reistu Karl Burmeister upp af gólfinu og drógu hann í áttina til dyranna. Þegar komið var hálf leið, opnaði hann augun og sleit sig lausan með einu heljarmiklu átaki. Hann hljóp þvert yfir herbergið og varpaði öllum líkamsþunga sínum á gluggann. Glerið fór í mola. Karl Burmeister steypist út í myrkrið.

Þögn.

Margir af Gestapo-mönnum gengu að glugganum og litu niður í húsagarðinn, sex hæðum neðar. Snögglæddi maðurinn, sem hafði dregið upp skammbyssu, lét óðslega:

„Dieser dreckige Höllenhund! Þessi ófétis mannhundur!“

Kraus lögreglufulltrúi var hinn rólegasti: „Farið þið niður, tveir ykkar, og ryðjið óþrifnaðinum burtu,“ skipaði hann. „Hertha, viltu gera svo vel að síma á matstofuna eftir kaffi og brauði.“

Hertha Jens símaði.

Ungur stormsveitarmaður kom upp með rjúkandi könnu af kaffi og stóran bakka hlöðnum bollum og smurðu brauði. Innan skamms var hver Gestapo-maður búinn að taka sér kaffibolla í aðra hönd og brauðstykki í hina.

Einhver nöldraði: „Þessi bannsetti óreglulegi vinnutími; nú á dögum er maður hættur að vita, hvað tímanum líður. ... Sefur ekki fullan svefn nokkra nótt!“

Síminn hringdi.

Hertha Jens hlustaði. Er hún hlustaði, stirðnaði líkami hennar og á andlit hennar kom svipur einbeittrar eftirtektar. Augu allra stórðu á hinn föngulega líkama.

Hún sneri sér við. „*Blockwart* eitt skýrir frá því, að sveit óbreyttra borgara sé að dreifa áróðursritum í Großneumarkt-hverfinu.“ Orðin hrutu af vörum hennar eins og vélbyssuhríð.

Sex Gestapo-menn teygðu sig eftir yfirhöfnum sínum. Þeir tóku skammbyssurnar úr bakvösum sínum og settu þær í frakkavasana. Klukkan á veggnum fyrir neðan risastóru myndina af Adolf Hitler var háltvö.

„Sendið áttundu deild á staðinn,“ sagði Kraus. „Umkringið hverfið. Ef göturnar eru auðar, leitið þá í hverju húsi.“

Hertha Jens símaði aftur. Hún hrópaði fyrirskipanir snöggum rómi í símann. Gestapo-mennirnir þustu út. Ég heyrði þá þamma eftir ganginum og niður stigann. Auk mín voru engir eftir í herberginu nema Hertha Jens, SS-maðurinn, Kraus lögreglufulltrúi og tveir aðstoðarmenn hans. Úr næsta herbergi, þar sem verið var að yfirheyra Cilly, barst daufur raddkliður.

Lögreglufulltúinn var að japla brauðsneið. „Við skulum halda áfram,“ sagði hann kuldalega. „Farðu nú ekki að láta þér detta í hug að skella sökinni fyrir misgerðir þínar á Burmeister. Þið eruð löngum seigir við að bíða eftir því, að einhver drepist og skella síðan ábyrgðinni á líkið. Annaðhvort á lík eða á félagi, sem hafa forðað sér til Moskvu. Er það ekki rétt?“

Ég var að hugsa um Karl Burmeister. Það var ekki alllangt síðan við höfðum rætt um anda sjálfsafneitunarinnar, um vilja byltingarmannsins til að standast allar þjáningar; um hugarástand lenínistans, sem við töldum vera fólgið í óeigingirni og viljapreki; um skyldu byltingarmannsins til að bjarga lífi sínu fyrir málstaðinn, ef hann gæti gert það án þess að svíkja samtökin. Karl Burmeister hafði tekið undir þá skoðun, að við ættum ekki að reyna að deyja fyrir byltinguna, heldur lifa fyrir hana. Samt sem áður hafði hann órað fyrir örlögum sínum. Ég minntist orða hans: „Þegar ég finn, að ég er að þrotum kominn, þá mun ég finna leið til að deyja eða drepa mig áður en hægt er að stafa orðið svikari.“

„Svikari — er ljótasta orð í heimi,“ hugsaði ég.

„Hvar er konan þín?“ sagði Kraus lögreglufulltrúi snögglega. „Kom hún með þér til Þýskalands?“

„Nei, hún er í París,“ svaraði ég.

„Hún er ekki í Kaupmannahöfn?“

„Nei, hún er í París.“

„Þér skjátlast. Erindrekar okkar hafa tekið ljósmyndir af henni í Kaupmannahöfn. Við höfum mynd af henni á gangi á götu. Við höfum aðra mynd af henni á járnbrautarstöðinni. Þær voru báðar teknar í Kaupmannahöfn.“

„Hún er í Kaupmannahöfn,“ játaði ég.

„Hún heitir Firelei, er það rétt?“

„Já, herra minn.“

„Rússnesk?“

„Nei — flæmsk.“

„En hún hefur hlotið menntun í Rússlandi? Gekk á skóla, þar sem þeir kenna föðurlandssvik og morð?“

„Nei.“

„Hvað gerir Firelei í Kaupmannahöfn?“

„Hún er ekki annað en flóttamaður. Hún tekur ekki þátt í neinni stjórn málastarfssemi.“

„Ekki það? Hún er málari? Gekk á listaskóla?“

„Já.“

„Þá væri það nú synd, ef Komintern notaði hana ekki á einhverri vegabréfafölsunarstofunni.“

„Hún er gengin úr kommúnistaflokknum. Hún gekk úr honum um leið og ég.“

„Hættu að ljúga!“ Það brá fyrir reiðiglampan í augum Kraus. „Segðu mér í smáatriðum, hvað Firelei hefur haft fyrir stafni síðan hún flýði, þegar við gerðum húsrannsóknina.“

„Ég var í Svíþjóð, þegar húsrannsóknin fór fram,“ sagði ég. „Firelei fór til Berlínar. Frá Berlín fór hún til München. Hún var ein, félaus og heimilislaus. Síðan hélt hún til Köln.“

„Með lest?“

„Nei, eftir þjóðbrautinni.“

„Hver skaut skjólshúsi yfir hana í Berlín, München og Köln? Hvaða samband hafði hún við flokkinn í þessum borgum?“

„Ég veit það ekki. Ég gaf henni upp heimilisfang í París og hún skrifaði mér þangað. Ég svaraði henni aftur poste restante.“

„Hvaða heimilisfang í París?“

Ég bjó til götunúmer. Hertha Jens skrifaði það hjá sér ásamt sumum svörum mínum öðrum.

„Hvernig komst konan þín frá Þýskalandi?“

„Ég var í Strassborg, þegar Firelei var í Köln. Ég skrifaði og sagði henni að koma til Kehl við Rín beint á móti Strassborg. Ég fór yfir Rín á báti og tók Firelei með mér til Frakklands.“

„Að næturlagi.“

„Ólöglega?“

„Já, hún hafði ekkert vegabréf.“

„Dú vissir, að hennar var leitað vegna stjórnmálaglæpa. Þrátt fyrir það smyglaðirðu henni frá Þýskalandi?“

„Hún var konan mín,“ sagði ég.

„Bolsévíkar og konur! Þessi saurlífa portkona! Hún var sek um landráð. Dú játar, að þú hafir á laun flutt flóttamann, sem réttvísinn í Þýskalandi var að leita að?“

„Ég játa það.“

„Hve mörgum svikurum öðrum hefurðu smyglað frá Þýskalandi?“

„Engum.“

„Hvað varstu að gera í Strassborg?“

„Ég var að leita mér að atvinnu á einhverju Rínarfari.“

„Aðeins að leita þér að atvinnu, ha! Og í hjáverkum skipulagðirðu verkföll og smyglaðir flugritum Moskvíta til Þýskalands, var það gangur málsins?“

„Nei, herra minn. Það, sem ég vildi, var að fá atvinnu og stofna heimili fyrir Firelei.“

„Hún er nokkuð slyng að mála?“

„Já.“

„Hún gat teiknað skopmyndir og götuauglýsingar?“

„Hún gat það.“

„Skopmyndir til þess að gera leiðtoga Þriðja ríkisins hlægilega?“

„Hún hefur aldrei gert það.“

„Götuauglýsingar með áskorunum til verkamanna um að berjast gegn okkur með oddi og egg.“

„Nei.“

„Á ég að sýna þér þær?“

„Þær eru ekki til.“

„Ekki það?“ Það var stærilæti og fyrirlitning í brosi lögreglufulltrúans. „Erindrekar okkar tóku myndir af þeim. Í Antwerpen, París, Kaupmannahöfn, New York.“

„Firelei hefur aldrei gert neitt slíkt.“

„Ég fullvissa þig um, að hún gerði það. ... Það er sá ljóður á, að hún getur ekki leynt handbragði sínu. Það er sérkennilegt. Ef ég sæi auglýsingu eftir hana í Kína, þá mundi ég þekkja hana. — Hvað varð um Firelei eftir að þú laumaðir henni til Strassborgar?“

„Hún fór til Parísar.“

„Hvað gerði hún í París?“

„Hún reyndi að hafa ofan af fyrir sér með því að teikna.“

„Og eftir það?“

„Hún ferðaðist um Frakkland með fjölleikaflokki.“

„Og þú fórst með henni?“

„Nei, ég fór til Antwerpen.“

„Til undirróðursstarfa?“

„Til þess að leita mér að skipi. Ég vildi komast til sjós.“

„Firelei kom til Le Havre með trúðunum?“  
„Já.“  
„Hvernig gekk henni í Le Havre?“ spurði lögreglufulltrúinn.  
Ég sá Mona Lisu-brosið á hinum þykku, rauðu vörum Herthu Jens og vissi, hvað það táknaði.  
„Hún var tekin höndum í því skyni að flytja hana til Þýskalands með valdi.“  
„Það átti að flytja hana til Þýskalands?“  
„Já.“  
„Hver tók hana?“  
„Einhverjir menn.“  
„Menn úr Gestapo?“  
„Úr Gestapo, já.“  
„Ekki neinir af vinum þínum?“  
„Nei.“  
„Og?“  
„Þeir reyndu að ná henni um borð í skip, sem átti að fara til Þýskalands.“  
„Hvaða skip?“  
„Bellona.“  
„En hvernig komst hún undan? Hver hjálpaði henni? Hvernig var farið að því?“  
„Ég veit það ekki,“ svaraði ég.  
„Sagði hún þér það ekki?“  
„Hún sagði mér ekki annað en að hún hefði komist undan.“  
„Hún kom til þín í Antwerpen eftir þetta?“  
„Kom til mín í Antwerpen.“  
„Hvað gerði Firelei í Antwerpen?“  
„Ekkert.“  
„Hún starfaði ekki gegn Nýja Þýskalandi?“  
„Nei.“  
„Hún gerði sig ekki seka um landráð?“  
„Nei.“  
„Hún gaf ekki út blaðið Kastljósið?“  
„Nei.“  
„Þú lýgur eins og dagblað!“ sagði Kraus.  
„Nei.“  
„Kom ekki vinur þinn, Ernst Wollweber, til Antwerpen til þess að senda Firelei til Kaupmannahafnar, svo að hún gæti haft umsjón með smygli frá Norðurlöndum?“  
„Nei. Ég þekki Ernst Wollweber ekki.“  
„Hver sendi Firelei til Kaupmannahafnar?“  
„Ég gerði það.“  
„Og til hvers?“

„Til þess að hún gæti búið hjá kunningja okkar. Hún hafði ekki annað sér til viðurværis.“

„Hvað heitir sá kunningi?“

„Ég man það ekki.“

„Var kunninginn Ernst Wollweber?“

„Nei, ég þekki hann alls ekki.“

„Þú þekkir ekki yfirboðara þinn?“

„Hann var ekki yfirboðari minn.“

„Hver var þá yfirboðari þinn?“

„Enginn. Ég var atvinnulaus.“

„Hvernig komst Firelei til Danmerkur vegabréfslaus?“

„Hún fór þangað með leynd.“

„Á hvaða skipi?“

„Á Brabant til Osló.“

„Og frá Osló til Kaupmannahafnar?“

„Eftir Þjóðveginum til Suður-Svíþjóðar.“

„Og frá Svíþjóð til Danmerkur?“

„Hún fór yfir Sundið á báti.“

„Hún stal bát og fór yfir Sundið?“

„Nei, fiskimaður einn flutti hana yfir.“

„Að næturlagi?“

„Að næturlagi.“

„Henni var þá smyglað til Danmerkur. Hvar á Firelei heima í Kaupmannahöfn?“

„Ég veit það ekki.“

„Ha? Þú bjóst með henni áður en þú komst aftur til Þýskalands, svafst hjá henni og þú getur ekki sagt okkur hvar hún á heima?“

„Hún ætlaði að fara að flytja, þegar ég sá hana síðast,“ sagði ég til skýringar.

„Hún flytur oft,“ sagði lögreglufulltrúinn. „Er það vegna þess, að hún sé hrædd um, að Gestapo dragi hana fyrir lög og dóm?“

Ég svaraði ekki.

„Hvað starfar Firelei í Kaupmannahöfn?“

„Hún var að leita sér atvinnu, þegar ég fór,“ sagði ég. „Ég veit ekki, hvað hún hefur haft fyrir stafni síðan.“

„Ég skal segja þér hvað hún hefur fyrir stafni,“ sagði Kraus þurrlega. „Hún hefur flokk manndrápara í þjónustu sinni. Hún sendir þessa manndrápara um borð í þýsk skip, þegar þau koma til hafna á Norðurlöndum. Manndrápararnir bjóða þýsku sjómönnum í land að skemmta sér, og síðan hittir Firelei þá í einhverju kaffihúsi og reynir að telja þá á að smygla spillandi áróðursritum til Þýskalands. Erindrekar okkar hafa haft gætur á henni og fært okkur sum þessara rita. Hún er ekki sá saklaus engill, sem þú vilt vera láta.“

„Firelei er enginn byltingarsinni.“

„Hvers vegna kemur hún þá ekki til Þýskalands aftur? Henni verður ekki gert mein. Hvers konar móðir er þetta að yfirgefa barnið sitt? Lægstu skepnur jarðarinnar hafa meira trygglyndi til að bera en það.“

„Þess vegna kom ég til Þýskalands,“ sagði ég. „Ég kom til þess að finna barnið.“

„Þvættingur! Hvar á konan þín heima í Kaupmannahöfn?“

„Ég veit það ekki.“

Svipan skarst í andlit mér eins og rauðglóandi hnífur.

„Segðu okkur heimilisfang Firelei í Kaupmannahöfn.“

„Ég ... veit það ekki.“

Svipan aftur. Það er sársauki, sem er verri en dauðinn. Ég féll á hné og stundi, og síðan nam höfuð mitt við gólf. Ég heyrði söng svipunnar og fann hana bíta mig þvert yfir hnakkann.

„Stattu upp!“

Ég lá kyrr á gólfinu með lokuð augu og vildi ekki trúá því, að ég væri enn á lífi.

Einhver greip um þumalfingurinn á vinstri hönd minni og sveigði hann aftur. Ég fann, að beinið hrökk í sundur. ... Ég stökk á fætur. Maðurinn, sem hafði brotið þumalfingurinn á mér, hopaði á hæl; hann virtist hræðast hið yfirnáttúrliga óp, sem ég rak upp. Í sömu svifum skall svipan enn á andliti mínu. Varir mínar voru tilfinningalausar. Skyrtubrjóstið og jakkinn voru blóði drifin. Ég man, að ég riðaði til og frá eins og drukkinn maður og furðaði mig á því, hvers vegna ég datt ekki.

„Hægan,“ skipaði Kraus, „ég vil ekki að þessi fugl missi meðvitund.“

„Allt í lagi,“ tautaði rödd.

„Ætlarðu nú að segja okkur, hvert heimilisfang Firelei var?“

Ég nefndi götu í Kaupmannahöfn. „Venedigvej,“ sagði ég.

„Hvaða númer?“ glefsaði lögreglufulltrúinn.

„Númer áttatíu og þrjú,“ svaraði ég.

„Við látum rannsaka það. ... Og endurtaktu nú: Firelei er hóra.“

„Firelei ... er ... hóra.“

„Hún er himinhrópandi viðbjóður.“

„Hún er ... himinhrópandi viðbjóður.“

„Konan mín er hóra, svo viðbjóðsleg, að það er himinhrópandi.“

„Konan mín er hóra, svo viðbjóðsleg, að það er himinhrópandi.“

„Hann er námfús, greyið,“ sagði Hertha Jens brosandí. „Það vantar bara konuna hans til að hlusta á hann.“

Kraus lögreglufulltrúi gekk um gólf. Gestapo-maður sat í gluggakistunni og reykti. Hann sat þar til þess að koma í veg fyrir, að ég færi sömu leið og Karl Burmeister. SS-maðurinn hafði sótt vatnsfötu og var að væta langa keyrið sitt í vatni. Síðan tók hann krukku af vaselíni ofan af hillu og bar á keyrið. Ómur af samræðum barst úr herberginu, þar sem verið var að kúga Cilly til sagna. Ungur maður kom út úr því herbergi og hvíslaði í eyra Kraus lögreglufulltrúa. Ég gat ekki heyrð það, sem sagt var, en ég vissi, að þeir voru að bera sig saman. Hertha



Jens settist þunglamalega upp á borð, hallaði sér upp að veggnum, geispaði og blés reykjarmekki upp í loftið. Þegar ég stóð þarna, líkari sárþjáðu kvikindi en mannlegri veru, læddist sú hugsun í gegnum huga minn, hve ánægjulegt það mundi vera að brenna flakandi sár í hið óskammfeilna hold Herthu og sjá hana engjast sundur og saman af kvölum.

Ég var ekki með sjálfum mér. Hinn samanrekni líkami Kraus og lostugur vöxtur svikakvendisins tóku á sig útlínur ævintýralegra ferlíkja. Á veggnum virtist andlitsmynd Adolfs Hitlers reka upp glaðværan hlátur. Ég átti ekkert aðhald lengur nema hatur mitt: Hatur, sem fyllir æðarnar og lungun og höfuðið, hatur, sem er jafnvel sterkara en hin skilyrðislausa hollusta við málstaðinn. Á aðalstöðvum Gestapo að nóttu til er styrkur mannsins kominn undir þeim hatursþunga, sem hann á til.

Það var eins og Kraus lögreglufulltrúi hefði lesið í huga minn.

„Segðu mér eitt,“ sagði hann, „hvað munduð þið hafa gert við okkur, ef bolsévisminn hefði náð völdum í Þýskalandi?“

Ég svaraði ekki.

„Þið munduð hafa myrt okkur alla með tölu,“ sagði hann.

„Kommúnistar eru ekki haldnir kvalafýsn,“ tautaði ég.

„Við ekki heldur,“ sagði lögreglufultrúinn. „Okkur þykir ekkert gaman að misþyrma mönnum. En þegar maður býr yfir upplýsingum, sem okkur vanhagar um, og vill ekki láta þær af hendi — þá er réttmætt að beita öllum brögðum til þess að fá hann til að leysa frá skjóðunni. Það er reynsla okkar, að langvarandi ógnir á háu stigi séu oft hentugar í þessu skyni. Skilurðu það?“

„Já, herra minn.“

„Það gleður mig. Hvar hefurðu átt heima? Hvaða fylgsni hafðir þú í Berlín og Hamburg?“

„Ég hafði engan ákveðinn samastað,“ sagði ég. „Ég svaf í hótelum. Aldrei tvær nætur á sama stað.“

„Nefndu hótelin.“

„Það voru lítil hótél í hliðargötum við Alster og í Barmbeck.“

„Nöfn þeirra!“

„Ég man ekki nöfn þeirra.“

„Nei? Hvar svafstu í nótt?“

„Ég náði í vændiskonu á götunni. Hún fór með mig í lítið gistihús.“

„Hvað hét hún?“

„Emma.“

„Emma — hvað?“

„Ég veit það ekki. Ég spurði ekki að því.“

„Langar þig til þess að við brjótum alla fingurna á þér? Einn í einu? Einn fyrir hverja lygi, sem þú talar?“

„Nei.“

„Hvað gerðirðu í Antwerpen?“

„Ég var að reyna að fá mér skipsrúm. Það var erfitt vegna þess, að ég hafði engin skilríki.“ Kraus lögreflufulltrúi gekk nær mér. Rödd hans var óheillavænleg.

„Antwerpen, segirðu? Það voru framdir margir glæpir í Antwerpen um þetta leyti. Til dæmis: hver skipulagði óaldarflokkana, sem héldu um borð í þýsk skip og rifu niður hakakrossfánana?“

„Ég veit það ekki.“

„Hver prentaði blaðið Kastljósið og lét smygla því til Þýskalands frá Antwerpen?“

„Ég veit það ekki.“

„Hvað veistu? Þekkirðu Ílja Rajkov?“

„Nei, herra minn.“

„Það er svo að sjá sem nafnið komi illa við þig. Þú þekkir hann ef til vill undir nafninu ,Uxinn?“

„Nei.“

„Hvað varð um Ílja Rajkov? Var hann fluttur með valdi til Rússlands? Lét GPÚ myrða hann?“

„Ég veit það ekki. Ég veit ekki, hver Ílja Rajkov er.“

Varir Kraus herptust saman. „Ég er víðfrægur fyrir þolinmæði mína,“ sagði hann. „En þolinmæði mín á sér takmörk. Ég er dauðlegur maður. Ég veit um mörg hundruð herra í þessu húsi, sem klæjar í fingurna eftir að láta þig veina, þangað til þú reynir að krafsa þig upp lóðrétta vegg. Þannig fara þeir að því að gera gæfa klára úr stöðum ótemjum. Þekkirðu Etkar André?“

„Ég hef heyrt hans getið.“

„Etkar André var harðger maður,“ sagði Kraus með illilegu brosi. „Hann var einn sá harðgerasti maður, sem til var. Hann hefur morð margra tuga stormsveitar-  
manna á samviskunnri, er ekki svo?“

„Ég veit það ekki.“

„Við vitum það! Hann hélt, að hann væri gerður úr granít,“ hélt lögreflufulltrúinn áfram háðslega, „en þegar piltarnir mínir höfðu haft hann til meðferðar, var hann eins og smjör í sólskinu. Hann verður feginn að leþja úr lófum okkar, þangað til hann missir höfuðið.“

„Gerid þið svo vel að gefa mér glas af vatni,“ bað ég.

Hertha Jens brosti snögg. „Sjálfsagt,“ drafaði hún. „Þú getur fengið vín.“

Gestapo-mennirnir hlógu dátt. Úr ganginum gat að heyra háværan raddþys og þrammandi fætur.

„Vatn?“ sagði Kraus. „Við skulum strá pipar í skrokkinn á þér, þegar gat springur á hann. Ætlarðu að segja okkur, í hvaða erindum Komintern sendi þig til Þýskalands?“

„Enginn sendi mig. Ég kom til þess að finna son minn.“

Kraus lögreflufulltrúi sagði rólega. „Þetta er nóg. Gefið þið honum *Kaschumbo*. Þrjátíu til að byrja með.“

Með hendur í vösum gekk hann út úr herberginu. Hertha Jens fór með honum. Hún brosti um öxl og vaggði mjöðmunum.

Í huga mér var ein einasta hugsun.

„Eftir nokkrar mínútur verðurðu lemstraður,“ hugsaði ég. „Þeir ætla að merja í þér nýrun. Bíddu þess, að þú missir meðvitund, áður en þú segir það, sem þeir mega ekki fá að vita.“

Ég var ekki kvíðinn. Ég var rólegur. Hið óhjákvæmilega var komið.

Hár piltur með sandljóst hár tók forustuna. Hann tók járnin af úlnliðum mínum. Hann skipaði mér að ýta borðinu frá glugganum inn í mitt herbergið. Síðan skipaði hann mér að fara úr fötunum.

„Þú þarft ekki að fara þér óðslega,“ sagði hann. „Ekkert liggur á.“

Tveir Gestapo-menn tóku fót mín og fóru að rannsaka þau gaumgæfilega. Þeir ristur á saumana og rifu fóðrið úr jakkanum, frakkanum og hattinum. Hauskúpu-liðið lét keyrið smella á baki mínu í æfingaskyni.

Ég var nakinn. Þeir þrifu til mín og köstuðu mér á grúfu yfir borðið. Þeir drógu handjárn úr vösum sínum og hlekkjuðu úlnliði mína við borðfæturna. Með leðurólum bundu þeir ökkla mína við hina borðfæturna. Síðan breiddu þeir blautt handklæði á bakið á mér.

„Segðu okkur nöfn og heimilisföng samverkamanna þinna,“ skipaði einn Gestapo-maðurinn.

Ég sagði ekkert.

„Ekki nema fimm nöfn og heimilisföng milli þín og helvítis,“ hélt hann áfram. „Hugsaðu þig um. Ég gef þér tíu sekúndur til þess að hugsa þig um.“

„Hættu að hugsa,“ sagði ég við sjálfan mig. „Taktu hverja andskotans taug innan úr þér úr sambandi og hættu að hugsa.“

Hái pilturinn með sandljósa hárið gaf merki. Höfuð mitt hékk á ská út fyrir borðröndina, og ég sá SS-manninn reiða keyrið hátt til högg. Ég heyrði hvininn í keyrinu og lokaði augunum.

Sársaukahviðan kom mér til að stynja og rykkjast upp af borðinu.

„Haltu kjafti,“ urraði svartliðinn.

„Eitt,“ taldi maðurinn með sandljósa hárið.

Ég opnaði augun og þrýsti höfði mínu niður.

Í bilinu milli borðfótanna sá ég glennta fætur SS-liðans í svörtum hnöllum. Keyrið söng í loftinu og sló, og hvert högg þurrkaði heiminn út. Högginn voru ekki svo tíð, að sortinn væri samfelldur. Skynfæri mín skriðu á sinn stað rétt í þann svip, er þau urðu vör við, að næsta högg reið ofan undan loftinu. Hin þaulhugsada grimmd húðstrýkingarinnar kom mér til að fyllast fyrst æðisgenginni og vanmáttugri bræði, síðan veinandi örvinglan. Veinið varð að stunum. Ég heyrði stunur sjálfs mín eins og samfelldan són, ég heyrði skellina í keyrinu, og ég fann það stinga mig og bíta, og sársaukinn var svo mikill, að mér fannst heilinn í mér vera að seytla út um nasir og augu.

Tilbreytingalaus og letileg rödd taldi einhvers staðar í fjarlægð: „Sextán, ... seytján, ... átján.“

Voru þetta ævilokin?

Keyrið féll reglulega. Bakið. Lendarnar. Lærin. Síðan bakið aftur. Óþolandi voru kvalirnar, þegar keyrið féll tvisvar á sömu holdræmuna. Ég sá ekkert. Fætur svartliðans, borðið, gólfíð og handleggir mínir og hendur, leystust upp og urðu að svörtum dílum, flæðandi og fjarandi, sem liðuðust, dönsuðu og þyrluðust, stækkuðu og minnkuðu.

„Tuttugu og tvö, ... tuttugu og þrjú.“

Ég var að steypast niður í botnlausu gröf, og ég barðist um, því að ég vildi ekki deyja.

Ég var á floti í rökkri. Ég opnaði augun vegna þess, að eitthvað stakk mig í nasirnar. Ég heyrði raddir og fótaþramm og fékk ofbirtu í augun. Köldu vatni var hellt yfir höfuð mér. Ég reyndi að lyfta höfðinu, vegna þess, að blóðið barðist í heila mér. Dyr voru opnaðar, og Kraus lögreglufulltrúi kom aftur inn. Hertha Jens var með honum og hélt á ritvél. Kraus gekk hægt í kringum borðið.

„Það er ekki fögur sjón að sjá þig liggja þarna og teygja angana út í loftið,“ sagði hann blítt. „Hvernig líður þér?“

„Vel,“ sagði ég að stundu liðinni.

„Ég vona, að þú hafir látið þér þessar bráðabirgðagælar að kenningu verða. Ef ekki, þá er von á meiru, miklu meiru, get ég fullvissað þig um. Fyrst um sinn er best að lofa þér að faðma borðið þarna.“

Maður nokkur kom með lítið borð. Hertha Jens setti ritvélin á borðið og settist við hana.

„Ég er reiðubúin,“ sagði hún.

Kraus lögreglufulltrúi las fyrir. Ritvélin tók að glamra. Nafn, fæðingarár og staður, fjölskylda, æskuár, handtökur og önnur atriði, sem Gestapo var þegar kunnugt um, voru skrifuð niður.

Peter Kraus las fyrir: „Hinn ákærði, sem var tekinn fastur að kvöldi þess 30. nóvember 1933 í nágrenni Grasagarðsins í Berlín, grunaður um landráð, framin meðan hann var í þjónustu Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu, ber það fram af fíjálsum vilja, að —

„Hvað nú?“ sagði lögreglufulltrúinn. „Ætlaðu að tala?“

„Já, herra minn.“

Hertha Jens sat innan við sextíu sentimetra frá mér og brosti. Fingur hennar runnu létt yfir leturborðið.

„Hvenær sendi Komintern þig til Þýskalands og hvert var hlutverk þitt þar?“

Kraus hafði tekið keyrið úr höndum svartliðans. Með hverju orði, sem hann talaði, barði hann í bakið á mér með skaftinu.

Ég sagði: „Komintern sendi mig ekki. Ég kom til þess að ...“

„Hinn ákærði,“ las Peter Kraus fyrir, „neitar blákalt þeirri alkunnu staðreynd,

að hann hafi verið virkur starfsmaður Kominterns og var sendur til Þýskalands til þess að reyna að steypa Hitlersstjórninni úr sessi með ofbeldi. Slík afstaða er algeng meðal sannfærðra og forhertra óvina hins Nýja Þýskalands.“ Lögreglufulltrúinn þagði um stund. „Réttinum mun geðjast að þessu,“ bætti hann við.

Keyrið söng í loftinu. Síðan beit það óþyrmilega.

„Hvar var leynibústaður þinni í Hamborg?“

„Ég skipti um bústað á hverri nóttu. Ég gisti í hótelum.“

„Lygahundur!“

Aftur reið keyrið á mér.

„Hvar faldirðu þig?“

Eftir hvert undanfærslusvar mitt sló Peter Kraus mig miskunnarlaust. Eftir hvert högg endurtók hann þessa einu spurningu: „Hvar var leynibústaður þinn?“

Ég hafði heyrt, að menn gætu bundið enda á ævi sína með eintómu viljaþreki. Lokað augunum og óskað ákaft: „Komdu dauði!“ Það var fánýtt. Í hvert skipti beið Kraus svo lengi, að hann var viss um, að augu mín voru opin og að líkami minn gat engst — áður en hann reiddi keyrið yfir öxl sér til höggs á ný.

„Þú ert flón,“ sagði hann. „Ímyndarðu þér, að nokkur yfirboðari þinn — Kuusinen eða Pjatnítskij eða Wollweber eða einhver hinna bófanna — af einhver þeirra væri fjöttraður á þetta borð í stað þín — ímyndarðu þér þá, að þeir mundu hika eina mínútu við að ofurselja þig og þúsund aðra, ef þeir héldu, að það væri til einhvers?“

Ég sagði ekkert. Ég var nær dauða en lífi. Borðið undir mér var kámuft af blóði og svita. Vinstri höndin var svo bólgin, að hún var hálfu stærri en hún átti að sér.

Rödd Kraus var róleg: „Við berum mikla virðingu fyrir hetjuskap. Við höfum mestu fyrirlitningu á svikurum. Reynslan hefur sýnt okkur, að æðstu foringjarnir í samtökum ykkar eru knékrjúpandi bleyður, þegar þeir lenda í höndum okkar. Hvenær, sem við náum í einhvern forsprakkann, þá er allur félagsskapur hans á valdi okkar. Þú þarft ekki annað en að fara að dæmi þeirra, þá mun þér líða þrýðilega. Ætlarðu nú að segja okkur eitthvað, sem gagn er í?“

„Já.“

„Þú veist það fjandi vel, að ég get látið skræla þig þig niður smátt og smátt, og óþrifalegasti hani í heimi hér mundi ekki gala í samúðarskyni. Þú veist það. Ef þú tekur þá ákvörðun að hætta að teyma okkur á asnaeyrunum, þá gætum við komist að samkomulagi. Setjum svo, að þú segdir okkur allt sem þú veist, setjum svo, að þú hjálpaðir okkur að fá góðan feng, veiða nokkra þessa byltingarfiska — þá gætum við mælt með þér við dómarann. Þú kynnir að sleppa með ævilangan fangelsisdóm.“

„Já, herra minn.“

„Það eru mörg þúsund spurningar, sem ég þarf að leggja fyrir þig. Mörg þúsund spurningar, sem þú þekkir svörin við. Það, sem ég vil, að þú vitir, er að við höfum engan tíma til að stympast við þig í eina eða tvær klukkustundir um hvert svar. Ef þú ætlar þér að eyða tíma okkur til ónýtis á þann hátt, er okkur sá kostur vænstur

að álíta þig sekan um tilraunir til að tefja nauðsynleg störf Gestapo. Þú veist, hvað það þýðir, er ekki svo?“

„Jú.“

„Jæja þá, hvar var leynibústaður þinn?“

Ég svaraði ekki.

„Gefið þið honum *Kaschumbo*,“ sagði lögreglufulltrúinn, „fimmtán á lærin til þess að liðka minnið.“

Fimmtán högg á lærin éta upp hörundið. Undan svipunni brennur flakandi hold eins og eldur. Höggin skaka hvern þumlung líkamans og heilans eins og glóandi hamar. Maðurinn stynur, svo að hver fruma í líkama hans stynur með, og síðan er eins og hann gangi af vitinu.

„Skjótíð mig,“ stundi ég. „Skjótíð mig.“

„Hvers vegna ættum við að skjóta þig,“ sagði hæðin rödd. „Hvað heldurðu, að við séum?“

„Skjótíð mig.“

Ég veit ekki, hvað ég sagði það oft.

„Hvar var leynibústaður þinn?“

Nú kom keyrið niður á mjóhrygginn á mér.

Peter Kraus nöldraði: „Þú mígur blóði von bráðar.“ Síðan: „Ætlarðu nú að svara spurningunni?“

Ég gat ekki svarað. Ég hafði nístandi kvalir í hægra eyranu. Einhver hafði sparkað í höfuðið á mér.

„Það blæðir úr eyranu á honum,“ sagði Hertha Jens.

„Hvar var leynibústaður þinn? Ætlarðu nú að segja okkur það?“

Einhver skvetti vatni yfir mig.

„Þetta er síðasta tækifærið,“ sagði Kraus. „Við setjum slöngu í endaparminn á þér og fyllum hann af sjóðandi vatni, ef þá svarar ekki. Áður en við gerum það, stráum við salti á þig allan. Þér mun líða dável af því. Salt er gott til margra hluta.“ Keyrið hvein í loftinu.

„Hvar var leynibústaður þinn?“

Það varð löng þögn, og ég fann reykjartil.

„Gefið þið honum *Kaschumbo*,“ skipaði Kraus. „Tólf á nýrun.“

Hefur þér nokkurn tíma fundist innfyli þín vera full af hvössu grjóti, sem vex og vex og þenst upp í lungun og kverkarnar og stíflar andardráttinn? Hýðing á nýrun, með hálfá eilífð milli hverra tveggja svipuhögga, er undirbúningur undir þúsund ókomnar kvalafullar nætur.

Að lokum sagði ég þeim heimilisfangið. „Martin Holstein er enn frjáls maður,“ hugsaði ég. „Hann mun segja hraðboðunum að strika þetta heimilisfang af skránn þeirra.“

„Venusberg,“ sagði ég.

„Talaðu hærra!“

„Venusberg.“

„Hvaða númer?“

Hverri spurningu fylgdi vandarhögg.

„Númer seytján.“

„Nöfn heimilisfólksins?“

„Baumgarten.“

„Gyðingar?“

„Nei.“

„Hjón? Eiga þau börn?“

„Nei.“

Kraus lögreglufulltrúi hringdi í símann. „*Fahndungs-kommando?* ... Ágætt! Sendið bíl að Venusberg 17. Nafnið er Baumgarten. Leitið í íbúðinni. Takið alla íbúana fasta. Látið tvo menn vera á verði í íbúðinni næstu þrjá daga. Takið alla fasta, sem spyrja eftir Baumgarten. *Heil Hitler!*“ Lögreglufulltrúinn sneri sér aftur að mér.

„Ætlarðu nú að hegða þér skynsamlega?“

„Já.“

Hann skipaði aðstoðarmönnum sínum að taka mig ofan af borðinu. Þeir komu með stól, og ég hneig á stólinn, og síðan hneig ég á gólfíð og lagðist á magann, vegna þess, að ég var of særður til að sitja. Hertha Jens gaf mér glas af vatni. Ég reis upp á olnbogana og drakk vatnið. Kraus lögreglufulltrúi gaf mér vindling. Meðan ég reykti, með kinnina hvílandi á gólfinu, las hann fyrir og ritvélin glamraði.

„Hinn ákærði,“ las lögreglufulltrúinn fyrir, „játaði, eftir að ótvíræð sönnunargögn höfðu verið lögð fyrir hann, að hann hafi haft ólögmetan samastað hjá Baumgarten nokkrum, Venusberg 17, í Hamborg, eftir að hann kom til borgarinnar á laun í því skyni að takast á hendur ólögleg störf fyrir kommúnista.“

„Frú Baumgarten er þunguð,“ sagði ég.

„Er hún þunguð?“

„Já.“

Kraus gretti sig.

„O, jæja,“ sagði Hertha Jens. „Við getum tekið hana inn fyrir því.“

„Er Baumgarten-fólkið kommúnistar?“ spurði lögreglufulltrúinn. „Gafstu þeim nokkrar fyrirskipanir?“

„Nei, herra minn,“ sagði ég.

„Hvernig fórstu að því að komast yfir heimilisfang þeirra?“

„Af tilviljun. Ég frétti, að þau hefðu herbergi til leigu.“

„Nú lýgurðu enn. Þú fékkst heimilisfang þeirra í Kaupmannahöfn. Þú fékkst heimilisfang þeirra hjá Komintern.“

„Nei. Þau voru ekki kommúnistar.“

„Við skulum tala við Baumgarten um það. Við leggjum Baumgarten á borðið

og látum hann koma lyginni upp um þig. Þú sérð, vinur góður, að nú fer gamanið að grána.“

Ég svaraði ekki. Baumgarten-hjónin voru óbreyttir félagar. Þau vissu lítið, sem gat orðið samtökunum til tjóns. Og við höfðum komið okkur saman um, ef þau yrðu yfirheyrð, að þá skyldu þau segja, að þau hefðu haldið mig vera erlendan blaðamann.

„Þú hefur sagt A,“ sagði Peter Kraus. „Nú skulum við snúa okkur að B og halda síðan áfram með stafrófið. Hvað varstu að vilja til Þýskalands?“

„Ég kom til að finna son minn.“

„Ég spyr einu sinni enn: Hvað skipaði Komintern þér að gera í Þýskalandi?“

„Ég var ekki sendur af Komintern.“

„Var það GPÚ, sem sendi þig?“

„Nei, herra minn.“

Kraus lögreglufulltrúi beygði sig og sló vindlinginn út úr mér.

„Náið þið í salt,“ sagði hann. Hann gekk inn í næsta herbergi. SS-maðurinn sparkaði í síðuna á mér. Kraus kom aftur og sýndi mér ljósmynd. Það var mynd af þreklegum manni, sem var að stíga út úr strætisvagni. Hertha Jens kraup á kné og hélt stækkunargleri yfir andlitið á myndinni. Ég deplaði augunum og reyndi að einblína á myndina. Ég gat það ekki. Sjónin var of döpur. Það var eins og sársaukinn frá eyranu hefði einhvern veginn lamað augu mín.

„Hver er þessi maður?“

„Ég veit það ekki. Ég sé ekkert.“

„Er þetta Michael Avatin?“

„Ég sé ekkert.“

„Þekkirðu Avatin?“

„Nei.“

„Það sást til þín í Kaupmannahöfn í fylgd með Avatin. Avatin var í Antwerpen vikuna, sem Ílja Rajkov var myrtur. Það varst þú líka. Sendi Avatin þig til Þýskalands?“

„Nei.“

„Er Avatin í Þýskalandi?“

„Ég veit það ekki.“

„Hvað hafðirðu saman við Avatin að sælda í Antwerpen og Kaupmannahöfn?“

„Ég þekki Avatin ekki.“

„Hvaða kærustu átti Avatin í Hamborg?“

„Ég veit það ekki.“

„Fékkstu heimilisfang hennar, meðan þú varst í Kaupmannahöfn?“

„Nei.“

„Hvernig var samböndum þínum milli Hamborgar og Kaupmannahafnar háttað? Hvernig sendirðu skýrslur þínar? Hvernig fékkstu peninga?“

„Ég kom til að leita að barninu mínu.“



„Í hvaða tilgangi sendi Komintern þig til Þýskalands?“

„Ég starfaði ekki fyrir Komintern.“

„Hvaða hlutverk fól GPÚ þér?“

„Ég hef aldrei starfað fyrir GPÚ.“

„Hvaða lögbrot ætlaðirðu að fremja í Þýskalandi?“

„Ég ætlaði að sækja son minn.“

„Hvers vegna varstu með byssu á þér?“

Ég þagði.

Kraus sagði: „Gefið honum *Kaschumbo*. Gætið þið þess, að hann blundi ekki.“

Ég var ekki dreginn upp á borðið aftur. Þeir létu mig liggja á gólfinu og háuskúpuliðinn lét smella í keyrinu. Að því búnu lamdi hann mig miskunnarlaust, og ég engdist saman og reyndi árangurlaust að bíta í gólfíð. Eftir þriðja höggið vék hann sér til hliðar.

„Ætlaðu nú að segja okkur, hvert erindi þitt var til Þýskalands?“ æpti Kraus.

Jafnvel þó að ég hefði viljað segja honum það, hefði ég ekki getað stunið orðunum upp.

„Gefið honum *Kaschumbo*,“ skipaði lögreglufulltrúinn.

Nóttin var óralöng, endalaust krafs gegnum hlydýpisfen. Það kom stund, er heilinn gat ekki skynjað svipuhögginn, en taugarnar hættu að flytja sársaukann. Það kom önnur stund, er herbergið fylltist skyndilega af fólki — Gestapo-mönnum, sem orguðu, bölvuðu og höfðu í hótunum, og ungum verkamönnum og óttaslegnum stúlkum, sem reikuðu um herbergið og var hrint upp að veggjunum og skipað að segja, hvar þau hefðu fengið flugritin, sem þau voru að dreifa út þessa nótt. Stundum hringdi síminn. Og einu sinni glumdi hinn hljómtæri hlátur Herthu Jens í gegnum svimann og sortann.

Síðar vissi ég að dagur var á lofti, og ég fann lykt af einhverju, sem hafði verið roðið á bakið á mér. Ég vissi, að ég lá í mjóu fleti og að ljósið féll inn um lítinn rimlaglugga ofarlega á veggnum. Ég vissi líka, að ég var nakinn, að ég lá á maganum, að úlnliðir mínir og ökkjar voru hlekkjaðir við járngrindurnar á fletinu og að hitabylgur streymdu undan fletinu. Ég fann og að hitabylgur streymdu upp undan fletinu. Ég fann ekkert. Ég heyrði ekkert. Vinstri hönd mín lá í föstum umbúðum. Ég vissi ekki, hvort þetta var dauðinn eða hvort ég var enn á lífi. Ég reyndi að lyfta höfðinu, og allt í einu fannst mér sem ég félli í gegnum tóman geim. Og síðan vissi ég ekkert framar.

# Helvíti

Í EITT HUNDRAÐ OG EINN dag var rannsókninni haldið áfram. Allar þessar vikur og mánuði barðist ég eins og sært dýr í gildru. Þessir dagar voru blóði drifnir og huldir myrkri, og þeir úðu og grúðu af miskunnarlausum niðingum. Allan þennan tíma var ég einn, nema þegar kvalarar mínir voru nálægir. Í þrjá mánuði sá ég aldrei sápumola, né heldur fékk ég að baða mig eða raka mig. Ég skrifaði engin bréf og sendi engin bréf. Umheimurinn var ekki lengur til. Og allt í kringum mig voru ör-vænting og dauði og vitfirring, andlit, sum draugaleg, önnur full harðneskjulegrar ófyrirleitni, og vilji óvinarins til að buga mig eða drepa mig.

Vonin um skjótan dauðdaga var jafnskemmtileg og tilhugsunin um brúðkaupsnóttina. Þegar ég var leiddur til yfirheyrslu og aftur yfirheyrslu upp á skuggalega efsta loftið í Gestapo-stöðvunum, leituðu augu mín að óvörðum glugga, og hugur minn þráði augnablikstækifæri til að steypa mér út um rúðurnar. En á öllum slíkum ferðalögum var keðja fest um úlnliði mína, og hinn endi keðjunnar var í greipum hauskúpuliða. Það voru aðeins tvær aðrar leiðir til sjálfsmorðs, seinni og ekki eins öruggar: maður gat opnað æðar sínar með tönnum eða skorði á úlnliðina með glerbrotum úr klefaglugganum; eða hann gat hengt sig, ef nokkuð væri hægt að finna til að hengja sig í. Margir reyndu að sleppa á þennan hátt, en tæplega einum af tíu tókst að finna hinn margþráða dauða. Flestir fangarnir voru hlekkjaðir við flet sín á nóttunni, og á daginn voru hendur þeirra fjöttraðar fyrir aftan bak.

Tvisvar reyndi ég þrátt fyrir þessa fyrirstöðu að hengja mig í ræmum, sem ég hafði rífið af daunilla teppinu mínu. Ég stritaði tímunum saman við að hnýta endana á þeim um vatnspípu fyrir ofan salernisskálina, og að lokum tókst mér það. Í huga mínum var ekkert nema þessi óljósi ásetningur: „Láttu því vera lokið! Láttu því vera lokið!“ Þráin eftir dauðanum var eins og þrá hins þyrsta eftir vatni. Ég stóð á salernislökinu, vatt neðri hluta þessarar heimatilbúnu hengingarólar upp á hálsinn á mér og hélt endanum föstum með tönnum. „Andskotinn sjálfur, ljúktu við það áður en þeir koma aftur,“ tautaði ég með sjálfum mér, og án frekari hugsana lét ég fætur mína renna út af lökinu. Ég hékk. Ég fann ekki til sársauka. Tilfinningarnar voru þægilegar. Ég hafði haldið, að ég mundi taka kvalafull andköf. Í stað þess varð ég þess var, að þrýstingurinn um hálsinn stöðvaði blóðrásina til höfuðsins. Ég kenndi svima, og síðan riðuðu veggirnir í kringum mig, og það komu krampakenndir kippir í handleggi mína og fætur, eins og biluð vél innan í mér hefði skyndilega og óskiljanlega komist í gang. Tepparæmurnar slitnuðu.

Þegar ég kom til sjálfs mín, lá ég á fjórum fótum á gólfinu og hristi höfuðið eins og dasaður rakkí. Ég gerði aðra tilraun tveimur kvöldum síðar, þegar flótti fanga eins í öðrum hluta fangabúðanna hafði valdið svo miklu uppnámi, að næturvörðurinn hafði gleymt að hlekkja mig við fletið. Það mistókst enn. Í Ólund og bræði steypti ég mér eftir endilöngum klefanum og sló höfðinu við múrinn. En það varð aðeins til þess, að ég missti meðvitund, og mig verkjaði í höfuðið í marga daga á eftir.

Órólegir svefnórur vöktu mér æsandi drauma. Draumarnir voru ávallt hinir sömu. Á grindunum í klefaglugganum hékk fallegur nýr kaðall með lykkju, sem var hnýtt af kunnáttuhöndum. Ég stritaði af alefli að ná kaðlinum og nota hann, en það var eins og ósýnilegar hendur gripu um ökla mína og hné, og allt strit mitt færði mig ekki einu feti nær.

Ég var í Fuhlsbüttel-fangabúðunum í norðurjaðri Hamborgar. Flughöfnin var þar í nágrenninu, og drunur flugvélanna heyrðust dag og nótt bak við ryðbrúnu múrna. Fuhlsbüttel-fangabúðirnar voru þyrping gamalla fangelsa, sem dómsmálaráðuneytið hafði skipað að láta rífa nokkrum dögum áður en nasistar unnu sigur sinn. Það var hætt að nota þessar fangelsisbyggingar fyrir mörgum árum. En þegar öll nýrri fangelsin fylltust af stjórnmalaföngum, lét Gestapo hætta við að rífa húsín. Svo að segja á einni nóttu var þúsundum karla og kvenna komið fyrir í hinum auðu dýflissum. Það voru fjórar miklar húsaþyrpingar, hlaðnar úr múrsteini, fjórar hæðir hvert hús. Í kringum garðana voru aðrir múrar og varðstöðvar á við og dreif. Fram með múrunum innanverðum lá há gaddavírgirðing. Rafmagni var hleypt í gaddavírinn. Í bilinu milli gaddavírgirðingarinnar og ytri múranna stóðu alvopnaðir SS-menn í svörtum einkennisbúningum og með stálhjálum vörð. Í tveimur aðalbyggingunum voru eingöngu eins manns klefar, en í hinum voru stór almenningsbyrgi fyrir þá, sem höfðu „skriftað“.

Klefarnir voru þrjár metrar á lengd og einn og hálfur á breidd. Í þeim var ekkert nema lágt járnflet og beygluð salernisskál. Þungar stálhurðir voru fyrir dyrunum, sem vissu út á mjóa gangvegi. Í hverjum klefa var lítill gluggi með járngrindum, röska tvo metra frá gólfi, og gluggarúðurnar voru flestar brotnar, því að ungu SS-mennirnir í garðinum skemmtu sér við það öllum stundum að skjóta af handahófi inn um klefagluggana. Riffilskot og glamur af rúðubrotum voru nærri því eins algeng og drunur flugvélanna, sem komu eða fóru. Flestir verðirnir voru ungir, frá átján til tuttugu og þriggja ára. Það voru sömu mennirnir og höfðu verið andstæðingar okkar í smáskæruhernaði undanfarinna ára. Og nú, þegar þeir voru komnir í stöður sigurvegaranna og höfðu hina hötuðu andstæðinga skilyrðislaust á valdi sínu, nutu þeir þess að leika hlutverk refsaranna. Þeir voru ofstækisfullir, aldir upp til grimmdar og miskunnarleysis og þóttust vera kallaðir til að útrýma „marxista-pestinni“. Auk þess sem Gestapo skipaði svo fyrir, að ýmsir af föngunum skyldu sæta sérstakri meðferð til þess að kúga þá til að gefa upp nöfn og heimilisföng félaga, efndu fangaverðirnir sjálfir til opinberra hryðjuverka. Slíkar skemmtanir gátu náð allt frá þreytandi líkams-„æfingum“ til lævislegra skipulagðra morða.

Dag einn, er farið var með mig inn í klefann aftur eftir „æfingar“ í fangelsisgarðinum, sá ég verðina koma inn með gyðing. Það var lítill maður um fertugt, búlduleitur, og augnaráð hans vitnaði um undrun. Þeir létu hann hlaupa á fjórum fótum eftir ganginum. Tveir verðir með gúmmíkylfur spörkuðu honum inn í klefa númer 27, andspænis mínum klefa. Verðirnir voru svo önnum kafnir, að þeir gáfu ekki gætur að mér, þar sem ég stóð fyrir framan klefadyr mínar og beið þess, að mér yrði hleypt inn. Gyðingurinn var nýkominn, og ég sperrti eyrun og glennti upp augun til þess að reyna að komast að, hver hann væri. Blóðið fraus í æðum mér.

Inni í klefanum sögðu verðirnir gyðingnum að fara úr brókunum og nærbuxunum. Hann gerði það og nötraði eins og lauf í vindi. Allt í einu tók annar vörðurinn handleggnum utan um hálsinn á gyðingnum og hélt honum þannig, svo að ég vissi ekki hvort hann hékk eða stóð. Hinn vörðurinn veifaði gúmmíkylfu sinni og tók að slá gyðinginn markvissum höggum í kynfærin. Líkami gyðingsins tók dýfur, og hann stundi ógurlega, og eftir þriðja höggið milli fótanna hneig hann máttlaus til jarðar, eins og hvert bein í líkama hans hefði brotnað. Vörðurinn sleppti takinu, og gyðingurinn féll endilangur á gólfið. Hann greip báðum höndum um kynfærin og byltist um lítið eitt. Báðir verðirnir hræktu í andlit gyðingsins, og síðan gengu þeir út úr klefanum og læstu dyrunum.

Annar þeirra, ljóshærður, snareygur piltur, rúmlega tvítugur, hleypti mér inn í klefann.

„Sástu hvernig fór fyrir Hebreanum?“ spurði hann með ákafa.

„Já, ég sá það.“

„Þetta kámuga svín, ... geturðu hugsað þér hvað hann gerði?“

„Nei. Hvað gerði hann?“

„Hann ætlaði að tæla stúlku úr Hitlersæskunni. Ginnti hana inn í íbúðina til sín og reyndi að taka hana. Þessi hundur! Þessi andstyggilegi garmur!“

Gremjan logaði í andliti varðarins.

Allan eftirmiðdaginn húkti ég eins nálægt dyrunum og ég komst og hálfra nóttina líka, og gleymdi kvölunum í úlnliðum sjálfs mín. Hverja klukkustund á fætur annarri þrömmuðu menn inn í klefa númer 27 og út aftur. Það var eins og hver einasti fangavörður í Fuhlsbüttel-fangabúðunum væri kominn í heimsókn til gyðingsins. Bölv og ragn, högg, grimmdarlegir hlátrar og máttvana snökt bærust frá klefa númer 27. Og við og við rödd, sem var eins og svipusmellur:

„*Ist das Arschloch noch lebendig? Er þetta rassgat enn með lífsmarki?*“

Um nóttina dó fórnardýrið.

Klukkan níu morguninn eftir var mér skipað út úr klefanum.

Úti í fangelsisgarðinum voru gyðingafangarnir í Fuhlsbüttel að grafa djúpa gryfju í glætu vetrarsólarinnar. Uppi við múrinn stóðu hér um bil sextú fangar, sem voru ekki gyðingar, í röð. Það var verið að koma með fleiri fanga út í garðinn, tvo og þrjá saman.

„Standið þið við múrinn,“ skipaði vörður einn. „Þið megið ekki tala og ekki hreyfa ykkur, fyrr en ykkur er sagt.“

Ég tók mér stöðu uppi við múrinn með hinum föngunum. Um allan fangelsisgarðinn voru verðir með stálnálina og rífla. Toussaint, aðstoðarmaður yfirfangavardarins, leit ofan í gryfjuna, sem gyðingarnir voru að grafa.

„Hún er nógu djúp,“ sagði hann. „Farið þið frá!“

Gyðingarnir hörfuðu undan með niðurlút höfuð og andlitin öskugrá af ótta. Annar hópur manna kom í ljós úr fangelsinu. Þeir báru sjúkrabörur, og í fylgd með þeim var vörður klæddur læknasloppi. Augu allra stórðu. Ekkert hljóð heyrðist í garðinum, nema væl nokkurra fljúgandi máva.

Á börunum lá lemstræð lík gyðingsins, sem hafði verið myrtur um nóttina. Kviður hans var ein klessa af storknu blóði, og þar sem kynfæri hans höfðu verið, var blóðug þúst. Andlit hans var afskræmt og augun, galopin, stórðu ranghvolfd út í bláinn. Vörðurinn í læknasloppnum lét líkberana ganga fram með röðum fanganna, og við stórðum allir þögulir á dauða manninn. Líkið var nakið, og mávarnir sveimuðu gargandi yfir því. Líkberarnir lögðu byrði sína frá sér á jörðina rétt við brúnina á gryfjunni.

Margir af gyðingunum, sem stóðu í kringum gryfjuna, gripu höndum fyrir andlitið. Tveir aðrir hnigu niður. Þeir voru snoppungaðir og lamdir, uns þeir risu á fætur aftur.

„Niður með buxurnar,“ skipaði Toussaint.

Gyðingarnir leystu niður um sig buxurnar. Þeir voru ekki lengur menn. Þeir voru viljalaus dýr. Þeir voru lamaðir af hræðslu.

„Og fróið ykkur nú,“ skipaði Toussaint.

Nokkrir af gyðingunum gripu kynfæri sín. Verðir hlupu fram með röðinni og slógu hina í andlitið.

„Fróið ykkur, sagði ég,“ öskraði Toussaint. „Fróið ykkur, svín!“

Gyðingarnir hlýddu. Þeir gerðu eins og þeim var skipað, en hreyfingarnar voru máttlausar, og margir verðirnir glottu út undir eyru.

„Fljótar,“ æpti Toussaint. „Eyðimerkurræningjar! Girndarseggir og skriðkvikindi! Sýnið okkur hvernig þið gerið það í klefunum á næturnar!“

Gyðingarnir létu sem þeir fróuðu sér hraðar. Þeir vissu, að þeir áttu von á barsmið, ef þeir gerðu það ekki. Þeir vissu, að þeir máttu ekki hníga niður.

Toussaint sneri sér að okkur, sem stóðum uppi við vegginn.

„Syngið!“ skipaði hann. „Syngið um liljurnar þrjár á gröfinni.“

Við sungum, lágum rómi í fyrstu, síðan fullum hálsi:

*Drei Lilien, drei Lilien,*

*Die pflanzt'ich auf ein Grab, Juviheirassasasa ...*

Premur liljum, þremur liljum, planta ég á gröfina.

„Sko djöflana,“ hvæsti Toussaint. „Þeir hafa eytt öllum manndómi sínum í arískar meyar, og nú geta þeir ekki —.“

Einn af gyðingunum, barn að aldri, virtist vera orðinn vitstola. Hann dansaði fram úr fylkingunni og gargaði. Hann gargaði eins og kráka.

„Krá, ... krá, ... krá.“

Hver, sem væri, hefði getað tárfeilt af að heyra til hans. Það var svo vesælt, svo örventingarfullt. „Krá, ... krá.“ Augu okkar kunnu ekki lengur að fella tár. Dauði gyðingurinn á jörðunni var ljót sjón. Hinir héldu áfram að fróa sér, allir nema sá ungi. Sumir okkar hættu að syngja, og síðan hættum við allir.

„Krá, ... krá, ... krá.“

Verðirnir höfðu gripið hann, og Toussaint sagði: „Burt með hann!“ Síðan gelti Toussaint: „Sjálfsfróunarflokkur! Stanz!“

Brjálaði gyðingurinn var leiddur burtu. Tveir varðmenn veltu dauða gyðingnum eftir jörðunni með stígvélum sínum, og líkið valt ofan í gryfjuna. Hinum gyðingunum var skipað að ganga fram hverjum fyrir sig og æpa þrisvar: „Ég er kynflokkaspillir.“ Þegar hver einstakur hafði hrópað þetta þrisvar, var honum hrint niður í gryfjuna ofan á dauða gyðinginn. Þegar hann hafði hrópað aftur: „Ég er kynflokkaspillir,“ fékk hann að klifra upp úr gryfjunni. Suma þurfti að draga upp sökum þess, að þeir voru orðnir svo máttfarnir. Þegar allir gyðingarnir höfðu æpt og fallið ofan á líkið, var dauði gyðingurinn dreginn upp úr gryfjunni og hinir voru látnir velta honum um fangelsisgarðinn þveran og endilangan og hrópa í sífellu: „Við — erum — kynflokkaspillar!“

Að lokum var gyðingunum skipað í fylkingu. Þeir urðu að ganga hringinn í kringum líkið og syngja söngva gyðingahatara. Hinn sorgþrungni kór lagðist yfir fangelsisgarðinn eins og mistur:

*Wenn's Judenblut vom Messer spritzt,  
Dann geht's nochmal so gut ...*

Þegar gyðingablóð skvettist undan hnífnum, þá gengur allt helmingi betur. Og:

*Armer Jude Kohn, kleiner Jude Kohn, Hast ja kein Heimat mehr ...*

Veslings gyðingurinn Kohn, litli gyðingurinn Kohn, nú átt þú hvergi heima.

Þeir sungu þangað til þeir urðu hásir. Til að gera Toussaint og vörðunum til geðs sungu þeir eins hátt og þeir gátu. Þeir sungu af örvinglan. Það vottaði ekki fyrir þeim hatramma vígahug, sem við hinir streittumst við að halda lifandi hið innra með okkur. Við hlökkudum til þess dags, er menn eins og Toussaint myndu falla í þúsundatali fyrir vélbyssukúlum verkamannabyltingarinnar. Það var það, sem hélt okkur á floti. Það var það, sem við gerðum okkur vonir um. En gyðingarnir, þeir áttu ekkert slíkt hálmstrá að grípa í.

Þegar verðirnir tóku að þreytast á leiknum, fóru þeir líka að syngja, og við hinir fangarnir sungum allir með:

*Um den Juden auszuroden,  
Schneide man ihn ab die Hoden —  
Und den weiblichen Semiten,  
Sollte man das Ding vernieten ...*

Til að rífa upp júðana þurfum við að skera ef þeim eistun og binda þau föst við kvenjúðana.

Síðan gengum við aftur til klefanna, og sorphreinsunarmennirnir fóru með líkið í miðstöðina í kjallaranum.

Dagur í Fuhlsbüttel-fangabúðunum hófst klukkan sex að morgni með háværum klukkuslætti. Einni mínútu síðar var ég vanur að heyra lyklaskrölt í lásnum, hurðaskelli, dynki undan stígvélum varðanna og illskuöskur. Í sömu svifum og klefadyrnar voru opnaðar, reis ég upp af fletinu, eins langt og ég gat vegna hlekkjanna og sýndi verðinum, að ég væri viðstaddur. Ég hrópaði þá nafn mitt fullum rómi og bætti við: „... rautt svín í hlekkjum fyrir landráð.“

„Hærra!“ hvæsti vörðurinn þá. „Hvað ertu?“

„Ég er rautt svín í hlekkjum fyrir landráð.“

„Hærra! Hrópaðu það fimmtán sinnum!“

Meðan ég æpti, stóð vörðurinn yfir mér með gúmmíkylfuna á lofti og lét hana dynja á brjósti mínu, ef ég var of lengi að ná andanum. Síðan leysti hann hlekkina af mér. Ég stökk ofan af fletinu og náði í buxur mínar og nærskyrtu. Mér var ekki leyft að vera í öðrum fötum. Meðan ég fór í þessa garma, rannsakaði vörðurinn klefann og hrópaði:

„Vertu fljótari! Þú ert eins og mélpoki. Fljótari, *du Lumpenhund!*“

Síðan kastaði hann „næturhlekkjunum“ fram á ganginn, festi úlnliðina á mér saman með „dagjárnunum“ og þrammaði út til þess að endurtaka athöfnina í næsta klefa. Í eina klukkustund var ég einn. Klukkan sjö var rúgbrauðsstykki kastað inn í klefann til mín. Morgunverður. Tíu mínútum síðar var farið að smala saman föngum þeim, sem átti að yfirheyra í stöðvum Gestapo. Með blótsyrðum og spörkum var ég rekinn úr klefanum út í fangelsisgarðinn. Þar stóð ég og sneri andlitinu að veggnum, þangað til nafn mitt var hrópað. Ég hljóp að fangabifreiðinni. Við dyrnar á bifreiðinni stóðu tveir ungir SS-menn með keðjur í höndum. Hver fangi var laminn í bakið með keðjunum, áður en honum var hrint upp í bílinn.

Í fangabifreiðinni voru veggirnir og þakið úr stáli. Hún var gluggalaus. Hið innra var henni skipt niður í allmarga stálskápa, sem hvorki var hægt að standa né sitja í. Það var eins og að húka í stuttri líkkistu úr stáli. Tuttugu fangar „komust fyrir“ í bifreiðinni, og fjórar slíkar bifreiðar voru í förum hvern dag milli fangabúðanna og aðalstöðva Gestapo inni í miðri Hamborg. Í kringum mig var algert myrkur.

Skrölt hjólanna og vélarsonninn í fjarlægð tjáðu mér, hvenær lagt var af stað. Þegar bifreiðin nam staðar, hérumbil fjörutíu mínútum síðar, þá vorum við komnir í gráa, steinlagða húsagarðinn við aðalbækistöð Gestapo.

Á slíku ferðalagi til nýrra pyndinga eru hugsanir manns dapurlegar. Maður, sem ætlar sér að sýna mótþróa, er gegnsýrður af drungalegu afskiptaleysi eða veltir óðslega fyrir sér spurningum og svörum þeirra helvítisstunda, er framundan liggja. Mér fataðist að telja ferðirnar, sem ég fór milli Fuhlsbüttel-fangabúðanna og Gestapo; en þær skiptu mörgum tugum. Umhverfis mig var myrkur og tómleiki, sem ætlaði að kæfa mig. Vitundin um, að ég var að aka um fjölfarnar götur, undirstrikaði einverutilfinninguna, — vitundin um, að örfáa metra frá mér voru karlar og konur að ganga að sínum daglegu störfum, fólk, sem átti því láni að fagna að eiga sápuþykki, að eiga samastað, þar sem það gat talast við og hvílt sig. Á hverjum degi óku slíkir fangavagnar um allar þýskar borgir. Augu stórðu út í myrkið, hugir bjuggust til að mæta ógnunum, sem í vændum voru.

Í húsagarði Gestapostöðvanna var föngunum raðað í fylkingu. Síðan heyrðist snögg skipun: „*Vorwärts, marsch!*“ Við brugðum á hlaup með hauskúpuliðana í kringum okkur. Þeir, sem drógust aftur úr, voru lamdir miskunnarlaust. Við hlupum eftir húsagarðinum, eftir göngunum og upp þrjá stiga og námum staðar fyrir framan hurð, sem bar skiltið: „*Wartezimmer.*“ Biðherbergi. Dyrnar voru opnaðar og okkur var smalað inn í langt og mjótt herbergi.

„Nefin og tærnar upp að veggnum! Algera þögn! Sá, sem talar, verður laminn.“

Þegar um stjórnmalafanga var að ræða, bar allt framferði SS-mannanna í orði og verki vitni um kalda villimennsku. Við fylktum okkur upp að veggjunum, stóðum teinréttir og grafkyrrir. Verðir með kylfur í höndum gengu fram og aftur að baki okkar. Við og við hringdi síminn. SS-fyrirlíðinn við skrifborðið svaraði í símann. Það var verið að hringja frá ýmsum deildum Gestapo — vegabréfdeildinni, sprengiefnadeildinni, skotvopnaskrifstofunni, andkommúnista- og andsózialista-deildunum, utanríkisdeildinni og fleirum — það var beðið um að senda tiltekna fanga í tiltekin herbergi til yfirheyrslu. Við hverja hringingu jókst eftirvæntingin í andlitum fanganna, sem biðu; hringingarnar stungust í gegnum merg og bein á okkur. Alltaf var hugsunin sú sama: „Nú er verið að kalla á mig!“ Í hópi okkar voru gamlir menn, rosknar mæður og stúlkur. Stöku sinnum hneig einhver til jarðar og fékk á sig skvettu af köldu vatni og gusu af skömmum.

Dag einn, er við vorum í biðstofunni, þreif grannleit stúlka að nafni Martha Helm, sem hafði verið í kommúnistasamtökum í Kíl, vasahníf af skrifborði SS-fyrirlíðans. Án þess að mæla orð af vörum risti hún á vinstri úlnlið sinn. Síðan settist hún á gólfíð, en blóðið skvettist upp á hvítalkaðan vegginn fyrir framan hana. Tveir svartliðar tóku hana upp og báru hana út úr herberginu í skyndi. Þá hrópaði hún veikum rómi á hjálp. Verðirnir, sem eftir voru, hömuðust eins og villidýr: „Augun upp að veggnum, rauðu viðrinin ykkar! Hreyfið ykkur ekki, rakk-



arnir ykkar!“ Það kom hvina af blótsyrðum og spörkum. Andlit fanganna voru eins og grímur og tóku litlum breytingum.

Nafn mitt var kallað, og SS-maður batt keðju um úlnliðinn á mér og teymdi mig til skrifstofu utanríkisdeildarinnar. Peter Kraus lögreglufulltrúi stjórnaði yfirheyrslunni með aðstoð Herthu Jens og nokkurra annarra aðstoðarmanna. Aðferðin var ávallt sú sama: Spurningar — ógnanir — barsmíð; spurningar og barsmíð; loforð um friðsælt óhófslíf, ef ég svaraði rétt; ógnanir og spurningar, spurningar og barsmíð. Bölbænir, vein og kjökur, sem bárust gegnum veggina úr hinum herbergjunum, sannfærðu mig um, að ég var ekki einn í mulningsvélinni. Stundum endurtók Kraus lögreglufulltrúi sömu spurninguna þrjátíu sinnum eða oftár, og hverju óljósu svari fylgdi nístandi sársaukahviða. Oft var rannsókninni haldið áfram þangað til ég var orðinn svo aumur, að ég skildi ekki það, sem sagt var. En stundum var henni hætt í miðjum klíðum vegna hópa nýhandtekinna manna, sem Kraus þurfti að snúa sér að. Gestapo hafði of mikið að gera. Fulltrúarnir í utanríkisdeildinni virtust ekki hafa sofið dögnum saman. Fyrtnin gerði þá enn fúlmannlegri. Hertha Jens var ein ávallt hin sama. Hún hafði nautn af kvölum þeirra, sem höfðu einu sinni kallað hana „félaga“. Hún hékk uppi á borðum, lét skína í þykku, hvítu lærin og púaði reyknunum út um kirsuberjarauðar varirnar. Ég var nærri brjáláður af hatri til hennar. Viðurvist hennar, svo óskammfeilinnar, veitti mér styrk til að fresta hinni endanlegu, óhjákvæmilegu uppgjöf.

„Halló, *mein Junge*,“ sagði hún einu sinni við mig. „Þekkirðu Karl Lesch?“

Ég þekkti hann. Ég svaraði engu.

„Piltarnir okkar börðu hann til ólífis í gær, því er nú verr og miður,“ drafaði hún.

Kraus lögreglufulltrúi hvæsti á hana: „Þetta kvenfólk!“

Eftir hverja yfirheyrslu drógu tveir SS-menn mig inn í herbergi á fimmtu hæð, sem var almennt kallað „viðgerðaverkstæði“. Þar var ungur nasistalæknir til taks ásamt tveimur hjúkrunarmönnum í einkennisbúningum brúnstakka. Eina lækning þeirra var að smyrja vaselíni um bak og fætur þrautpíndra manna. Brúnstakkarnir gengu þöglir að starfinu. Læknirinn gekk í kringum mig, neri saman höndum og sagði: „Merkilegt, merkilegt.“

Um fjögurleytið síðdegis var okkur safnað saman, og við vorum fluttir aftur til fangabúðanna. Klukkan fimm vorum við aftur komnir í klefann. Þeir, sem höfðu ekki fengið miðdegisverð, fengu nú einn lítra af þykkri súpu — úr kartöflum eða baunum eða káli eða belgbaunum; hinir fengu stykki af þurru rúgbraudi. Jafnvel það, hvernig maturinn var skammtaður, var til þess gert að buga fanga, sem mættu árásum Gestapo með þrálátri, óvirkri mótspyrnu. Súpan, sem ég fékk, var sjóðandi heit. Mér var gefin ein mínúta til þess að borða hana. Þegar mínútan var liðin, var ég settur í handjárn aftur. Í fyrstu skiptin skaðbrenndi ég mig í munninn og kverkararnar. En þegar á leið, komst ég upp á lagið að háma í mig einn lítra af súpu á einni mínútu. Undireins og súpan kom og hlekkirnir höfðu verið teknir af höndum mínum, hellti ég helmingnum af súpunni í salernið í klefa mínum. Síðan fyllti ég

skálina köldu vatni. Afganginn af súpunni, sem var þannig þynnt og kæld, drakk ég í stórum teygum.

Þegar fangarnir komu aftur frá yfirheyrslunni í aðalbækistöð Gestapo, voru fangabúðirnar venjulega í uppnámi. Fangarnir voru á hlaupum hringinn í kringum fangelsisgarðana, en sumir voru látnir hlaupa á fjórum fótum upp og ofan óhreina stigana. Enn aðrir stóðu með andlitið upp að múrnum og æptu ókvæðisorð til sjálfra sín. Einu sinni sá ég Albert Walter. Hann var nakinn. Koparbrúni liturinn á hörundi hans var orðinn saurgrár. Hann var að steypa sér kollhnís eftir ganginum á neðstu hæð í fangelsisbyggingunni undir eftirliti tveggja fangavarda. Í hvert skipti sem höfuð hans nam við steingólfid, létu fangaverðirnir gúmmikylfur sínar ríða á þjóhnöppum gamla sjómansins. Hann sá mig líka. Augu hans voru sokkin og starandi. Hvorugur okkar lét þess verða vart, að við þekktumst.

Merki um að slökkva ljósin var gefið klukkan sjö, og síðan kom nóttin. Þennan vetur, 1933–1934, var hver nótt í Fuhlsbüttel-fangabúðunum nótt hörmunga. Menn dóu á hverri nóttu. Flestir fyrirfóru sér, sumir voru myrtir af ásettu ráði eftir skipun frá Gestapo og aðrir létu lífið af „slysförum“ undir höndum herjandi næturvarða. Flestir þeirra, sem dóu, voru kommúnistar. Takmark Gestapo var að fá fangana dæmda fyrir landráð. „Játaðu, svo að við getum dæmt þig — eða láttu lífið!“ var dagskipunin. Níu tíundu hlutar allra stjórnmalafanga „játuðu“. Setudómstólarnir dæmdu þá til fangelsisvistar eða lífláts. Fram til ársloka 1936 leið ekki svo dagur í Hamborg, að karlar eða konur væru ekki dæmd fyrir landráð. Oft voru eitt hundrað mál eða fleiri tekin til meðferðar í einu. Einu sinni — í Lemke-málaferlunum í Hamborg — voru 1.200 kommúnistar dæmdir samtímis fyrir setudómi. Næturnar í Fuhlsbüttel bjuggu í haginn fyrir réttarhöld af slíku tagi. Ógnunum var beitt í því skyni að þjarma að hverjum einstaklingi þar til hann „játaði“ og yrði feginn að fara í fangelsið — til þess eins að sleppa undan kylfum og stígvelum hauskúpuliðanna. Aðfangadagskvöld jóla 1933 létu tuttugu og fjórir kommúnistar lífið í Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Verðirnir þustu inn í klefana og fengu hinum dauðadæmdu kaðla. „Ef þú hefur ekki hengt þig eftir fimm mínútur — þá hengjum við þig.“ tilkynntu þeir.

Það kvað við háreysti mikil í hvert skipti, sem lík var dregið eftir göngunum. SS-maður, sem var einn síns liðs, gat átt mannlegar tilfinningar að meira eða minna leyti. En þegar þeir komu saman, lögðu þeir allt kapp á að sýna hver öðrum meiri grimmd, því að æðsti metnaður þessara pilta var að hljóta stöðu í Gestapo. Aðfangadagskvöld sendi ölgerð ein hauskúpuliðunum ókeypiss bjór. Alger glundroði ríkti í Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Í hvert skipti sem lík var dregið út í lík-húsið, sungu svartliðarnir:

*Ja, sowas das ist herrlich,*

*Ja, sowas das ist schön,*

*Ja, sowas hat man lange nicht In Ko-La-Fu gesehn.*

„Ko-La-Fu“ var skammstöfun á Konzentrations-Lager Fuhlsbüttel.

Óteljandi snum vöktu stundur sjálfs mín mig af órólegum blundi. Draumar ásóttu mig. Ósjálfrátt bylti ég mér á hliðina með blótsyrði á vörum, en hlekkirnir vörnuðu mér hreyfinga. Óljós hljóð bárust gegnum múrana. Aðrir menn lágu í hlekkjum í klefunum til hægri og vinstri, yfir mér og undir. Við og við endurómaði nóttin af vitskertu öskri. Úti í fangelsigarðinum ljómuðu kastljósin og þreifðu sig fram eftir löngum gluggaröðum fangelsisins.

Ég hugsaði um Cilly, um Otto, um marga aðra, sem ég hafði þekkt. Hvað var orðið um þau? Ég hugsaði um Firelei. „Hvar ertu?“ spurði ég. „Hvað eru þeir að gera þér?“ Og þá heyrði ég stundum hvísl, rödd Firelei ómaði hjá mér og mælti orð, sem voru góð og blíð og ekkert annað, þangað til önnur hljóð gleyptu þau: Næturvörður var að öskra skipanir til hóps af nýkomnum föngum eða rödd Arthurs Ewers dundi út úr myrkrinu: „Ég segi það satt, við erum að gera hræðilegt glappa-skot!“ eða hin kröftuga rödd féлага Cances í Le Havre glumdi við: „Drekktu vín og lifðu glatt.“ Og ávallt heyrðust drunur flugvélananna.

Um eittleytið á næturnar kom *Kommando zur besonderen Verwendung*, sérsveit, til Fuhlsbüttel-fangabúðanna. Það voru ungir SS-liðar, úrvalslærlingar Gestapo. Þeir komu alltaf í hóstandi flutningabíl. Þegar bíllinn kom inn í fangelsigarðinn, blés bílstjórinn í hornið til þess að tilkynna, að næturógnirnar ættu að hefjast. Þær hófust með stígvélaglamri á steinsteypugólfum ganganna og hurðaskellum. Nafnaskrá var lesin hárrí röddu. SS-menn komu inn í klefana. Háróma hvísl: „Halló, halló, þú verður skotinn um sólarupprás!“ Dyrinum var lokað aftur. Nokkru síðar voru þær opnaðar á ný. Hauskúpuliði stóð í dyrunum. „Hæ!“ orgaði hann. Síðan tæmdi hann skambyssu sína í vegg og loft klefans. Um nokkurt skeið var þögn, þangað til hurðaskellirnir hófust aftur. Hlekkjaðir menn voru barðir í myrkrinu. Ég heyrði hurðaskellina, stígvélaglamrið, villt öskur þeirra, sem barðir voru. Þeir komu nær, nær. Síðan var lykli snúið í dyrunum á klefa mínum. Þrír SS-menn þustu inn. Þeir sviptu upplituðu teppinu ofan af mér og létu högg gúmmíkylfanna ríða á mér af handahófi. Þeir fangar, sem orguðu ekki, voru lamdir, þangað til þeir orguðu, til þess að skjóta félögunum í næstu klefum skelk í bringu. Ég beið þeirra, á meðan ég nötraði eins og ég hefði fengið ákaft hitasóttarkast, og þegar þeir höfðu lokið ætlunarverki sinu, lá ég kyrr, of sinnulaus til að hlusta á vein hinna. Í þriðja klefa frá mér lá gyðingur, sem hafði verið ritstjóri jafnaðarmannablaðsins í Lýbíku. Hann hét Solmitz, að mig minnir. Honum lá hátt rómur, rödd hans var líkust kvenmannsrödd. Eina nóttina, þegar úrvalssveitin réðst inn í klefa hans, hrópaði hann: „Ég mótmæli! Ég mótmæli!“

Einn liðsmaðurinn hrópaði sigri hrósandi: „Heyrið þið í gyðingnum! Gyðingurinn er að kvarta!“

Hauskúpuliðarnir fylktu sér inn í klefa þessa manns. Sollmitz var barinn til ólífis. Barsmiðin stóð fram undir dagmál, en þá lamdi fangavörður einn á klefadyr hinna fanganna og æpti: „Aukablað! Aukablað! Hver vill sjá steindaðan gyðing?“

Dagarnir voru eins og ár. Framtíðin starði á menn, grá og miskunnarlaus. Menn lágu vakandi. Menn störfu og störfu og leituðu ráða. Menn störfu og leituðu, og kvalir og ótti og hatur voru fylgdarmennirnir.

Einhvern tíma um miðjan febrúar var ég fluttur í sjúkradeildina. Ég bað þess, að ég fengi að deyja, en dauðinn kom ekki. Rúmið var hreint og maturinn ríkulegur — hveitibrauð, mjólk, egg. SS-menn sátu þöglir milli rúmana til þess að sjá um, að fangarnir töluðu ekki saman. Hæruskotni lækniurinn, sem var afskræmdur í andliti af örum eftir einvígi, vildi ekki leyfa Gestapo að koma inn í sjúkrastofurnar. Á sama gangi og ég lá Etgar André, og hafði hann legið þar í margar vikur. SS-mennirnir veðjuðu um það frá degi til dags, hvort félagi André mundi lifa eða deyja. Þeir létu í ljós óskipta aðdáun á þreki hans. Fangarnir í sjúkradeildinni voru menn, sem Gestapo taldi vera of verðmæta til að fá að deyja, án þess að þeir hefðu verið leiddir fyrir opinberan rétt í áróðursskyni. Á níunda degi var ég útskrifaður af sjúkradeildinni. Ég var enn með seiðandi verk hægra megin í höfðinu. Eyrað hafði kramist; ég var hálfheyrnarlaus. Nýrun höfðu skaddast; þvagið var blóði blandað. Ég hafði hlotið innvortis meiðsli, sem voru ólæknandi. Áður en ég fór af sjúkradeildinni, tók lækniurinn í hönd mér.

„Jæja, drengur minn, tímarnir eru breyttir,“ sagði hann.

Gestapo-fulltrúi fylgdi mér á járnbrautarstöðina. Við ókum í opnum bíl. Að sjá og heyra götuumferðina, búðargluggana, fólkið á götunum — það virtist allt eiga heima á fjarlægum hnetti. Það rann yfir sjónarsvið mitt í fjarska eins og brúður í leiðinlegri leiksýningu. Ekkert, nema framréttur handleggur ungrar stúlku, sem var að þurrka gluggarúðu, festist óafmáanlega í huga mínum; lítil, þrýstin hönd og hálfber handleggur, sem strauk hratt um slétta yfirborðið. Löngu eftir að það var horfið, sá ég það hreyfast fyrir augum mér.

„Hvert erum við að fara?“ spurði ég Gestapo-manninn.

„Til Berlínar.“

Við vorum einir í klefa á þriðja farrými. Vörðurinn var tuttugu og átta ára piltur með langt höfuð, mjótt andlit og fjaðurmagnaðan líkama. „Við berum virðingu fyrir mönnum, sem flaðra ekki,“ sagði hann við mig, þegar lestin var lögð af stað. „En það er skylda okkar að vinna bug á þeim í eitt skipti fyrir öll, svo að þeir vinni ekki hinu Nýja Þýskalandi tjón.“ Meðan á ferðinni stóð, sagði hann mér ævisögu sína, og ég reykti vindlinga, sem hann gaf mér. Hann var sonur menntaskólakennara og hafði gengið í nasistaflokkinn, meðan hann var að lesa efnafræði við háskólann í Hamborg. Hann varð að hætta námi vegna fjárskorts og fór að fást við skurðgröft hjá atvinnubótastofnun ríkisins — *Wohlfart*. Kommúnistar og jafnaðarmenn, sem unnu með honum, misþyrmdu honum oft í vinnunni vegna þess, að hann gekk með hakakrossmerki, meðan hann veifaði hakanum. Einu sinni, þegar hann hafði orðið fyrir sérstaklega harðri barsmið, gekk hann úr skurðgrafavinnunni, og *Wohlfart* strikaði hann út af vinnulistanum. Hann gekk þá í lið með stormsveitunum, bjó í hermannaskálum og harðnaði í sífelldum götubardögum. Tvisvar særðist hann

í skærum að nóttu til. Í desember 1932 var hann valinn til þjónustu í SS-liðinu og fyrir snerpu sína og vitsmuni tókst honum að vinna sér tign *Staffelführer* (liðsforingja) rétt áður en Hitler varð kanslari. Eftir þinghússbrunann var honum falin stjórn sérsveitar, *Kommando zur besonderen Verwendung*, og þremur mánuðum síðar var mælt með honum til þjónustu í Gestapo. Hann var gæddur mjög sterkri sómatilfinningu, takmarkalausri trú á köllun Adolfs Hitlers og þeirri óbifanlegu sannfæringu, að svikarar hefðu fyrirgert frelsi sínu og lífi um allar aldir. „Svikari“ var auðvitað hver sá, sem barðist gegn stjórn Þjóðernissósíalista.

Ég sá engan vott af Berlín, því að ég var látinn ferðast í gegnum höfuðstaðinn í lokuðum lögreglubíl. Tvær nætur dvaldist ég í hinni djúpu dýflissu undir aðal-lögreglustöðinni á Alexanderplatz. Svartholið var troðfullt af fólki af öllu tagi, og fangaflutningar voru samfelldir. Ég var lokaður inni á litlum bás, sem var með stálgrindum að framan, og mér var ekki veitt tækifæri til að tala við neina af hinum föngunum né gefa þeim merki. Einhvern tíma um nóttina var farið með fylkingu vændiskvenna, ungra og gamalla, fram hjá klefa mínum og niður ganginn. Með nokkurra skrefa millibili skræktu þær einum rómi: „*Heil Hitler! Hoch das Bein, der Göring braucht Soldaten!*“ Glennum út lærin, hann Göring vantar hermenni!“ Fangaverðirnir, sem ráku lestina, spörkuðu óspart. „Haldið þið kjafti!“ öskruðu þeir. „Haldið þið kjafti! Haldið þið kjafti!“ Og vændiskonurnar skræktu aftur: „*Heil Hitler!*“

Í tvo daga var ég í yfirheyrslu hjá Gestapo í Berlín. Þeir voru ekki eins ómannúðlegir og starfsbræður þeirra í utanríkisdeildinni í Hamborg, en þeir virtust vera æfðari og reyndari í lögreglustörfum. Hér var ég látinn þola pyndingar í sérstakri mynd: Ég var látinn krjúpa tímunum saman á lögregluriffli og í annað skipti á flötum kassa fullum af nöglum. En andrúmsloftið var hið sama og í Hamborg — kámugir gangar, skrifstofur, útbúnar af spartverskri nægjustemi, ógnanir, spörk, fangaverðir, sem ráku hlekkjaða menn fram og aftur um bygginguna, raðir stúlkna og kvenna, sem stóðu með nefið og tærnar upp að veggnum, yfirfullar öskuskálar, myndir af Hitler og fylgifiskum hans, ilmur af kaffi, prúðbúnar stúlkur, sem létu sér, að því er virtist, standa á sama um öll óhrainindin og kvalirnar í kringum þær, hrúgur upptækra rita, prentvéla, bóka og mynda, og Gestapo-fulltrúar sofandi á borðum. Yfirheyrslunar yfir mér voru til einskis. Ég var þegar orðinn svo reyndur, að ég gat orðað svar við spurningu, áður en hún var lögð fyrir mig. Svör mín voru annaðhvort óákveðin eða villandi. Að svara alls ekki er hættuleg stefna gagnvart Gestapo.

„Þú skalt fá þrjá daga til þess að hugsa þig um,“ var mér sagt.

Lögreglubíll þaut með mig fram hjá Stettiner-járnbrautarstöðinni, yfir Havel-fljótið og út á veginn, sem liggur til Stralsund. Það voru um það bil þrjátíu fangar í bílnum, ólundarlegur og hnípinn hópur. SS-menn stóðu milli fangaraðanna til þess að koma í veg fyrir, að við ræddumst við. Eftir hér um bil tvær stundir komum við til Oranienburg-fangabúðanna. Enn á ný var ég settur í eins manns klefa. Lítil, rök kompa á kjallara á gömlu ölgerðarhúsi varð heimili mitt fyrst um sinn. Úti

var slagveðursrigning. Ég fékk ekkert fleti og engin teppi, aðeins tvo strigapoka fulla af daunillum tuskuræflum. Einn af fangavörðunum skemmti sér við að reka höfuðið inn í búr mitt á tveggja stunda fresti og segja með alvörusvip: „Teppin eru að koma.“ Á öðrum degi varð kuldinn óþolandi. Ég hamaðist og barði á hurðina með báðum hnefum. Hauskúpuliði kom í ljós.

„*Du Schwein*, svínið þitt, hvaða hávaði er þetta?“

„Ég er að deyja úr kulda hérna,“ sagði ég.

„Er þér kalt? Jæja, komdu þá út. Ég skal hita þér.“

Hann rak mig á harðahlaupum út í fangelsisgarðinn. „Fljótar! Fljótar! Þú hleypur eins og kerling, sem er búin að ganga með í sjö mánuði. Fljótar, sagði ég!“ Í garðinum voru nokkrir fangar að gera einhverjar afkáralegar hermannaæfingar. SS-maður rak mig á undan sér að brúnni á forarpytti. Pytturinn var þrjár metrar á dýpt og hér um bil átta metrar að ummáli. Yfir hann lá mjór planki, sem svignaði í miðju. Plankinn var slitinn undan mörgum fótum.

„Farðu út á plankann!“ sagði vörðurinn og veifaði kylfunni.

Ég reikaði út á plankann. Þegar ég hafði skjögrað tíu skref, stökk fangavörðurinn jafnfætis upp á annan enda plankans. Ég missti jafnvægið og steypist ofan í leðjuna.

„Komdu upp úr pyttinum!“

Ég skreið aftur upp á jafnsléttu.

„Er þér nú orðið heitt?“

„Já, *Herr Wachtmeister*.“

„Vel heitt?“

„Já, herra.“

„Ágætt! Farðu inn í stásstofuna þína aftur! Hlauptu, *du Saubund!*“ Hann lét kylfuna ríða á mér. „Einn, tveir, þrjár, fjórir! Einn, tveir, þrjár, fjórir! Fljótar!“

Að mogni hins fjórða dags var farið með mig til Berlínar aftur. Ég var yfirheyrður í tvær stundir. Gestapo-fulltrúi einn sýndi mér uppdrátt af vestustu landamæraheruðum Þýskalands og skipaði mér að teikna inn á það landamærastöðvar Komintern. Síðan sýndi hann mér hrúgu af ljósmyndum, og átti ég að segja til um, af hverjum myndirnar væru. Eftir það rak hver spurningin aðra um nöfn og heimilisföng kommúnista í löndum, sem lágu að Þýskalandi. Enn sem fyrr varð enginn árangur af þessu.

„Nú veit ég, hvar við stöndum,“ sagði Gestapo-maðurinn kuldalega. „*Wir werden andere Salten aufziehen*. Við leikum þá á aðra strengi.“

Ég bjóst við að ég yrði bundinn á borð. Í stað þess var ég hlekkjaður við tylft af öðrum föngum, og var farið með mig út í innri húsagarðinn. Mér var hrint upp í lögreglubíl og inn í stálklefa. Að stundu liðinni var bíllinn kominn á fleygiferð um vegi, sem ég gat ekki séð. Í kringum mig var algert myrkur. Hver klukkustundin leið á fætur annarri. Líkami minn varð stírdur og dofinn.

„Hvert?“ spurði ég sjálfan mig.

Við vorum alla nóttina á ferð. Loksins nam bíllinn staðar. „Allir út!“

Ég stóð í daufri birtu morgunsins. Snjór féll af himni. Hauskúpuliðar með stálhjálmna hrópuðu fyrirskipanir höstum rómi. Örskammt frá mér stóð Toussaint, langur og renglulegur. Hylkið við belti hans var opið, og hnefi hans hvíldi á skefti Mauser-skammbýssunnar.

„Velkomnir!“ hrein hann.

Yfir höfði mínu orguðu krákurnar dapurlega: „Krah — krah — krah!“ Ég var kominn aftur til Fuhlsbüttel, morðingjafangabúðanna.

Allan daginn horfði ég á vindinn feykja snjóflygsunum gegnum naktar greinar trjáanna, sem stóðu yst í fangelsisgarðinum. Þegar kvöldi tók, lygnði, og nóttin var dimm og hljóðlát, og ekkert rauf kyrrðina nema drunur flugvéla í fjarska. Mér leið ekki vel. Ég hafði hugsað mikið um hinn vonlausa, auðmýkjandi ósigur þýska kommúnistaflokksins, og ég gat ekki fundið fullnægjandi lausn. Heilinn er eirðarlaus, óseðjandi í kvalafullri leit. Vorum við orðnir svo vanir að berjast fyrir hugsjónum, sem ekki gátu orðið að veruleika, að baráttan var orðin takmark í sjálfu sér? Þegar best lét, voru hugsjónirnar varla áþreifanlegri en vofur. Auk þess sveið mig enn í bakið, því að meiðslin voru ekki nema hálfgrædd, og bein mín voru blýþung af sársauka.

Þeir ætluðu sér að vinna bug á mér, og ég lét ekki bugast.

Ég var hluti af flokksnum. Þeir gátu drepit mig, en þeir gátu aldrei drepit flokkinn. „Þó að þið beitið öllum brögðum, ófétin ykkar, þá skal ég aldrei láta neitt uppskált.“

Ljósín voru slökkt, og ég lá á vírnetinu, sem var hvíla mín, hlekkjaður á höndum og fótum. Ég ætlaði að fara að blása á úlnliðinn á mér til þess að kæla hann, því að hann var sár af núningi handjárnanna, þegar ég heyrði þungt fótatak nálgast eftir ganginum. Voru þeir að sækja mig? Ef þeir væru að sækja einhvern annan, mundi ég brátt heyra hurðaskelli, stunur og vein og hinar niðurbældu formælingar fangavardanna.

Nei. Það var ég. Fyrir utan kveikti hönd, sem ég gat ekki séð, ljósið hjá mér. Lykill glamraði í lásnum. Dyrinum var þeytt upp. Ég reis upp. Það hrikti í járnnetinu undir særðri nekt minni.

Tveir fangaverðir komu inn í klefann. Andlit þeirra voru fól undir stálhjálmunum. Ungleg, þunnleit andlit með gráleit augu og litlausar varir. Hvor þeirra um sig var með riffil, byssusting, skammbýssu, belti með skothylkjum og gúmmíkylfu. Það voru ekki fangaverðir af ganginum. Það voru varðmenn úr fangelsisgarðinum. Annar þeirra rétti út höndina og tók handjárnin af mér. Þegjandi velti ég fyrir mér hvaða djöfulsins athæfi þeir hefðu í huga.

Ég stóð undir glugganum, enn allsnakinn, og riðaði fram og aftur.

„Er þér mál að míga?“

„Já, *Herr Wachtmeister*,“ hreytti ég út úr mér.

„Hérna.“ Hann fékk mér ryðgað mál. „Mígðu í þetta.“

Ég kastaði af mér vatni í málið.

„Drekktu það nú!“

Ég hélt um málið báðum höndum og hikaði.

„*Verfluchtes Schwein*,“ öskraði vörðurinn. „Drekktu það! Fljótt, eða ég mig upp í þig.“

Ég drakk. Þvag er dauft og saltkennt á bragðið. Maður getur gert margt verra en drekka þvagíð úr sjálfum sér. Málið féll glamrandi til jarðar, og ég ældi.

Verðirnir hlógu.

„En sú tepra,“ sagði annar.

„Klæddu þig,“ skipaði hinn.

Ég fór í bættu, bláu buxurnar og ólögulega jakkann með tígrisdýrarákunum í mesta flýti.

Vörðurinn nöldraði: „Þú ert eins og mélpoki í hreyfingum. Flýttu þér!“

Ég fór í daunillu gaddastígvélin og setti upp litlu, kringlóttu, svörtu húfuna. Í marga mánuði hafði ég hvorki séð nærföt né sokka.

„Þessi skarfur er líkur Gandhi,“ sagði annar.

„Hann er eins og api eftir brúðkaupsnótt,“ sagði hinn.

„Hverjum ertu líkur?“

„Ég er líkur Gandhi,“ sagði ég.

„Andskotinn, nei, ekki Gandhi.“

„Ég er eins og api.“

Vörðurinn sparkaði óþyrmilega í mig. „Hvers konar api, ha?“

„Api eftir brúðkaupsnótt,“ sagði ég.

„Eins og kvenapi eftir hópnauðgun,“ sagði vörðurinn.

Ég starði beint fram og velti því fyrir mér, hvað þetta ætti að þýða. Ef maðurinn hefði verið einn, þá hefði verið hægt að tala við hann, — tala af viti. En þegar þeir komu tveir eða fleiri saman, skammaðist hver sín fyrir öðrum. Hver um sig vildi vera hnyttilegastur og grimmastur þeirra allra. Annar vörðurinn rak hnefana í magann á mér.

„Segðu: ég er gerspiltur kvenapi,“ skipaði hann.

„Ég er gerspiltur kvenapi,“ sagði ég.

„Hærra!“

„Ég er gerspiltur kvenapi!“

Tíu sinnum hrópaði ég þetta. Verðirnir stórðu hugfangnir á mig.

„Farðu út!“

Ég gekk fram fyrir. Gangurinn var auður. Hér og þar voru verðir á gægjum við götin á klefahurðunum. Ég gekk niður stigann, gegnum skuggalega forstofu og út í fangelsisgarðinn. Ég gekk yfir fangelsisgarðinn, og það marraði í snjónum undir fótum mér. Kalda næturloftið söng í lungum mínum og steig til höfuðs mér eins og vín. Að baki mér taldi vörðurinn skrefin: „*Links! Links! Zwei, drei, vier ...*“ Til vinstri, tveir, þrír, fjórir.

Við tólfta hvert skref lét hann kylfuna ríða aftan á hálsinn á mér.



Vörðurinn við hliðið lyfti hendi til Hitlerskveðju og slepti okkur framhjá. Við gengum yfir annað afgirt svæði í myrkrinu. Stundum léku geislar kastljósanna um múrana eins og dýr, sem hafa villst. Fram með ytri múrunum sá ég varðmenn standa grafkyrra í þykkum frökkum með svarta stálnálina. Þeir grófu hendur sínar í vasana og héldu rifflinum í handarkrikanum, og þegar þeir stóðu undir ljóskerunum, sá ég, að þeir höfðu handsprengjur í beltinu. Ytri fangelsishliðin, grá og hrikaleg, voru framundan.

Ég var farinn að venja mig á að beina huganum á aðrar brautir. Rétt í þessu var ég að tauta með sjálfum mér: „Grænar bjarkir eru svo líkar ungum stúlkum. ... Vatnið í Rio de la Plata er gult af fljótandi leðju ...

„Stanz!“ skipaði einn vörðurinn.

Verðirnir við ytri hliðin og þeir, sem höfðu komið með mig úr klefanum, tóku að hvíslast á. Úr eldhúsi fangavardanna barst ilmur af baunum og steiktum lauk. Kráka baksaði þunglamalega í loftinu. Einn varðmaðurinn gæðist framan í mig.

„Nú, það ert þú,“ sagði hann lágt. „Það er ágætt. Hefur nokkurn tíma verið brotinn í þér hryggurinn? Ekki? ... Vertu blessaður, minn kæri.“

Þung hurð féll glamrandi upp á gátt. Ég leit út á dimman veg með tré til beggja handa. Vegurinn lá meðfram görðum, auðum svæðum og nokkrum kofum, er daufa ljósglætu lagði úr.

Nóttin var tröllsleg. Hinn mikli geimur breiddi faðminn á móti mér, gleypiti mig og fyrst í stað fannst mér ég ætla að kafna. Í þessum húsum í fjarska bjuggu frjálsir menn, sem kunnu ekki að meta frelsið. Þeim var frjálst að ganga hverja götu, sem þeim þóknaðist. Þeim var frjálst að fara inn í veitingahús og fá sér kaffi; frjálst að skríða upp í rúm og taka konur sínar í faðm sér; frjálst að syngja, að opna dyr, að kveikja og slökkva ljósin sín! Mig svimaði, og ég heyrði hjarta mitt slá og skynfæri mín hrópa. Og síðan spurði ég aftur með sjálfum mér: Hvað ætla þeir sér? Til hvers er þetta ferðalag um miðja nótt?

„Farðu út.“

Ég gekk út um hliðið.

„Gakktu eftir miðjum veginum. — Gakk!“

Ég gekk eftir miðjum veginum með sætan þef af húsdýraáburði fyrir vitum mér. Einhvers staðar í nágrenninu hlaut að vera hesthús eða fjós. Eimreið blés í fjarlægð. Það var ferlegt að hugsa sér eimreið þjóta gegnum myrkrið. Á leið til Kölnar, Amsterdam, Parísar, Torino. Á vinstri hönd teygðu þöglir ávaxtagarðar úr sér í niðamyrkri. Maðurinn fyrir aftan mig hætti að slá mig við hvert tólfta skref. Það snjóaði. Á hægri hönd gnæfði fangelsið við himin eins og risavaxin flatarmálsteikning.

„Hvert eruð þið að fara með mig?“ spurði ég.

„Við ætlum að skjóta þig,“ var svarið, stutt og laggott.

„Þeir ætla að skjóta mig,“ hugsaði ég. „Og hvað um það!“ Maður, sem hefur fundið svipuólar fylltar blýi bíta skrokk sinn, hugsar til þess að verða skotinn eins

og það væri stórhátíð. Eitt einasta svipuhögg hefur í för með sér meiri kvalir en kúla í höfuðið, finnst honum. Þannig getur slíkur dauðdagi orðið eins og miskunnarrík blíðuatlot.

Hinum megin við tröllslegar línur fangelsisins sá ég geisla kastljósanna á flugvellinum teygja fingur út í nóttina. Ég hlustaði á gny flugvélar, sem var að lenda. Þessi nótt var lík hverri annarri nótt. Smám saman varð mér ljóst, að mig langaði ekki til að deyja. Dauðinn mundi binda enda á dansandi svipur, nætur nötrandi ótta, kvalir og smán og vonina, sem átti engan tilverurétt. Maður getur verið reiðubúinn að deyja, en þegar dauðann ber að höndum, finnur hann, að það eitt að fá að anda að sér hreina, góða loftinu er kappnógar batur fyrir allt, sem helvískar svipurnar geta gert. Þrjú skref að baki mér marraði snjórin undir stígvélum varðanna. Byssuhlaup þeirra vissu beint að mjóhryggnum á mér.

„Nú, það ert þú! ... Hefur nokkurn tíma verið brotinn í þér hryggurinn?“

Einhvers staðar var Firelei enn á lífi. Ef hún vissi þetta, hugsaði ég, þá mundi hún gráta. Ef til vill var hún að gráta. Eða ef til vill svaf hún nú hjá einhverjum félag, sem átti að fara til Þýskalands og mæta örlögum sínum. „Vertu sæl, Firelei,“ hugsaði ég. „Beitið þið öllum ykkar brögðum, garmarnir ykkar! Það er sárt að þurfa að viðurkenna, að Hitler hafi sigrað. Það er örðugt að þurfa að ímynda sér, að hægt yrði að vinna bug á Hitler, án þess að þú, þú sjálfur sért á lífi til þess að hjálpa til. Hataðu! Hataðu af öllu hjarta!“

Átti ég að hlaupa, þó að líkurnar til undankomu væru ekki nema einn á móti þúsund? Ef ég hlypi, þá yrði ég skotinn. Ég mundi líklegast deyja þegar í stað. Það mundi vera eins og snöggt sleggjuhögg í hrygginn, skyndileg, skerandi sársaukahviða, fánýt tilraun til að anda og krafsa í tómmt loftið, og síðan ekki meira. Slíkur dauðdagi mundi ekki vera slæmur. Hann mundi vera auðveldur.

Mig langaði ekki til að deyja, mig langaði til að lifa.

Ef ég hlypi, og þeir skytu mig ekki, en næðu mér lifandi. Sál mín reis gegn þeirri hugsun!

Nei, hlauptu ekki.

Verðirnir að baki mér höfðu allt í einu numið staðar. Fótatak þeirra þagnaði, eins og mennirnir hefðu frosið eða sokkið í jörð. Ósjálfrátt nam ég líka staðar, eftir tvö skref í viðbót. Við stóðum allir þegjandi í myrkrinu.

Ég þorði ekki að líta við. Gúmmíkylfu mundi hvína á andliti mér, ef ég horfði um öxl. Ég stóð í snjónum. Ég hreyfði mig ekki.

„Gakk, *gottverdamnter Hund!*“

Ég gekk tvö skref, en síðan nam ég staðar vegna þess, að ég heyrði ekki stígvél varðanna ganga þrjú skref á eftir mér. Snjóflygsur þyrluðust um andlit mér. Mjög hægt sneri ég höfðinu til hægri, einn þumlung í einu og leit um öxl. Ég sá verðina ógreinilega. Örsmáir ljósglampar léku um hjálma þeirra og byssuhlaupin. Mig furðaði á því, hve greinilega þá bar við snjóinn. Ef ég gengi eitt skref enn í áttina frá þeim, mundu þeir skjóta mig í bakið. „Skotinn á flótt.“

Verðirnir stóðu í fimm metra fjarlægð. Ég hreyfði mig ekki úr sporunum.

Annar þeirra hvæsti lágum, hásum rómi: „Gakk!“

Ég gekk ekki. Ég stóð sem gróinn við jörðina og var tilfinningalaus. Það er eitt-hvað í sál hvers manns, sem er miklu sterkara en viljinn til að deyja. Þegar dauðinn vofir yfir, er þetta „eitthvað“ við hlið manns, innan í manni, yfir manni og undir og varnar manni þess að taka skrefið, sem mundi færa dauðanum skjótan sigur.

Annar vörðurinn kom upp að mér og horfði framan í mig. „Ertu vitlaus?“ spurði hann.

„Nei, herra,“ sagði ég.

„Hvers vegna gengurðu þá ekki?“

„Þið munduð skjóta mig eins og hund.“

„Já, það geturðu bөлvað þér upp á,“ sagði vörðurinn.

Einhver vera kom vaggandi eftir auðum veginum. Verkamaður að reykja pípu sína. Yfirfrakkinn hans flaksaði eins og leðurblökuvængir. Hann vaggaði í áttina til okkar og sveiflaði handleggjunum.

„Gakk!“ sagði vörðurinn.

Ég gekk ekki. Ég stóð grafkyrr í snjónum, og lungun í mér hömuðust eins og spúandi eldfjöll. Ég hefði nú getað snúið við og sagt: „Heyrið þið, vinir mínir. Ég er þreyttur á þessu. Farið þið með mig til Gestapo og ég skal leysa frá skjóðunni, segja þeim öll heimilisföngin og síðan skal ég skrifa undir játningu, hvaða játningu, sem þið fáið mér í hendur.“ Ef ég gerði þetta, þá mundi öllu vera borgið. Ég mundi fá vindling og steik og góða dýnu að sofa á. Verkamaðurinn hafði numið staðar við trjábol og var að virða mig fyrir sér.

Vörðurinn sagði ólúndarlega: „Gakk, rauða óargadýrið þitt!“

Ég gekk ekki. Það gat verið, að þeir hefðu skipanir um að skjóta þannig, að það riði mér ekki að fullu. Mölbrjóta hnéð eða skjóta kynfærin af mér. Slíkt hafði komið fyrir áður. Maður með mölbrotið hægra hné mundi heldur játa sakir en að láta mola vinstra hnéð líka. Öxin, sem sníður hálsinn í sundur í viðurvist dómara með pípuhatt og Gestapo-vitna, kímandi af ánægju, hefur ekki í för með sér eins mikinn sársauka og mölbrotið hné. Verkamaðurinn sló öskuna úr pípu sinni við viðarbolinn og hélt áfram óstyrkum skrefum.

„Heil Hitler!“ sagði hann, þegar hann gekk fram hjá vörðunum.

„Horgemlingurinn vill ekki ganga,“ sagði annar.

„Við skulum koma bөлvuðum horgemlingnum í gang,“ sagði hinn.

Annar þeirrar sparkaði í mig. Ég steypmist á höfuðið í snjóinn. Stúgvél þeirra riðu á síðum mínum, og byssuskefti var slegið í bakið á mér.

„Stattu upp! Hver andskotinn sagði þér að leggjast?“

Ég stóð upp. Hördu, köldu skambyssuhlaupi var þrýst að hnakknum á mér.

„Hana nú, gakk!“

Ég gekk. Ég taldi skrefin, því að mig langaði ekki til að hugsa um skambyssuna, sem var við hnakkann á mér. Þrjátú ... Þrjátú og sjö ... fjórutíu og eitt.

„Mér er kalt á höndum,“ tautaði vörðurinn. Ég fann, að hann tók skammbyssu-hlaupið frá hörundi mínu. „Haltu áfram,“ bætti hann við.

Ég gekk. Verðirnir gengu þremur skrefum fyrir aftan mig. „Syngdu,“ skipaði annar þeirra. „Syngdu Horst Wessel sönginn!“

Ég söng. Ég söng fullum rómi.

*Der Tag für Freiheit und für Brot bricht an! ...  
Schon flattern Hitlerfahnen über allen Straßen.*

Á morgun brauð og frelsi fyrir þraut. ...  
Og Hitlersfáninn yfir öllum brautum blaktir.

Lagið er ósvikinn byltingarsöngur. Ég hafði heyrt kröfugöngur verkamanna syngja það, heyrt það glymja úr hundrað þúsund börkum. Þramm vígreifra öreigafylkinga um götur óvinanna var æðsta tónlist, sem ég vissi. Barki minn orgaði nasistatextann, en í hjarta mínu ólguðu önnur orð með dynjandi hljóðfalli. —

*Schon wehen Sowjetfahnen über Barrikaden,  
Die Knechtschaft dauert nur noch kurze Zeit ...*

Brátt blakta rauðir fánir yfir götuvirkjum; ánauðin er liðin innan skamms.

Enn á ný námu verðirnir staðar. Ég stöðvaðist þegar í stað, gekk í sömu sporin og söng. Fangelsismúrarnir vörpuðu frá sér dimmu bergmáli.

„Gakk!“ æpti annar vörðurinn.

„Ég geng ekki nema þið fylgið mér eftir,“ sagði ég.

„Nú, þú vilt ekki ganga?“

„Nei,“ svaraði ég.

„Gott og vel, stattu þá þangað til þú blánar upp.“

Verðirnir ráðgudust sín í milli, á meðan ég stóð kyrr.

„Ef þú gengur ekki, þá lúberjum við þig,“ sagði annar.

„Gakk!“ skipaði hinn.

Ég gekk ekki.

„Við lemjum þig, þangað til þú heyrir englana syngja hallelúja.“

Ég sagði ekkert. Ég stóð kyrr í sömu sporum.

„Gakk!“ sagði vörðurinn.

Ég gekk ekki.

„Þú ert þrálátur skítköggull, það er engin lygi,“ tautaði annar. „Farðu úr buxunum.“

Ég losaði mittisgjörðina og lét buxurnar síga niður á hné. Verðirnir lögðu ríffla sína í snjóinn. Annar greip gúmmikylfu sína. Hinn hélt skammbyssu sinni spenntri. Þeir teymdu mig út fyrir vegarbrúnina og hrintu mér upp að trjából.

„Hallaðu þér fram! Gríptu um tréð með handleggjunum og hallaðu þér fram!“

Úr fangelsisgarðinum gat að heyra riffilskot og hljóð af glerbrotum. Þetta kom oft fyrir. Kastljósinu hafði verið beint að fanga, sem var að horfa út um glugga, og varðmaðurinn hafði skotið upp í gluggann. Þeir hæfðu því sem næst aldrei manninn á þennan hátt, en glugginn var mölbrottinn og klefinn varð að lungnabólugildru. Ég hallaði mér fram og ríghélt um tréð. Annar vörðurinn nöldræði: „Hallaðu þér betur fram.“

Þeir börðu mig, þangað til ég hneig niður í snjóinn. Þeir lögðu mig á jörðina og lömdu mig meira. Síðan tóku þeir af sér axlarólarnar og börðu mig í andlitnið með þeim. Þeir hættu barsmíðinni, þegar þeir sáu ljósin á bíl nálgast.

„Stattu upp! Farðu þarna bak við tréð og girtu þig.“

Þegar bíllinn var farinn fram hjá, gengum við aftur sömu leið. Stundum riðaði ég, og verðirnir leyfðu mér að hvíla mig. Varðmaðurinn við hliðið greip fyrir kverkar mér og hristi mig. „Ó, minn kæri,“ tautaði hann, „þú veist ekki hvað þú ert heppinn.“

Annar af vörðunum, sem höfðu farið með mig út, fylgdi mér aftur í klefann. Þegar hann kveikti ljósið, sá ég að andlit hans var andlit pilthnokka, sem hafði mestu þörf fyrir tíu stunda svefn.

„Jæja, hvernig líður þér?“ spurði hann.

„Mjög vel, *Herr Wachtmeister*.“

„Hérna. Fáðu þér vindling, það hressir þig.“

Hann fékk mér vindling og kveikti í honum fyrir mig.

„Ef þeir vissu, að ég er að gefa þér að reykja, þá mundi ég ekki sjá dagsins ljós framár,“ sagði hann glottandi.

Hann slökkti ljósið og læsti klefadyrunum. Ég reykti eins og ekkert annað hefði nokkurn tíma skipt máli. Meðan ég reykti, stóð vörðurinn fyrir framan klefann. Þegar síðasti örlitli stubburinn af vindlingnum var slökknadur milli varanna á mér, heyrði ég hann ganga burt eftir ganginum. Hælar hans glömrðu á steinsteypugólfinu, og fótatakið dó út í fjarska.

Mér varð ekki svefnsamt. Áköfu kvalirnar í holdi mínu voru líkastar biti margra tanna. Nötrandi, gnístandi, hyljdjúpar nætur. Endalausar nætur. Nætur, sem voru að sliga mig niður. Niður. Þetta orð ómaði í huga mér næturlangt. Niður. Niður. Þær voru að sliga mig niður.

Fjórum sinnum á tíu dögum fóru þeir með mig á göngu um nótt. Í hvert skipti hófst förin með lofordi um bráðan bana og henni lauk með örmagna svefnleysi.

# Ég skrifa undir játningu

GESTAPO VANN BUG á mér hinn 11. mars 1934. Þann dag, klukkan níu um morguninn, heyrði ég glymjandi fótatak nálgast eftir ganginum.

SS-maður er á leið fram með klefaröðinni.

Skór fanganna marra ömurlega, göngulag fangavarðanna er eins og mjúkur þytur, en fótatak hauskúpliðanna glymur. Lykill glamraði í hurðinni á klefa mínum. Ég settist upp. Hurðinni var þeytt upp.

Svartliðinn leit á mig, köldum og óvinveittum augum. Hann var í svörtum einkennisbúningi og með stálhjálmi. Í belti hans voru byssustingur og skammbýssa. Gild gúmmikylfa hékk við lendar hans. Í höndunum hélt hann á riffli.

„Komdu fram!“ sagði hann.

Ég gekk út úr klefanum. SS-maðurinn fór rannsóknarhöndum um brjóst mitt, bak, síður og fætur. Í maga mínum var tómleikakennd, og yfir höfði mínu lá þoka kvíða og haturs. Ég gat ekki hugsað. Ég var eins og villidýr undir svipu tamningamannsins: var um mig en aflvana.

„Gakk!“ sagði hann.

Ég gekk eftir ganginum og niður stigann.

Tveimur skrefum fyrir aftan mig gekk SS-maðurinn og þrýsti byssuhlaupinu að mjóhryggnum á mér. Við gengum yfir fangelsisgarðinn. Þögulir verðir með uppbretta kraga opnuðu járnhliðin. Við gengum um fleiri fangelsisgarða, gengum yfir marrandi snjó. Úr nöktum trjánum barst hjáróma krákugarg. Andardráttur minn var hvítur í stillunni og frostinu.

Í fangelsisgarðinum voru þrír svartliðar að láta horaðan fanga velta sér upp úr snjónum. Fanginn var nakinn. Ég þekkti hann. Það var Horst Witzel, vélstjóri á dráttarbát, sem átti konu og þrjú börn ung. Hann starði á mig úr snjónum án þess að láta bregða fyrir, að hann þekkti mig. Einn svartliðinn skipaði horaða manninum að standa upp og hlaupa um fangelsisgarðinn. Úlfhundur sat þar rétt hjá flötum beinum og horfði á manninn hlaupa.

Vörðurinn strauk hundinum um hausinn.

„Sæktu’ann, Nero!“ sagði hann.

Hundurinn hljóp af stað í loftköstum. Horst Witzel féll æpandi í snjóinn, dýrið lagðist urrandi ofan á hann, og verðirnir hlógu.

„Hlæðu, bölvæður!“ skipaði einn þeirra.

Ég hló.

„Ha — ha — ha!“

„Einu sinni enn. Hærra!“

„Ha — ha — ha!“

Það var líkast kerru, sem skröltir í stórgrýti.

Síðan héldum við áfram. Við gengum inn í skuggalega forstofu með mörgum kámugum klefadyrum á báða vegu. Vörður læddist frá einni hurð til annarrar og leit gegnum gægjugötin.

„Upp að veggnum! Nef og tær upp að veggnum!“

Það er enginn hægðarleikur að standa með tærnar og nefbroddinn við vegginn með hendurnar fjötraðar fyrir aftan bak, teinréttur. Þegar maður hefur staðið þannig í eina klukkustund, ætla augun að springa fram úr augnatóttunum og manni finnst gríðarstórir klettar vera að þjappa að manni frá báðum hliðum. Ég stóð þarna í þrjár klukkustundir. Ég sá menn, sem féllu í yfirlid eftir eina klukkustund. Ég sá líka menn, sem tóku að slá höfðinu við múrinn og öskruðu eins og vitfirningar, þangað til þeir hnigu niður fyrir höggum byssuskefta. Í langri röð stóðu þeir með nefið og tærnar við vegginn, tuttugu verkamenn og einn og einn vesæll gyðingur á stangli.

Þeir einir geta staðið þannig í þrjár klukkustundir eða lengur, sem bæla niður allar hugsanir og dæla sjálfa sig fulla af hatri. ... Í fyrstu hugsa þeir, en síðan hníga þeir niður — eða hata, og hatrið heldur lífi í þeim.

Fangarnir fá ekki að standa þarna í friði. Á fárra mínútna fresti dynja á þeim högg þeirra, sem fram hjá ganga, svo að höfuðin slást í vegginn. Sumir sparka í þá. Aðrir reka byssuskeftið af aefli í tærnar á þeim. Ef maður lyftir fætinum og stynur eða stekkur upp, þá snúa þeir honum við og láta gúmmíkylfurnar ríða á búknun.

Einn lítill, ljóshærður hrotti lét mig fara úr skónum. Hann setti sitt skothlykið í hvorn skóinn og lét mig fara í þá aftur og standa með nefið og tærnar við vegginn. Meðan ég stóð þarna, heyrði ég óslitið glamur í stígvélum hauskúpuliðanna að baki mér, er þeir komu inn með nýja fanga og fóru burt með aðra, ég vissi ekki hvert. Ég hlustaði á stunur, fyrirskipanir, skammir. Þannig liðu þrjár klukkustundir.

Það var þrifið óþrymlega aftan í mig, og ég var dreginn inn í opinn klefa. Dyr-unum var lokað og læst.

Ég var ekki einn. Fjórir SS-menn með svarta stálhjalma sátu á stólum. Þeir lögðu kollhúfur í eftirvæntingu. Snögglæddur Gestapo-maður lá endilangur á skítugu fleti. Á dýnunni voru blóðblettir. Andlit Gestapo-mannsins var feitt og kringluleitt, munnurinn stór og augun grágræn. Hann horfði kuldalega á mig.

„Veistu hver ég er?“ drafði hann.

„Nei, herra minn.“

„Ég er Radam lögreglufulltrúi. Félagar þínir óska mér þess, að ég brenni lifandi í helvíti. Ég er besti vinur Jauchs ákæranda í sérdómstólnum.“ Radam glotti breiðu glotti. Síðan bætti hann við: „Veistu, hvað þér er gefið að sök?“

„Nei, herra minn.“

„Ha! Ha! Hann veit ekki, hvað honum er gefið að sök. Látið þið svínið kenna á því!“

Svarthliðarnir hrintu mér út í horn. Þeir notuðu gúmmíkylfur sínar, þangað til lögreglufulltrúinn sagði þeim að hætta.

„Veistu nú, hvað þér er gefið að sök?“ drafði Radam.

„Já, herra minn.“

„Nú?“

„Ég er fjandmaður Þriðja ríkisins,“ sagði ég.

„Þér fer fram,“ sagði Radam. „Ættum við ekki að rabba dálítið saman? Þú gætir til dæmis leyst frá skjóðunni og sagt mér frá öllum glæpunum, sem þú framdir á árinu 1932.“

„Glæpum?“

„Auðvitað. Segðu mér frá glæpunum.“

„Ég var í Englandi og Hollandi,“ sagði ég. „Ég veit ekki, hvað þér eigið við.“

„Mig varðar ekkert um hrossþjófnaði þína í Englandi og Hollandi. Við skulum halda okkur við blessaða þýsku fósturjörðina. Þú varst kommúnisti árið 1932? Er það rétt?“

„Já.“

„Þú trúðir á vígorðið ,sláðu fasistann, hvar sem þú hittir hann‘. Er það rétt?“

„Flokkurinn hefur alltaf hafnað kennisetningunni um ofbeldi gegn einstaklingum,“ svarði ég. „Okkur reyndist happadrygra að vinna andstæðingana á okkar mál með röksemdum.“

„Svo,“ sagði Radam, „það eru þessi frægu ,vopn hugsjónanna‘! Hérumbil tvö hundruð hinna hraustu drengja okkar voru brytjaðir niður árið 1932. Ætlarðu að segja mér, að þeir hafi dáið af röksemdum? Eða orðið ellidauðir?“

Úr skóöskju, sem lá við annan endann á fletinu, dró Radam upp hrúgu af ljósmyndum. Hann fékk einum verðinum þær. Vörðurinn hélt þeim upp að augunum á mér, hverri á fætur annarri. Það voru myndir af líkum stormsveitarmanna.

„Allir þessir piltar féllu fyrir ,vopnum hugsjónanna‘,“ sagði Radam háðslega.

Ég þagði við. Mér varð það smám saman ljóst, að Gestapo hafði afráðið að saka mig um hlutdeild í einhverju hinna blóðugu uppþota, sem áttu sér stað fyrir Ríkisþinghússbrunann.

„Mig langar ekkert til að vita, hvað þú gerðir í Timbúktú,“ hvæsti Radam. „Ég vil aðeins, að þú hjálpir mér að komast að nokkrum staðreyndum um það blóð, sem var úthellt hér í sjálfri Hamborg. Ég hef kynnt mér furðusögurnar, sem þú sagðir Kraus lögreglufulltrúa. Herra Kraus er príðmenni. Það er ég ekki. Þér þýðir ekki að sprikla eins og all. Mælir þinn er fullur! Mitt einkunnarorð er *biegen oder brechen*, að bogna eða brotna.“ Hann sótti í sig andann. Andlit varðanna virtust umlykja mig. „Segðu mér allt, sem þú veist um hryðjuverk, sem framin voru árið 1932,“ lauk Radam máli sínu.

„Ég er enginn ofbeldismaður,“ sagði ég fljótt.



Radam sneri sér að hauskúpuliðunum. „Liðkið þið minnið í þessu viðrini,“ draf-  
aði hann.

Þeir toguðu mig út á ganginn. Þeir neyddu mig til að sýna sér leik, sem kallaður er „bjarnardans“ í fangabúðunum. Hann er í því fölginn, að fórnardýrið hleypur og stekkur með fulla vatnsfötu í hlekkjuðum höndunum. Ég hljóp og stökk, og svartliðarnir hlupu með mér eins og kátir drengnokkar og spörkuðu í fötuna. Í hvert skipti sem vatnið skvettist upp úr fötunni, fékk ég vel útlátið spark eða högg með gúmmíkylfu. Pyndingunni var haldið áfram, þangað til fætur mínir létu undan. Verðirnir gáfu mér einnar mínútu hvíld. Síðan hrintu þeir mér aftur inn í klefann til Radams lögreglufulltrúa. Gestapo-maðurinn starði á mig með háðbrosi.

„Hvers vegna ertu svona móður, ha?“

„Ég veit það ekki.“

„Hefur einhver verið að hrekkja þig?“

„Nei, herra minn.“

Svartliðarnir glottu. Radam lögreglufulltrúi sat keipréttur á hálmýnunninni og starði á mig.

„Var Jan Templin vinur þinn?“ spurði hann.

„Já.“

„Hvað varð um hann?“

„Hann er látinn.“

„Hann dó, eftir að við tókum hann höndum?“

„Ég held það.“

„Og Fiete Lux, hvar er hann?“

„Líka látinn.“

„Rétt er það. Og Hellmann?“

„Sömuleiðis látinn.“

„Og Wildinger?“

„Ég veit það ekki.“

„Hann er látinn,“ sagði Radam með napurt bros á vörunum. „Dauður og graf-  
inn.“

Hann dró fram vindlingaöskju og bauð hinum öllum. Allir verðirnir voru nú að reykja. Radam stóð upp, og andlit hans nam við andlitið á mér.

„Segðu mér allt af létta um morðin, sem þú framdir,“ sagði hann.

„Ég hef ekki framið nein morð.“

„Vertu ekki að tala eins og lögfræðingur.“

„Ég er enginn morðingi.“

„Hýðið þið ófėtið,“ sagði Radam. „Færið hann úr buxunum og hýðið hann.“

Svartliðarnir rifu buxurnar niður um mig og fjötruðu hendur mínar við rimlana á glugganum. Síðan börðu þeir mig, uns blóðið vætlaði niður eftir fótum mér. Í fyrstu stundi ég. Ég beit á jaxlinn og reyndi að hugsa um, hve gífurlegt hatur mitt

væri, en stunurnar komu samt. Högginn voru líkust sagarstrokum, sem bitu æ dýpra í holdið.

Hlutirnir tóku að þyrlast í kringum höfuðið á mér. Veggirnir, gluggarimlarnir, fletið, Radam, fjötraðar hendur mínar. Gólfið hófst á loft og hringsólaði í ringulreið rauðra og svartra skýja.

„Allt er á leið til helvítis,“ hugsaði ég. Ég var kominn svo nálægt því að missa meðvitund, að ég fann til óljósrar sælukenndar. En þá heyrði ég rödd í fjarska.

„Hættið!“

Skál af vatni var dembt yfir höfuðið á mér eins og stálar í álmi. Þeir leystu mig úr fjötrunum. Ég stóð aftur í miðjum klefanum. Ég var nakinn frá mjöðmunum og niður úr. Blóðið milli tánna á mér var orðið límkent.

„Morðin,“ sagði Radam.

„Já?“

„Segðu mér af morðunum.“

„Ég skil ekki. Nei, engin morð.“

Radam stóð upp og potaði stubbótum fingri fyrir kverkar mér.

„Heyrðu mig,“ sagði hann, „þú heldur, að þú sért harðsvíraður. Ég get nefnt þér nöfn harðsvíruðustu félaganna í landinu og sagt þér hvernig þeir urðu linir, svo fjarskalega linir og þægir. Þeir héldu, að þeir væru harðsvíraðir, en þeir voru það ekki. Þeir, sem ekki urðu linir, eru dauðir, skilurðu? Heldurðu að þú sért harðsvíraður, ha?“

„Nei, ég er ekki harðsvíraður.“

„Jæja, vertu þá ekki að ljúga eins og dagblað, segðu okkur sannleikann.“

„Ég ætla að segja sannleikann.“

„Það er ágætt. Hefuðu nokkurn tíma hangið uppi undir loftinu — með fætturna upp og höfuðið niður?“

„Nei.“

„Það gerir heiðarlega menn úr lygalaupum. Manstu nítjándan maí? Manstu morðið? Morðið, sem þú lagðir á ráðin um? Morðið, sem þú berð ábyrgð á?“

„Ég man það ekki. Það var ekki framið neitt morð.“ Radam lögreglufulltrúi fitjaði upp á trýnið. „Við sjóðum þig,“ sagði hann. „Þú ert ofstækismaður. Sko, hvernig hann bitur á jaxlinn. Það tekur heldur lengri tíma en vant er, en þú skalt verða soðinn. Það er áreiðanlegt.“

Hann blés vindlingareyknum framan í mig. Grágrænu augun leiftruðu köld og björt.

Hann hélt áfram stillilega: „Þér er frjálst að velja. Annaðhvort játarðu. Þá fýkur höfuðið af þér. Eitt högg með öxinni stóru. Ssst! Svona. Í snarkasti. En þangað til færðu að hafa frið. Eða þú játar ekki. Þá fláum við kjötið af beinunum á þér, hægt og blítt, og þú skalt veina, og þú skalt drepast samt.“

Maður, sem er einn síns liðs í slíkum klefa, hugsar ekki. Ég átti enga hugsun og

enga meðvitund um lífslöngun. Ég hafði eina óljósa, volduga hvöt innra með mér — hatur. „Hataðu hann, annars er úti um þig.“

„Komið inn með grammófóninn,“ skipaði Radam. Tveir verðir komu með grammófón og nokkrar plötur. Í þrjátíu sekúndur stóðu klefadyrnar opnar, og ég sá andlit SS-manna gægjast inn úr myrkrinu í forstofunni. Óblíðar skipanir glumdu í fangelsisgarðinum: „Hlauptu, drullusokkur! Hlauptu hraðar!“ Radam þreif í hár mitt og togaði höfuðið aftur. „Upp með hausinn. Eftir fimm mínútur verðurðu orðinn bæklaður.“ Síðan sneri hann sér að vörðunum. „Hvað eruð þið að spila?“

„Dónárvalsinn.“

„Ekki nógu sterkt,“ sagði Radam. „Spilið þið heldur góðan, háværan mars. Spilið þið Fredericus Rex.“ Radam setti hnéð fyrir bringspelina á mér. „Við erum svo góðar sálir,“ tautaði hann. „Okkur er meinilla við að gera mönnum mein að óþörfu. Þegar við álítum, að einhver viti eitthvað, sem hann vill ekki segja okkur — hvað getum við þá gert annað? Ég ætla að gefa þér eitt tækifæri enn. Veistu, hvernig kramin nýru eru? Þau hafa það í för með sér, að maður mígur blóði til æviloka. Það er, skal ég segja þér ekkert þægilegt að míga aldrei öðru en blóði. Þess vegna held ég, að þú ættir nú að segja mér hvernig þú skipulagðir þetta morð.“

„Ég hef ekki skipulagt neitt morð.“

„Ertu viss?“

„Alveg viss.“

„Vertu ekki að gera að gamni þínu. Ég ætla að sjá um, að þú óskir þess, að þú hefðir aldrei fæðst. Síðan skaltu fá að hvíla við hlið þeirra, sem eru komnir undir græna torfu.“ Radam klappaði í steingólfíð með tanni. „Úrvalslíð! Sumir fóru úr hálsliðnum og aðrir eru hauslausir.“

Verðirnir hlógu.

Radam sagði: „Það er ólund í mannskepnunni. Hýðið þið hann. Hýðið hann í klessu.“

„Grammófónninn er ónýtur,“ sagði einn vörðurinn. „Þeir heyra hann veina.“

„Hnýtið þið þá handklæði um höfuðið á honum,“ skipaði Radam, „og skellið stálhjálmi yfir andlitið á honum, og syngið síðan allir. Þá getur hann orgað af hjartans lyst.“

Þeir bundu óhreinu handklæði um höfuðið á mér, settu stálhjalm fyrir andlit mér og köstuðu mér á grúfu á gólfið.

Radam beygði sig ofan að mér. „Segðu mér um morðið,“ sagði hann.

Ég æpti eitthvað. Ég veit ekki, hvað ég æpti.

„Hýðið þið kvikindið. Setjið þið blautt handklæði á hann, og hýðið hann.“

Ég heyrði, að þeir vættu handklæði undir vatnskrananum. Þeir spenntu handklæðið yfir bakið á mér. Síðan sungu þeir:

*Am Brunnen vor dem Tore,  
Da steht ein Lindenbaum;*

*Ich träumt in seinen Schatten  
So manchen süßen Traum. ...*

Við brunninn bak við hliðið  
stóð blaðkrýnt linditré,  
í forsælu þess fann ég  
svo friðsælt draumavé.

Keyrin tóku að ríða á baki mér, og eldtungurnar læstu sig um hvern vöðva. Í fyrstu engist hinn húðstrýkti maður sundur og saman og reynir að bíta tönnunum í hvað sem fyrir verður. Síðan orgar hann í hjálminn, og ópin kastast aftur í eyra hans sjálfs eins og þrumudynkir. Og síðan getur hann ekki veinað lengur. Hann stynur ... löngum stunum, sem skiptast á við snögg andköf. Hvell rödd taldi, „ ... átján, ... níttján, ... tuttugu ... “

Verðirnir voru nú að syngja annað lag. Söngurinn var hægur, djúpur, sorgþrunginn.

*Morgen-roo-ot, Morgen-roo-ot,  
Leuchtest mir zum frühen Too-od.*

Morgunroði, morgunroði lýsir mér að bráðum bana.

Allt varð svart og rautt á ný. „Tuttugu og fjögur, ... tuttugu og fimm, ... “ Það var ekki lengur sárt. En ég hafði ekkert vald á fótunum, og þeir sprikludu ótt og títt. Raddirnar, sem sungu, fjarlægðust, eins og þær kæmu frá hersveit, sem væri á gangi í hinum enda langrar götu.

Köld vatngusa vakti mig af dái. Augu mín voru aftur opin. Það fyrsta sem þau litu, voru stígvél til hægri og vinstri og í milli þeirra ljósgulir skór Radams lögreglufulltrúa. Ég var nakinn og aðframkominn af þreytu. Heilinn endurtók í sífellu: „Segðu þeim ekki neitt.“ Blóðið barðist alls staðar rétt undir hörundinu, og allur líkaminn virtist seymdur glóandi járnöglum. Það lifði á rafmagnsljósinu. Í gegnum gluggann sá ég, að úti var tekið að skyggja. Enn stóð ég í miðjum klefanum. Í einu horni hans sat ung stúlka við lítið borð. Á borðinu var ritvél.

„Hvað var gert við þig?“ spurði Radam.

„Ekki neitt,“ sagði ég.

„Var nokkur að meiða þig?“

„Nei.“

„Enginn?“

„Enginn.“

„Þú ert viss um, að enginn hafi meitt þig?“

„Það meiddi mig enginn.“

„Ágætt,“ sagði Radam og sneri sér að vélritunarstúlkunni. „Skrifið þér: Allt, sem

ég segi hér, ber ég fram af frjálsum vilja og af eigin hvötum. Ég geri þessa játningu af sjálfsdáðum, án þess að mér hafi verið þröngvað til þess á nokkurn hátt.“

Það glamraði í ritvélinni.

„Er þetta rétt?“ spurði Radam.

„Það er rétt,“ sagði ég.

„Og þú manst ekki eftir morðinu?“

„Nei.“

„Ég ætla að hjálpa þér að hressa við minnið.“

„Já.“

„Þann nítjándan maí varstu staddur á fundi með leiðtogum flokksellanna í hafnarhverfinu. Leiðtogar þriðju deildar Rauðu bardagafylkingarinnar voru einnig viðstaddir. Á fundi þessum var rætt um árás gegn aðalbækistöð stormsveitanna við Schaarmarkt, sem var þá nýstofnuð. Þessi árás átti sér stað þá um nóttina, skömmu eftir miðnætti. Stormsveitarmaðurinn Heinzemann var stunginn til ólífis. Fimm aðrir særðust alvarlega. Á þessum umrædda fundi stakkt þú upp á því, að einhver nasisti yrði myrtur til þess að hræða þjóðefnisjafnaðarflokkinn frá að reyna að ná fótfestu í hafnarhverfunum. Er það rétt?“

„Nei.“

Ritvélin glamraði, á meðan Radam talaði. Bæði spurningar og svör voru skrifuð niður.

„Þú varst einn af leiðtogunum í bandalagi sjómanna?“

„Já.“

„Þú bardist gegn vaxandi áhrifum nasista á skipum og í höfninni?“

Hverri spurningu fylgdi barsmið og fótspark.

„Já.“

„Þú sagðir fylgifiskum þínum að kasta hverjum nasista, sem kæmi um borð í þýskt skip, fyrir borð?“

„Nei, ég bardist gegn þeim í blöðunum, í bæklingum og á fundum.“

„Í kröfugöngum?“

„Já, líka í kröfugöngum.“

„Með byssum og hnífum?“

„Það er ekki rétt.“

„Þú hefur aldrei skotið stormsveitarmann né stungið hann á hol?“

„Aldrei.“

„Þú varst hygginn. Þú vildir heldur láta óbreytta liðsmenn þína nota rýtingana og byssurnar. Þú sast sjálfur bak við tjöldin og rérir undir og nú ertu hræddur við hegninguna, og þú afneitar öllu. Er það ekki rétt, ha?“

„Nei, ég er ekki trúaður á ofbeldi.“

„Þú trúir á byltingu?“

„Já.“

„Verkföll? Vopnaða uppreisn? Stjórnarbyltingu?“

„Já.“

„Dú varst staddur á fundinum, þegar samþykkt var að myrða stormsveitarmennina?“

„Nei.“

„Félagar þínir segja það.“

„Það er ómögulegt.“

„Langar þig til að verða barinn meira?“

„Nei.“

„Enginn hefur meitt þig til þessa?“

„Nei.“

„Ætlarðu að segja sannleikann?“

„Já.“

„Hverjir voru á fundinum auk þín?“

„Ég veit það ekki.“

„Dú játar þá, að hafa verið á fundinum, þegar lögð voru á ráðin um morðin?“

„Ég var þar ekki.“

„Lygari! ... Dú hefur skipulagt verkföll?“

„Já, ég hef gert það.“

„Verkfallið í Svíþjóð í fyrra?“

„Já.“

„Verkfall fljótamannanna í Frakklandi? Töku þýskra skipa erlendis? Verkföll gegn hakakrossinum í Antwerpen? Marseilles? Le Havre?“

„Já, ... nei.“

„Vorú drepnir menn í þessum verkföllum?“

„Það voru háðir bardagar við lögregluþjóna og verkfallsbrjóta.“

Radam kom mjög nálægt mér. Hann potaði fingrinum fram og teiknaði hakakross í lagið af svita, ryki og blóði, sem þakti kviðinn á mér.

„Nokkrir verkfallsbrjótar voru drepnir, ha? Og nokkrir verkamenn, ha? Og nokkrir lögregluþjónar í Hamborg, ha? Hver drap þá?“

„Ég veit það ekki.“

„Dú myrtir þá,“ hvæsti Radam.

„Nei.“

„Dú berð siðferðilega ábyrgð á þessum morðum. Dú ert sekari en þeir, sem frömdu morðin beinlínis. Dú sagðir á fundinum, að það þyrfti að myrða stormsveitarmennina. Að það mundi flæma nasistana út úr verkamannahverfunum. Er það rétt?“

„Það er ekki rétt.“

„Dú skipulagðir þá verkföllin, en þú framdir ekki morðin með eigin hendi.“

Ég svaraði ekki.

„Hinn ákærði er þögull,“ sagði Radam. „Trúirðu á kennisetninguna: ‚Dreptu nasistann hvar sem þú sérð hann?‘“

„Nei.“

„Félagar þínir, Wollweber og Neumann, áttu upptökin að þessu vígorði?“

„Ég held það. Vígorðið er rangt.“

„Hvers vegna?“

„Ég trúði því, að við gætum unnið marga nasista á okkar mál með skynsamlegum fortölum, að ofbeldi gegn einstaklingum væri skadlegt.“

„Wollweber var kommúnisti?“

„Já.“

„Og Neumann?“

„Já.“

„Og þú?“

„Já.“

„Og Wollweber og Neumann prédikuðu morð?“ Ég svaraði ekki.

„Þú vildir vinna nasista á þitt mál með fortölum?“

„Ég vildi það.“

„Og þá, sem ekki létu sannfærast, þurfti að myrða. Það var sannfæring þín, ha?“

„Nei.“

„Ertu friðarsinni?“

„Nei.“

„Þú ert þá maður, sem trúir á ofbeldi. Það mun kosta þig höfuðið, vinur sæll.“ Radam sneri sér að vörðunum. „Farið þið með þessa mannskepnu út til æfinga, og komið þið með Dettmer, Wehrenberg, Hoppe og Koopmann til mín.“

Tveir SS-menn fóru með mig út í myrkríð í fangelsisgarðinum. Þeir spörkuðu í mig og sögðu mér að hlaupa. Ég hljóp yfir svæðið, og SS-mennirnir hlupu með mér, slógu mig með gúmmíkylfunum sínum og hrópuðu: „Hlauptu hraðar! Hraðar!“

Eftir það stóð ég grafkyrr í kuldanum með upprétta handleggji. Fimm mínútur, tíu, sextíu, ég veit það ekki. Ég var hættur að vera maður. Ég var lifandi kjötflyksa, ég átti engar hvatir, von né vilja. Ég gerði það sem mér var sagt að gera, og aðeins einu sinni féll ég í snjóinn og hrópaði: „Bindið enda á þetta! Skjótíð mig, skjótíð!“ Skot í hnakkann hefði verið paradís. Verðirnir hlógu. Þeir löðrunguðu mig með leðurbeltum. Síðan létu þeir mig hlaupa á fjórum fótum hringinn í kringum fangelsisgarðinn. Síðan komu þeir með annan mann nakinn út og stilltu honum andspænis mér.

„Sérðu þennan?“ spurði einn vörðurinn.

„Já,“ sagði ég.

„Þetta er herra Adam,“ sagði vörðurinn. „Adam og Eva.“

Hinir hlógu.

„Sláðu hann!“ sagði vörðurinn.

Ég hreyfði mig ekki. Ég gat ekki séð andlit mannsins, sem stóð fyrir framan mig. Allt sem ég sá í myrkrinu var nekt hans og skjálfandi hné.

„Sláðu hann, bölvaður!“

Ég reiddi til höggs og rak manningum snoppung. Ekki fast.

SS-maður stökk milli okkar og sló mig bylmingshögg.

„Svona áttu að slá hann,“ sagði hann. „Sláðu hann!“

Ég hrærði hvorki legg né lið. Einn vörðurinn sparkaði í mig.

„Sláðu hann.“

Ég heyrði andardrátt nakta mannsins með læraskjálftann. Hann hallaði höfðinu lítið eitt fram, eins og höfði hengds manns. Ég fann gúmmíkylfu ríða á kviðnum á mér, og ég krepptist saman af kvölum.

„Taktu það rólega,“ sagði vörðurinn. „Stattu beinn.“

Ég rétti úr mér.

„Sláðu hann!“ skipaði vörðurinn.

Ég reiddi til höggs og sló nakta manninn fyrir framan mig. Hann féll á hné og skók höfuðið. Þessi ferlegi leikur var endurtekinn aftur og aftur, og síðan var röðin komin að honum að slá mig. Hann sló mig margsinnis, laust í fyrstu, en síðan af furðulegu afli. Nóttin var lygn, trén teygðu greinar sínar gegn stjörnuþjörtum himninum eins og limir á beinagrind. Hundur gjammaði í fjarska. Dauf hljóð kvala og æðis bárust úr hinni miklu álmu fangelsisins, rénuðu og urðu að endalausum andvörpum. Fangelsisklukkan sló miðnæturfhögginn þunglyndislega, og andvarinn bærði hakakrossfánann í geislum kastljósanna á ytri múrnum. Tveir naktir menn stóðu í snjónum og slógust, og einhvers staðar að barst ilmur af steik.

Úr glugga einum gat að heyra rödd Radams: „Komið þið inn með mannskepnuna.“

Úti í fjórum hornum klefans stóðu fjórir menn með nef og tær við vegginn, og undir glugganum stóð sá fimmti. Þegar ég kom inn í klefann teygðu þeir höfuðin á snið til þess að sjá mig. Andlit þeirra voru grá og tekin, þakin skán af óhreinindum og skeggbroddum. Þeir höfðu ekki fengið að þvo sér né raka sig í marga mánuði. Ég vissi, að ég þekkti þá, að þetta voru verkamenn, sem höfðu barist og liðið þjáningar með mér, en samt kannaðist ég ekki við neitt af andlitunum, svo breyttir voru þeir.

„Hoppe!“ kallaði Radam.

Einn af mönnum sneri sér við. Það var hafnarverkamaðurinn Arthur Hoppe, sem hafði gengið í hjónaband þremur vikum áður en Gestapo handsamaði hann um miðja nótt.

„Hoppe,“ sagði Radam og benti á mig, „var þessi maður á fundinum, þar sem ráðgert var að myrða Heinzemann?“

Ritvélin glammaði. Hoppe leit á mig stórum, sokknum augum.

„Já,“ muldraði hann, „hann var þar.“

„Var hann að æsa til ofbeldis?“

„Ég man það ekki.“

„Hugsaðu þig um! Gerði hann það?“

„Hann gerði það.“

Hoppe sneri sér aftur upp að veggnum og draup öxlum.

„Wehrenberg!“ skipaði Radam.



Maður, sem stóð í öðru horni, sneri sér við. Það var Alfred Wehrenberg kyndari, sterkur, hávaxinn maður, sem hafði fimm um þrítugt. Hann hafði verið skipulagsstjóri Rauðu sjóliðanna.

„Wehrenberg,“ sagði Radam. „Þú varst á fundinum, þegar rætt var um morðið á stormsveitarmönnunum?“

Wehrenberg kinkaði kolli.

„Var þessi maður þar líka?“ hélt Radam áfram.

Aftur kinkaði Wehrenberg kolli.

Fyrir mér var þetta fáránlegt og óskiljanlegt. Ég hafði aldrei heyrt minnst á þennan fund, áður en Radam gat um hann. Ég hafði ekki átt neinn þátt í blóðbaði stormsveitarmannanna morguninn 20. maí 1932, því að þann dag var Alþjóðþing sjómanna sett, og ég hafði verið önnur kafinn við undirbúning samkundunnar dagana áður en setningin fór fram. Félagarnir fjórir, sem leiddir voru gegn mér í klefanum, voru ekki svikarar. Ég vissi, að þeir voru traustir og áreiðanlegir liðsmenn, enda þótt þeir hefðu aldrei starfað beinlínis undir minni stjórn. Þeir höfðu allir starfað í hermáladeild flokksins.

„Wehrenberg,“ sagði Radam, „sagði þessi maður, að það þyrfti að drepa stormsveitarmenn?“

Ég horfði beint framan í Wehrenberg. Hann virtist ekki sjá mig. Hann var eins og miðill í dái. Hann hneigði höfuðið hægt.

„Koopmann!“ skipaði Radam.

Félagi Koopmann viðurkenndi einnig, að ég hefði verið á morðráðstefnunni.

„Nú, Dettmer,“ galti Radam.

Ég leit í andlit Johnnys Dettmers, stjórnmalaleiðtoga Rauðu sjóliðanna, sem hafði verið félagi minn í vopnasmygli og götubardögum árið 1923. Þegar ég þekkti hann, var hann upplitsdjörf hetja, ófyrirleitinn athafnamaður, sem hló alltaf að þeim, er stöldruðu við og hugleiddu kostnaðinn. Félagi Dettmer var hokinn í herðum, eins og brjóstkassi hans hefði verið mölbrotinn. Andlituð var þakið óþrifalegu rauðleitu skeggi. Þar sem hægra auga hans hafði verið, var nú blárauð hola. Hann beið ekki spurningar Radams.

„Nei, nei, nei, nei,“ hóstaði hann. „Þessi félagi var ekki á fundinum. Hann kom þar hvergi nærri. Og þótt svo hefði verið, þá hefði ég aldrei látið hann skipa mér fyrir. Svo ekki meira um það, Radam lögreglufulltrúi.“

Þykku varirnar á Radam herptust saman. Hann gaf vörðunum merki um að taka Dettmer. „Liðkið þið minnið í honum,“ sagði hann.

Verðirnir hrintu Johnny Dettmer út úr klefanum. Þeir voru burtu í margar mínútur. Þegar þeir komu loks aftur, báru þeir Dettmer á milli sín.

„Manstu nú, að þessi vinur þinn hérna var á morðfundinum?“ spurði Radam.

Dettmer dró andann þungt og korrandi. „Hafðu það eins og þú vilt,“ sagði hann og stóð á öndinni. „Farðu norður og niður, Radam.“

„Var hann á fundinum?“ Radam glotti eins og veiðimaður, sem sér bráðina koma í skotfæri.

„Jæja þá, hann var þar,“ stundi Dettmer.

„A — ha!“

Það varð löng þögn. Ósjálfráðu ákærendurnir mínir fjórir stóðu í hornunum eins og múmíur, sem gárungi hefur raðað upp. Fleiri verðir þyrptust inn í klefann. Í kringum mig var hringur af ungum, ófrýnilegum andlitum með svarta stálhjálma. Á hverjum hjálmi var mynd af hvíttri hauskúpu og tveimur krosslögðum beinum. Glamur ritvélarrinnar rauf þögnina. Radam lögreglufulltrúi las fyrir: „Hinn ákærði heldur því enn fram, þrátt fyrir það þó að hann standi augliti til auglitis við gæslufangana: Dettmer, Wehrenberg, Koopmann og Hoppe, að hann hafi hvergi komið nærri morðinu á stormsveitarmanninum Heinzemann. Fjórir fangarnir fyrrnefndu hafa þó borið það af sjálfsdáðum og í viðurvist vitna, að hinn ákærði hafi verið einn af forspökkum fundar þess, er bruggaði ráðin um morð þjóðernissósíalistanna.“

Radam sneri sér að mér og mælti stillilega: „Hvað segirðu nú? Eru þessir fjórir ekki félagar þínir? Ertu sá heigull, að þú skellir allri sökinni á þá fyrir morð, sem þú áttir hlutdeild í?“

„Ég kom hvergi nærri götumorðunum,“ sagði ég.

Radam hélt áfram: „Heldur þú, að setudómstóllinn trúi einu orði þínu, þegar vitnisburður vitorðsmanna þinna er á móti þér?“

„Ég kom þar hvergi nærri,“ endurtók ég og var nærri of máttfarinn til að stynja orðunum upp.

Í kringum mig nöldruðu verðirnir. Rödd Radams var ísköld og ógnandi, er hann drafaði: „Þetta er síðasta tækifærið, sem þú færð. *Das Spiel ist aus*. Leikum er lokið. Síðasta tækifærið, heyrirðu það?“

„Ég kom þar hvergi nærri,“ sagði ég og var ekki fær um að hugsa aðra hugsun.

„Nóg komið.“

Hinir fangarnir fjórir voru leiddir út. Enn á ný voru úlnliðir mínir fjötraðir við gluggarimlana. Einn af hauskúpuliðunum dró járnkeðju undan fletinu. Hann lagði hana saman í lykkju og vafði lausa endanum utan um hægri hnefann.

„Tilbúinn,“ sagði hann.

„Hýddu hann,“ skipaði Radam. „Hýddu hann til dauða.“

Jan Templin hafði verið barinn til ólífis með járnkeðjum. Ég lokaði augunum og beið. Ég var á leið niður, niður.

„Hýddu hann,“ sagði Radam.

Í þeirri svipan gafst ég upp að heyja hina vonlausu baráttu. Ég vissi ekki um neina ákvörðun eða greinilega: „Jæja þá, ég var á fundinum.“ Svipstundu síðar varð ég þess var, að þetta var rödd sjálfs mín.

„A — ha!“ sagði Radam. „Þú varst þá á fundinum?“

„Já,“ sagði ég.

Ég var leystur úr hlekkjunum. Hauskúpuliðar lögðu mig varlega í fletið. Einhver

annar setti vindling í munninn á mér og kveikti í. Ég reykti af áfergu. Allt annað var aukaatriði.

Radam lögreglufulltrúi las fyrir lágum rómi, og ritvélin skrölti af miklum hraða. Ég heyrði ekki, hvað hann sagði. Ég heyrði hann nefna nafn mitt í sífellu. Það var allt og sumt. Einn vörðurinn spurði, hvort mig langaði í brauðsneið. Annar spurði, hvort mig langaði til að skrifa bréf. Ég svaraði þeim ekki. Ég reykti hvern vindlinginn á fætur öðrum, drakk kaffi og kalt vatn og hvíldi mig. Hávaðinn í ritvélinni hætti skyndilega.

„Gerðu svo vel að koma hingað,“ sagði Radam.

Hann fékk mér penna og benti á allmargar vélritaðar arkir á borðinu.

„Settu nafn þitt undir hverja örku fyrir sig.“

Ég gat ekki lesið innihald „játningarinnar“ sem ég skrifaði undir. Stafirnir dönsuðu og línurnar þyrluðust upp um mig og hörfuðu undan. Ég tók pennann og skrifaði. Síðasta tilgangslausa tilraunin til mótspyrnu var sú, að ég reyndi að gera rithönd mína eins ólíka því sem ég átti vanda til og unnt var. Þegar ég ætlaði að fara að skrifa undir síðustu örkina, sagði Radam: „Bíddu andartak,“ sagði hann, „þetta er endir skýrslunnar. Skrifaðu: „Ég hef sjálfur lesið ofanritað og votta að það sé rétt.“ Skrifaðu síðan undir fullu nafni.“ Ég skrifaði: „*Selbst gelesen und für richtig gefunden.*“

„Síðan nafnið.“ Ég skrifaði undir.

Radam greip hönd mína og hristi hana ákaft. „Það var vit í þessu,“ sagði hann.

„Og hvenær sem þig langar til að segja mér meira, þá skaltu biðja þann, sem á verði er, að síma til mín.“

Það var farið með mig í klefann aftur. Fyrstu daufu geislar aftureldingarinnar voru á lofti í austri. Ég var ekki settur í járn. Ég fékk hrein lök og hrein teppi og pakka af tóbaki.

„Sofðu eins lengi og þig lystir,“ sagði vörðurinn á ganginum. „Þegar þú ert útsofinn, þá berðu á hurðina. Þú skalt fá bað og klippingu og rakstur líka.“

Mér varð ekki svefnsamt.

# Af fólögum og böðlinum

Tíu DÖGUM EFTIR nóttina, er ég gafst upp, var ég fluttur frá Fuhlsbüttel-fanga-búðunum til Papenburg-fangabúðanna í heidalöndunum nálægt hollensku landamærunum. Fuhlsbüttel var svo þéttskipað körlum og konum, sem Gestapo var að kúga til hlýðni, að fangarnir urðu að hafast við á göngunum milli klefanna. Fangabúðirnar í Papenburg — þær voru fimm talsins með um átta þúsund fanga — voru fullar af stjórnmálaafbrotamönnum, sem höfðu „játað“ og voru að bíða eftir, að setudómararnir tækju mál þeirra fyrir.

Gestapo hafði fleiri fanga að flytja en hægt var að koma fyrir í fangalestum þeim, sem fyrir voru. Á leiðinni til Papenburg var öllum, sem í lestinni voru, komið fyrir eina nótt í fangabúðum nálægt Worpswede og aðra nótt í Oslebshausen, héraðsfangelsinu í Vísarárlöndum. Meira en helmingur fanganna í Worpswede á Lüneburg-heiði voru stormsveitarmenn, sem voru hlyntir stefnu Röhm's höfuðsmanns, og „annarri stjórnarbyltingu“. Ég átti tal við suma þessara manna að næturlagi í troðfullum bragga. Þeir voru meðal hinna róttækustu og hrottalegustu Hitlersinna. Þeir höfðu verið settir í gæslu fyrir rán í sölubúðum og önnur agabrot. Helsta dægradvöl þeirra virtist áflog og svölun hneigðar til eigin kyns. Eftir þriggja daga ferð komst ég ásamt hérumbil hundrað fongum öðrum til Papenburg, smábæjar við neðri hluta Ems-fljóts.

Landslagið í kringum Papenburg er ef til vill hið einmanalegasta og eyðilegasta á öllu Þýskalandi. Ömurlegir heidarflákar teygðu sig svo langt sem augað eygði. Jörðin var mýrlend, kofar hinna snauðu heidabúa húktu milli mógrafanna, sneypulegir vegna sinnar aumu tilveru. Alls staðar voru kolsvört fen. Þegar lest okkar kom á áfangastaðinn, úði og grúði af hauskipunum á stöðinni.

„Allir út!“

Við röðuðum okkur á stöðvarpallinn. Verðirnir tóku á móti okkur með háðsyrðum og spörkum. Hver sá, sem var betur til fara en hinir ólánsmennirnir, fékk að kenna á sérstakri grimmd.

„Af stað!“

Við gengum gegnum göturnar í Papenburg undir smánarópum nasista, sem þar áttu heima. Í hópi okkar voru verkamenn, menntamenn, nokkrir skrifstofumenn og fylking sjómanna með sjópoka sína á öxlunum. Eftir þriggja klukkustunda látlause göngu komum við í fangabúðirnar: þyrpingu af löngum, lágum skýlum innan þrefaldrar gaddavírgirðingar. Menn voru kallaðir með nafni. Hver maður

fékk spark í kveðjuskyni. Síðan var hverjum fenginn haki og skófla og vísað á sinn stað í bröggunum.

Lífið í Papenburg var ekki vel fallið til hugleiðinga. Við vorum vaktir klukkan fimm á hverjum morgni, og klukkustund síðar gengum við til vinnu. Við grófum skurði til að þurrka mýrarnar. Við unnum frá sjö til fimm, en fengum eina klukkustund til hádegisverðar í útielðhúsinu. Klukkan sex á kvöldin vorum við komnir aftur í braggana, óhreindir, uppgefnir og svefnþurfi. Á kvöldin, þegar kastað hafði verið tölu á okkur, vorum við látnir í friði. Vegna nálægðar hollensku landamæranna reyndu margir fangar að flýja. Fáum tókst það. Í þessu flata landslagi féllu flestir fyrir kúlum varðmannanna. Á viku hverri voru að meðaltali þrjú menn skotnir á flótta. Nöfn þeirra voru lesin fyrir okkur, þegar við skipuðum okkur í raðir á morgnana. Þeir, sem náðust lifandi, fengu útlátin þrjátíu högg með svipu úr flóðhestaskinni. Hýðingarnar fóru fram að morgni dags, fyrir morgunverð, í miðjum fangelsigarðinum í viðurvist allra fanganna.

Á sunnudögum vorum við iðjlausir heima, og voru það leiðinlegir dagar. Hauskúpuliðarnir voru leiðir á vanaganginum. Þeir bölvuðu vegna þess að þá skorti skemmtanir og kvenfólk, og þeir skelltu skuldinni á okkur — fangana — fyrir það sem þeim var synjað um. Þeir höfðu heræfingar á hverjum sunnudagsmorgni. Þeir nutu kennslu í skotfimi, byssustingjaárásam, vörnum gegn loftsprengjum, skriðdrekaárásam og ýmsum aðferðum borgarastyrjalda. Þar á meðal voru þessar æfingar: „Að stöðva járnbrautarlest“, að „dreifa æstum mannfjölda“, „húsrannsókn“, „handtaka uppreisnarforingja“, „fangabúningur“, „að ráðast á götuvirki“ og fleira. Fangar voru ávallt látnir leika hlutverk þolandans. Þessum æfingum lauk um hádegi. Og klukkan þrjú um daginn var hver og einn hauskúpuliði í fangabúðunum orðinn nógu drukkinn til að bregða sér á leik upp á eigin spýtur. Sá sunnudagaleikur, sem þeir höfðu mesta unun af, var að etja saman föngum og grimmum hundum og að neyða fangana til að bera skósvertu á kynfæri sín. Sérstök dægrastytting var að neyða einhvern af föngunum til þess að setjast á lítinn kút og skjóta síðan kútinn undan honum.

Meðan ég var í Papenburg, frömdu verðirnir tvö dýrsleg morð, líklega eftir skipun frá Gestapo. Nótt eina var miðaldra gyðingur, læknir frá Bielefeld, kallaður út úr bragganum. Við höfðum allir gætur á honum, því að hann var ágætur taflmaður, en hann talaði aldrei um sjálfan sig né handtöku sína. Tíminn leið, en læknirinn kom ekki aftur. Morguninn eftir tilkynnti stormsveitarforinginn okkur með gjallandi raust, að gyðingurinn hefði fundist hengdur í bjálka í salerninu. Hann skipaði tveimur mönnum kuldalega að hreinsa salernið. Það voru engir bjálkar í salerninu, því að það var þaklaust. En félagarnir, sem hreinsuðu það, fundu blóðslettur uppi um alla vegg. Læknirinn frá Bielefeld hafði ekki fyrirfarið sér.

Hitt morðið var framið um hábjartan dag, meðan við vorum við vinnu okkar. Hinn myrti var fyrrverandi starfsmaður lögreglunnar í Altona, jafnaðarmaður að nafni Heinrich Kessel. Hann var sakaður um að hafa skotið stormsveitarmann til

bana, meðan hann var enn í þjónustu lögreglunnar. Fyrirliðinn í *Arbeitskommando* hauskúpuliðanna lét Kessel standa á moldarhrúgu og hrópa hundrað sinnum: „Ég er morðingi!“ Síðan var Kessel látinn hlaupa hringinn milli varðmannanna. Fyrir framan hvern varðmann nam hann staðar og tók buxurnar niður um sig. Hver maður lét honum úti þrjú högg með gúmmíkylfu sinni. Að þessu loknu skipaði fyrirliðinn hinum ofsótta manni að „hlaupa til Hollands“. Kessel var of ringlaður og of hræddur til að hugsa. Hann hljóp. Áður en hann hafði hlaupið fimmtán metra, lyfti einn SS-maðurinn ríffli sínum og skaut hann í hnakkann.

Morgunn einn, þegar vika var af apríl, hrópaði skrifari yfirfangavardarins nafn mitt. Ég stökk fram.

„Búðu þig undir að fara,“ var mér sagt. „Þú átt að mæta fyrir rétti í Hamborg.“

„Dagur dómfellingarinnar er fyrir höndum,“ sagði ég feginn við sjálfan mig.

Það var farið með mig í hið mikla réttarfangelsi við Sievekingplatz í Hamborg. Þar var ég settur í klefa á neðstu hæð í *Totenreihe* — „dauðra-ganginum“ — þar sem Gestapo geymdi líflátsefni sín. Veggirnir í klefanum báru páraðar áletranir manna, sem höfðu verið þarna á undan mér og lágu nú í gröfum sínum eða í dýflissum, dæmdir til margra ára hegningarvinnu. „Við deyjum aldrei!“ var ein áletrunin, og önnur: „Við erum enn smiðir framtíðarinnar. *Rot Front!*“ Það var hafður strangur vörður um „dauðra-ganginn“. Á fárra mínútna fresti sást auga fangavardarins í gægjugatinu á dyrum mínum. Við alla klefana í *Totenreihe* voru fest skilti: „*Sachen herausnehmen! Nachtlicht!*“ Rafmagnsljósín voru látin loga alla nóttina. Á hverju kvöldi voru öll föt tekin frá mér fyrir nóttina.

Réttarhöld setudómsins hófust morguninn eftir að ég kom til Hamborgar. Við vorum fimmtíu og þrjár í hópi hinna ákærðu, og voru allir nema ég fyrrverandi starfsmenn Rauðu sjóliðanna í Hamborg, sakaðir um mörg hermdarverk við stormsveitina og Hitlersæskuna. Við húktum á bekkjum í mörgum röðum í miðjum réttarsalnum. Hauskúpuliði sat milli hverra tveggja fanga.

Á vinstri hönd, innan grindar, voru bekkir málflutningsmannanna. Einn nasistalögfræðingur hafði verið skipaður „verjandi“ hverra fimm fanga. Á hægri hönd sat skrudfylking nasista, nokkrir í venjulegum fötum, en flestir í glitrandi ein-kennisbúningum. Meðal þeirra þekkti ég Fiebelkorn, yfirforingja stormsveitanna í Hamborg; Karl Kaufmann, stjórnmalafulltrúa Hitlers í Hamborg; Wilhelm Bohle, yfirmann utanríkisdeildar nasistaflokksins, og marga aðra: SS-höfðingja, Gestapomennt, yfirmenn lögreglunnar, Radam lögreglufulltrúa og Herthu Jens. Að baki okkur var salurinn þéttskipaður konum nasistastarfsmanna og ættingjum fallinna stormsveitarmanna.

Það fór skyndilega hreyfing um salinn. Allt í kringum okkur stóðu nasistarnir upp og réttu hendina fram til Hitlerskveðju. Verðirnir á fangabekkjumum hnypptu í síðurnar á fongunum: „Standið þið upp, morðingar!“ Við stóðum hægt á fætur. Þrjár dómáramur gengu til sæta sinna, lyftu hægri handleggnum hægt og settust. Enginn af fongunum hafði heilsað með nasistakveðju. Réttarhöldin hófust. Réttarpjónar

breiddu mikið safn af vopnum á tvö borð. Það voru vopn, sem höfðu verið gerð upptæk í vopnabúri Rauðu sjóliðanna, skambyssur af öllum gerðum og skotviddum, tylft hermannafla, safn af hnífum og rýtingum, þrettán handsprengjur og tvær léttar vélbyssur.

Réttarhöldin stóðu í margar vikur. Dag eftir dag sátum við á fangabekkjunum, nábleikur hópur útskúfaðra manna innan um öll veldistákn Hitlers. Ákærandinn, hár, grannur, fölleitur maður að nafni Jauch, drottnaði yfir réttarfundunum. Hann leyndi ekki hatri sínu til okkar. Augu hans leiftruðu og hann fýldi grön með blóðlausum vörunum, er hann heimtaði líflát, líflát og ekkert annað. Á hverjum degi þeyttu nasistablöðin sama lúðurinn. Í fyrirsögnum þeirra vorum við kallaðir „fágætasta samsafn leynimorðingja“, sem nokkurn tíma hefði verið saman komið í þýskum réttarsal. Skammaryrðum eins og „sadir“, „austrænir manndráparar“, „blóðþyrstir baktjaldamakkarar“, „svikul nagdýr“ var varpað framan í okkur dag eftir dag. Vitnin voru auðvitað langflest Gestapoerindrekar og stormsveitarmenn. Feður og mæður nasista, sem drepnir höfðu verið, héldu ræður og heimtuðu blóð banamannanna.

Johnny Dettmer barðist eins og berserkur. „Ef ég hefði tvær byssur í höndunum,“ sagði hann í eitt skiptið, „mundi ég vera rauði dómari í þessum rétti, og ákærðir mundu þið vera, brúna pestin.“

Kyndarinn Wehrenberg sakaði vitni Gestapo um að hafa svarið rangan eið. Félagi einn að nafni Arthur Schmidt, ungur kjörsonur Etkars Andrés, hrópaði til dómars: „Hér er verkamaðurinn Arthur Schmidt. Þið getið drepið hann, en þið getið ekki drepið sál hans!“ Svar réttarsins við slíkum trúflunum var ávallt hið sama: „Þegiðu! Mundu hver þú ert! Dímítrov-aðferðin gildir ekki hér!“

Mesti viðburður réttarhaldanna, að því er mig snerti, var augnablikið, þegar Dettmer, Wehrenberg, Hoppe og Koopmann tóku aftur umsagnir sínar um, að ég hefði verið viðstaddur hinn örlagaríka fund með leiddtogum Rauðu sjóliðanna. Þeir sökuðu Radam lögreglufulltrúa um að hafa neytt þá til þess með hótunum um dauðarefsingu að flækja mér í málið. Tveir af hinum fáu vitnum, sem voru ekki nasistar, fyrrverandi yfirmaður minn, Albert Walter, og verklyðsfélagafulltrúi að nafni Erich K., sóru, að ég hefði verið önnum kafinn á sjómannaþinginu hinn 19. maí, daginn, sem „morðingjaráðstefnan“ var haldin. Samt sem áður heimtaði Jauch ákærandi líflátsrefsingu mér til handa eins og hinum.

Dagurinn kom, er dómurinn skyldi kveðinn upp. Salurinn var sneisafullur af úrvalsliði nasista. Andlit fanganna voru fól og óróleg. Tjaldið var í þann veginn að falla. Æviskeiðið var á enda runnið. Við stóðum upp öflugir og þögulir, þegar dómarnir gengu til sæta sinna. Við stóðum, meðan dómarnir voru lesnir. Fyrst komu dauðadórnir. Ég hélt niðri í mér andanum. Þeir voru níu. Nafn mitt var ekki meðal þeirra. Svo komu fangelsisdómarnir, ævilangt, fimmtán ár, fjórtán ár, tólf ár, ellefu ár ... Enn hafði réttarforsetinn ekki nefnt nafn mitt. Síðan kom það. „Fundinn sekur um þátttöku í samsæri til þess að hindra með ofbeldi framgang

Þýsku byltingarinnar — tíu ára betrunarhúsvinna — *Zuchthaus*.“ Síðan kom röð vægari dóma. Níu af félögum mínum höfðu verið dæmdir til dauða. Sjö hlutu ævi-langt fangelsi. Einn fanginn dó, meðan á réttarhöldunum stóð. Annar var fluttur á geðveikrahæli. Við hinir skiptum með okkur 350 ára fangelsisvist.

Réttarhöldunum var lokið. Hauskúpuliðarnir smelltu handjárnunum um úlniði okkar. Nasistakvenfólkið aftar í salnum æpti af fögnuði. Jauch ákærandi stóð og ljómaði í miðjum blaðamannahóp. Kyndarinn Alfred Wehrenberg klifraði upp á bekk. „Verið þið sælir, félagar!“ hrópaði hann. Hann var meðal þeirra níu, sem áttu að missa höfuðið fyrir öxinni. Ungi Arthur Schmidt, sem var einnig dæmdur til lífláts, lyfti hægri hnefanum. „Okkar mun verða hefnt,“ hrópaði hann hásum rómi. „Börn okkar munu leika sér undir rauðum fánum meðan Hitler rotnar til ætis ánamöðkum. *Rot Front! Rot Front! Rot —!*“

Einn af varðmönnum greiddi féлага Schmidt bylmingis hnefahögg í andlitið.

Nokkrum dögum eftir að lokið var réttarhöldum þeim, sem sagan kallaði síðar *Rote Marine Prozeß*, vakti fangavörðurinn mig um dögum. Það var 19. maí 1934, daginn fyrir hvítasunnu. Það var farið með mig út í fangelsisgarðinn.

„Hvað er á seyði?“ spurði ég fangavörðinn.

„Engar spurningar,“ svaraði hann stuttur í spuna.

Ég gekk gegnum garðinn að fremur breiðu sundi, sem lá milli ytri múranna og fangelsisspítalans. Þar sá ég um fjörutú af félögum mínum, sem dæmdir höfðu verið í máli Rauðu sjóliðanna, standa í röð upp við múrinn. Andlit þeirra voru hörð, augun glennt og starandi.

„Stattu þarna í röðinni og vertu grafkyrr,“ var mér skipað.

Ég skipaði mér í röðina. Ég gaut augunum í allar áttir. Ég var að reyna að finna ástæðuna til þessa ferðalag svona árla morguns. Allt í einu kom ég auga á hlut og stírðnaði af skelfingu. Í miðju sundinu stóð lágur höggstokkur. Hann var málaður ljósgrænum lit. Fyrir neðan hann stóðu fjórar langar körfur á stærð við líkkistur og stór tunna, full af sagi. Þykku lagi af sagi hafði verið dreift á pallinn. Þá vissi ég, að í dag var dagur aftökunnar. Loftið var tært og himinninn heiður. Fuglarnir kvökuðu í nýútsprungnu trjálaufinu fyrir utan múrana. Fyrstu geislar sólarinnar glitruðu á þökum fangelsisbygginganna. Á hæsta turninum blakti stór hakakrossfáni. Mínútur liðu, og fyrir mig var hver mínúta klukkustund. Andlit féлага minna, sem höfðu í fyrstu verið algerlega sviplaus, fylltust nú vantrú, niðurbældri reiði og nístandi ótta.

Flokkur manna þrammaði yfir fangelsisgarðinn. Það voru dómamarar setudómsins og Jauch ákærandi, allir í lafafrökkum og með pípuhatta. Þarna var Radam lögreglu-fulltrúi. Hann glotti órólega og masaði við starfsbræður sína úr Gestapo. Á eftir þeim kom löng fylking SS-manna. Unglingunum var sýnilega umhugað um að sýnast herskáir á svipinn, en ótti og forvitni skinu út úr andlitum þeirra. Síðan gekk annar strjáll hópur yfir fangelsisgarðinn — feður og bræður stormsveitarmanna, sem höfðu fallið í valdaskærunum. Allt þetta fólk tók sér stöðu í sundinu, til beggja hliða við ljósgræna höggstokkinn.



Síðastur á vettvang var böðullinn, digur maður með beinamikið andlit og syfju-leg brún augu. Hann var í sterkjæðri hvítri skyrtu, röndóttum buxum, lafafrakka og með pípuhatt, eins og hinir. Svo lágum rómi að tæplega heyrðist, gaf hann fjórum aðstoðarmönnum sínum fyrirskipanir. Einn þeirra skaust inn í dyr á fangelsis-spítalanum. Nokkru síðar kom hann út með öxina.

Áður fyrr hafði fallöxi verið notuð til þess að skilja höfuðið frá bolnum, en Hitler hafði afnumið fallöxina, sökum þess, að hún væri franskt tiltæki. Handöxin var aftur á móti föst í sessi. Skaft hennar var úr fágudum viði, aðeins yfir metra á lengd. Blaðið var breitt og þungt. Bakkinn var úr glitrandi stáli. Handlangari böðulsins setti hana á grind úr málm og leðri, sem stóð rétt hjá höggstokknum. Jauch ákærandi tók upp skjöl úr tösku sinni. Röd fanganna við múrinn virtist riða, en ef til vill voru það einungis augu mín, sem riðuðu. Böðullinn var reiðubúinn.

Sá fyrsti, sem leiddur var úr klefa sínum, var Johnny Dettmer. Hann gekk á milli tveggja fangavarða og var í röndóttum fangafötum. Hann leit á himininn, hann leit á trjákrónurnar og sveiflaði fótleggjum sínum eins og hann væri á skemmti-göngu. Þeir námu staðar fyrir framan ákærandann. Jauch tautaði og leit varla upp úr blöðunum. Ég sá þá fyrst, að það var prestur í hópnum. Presturinn var lífill svartklæddur maður með hakakross á erminni.

„Farðu til helvítis,“ sagði Dettmer við hann hvellum rómi.

Það heyrðust óp úr ótal klefagluggum: „Vertu sæll, Johnny!“ — „Lengi lifi byltingin!“ — „*Nieder mit Hitler!*“ Óp heiftar og skelfingar. Þegar aðstoðarmenn böðulsins gripu Johnny Dettmer, varðist félagi okkar ódslega. En hendur hans voru fjötraðar fyrir aftan bak. Verðirnir hnýttu fætur hans saman á öklunum og bundu hann uppréttan á fjöl. Fjölin var lögð niður á höggstokkinn. Höfuð Johnnys stóð framundan brúninni. Undir höfðinu var karfa, hálf af sagi.

„Góða ferð, Johnny,“ hugsaði ég. „Vertu ekki að verjast lengur. Hættu, góði. Reyndu að ganga rólegur í dauðann. Þú barðist hinni góðu baráttu. Vertu sæll, Johnny, vertu sæll, vertu sæll.“ Það sást varla tár á nokkru auga. Þau voru þurr, opin og starandi. Áður en ég gat gert mér grein fyrir, hvað var að gerast, hafði böðullinn reitt öxi sína til högg yfir höfði félaga Dettmers. En hann hjó ekki. Hann lét öxina falla hægt á hálsinn á Johnny. Síðan dró hann axarblaðið að sér með rólegri hreyfingu. Höfuð Johnnys Dettmers féll ofan í körfuna.

Í eina eða tvær sekúndur fór titringur um höfuðlausan búkinn. Blóðið rann ofan í sagið. Áhorfendurnir voru þögulir. Aðstoðarmenn böðulsins leystu líkið og köstuðu því í eina körfuna. Aðrir menn þvöðu fjölinna og reistu hana við aftur. Böðullinn tók höfuð hins líflátna og lagði það milli læranna á líkinu. Síðan báru fjórir verðir körfuna niður í kjallara spítalans. Nýju sagi var dreift yfir blóðið, og að vörmu spori var næsti maður leiddur út úr „dauðraganginum“.

Það var Hermann Fischer, lágvaxinn, fámáll, hugrakkur maður, sem hafði verið foringi fyrstu rauðu hundradssveitarinnar í götubardögum í Hamborg 1923.

Fischer leit hvorki til hægri né vinstri. Hann ýtti klerknum til hliðar og gekk beint upp á höggstokkinn. Þegar böðullinn reiddi öxina til höggs, yppti Fischer öxlum.

„En það leikhús!“ voru síðustu orð hans.

Fred Wehrenberg, kyndarinn, var þriðji í röðinni. Hann gekk á undan fanga-vörðunum og söng hástöfum: „*Brüder, zur Sonne, zur Freiheit* ... Bræður, til sólarinnar, til frelsisins ...“

Hann hætti að syngja, þegar hann stóð andspænis ákærandanum. Þegar dr. Jauch las dóminn, öskraði Fred Wehrenberg framan í hann: „Lengi lifi Ráðstjórnarríkin! Lengi lifi Sovét-Þýskaland!“ Hann æpti, þangað til öxi böðulsins féll. Í röðum fanganna, sem horfðu á, höfðu tveir menn fallið í ómegin. Fangaverðirnir drógu þá aftur inn í klefana. Úr einum litla rimlaglugganum hrópaði hvell rödd án afláts: „Hefnd! Hefnd!“

Arthur Schmidt var leiddur síðastur á höggstokkinn. Þegar hann gekk yfir fangelsisgarðinn, var engu líkara en að kraftar hans mundu bila. Hann riðaði í hnjáliðunum, og verðirnir urðu að styðja hann. Blóðið hafði vætlað í gegnum sagið við fætur hans, enda þótt það væri nú orðið þrjátíu sentimetra þykkt. Hann sá dökkrauðu flekkina, hann sá körfulíkkistuna, sem eftir var, votan höggstokkinn og blikandi öxina og hopaði skyndilega á hæl.

„Hinir eru dauðir?“ spurði hann.

Enginn svaraði honum.

„Höfuð þitt mun líka falla,“ sagði hann við Jauch ákæranda og rétti skyndilega úr sér með ögrunarvip. Síðan bundu þeir hann á fjölinna.

Arthur Schmidt var að tala við sjálfan sig: „Allir menn verða að deyja fyrr eða síðar. ... Ég dey fyrir öreigana. ... Þeir geta drepíð verkmanninn Arthur Schmidt, en þeir geta ekki drepíð sál hans. ...“ Á síðustu stundu hrópaði hann: „*Mutter, Mutter!* Mamma, mamma.“

Öxin féll. Þetta var of mikið. Múrin reis, og húsið hrapaði fyrir augum mér. Ég heyrði, að SS-maður var að lesa upp nöfn myrtu stormsveitarmannanna. Þegar hann hrópaði nöfn hinna dauðu, hvert fyrir sig, svaraði nasistasamkundan í fangelsisgarðinum honum með snöggu öskri:

„Heinzelmann stormsveitarmaður!“

„Hér!“ öskruðu verðirnir einum rómi.

Ég skjögnaði og féll til jarðar. Þegar ég vaknaði, var ég í klefa mínum.

Sex vikum eftir liflát Rauðu sjóliðanna sat ég enn einn í klefa í réttarfangelínu. Maímánudur leið, júní sömuleiðis, og fangelsisgarðarnir lágu baðaðir í svækju júlíhitans. „Hvers vegna er ég ekki fluttur í almennt hegningarhús?“ spurði ég forviða með sjálfum mér. Ég var einn í klefanum. Mér var ekki fengið verk að vinna. Ég hafði ekkert að lesa. Ég vissi ekki um neitt, sem gerðist úti í heiminum. Oft, er ég lá vakandi í fleti mínu að morgni dags, heyrði ég af gamalkunnugum hljóðum, að aftökur fóru fram — ögrunarópunum, hrópunum úr klefagluggunum og hinum hása kór hauskúpuliðanna.

Nóttina eftir 30. júní og næstu tvær nætur á eftir voru fangelsisgardarnir í uppnámi. Flutningabílar skröltu, gjammandi skipunarorð gullu í myrkrinu, og á hverjum morgni tók undir í öllu fangelsinu af byssuskotum. Ég var að furða mig á því, hvað þessi skothríð ætti að þýða. Öxin og fallöxin voru þó ekki svo háværar. Það var eins og mér hefði verið gleymt. Til þess að stytta mér hinar löngu stundir gerði ég leikfimisæfingar, rifjaði upp fortíð mína, reyndi að muna allar bækur, sem ég hafði lesið, og samdi löng samtöl í huganum á ensku og þýsku og stundum á spænsku eða frönsku. Stundum birtust mér allir liðnir ævidagar mínir sem einn tröllaukinn og vesæll misskilningur, en ég fældist slíkar glöggsýnir og sigraðist á þeim af ráðnum hug með því að sökkva mér í vímu hugmynda minna um skyldur og stolt bolsévika. Á nóttunni fannst mér ég vera grafinn lifandi.

Eftirmiðdag einn í byrjun júlí fékk ég óvæntan gest. Lykli var snúið í skránni, slánum var ýtt frá hurðinni, og ég stökk á fætur. Inn kom Rudolf Heitman, GPÚ-flugumaðurinn í Gestapo. Hann sagði fangaverðinum að fara.

„Sestu,“ sagði Heitman við mig, „vertu rólegur. Ef einhver kemur hingað inn, þá mundu það, að ég er kominn til að vita, hvort þú berð kennsl á ljósmynd, sem ég er með.“

Ég barðist gegn löngun minni til að fadma Heitman að mér.

„Segðu mér,“ sagði ég með andköfum, „hvað er að fréttu?“

„Allt þetta sama,“ tautaði Heitman. „Hitler er fastur í sessi. Á byltingu trúir enginn lengur. Við verðum ef til vill neyddir til að semja við brúna óþjóðalýðinn.“

„Hvaða skothríð var þetta hérna fyrir utan um nóttina?“ spurði ég.

„Fjörutíu stormsveitarfyrirliðar voru sendir til Valhallar. *Brigadeführer* Fiebelkorn og allt hans hyski. Röhm og Heines voru skotnir í München. Schleicher hershöfðingi og Karl Ernst og margir aðrir voru brytjaðir niður í Berlín. Fjöldauppræting á helstu drengjunum, sem voru hlynntir ‚annarri byltingu‘. Nei, Hitler heldur föstum tökum um stýrið. Allt SS-liðið og Gestapo var reiðubúið við vélbyssurnar, ef brúnstakkarnir skyldu hafa hugsað til hreyfings. Þið eruð heppnir þessir karlar, sem eruð í fangelsi.“

„Heppnir — hvers vegna?“

„Ef Röhm og Heines hefðu náð völdum,“ sagði Heitman, „þá mundu þeir hafa raðað ykkur upp við múrana og sallað ykkur niður með vélbyssum. Daudir menn eru ekki þungir á fóðrum.“

„Hver var valdur að handtöku minni?“ spurði ég. „Hver var njósarninn?“

Heitman yppti öxlum. „Það er einmitt það, sem mig langaði til að spyrja þig um,“ muldraði hann. „Ég er ekki nógu vel innundir hjá utanríkisdeildinni til að komast að því. Þeir eru að verða vitlausir í Kaupmannahöfn — nálægt níu hundruð handtökur við höfnina á níu mánuðum. Það er leitað í skipum, sem flytja hraðboða okkar og í fylgsnum okkar. Kraus lögreglufulltrúi hefur fengið skipun frá Berlín um að útrýma kommúnisma af skipunum. Heppilegt fyrir þig, að hann

skuli vera svona önnum kafinn. Hann er verstur af óargadýrunum — hann og þessi mannætutík hans.“

„Hvers vegna er Hertha Jens enn á lífi?“

„Spurðu mig ekki að því. Hún er sest að í aðalskrifstofu Gestapo. En vinir okkar eru að starfa að lausn þess máls. Hún tekur sér sumarleyfi í ágúst. Ef hún fer þá til útlanda ...“ Rudolf Heitman dró stubbóttan vísifingurinn yfir barkann á sér. „Þá slökkna ljósin hjá Herthu litlu,“ bætti hann við.

„Hver á að sjá um það?“

„Ég veit það ekki,“ sagði Heitman.

„Avatin?“

„Skiptu þér ekki af því. Tíkin hans Peters Kraus fær það, sem hún á skilið.“

„Hvað varð um Cilly?“

„Hún lék eins og í bestu kvikmynd,“ sagði Heitman og hló. „Hún lét ekki hafa neitt upp úr sér. Hún sagði, að þú hefðir dáleitt hana og tælt hana, og eftir það hefði hún verið á þínu valdi. Gleymdu því ekki. Komdu ekki upp um hana, þegar þú kemur fyrir rétt.“

„Rétt?“

„Já, það á að halda rétt yfir þér aftur. Landráð. Kraus grunar margt, en hann veit lítið. Þú mátt vera feginn, hvað hann hefur mikið að gera dag og nótt. Hann sendir nýjssnarana út í hrönnum. Utanríkisdeildin stofnaði skóla fyrir þá núna eftir jólin. Þeir kenna strákunum allt, að brjóta upp peningaskápa og Oxford-ensku, hvað þá annað.“

Heitman dró upp hermanskammbyssu sína. Með henni klóraði hann sér í höfðinu. „Útvegaðu mér pappír og blýant,“ sagði ég. „Ég ætla að senda skýrslu til Kaupmannahafnar.“

„Vel á minnst,“ sagði Heitman, „það var einmitt þess vegna sem ég kom. Ég skal skilja ritföng eftir hjá þér. Skrifaðu hana í kvöld. Geturðu skrifað í myrkri?“

„Já.“

„Enga rithönd. Skrifaðu það með prentletri.“

Heitman fékk mér skrifblek og þrjá blýantsstubba, og faldi ég allt innan í dýnu minni. Ég tók eftir því, að hann var farinn að gerast óróf. Heitman tók fé fyrir starf sitt. Það var álitíð, að hann væri áreiðanlegur, vegna þess að hann vissi, að líf hans var á valdi Kominterns.

„Vertu óhræddur,“ sagði ég. „Þó að eitthvað fari aflaga, læt ég þá aldrei vita, hvar ég hafi fengið blýantana.“

Við höfðum talað í hálfum hljóðum. En þess á milli hellti Heitman yfir mig blóðugum skömmum — vegna fangavardanna úti á göngunum. Ósjaldan tók hann upp vasapela og teygadi drjúgum.

„Ég verð að drekka dag og nótt,“ sagði hann, „annars verð ég brjáláður.“

Innan stundar fór hann. Ég var hreifur í huga, eins og ég hefði drukkið absint. Cilly hafði ekki látið neitt uppskátt. Dagar Herthu Jens voru ef til vill taldir, hún

átti að fara sömu leið og Ílja Rajkov — Uxinn. Martin Holstein ... var hann flugumaðurinn? Nei, ég hafði þekkt Holstein of lengi til að efast um trúmennsku hans. Röhm var látinn. Heines var látinn. Fiebelkorn og ótal fleiri af brúnu stigamönnunum voru dauðir. „Ha — ha — ha,“ hló ég með sjálfum mér. „Þeir eru dauðir, og þú ert enn á lífi.“

Seint um kvöldið, þegar allt var orðið hljótt, skrifaði ég skýrslu mína til Vesturskrifstofunnar. Morguninn eftir kom Rudolf Heitman aftur. Hann stóð ekki við nema nokkrar sekúndur, rétt á meðan ég fékk honum skýrsluna. Ég var sæll. Ég hafði rofið einangrunarhringinn. Ég hafði höggvið skarð í múr einstæðingsskaparins, sem hafði króað mig inni í tvö hundruð óendanlega daga. Ég minntist skilnaðarorða Wollwebers: „Flokkurinn gleymir ekki börnum sínum.“ Það var satt! Komintern hafði brotið sér leið inn til einveru minnar og tekið í hönd mér.

Í lok júlí var ég leiddur fyrir setudómstól aftur. Að þessu sinni var það dómstóll sá, sem hafði landráð til meðferðar. Í stað þriggja dómara voru þeir nú fimm. Ég sá Cilly aftur. Hún sat á „syndarabekknun“ þrjá metra frá mér. Hún var jafnróleg og þrúðbúin og fyrr, en fól og heldur grennri. En undireins og dómarnir komu inn í réttarsalinn, fór hún að leika hlutverk óttasleginnar stúlku, sem bolsévikaflugumaður, er taldi henni trú um, að hann væri blaðamaðurinn Williams frá Lundúnum, hafði tælt til ólifnaðar. Hún lék hlutverk sitt af snilld. Ég játaði, að ég hefði notað Cilly sem verkfæri mitt. Öllum öðrum spurningum neitaði ég að svara. Réttarhöldin stóðu í fjórar klukkustundir. Meðal vitna þeirra, sem ákærvaldið leiddi, var aðalræðismaður Ráðstjórnarríkjanna. Hann var félagi okkar og vinur. Hann gekk inn í salinn með hendur í vösum. Nasistadómurinum féll framferði Rússans illa.

„Eruð þér rússneski ræðismaðurinn?“ spurði réttarforsetinn, dr. Roth.

„Nei,“ sagði ræðismaðurinn.

„Nú, hver eruð þér þá?“

„Ég er aðalræðismaður Ráðstjórnarríkjanna,“ svaraði hann.

Dómarinn sýndi honum nokkrar ljósmyndir. Þær voru teknar í Lenínsgarði, meðan þýska sjómannaverkfallið 1931 stóð yfir, og voru af ýmsum þýskum kommúnistum, meðal þeirra mér, er voru að heilsa ráðstjórnarfánanum.

„Þekkið þér nokkurn þessara manna, sem standa undir rauðu dulunni?“ spurði dómarinn.

„*Der rote Lappen?*“ endurtók ræðismaðurinn hægt. „Því miður.“

Án frekari umsvifa sneri hann sér á hæl og gekk út úr réttarsalnum.

Dómarnir voru tvær klukkustundir að bera saman ráð sín. Sannanirnar voru ófullnægjandi til þess, að ég yrði dæmdur eftir nýju landráðalögunum, og ég hafði ekki játað neitt. Engu að síður var ég dómfelldur, ekki eftir nasistalögum, heldur eftir hinu gamla *Republikschutzgesetz*, „lögunum til verndar Weimar-lýðveldinu!“ Ég fékk þriggja ára fangelsi — fyrir „undirbúning landráðastarfsemi“. Ósjálfrátt hugsaði ég: „Þrír við tíu eru þrettán.“ Réttarforsetinn kvaðst þykja leitt, að Gestapo

hefði ekki lagt fram næg sönnunargögn til þess, að hægt væri að dæma mig til lífláts fyrir landráð. Hann taldi mig vera „mjög hættulegan óvin hins nýja Þýskalands“. Mér var skemmt.

Barátta mín í bækistöðvum Gestapo og Fuhlsbüttel-fangabúðunum hafði ekki verið til ónýtis. Cilly hafði tekist að slá ryki í augu dómaranna. Með hjónabandi sínu hafði hún öðlast dönsk borgararéttindi, og dönsku blöðin og danska stjórnin settu fram einarðar kröfur um, að hún yrði látin laus. Hún fékk sjö mánaða fangelsi fyrir að hafa „gerst meðsek um undirbúning landráðastarfsemi, ef til vill óafvitandi“.

Þegar réttarhöldunum var lokið, var farið með okkur í fangelsið aftur. Við stálrimlahliðið, sem greindi kvennadeild fangelsisins frá karladeildinni, sneri ég mér skyndilega við og tók í hönd Cilly.

„Skilaðu kveðju frá mér til Firelei, þegar þér er sleppt,“ sagði ég.

Cilly var með tárin í augunum. „Þú mátt vera viss um það,“ svaraði hún.

Ég ætlaði að segja meira, en fangaverðirnir hrifu okkur sundur.

Skömmu eftir síðari málaferlin, var ég fluttur í hegningarhús Hamborgar, nýtísku fangelsi skammt frá Fuhlsbüttel. Fyrstu mánuðina reyndi ég að fylgjast með, hvað tímanum leið. En eðlileg hvöt til að gleyma rás tímans varð æ sterkari. Tíminn var hættur að hafa nokkra merkingu. Tíminn var blekking. Í tuttugu mínútur á degi hverjum var farið með mig út í fangelsisgarðinn. Í eitt þúsund fjögur hundruð og tuttugu mínútur á hverjum degi sat ég einn í klefa mínum. Til morgunverðar og kvöldverðar fékk ég tvær sneiðar af þurru, svörtu brauði. Miðdegisverðurinn var einn lítri af súpu. Ég mataðist í klefanum. Matnum var stungið inn um lítið op á stáldyrunum. Ég var alltaf svangur. Ég hafði þekkt hungur áður, en aldrei hafði ég soltið svona. Stundum var mér fenginn alltorkennilegur matur og skipað að snæða. Það var *Ersatz*, matvælalíki, sem var prófað á okkur föngunum, áður en öðrum var boðið það til kaups.

Ég vann í tíu stundir á hverjum virkum degi við að tæja niður kaðla. Þrjú kíló af kaðaltæjum var skylduframléiðsla hvers fanga. Þeir, sem gátu ekki annað því, voru settir á hálfan matarskammt. Á hverjum sunnudagsmorgni fékk ég bók að lesa. Fangelsispresturinn, sem var nasisti af gamla, prússneska skólanum, miðlaði bókunum. Af einhverri ástæðu, sem hann einn vissi um, dembdi hann stöðugt á mig gömlum, sögulegum skáldritum.

Einu sinni á hálfum mánuði fékk ég að fara í bað. Hvert bað mátti standa í tvær mínútur. Hrein nærföt fékk ég einu sinni á mánuði, einu sinni á viku var ég rakaður og klipptur í hverjum mánuði. Reykingar og dagblöð voru bönnuð. Þó að eitthvert meginlandið hefði sprungið í loft upp, mundi ég ekki hafa vitað það, nema ef svo hefði viljað til, að það væri Mið-Evrópa. Heimsóknir voru ekki leyfðar. Einu sinni á hverjum sextíu dögum var mér leyft að skrifa bréf — og það mátti ekki vera lengra en tólf línur. En sjálfur mátti ég fá sendibréf hverja viku. Þau voru öll frá Firelei. Það voru yndisleg bréf, full af góðvild, ást og hugrekki. „Þú ert ekki einn,“ skrifaði hún. „Ég er hjá þér. Sérðu mig ekki? Ég er í klefa þínum. Fjögur

skref. Fjögur skref til baka. Ég er að hjala við þig um ógleymanlegu stundirnar, sem við höfum átt saman. Ég er þakklát fyrir slíkar stundir. Nei, nei, þú ert ekki einn.“

Í samanburði við þýsk fangelsi hafði San Quentin verið skemmtistaður. Stundum var ég á barmi örvinglunar. Ég reyndi að sigrast á þunglyndinu með því að vera harður við sjálfan mig. „Þeir gera þér ævina örðuga,“ hugsaði ég, „gott og vel, gerðu þér hana enn örðugri sjálfur.“ Ég kastaði brauði út um gluggann. Ég framleiddi meira af hamptæjum en ég þurfti. Ég neyddi sjálfan mig til að standa í erfiðum stellingum. Ég agaði líkama minn og hug minn. Það var sigur minn. Fyrir þrautir þær, sem ég lagði mér sjálfur á herðar, virtust þrautir fangelsisins ekki vera annað en eðlileg lífsskilyrði. Mesta ánægja mín var að liggja vakandi á nóttum og láta hugmyndaflug mitt framleiða stórfenglega tónlist. Ég heyrði *Carmen* og *Lohengrin*. Þegar ég gat ekki hremmt tónana til þess að láta þá flæða um hug minn, raulaði ég söngva tímunum saman, öll þjóðlög sem ég mundi og alla baráttusöngva Kominterns.

Ég kannaði líka uppsprettulindir sjálfs mín. Ég fann lönd, sem mig hafði ekki dreymt um. Ég hafði ávallt eitthvað fyrir stafni. Ég gat teflt skák við sjálfan mig í myrkrinu án skákborðs né taflmanna. Ég gat látið hugann flytja mig til Kína og Arabíu eða aftur í aldir Alexanders og Napóleons. Ég lét menn og konur, sem ég hafði þekkt, rísa upp og koma í klefann til mín, eins og verur af holdi og blóði. Og ég gat tekið bók og varið löngum sunnudegi til að þýða hana á ensku eða frönsku eða æft minnið með því að læra leiðinlegustu kaflana utanbókar. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að maðurinn væri dásamleg vera. Tíminn leið, og hugsanir mínar snerust æ minna um heiminn fyrir utan. Hann var ekki til. Hann var sjónhverfing. Fangaklefinn var veröldin, og fangelsisgarðurinn var alheimurinn.

Nóvembermánuður 1934 færði mér þjáningar og kvíða. Bréfin frá Firelei voru hætt að koma. Á hverjum morgni, þegar ég heyrði fótaskref nálgast í ganginum, hugsaði ég með ákafa: „Nú kemur bréfið frá Firelei.“ En skrefin fóru framhjá. „Hvað er að Firelei?“ hugsaði ég. „Hefur hún gleymt mér? Er hún orðin þreytt? Hefur flokkurinn bannað henni að skrifa? Er hún dáiin?“ Ég fann ekkert svar. Veturinn leið og vorið 1935. Og ekkert bréf kom. Ég var svo einmana, að ég var farinn að tala við flugurnar í klefa mínum. „Hvar er Firelei?“ spurði ég þær. Dag einn í júní villtist stórt fiðrildi inn í klefann til mín. „Kemurðu frá Firelei?“ spurði ég. Ég verndaði það eins og dýrmætan fjársjóð. En það flögraði frá mér í gegnum rykskýin og lamdi vængi sína í tætlur við múrvegginn.

# Töfrabrögð í mannabúrunum

HÖFUÐSMAÐUR VARÐLÍÐSINS VAR lítill, dökkur, grannvaxinn maður með andlit eins og ránfugl. Þegar hann gekk, var hann mjög svipaður brotnu kústskafti. Andlit hans var gulleitt, nefið íbogíð, varirnar þunnar og augun dökk og stingandi. Fangarnir kölluðu hann „Marabú“, Storkinn. Hlutverk mannsins var að þjaka bæði fangaverðina og fangana jöfnum höndum. Það var hann, sem ákvað refsingar fyrir brot á hinum ströngu reglum fangelsisins. Refsingarnar náðu allt frá því að banna föngunum að skrifa bréf eða skera niður matarskammt þeirra til innilokunar í svartholinu. Marabú stóð oft óralengi þögull fyrir framan klefana, gaf föngunum gætur í gegnum gægjugatið á hurðinni og leitaði að einhverri óreglu, einhverju tækifæri til að beita refsingu.

Ef einhver eirðarlaus sál gekk fram og aftur um klefann í vinnutímanum, þá kallaði Marabú það „óvirka mótspyrnu“. Ef einhver geymdi sér brauðbita frá morgunverðinum í því skyni að snæða hann með súpunni sinni um hádegis, þá nefndi Marabú það „að safna vistum til flóttu“. Ef fangi losaði um hálsklút sinn í sumarhitum, þá var Marabú óðar kominn á staðinn til þess að hegna honum fyrir brot á aganum. Ef blikkbolli eða skeið fanga lá svo mikið sem þumlung frá þeim stað, sem ákveðinn var í prentaðri reglugerð fangelsisins — þá var það „skipulögð óhlýðni“ í augum Marabú. Þegar hann fann blýantsstubb falinn undir dýnu fanga, kallaði Marabú það „samsæri um að semja kommúnista-flugrit eða ástarbréf til kynvillinga“. Hann var ávallt fyrnskulegur, sívakandi og miskunnarlaus. Fangarnir hötuðu hann. En Marabú kom aldrei einn inn í klefa. Hann var alltaf í fylgd tveggja gildvaxinna fangavarda. Stundum kom hann út í fangelsisgarðinn, þegar við vorum að líkamsæfingum. „Standið rétt!“ öskruðu fangaverðirnir þá, og við stóðum allir kyrrir í sömu sporum eins og klettur. Marabú læddist fram með röðunum í leit að yfirsjónum. Ef hnappur á fangabúningnum var óhnepptur, þá tók hann upp vasahníf og skar hnappinn af og alla hina hnappana líka. Eftirlætisrefsing hans í fangelsisgarðinum var að láta fangana stökkva ofan í gríðarstóra tunnu og upp aftur. Þá gall rödd hans við: „Í tunnuna — úr tunnunni! Í tunnuna — úr tunnunni!“ Einu sinni á viku var hann vanur að skipa okkur að fara úr öllum fötunum og láta verðina leita í fötum okkar. Margendurteknar tilraunir fanga, sem voru að ganga af göflunum, til að drepa Marabú, báru engan árangur. Margir þeirra, sem það reyndu, voru látnir dúsa í hlekkjum í dýflissunum í kjallaranum. Í fangelsinu gekk orðrómur, sem sendur var með höggum milli múra eða hvíslað milli glugga



á nóttunni þess efnis, að Marabú hýddi þessa vesalinga á hverri nóttu með eigin hendi.

Dag einn í júní komu tveir fangaverðir inn í klefa minn. Á eftir þeim kom Marabú. Ég rétti úr mér, hrópaði nafn mitt og númer og sakargiftir. Marabú gekk hringinn í kringum mig og athugaði mig frá öllum hliðum. Hann var með gulu hendurnar fyrir aftan bak. Það datt ekki af mér né draup. Marabú skoðaði hálsklút minn af nákvæmni. Hann var óaðfinnanlegur. Hann renndi augunum til stígvéla minna. Þau voru gljáandi. Hann skoðaði jakkann minn vandlega. Enginn hnappur var óhnepptur, enginn saumur rifinn. Snöru, svörtu augun skyggndust inn í hvern kima klefans. Hann nuddaði sleikifingri um gólfíð fyrir aftan salernið. Síðan leit hann á fingurinn á sér. Ekkert ryk. Hann skipaði mér að snúa dýnunni við, að sýna sér mataráhöld mín, að leysa niður um mig, svo að hann gæti gengið úr skugga um að ekkert óleyfilegt væri falið milli fótanna á mér. Loksins sagði hann: „Hvernig líður þér annars?“

„Ágætlega,“ svaraði ég.

„Ertu enn kommúnisti?“

„Nei.“

„O, jæja,“ sagði hann önnur, „ég sé ekki, hvað þú ert að hugsa. En það er engin ástæða til, að ég trúi þér. Ég er með nokkrar myndir til þín.“

Hann dró nokkrar ljósmyndir upp úr vasanum. Það voru myndir af Firelei. Ég hljóp fram með útrétta hönd. Marabú urraði:

„Hreyfðu þig ekki! Láttu fingurna liggja blýfasta niður með buxnaaumunum þegar ég tala við þig.“

„Myndirnar, herra,“ sagði ég.

„Þær komu með bréfunum frá konunni þinni. Skemmtileg bréf, sem hún skrifaði þér, mjög skemmtileg bréf.“

„Já, herra.“

„Ég get ekki látið þig fá myndirnar,“ sagði hann þurrlega. Vottur af brosi leið yfir andlit hans. „Þú færð þær, þegar þér verður sleppt. Eftir — eftir hve mörg ár?“

„Eftir tólf ár,“ sagði ég styrkum rómi.

„Þá verður gaman að sjá, hvernig konan þín var á að líta fyrir tólf árum,“ skríkti Marabú. „Fólk hefur þann ósið að eldast, eins og þú veist. Liðamótin stíðna og hörundið verður skvapakent, og andlitið verður harla hrukkótt. Það eru líklegast ellihrukkurnar. Hvað gerðir þú í kommúnistasamtökunum?“

„Skyldu mína, herra — það sem ég taldi réttast.“

„Skyldu — já! Við gerum allir skyldu okkar,“ sagði hann.

„Já, herra minn.“

Ég hafði hamslausa ánægju af að storka honum og láta ekki bera á veikleika þeim, sem hann vildi fá að verða var við.

„Kanntu við þig einn í klefa?“ spurði Marabú.

„Já, herra minn.“

„Hvers vegna?“

„Ég kann vel við að vera einn.“

„Kannstu betur við þig hér en í almenningnum?“

„Ég held það.“

„Hvers vegna?“ spurði hann hörkulega.

„Af því að það er tilbreytingarlaust,“ svaraði ég. „Maður hættir að fylgjast með tímanum og þess vegna líður hann fljótar.“

„Þú átt of góða daga,“ sagði Marabú að endingu. Hann sneri sér að öðrum fangaverðinum. „Hérna, farðu með þennan mann í númer níu.“

Marabú fór. Hann gekk á gúmmísólum, og það var engin leið að heyra, þegar hann kom eða fór. Fangavörðurinn skipaði mér að vefja teppinu mínu saman og koma með sér í númer níu.

Ég gekk niður ganginn, fram hjá klefaröðum. Lásarnir voru fægðir. Gólfíð var gljáandi. Öllu fangelsinu var haldið vandlega hreinu. Dýrðin var ógurleg; hún virtist vera í algerri mótsögn við þá staðreynd, að nærri tvö þúsund lifandi verur dvöldust að baki þessara þögulu stálhurða. Aðalforstofan var svöl og dimm, og þar sáust engin lífsmerki nema verðirnir, sem gengu um eins og skuggar. Einn þeirra var að hreinsa byssu.

Annar nam staðar til að renna augunum inn um gægjugat. Þær álmur fangelsisins, sem einkaklefnir voru í, voru líkari hálfmyrkri grafhvelfingu en samastað fjölda fangelsaðra manna, — manna, sem sátu einir yfir hugsunum sínum hvern mánuðinn á fætur öðrum.

Eftir þröngum járnþrepum gekk ég ofan á neðstu hæð byggingarinnar. Fangar stóðu í löngum röðum og sneru andlitunum að veggnum. Enginn gaf hljóð frá sér, og enginn bærði á sér. En þegar ég gekk fram hjá þeim, sá ég suma skotra augunum flóttalega út undan sér. Ég sá ljóshærðan pilt, sem ég hafði síðast séð húka á þaki leiguhúss í Altona, en þar var hann að skjóta úr fyrirsát á herjandi nasista á götunni. Hann yppti örlítið öxlum í kveðjuskyni; með höndunum gaf hann snöggt merki: „Fimmtán ár.“ Síðan gekk ég fram hjá gestastofunni. Ung kona kom þar út. Hún var snyrtilega klædd, en augu hennar voru rauð. Hún leiddi tvö börn sitt hvorri hendi, smátelpur, angistarlegar á svipinn.

Ég gekk fram hjá miðbiki fangelsisins. Þar sátu tveir verðir við vélbyssu á háum palli. Þeim var þannig í sveit komið, að þeir gátu beint kúl nahríðinni — án þess einu sinni að standa upp úr sætum sínum — eftir öllum fimm álmum fangelsisins, sem lágu út frá þessum bletti eins og oddar á fimmtenntri stjörnu.

Ég gekk fram hjá klukkunni miklu, sem söng skipanirnar um að hefja vinnu, hætta vinnu, matast, háttu. Tíu sinnum á dag buldi hún við. Þrjátíu og sex þúsund og fimm hundruð sinnum mundi hún bylja á tíu árum. Og hver skellur hennar var sem fyrirlitleg rödd og hark í hlekkjum.

Við gengum yfir einn fangelsisgarðinn og beygðum inn í stærstu álmuna í eldri hluta fangelsisins. Í honum voru almenningarnir. Þar voru þrír breiðir gangar. Á

hverjum gangi voru sjö dyr, og hverjar dyr lágu að sal. Þessi hluti fangelsisins tók undir af samfelldum lágum nið, eins og brimi í fjarska, nið, sem hófst að morgni og þagnaði ekki fyrr en klukkan var 7.30 að kvöldi, þegar merki var gefið um að slökkva ljósin, nið, sem var eins og kliður óslökkvandi lífs og hreyfingar, kliður þúsund radda handan gráu stálhurðanna.

„Númer níu — stansaðu hér,“ skipaði fangavörðurinn.

Dyrnar voru opnaðar. Ég gekk inn með teppastrangann undir handleggnum. Undan lágu, óþrifalegu loftinu fossuðu hljóð og hreyfingar á móti mér. Ég stóð kyrr, agndofa af að sjá þessa kviku og háværnu mannmergð. Allt í einu gripu tvær fastar hendur um augun á mér aftan frá.

„Hæ — þú ert fundinn!“ sagði rödd sigrihrósandi.

Ég losaði mig undan takinu. Fyrir framan mig stóð Salomon, sem hafði verið hægri hönd mín fyrr á árum. Hann skók höndina á mér, svo að ég hafði nærri því missta fótfestu. Gráleita andlitið var afskræmt af gleði.

„Velkominn,“ sagði hann. „Svei mér þá! Þú ert kominn! Það gengu sögur um, að þeir hefðu drepið þig og jarðað.“

Salur númer níu var hérumbil tólf metrar á lengd og níu metrar á breidd. Þrír gluggar með járngrindum vissu út að fangelsisgarðinum, en tveir minni vissu að ganginum, svo að verðirnir gætu haft umsjón með salnum án þess að þurfa að hætta á að koma inn. Fram með öllum ytri veggnum voru tvær raðir af trébríkum hvor upp af annarri, og á þeim lágu strigapokar fylltir hálm. Þessir pokar voru dýrnar okkar. Engir gaflar voru á milli dýnanna. Í miðjum salnum voru fimm löng borð og á milli þeirra óheflaðir trébekkir. Borðin, svefnbríkur, steinsteypugólflið — hvert einasta fótmál á númer níu — voru þakin stórum stönglum af litskrúðugum basti.

Hérumbil sextíu menn í fangafötum húktu á bekkjunum, öxl við öxl og bak við bak. Þeir drógu bastþræði úr stönglunum með skjótum hreyfingum og hnýttu þá saman í þúsund metra lengdir eða meira. Basturinn var síðan vafinn upp í stóra eggmyndaða hnykla. Á vinnustofunum í kjallaranum og í einsmannsklefunum var hann síðan ofinn í mottur, sandala og þvíumlíkt.

Loftið var þungt og endurómaði af samfelldum raddklið. Mennirnir töluðu og æptu hver til annars yfir borðin, og þeir urðu að hafa hátt, svo að til þeirra heyrðist í öllum gauraganginum. Ég heyrði nokkur orð — „baunir ... skákþing ... Glocke eftir Schiller ... virðisauki ... mella með brjóst eins og brauðhleifa ... Lítvínov ... sextán eplatré ... bréf frá konunni ... “. Sumir mennirnir húktu þögulir, og svipur þeirra var annaðhvort hnugginn, dreymandi eða fullur af ólundarlegrri grimmd. Sextíu menn unnu og sváfu, mötuðust og rökræddu og þvoðu sér og háðu stórar og smáar orrustur í númer níu. Og í fangelsinu voru átján slíkir salir. Þrjátíu mínútna gæsa gangur í fangelsisgarðinum á hverjum degi var eina afþreying lífsins í umhverfi, þar sem hver maður hafði umráð yfir tveimur fermetrum — mánuðum saman og árum saman. Þeir fóru á fætur klukkan sex og gengu til hvílu

klukkan hálfátta. Tíu stundir á dag voru þeir látnir vinna. Þeir biðu í röðum við eina salernið, sem til var, og þeir snæddu mat sinn með skeiðum, því að gafflar voru þegar alitnir hættuleg vopn. Á nóttunni voru gluggarnir lokaðir, og loftið í númer níu varð fljótt eins og kæfandi pest. Mér varð það ljóst þegar frá upphafi, að slíkt samsafn ódælla skapgerða í svo þröngum húsakynnum hlýti að hafa í för með sér árekstra og villimennskuköst. Menn slógust um eitt sápuþykki, eina brauðskorpu, rými við gluggann — eða um dýrmætara herfang. Þriðji hluti íbúanna í númer níu voru ósviknir glæpamenn — falsarar, þjófar, innbrotspjófar, ræningjar, hjónabandssvikarar og melludólgar. Flest vandræði, sem upp komu í almenningnum, stöfuðu frá ófyrirleitnum einstaklingum þessara manntegunda. Hinir tveir þriðju hlutarnir af föngunum voru stjórn málaafbrotamenn. Það voru tveir eða þrír jafnaðarmenn, ritstjórar og starfsmenn verkklýðsfélaga, en meginhluti stjórn málaafanganna voru úr Kommúnistaflokknum. Fangaverðirnir kölluðu almenningana „vítisholur“ og voru hræddir við að koma þangað inn nema margir saman.

Félagi Salomon hvíslaði til mín viðvörðun: „Hafðu gætur á orðum þínum,“ sagði hann. „Gestapo hefur njósna í hverjum sal. Sumir sitja kyrrir og hlusta. Aðrir eru sífellt að reyna að fá aðra í lið með sér til njósnanna. Ógætilegt orð gæti haft í för með sér handtökur vina okkar, sem enn ganga lausir.“

Ég spurdist fréttu. Margt hafði gerst þessa mánuði, sem ég sat einn í klefa. Verkamannauppreisn í Vín hafði verið drekkt blóði og nasistamorðingjar höfðu skotið Dollfuss kanslara til bana. Konungur Belgíu hafði hrapað fyrir bjarg og týnt lífinu. Siglingar Ameríkumanna höfðu riðað undan allsherjarverfallinu í San Francisco. Von Hindenburg forseti var kominn í gröfina og Hitler hafði gerst eftirmaður öldungsins karlæga; og fylkingar fasista höfðu gengið til styrjaldar við Abessiníu. Þýskaland hafði fengið Saar-héraðið aftur, stjórnarbylting hafði verið gerð í Grikklandi og litlu mátt muna, að stjórnarbylting hefði orðið í Frakklandi. Í Marseilles höfðu konungur Júgóslava og utanríkisráðherra Frakklands látið lífið fyrir byssukúlum búlgarsks samsærismanns. Um alla þessa viðburði, sem hinn athafnasami og þrautþíndi heimur hafði þegar gleymt, frétti ég nú í fyrsta skipti.

„Fáið þið blóð?“ spurði ég.

„Við höfum ráð með að smygla þeim inn til okkar,“ sagði Salomon. „Við fylgjumst vel með því sem gerist. Við erum í stöðugu sambandi við flokkinn.“

„Hafið þið ráð til að senda bréf án eftirlits?“

„Já, já. Það er samvinna milli félaganna í öllum almenningunum. Við höfum tóbakskerfi. Við höfum sendibréfakerfi, upplýsingaþjónustu og við höfum líka fengið stefnuskrá Kommúnistaflokksins og síðasta bæklinginn eftir félagi Dímítrov. Stefnu Kominterns hefur verið breytt. Nú heitir hún *Front Populaire* — Alþýðufylking. Við verjum lýðræðið, vegna þess að hjá lýðræðinu fáum við best tækifæri til að skipuleggja vopnaða byltingu. Mjög mikilsvert herbragð, en mörgum félaganna hér finnst það napurt að sitja í fangelsi fyrir stjórn málastefnu,

sem Moskvumenn lýsa nú ranga. Þú átt eftir að læra mikið. En gættu þín! Það úir og grúir hér af svikum.“

Það hefur mér ef til vill blöskrað mest á ævinni, er Salomon sagði mér, að Albert Walter, fyrrum forstjóri siglingamálaeildar Kominterns, væri genginn í þjónustu Gestapo.

„Hvernig getur það átt sér stað?“ stamaði ég.

„Það sýnir staðfestuleysi mannkynsins,“ sagði Salomon. „Það eru til menn, sem eru eins sterkir og harðir að sjá og dráttarbátur, en bogna undan fyrstu þrjátíu högg-unum. Margir af helstu leiðtogum okkar voru ekki annað en sýningargripir úr leir, þegar á reyndi. En margir minni háttar félagarnir, sem varla þóttu eftirtekta-verðir áður fyrr, reynast nú harðfengir eins og sjálfur djöfullinn. Óbugandi! Um Albert Walter er það að segja — honum þótti vænna um aldráða móður sína en byltinguna eða heiður sinn sem byltingarmaður.“

Albert Walter Gestapo-maður! Í mínum eyrum var það jafnfáránlegt og fullyrðing um, að Göring væri orðinn fulltrúi GPU. En félagarnir í númer níu höfðu þetta eftir öruggum heimildum, bæði frá Rudolf Heitman og fréttáþjónustu okkar sjálfra. Albert Walter hafði verið meginfrömuður valdasóknar Stalíns á heimshöfunum. Gestapo vissi það, og Gestapo vissi, ef hægt væri að vinna bug á Walter, að þá lægi leiðin opin til víggirðinga Komintern-heimsveldisins í alþjóðasiglingum. Þeir höfðu kvaðið hann hryllilega. En vígamann á við Albert Walter var ekki hægt að buga með líkamlegum höndum. Akillesarhæll gamla sjómannsins var ást hans til aldráðar móður, sem hafði hlúð að syni sínum fimmtugum eins og hann væri ung-barn; sem hafði staðið við hlið hans öll stormasömu árin og barist óttalaust við að gera hlutskipti hans hægara, eftir að Gestapo hafði handsamað hann. Kraus lögreglufulltrúi hafði tekið gömlu frú Walter og sett hana í einsmannsklefa upp á vatn og brauð. Hann hafði farið með Albert Walter til kvennadeildarinnar í Fuhls-büttel og leyft honum að sjá móður sína í gegnum gatið á klefahurð hennar. Og síðan bar Kraus lögreglufulltrúi fram úrslitakosti sína: „Walter, annaðhvort starfar þú með okkur í Gestapo, eða móðir þín deyr í KoLaFu.“

Gjaldið, sem Albert Walter greiddi fyrir frjálsræði móður sinnar, var svik við málstað þann, sem hann hafði þjónað alla ævi. Bæði frú Walter og sonur hennar voru látin laus, og Albert varð samverkamaður Gestapo, *Ratgeber*, ráðgjafi, um siglingamál. Vesturskrifstofa Kominterns hafði þá sent Georg Hegener, hinn tryggja aðstoðarmann Jensens, til Þýskalands og skipað honum að nema Walter brott úr greipum Hitlers. Heili féлага Hegeners var vopnabúr af GPU-aðferðum; en Walter, fyrrum yfirboðari hans og nú veiðibráð hans, kunni öll brögd og klæki laumuspilsins. Nótt eina árið 1934 réðst Georg Hegener inn á heimili Walters í Pestalozzistraße í Hamborg, vopnaður fölsuðu vegabréfi og Colt-skammbyssu. Viðræður þeirra tveggja hafa hlotið að vera einn harðasti og ógurlegasti þátturinn í sögu tveggja hörðustu og ógurlegustu byltingasamtaka okkar tíma. Hegener lét undan síga í þessari orrustu vitsmunanna og, má vera, skotvopnanna. Þótt hann

væri kænng og hugaður, hafði hann ekki í hálfu tré við „afabróður Davy Jones“, eins og vinir Walters kölluðu hann.

Morguninn eftir vissi Gestapo, að Hegener væri staddur í Hamborg. Nasistarnir tóku hann ekki fastan. Þeir hugðu til betri fanga. Þegar Georg Hegener fór frá Þýskalandi á laun, eltu hann starfsmenn utanríkisdeildar Gestapo. Þeir eltu hann beina leið til skrifstofu Kuusins og Wollwebers í Kaupmannahöfn. Sendimenn Kraus lögreglufulltrúa leigðu sér einbýlishús í útborginni Charlottenlund, og viku síðar settist Kraus sjálfur að um stundarsakir í Kaupmannahöfn og notaði til þess nafn og vegabréf bakarameistara eins í Hamborg. Önnur vika leið. Fyrirsagnir dönsku blaðanna gullu við: „Gestapo-stigamenn í Kaupmannahöfn ... Mannræningjar nasista að verki.“ Ernst Wollweber og maður að nafni Vogel — sem Gestapo-mennirnir héldu, að væri Kuusinen — höfðu verið slegnir í höfuðið á götu og kastað upp í bíl. Það var farið með þá í húsið í Charlottenlund, og biðu þeir þess að verða fluttir á laun til Þýskalands. En húsið var þegar undir eftirliti GPÚ. Menng úr njósnavarnarliði kommúnista, sem þá var undir stjórn Leos Haikiss, fóru á vettvang. Kraus lögreglufulltrúi og hjálparmenn hans flýðu. Wollweber og Vogel var bjargað.

Skömmu síðar setti Kaupmannahafnarlögreglan Wollweber í varðhald, en fyrir milligöngu Richards Jensens var honum sleppt með því skilyrði, að Wollweber — „Schmidt“ hjá dönsku lögreglunni — færi þegar í stað af landi burt til Rússlands.

„Og Walter leikur enn lausum hala?“

„Já,“ sagði Salomon stillilega. „Mig tekur ósejnanlega sárt til gömlu konunnar vígreifu. Og til hans! Hugsaðu þér að lifa sem svikari! Þegar Hitler fellur, verður Walter skotinn. Það væri aumt til þess að vita, ef hann yrði grafinn í sömu fjöldagröf og Hertha Jens.“

Hver almenningur var bullandi pyttur baktjaldamakks og miskunnarlausrar valdabaráttu. Fangelsisstjórinn sá til þess að yfirlögðu ráði, að fongunum væri raðað þannig niður í salina, að engin samábyrgð fjöldans gæti átt sér stað. Stjórnendurnir ýttu undir njósnir, kærur og gagnkvæma eyðingu samsærstilrauna. Sjálfir starfsmenn fangelsisins, sem báru ábyrgð á, að stjórn málaóvirkni fanganna væri haldið við, lifðu í sífelldum ótta við Gestapo. Þeir létu ekkert óreynt til þess að koma í veg fyrir, að hin mikla mergð stjórn málafanga gæti ráðist í fjöldasamsæri. Hlutverk njósnara fangelsisstjórnarinnar og Gestapo-leigubýjanna í almenningunum var að sá ósamlyndi og tortryggni og þefa uppi sannanir, sem gætu leitt til viðbótardóma og lengingar á dómum, sem þegar höfðu verið felldir. Gestapo var alltaf á verði um að ná í sögubera úr röðum stjórn málafanganna. Yfirvöldin ýttu undir þá fanga, sem dæmdir höfðu verið fyrir glæpi, að halda uppi sífelldu ósamkomulagi og fjandskap í sölunum. Glæpamennirnir hópuðu sig ávallt saman í margar smáklíkur, og fylgdi hver klíka skipunum leiðtoga síns. Þær voru allar gegnsýrðar af hatri og ótta við meiri hluta stjórn málafanganna.

Er dagarnir liðu, komst ég að því að fangelsi Hamborgar var í rauninni stjórnað

af leynilegum samtökum kommúnistafanga. Flokkurinn lifði og starfaði að baki fangelsismúranna. Í fangelsi Hamborgar hafði hann nálega ellefu hundruð féлага. Fyrirkomulag og agi þessara fangasamtaka voru sniðin eftir hinni venjulegu kommúnistafyrirmynd. Félagunum í hverjum sal var skipað í fimm manna sellur. Engum nema foringja sellunnar var leyft að hafa stjórnáátengsl við menn utan þessa fimm manna flokks. Sérhver selluforingi hlýddi þriggja manna salarfulltrúaráði og var ábyrgur gagnvart því. Öll fulltrúaráðin störfuðu undir stjórn *Spitzengruppe* — foringjaráðs, sem hafði bækistöð sína í sal númer ellefu og hélt uppi leynilegri hraðboðastarfsemi til annarra fangelsa með föngum, sem voru „fluttir til“.

Hver kommúnisti, sem nýkominn var, var óhákvæmilega dreginn inn í þessi samtök, nema þegar sýnt þótti, að hann væri vesalingur eða svikari. Foringjaráðið hafði sett á stofn neðanjarðardeild, nokkurs konar fangelsis-tsjeku, sem starfaði gegn njósnurum Gestapo og undir nösunum á þeim. Bak við öll þessi fangasamtök lá frumreglan: „Jafnvel í sjálfu helvíti heldur bolsévíki tryggð við stefnu sína; við verðum að halda flokknum saman og brýna vopn hans undir baráttu framtíðarinnar; mesti glæpurinn er að láta flokkinn deyja út.“ Félagi í hverri *Funfergruppe* — fimm manna flokki — vissi lítið um útlími þessara samtaka. Hann þekkti féлага sellunnar og leiðtoga hennar. Leiðtogarnir voru tilnefndir af fulltrúaráðinu, en það beitti ekki að ófyrirsynju strangasta einræði. Sambandi milli foringjaráðsins á númer ellefu og fulltrúaráðanna seytján var haldið uppi með sérstöku starfsliði milligöngufulltrúa — trúnaðarfanga, sem báru fram mat og þeirra, sem falið var að flytja baststrangana úr geymslunum í fangasalina.

Enda þótt samtökin væru sterk, voru þau svo að segja ósýnileg mönnum utan við þau. En þau voru til. Innan múranna mátti finna handleiðslu þeirra hvern dag og hverja stund, en þó allra mest á nóttunni. Ofurhugarnir, sem einskis svifust og höfðu drottnað yfir föngunum á liðnum árum, höfðu orðið þess varir, að forustuaðferðir þeirra, sem höfðu reynst svo vel, voru orðnar einskisvirði.

Meðan ég var lifandi grafinn í klefa mínum, hafði ég þegar gleymt Komintern og flokknum að hálfu leyti. Nú hafði ég vígreifa kommúnista um mig á alla vegu í númer níu, og hugir þeirra létu stjórnast af einni hugsun: „Flokkurinn er framar öllu!“ Það var dæmalaust. Mér þótti sem slíkur hlutur hefði aldrei átt sér stað í neinu fangelsi fyrr. Ég fann vald flokksins. Ég fylltist stolti. Hin gamla hrifning byltingarmannsins vaknaði í mér og varð máttug.

Fregnin um flutning minn í númer níu barst skjótt í hendur foringjaráðsins í númer ellefu með fanga, sem annaðist frammistöðu í fjórum sölum, meðan á máltíðum stóð. Allt samneyti við fanga í öðrum sölum var bannað, og lágu strangar refsingar við, ef upp komst. En aðferðin, sem við beittum til flutnings á orðsendingum, var nærri örugg: Orðsendingin var rituð á örlítinn pappírsmíða og límd neðan í botninn á súpufötunni. Hún barst á ákvörðunarstað um hádegi með súpunni, og fangavörðinn grunaði ekkert. Allmörgum dögum síðar sendi

foringjaráðið mér skipun um, að ég skyldi undirbúa flutning minn í númer ellefu, en þann sal kölluðum við í gamni „Kreml steinsins í Hamborg“.

„Hvernig í fjandanum á ég að komast í númer ellefu?“ spurði ég Salomon, sem var stjórnmalaleiðtogi í númer níu.

„Hafstu ekki að,“ sagði hann. „Láttu Tonio um það.“

„Tonio“ var stjórnmalaforingi alls fangelsisins. Ég hafði hitt hann, löngu áður en ég var tekinn höndum. Hann var þrekvaxinn maður, þrjátíu og tveggja ára að aldri, ljóshærður og bláeygur og bæði óttalaus og glaðlyndur. Hann var úrræðagóður og réttlátur og eins og Michael Avatin krafðist hann aldrei neins af öðrum félögum, sem hann var ekki fús til að gera sjálfur. Hann hafði verið einn af sérfræðingum Kominterns í námugrefti, og eftir að Walter Duddins var handtekinn, hafði hann verið formaður flokksins í Norðursjávarhéraðunum — en það var starf, sem Wollweber hafði ætlað John Scheer. Gestapo hafði handsamað Tonio, og hann var dæmdur fyrir landráð. Kona hans hafði verið send á Lenínskólann í Moskvu til náms í sérstökum greinum. Ég fékk fjótt að finna styrk Tonios og hæfileika, jafnvel í nasistafangelsi.

Roskinn fangavörður kallaði mig út á ganginn. „Langar þig til að flytja í númer ellefu?“ spurði hann.

Fimm mínútum síðar var ég kominn í númer ellefu. Fangavörðurinn var einn af eldri starfsmönnum í fangelsinu og hafði verið í jafnaðarmannaflokknum, áður en Hitler komst til valda. Þegar Hitler settist í valdastól, höfðu slíkir menn gengið í nasistaflokkinn í mesta flýti — til að bjarga stöðum sínum og eftirlaunum. Þeir voru vanir að hrópa „*Heil Hitler!*“ hærra og grimmilegar en nokkrir stormsveitarmenn. En þegar kommúnistar fóru að streyma í fangelsin, komust þessir fyrrverandi sósíalistar í mestu vandræði. Kommúnistarnir vissu oft um marxista-fortíð fangavaraðanna, og hótanir um að kæra þá fyrir Gestapo fyrir að hafa gengið í nasistaflokkinn undir fölsku yfirsykni gerðu þessa fangaverði að ósjálfbjarga verkfærum í höndum kommúnistanna, sem þeir áttu að gæta. Það voru sex eða sjö þessara manna í Hamborgarfangelsinu. Tonio þurfti ekki að segja nema eitt orð. Þá hlupu þeir eins og óttaslegnir vikadrengrir. Það var óféleg athæfi. En öll fangelsi eru óféleg, og fangelsi Hitlers eru ófégust allra.

Þegar Tonio sá mig, tók hann loftstökk yfir þveran salinn eins og ofsakátur foli. Grófgerða gamansemín var besti dulbúningur, sem hugsast gat, hinni ótrauðu og miskunnarlausu festu, sem bjó að baki leiftrandi augna Tonios. Hann og þrír aðstoðarmenn hans tóku mig og fóru með mig að þvottaskálinni úti í horni salarins. Köldu vatni var bunað á mig. Tonio hélt ræðu, og jafnvel ólundailegustu glæpamennirnir í okkar hópi gátu ekki annað en hlegið að henni. Mér var gefið nafn — „Langisplæs“. Eftir þessa háværú kynningu dró hann mig afsíðis.

„Við þurfum á þér að halda í foringjaráðinu,“ sagði hann. „Þriðji maðurinn er Friedrich, ungur kennari. Eitt verðurðu ávallt að muna. Við erum flokkurinn innan þessara múra. Við verðum að breyta þessu hegningarhúsi í háskóla byltingarinnar.“



Með því snúum við tilgangi fangelsisins upp í andstæðu hans. Við megum ekki láta okkur sjást yfir hina lítilsigldustu féлага. Gestapo hefur þá hér til að buga þá. Við erum hér til að gera þá sterkari og trúrri málstaðnum. Ertu með?“

„Allt í lagi.“

„Gott — við skulum láta hendur standa fram úr ermum.“

Ég var íbúi í númer ellefu og í foringjaráðinu í fangelsinu í fjórtán mánuði. Þeir voru með viðburðaríkustu mánuðum ævi minnar. Þeir sönnuðu mér, að jafnvel í vonlausri niðurlægingu geta menn átt siðferðisþrek sitt óskert, meðan sú sannfæring lifir í hugum þeirra, að þeir berjast hinni góðu baráttu. Einstaklingurinn getur gefist upp og látið hugfallast, en í hópi annarra skipbrotsmanna af sama saudahúsi finnur hann til krafta sinna og bjargar trúnni á tilgang lífsins. Mælskusnauðir óbreyttir liðsmenn höfðu oftast meiri hugþryði til að bera gagnvart lamandi farartálmum en mennta- og gáfumennirnir. Jafnvel í fangelsi og með vonleysið blasandi við mundu flestir víggarpar kommúnista hafa stokkið ofan í ketil fullan af bráðnum kopar, ef foringjarnir hefðu skipað þeim það. Nafnlausu aðgerðasinnarnir í fangaklæðum afsönnuðu þá kenningu, að menn heyi baráttu sína fyrir veraldlegan hagnað eingöngu. Mannleg vera, sem er gagntekin af trú, berst lengur og af meiri vígamóði en bræður og systur hans, sem láta aðallega stjórnast af dulbúinni ágirnd.

Með hjartnæmum dugnaði og talsverðri kænsku breyttum við fangelsinu í „háskóla byltingarinnar“. Við höfðum umsjón með lífsháttum féлага okkar, og við skipulögðum athafnir þeirra af enn meiri strangleika en ég sjálfur hafði átt við að búa, þegar ég nam við kommúnistaskólann í Lenínsgarði. Óttasleginn fangavörður sá okkur reglulega fyrir síðustu bæklingum og samþykktum Kominterns. Samþykktir sjöunda Alheimsþings Kominterns, sem táknuðu upphaf Alþýðufylkingartímabilsins, voru í höndum okkar, áður en þýsku blöðin höfðu tekið málið til umræðu. Á hvíslfundum, sem stóðu stundum alla nóttina, sömdum við í númer ellefu kennslutextana að stjórn mála- og byltinganámskeiðum okkar. „Heimsvaldastefna“, „Skemmdarverk“, „Áróður í hernum“, „Rökfræði marxismans“, „Herstjórn í borgarastyrjöldum“ og tugir svipaðra viðfangsefna voru skrifuð niður í sem skýrustu og auðskildustu sniði. Pappírnum og blýöntunum stálu félagar, sem unnu í skrifstofum fangelsisstjórnarinnar, handa okkur; sjálfblekungunum, sem við notuðum, smygluðu fangaverðir til okkar. Sérstök sveit áróðursmanna — „agitprop“-menn — í númer ellefu afskrifuðu síðan handritin með vönduðu prentletri. Þeir unnu á nóttunni. Afritin gegnu síðan á milli hinna salanna í fangelsinu. Trúnaðarfangar og frammistöðumenn fluttu þau milli ganganna og fangelsisbygginganna. Þeir fengu afritin í hendur stjórn mála- og byltingarinnar almennunganna. Stjórn mála- og byltingarinnar börðu þessu síðan inn í höfuðin á fylgismönnum. Flokksvél okkar gekk liðugt, frá Tonio til hins auvirðilegasta féлага. Einhvern tíma mundi meiri hluta þeirra, sem nutu fræðslu okkar, verða sleppt. Við vonuðum, að þeir mundu þá halda neðanjarðarstarfinu áfram og vera betri bolsévíkar en þeir voru þann dag, sem Gestapo handsamaði þá fyrst.

Á hverjum sunnudagsmorgni kom foringjaráðið saman á fund með stjórn mála-leiðtogum almenninganna. Skýrslur voru gefnar og ráð borin saman um framkvæmdir næstu viku. Þessir fundir voru haldnir í fangelsiskirkjunni. Kirkjusókn var skylda. Fangapresturinn var ungur, hrokafullur SS-foringi. Prédikanir hans voru syrpa dregin saman úr biblíunni, þýskri goðafræði og *Mein Kampf* Adolfs Hitlers. Meðal fanganna í sjálfri kirkjunni var lítið tækifæri til leyningra samræðna. Fundir samtaka okkar voru haldnir á söngpallinum, sem var komið fyrir á háum svölum aftast í kirkjunni. Kantorinn var gamalt ljúfmenni, sem var alltaf boðinn og búinn að gera föngunum greiða. Organleikarinn var fyrrverandi jafnaðarmaður. Djákinn var ofstækisfullur kaþólskur maður, sem hataði Hitlersinna. En þeir gengu allir þrír með hakakrossmerkið og voru félagar í nasistaflokknum. Kantorinn tók enga söngvara í kórinn nema sjálfboðaliða úr fangasölunum. Tonio, Friedrich og ég gáfum okkur fram meðal annarra; hið sama gerðu allir hinir stjórn mála-leiðtogarnir samkvæmt skipun okkar. Meðan minni háttar kórsöngvararnir kyrjuðu sálma eins hátt og þeir gátu, klöktu stjórn mála-leiðtogarnir út samsærum aftast á pallinum, huldur sýnum fangavardanna niðri í kirkjunni.

Fréttapjónustu okkar, *Nachrichtendienst* fangelsisins, var vel skipulögð. Hún var starfrækt af vandvirkni og auðvitað af mestu varúð. Gáfnafar stjórn mála-fanganna almennt stóð á miklu hærra stigi en sakafanganna. Með miklu undirferli og brögðum tókst okkur að koma kommúnistum í allar mikilvægustu stöðurnar, sem stóðu föngunum opnar. Starfsmennirnir í skrifstofum fangelsisstjórnarinnar voru flokksmenn. Baðherbergisþjónarnir voru félagar; við létum okkur sérstaklega annst um þá, því að sökum starfs síns höfðu þeir samband við hvern einasta fanga í hverri viku. Meiri hluti trúnaðarfanganna voru kommúnistar og sömuleiðis verkstjórnarnir í hinum mörgu vinnudeildum hegningarhússins. Bókaverðirnir í fangelsinu og bókbindararnir voru einnig kommúnistar. Hlutverk þeirra í neðanjarðardeild okkar var að líma blöð úr stefnuskrá kommúnista og síðustu ræðu Stalíns og Dímitrovs inn í bækur eins og *Greifinn af Monte Christo*, *Ívar bljújárn* og *Gedanken und Erinerungen* eftir Bismarck. Auðvitað gættu bókaverðirnir þess, að slíkar „bættar“ bækur kæmust ekki í hendur annarra en áreiðanlegra stjórn mála-fanga. Þegar menn, sem dæmdir voru fyrir stjórn mála-fyrirsjónir, komu í fangelsið, einangruðu samtök okkar þá algerlega í fyrstu. Stjórn mála-leiðtoginn í þeim sal, sem um var að ræða, gaf foringjaráðinu skýrslu um komumann. Foringjaráðið leitaði sér síðan upplýsinga um hann með þeim árangri, að við vissum oft meira um manninn en Gestapo sjálf. Ef hann var talinn áreiðanlegur, var hann gerður að virkum féлага samtakanna. Miklu af þeim upplýsingum, sem við fengum hjá hinum óslitna straumi stjórn mála-fanga, söfnuðum við í skýrslur, sem hjálparmenn okkar meðal fangavardanna smygluðu út úr fangelsinu, og Rudolf Heitman sendi síðan til Vesturskrifstofunnar og GPÚ í Kaupmannahöfn. Þessar skýrslur höfðu inni að halda upplýsingar um nýjar fyrirætlanir og aðferðir Gestapo, um nasistanjónsna

og svikara meðal okkar sjálfra og auk þess iðnaðar- og hernaðarleyndarmál, sem handteknir félagar létu okkur í té.

Mikilvægasta og áhrifamesta aðferð okkar til að halda glæpalýðnum í fangelsinu í skefjum var skipulögð úthlutun á tóbaki. Reykingar eru bannaðar í öllum þýskum fangelsum. En einstaka fönfum var, ef fangelsisýfirvöldin eða lögreglan mæltu með því, gefið leyfi til að fá vikulegan skammt af munntóbaki — Priem. Þessir fangar höfðu mikið vald yfir réttminni samfönfum sínum, og sú staðreynd, að tóbak var í höndum fárra útvaldra, varð orsök mestu spillingar í „stjórnmalabarattu“ fanganna. Ég sá menn, sem hefðu fúslega myrt hver annan fyrir bút af munntóbaki. Ég sá aðra, sem voru albúnir að vinna hin hörmulegustu verk, ef þeim var boðinn smáræði af Priem að launum.

„Við verðum að setja straumlínusnið á tóbaksmálin,“ sagði Tonio við mig dag nokkurn. „Eins og ástandið er nú, er ekki ólíklegt að einhver verði stunginn á hol út af tóbaki, og þá mundi Gestapo hefja allsherjarrannsókn. Tóbaksnauntnaseggjunum mundi ekki verða mikið fyrir að svikja okkur í hendur þeirra.“

Við gerðum tóbak að stjórnmalavopni og fórum að því á eftirfarandi hátt: Á tveggja vikna fresti pantaði Tonio sendingu af góðu reyktóbaki, og var hún keypt fyrir fé, sem Alþjóða rauðahjálpin hafði safnað til styrktar ættingjum merkra stjórnmalafanga. Þrír fangaverðir, sem voru fyrirverandi jafnaðamenn, smygluðu tóbakinu inn í fangelsið. Þeir afhentu tóbakið í númer þrjú og þaðan seytláði það til númer ellefu. Tóbakinu var síðan skipt jafnt niður á alla fangana ásamt tundurteinum og örsmáum stálmótum. Á þennan hátt skiptu stjórnmalafangar og sakafangar í fimm manna sveitum — kölluðum „tóbakssveitum“ — með sér að minnsta kosti tveimur vindlingum á dag. Með þessu voru völdin tekin af munntóbakseinokuninni, en henni héldu mestu manndrápararnir í fangelsinu uppi; þeir urðu að lokum fegnir að fá að ganga í einhverja skipulagða „tóbakssveit“.

Harðasta refsing, sem hægt var að leggja á nokkurn fanga, var útskúfun af hálfu félaga hans sjálfra. Það gat ekki grimhari meðferð en þá að lifa lífi sínu í þéttskipuðum sal og vera smáður af öllum sambýlismönnum. En kaupverð samneytisins var samvinna í ráðabruggi okkar um stjórnmal. Einn þeirra stjórnmalafanga, sem höfnuðu samvinnu, var félagi Nickel. Það var hinn sami Nickel, er hafði verið einn af leiðtogum flokksins í Brimum og hafði hamast við að láta mig hlýða sér, er ég var í þann veginn að leggja af stað til Múrmansk á skipinu *Pioneer*. Gestapo hafði handsamað Nickel og rúmlega níutíu fylgifiska hans í sömu húsrannsókninni sumarið 1933. Nickel var dæmdur í fangelsisvist fyrir landráð. Þar neitaði hann að hlíta forustu Tonios. Svar foringjaráðsins var: „Það verður að einangra Nickel.“ Og einangrun Nickels var alger. Enginn vildi vera nábúi hans við matborðið eða á svefnbríkunum. Enginn yrti á hann. Félagarnir forðuðust hann eins og líkþráan mann. Nickel tók upp þann sið að sitja aleinn hugsandi úti í horni salsins. Eftir slíka meðferð í níu mánuði samfleytt, varð hann eins og maður, sem hefur misst vitið. „Talið þið við mig,“ stundi hann. „Æ, hvers vegna vill enginn tala við mig?“

Og honum var svarað með fyrirlitningu: „Hrökktu upp af — skemmdarvargur!“

Fangasamtök okkar slepptu ekki einu sinni takinu á félögnum, eftir að þeim hafði verið sleppt úr haldi. Margir voru ekki látnir lausir, enda þótt þeir hefðu tekið út hegningu sína. Ef Gestapo leit svo á, að þeir væru enn hættulegir, voru þeir sendir beint í fangabúðir úr fangelsinu — *bis auf Weiteres* — „þangað til öðruvísi verður ákveðið“. Estewege í Vestur-Þýskalandi og Sachsenhausen nálægt Berlín voru tröllauknar fangabúðir fyrir andnasista, sem höfðu tekið út fangelsisrefsingu sína. En tveimur föngum af þremur var sleppt fyrir fullt og allt, þegar fangelsisvist þeirra var á enda. Það var þessi tegund manna, sem við gáfum mestan gaum. Þegar síðasti dagurinn í fangelsinu var um garð genginn, var farið með félögana til aðalstöðva Gestapo. Þar var þeim sett það óumflýjanlega skilyrði, ef þeir vildu sleppa, að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis, að þeir mundu hafa samstarf við Gestapo upp frá þessu. Gestapo útvegaði þeim atvinnu. Félagarnir urðu að lofa að endurgjalda þetta með því að senda Gestapo vikulega trúnaðarskýrslur um athafnir samverkamanna sinna og nábúa, mök þeirra við aðra og viðræður. Ef skýrslurnar komu ekki eða ef Gestapo taldi þær ófullnægjandi, þá voru þessir „söguberar“ þegar í stað handteknir og settir í fangabúðir á ný. Þess vegna var, á pappírnum að minnsta kosti, hver andnasisti, sem sleppt var úr fangelsi, njósnari fyrir Gestapo. Þeir sem neituðu að skrifa undir njósnaraheitið, voru ekki látnir lausir.

Í Hamborgarfangelsinu tókum við að leggja á ráð um að snúa þessu kerfi fjölda-njóсна Kommúnistaflokknum til hags. Við kenndum öllum áreiðanlegum félögum, sem láta átti lausa, þá list að sjóða saman rangar upplýsingar, sem Gestapo mundi engu að síður taka fyrir góða og gilda vöru. Það var hættulegur leikur, en hann var í því falinn að snúa athygli Gestapo frá kommúnistasellum á vinnustöðvunum með því að gefa henni upplýsingar um nasista, sem gagnrýndu nasistavaldhafana.

Mánuðirnir flugu hjá. Sumarið leið. Trén í fangelsisgarðinum tóku á sig dökk-gullinn lit og himininn var hrannaður stormskýjum. Laufið féll, vetur þakti landið snævi og þúsundir máfa flugu inn frá frostnum ströndunum Sólin komst hærra á loft og vann sigur á vetrinum, og það var aftur komið vor, og síðan sumar, sumarið 1936. Georg Englandskonungur var dáinn, hersveitir Hitlers höfðu haldið inn í Rínarlönd, Franco hershöfðingi hóf merki borgarastyrjaldarinnar á loft á Spáni. Og í Ráðstjórnarríkjunum fóru fram í umboði Stalíns miklar hreinsanir eftir morðið á flokksleiðtoganum Sergej Kírov í Lenínsgarði, og óteljandi gamlir liðsmenn bolsévika voru skotnir. Ekkert bréf hafði borist frá Firelei. Það var eins og jörðin hefði gleypt hana. Þrjátíu og tveir mánuðir voru liðnir frá því, er ég sá hana síðast.

„Elsku stúlka,“ spurði ég sjálfan mig. „Hvar ertu? Hvað ertu að gera?“

Ég fékk svarið í lok júlí. Það hafði verið farið með ungan féлага úr númer ellefu til yfirheyrslu í bækistöðvum Gestapo. Honum hafði dvalist mestan hluta dags í skrifstofu Radams lögreglufulltrúa, sem var þá að undirbúa gögnin í máli því, sem höfðað hafði verið gegn Etkar André fyrir landráð og morð. Síðla dags hafði verið farið með féлага þennan í biðstofuna, og átti hann að bíða þess, að hann yrði fluttur

í hegningarhúsið aftur. Þar hafði hann haft tækifæri til að virða fyrir sér andlit allmargra fanga, er biðu.

„Fimm stúlkur sátu og sneru andliti að veggnum,“ sagðist honum frá. „Ein þeirra var í fangabúningi. Það var konan þín, félagi Firelei.“

Rödd mín skalf. „Ertu viss um, að það hafi verið Firelei?“ spurði ég.

„Alveg viss. Hún þekkti mig líka. Við vorum of fjarri hvort öðru til að hvíslast á. En hún brosti.“

Ég reikaði um númer ellefu eins og maður sem er snögglega sleginn blindu. Firelei í höndum Gestapo! Hvenær var hún tekin? Fyrir hvað var hún dæmd? Var hún numin á brott frá útlandinu? Kom hún sjálf til Þýskalands aftur? Kom hún í leynilegum erindagerðum? Kom hún til að bjarga barni sínu?

Alla nóttina hömuðust hugsanirnar í huga mér. Þetta voru kvalir af nýju tagi. Firelei í höndum Gestapo. Firelei dæmd fyrir setudómi! Húðstrýktu þeir hana? Hve marga mánuði hafði hún þegar setið í dýflissunum? Mig langaði að gráta. Ég barðist við tárin vegna þess, að ég skammaðist mín fyrir félögunum, sem þrýstu lík-ömum sínum upp að mér frá hægri til vinstri. Það greip mig brjálæðiskennt hatur til alls heimsins og hatur til sjálfs mín.

Ég bölvaði sjálfum mér: „Þér að kenna! Þér að kenna!“ tautaði ég. „Þú rakst hana út í bölvað fenið! Ef þú hefðir aldrei yrt á hana — þá væri hún nú farsæl og frjáls!“ Ég gnísti tönnum. Bitrar ásakanir til sjálfs mín skáru huga minn eins og beittir hnifar. Undir morgun, þegar fyrsta gráa ljósið vætlaði inn um rimlagluggana, varð mér rórra. „Ég verð eitthvað að gera,“ ákvað ég.

Ég skrifaði Gestapo bréf og bað þess að ég fengi að hitta konu mína sem snöggvast. Leyfinu var synjað. Marabú, höfuðsmaður varðliðsins, las fyrir mér svar Gestapo: „Samneyti milli sannfærðra fjandmanna hins Nýja Þýskalands er ekki leyfilegt. *Heil Hitler!*“ Ég skrifaði aftur — og fékk ekkert svar. Síðan sendi ég annað bréf, í þetta skipti til forseta setudómsins, og bað um upplýsingar um ástæðurnar fyrir dómfellingu Firelei og lengd fangelsisdómsins. Svárið var stutt:

Kona yðar hefur verið dæmd til sex ára hegningarvinnu fyrir undirbúning landráðaframkvæmda. Hún tekur dóminn út í kvennafangelsinu í Lýbíku.

— *Dr. Roth.*

Ég setti þegar í stað fréttarneðanjarðardeild foringjaráðsins í gang til þess að komast að því, hvernig handtöku og dómfellingu Firelei hefði borið að höndum. Kommúnistar í Fuhlsbüttel-fangabúðunum, sem höfðu nýlega verið handsamaðir eftir að hafa verið sendir til Þýskalands frá Kaupmannahöfn og síðan yfirheyrðir af Gestapo um Firelei, gátu gefið einhverja upplýsingamola. Með því að setja þessa mola saman af mestu nákvæmni, gátum við Tonio komist að eftirfarandi niður-stöðu:

Firelei hafði haldið áfram starfi sínu fyrir Komintern í Kaupmannahöfn þangað til

í október 1934, ellefu mánuðum eftir handtöku mína í Hamborg. Eftir að Gestapo hafði náð mér á sitt vald, hafði hún í örvæntingarkasti sakað Ernst Wollweber um að vera valdan að handtöku minni. Vorið 1934 hafði Vesturskrifstofan fengið frétt frá Berlín þess efnis, að ég hefði dáið í Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Frávita af harmi hafði Firelei ritað Osíp Pjatrínskíj í aðalskrifstofu Kominterns í Moskvu bréf, því að hún vissi, að Pjatrínskíj hafði mikið álit á hæfileikum mínum til skipulagningar siglingamála. Hún sagði í bréfinu, að Ernst Wollweber hefði sent mig til Þýskalands í þeim tilgangi einum að ná yfirráðum yfir styrkjunum til ASH, Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna. Hún trúði belgískum félag, sem var á leið um Kaupmannahöfn til Ráðstjórnarríkjanna, fyrir bréfinu. Hvort þetta bréf komst nokkurn tíma til Moskvu eða hvort Belginn fékk það einhverjum starfsmanni Vesturskrifstofunnar í hendur, vissi ég ekki. Ég komst að því mörgum mánuðum síðar, að Belginn hafði fengið Richard Jensen bréfið, en Jensen afhent það síðan Wollweber.

Það eitt er víst, að Wollweber sendi Firelei leynilegra erindagerða til Þýskalands, skömmu eftir að bréfið var skrifað. Í fylgd með Firelei á ferðalaginu til Þýskalands var annar hraðboði Vesturskrifstofunnar, Kurt Bailich nokkur, fyrrum leiðtogi flokksamatkanna í Altona. Ég þekkti Kurt Bailich. Hann var snyrtilegur piltur með slétta andlitsdrætti, dugandi samsærismaður og talaði þrjú tungumál. En Bailich var líka einn af færustu utanríkisfulltrúum Gestapo. Seint í nóvember, þremur vikum eftir að Firelei kom til Þýskalands, handsamaði Gestapo hana í Brimum og flutti hana til Hamborgar til yfirheyrslu hjá Kraus lögreglufulltrúa. Níu mánuðum eftir handtökuna var hún dæmd í sex ára hegningarvinnu í leynilegum réttarhöldum setudómsins í Hamborg.

„Þeir tveir menn, sem þetta er að kenna, verða að fá makleg málagjöld fyrir,“ sagði ég byrstum rómi. „Annar er Wollweber, hinn er Kurt Bailich.“

Tonio virti mig lengi fyrir sér. Loks sagði hann: „Þú ert æstur. Láttu nóttina líða að minnsta kosti. Þú mátt aldrei gleyma, að þú ert í foringjaráði okkar. *Wir sind Blutstropfen im Herzen der Partei!* Við erum blóðdropar í hjarta flokksins! Gleymdu því aldrei, félagi.“

„Það var sannað, að Bailich væri njósnari.“

„Ég skal gefa þeim bændingu um það í Kaupmannahöfn,“ sagði Tonio. „Þeir elta hann uppi.“

Maður, sem er í fangelsi, umkringdur á alla vegu af samföngum, sem voru einu sinni virkir félagar í öllum deildum kommúnistasamatkanna, öðlast miklu betra yfirlit yfir alla leyndardóma og klæki innsta skipulagsins en félaginn, sem er enn starfandi og „frjáls“ félagi þeirra og kynnist þess vegna engu nema gerðum síns eigin takmarkaða starfsflokks. Ég hafði fregnað margt, og ég hafði þagað. Og ég vissi, að svo að segja hver einasti hinna mörgu féлага, sem Ernst Wollweber hafði sent leynilegra erinda til Þýskalands, hafði orðið Gestapo að bráð innan eins eða tveggja mánaða frá því, að hann fór yfir þýsku landamærin.

„Wollweber er morðingi,“ sagði ég stillilega. „Wollweber hefur ráðið niðurlögum bestu starfsmanna flokksstjórnarinnar,“ bætti ég við.

Tonio krosslagði hendurnar á brjóstinu. „Wollweber er ótrauðasti bolsévíkinn í öllum þýska flokknum,“ sagði hann hægt.

Alla næstu nótt hugsaði ég um Firelei. Ég ætla ekki að reyna að lýsa hugsunum mínum og tilfinningum. Á hálmðýninni við hliðina á mér hraut Tonio enn af vígamóði og jafnaðargeði. Hann svaf alltaf vel. Hann hafði jafnvel sofnað eins og ekkert væri um að vera, meðan réttarhöldin í landráðamáli hans stóðu yfir.

Tonio rökræddi við mig allan daginn. Hann talaði af öllu sínu þolgæði, allri hreinskilni manns, sem er að verja líf sjálfs sín. „Flokkurinn er líf okkar,“ sagði hann. „Án flokksins getum við ekki lifað. Líttu á mig! Þó að flokkurinn tæki líf minnar eigin móður, mundi ég samt segja: Ég er bolsévíki! Ég mun verða bolsévíki áfram.“

Í huga mér heyrði ég raddir: „Firelei er í fangelsi!“

„Fangelsið mun ekki buga hana,“ sagði Tonio.

Hann vann sigur. Seint um kvöldið tókumst við í hendur. Við lágum svo þröngt á hálmpokum okkar, að við gátum fundið æðaslög hvors annars.

„Aldrei að gefast upp,“ hvíslaði Tonio. „Í næstu skýrslu minni til Kaupmannahafnar ætla ég að mæla með þér sem besta bolsévíka, er ég hef hitt, síðan Gestapo handsamaði mig.“

S-neðanjarðardeild Kominterns fékk síðar meir allar upplýsingar, sem við höfðum safnað um njósnarann Kurt Bailich. GPU elti svikarann um fjögur lönd í Evrópu. En Bailich komst undan til Þýskalands, og í átján mánuði vissi ég ekki, hvar hann var niður kominn. Árið 1938 var okkur skýrt frá því, að hann dveldi í New Orléans. Í desember 1936 hafði Bailich verið fluttur til Norðurameríku-deildar Gestapo.

En annar Gestapo-njósnari, merkari og hættulegri en Kurt Bailich, gat ekki flúið hefnd okkar. Það var Martin Holstein, sem hafði svikið mig og hundrað félaga aðra í hendur leynilögreglu Hitlers. Enginn okkar hafði haft verulegan grun um, að Holstein væri svikari fyrr en í ársbyrjun 1936. Hann hafði verið of gætinn og kænn, og honum lét vel að leika hlutverk ofstækisfulls byltingarmanns. Þegar loksins komst upp um hann, var það tilviljun að þakka. Stjórnmalaleiðtoginn í númer sjö hafði verið kallaður til Gestapo til yfirheyrslu. Meðan Kraus lögreglufulltrúi var að neyða hann til sagna í einum af pyndingarklefum sínum, voru dyrnar skyndilega opnaðar, og príðbúinn maður þusti inn í herbergið. Komumaður var Martin Holstein. Hann og félagi okkar úr númer sjö þekktu hvor annan þegar í stað. Holstein hafði snúist á hæl og flýtt sér út úr herberginu þegar í stað.

„Hvaða maður var þetta?“ spurði Kraus lögreglufulltrúi tortryggislega.

„Ég veit það ekki,“ svaraði félaginn.

Þegar hann kom aftur í fangelsið þá um kvöldið, skýrði félaginn Tonio frá því, að hann hefði séð Holstein ganga um frjálсан ferða sinna á aðalbækistöð Gestapo.

Það þurfti ekki frekari vitnanna við: Holstein var svikarinn, sem við höfðum leitað að árum saman.

Þessi staðreynd var látin berast til S-neðanjarðardeildarinnar í Kaupmannahöfn. Eltingarleikurinn hófst.

Dag einn í september var mannslík dregið upp úr Rín fyrir neðan höfnina í Duisburg. Líkið hafði verið skorið á háls milli beggja eyrna. Þetta voru jarðneskar leifar Martins Holsteins.

Síðla sumars 1936 var bundinn endi á töfralíf okkar í númer ellefu. Það var glóðheitan dag í ágúst. Mennirnir úr númer ellefu gengu í þéttri fylkingu um fangelsisgarðinn. Sextíu sveittir menn sveifluðu höndum og fótum í gulu rykskýi. Við gengum, eins og við vorum vanir, í mjög þéttum röðum, og var bilið milli hverra tveggja manna ekki nema þrjátíu sentimetrar.

Í fremstu röð gekk Tonio. Hann var einna hæstur. Hann bar djarfa höfuðið hátt, og augu hans tindruðu af árvekni. Hann tók gæsaskrefin þannig, að þau veittu líkama hans eins mikla hreyfingu og frekast var unnt, og breiða bringan þandist út í hvert skipti, sem hann dró andann. Augu hans reikuðu um fangelsisgarðinn og leituðu gaumgæfilega í litlu, ferhyrndu gluggunum að kunnugum andlitum, ávallt boðin og búin að brosa hughreystandi, að styrkja þrek og mótstöðuafli. Ég þekkti vel hlýja brosið, sem kom á andlit félaganna í einkaklefunum, þegar þeir sáu kveðju Tonios og hið hugrakka bros hans. Sá, sem varð fyrir því, var styrkari í huga allan þann dag. „Ég hef séð Tonio,“ hugsaði hann, „og hann sagði mér að láta ekki hugfallast.“

Í þessari sveittu fylkingu miðri gekk Gottlieb, lærdómsmaðurinn í númer ellefu, hvíthærður og sléttur, ávallt að brugga ráð um einhvers konar uppörvun. Ég heyrði hann tala lágróma, svo að verðirnir heyrðu ekki til hans, því að það var bannað að tala í fangelsisgarðinum.

„Segið þið mér eitt,“ sagði Gottlieb, „hvað mundi ykkur vera kærkomnast í þessum svækjuhita: glas af ísköldu öli, andarsteik eða lagleg stúlkka?“

Það var hlegið lágt, þegar spurningin var látin ganga frá manni til manns. „Öl,“ sögðum við flestir. „Andarsteik,“ andvarpaði Albers, bankastjórinn. „Stúlkuna,“ krunkaði gamall fangi að nafni Udje. „Stúlkuna, einu sinni enn áður en ég dey.“ Í broddi fylkingarinnar sneri Tonio höfðinu við. „Heimurinn er vor,“ sagði hann. „Niður með þessa hæversku! Fyrst öndina og ölið og síðan stúlkuna.“

Hláturkliður barst eftir fylkingunni allt til hins aftasta í röðinni, innbrotsþjófs, sem hafði það að sérgrein að brjóta upp peningaskápa. Við kölluðum hann Tarsan. Hann óð rykið, stuttvaxinn og afskaplega gildur og yggldi sig undir svitalækjunum.

Aðeins einn maður var ósnortinn af kætinni. Hann virtist fyrstast við hlátur hinna. Hann var unglíngur, aðeins tuttugu og tveggja ára og hafði frítt andlit, er virtist vera haldið óbærilegu þunglyndi. Hann hét Oswald. Hinir sneiddu hjá honum og kölluðu hann svikara. Hann hafði verið félagi óaldarflokks í S-neðanjarðardeild flokksins og tekið þátt í morði á lögregluþjóni nokkrum í Hamburg. Eftir að hann



var handtekinn, hafði hann gefið upp nöfn félaganna í sveit sinni. Forustumaðurinn, ungur kommúnisti að nafni Lindau, hafði verið hálshöggvinn og samverkamenn hans dæmdir í ævilangt fangelsi. Fyrir Oswald varð ævin bak við múrana og járnrindurnar eins og óþolandi víti. Hann var einangraður af félögum sínum, fyrirlitinn. Hann gat ekki lifað án flokksins. Hann hungraði eftir því að afplána svik sín. „Spyrnið þið við mér,“ æpti hann, „drepnið þið mig ef þið viljið, refsnið þið mér! Gerið þið eitthvað! Eitthvað! En látið þið mig ekki vera svona einan!“ Fyrirlitleg þögn var svar kommúnistanna í númer ellefu. Parna í fangelsisgarðinum dansaði Oswald nú skyndilega fram úr fylkingunni. Hann skjögraði eins og óður maður og slöngvaði ókvæðisorðum til fangavörðanna. Þeir komu á hardahlaupum.

„Lemjið mig!“ orgaði Oswald. „*Lieber Herr Wachtmeister*, lemjið mig! Lemjið mig fast. Látið alla sjá, hvernig þið lemjið mig!“

Einn fangavörðurinn, ungur, þrekinn beljaki sveiflaði kylfu sinni.

„Viltu láta lemja þig?“ urraði hann. „Eins mikið og þú vilt! Ég skal svei mér lemja þig.“

Meðan Oswald var barinn miskunnarlaust, kom Marabú, höfuðsmaður varðliðsins, inn í fangelsisgarðinn.

„Standið rétt!“ galti einn fangavörðurinn.

Við stóðum kyrrir í sömu sporum. Marabú spurði hvað um væri að vera. Verðirnir urðu sauðslegir á svipinn. „Ég vildi láta lemja mig,“ sagði Oswald og bar sig aumlega, „vegna þess að ég hef svikið vini mína.“ Marabú reyndi að sefa hann. Síðan sneri hann sér að okkur. Rödd hans gall við eins og skambbyssuskot.

„Níðingar! Þorparar!“

Hann skipaði öllum föngunum að skipa sér í einfalda röð og fara úr öllum fötum. Síðan blés hann í flautu sína, og fleiri fangaverðir komu aðvífandi innan úr húsunum. Við stóðum í sólinni, allsnaktir, og með uppréttar hendur.

„Leitið á öllu hyskinu,“ skipaði Marabú vörðunum. „Leitið þið á skrokkunum, og leitið þið í fötunum.“

Leitin stóð allt að því tvær stundir. Verðirnir fundu hnífa, óleyfilega blýanta, tóbak og allmarga tundursteina. Einn þeirra dró pappírsmíða fram úr buxum eins af föngunum. Hann starði á miðann og fékk hann síðan Marabú. Hann virti blaðið gaumgæfilega fyrir sér, og andlit hans kipaðist saman.

„Tíu boðorð fyrir unga kommúnista í Hitlersæskunni,“ las hann hátt og bætti við: „Merkilegt, mjög svo merkilegt.“

Félaginn, sem átti fötin, er miðinn hafði fundist í, var einn af hraðboðum okkar í númer ellefu. Marabú skipaði honum að ganga fram og rak honum löðrung.

„Skrifaðir þú þetta?“ spurði hann.

„Já,“ sagði félaginn.

„Hver er atvinna þín?“

„Ég er verkamaður.“

„Þessi pistill er ritaður með mjög snyrtilegri rithendi. Skyldi venjulegur verka-

maður geta ritað svona?“ sagði Marabú. Hann dró vasabók og sjálfblekung upp úr brjóstvasa sínum og fékk fanganum. „Sýndu mér rithöndina þína,“ skipaði hann. „Skrifaðu ‚Hitlersæskan‘.“

Félaginn páraði klunnalega á blaðið. Marabú gerðist píreygur.

„Segðu mér nú, hver skrifaði þessar leiðbeiningar á blaðið,“ sagði hann blítt.

„Ég skrifaði þær,“ svaraði félaginn. Trúmennska hans var frábær.

Marabú skipaði honum að klæða sig. „Við ætlum að senda þig til Gestapo,“ sagði hann. „Þeir losa líklegast um tunguhaftið á þér þar.“ Síðan sneri hann sér að fylkingu nöktu mannanna og hvæsti: „Þið standið hér naktir í fangelsisgarðinum, þangað til ég veit, hver samdi þetta landráðaplagg.“

Við stóðum í rykinu fram í myrkur. Enginn hafði boðið fram neinar upplýsingar. Félaginn, sem saknæma blaðið hafði fundist á, kom ekki aftur frá Gestapo. En aðrir, sem komu frá yfirheyrslu, sögðu frá því að Gestapo hefði borið fram ákæru á hann fyrir landráð, framin í fangelsinu. Við fréttum aldrei neitt til hans framár. En allmörgum dögum eftir að hann var fluttur til Gestapo, settist óheillavænlegur komumaður að í númer ellefu.

Nafn komumanns var Ludwig Graner. Hann var maður nálægt fimmtugu, þéttvaxinn, með handleggi eins og górrilluapi og miskunnarlaust, samanrekið andlit, athafnamaður og einn ægilegasti glæpamaðurinn í öllu fangelsinu. Dag einn, skömmu eftir að Graner kom í númer ellefu, gerði Marabú hann að verkstjóra í salnum. Degi síðar fékk Graner trúnaðarfanga sér til aðstoðar, hávaxinn, færan, raudhæðan mann að nafni Willy Kronenberg. Fram á vor 1933 hafði Kronenberg verið skipulagsstjóri andfasistaliðsins; hann hafði selt félagsskap sinn í hendur Gestapo fyrir fé. En eftir að Gestapo-foringjarnir höfðu keypt og kreist hvern dropa af upplýsingum úr Kronenberg, dæmdu þeir hann í fangelsi fyrir hjónabandssvik. Kronenberg hafði verið liðsmaður í Útlendingahersveitinni frönsku. Hann var samviskulaus ævintýramaður, og það var hægt að hugsa sér, að hann gæti gengið á höggstokkinn án þess að missa jafnvægi málaíðans. Við komumst að því í númer ellefu, að Kronenberg tók við skipunum af Graner. Þeir höfðu hálmýnur sínar saman í afviknasta horni salarins. Menn, sem settir voru til að gæta þeirra, komust að því, að Kronenberg og Graner sátu löngum á tali svo að lítið bar á nótt eftir nótt. Þetta varð til þess, að Tonio bað hjálparmenn sína í skrifstofu fangelsisstjórnarinnar að gæta að æviferilsskýrslu Graners. Upplýsingar þeirra sönnuðu að grunur okkar var réttur.

Í heimsstyrjöldinni var Graner aðstoðarskytta í flota keisarans og var þá þegar njósnari fyrir íhalds-leynifelag sjóliðsforingja. Árið 1923 hafði hann fengist við njósnir gegn Þýskalandi fyrir frönsku herstjórnina, þegar Ruhr var hertekið. Árið 1927 var hann dæmdur í fangelsi fyrir að selja Rínarskip, sem annar maður átti, til Hollands. Hann var látinn laus 1931 og hafði þá farið að fást við bankaviðskipti. Árið 1934 var hann orðinn forstjóri í svikafyrirtæki, *Die Zwecksparkassen*, sem dró sér margar milljónir marka af sparifé fátæklinga. Graner var dreginn fyrir rétt og

dæmdur í átta ára fangelsi. Í æviferilsskýrslu hans í skrifstofunni fannst líka bréf frá Gestapo, þar sem fangelsistjórinn var beðinn um að sleppa honum undan einkavardhaldi. Graner, sjóræninginn og bankastjórinn, var Gestapo-njósniari.

„Falleg kippa að tarna, sem þeir hafa sent okkur,“ nöldraði Tonio. „Graner og Kronenberg! *Die Gestapo wittert Morgenluft!* Gestapo finnur þefinn af morgunandvaranum. Þá er farið að gruna margt.“

Með tvo þaulæfða njósnara í hópi okkar var stjórnmalastarfsemin á númer ellefu því sem næst lömuð. Við beittum öllum áhrifum okkar og samböndum til að láta flytja þá í annan sal. Sú staðreynd, að okkur tókst það ekki, var full sönnun þess, að Gestapo hafði skipað Graner og Kronenberg að hafa nánar gætur á númer ellefu. Æstir kommúnistar lentu hvað eftir annað í handalögumálum við njósnarana tvo; en þeir reyndust vera óttalausir áflogamenn.

„Það er víst ráðlegra fyrir okkur að gera samkomulag við þessa manndrápara,“ sagði Tonio. „Kynnast þeim og komast að einhverju saknæmu um þá.“

Síðla þetta sama kvöld kom einhver skríðandi í myrkrinu í hornið við gluggann, þar sem Tonio og ég sváfum á pokum okkar. Næturgesturinn var svikarinn Oswald.

„Heyrið þið mig,“ sagði hann skjálfandi röddu. „Þið haldið, að ég sé svikari. Það er ekki satt. Ég er félagi. Ég ætla að sanna það.“

„Hvað er þér á höndum?“ spurði Tonio.

„Ég ætla að drepa Graner,“ hvíslaði Oswald. „Ég ætla að drepa Kronenberg.“

„Vitleysa,“ tautaði ég. „Við getum ekki flúið úr þessum sal. Við mundum allir verða að gjalda þess hundraðfalt.“

„Ég ætla að drepa þá báða,“ sagði Oswald sæll í huga.

Tonio tók í axlirnar á honum og hristi hann. „Þú ert brjáláður! Leggstu aftur á dýnuna þína og láttu okkur í friði.“

Oswald klappaði Tonio á brjóstið. Hann mælti ekki orð af vörum, en læddist burt milli sofendanna jafnhljóðlega og hann kom.

„Ætli hann sé í vitorði með Graner?“ spurði ég Tonio.

„Oswald er enginn flugumaður,“ svaraði Tonio. „Við getum ekkert aðhafst. Hann er brjáláður.“

Ég sofnaði. Klukkan að ganga fjögur um morguninn vöknudu allir á númer ellefu við hást neyðaróp. Hljóð af áflogum bárust úr bleksvörtu myrkrinu. Síðan heyrðust aftur óp, hás og villt, óp um hjálp. Einhvern veginn vissi hver einasti maður, að ópin komu úr hálsi Graners. Enginn reis á fætur til að hjálpa honum, ekki einu sinni Kronenberg. Um það leyti, sem næturverðirnir brutust inn í salinn, voru ópin dofnuð og orðin að löngum stunuhrotum. Það var kveikt. Graner lá á steingólfinu með andlit og brjóst drifið blóði. Oswald sást hvergi. Verðirnir fundu hann á salerninu, flissandi með sjálfum sér. Hann hafði rist andlit og háls Graners með skærum, eins og þeim, sem bastvefararnir notuðu.

Það, sem eftir var næturinnar, stóðum við allir í röðum á ganginum með uppréttar hendur, klæddir skyrtnunum einum. Æpandi fangaverðir voru sífellt á

hlaupum, og málsrannsókn var þegar hafin. Klukkan níu um morguninn réðst deild Gestapo-manna inn í fangelsið. Seytján þekktustu kommúnistarnir í númer ellefu, meðal þeirra Tonio og ég, voru fluttir í einkavarðhald í Fuhlsbüttel-fangabúðirnar. Gestapo rannsakaði fangelsið hátt og lágt. Fangahópar úr hinum sölonum voru sendir til Oranienburg, til Buchenwald, til Dachau.

Enn á ný sat ég í húsi ógnanna. Dagarnir læddust framhjá eins og þeir væru að stríða mér; og endurminning um einhverja fjarlæga, ófáanlega paradís.

# Barátta mín um *Mein Kampf*

HINN 29. SEPTEMBER hófst eins og hver annar dagur í Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Nóttin hafði verið hávær af aðflutningum nýrra fanga, af blótsyrðum og skipunum, sem hljómuðu eins og byssuskot, af andvökustunum hlekkjaðra manna, hurðaskellum og flugvélagný. Klukkunni var hringt klukkan hálf sjö, og tíu mínútum síðar kom fangavörðurinn inn, tók hlekkina af öklum mínum og vinstra úlnlið, svo að ég gæti búið um flet mitt og sópað rykið af gólfinu. Síðan fjötraði hann hendur mínar fyrir aftan bak og kastaði rúgbrauðshleif inn í klefann til mín. Og ég lagðist á gólflið og nagaði brauðið.

Fram til klukkan hérumbil tíu kom ekkert fyrir nema það, að ég gekk fram og aftur í klefanum, gleymdi tímanum og reyndi að gera skrá í huganum yfir öll orðatiltæki úr dýrafræði, sem ég hafði lesið áður fyrir. Þegar lykillinn glamraði í skránni og dyrnar opnuðust, stökk ég upp að glugganum og æpti nafn mitt, númer og sakir, sem ég hafði verið dæmdur fyrir. Fangavörðurinn gekk til hliðar. Inn í klefann kom Rudolf Heitman, herðabreiður, með bláleita kjálka, þunnar varir, föla undirhöku, sem hvíldi á mjallhvítum flibba.

Heitman kinkaði kolti til fangavarðarins. „Það er allt í lagi,“ sagði hann. „Þér megjið loka mig inn.“

Vörðurinn læsti dyrunum að baki Heitmans — GPÚ-mannsins í Gestapo. Augnabliki síðar sá ég, að vörðurinn hafði lyft litla málmspjaldinu frá gægjugatinu á hurðinni og var að horfa inn um glerrúðuna. Undir slíkum kringumstæðum gat ég ekki kastað kveðju á Heitman. Ég stóð teinréttur sem fyrir.

Heitman hrinti mér hrottalega upp að veggnum.

„Þú ert of andskoti ánægður að sjá,“ æpti hann. „Svona karla ætti að hengja í gaddavír.“

Ég náði jafnvæginu aftur. Heitman sveiflaði hendinni og sló mig utan í höfuðið, og ég lét fallast á gólflið. Ljósbláu augun í verðinum fyrir utan voru enn í gægjugatinu.

Heitman öskraði: „Stattu á löppunum! Hver leyfði þér að leggjast?“

Ég reis upp og sneri mér að honum. Heitman lét skína í tennurnar, og munnvikin mynduðu skeifu.

„Ætlarðu að segja mér sannleikann?“ buldi hann.

„Já, herra.“

Heitman tók fram ljósmynd. Hann hélt henni í lófa sínum og bar hana upp að augum mínum. Það var vegabréfsmynd af ungum, ljóshærðum manni.

„Þekkirðu þennan mann?“

„Nei.“

Hann sló mig þegar í stað á nefið með vinstri hendinni. Ég fékk blóðnasir.

„Þekkirðu manninn hérna á myndinni?“

„Ég þekki hann ekki,“ sagði ég í spenningi og þóttist vita, að tilgangur heimsóknar hans stæði ekki í neinu sambandi við spurningarnar, sem hann lagði fyrir mig.

Við gægjugatíð deplaði vörðurinn augunum.

„Á ég að kalla á piltana og láta þá hýða þig?“ spurði Heitman.

„Nei, herra,“ svaraði ég.

„Segðu mér þá allt sem þú veist um þennan mann,“ orgaði hann.

Ég þagði.

Aftur bar Heitman höndina með ljósmyndinni upp að augunum á mér. Hann hnipraði sig saman fyrir framan mig eins og hann væri að búast til stökks; andlit hans dróst saman, litlu augun tindruðu.

„Líttu á þessa mynd,“ sagði hann lágt, „og segðu mér það, sem þú veist um þennan mann.“

Ég starði á ljósmyndina. Nú var það ljósmynd af Ernst Wollweber, sem Heitman hélt í lófanum, lítil, ljósprentuð mynd, sem hafði birt fyrir mörgum árum í *Arbeiter Illustrierte Zeitung*.

„Gættu vel að,“ sagði Heitman. „Hugsaðu þig um.“

Hægt, með því nær ósjáanlegri hreyfingu þumalfingursins, sneri hann myndinni við í lófa sér, en sneri breiða bakinu við fangaverðinum í gægjugatínu. Stutt orðsending var rituð með prentletri aftan á myndina. Augu mín gleyptu hvern stafinn á fætur öðrum, og ég setti hvert orð á minnið: „Reyndu að fá inngöngu í PP-neðanjarðardeild. Ástandið hagstætt. Talaðu varlega.“

„Þekkti Ernst Wollweber þennan mann?“ spurði Heitman hvellum rómi.

„Ég held það.“

„Þú heldur það, ha? Þekkti hann hann eða þekkti hann hann ekki?“

„Hann þekkti hann.“

Heitman stakk myndinni aftur í vasann. Hann reigði höfuðið aftur á bak og barki hans svall fram.

„Vissirðu til þess, að hann tæki við skipunum af Wollweber?“

„Já.“

„Hvers konar skipunum?“

„Um lögreglustörf að ég héld,“ sagði ég.

Heitman rumdi. „Nú, já!“ Í önungum tón bætti hann við. „Þú gast sagt mér þetta strax.“

Hann sneri sér við og barði á klefadyrnar. Vörðurinn fyrir utan opnaði þær þegar í stað.

„Þér megið fara til skyldustarfa yðar,“ sagði Heitman. „Vinur okkar hér er að spekjast.“

SS-liðinn lét sér nægja það, sem hann hafði heyrt. Hann læsti dyrunum aftur, og fótatak hans fjarlægðist klefann á ganginum fyrir framan. Við vorum nú einir. Heitman linnti sókninni. Hann tók upp vasapela og drakk. Ég var að hugsa um orðsendinguna. PP-neðanjarðardeild var heiti það, sem kommúnistar völdu leynistarfi innan lögreglulíðs óvinanna. Ég var óhræddur við Heitman. Ég hafði næga vitneskju um hann til að senda hann á fund böðulsins. Heitman vissi það. Hann mundi aldrei hafa nein brögð í frammi við mig.

„Jæja, ég er að bíða,“ sagði ég rólega.

Hann talaði lágum rómi. Í stað Vesturskrifstofu sögðum við „fyrirtækið“ og í stað PP-neðanjarðardeild notuðum við „keppinautur okkar“.

„Ég átti tal við mann af aðalskrifstofunni,“ sagði Heitman. „Fyrirtækið hefur fengið vitnisburð Tonios um hæfileika þína. Þú ættir að reyna að komast að hjá keppinaut okkar. Fyrirtækið vill hafa fleiri menn starfandi þar til að láta það vita, hvar og hvenær eigi að hefja framkvæmdir — um aukna sölu.“

Ég skildi orðsendinguna. Vesturskrifstofan hafði tilnefnt mig til að lauma mér með brögðum inn í Gestapo. Mönnum höfðu verið falin slík störf fyrr. En að tveimur eða þremur undanteknum hafði ávallt farið illa fyrir félögum, sem reyndu slíkt. Dauðinn var þeim vís.

„Það er engin leið,“ sagði ég. „Ég er of illa kynntur.“

Heitman hristi höfuðið. „Þú munt finna allt vel í haginn bíuið,“ tautaði hann. „Þú munt hafa samverkamenn. Keppinautur okkar er alltaf að leita að ungum, gáfuðum mönnum. Það tekur tíma — og þolinmæði. Og kalt blóð.“

„Hvernig?“

„Aðalatriðið er að gera ekki beinlínis tilboð. Ekkert klunnalegt eða grunsamlegt. Vandinn er að koma keppinautunum svo langt, að þeir komi og bjóði þér: ‚Hvernig líst þér á það, bróðir sæll?‘ Skilurðu?“

Ég húkti nálægt dyrunum, lagði vinstra eyrað upp að stálhurðinni og hlustaði hvort fótatak fangavardanna væri að nálgast.

„En ...“

Ég sýndi Rudolf Heitman skjalið, sem ég fékk, eftir að ég var fluttur úr hegningarhúsinu í fangabúðirnar. Það var prentað á blóðrauðan pappír, svohljóðandi:

Skipun um öryggisgæslu.

Handhafi þessa bréfs, fanginn —, er sendur til Ko-La-Fu aftur vegna þess, að hann hefur stofnað friði og reglu hegningarhússins í voða.

(Fyrir GESTAPO): *Peter Kraus*

„Þarna sérðu,“ sagði ég, „einkavarðhald ... hlekkir ...“

„Það er ágætt,“ svaraði Heitman. „Maður í hlekkjum er líklegur til að gera hvað

sem er til þess að losna við hlekkina. Þú hefur verið að leita árum saman. Þú hefur varpað frá þér gömlu hugmyndunum. Þú ert reiðubúinn að gefast upp. Taktu það frá þeirri hlið. Það er ekki erfitt að gabbja þá, sem halda, að þeir séu almáttugir.“

„Hvernig ætti ég að fara að því?“ spurði ég.

Heitman yppti öxlum. „Þann skopleik verður þú að leika sjálfur, ekki ég. Ég get aðeins gefið þér bendingu um upphaf fyrsta þáttar. Síðan verður þú að sigla einn á báti.“

„Sigla í gröfina,“ sagði ég glottandi.

„Eða til frelsisins,“ sagði Heitman.

„Jæja þá. Hvernig á ég að byrja?“

„Biddu um leyfi til að lesa *Mein Kampf*. Það er alltaf öruggt. Láttu síðan eins og þig hrylli við fjöldaafökunum í Rússlandi. Síðan Kírov hneig í valinn, hafa þúsundir manna á öllum aldri af öllum þjóðum verið skotnir. Láttu þá einhvern veginn komast að því, að þig hrylli við þessu. Láttu sem þú sért ósáttur við fyrirtækið. Þú vinnur, ef heppnin er með þér. Hve lengi hefurðu verið í steininum?“

„Nærri þrjú ár,“ sagði ég.

„Nógu langt til að slíta allt, sem bindur við fortíðina,“ sagði Heitman. „Aðalatriðið er að hafa heppnina með sér. Heppnin er meira virði en stærðfræði.“

„Ég ætla að hugsa um það.“

„Líttu á mig,“ Heitman brosti önnuglega. „Ég hef lafað í mörg ár. Og ég er samt sem áður á lífi.“ Mér fannst hann segja það frekar til að hughreysta sjálfan sig en að hvetja mig. Nokkrum mínútum síðar hrópaði hann á fangavörðinn.

Heitman fór og kvaddi með „*Heil Hitler!*“ Vörðurinn skellti saman hælunum. Hann setti mig aftur í járn. Ég var einn.

Ég gekk um gölf í klefanum allan eftirmiðdaginn. Nóttin kom, og mér kom ekki dúr á auga. Ég gleymdi hungri og kulda. Ég var gagntekinn hita og æsingi. Frá upphafi vissi ég, að þetta mundu verða ljótar aðfarir, hættulegasta, ördugasta og banvænasta starf ævi minnar. Ég hélt ekki, að nokkur líkindi væru til að ég gæti ráðið þessu máli til farsælla lykta. Ég hafði þá föstu sannfæringu, að með því að takast það á hendur gengi ég beint í opinn dauðann. Ég spurði sjálfan mig: „Ertu enn góður bolsévíki?“ Hálfá nóttina barðist ég við sjálfan mig um þetta. Daufur ilmur af vindlingi, sem næturvörðurinn var að reykja á ganginum, truflaði mig í þessari baráttu.

En áður en næsta morgunbjallan hringdi, afréð ég að láta til skarar skríða. Mér fannst ég vera einmana förumaður, með auðn allt í kring um mig, ekkert, sem ég gæti treyst á nema sjálfan mig.

Ég bað fangavörðinn um leyfi til að lesa *Mein Kampf* eftir Adolf Hitler.

Þessi fangavörður var nýr á ganginum. Það var skipt um fangaverði á fárra vikna fresti til að koma í veg fyrir, að þeir yrðu of samrýndir föngunum. Hann þvertók fyrir að verða við beiðni minni.

Ég lét tvo daga líða hjá. Auðvitað hafði ég lesið bókina áður, en af tveimur ástæð-



um var mér nú umhugað um að ná í hana. Önnur var sú, að Gestapo lét skrásetja mjög rækilega upplýsingar um bréfaskriftir og bóakast hvers fanga. Það var talið að fangar, sem virtust verja miklum tíma í lestur opinberra nasistarita, væru komnir á öndverðan meið við fyrri heimsskoðanir sínar. Hin ástæðan var sú, að ég vildi kynna mér hugmyndir og orðatiltæki þjóðernissósíalista til að verða fær um að mæta Gestapo sem jafningi einhvern ókominn dag.

Þriðja morguninn það ég um að láta leiða mig fyrir fangabúðastjóran.

„Í hvaða tilgangi?“ spurði fangavörðurinn.

„Mig langar til að gefa yfirlýsingu,“ sagði ég.

„Yfirlýsingu um einkamál? Kemur ekki til mála.“

„Stjórnmalayfirlýsingu, *Herr Wachtmeister*.“

Fangavörðurinn lét sér segjast. Það glamraði í stígvélum hans, þegar hann gekk burtu, og tíu mínútum síðar kom hann aftur og tók handjárnin af mér.

„Gakk fram. *Der Kommandant* vill finna þig.“

Yfirfangavörðurinn í Fuhlsbüttel-fangabúðunum sat við hrörlegt skrifborð. Það var allt of heitt í skrifstofu hans, og þar varð tæplega þverfótað fyrir spjaldskrá og skjölum. Myndir af nasistaforingjum þöktu veggina. *Der Kommandant* var grannur, gráhærður maður með hermannlegt andlit. Hann var í svörtum ein-kennisbúningi, búningi SS-manna. Ör eftir sverðshögg lá frá gagnauganu niður að munni hans, minning um einvígi eða heimsstyrjöldina eða ár hans í frönsku Útlendingahersveitinni. Þegar ég kom inn í skrifstofuna, smellti hælunum saman, og sagði til mín eins og vant var, bandaði hann hendi til nokkurra skrifstofumanna — sem voru einnig SS-menn — og þeir fóru út úr skrifstofunni. Ég starði á ljósbláu augun í þessum manni. Í stjórnartíð hans í Fuhlsbüttel-fangabúðunum, höfðu margir félagar mínir orðið tortímingu að bráð. Loksins sagði hann hvatlega: „Hvers vegna ert þú hér?“

„Mig langar til að spyrja ...“

„Ég vil ekki vita til hvers þig langar,“ greip hann fram í. „Hvers vegna ertu þá í öryggisgæslu?“

„Ég var sakaður um að stofna til óspekta í fangelsinu.“

Ég sá að honum geðjaðist vel að hreinskilni minni í svörum.

„Hefur ásökunin við rök að styðjast?“

„Að sumu leyti — já.“

„Hvers vegna gerðirðu það?“

„Ég þóttist sjá, hve gömlu hugmyndirnar voru fánýtar,“ svaraði ég. „Ég var örvinglaður. Til þess að komast hjá að viðurkenna sannleikann hóf ég baráttu í andstæða átt.“

„Virtist þér það vera hægara en að viðurkenna sannleikann?“ spurði hann kænlega.

„Já, herra. Það virtist svo — um skeið.“

„Fyrir hvað varstu dæmdur í fangelsi?“

„Fyrir ólöglega starfsemi gegn Þriðja ríkinu.“

„Hve lengi?“

„Þrettán ár.“

„Þú varst heppinn. Ef ég hefði verið dómari, þá hefðirðu verið skotinn!“

Þögn. Hann grandskoðaði mig. Ég horfði beint í augu honum. Menn af hans tagi voru ekki hrifnir af þrælsótta og undirgefni.

„Hvers vegna ertu hafður í járnum?“ spurði hann.

„Ég reyndi að fyrirfara mér.“

„Þetta veit ég allt,“ drafaði *Der Kommandant* letilega. „En þú komst til þess að gefa stjórnmalaskýrslu.“

„Jæja, láttu hana koma!“

„Mig langar til að fá leyfi til að lesa *Mein Kampf*,“ sagði ég.

Í fyrstu yggldi hann sig. Hann hafði líklegast búist við einhverju öðru. Síðan reykti hann hugsu. Eftir skamma stund sagði hann: „Hvers vegna skyldi svikara eins og þig langa til að lesa bók eftir Foringjann?“

„Sá maður, sem er lengi einn, hugsar margt, *Herr Kommandant*,“ sagði ég. „Ég sagðist ætla að gefa stjórnmaláýfirlýsingu. Ég óska þess að fá að lesa bókina. Í mín-um augum er þetta stjórnmaláýfirlýsing.“

Hann hallaði sér fram. „Þú ætlar ekki að fara að gerast nasisti eða hvað?“ spurði hann háðslega.

„Nei, herra.“

„Þú ert kommúnisti ennþá?“

„Ég hélt, að ég væri það. En kommúnisminn í Þýskalandi er dauður.“

„Það er ljóta óheppnin, *nicht wahr*, ekki satt?“

Ég kinkaði kalli. Ég stóð enn eins teinréttur og mér var frekast unnt. Í viðurvist fangabúðastjórans var föngum harðbannað að hræra legg né lið.

„Þrautir lífsins í fangabúðunum hafa ekki bætandi áhrif á síðferðisþrek ykkar kommúnistanna eða hvað?“ hélt *Der Kommandant* áfram.

„Mér er sama um þrautirnar, herra,“ svaraði ég. „Þrautirnar stæla mennina. Þeir, sem láta bugast af þrautum, eru ekki verðir viðlits.“

„Hvers vegna fékkstu eiginlega þá hugmynd að vilja lesa *Mein Kampf*?“

„Líf mitt er eyðilagt, svo að ekki verður um bætt, *Herr Kommandant*,“ sagði ég.

„Ég ætla mér ekki að verða þjóðernissósíalisti. Ég get það ekki. Það er of seint. En ég veit, að ég hef verið liðsmaður hers, sem er sigraður — gersigraður.“

„Sigraður? ... Tortímt,“ sagði hann. „Haltu áfram.“

„Tortímt,“ játaði ég. „Það var sterkur her, og Hitlerssamtökin hafa tortímt honum. Þess vegna langar mig til að lesa *Mein Kampf*. Mig langar til að vita, hvað gefur stefnu þjóðernissósíalista þennan tortímingarkraft.“

„Þú hefðir átt að gera það 1930,“ sagði *Der Kommandant*.

„Þá var ég blindur, herra.“

„Og þú ert enn blindur?“

„Nei.“

„Ég trúi þér ekki. Mér sýnist þú vera slíkur náungi að þú mundir berja höfðinu við kaldan steininn frekar en játa, að þú hafir haft á röngu að standa. Þú ætti ekki að taka upp á því að skríða.“

„Ég er ekki að skríða, *Herr Kommandant*.“

Hann barði í skrifborðið. Hann talaði í snöggum tón: „Þú er kominn í aðstöðu, þar sem hreinskilnin er á öndverðum meið við trúmenskuna, vinur minn. Kommúnistaflokkurinn er fúinn ofan í rætur. Var alltaf fúinn. Sú staðreynd, að örfáir kommúnistar eru málstaðnum trúir jafnvel í helvíti, sannar það.“

„Ég ætla mér ekki trúmenskuna við málstað, sem er ekki lengur til,“ ansaði ég.

„Svo að þig langar til að lesa bók Hitlers?“

„Já, herra.“

„Beiðninni synjað. Ég skal láta þig hlaupa tuttugu og fimm umferðir um fangelsisgarðinn í staðinn.“ Hann þrýsti á hnapp. Vörður kom glamrandi inn, stóð réttur. *Der Kommandant* skipaði fyrir.

Þanig lauk viðtalinu. Tveir verðir fóru með mig út í fangelsisgarðinn og létu mig hlaupa tuttugu og fimm umferðir fram með múrunum. Verðirnir hlupu minni hringi. „Fljótar,“ hrópuðu þeir, „Fljótar!“ Ef ég hljóp ekki nógu hratt, brugðu þeir fæti fyrir mig og börðu mig með kylfunum. Tvær umferðir voru nærri einn kílómetri. Meðan ég hljóp, sá ég fangabúðastjórann halla grönnum líkama sínum út í rimlagluggann í skrifstofunni. Ég hljóp í tvær klukkustundir. Síðan hneig ég til jarðar, var dreginn inn í klefann aftur og settur í handjárn.

Einkasímar tengdu skrifstofu fangabúðastjórans við aðalbækistöðvar leynilög-reglunnar. Ég þóttist vita, að Gestapo hefði þegar í stað verið skýrt frá umsókn minni um að fá að lesa *Mein Kampf*. Eftir allmarga, viðburðas nauða daga, var ég aftur boðaður í skrifstofuna. Ég hélt skopleiknum áfram með öllum þeim ráðum, sem ég átti til. Mér til mikillar undrunar bauð *Der Kommandant* mér að setjast, þegar allir voru farnir út.

Hann spurði mig um Cilly, en hún hafði verið fangi hans mánuðina, sem liðu frá handtöku okkar til réttarhaldanna. Hann hafði orðið hugfanginn af því, hve hún var gáfuleg í þrjósku sinni, hve þokki hennar var óvenjulegur. Hann virtist hafa ánægju af því, er ég svaraði fúslega mörgum spurningum, er snertu einkamál Cilly og hæfileika hennar til ásta. Að lokum spurði hann mig hreinskilnislega:

„Hefurðu haft samfarir við stúlkuna?“

Þegar ég kinkaði kolti, lá við, að hann stykki upp af stólnum.

„Er það satt?“

„Já.“

Hann stóð upp, og ég sá að hann reyndi að tendra í sér blossomandi reiði, sem var þó engan veginn sannfærandi.

Hann hamaðist: „Þú ættir að skammast þín! Kvæntur maðurinn! Og átt svona

góða konu. Ég hef oft haft tal af konunni þinni. Þú — finnurðu ekki til neinnar blygðunar?“

„Nei, herra,“ sagði ég.

*Der Kommandant* skellihló. „Ég þekkti þetta allt ... úr stríðinu. ... Við máttum búast við að vera sprengdir í tætlur hvenær sem skyldi, ... við kreistum síðasta dropann úr öllu, sem bar einhvern keim af kvenholdi, áður en það væri orðið um seinan. Þessi — hvað kallar hún sig — Cilly var fjandi laglegur kvenmaður. Og þú skemmtir þér vel með henni, eða hvað?“

„Já, herra,“ sagði ég.

Hann gekk á mig að segja sér nánari atvik. Ég bjó þau til handa honum. Á þeirri stundu var *Der Kommandant* að minnsta kosti hugfangnari af leikni Cilly í ásta-brögðum en af öllum kennisetningum Rosenbergs og Hitlers. Ég fann, að ísinn tók að bráðna. Viðræður okkar stóðu í margar klukkustundir. Ég lét dæluna ganga kappsamlega. *Der Kommandant* varð gramur í hvert skipti sem síminn hringdi eða fangavörður barði að dyrum til þess að biðja um leiðbeiningar um dagskipunina.

Frá hlutverki Cilly sem alþjóða gleðikonu barst talið til siðspillingar bolsévika-leiðtoganna almennt og kynferðislegrar úrkynjunar Dímítrovs, Wollwebers og Heinz Neumanns sérstaklega. Ég sagði honum fáránlegar sögur af nauðgunum í stórum stíl á alþjóðasamkundum stalínista í Moskvu og París. Sökum þess að söku-dólgarnir voru kommúnistar, trúði hann þeim. Næsta umræðuefnið var skækju-lifnaður í Ráðstjórnarríkjunum. Þaðan brugðum við okkur yfir í verð á vændis-konum í ýmsum löndum og álfum.

„Stærsti galli Þjóðverjans er þröngsýni hans,“ sagði *Der Kommandant* skyndilega. „Ég er líka orðinn talsvert veraldarvanur.“

Ég reyndi að kynda undir hégómagirnd hans, og að lokum átti hann, sem var í rauninni ekki annað en vikadrengur Gestapo, bágt með að leyna stolti sínu af að vera talinn heimsmaður.

„Fyrst af öllu þjóna ég föðurlandi mínu,“ sagði hann.

Ég sagði með lotningu: „Já, þér eruð hermaður, *Herr Kommandant*.“

„Allt þetta, sem þú hefur frætt mig á í dag,“ sagði hann hugsi, „allar upplýsingar um forarviltuna undir yfirborði kommúnismans — *verdammt*, bölvað, það væri þess virði að skrifa grein um það í *Völkischer Beobachter*.“

Það varð stutt þögn. Úr því að fangabúðastjórinn var í svo alþýðlegu skapi, lét ég freistast til að spyrja hann um Firelei. Ég varð þess þegar var, að ég hafði gert glappaskot. Ég spurði hann lauslega um heilsufar Firelei, og hann gerðist óðar fruntalegur eins og hann var vanur.

„Konan þín fékk það, sem hún átti skilið,“ sagði hann. „Hvorki meira né minna.“

„Hún var aldrei sannfærður kommúnisti,“ skaut ég inn í.

„Ég er kunnugur málum hennar,“ sagði *Der Kommandant*. „Hún kaus heldur að strjúka frá barni sínu en sæta ábyrgð fyrir glæpinu, sem hún framdi. Andstyggilegt

athæfi! Verri en nokkur skepna. Lægstu kvendýrin gæta unga sinna, verja þá, deyja fyrir þá. Það er ekki eyðandi skotum á slíkt fólk.“

Ég hékk á stólnum og lét handleggina lafa máttlausa niður.

„Þú mátt fara,“ gjammaði *Der Kommandant*.

Vörður kom inn.

„Farið þér með hann í klefann.“

„Handjárn, *Herr Kommandant*?“

„Auðvitað!“

Það, sem eftir lifði þessa dags, og næstu nætur eru enn helvískar endurminningar í huga mér. Ég lét annan dag líða. Næsta morgun tók ég aftur upp hina bitru sókn.

Vörðurinn á ganginum, þennan morgun, var rólyndur maður með eplakinnar, og töldu fangarnir hann vera einna makráðastan af fangavörðunum í Fuhlsbüttel. Þegar hann kom inn í klefa minn til þess að framkvæma hið daglega eftirlit, sagði ég við hann, að mig langaði til að skrifa Gestapo bréf.

„Hvers konar bréf?“

„Játningu, *Herr Wachtmeister*.“

„Langt eða stutt?“

„Langt bréf, *Herr Wachtmeister*.“

Hverjum einasta fanga, hversu einangraður sem hann er, er ávallt frjálst að skrifa Gestapo. Gestapo tekur bréfum fanga fegins hendi. Því meira sem þeir skrifa, því betur fletta þeir ofan af sér, og því rækilegar flækja þeir sig í snörur þær, sem lagðar eru fyrir fjandmenn Nýja Þýskalands. Fanginn má skrifa eins margar arkir og hann lystir. Eina skilyrðið er, að hann fái verðinum aftur jafnmargar arkir og honum voru fengnar í upphafi.

Vörðurinn færði mér þrjár arkir og blek og penna. Hann kom líka með fjöl, sem ég átti að nota fyrir borð. Síðan tók hann járnin af vinstri hendinni og lét þau lafa á þeirri hægri. Ég renndi augunum að gægjugatinu og sá, að vörðurinn hafði gætur á mér. Hann hagðaði sér samkvæmt fyrirmælum fangelsisreglugerðarinnar, Margur fanginn, sem lét taka hlekkina af höndum sér undir því yfirskeyni, að hann ætlaði að skrifa Gestapo, greip tækifærið til að stytta sér aldur.

Eina örkiná stílaði ég til Streckenbachs, forstjóra utanríkisdeildar Gestapo. Ég skrifaði hatrammlegt last um kommúnismann. Ég lýsti því yfir, að hér með segði ég slitnið öllu sambandi við málstað kommúnista. Ég lauk bréfinu með setningunni: „Ég er Þjóðverji. Mér er ljóst, að hver sá, sem gengur í lið með kommúnismanum, tekst á herðar svik gegn föðurlandi sem hluta skyldunnar gagnvart Moskvuvaldinu.“ Ég bætti því við, að ég væri samþykkur því, að þessi yfirlýsing yrði birt í blöðum nasista. Gestapo þótti fengur í að birta slíkar yfirlýsingar í þeirri trú, að þær mundu draga kjark úr leifunum af neðanjarðarstarfsliði andstæðinganna.

Arkirnar tvær, sem eftir voru, fyllti ég út af athugasemdum um raunverulegar og tilbúna svívirðingar, sem kommúnistaforingjar, er mikið hafði verið rætt um í þýskum blöðum eftir 1933, hefðu gert sig seka í. Yfir þessa samsuðu hengdi ég

fyrirsögnina: „Þannig lifa þeir, sem ætluðu sér að spilla þýsku fjölskyldulífi.“ Þessar uppljóstranir stílaði ég til fangabúðastjórans í Fuhlsbüttel.

Vörðurinn, sem tók við bréfunum tveimur, glotti breitt. „Ég veit, hvað það merkir, þegar fyrrverandi óvinur ríkisvaldsins skrifar Gestapo,“ sagði hann. „Innri baráttan. ... Ó, já — innri baráttan og einkavarðhaldið.“ Hann fór og hló með sjálfum sér.

Ekkert gerðist í viku. Tilbreytingarleysið, hrottaskapurinn venjulegi, maturinn, sem ég hámaði í mig af gólfinu, hurðaskellirnir, reiðiópin og vein fanganna, sem voru strýktir, sársaukinn, sem nísti særða úlnliði mína án afláts — allt sat við hið sama. En viðfangsefni hugsana minna voru orðin önnur. Mér hafði tekist að beina huga mínum með valdi frá Firelei. Ég var hættur hinum venjulegu ósjálfráðu hugsanaæfingum. Huga minn hreif nú — jafnvel í draumi — ein einasta hugsun: „Hvernig get ég best framkvæmt skipun Kominterns?“ Þetta höfuðvandamál leiddi af sér óteljandi þögular spurningar og mergð þögulla svara. Ég var orðinn gersneyddur flestum sjálfsblekkingum. Ég sá Komintern í allri nekt þess. En ég hélt dauðahaldi í verkefnið. Ég var hræddur við tómið. Hvernig svo sem því kynni að ljúka, þá virtist það veita lífi mínu tilgang á ný. Í vikulokin ritaði ég nýtt bréf til Gestapo. Ég bað auðmjúklega um leyfi til að lesa *Mein Kampf* eftir Hitler.

Snemma næsta morgun var gamall, þegjandalegur gyðingafangi látinn raka mig undir eftirliti tveggja varða.

„Þú átt að fara að hitta Gestapo,“ sagði annar vörðurinn og sparkaði í mig að skilnaði.

Ég var leiddur á neðstu hæð gamla fangahússins og stóð með nefið og tærnar við vegginn í margar klukkustundir. Á hægri og vinstri hönd mér stóðu langar raðir fanga, sem biðu, einnig með nef og tær við vegginn. Loksins var okkur stíað inn í fangavagninn. Hann var troðfullur að venju. En meðan bíllinn skrólti eftir götunum til aðalstöðva Gestapo, varð mér ljóst að fangarnir, sem verið var að flytja í pyndingaklefana síðari hluta ársins 1936, voru af öðrum toga spunnir en vígamennirnir frá fyrstu þremur árum Hitlersveldisins. Það voru fleiri gyðingar, læknar og lögfræðingar, kapólskir prestar, smákaupmenn og aðrir, sem höfðu aldrei talist til kommúnistaflokksins né öreigalýðsins. Ég reyndi að taka suma þeirra tali. En þeir þorðu ekki að opna munninn, að því er virtist. Ég sneri huganum að eigin málum. „Hvers vegna er Gestapo að boða mig á sinn fund?“ spurði ég með sjálfum mér. Öll framtíð mín var komin undir svarinu við þeirri spurningu.

Bíllinn sveigði inn í húsagarðinn í byggingu Gestapo, húsagarðinn, þar sem Karl Burmeister hafði látið lífið þúsund dögum fyrr. Ég var ekki rekinn inn í biðstofu Gestapo. Ég var leiddur ofan í dýflissurnar í kjallaranum og læstur inni í skáp, sem var ekki stærri en svo, að ég gat rétt staðið í honum. Það var lítið rimlagat á skáphurðinni. Í gegnum það barst mér dásamlegur ilmur af baunum. Handteknar vændiskonur hlupu um ganginn, lausar og liðugar, með kústa og tuskur og hrúgur

af blikkiskálum. Að síðustu var nafn mitt kallað. „Vertu nú rólegur,“ sagði ég við sjálfan mig.

Ungur SS-maður fékk mér bók. Það var *Mein Kampf*.

„Þegar þú ert búinn að lesa hana,“ sagði hann, „skilaðu henni í fangabókasafnið í Plötzensee.“

Ég varð forviða. „Plötzensee?“ spurði ég.

„Já, þú átt að fara í Plötzensee-fangelsið,“ sagði SS-maðurinn.

Það var farið með mig eftir sóðalegum göngum í annan hluta kjallarans. Þar stóð löng röð af mönnum í krumpuðum fötum, flestir með pappaöskjur undir handleggnum.

„Gakktu í röðina,“ var mér skipað.

Yfirfangavörður einn æpti hvelt: „Fangaflutningur til Berlin-Plötzensee — hlustið á: Hver, sem gerir tilraun til að komast undan á flóttu á leiðinni, verður skotinn! Vinstri snú! *Abteilung, marsch!*“

Við þrömmuðum eftir skuggalegu göngunum út í húsagarðinn, þar sem bílarnir biðu. Okkur var ekið á járnbrautarstöðina.

„Plötzensee!“ hugsaði ég. „Hvað táknar það?“

Plötzensee var aðalsláturhús Hitlers. Allir andstæðingar nasista, sem þjóðdómstólarnir svokölluðu dæmdu til lífláts, voru fluttir til Berlínar og hálshöggirnir í fangelsisgarðinum í Plötzensee.

Á aðaljárnbrautarstöðinni í Hamborg beið fangalestin. Lestin var löng. Á vögnunum voru engir venjulegir gluggar, heldur loftgöt með rimlum efst á vagnhliðunum. Mjór gangur lá eftir hverjum vagni endilöngum. Á báða vegu hans voru smáhólf með stálveggjum og stálhurðum. Rafmagnsljósín voru björt. Í sumum hólfunum var ekki rúm nema fyrir einn fanga, önnur rúmuðu tvo og fjóra. Bæði verðirnir og fangarnir kölluðu lestina *Henkerzug* — böðulslestina. Með þremur öðrum var mér holað í fjögurra manna hólf. Við biðum lengi. Nýir fangahópar komu úr ýmsum afskekktum fangelsum. Í gegnum loftgatið gat ég séð þá ganga yfir stöðvarpallinn. Það voru karlar og konur á öllum aldri, stjórnmalafangar, sem áttu að fara í eitthvert fangelsanna í Berlín eða nágrenni.

Ég kynntist fljótt förunautum mínum þremur. Einn þeirra, roskinn húsgagnasmíður, var hneigður til eigin kyns. Dag einn hafði hann gengið drukkinn eftir fjölfarinni götu, heilsað á Hitlersvísu og æpt: „*Heil Kapitän Röhm!*“ Fyrir þetta afrek hlaut hann þrjú ár. Annar var smákaupmaður frá Brimahöfn, búlduleitur Lág-Saxlendingur, sem hafði boðið vinum sínum að hlýða á ádeiluhljómplötur gegn Hitler, sem sósíalískir sjómenn höfðu smyglað frá Englandi. Einn af vinum kaupmannsins hafði orðið hræddur, eftir að Gestapo gerði húsrannsókn hjá nágranna hans, og komið upp um hann við Gestapo. Hann hafði hlotið átta ára fangelsisdóm samkvæmt nýju ógnarlögunum frá 1934. Þriðji förunaturinn var hermaður, ærslafenginn og andvaralaus piltur. Hann hafði skrifað fyrirverandi skóla-bróður sínum í Sviss bréf og stært sig af því, á hve stuttu færi hann gæti drepíð mann

með vélbyssu, sem hafði nýlega verið tekin í notkun. Vinkona þessa fyrrverandi skólabróður var Þjóðverji og nasisti. Hún las bréfið. Hún lét taka ljósmynd af því á njósnastöð nasista í svissnesku borginni Zug. Ljósmyndin hafði borist í hendur Gestapo. Hermaðurinn var tekinn fastur og sakaður um að hafa ljóstrað upp hernaðarleyndarmálum. Eftir hálf tíma réttarhöld dæmdi setudómstóllinn hann í ævi-langt fangelsi.

Undir kvöld komst lestin af stað. Hún rann í gegnum myrkrið, hlaðin gæfunaudum farþegum. Á hverri nóttu óku lestir eftir þýskri grund, sveipaðar hjúpi myrkursins. Verðirnir á göngunum voru vingjarnlegir. Þeir færðu okkur vatn, þegar við báðum um það, og þeir gáfu okkur tóbak og vindlingapappír. Þeir létu það afskiptalaust, er hermaðurinn í klefa okkar tók að slá í stálskilrúmin til þess að komast í samband við fangana í hinum hólfunum. Verðirnir leyfðu okkur jafnvel að hrópa hver til annars í gegnum veggina.

„Talið þið eins og ykkur lystir,“ sagði einn þeirra. „Þið fáid ekki að tala mikið í Plötzensee nema við sjálfa ykkur.“

Hinum megin við ganginn, beint á móti klefa okkar, sat maður einn í stálkistu sinni. Ég gat ekki séð andlit hans. En hann hafði djúpa, þægilega rödd. Hann kvaðst heita Robert Gerdes, kommúnisti, tuttugu og sex ára að aldri.

„Hvert er för þinni heitið?“ spurði ég.

„Plötzensee,“ sagði röddin.

„Hversu mörg ár?“

„Ekki nema nokkrir dagar, félagi,“ sagði hann. „Þeir ætla að höggva af mér höfuðið.“

Það varð þögn. Hjólin skröltu undir okkur. Einhver í öðrum klefa spurði: „Líflát?“

„Líflát,“ svaraði Gerdes.

Ég sagði honum nafn mitt og áralengd fangelsisdómsins. „Segðu mér hverju þú vilt láta skila til vina þinna úti,“ sagði ég.

„Ég get ekki sagt mikið,“ sagði Gerdes. „Hér eru of mörg eyru. Ég var tekinn fastur í mars 1935. Ég starfrækti útvarpsstöð ... á skipi. ... Í Eystrasalti. ... Þeir komu út á kafbátaspilli og tóku mig. ... Láttu huggunarorðin eiga sig. Segðu vinum okkar, að ég sjái ekki eftir því ...“

Samtalið varð slitrótt. Í búrunum kringum Gerdes voru félagarnir hnuggnir. Ungi hermaðurinn rauf töfrana. Í öðru búi frá dauðadæmda manningum var stúlka. Hún hafði þagað lengi. Hún var líka ein.

„Halló, *Puppe*,“ hrópaði hermaðurinn. „Sýndu, að þú hefur hjarta.“

Stúlkan hló. „Ég hef hjarta,“ hrópaði hún. „Bíddu andartak. Ég skal gera það stærra, svo stórt að það rúmi þig.“

„Ég er tuttugu og eins árs,“ galaði hermaðurinn, „og einn og áttatíu á hæð. Hvað ert þú gömul?“

„Tuttugu og fjögurra,“ hrópaði stúlkan aftur. „Hvað heitirðu?“



„Albrecht. Og þú?“

„Gretchen.“

„Hvað gerðirðu af þér?“

„Ég var smyglari — og þú?“

„Ég ljósraði upp hernaðarleyndarmálum,“ æpti hermaðurinn. „Ég er hermaður.“  
Og síðan: „Hæ, Gretchen, hverju smyglaðir þú?“

„Peningum og demöntum fyrir aðra, ... Köln til Amsterdam.“

„Hvers vegna varstu ekki kyrr í Amsterdam?“ æpti hermaðurinn.

Stúlkan hló aftur hveltt og tært. „Ég var of ágjörn,“ sagði hún. „Ég sneri aftur til þess að smygla meiru.“

„Hvað fékkstu fyrir?“

„Fjögur ár fyrir landráð viðskiptalegs eðlis.“

„Það er ekki svo slæmt,“ sagði hermaðurinn. „Ég vildi, að ég ætti ekki nema fjögur ár í vændum. Þá mundi ég hitta þig, þegar ég kæmi út aftur. Ég vildi, að þú værir komin til mín núna. Ég mundi gera nokkuð, nokkuð skemmtilegt.“

„Æ, hví fæ ég ekki að vera hjá hermanningnum?“ kveinaði stúlkan með uppgerðar-örvæntingu. „Áttu góðan byssusting?“

„Það er ekki mikið gagn í hermanningnum, sem hefur engan sting,“ sagði stúlkan.

Verðirnir á göngunum hlógu lágt.

„Vörður! Vörður!“ hrópaði stúlkan allt í einu.

„Hvað viltu?“

„Spyrjið þið manninn í öðrum klefanum frá þessum, ... Gerdes, ... manninn, sem á að deyja, ... spyrjið hann, hvort hann langi til að vera með stúlku.“

Rödd dauðadæmda félagans svaraði rólega: „Ég hefði ekkert á móti því.“

„Langar þig til þess? Er það satt?“

„Já, mig langar til þess, elsku vina.“

Sláttur hjólanna varð hægari. Eimreiðin ískraði. Stúlkan þrabað verðina: „Verið þið nú sanngjarnir,“ sagði hún. „Þið voruð einu sinni ungir sjálfir. Látið þið mig fara til hans. Látið þið mig vera hjá honum einn hálf tíma.“

Verðirnir ræddust við. Í stálbúrunum æptu fangarnir: „Látið þið Gerdes fá Gretchen! Látið þið hann fá hana.“

„Þegið þið, hundar!“ öskraði einn vörðurinn.

„*Herr Wachtmeister* ...“ bað stúlkan.

„*Es geht nicht*,“ nöldraði vörðurinn. „Reglurnar leyfa það ekki. Ég mundi fá bágt fyrir ...“

„Gretchen,“ hrópaði Gerdes til hennar. „Það gerir ekkert til, Gretchen. Þakka þér fyrir.“

Gretchen barði hnefunum í hurðina.

„Nú er hún farin að gráta,“ sagði einn vörðurinn.

Gráa dagsljósið seytlaði inn um loftgötin. Lestin var að nálgast Berlín. Kaupmaðurinn andvarpaði:

„Ég hef áhyggjur vegna konunnar minnar,“ sagði hann dapur í bragði. „Fyrirtækinu er að hraka. Hún á víst erfiða daga, óverðskuldað, óverðskuldað ...“

Hermaðurinn var þagnaður. Gerdes söng gömul þýsk þjóðlög hvert á fætur öðru. Lestin hæggði á sér. Hún rann inn á stöð og nam staðar. Verðirnir opnuðu dyrnar á hölfum okkar.

„Vertu sæll, Gerdes!“ hrópaði Gretchen. „Vertu sæll, vinur.“

„Gangið út! Einfalda röð! Ekkert samtal, garmarnir ykkar!“

Enginn fanganna talaði. Hermaðurinn teygði stæltan hálsinn. Skammt fyrir framan mig gekk stúlkan. Hún var smávaxin og beinaber, og andlit hennar var mjótt og alvarlegt. SS-menn höfðu girt stöðvarpallinn köðlum. Á hinum stöðvarpöllum og við glugga biðsalanna stóðu dreifðir borgarahópar og göptu þegjandi á okkur. Klukkan var 8.15. Fangarnir voru leiddir burt, hvert vagnhlassið í sinni fylkingu. Nú var komið að okkur. Það var fyrst kallað á stúlkuna og þrjár konur aðrar. Áður en þær fóru, brosti stúlkan lítið eitt í ártina til Gerdes. Það vottaði ekki fyrir svarbrosi á andliti Gerdes — andliti manns, sem hefur gert sjálfsgaga að guði sínum. Ég sá Gretchen aldrei framár.

Það glumdi í járnhælum á steinstéttinni, og stuttar og hörkulegar fyrirskipanir bárust fram með röðum fanganna. Við stigum niður úr lestinni hver á fætur öðrum. Fangarnir voru settir í handjárn, tveir og tveir saman. Síðan var járnkeðjum þrætt í gegnum handjárnin eftir endilangri fylkingunni. Þannig var hver maður hlekkjaður við seytján aðra. Þéttir hópar lögregluþjóna umkringdu okkur á alla vegu. Einn maðurinn kvartaði; handjárnin voru of þröng, úlnliðir hans voru farnir að bóligna.

„*Tut's web?*“ spurði einn lögregluþjónninn, „er það sárt?“

„Ja!“

„Þannig á það einmitt að vera. ... Fylking, gakk!“

Við gengum í gegnum stöðvarbygginguna, en stöðin var nú þéttskipuð fólki, sem stóð beggja vegna við sundið, er lögreglan hafði rutt gegnum mannþröngina. Gamall maður kjökraði. Hann gekk á undan mér eins og örvasa api. Gyðingur einn lokaði augunum í algeru vonleysi. Allir hinir gengu teinréttir og báru höfuðið hátt eins og þeir væru hreyknir af örlögum sínum; augun voru grjóthörð eða ögrandi eða þau hvörfluðu snöggvast til margra stúlkna, sem stóðu í fremstu röð áhorfendafjöldans. Áhorfendurnir stóðu hreyfingarlausir og stórðu þegjandi á okkur, sumir þungbúnir, aðrir eftirvæntingarfullir og forvitnir, en fæstir þeirra brugðu svip.

Þegar við vorum komnir út af stöðinni, var okkur smalað inn í óþrifalega, gluggalaus bifreið. Um leið og við stigum upp í hana, voru keðjurnar, sem tengdu fylkinguna saman, leystar. Lögregluþjónar óku með okkur. Samtöl voru bönnuð. Á fleygiferð skoppaði bifreiðin og skrölti eftir ósýnilegum götum. Tuttugu mínútur liðu. Við námum skyndilega staðar. Það mátti heyra raddir fyrir utan, síðan glamur í járnhliði. Billinn rann hægt nokka metra yfir götusteinana. Hann staðnæmdist. Dyrnum var skellt upp. „Allir út!“ Við vorum í fangelsisgarðinum í Plötzensee.

Við stóðum í sólskininu og depluðum augunum. Rauðar múrsteinsbyggingar með hundruðum rimlaglugga gnæfðu á alla vegu. Í kringum þær lágu óreglulega lögud svæði og garðar. Rúmlega fimm metra hár múrsteinsgarður girti alla lóðina. Verðir í gráum einkennisbúningum stóðu með fimmtán metra millibili fram með öllum múrnum. Hver þeirra hafði hermannarrifil í hendi, kylfu í vasanum, sem var bundin við buxnaskálmína og byssusting og skammbyssu í mittisgjörðinni. Lágir, kringlóttir vélbyssuturnar gnæfðu efst á þaki hverrar byggingar. Á háu hvítu mastri á svæðinu fyrir framan fangelsið bærðist tröllslegur hakakrossfáni fyrir andvaranum.

Keipréttur liðsforingi skipaði okkur í raðir í fangelsisgarðinum. Um leið og hann kallaði nafn hvers, sem nýkominn var, átti sá, sem yrt var á, að nefna sakargift sína og dóm. „Morðtilraun.“ ... „Landráð.“ „Landráð“ ... kvað við í sífellu. „Landráð“ gat táknað hvað sem vildi, allt frá því að hlusta á útvarp frá Moskvu til að reka leynilega prentsmiðju eða kasta sandi í vélar í skriðdrekaverka-smiðju. „Fjögur ár.“ ... „Tíu ár.“ ... „Fimmtán ár.“ ... „Ævilangt.“ ... „Líflát.“ Liðsforinginn prófaði framburð fanganna eins og hann væri að telja hnappana sína.

Í víðáttumiklum sal í kjallaranum vorum við færðir úr öllum fötunum. Hverjum manni var skipað að rétta upp hendur, glenna fæturna í sundur og halla sér fram. Verðir rannsökuðu allan líkama okkar. Ungur læknir hentist framhjá og vottaði, að við værum heilbrigðir. Síðan vorum við settir í kalt steypibað, og okkur voru fengin fangaföt. Hver maður fékk ullarnærföt, fornfálega, gráa sokka, járnaða skó, ólögulega ermasmokka, bláan vasaklút, hálsklút, svört bómullarföt og kringlóttu svarta húfu. Á hægri ermi jakkans var sterkgult band. Fangarnir, sem dreifðu fötunum, unnu eins og sjálfvirkar vélar. Þegar hver fangi hafði verið snoðklíptur og ritað stutta ævisögu sína, fylgdi fámáll fangavörður honum til klefans.

Þorri fanganna í Plötzensee eru hafðir í einkavarðhaldi. Þar eru 1800 einkaklefar í fjórum miklum fangelsisbyggingum. Klefunum er komið fyrir á fjórum hæðum með gangvegum fyrir framan. Vírnet eru strengd milli gangveganna til að koma í veg fyrir, að fangarnir fremji sjálfsmorð með því að steypa sér ofan á neðstu hæð. Í hverjum klefa er lítill gluggi hátt á veggnum, sem veit að fangelsisgarðinum, stálhurð með gægjugati, opin salernisskál, járnrum, sem er hægt að leggja saman, vinnuborð, trékollur og grind fyrir þvottaskál, disk og skeið. Hnífar og gafflar eru harðbannaðir. Það er miðstöðvarhiti, rafmagnsljós og rennandi vatn í hverjum klefa.

Fyrstu vikuna í Plötzensee er fanginn látinn vera einn. Hann sér engan lifandi mann. Hann hefur engar bækur að lesa og ekkert verk að vinna. Hann er ekki látinn fara út úr klefanum til líkamsæfinga. Frá klukkan sjö að morgni til klukkan sjö að kvöldi má hann ekki setjast niður. Hinar tólf stundirnar í sólarhringnum má hann ekki hreyfa sig úr rúminu. Þeim, sem brjóta þessi fyrirmæli, er hegnt með því að hlekkja þá á höndum og fótum við rúmið; klefaglugganum er lokað og klefinn gufuhitaður eftir megni. Í öllum klefunum eru miðstöðvarofnarnir undir

rúmunum. Nýjustu handjárnin eru þannig gerð, að þau þrengjast sjálfkrafa, ef kipt er í þau af óvarkárni — og láta ekki undan aftur.

Þannig lærir fanginn að hafa mjög hægt um sig. Eftir þessa fyrstu viku er fanginn látinn taka þátt í daglega lífinu í Plötzensee. Honum er fengið verk að vinna. Öll störf eru unnin í einveru klefans. Sumir fá hrúgur af gömlum köðlum, sem þeir eiga að tæja; aðrir eru látnir spretta í sundur gömlum hermannaþúningum; enn aðrir fá birgðir af pappír og lími til að búa til pappírspoka. Pappírspokagerð er besta vinnan, sem stjórnmalafangar í Plötzensee fá í hendur. En langflestir tæja kaðla eða spretta í sundur gömlum einkennisþúningum í kafi af ryki og óhreinindum. Föngunum er greitt kaup fyrir vinnuna. Tvö pfaennig er meðaldagkaup.

Á hverjum degi var farið með okkur út í garðinn til líkamsæfinga í þrjátíu mínútur. Okkur var skipað í þrjátíu manna fylkingar, og við vorum látnir gera æfingarnar af slíkum hraða, að okkur lá við að örmagnast. Við hlupum í hringi, stukkum á öðrum fæti, stukkum eins og froskar með greipar spennar um hnakkann, brokkuðum í rykinu á fjórum fótum, stungum okkur á kaf í öskugryfjur, hlupum aftur á bak með höfuðið milli læranna, gengum gæsagang með buxurnar á hælunum. Það voru til margs konar önnur tilbrigði. Einn vörður stjórnaði hverjum flokki, og hver vörður hafði sínar hugmyndir um þá hegningu, sem hæfði fjandmönnum nasistastjórnarinnar. Auðvitað voru sómasamlegir menn innan um fangaverðina, aðallega hermenn, sem höfðu langa herþjónustu að baki, en þeir létu einnig tilleiðast að beita aðferðum harðstjóranna til að spilla ekki framavonum sínum. Þeir styrkustu í okkar hópi gleymdu niðurlægingu þessarar daglegu *Freistunde*, þessarar tómsundar, og létu sér jafnvel þessi drepani skrípalæti vel líka, en fyrir flestum var það stund rauna, sem þúsundföld endurtekning gat ekki mýkt. Þeim, sem sýndu móttþróa, var varpað í dýflissuna, kolmyrka kjallaraholu, þeir voru settir á vatn og brauð og oft húðstrýktir. *Der Prügelmester*, vandarmeistarinn, var með grímu fyrir andlitinu.

Meðan á „tómsundinni“ stóð voru samræður bannaðar, engu síður en á öðrum tímum dags. Samt sem áður varð hver slík stund viðburður í félagslegum skilningi. Bardagamennirnir eilífu meðal íbúa Plötzensee-fangelsisins voru sérfræðingar í leynisamböndum og skipulagningu samsæra. Án þess að fangaverðirnir yrðu þess varir, laumuðu þeir nýjustu fréttum á milli, dreifðu út viðvörunum um grunaða svikara og njósnara, hvísluðu leiðbeiningum til þeirra, sem átti að láta lausa. Arnar-augu þeirra leituðu að góðkunnum andlitum í hinum löngu röðum klefaglugganna og létu þeim berast með mörgum brosum, orðum og látbragði, fróun og hughreystingu.

Á einni slíkri stund sá ég tvo starfsmenn kommúnistaflokksins sitja saman undir eik í fangelsigarðinum. Þeir voru að japla eikarhnetur, sem þeir höfðu tínt á jörðunni. Þeim var leyft þetta vegna þess, að annar hafði komið haltrandi út í garðinn með brotna hnéskel, hinn með vinstri fótinn vafinn blóðugum umbúðum. Þessu verði urðu þeir að gjalda þrjátíu mínútna hvísl saman undir huliðsblæju

eikarhnetumudlsins. Á meðan rak fangaverðina í rogastans á því, hve ötullega hinir gerðu æfingarnar.

Í nasistafangelsum var sú fornkunna aðferð að senda orðsendingar með því að berja í veggina orðin úrelt. Fangaverðirnir höfðu eyru, og dulmál var hægt að þýða. En það voru til fleiri aðferðir, og þótt starfsmennirnir í fangelsinu þekktu þær flestar, voru þær örðugri viðfangs. Það var meðal annars að stela blýöntum á lækningastofunni eða tannlækningastofunni og rétta skrifaða bréfmiða á kústskafti milli glugga á nóttunni; að færa sér loftræstigöngin í nyt, en í gegnum þau var hægt að hafa lóðrétt sambönd milli ganga; að líma orðsendingar til eldhússins neðan á óhrein matarlát; að fela orðsendingar frá eldhúsinu í brauðhleifum eða súpuskjólum. Allt þetta var mjög hættulegt. Við litum á hvern nýliða í okkar hópi sem tálbeitu eða sögubera frá Gestapo, þangað til einhver, sem var kunnugt um fortíð hans og kringumstæðurnar við handtöku hans og dómfellingu, ábyrgðist áreiðanleika hans.

Einu sinni í viku fékk hver fangi bók úr fangabókasafninu. Honum var ekki frjálst að velja sér bókakost: kennarinn, fyrrverandi undirherforingi og heittrúaður nasisti, úrskurðaði, hvað hver maður ætti að lesa. Þannig var allur bókaskammturinn ekki annað en ofsalegur þjóðræknisáróður auk nokkurra meinlausra vísindarita, sem voru oftastnær samín og prentuð fyrir hundrað árum. Allar myndir, sem báru nokkurn svip af kvenfólki, voru klipptar út úr bókunum áður en þær voru settar í umferð.

Kirkjusókn í Plötzensee-fangelsinu var skylda. Ég var rétt nýkominn inn í klefa minn, þegar rödd hrópaði til mín gegnum gluggann á klefanum, sem lá á vinstri hönd.

„Hvað hefurðu brotið af þér?“ sagði röddin. „Stjórnmal eða sakamal?“

„Stjórnmal.“

„Þegar þeir koma að spyrja þig, herrar trúar þú sért, þá segðu að þú sért orðinn kaþólskur.“

Ég lét mér ráðið að kenningu verða. Kaþólska kirkjan í Þýskalandi átti örðugt uppdráttar. Mótlatið réð miklu um, að hún endurheimti sinn forna, hálfgleymda baráttukjark. Í Plötzensee-fangelsinu voru allmargir prestar og munkar frá Suður-Þýskalandi og Rínarlöndum. Þeir höfðu verið dæmdir fyrir alls konar kynferðis-afbrot, en bæði fangarnir og fangaverðirnir vissu, að kærurnar fyrir ósiðlegt framferði voru ekkert annað en brögð, sem dr. Joseph Göbbels og Gestapo beittu til þess að dylja stjórnmalalegar og trúarlegar ofsóknir í garð kaþólskra trúarfélaga og forustumanna þeirra. Þar sem ég var nú „kaþólskur“, heimsóttu prestarnir, sem sáu fyrir andlegum þörfum fanganna, mig oft. Ég furðaði mig á því, hve nátengdir hugir og hjörtu þessara stríðsmanna Guðs voru hugsun og hjörtum almennings í Þýskalandi. Það var ekki einn einasti af þessum prestum, sem lét mig nokkurn tíma verða þess áskynja, að þar væri tækifærissinna eða hræsna að mæta. Þar sem þeir voru, hitti ég fyrir snarpeyga, góðhartaða og glöggskyggna krossfara mannréttinda.

Forsjálni mín og aðgætni Gestapo leyfa ekki að sagt sé nánar frá skiptum mínum við þessa vösku fulltrúa alþjóðastefnunnar í trúmálum, því að þeir berjast enn við erfiðleikana í Þýskalandi. Þess skal aðeins getið, meðan ég dvaldi í Plötzensee, að þá tókst mér með aðstoð þeirra að skiptast á stuttum bréfum við Firelei, sem átti við sína örðugleika að stríða í kvennafangelsinu í Lýbíku.

Einu sinni í viku var föngunum á hverjum gangi boðið að sækja fangelsisskólann, en tilgangur hans var að festa í hugum fanganna dýrð og afrek Hitlersstjórnarinnar. Hver kennslustund stóð í tvær klukkustundir. Fyrri klukkustundina las kennarinn fyrir kafla úr bók Rosenbergs, *Goðsögn tuttugustu aldarinnar*, eða ritstjórnargrein úr blaði Hitlers, *Völkischer Beobachter*. Seinni klukkustundina var föngunum leyft að spyrja spurninga, sem kennarinn reyndi síðan að svara. Sumir félagarnir héldu kennaranum uppi á spurningum, meðan hinir settust að samsærisfundi og hvísluðu eins lágt og unnt var. Oft kom fyrir, að hnyttin spurning frá fanga kom kennaranum í bobba. Meðal spurninganna voru þessar: „Hvert er ‚réttláta kaupíð‘, sem dr. Ley, yfirmaður vinnufylkingar nasista, hefur lofað þýskum verkamönnum?“ Eða: „Hvers vegna sagði Göring hershöfðingi almenningsi, að fallbyssur væru æskilegri en smjör?“ Eða: „Hver er uppruni fyrsta maí sem hátíðisdags verkamanna, og hvers vegna gerði Hitler hann að þjóðlegum frídegi nasista?“

Einu sinni spurði kommúnisti: „Hvað er heimsvaldastefna?“ Kennarinn gat ekki fundið viðunandi svar. Félaginn, sem spurt hafði, stóð upp og vitnaði í skýringu Leníns á heimsvaldastefnunni, auðvitað án þess að geta um höfundinn. „Þetta var ágæt skýring á heimsvaldastefnunni,“ sagði nasistinn og ljómaði allur. „Hún hittir naglann á höfuðið.“

Daginn eftir gengu fangar af öðrum gangi í skólann. Þegar þeir voru komnir aftur í klefana um kvöldið, komu þeir því til leiðar, að bylgjur af niðurbældum hlátri bárust milli klefaglugganna. Kennarinn hafði byrjað kennslustundina með þessum orðum: „Nú skulum við tala um heimsvaldastefnuna. Hvað er heimsvaldastefnan?“ Eftir nokkrar umræður hafði hann svarað spurningunni sjálfur. Föngunum til mestu undrunar gaf nasistinn þeim skýringu Leníns á heimsvaldastefnunni sem skýringu sjálfs sín.

Annars var hlátur fátíður í Plötzensee-fangelsinu. Klefi minn var á neðstu hæð A-byggingar. Í annarri álmu á þessari sömu hæð var Dauðsmannsgangurinn. Klefarnir þar voru aldrei tómir. Við gengum framhjá þeim á hverjum degi á leiðinni í fangelsisgarðinn og úr. Í klefum hinna dauðadæmdu voru ljósin látin loga allar nætur, og íbúunum var ekki leyft að vera í neinum fötum. Fyrir framan hverjar klefadyr lágu jakki, buxur og stígvél hinna dauðadæmdu. Þeir klæddust aðeins háltíma á hverjum degi, þegar þeir fóru út í garðinn til líkamsæfinga. Á hverri viku hurfu gömul andlit, og ný komu í þeirra stað. Mennirnir gengu rösklega með hendurnar hlekkjaðar fyrir aftan bak. Flestir virtust láta sér fátt um finnast. Örfáir voru daprir og þungbúnir að sjá. Höfuðin féllu, svo að skipti fjórum til tíu á hverri viku, og sumar vikurnar voru konur, stúlkur af verkamannastétt og aðalsfrúr, meðal

þeirra, sem létu lífið um dagrenningu. Lögin voru miklu grimhari árið 1936 en 1933.

Miðaldra menn, ungir menn og piltar á herskylduadri, gengu gæsagang í þessari fylkingu dauðans. Úr öllum áttum hafði þeim verið smalað til Plötzensee til þess að deyja. Hér var handöxin ekki notuð. Aftökurnar voru of margar, og fallöxin hafði verið tekin í notkun á ný.

Þeir okkar, sem vöknudu árla morguns og biðu þess, að klukkan hringdi til fótaferðar, lærðu brátt að þekkja hljóð þau, sem aftökunum fylgdu: fótaglamur á Dauðsmannsganginum klukkan sex að morgni, marrið í hurðum skýlisins, sem stóð handan við steinlagða svæðið, er vissi að Dauðsmannsganginum — skýlisins, þar sem fallöxin var geymd bak við strigafortjald; skyndilegt skráf lykka í þungum hurðum, stundum hljóð af fánýtum stimpingum, reiðiöskur og hjálparvörn, eða glymjandi rödd, sem söng Alþjóðasönginn, Nallann, og klykkti út með hásu kveðjuópi til hinna mörgu hundraða, er lögðu eyrun við í klefum sínum og voru enn á lífi. En langflestir fóru þegjandi, ákölluðu engan og kvörtuðu ekki, og ekkert nema óp samábyrgðarinnar, hatursins og gremjunnar í fjarlægum klefagluggum tendraði ef til vill þá tálvon í huga hins dauðadæmda, að hann dæi ekki til ónýtis.

Við vissum sjaldnast nöfn þeirra, sem dóu. En undir hádegi, þegar við gengum út til æfinga, sáum við oft stórar hrúgur af sagi á jörðunni. Og við urðum þess varir, að fangaverðirnir voru ekki fullt eins óþýðir þá og aðra daga.

Hinn 4. nóvember 1936 féll höfuð vígamannsins Etkars Andrés fyrir fallexi nasista eftir nærri fjögurra ára pyndingar, en við, er lágum handan þykku múranna í Plötzensee, vissum ekkert um það. Þegar fréttin um aftökuna barst út um fangelsið með leifturhraða nokkrum kvöldum síðar, endurómudu múrarnir skyndilega af söng — sorgargöngulagi rússnesku byltingarinnar. Hann hafði gengið í dauðann með ögrandi vígóp liðinna ára á vörunum, bardagamaður til hins síðasta. En fangaverðirnir, sem höfðu verið hjá honum í klefanum síðustu stundirnar, höfðu séð annan Etkar André, og þeir minntust hans — miklu síðar — lágum rómi. Þegar André heyrði fótatak böðlanna nálgast um dögum, bað hann einn af fangavörðunum um að segja eitthvað fyndið.

„Ég hef reynt allt það, sem er gott og göfugt á lífsleiðinni,“ hafði André sagt. „Nú langar mig til að hlæja einu sinni enn, áður en ég fer.“

Fangavörðurinn kvaðst ekki kunna neitt fyndið, en lögfræðingur einn, sem við-staddur var, bauðst til að koma André til að hlæja. Hann sagði sögu af gyðingi. André var sjálfur Belgi af gyðingaættum. Þegar hinn hafði lokið sögunni, var klefinn orðinn fullur af fólki. Auk féлага Andrés, fangavardanna og lögfræðingsins voru böðlarnir, ákærandinn, hausjúpuliðar og Gestapo-menn. Allir stóðu skellihlæjandi, André sjálfur herra en nokkur hinna.

„Þegar ég geng út,“ sagði André, „munu félagar mínir horfa á út um gluggana og segja: ‚Sko, André er að fara undir fallöxina!‘ Þeir vilja allir, að ég deyi sem sannur bolsévíki. Það er skylda mín gagnvart þeim að gera það. Engan af piltunum mínum

mun gruna, að ég er í rauninni ekki annað en þreyttur skopleikari trúmennskunnar við málstað, sem ég er hræddur að trúa á. Herrar mínir, ég er reiðubúinn.“

André lét lífið með orðunum: „Niður með Hitler! Lengi lifi verkamannabyltingin!“ Hann dó eins og byltingarmanni sæmdi. Til heiðurs við hann var „Herdeildin Etcar André“ mynduð á Spáni, og var hún talin meðal úrvalsliðs alþjóðahersveitanna.

Þetta var fjórði vetur minn í fangelsum Hitlers. Í kringum mig hrundu karlar og konur, sem ég hafði þekkt, í gröfina. Meðal þeirra, sem létu lífið þennan vetur, var Franz Lauer, sem hafði verið félagi minn í númer ellefu. Hann reyndi að flýja, en féll fyrir byssukúlum hauskúpuliða. Fréttir af dauða hans seytluðu gegnum múrana í Plötzensee. Hann var ekki nema einn af mörgum, þegar ég lokaði augunum. Þegar ég lokaði augunum, sá ég hina dauðu ganga í gegnum klefa minn í endalausri þögullni. „Eða eru þeir ekki annað en vesælir, sviknir aumingjar, sem eru hetjur í augum mínum, vegna þess að ég er blindur og drukinn og brjáláður?“ Ég barði niður þennan undanfara örvæntingarinnar í mér. Af einskæru viljaþreki tókst mér að heyra drunur falbyssnanna á Spáni og óþ byltingarsjálfbodaðanna, er þeir æddu fram til sóknar.

„Skjótíð vel, félagar,“ var ég vanur að tauta, er ég safnaði kröftum til að verjast hinni myrku og undirförlu baráttu sjálfs mín: „Eyðíð ekki skotfærunum að óþörfu, félagar. Með hverri byssukúlu — dauðan fasista! Byljið þið, byssur á Spáni! Gjaldið þeim blóð verkamannanna, sem úthellt hefur verið í fangabúðum skelfingarinnar! Gjaldið þeim það vægðarlaust og miskunnarlaust. Byljið þið, byssur á Spáni! Ég er með ykkur! Við erum allir með ykkur!“



# Einvígi í myrkri

Í KLEFA MÍNUM LAS ég *Mein Kampf* Hitlers af mesta kappi. Með óleyfilegum blýanti skrifaði ég hjá mér heilar setningar og greinar á snepla af salernispappír, bætti við aðdáunarorðum frá eigin brjósti og lét þá liggja þar sem verðirnir hlutu að finna þá, þegar næsta regluleg leit færi fram í klefa mínum. Ég vissi, að þeir mundu taka blöðin og að fangelsisstjórinn mundi bera þeim skjöl þau, er snertu mig. Stöku sinnum fékk ég bréf frá bræðrum mínum; ég fékk að halda þeim í tvær klukkustundir, en síðan voru þau tekin frá mér og bætt í skjalasafnið líka. Ég páraði milli línanna: „Það er satt,“ skrifaði ég, „Hitler er Þýskaland og Þýskaland er Hitler.“ Og: „Kommúnisminn er viðbjóðsleg lygi. Enginn getur verið kommúnisti nema gerast svikari við föðurlandið.“ Ég vonaði, að bréfin mundu komast í hendur Gestapo með þessum áletrunum. Það mundi verða tekið eftir þeim, þau mundu ef til vill verða rædd, og Gestapo mundi draga sínar ályktanir — á einn eða annan veg. Ég lék þennan leik með þolinmæði og gætni, hverja vikuna á fætur annarri.

Nokkrum dögum fyrir jól árið 1936 hóf meiri hluti kommúnistafanganna leyniherferð til að koma á kirkjuverkfalli á aðfangadagskvöld. „Neitið að sækja kirkju! Látið nasistaprestinn tala yfir tómunum bekkjum!“ voru helstu vígorð þessarar sóknar. Af ráðnum hug hóf ég gagnsókn með orðunum: „Niður með kirkjubannið! Fangar, látið ekki guðleysingjana ógna ykkur!“ Þetta hafði í för með sér nokkurn glundroða í liði stjórnmalafanganna. Klefanágranni minn var áreiðanlegur félagi, og ég hafði gert hann að trúnaðarmanni mínum og talið hann á að skrifa harðorðan skammapistil gegn mér, þar sem mér væri brigslað um að vera liðhlaupi og andbyltingarmaður, sem hefði rofið flokksagann. Þetta gerði hann undir fyrirsögninni: „Niður með trotskistann! Niður með leigubý kirkjunnar!“ Hann lauk máli sínu með áskoruninni: „LESIÐ! — LÁTIÐ GANGA.“ Næst þegar við vorum við æfingar, missti ég þessa dembu á sjálfan mig á jörðina í fangelsisgarðinum. Fangavörðurinn tók blaðið upp. Áður en farið var með mig í klefann, sá ég að fangavörðurinn stikaði í áttina til skrifstofunnar með blaðið í hendinni. Degi síðar var ég boðaður á fund fangelsisstjórans. Hann sýndi mér blaðið.

„Ég verð að segja það,“ sagði hann, „að kommúnistavinir þínir heitast heldur rækilega við þig.“

„Þeir eru ekki vinir mínir,“ svaraði ég önungur. „Ég hef sagt skilið við kommúnismann. Ef ég vissi, hvornig ég gæti barist gegn kommúnistum, þá mundi ekki standa á mér.“

„Hver skrifaði þessa ádeilu?“ spurði hann.

„Ég vildi, að ég vissi það,“ sagði ég. „Ég mundi snúa hann úr hálsliðnum.“

„Þú mundir það, já?“

„Já, herra.“

Hann kinkaði vingjarnlega kolli og sendi mig aftur í klefann.

Ég hélt þessum óskemmtilega skopleik áfram allan janúar. Ég forðaðist að hafa samband við aðra fanga. Þegar ég vissi að fangavörður var á varðbergi fyrir framan klefann, raulaði ég lofsöng nasista. Ég var kominn á það stig, að ég var líkastur manni, sem stangar höfði við þykkann múr, ráðinn í að brjóta hann niður, eða mөлva hauskúpu sína ella. Og síðan lét múrinn undan. Dag einn kom fangavörður inn í klefa minn og sagði mér að taka saman þjónkur mínar.

„Hvert á ég að fara?“ spurði ég.

„Gestapo í Hamborg vill finna þig,“ svaraði fangavörðurinn og leit á prentað blað, sem hann hélt í hendi sér.

Þá nótt sat ég enn í fangalest.

„Einvígið í myrkrinu er að hefjast,“ sagði ég með sjálfum mér. „Hvernig skyldi því ljúka?“

SS-maður teymdi mig eftir göngunum í aðalbækistöð Gestapo í Hamborg. Við komum í þann hluta hússins, er ég hafði aldrei séð áður. Við gengum í gegnum dyr, sem báru áletrunina *Auslandsabteilung*.

Vopnuðu verðirnir viku til hliðar. Við vorum í skrifstofu utanríkisdeildar Gestapo. Vörðurinn tók handjárnin af mér og fylgdi mér inn í móttökuherbergi með þykkt teppi á gólfinu. Í fjarlægð gat að heyra skrölt í ritvélum og þess á milli símhringingar. Herbergið var stórt, bjart og loftgott. Teppið var perlugrátt og fagurt á að líta. Á veggjunum voru Þýskalandskort, Evrópukort og héraðakort í þykkum svörtum umgjörðum. Við stórt, lágt skrifborð sat Hertha Jens makindalega. Hún gaf verðinum merki um að fara.

Árin höfðu breytt svikakvendingu. Hún var betur til fara en þegar ég sá hana síðast. Á armbandsúri hennar glitruðu demantar. En að skrautinu slepptu var hún enn sama rjóða, brjóstamikla, duglega svikakvendið og 1933. Í bláu augunum brá fyrir glömpum, þau voru hörð, en þó einhvern veginn einfeldnisleg. Tennur hennar voru enn afbragð. Hún kinkaði vingjarnlega kolli og brosti sínu besta brosi.

„Hvernig líður?“ sagði hún. „Við höfum verið að búast við þér.“ Síðan talaði hún í trekt: „Hann er kominn!“

Lágvaxinn, frekar svipharður maður kom inn um einar dyrnar. Augu hans sátu djúpt í augnatóftunum, en voru glöðvakandi.

„Halló,“ sagði hann rösklega. „Gaman að sjá þig. Þú ert ekki eins borubrattur og þú varst, þegar við fengum þig hingað fyrst.“

„Nei,“ sagði ég.

„Þekkirðu mig aftur?“

„Þér eruð Kraus lögreglufulltrúi,“ sagði ég.

Hann fór með mig inn í litla skrifstofu, sem var næst móttökuherberginu. Skrifstofan var ólík því að því leyti, að húsbúnaðurinn var mjög óbrotinn. Skrifborð við gluggann, tveir harðir stólar, nokkrir stállampar, bókahilla, mynd af Hitler. Á einum veggnum hékk landabréf herforingjaráðsins af Þýskalandi, á öðrum uppdráttur af Evrópu, sem náði yfir allan vegginn.

„Sestu niður,“ sagði Kraus.

Ég settist. Hann settist andspænis mér og rétti mér silfurvindlingaveski yfir skrifborðið.

„Reykja?“

Ég tók mér vindling með gullmunnstykki. Hann kveikti í, og ég þakkaði fyrir. Sú hugsun, að þetta væri maðurinn, sem lét húðstrykja mig því sem næst til ólífis, vék aldrei úr huga mér. Úr skúffu einni tók hann fram bréfin með afneitun minni á kommúnismanum og umsóknina um *Mein Kampf*.

„Hvað,“ spurði hann, „kom þér til að skrifa þessa yfirlýsingu?“

Ég lést verða vandræðalegur. „Orsakanna til þess er að leita mörg ár aftur í tímann,“ sagði ég. „Ég er hræddur um að það sé löng saga.“

„Það er augljóst. — Hvað hefurðu verið lengi í fangelsinu?“

„Þrjátíu og sjö mánuði. Síðan í nóvember 1933.“

„Það var óskemmtilegur dagur. Sagan hefst með þeim degi?“

„Fyrir,“ sagði ég.

Kraus lögreglufulltrúi kveikti sér í vindling. Hann virtist vera mjög ákafur reyk-ingamaður. „Nú,“ sagði hann. „Leystu frá skjóðunni. Mér lætur vel að hlusta.“

Ég talaði, nokkuð hikandi í fyrstu, en síðan runnu orðin upp úr mér. Klukkan þrjú pantaði Kraus hádegisverð frá veitingahúsi í nágrenninu, og Hertha Jens mataði með okkur. Ég talaði til klukkan fimm. Margt af því, sem ég sagði, var ekki ósatt. Það voru niðurstöður, sem ég hafði komist að í sjálfspröfun og íhugun mörg þúsund einverustunda. Ég notaði þær nú vegna þess að þær virtust henta fyrirætlunum mínum. Ég vissi vel, að hvert mismæli, hver yfirsjón í orðum eða látbragði, mundi verða mér að falli, áður en lyki. Kraus lögreglufulltrúi hafði vald yfir lífi og dauða. Hann gat auðveldað mönnum lífið, veitt þeim frelsi, haldið þeim í fangelsi ævilangt, búið þeim skjótan dauðdaga eða kvalið lífið úr þeim smám saman. Nokkrum sinnum tók hann fram í fyrir mér og skaut inn spurningu, en lengst af hlustaði hann og lét augun fylgja hringiðum tóbaksreyksins, er þyrluðust upp í loftið. Því lengur sem ég horfði á forvitnina og sigurvissuna ná yfirráðum í svip hans, því meir óx sjálfstraust mitt.

„Hver var ástæðan til þess, að þú gekkst í lið með Moskvítum í upphafi?“ spurði Kraus og stöðvaði um stund rennsli blöndunnar, sem ég var að bera á borð fyrir hann. „Datt þér aldrei í hug, að það er erlent tungumál, sem þeir tala? Að þeir eru eins og vasapjófur, sem eru að slá um sig með vísindalegum orðatiltækjum?“

„Fyrir verkamönnum eru lærdómssetningar og samþykktir þeirra eins og kínerska,“ sagði ég. „En því var ekki þannig varið á árunum eftir heimsstyrjöldina.“

Þeir virtust geta boðið okkur skynsamlega lausn á vandamálum þess Þýskalands, sem var sjúkt og svikið. Þetta svokallaða lýðræði okkar var skrípaleikur frá upphafi. Ég gekk í kommúnistaflokkinn á barnsaldri af sömu hvötum og aðrir unglingar gengu í samtök Hitlers. Þýskaland var þá máttvana, lífið var orðið óþolandi, og það urðu lög hverjum þeim Þjóðverja, er þráði frelsi þjóðarinnar, að taka eindregið stefnu burt frá smán Versalasalningsins. Ég gerðist kommúnisti sökum þess að ég trúði því, að byltingarsinnaðir verkamenn gætu reist sér betra Þýskaland. Ég barðist við þjóðernisjafnaðarmenn á síðari árum sökum þess að ég trúði því, sem leiðtogar mínir — Thälmann, Neumann, Wollweber — höfðu sagt mér: að þeir væru hvorki þjóðernissinnar né jafnaðarmenn, heldur leigusveit stóriðnaðarins og bankanna og hefðu það hlutverk með höndum að vernda þessa kúgara þýsku þjóðarinnar.“

Kraus kinkaði kolli. „Alveg rétt,“ sagði hann. „Hvað var það, sem kom þér til að breyta um skoðun gagnvart eðli Hitlersstefnunnar? Það er ólíklegt, að fangelsið blási mönnum í brjóst vinarhug til okkar — eða hvað?“

Ég hafði kynnt mér sálfræði nasistahreyfingarinnar og Gestapo of lengi og vandlega til að hrasa um þessa torfæru. Það var ekki til nema eitt svar.

„Afrek Hitlers hafa breytt skoðun minni á stefnu nasista,“ sagði ég. Ég hélt áfram og las fyrir Kraus lögreglufulltrúa alla gömlu þuluna, sem áróðursvél nasista hafði dreift út um öll lönd: „Ég gerði mér ekki grein fyrir því á einni nóttu. Ég barðist gegn því af alefli í mörg ár. En ég er ekki það flón, að ég haldi áfram að kalla hlut ferhyrndan, eftir að allur heimurinn hefur séð, að hann er hringlaga. Síðan á árinu 1933 hefur kaup þýskra verkamanna aldrei verið lækkað. Þegar Hitler komst til valda, áttum við átta milljónir atvinnuleysingja — nú er enginn. Engin önnur stjórn í heimi hefur afrekað það. Verkamennirnir fá frí með fullu kaupi. Þeir geta farið í skemmtiferðir til Noregs og Madeira fyrir mjög lágt gjald. Atvinnurekendum, sem greiða minna en lögboðið kaup, eru settir í fangelsi. Þýskaland var aflvana og fyrirliði — nú er það sterkt og nýtur virðingar. Vegirnir, sem Hitler hefur lagt — *Die Autobahnen* — eru þeir bestu, sem til eru. Samfangar mínir hafa sagt mér, að hreysin í fátækrahverfunum í Hamburg hafi verið rifin; nýtísku hús með gördum hafa verið reist í þeirra stað. Piltar og stúlkur, sem voru áður dæmd til að alast upp í þröngum rottugrenjum eða í göturæsunum, eru nú í Hitlersæskunni — þau hafast við í skógum og tjaldbúðum, þau hafa allt, sem börn þarfnast til farsældar. Fyrir 1933 dóu margir úr kulda og hungri, nú veit hver maður að vígorð Velferðardeildar nasista: ‚Enginn skal þola hungur eða kulda‘ er orðið að veruleika. Hvorki mig né neinn af föngunum hafði grunað, að Hitler mundi gera svo mikið verkamönnum til heilla. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að stefna Hitlers væri bæði þjóðernisstefna og jafnaðarstefna í besta skilningi. Ég komst að þeirri niðurstöðu að mér hafði skjátlást hrapallega.“

„Ég hef sagt það sama við marga þessa fyrrverandi Moskvíta, sem hafa verið hérna hjá okkur,“ sagði Kraus. „Hvað er ykkur eiginlega á höndum? Að berjast gegn Hitler? Er það ekki Hitler, sem hefur í raun framkvæmt hugsjónir kommúnista?“

Beislað auðvaldið? Bugað borgarastéttina? Kúgað kirkjuna? Veitt verkamönnum öryggi? Forðað Þýskalandi frá erlendu bankahákörlunum, sem mergsugu það?“

„Hitler hefur gert það,“ sagði ég. „Það var hart að þurfa að játa það, en það er sannleikur.“

„Beiskur, ha?“

„Já, hann var beiskur,“ sagði ég. „Það er napurt að verða þess var, að maður hefur barist öfugum megin.“

„Hvenær fórstu að renna grun í, að Komintern væri ekki eins heilagt og þeir vildu vera láta?“ spurði Kraus allt í einu. „Hvers vegna varstu svona lengi með þeim?“

„Grundvöllur Hitlershreyfingarinnar er hugsjón hermansins,“ svaraði ég. „Grundvöllur Kominterns er heragi. Hitlersstefnan á hugsjón. Kommúnisminn hafnaði hugsjónum — hann viðurkenndi aðeins sögulegt raunsæi. Það, sem báðar stefnurnar áttu sameiginlegt, var afstaða hermansins. Ég var hermaður. Göfugasta dygð hermansins er trúmennska.“

Ég hélt lengi áfram án þess að þagna. Ég var hræddur við að missa athygli Kraus lögreglufulltrúa úr greipum mér: Auðvitað hafði ég þegar árið 1933 týnt öllum falshugmyndum um bræðralag mannkynsins. Ég vissi, að Komintern var aðeins verkfæri til eflingar heimsvaldaáætlunum Ráðstjórnarríkjanna og að foringjar þess voru klíka af lagarefum og stigamönnum. Samt sat ég kyrr í kommúnistasamtökunum sem þræll Moskvumanna, sökum þess, að ég mat trúmennsku við málstað, sem maður hefur einu sinni bundið tryggð við, ofar öllu; sökum þess að ég hafði andstyggð á liðhlaupanum; sökum þess að ég leit svo á, að ég væri hermaður, og mér bæri að berjast með hernum, hvort sem mínir menn hefðu á réttu eða röngu að standa.

Árin eftir að Gestapo hafði handtekið mig, höfðu ráðið úrslitum um, að ég segði skilið við flokkinn. Þau ár hafði ég átt í hörðu sálarstríði í leit að sannleikanum. Ég frétti, hvað Hitler var að gera fyrir þýsku þjóðina. Ég vissi að allt, sem blöð gyðinga og kommúnista prentuðu um Nýja Þýskaland, var lygi. Líf sjálfs mín, heimili mitt, fjölskylda mín, höfðu verið eyðilögð, ekki af nasistum, heldur af foringjum kommúnista og vélabrögðum þeirra. Ég sá, hvernig ég hafði látið gabbast. Nú bar ég hatur í brjósti til foringjanna, sem höfðu eyðilagt vonir mínar um sómasamlegt lífverni. Hollusta við Komintern jafngilti hollustu við Kremlverja og var sama sem landráð. Ég hafði loks gert mér það ljóst, að ég var þýskur, að líf mitt var helgað Þýskalandi, að það var aðeins ein leið til að afplána glæpi þá, sem ég hafði framið: að þjóna Þýskalandi með því að berjast gegn óvinum þess, kommúnistunum, lýðræðisríkjunum ofmettu og sendimönnum júða! Ég hataði gyðinga. Var það ekki gyðingur, sem ég hafði ráðist á í Kaliforníu fyrir meira en tíu árum? — Allt þetta hafði skapað í mér allsráðandi hvöt til að afneita hreinskilnislega stefnu kommúnista. Ég vildi afdráttarlausan skilnað. Ég vildi að allir fyrir félagar mínir fengju að vita, að ég væri ekki lengur kommúnisti. Þess vegna hafði ég skrifað yfirlýsinguna:

Ég ætlaðist til að hún yrði legsteinn yfir fortíðinni, sem hafði verið svo fánýt og misnotuð.

Meðan ég talaði komu allmargir Gestapo-menn inn í skrifstofuna, hver á fætur öðrum, og skýrðu Kraus lágum rómi frá, hvað liði yfirheyrslu ýmissa fanga. Nokkrir þeirra lögðu vélrituð blöð á skrifborðið hjá lögreglufulltrúanum. Þeir fóru, eftir að yfirmaður þeirra hafði gefið þeim stuttar lágróma leiðbeiningar og fyrirskipanir. Einu sinni lagði Kraus, eins og af tilviljun, eitt hinna vélrituðu blaða beint fyrir framan mig. Fyrsta tilhneiging mín var að laumast til að gefa blaðinu auga. Ég sat á mér. Þessi skýrsluhluti, sem lá þarna rétt fyrir framan mig, var líkast til gildra.

„Þegar við náðum þér fyrst, virtist þú ætla að verða örðugur viðureignar,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi, þegar ég hafði lokið máli mínu. „Það var leitt, að þú skyldir ekki hugsa þá eins og þú segist hugsa nú. Þú hefðir getað gefið okkur mikið af fyrsta flokks upplýsingum um það leyti. En nú, eftir svona mörg ár ... hvað um það, þú hefur komið víða við.“

Hertha Jens, sem virtist alltaf vera á verði undir rólyndu fasinu, skaut inn í: „Hvers vegna skipulagðirðu þá þessar fræðslumiðstöðvar kommúnista í fangelsunum í Hamborg og Berlín? Það virðist vera alveg óskiljanlegt.“

„Þú verður að skýra það,“ tautaði Kraus.

Ég tók skyndiákvörðun. Í heila mínum leiftraði þessi hugsun: „Ef ég þræti fyrir að hafa skipulagt fræðsluferfi, þá trúa þau mér ekki. Þau munu efast um sannleiksgildi þess, sem ég var að enda við að segja þeim. Og ef ég játa, að ég hafi komið á fót þessum fræðslumiðstöðvum, þá játa ég með því á mig landráð og á það á hættu að verða dreginn fyrir lög og dóm aftur og ef til vill dæmdur af lífi.“ Í eitt sekúndubrot virtust allar fyrirætlanir mínar ætla að steypast um koll. Ég minntist þess, að það var of seint að hörfa undan.

„Þegar ég hjálpaði til að koma upp fræðslumiðstöðvunum, var það tilraun til að kæfa hinar vaxandi efasemdir í huga mínum,“ sagði ég. „Ég var óvinveittur kommúnismanum, en ég var hræddur við að viðurkenna það fyrir sjálfum mér. Ég var hræddur um að ganga af vitinu. Þess vegna tók ég þetta til bragðs — til að forðast hugsanir. Auk þess er hætt við því í fangelsi, sem er fullt af kommúnistum, að hver sá félagi, sem lætur ekki að óskum hinna, verði beittur ofbeldi.“

Þótt einkennilegt megi virðast — ég hafði sagt sannleikann. Enda þótt það væri ekki ótti við félagana, sem kom mér til að skipuleggja stalínistanámskeið í fangelsinu.

„Hver var foringi þessara samtaka?“ skaut Hertha Jens að mér.

„Lauer,“ sagði ég.

Félagi Lauer var látinn. Ég gat ekki gert honum mein.

„Og hvaða hlutverk höfðu hinir, sem við gripum glóðvolga í þessu máli?“

Ég hikaði. „Þeir voru allir í aukahlutverkum,“ sagði ég að lokum. „Verið þið ekki að fara fram á að ég sakfelli óbreytta verkamenn, sem hafa þegar verið gerðir óvígir.“

Kraus lögreglufulltrúi varð byrstur á svip. „Fyrst um sinn munum við ekki ganga

hart eftir því,“ sagði hann. „Við höfum von um betri veiði en þessa fáu garma í steininum.“

„Láttu hann segja okkur það,“ sagði Hertha Jens.

„Nei,“ greip Kraus fram í. „Hvers vegna ættum við að eyðileggja þennan yndislega dag? Við fáum þær upplýsingar þegar við þurfum þær.“ Hann sneri sér að mér og bætti við: „Mér þykir gott að þú skulir hafa afneitað kommúnismanum skriflega. Ertu fús til að leyfa, að það verði birt?“

„Já,“ svaraði ég rólega.

„Ég held nú, að við birtum það ekki,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi. „Þú hefur enn gott orð á þér í flokknum. Hvers vegna ættum við að fara að spilla mannorði, sem gæti komið að gagni?“

Hann tók upp handfylli sína af vindlingum og fékk mér. „Taktu þær,“ sagði hann. „Ég sé að þú ert reykingamaður. Ég skal síma fangabúðastjóranum um að hann leyfi þér að reykja.“

Ég hafði ráðist í gegnum fyrsta virkið. Upp frá þessu var ég á ferli í óvinalandi. „Ég verð að láta sem vinir mínir séu óvinir mínir og fjandmenn mínir séu í raun og veru bræður mínir,“ hugsaði ég. Mér bauð við að taka við vindlingum af þeim manni, sem hafði látið pynda og smána þúsundir féлага minna, — látið myrða marga þá bestu köldu blóði.

Ég tók við vindlingnum.

Þegar ég var kominn til Fuhlsbüttel-fangabúðanna þá um kvöldið, var ég ekki settur í járn. Ég mátti hreyfa handleggina eins og mig lysti! Mér fannst ég vera frjáls eins og fuglinn! Í fjarveru minni hafði verið sett borð inn í klefann. Á borðinu lágu tvær bækur. Önnur var ritgerð um nútíma stórveldastjórnsmál eftir Haushofer prófessor, hin var spánný útgáfa af *Mein Kampf* — gjöf frá Kraus lögreglufulltrúa.

Ég las ekki. Ég lagðist endilangur á fletið og ætlaði mér að sundurliða atburði dagsins. En ég var uppgjafinn. Ég sofnaði þegar í stað.

Viðburðasnaumur dagur leið. Morguninn eftir kom Gestapo-maður inn í klefann til mín.

„Góðan daginn,“ sagði hann. „Ég kem frá Kraus.“

Hann tók upp hjá sér margar arkir af teiknipappír, penna og teikniblek og lagði það á borðið. Allt í einu spurði hann: „Þú hefur haft samband við Rauða alþjóðasjómannasambandið?“

„Hérna,“ sagði hann silalega og benti á teiknitækin. „Foringinn var að hugsa, hvort þú vildir teikna fyrir hann línurit af ASH-kerfinu. Meginlöndin og hafnirnar eru dregin upp á þessi blöð. Ef þú nennir, þá var Kraus að hugsa, hvort þú vildir ekki teikna Alþjóðasjómannafélögin inn á kortið, nöfn rauðu hafnarsamtakanna, samgönguleiðir og annað, sem þú veist um yfirstjórn Moskvítanna fyrir skip annarra landa. Okkur er kunnugt um það í einstökum atriðum. Þau fengum við hjá þínum góða vini Albert Walter.“ Hann brosti lævíslega. „Það, sem Kraus vill fá,“

hélt hann áfram, „er heildaryfirlit, mynd af því, hvernig þetta er allt tengt saman. Veistu nokkuð um það?“

„Dálítið.“

„Ágætt! Hérna, hann fékk mér nokkra vindlinga handa þér. Ég átti að segja þér, að þú skyldir ekki vera að hafa fyrir þessu, ef þér væri það á móti skapi. En ef þú vilt gera okkur greiða — jæja, þú um það. Ég skal biðja fangabúðastjórnann um að láta ljósið loga hjá þér alla nóttina.“

„Já,“ sagði ég.

„Allar þær upplýsingar sem ég hef, eru þriggja ára gamlar,“ sagði ég.

„Við vitum það,“ sagði hann einfeltnislega. „Fjandinn hirði allar upplýsingar. Sem stendur þykir okkur mest um vert að vita um afstöðu þína.“

Hann fór, glottandi.

Ég settist þegar að verkinu. Það var komið fram yfir miðnætti, áður en ég hafði lokið því. Ég hafði þakið blöðin hreinasta vöfundarhúsi af línunum, punktum og litlum flöggum og nöfnum erlendra samtaka, og var þetta mjög margbrotið og tignarlegt að sjá. Ég bætti við fjölda manna í félögunum, og á hverri örk hafði ég þessa fyrirsögn: Skipulagskort Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna árið 1933. Ég lét þess þó ekki getið, að þetta alþjóðasamband var hætt að starfa sem „sjálfstæð“ stofnun; né heldur þess að Moskvumenn höfðu ákveðið snemma á árinu 1936 að leggja ASH niður og stofna í þess stað samtök, sem störfuðu af meiri fláttskap og leynd.

Ég beidd í tvo daga. Enn á ný fundust mér örlög mín hanga á mjóum þræði. Ef mat Gestapo á línuritunum, sem ég hafði teiknað yrdi neikvætt — þá mundi þráðurinn slitna í eitt skipti fyrir öll.

Á þriðja degi kom annar Gestapo-maður að sækja mig. Hann fylgdi mér út í gráan, gljáfægðan bíl. Svipstundu síðar þutum við á fleygiferð til aðalstöðva Gestapo. Það var farið með mig aftur í skrifstofu Kraus lögreglufulltrúa. Hertha Jens bar fram kaffi og kökur. Kraus mudlaði kökur og horfði lengi á mig.

„Hvað mundirðu gera,“ spurði hann skyndilega, „til að við létum konuna þína lausa?“

„Ég mundi gera hvað sem væri,“ glopraði ég út úr mér, því að þetta kom mér á óvart.

„Við sjáum til,“ sagði hann í léttum tón. Hann tók nokkur vélrituð blöð úr skjalamöppu. „Þú hefur sótt kommúnistaskóla í Rússlandi?“ spurði hann.

„Já, fyrir mörgum árum.“

Hann ýtti vélrituðu blöðunum til mín. „Þetta er afrit af skýrslu frá einum af mönnum okkar í Vesturskólanum í Moskvu,“ sagði hann. „Lestu hana yfir. Farðu þér rólega, það er nóg kaffi eftir. Lestu hana yfir og segðu mér hvað þér finnst um hana. Pilturinn, sem skrifaði hana var einu sinni heittrúaður bolsévíki. Nú — starfar hann fyrir okkur.“

Ég las skýrsluna. Hún var tvímælaust ófölsuð. Hún hafði inni að halda lýsingu á



skólalífínu, námsáætlun, nöfn kennara og langan lista yfir flokksnöfn námsmanna. Meðan ég las, hringdi síminn í sífellu. Af svörum Kraus lögreglufulltrúa gat ég ráðið, að þeir, sem hann átti tal við, voru Gestapo-menn, sem höfðu það starf með höndum að veita ungri konu eftirför. Þeir voru að gefa skýrslur um ferðir hennar.

„Nú,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi, „hún fór inn í veitingahús? Hvern ætlar hún að hitta þar? Reynið að missa ekki af henni.“

Ég las, og kom mér það kynlega fyrir sjónir, að starfsmaður Gestapo skyldi hafa sent þessa skýrslu frá innstu fræðslustöð Kominterns, sem var ekki nema fyrir fáa útvalda. Enn hringdi síminn. Enn hlustaði ég.

„Nú, hún fór í bíó?“ sagði Kraus hægt.

Hertha Jens bölvaði. „Nú situr hún þar í myrkrinu,“ hvæsti hún. „Og hvern skyldi hún vera að tala við?“ Kraus lögreglufulltrúi talaði í símann.

„Takið þið kvenmanninn fastan, þegar hún fer út úr kvikmyndahúsinu og komið með hana hingað.“ Hann sneri sér að mér og brosti breitt. „Hefurðu lesið skýrsluna? Finnst þér hún merkileg?“

„Mjög merkileg,“ tautaði ég.

Við töluðum um skýrsluna og förum yfir hana lið fyrir lið. Ekkert mikilvægt atriði, hversu smátt sem það var, virtist fara fram hjá Kraus lögreglufulltrúa. En hann var hégómagjarn. Hvenær sem ég lét mér orð um munn fara, er lýstu aðdáun og virðingu fyrir dugnaði Gestapo, ljómaði andlit hans, er var hvort tveggja í senn, blítt og dýrslegt af fögnuði.

„Hvernig stendur á því, hve dásamlega vel ykkur hefur tekist að bæla niður kommúnismann?“ spurði ég.

„Aðferðir okkar eru samstilling, framtakssemi, þolinmæði og kerfisbundin beiting hversdagslegrar leikni,“ sagði hann og bætti við: „Kommúnisminn var ekki bældur niður í Þýskalandi, hann var upprættur.“

Við komum að málsgrein í skýrslunni frá Moskvu, þar sem getið var um aftökur nírtján þýskra og pólskra kommúnista, sem gefið var að sök samstarf við Gestapo. Kraus sá spurult augnaráð mitt.

„Þeir mega skemmta sér við að drepa sína eigin menn,“ sagði hann stillilega. „Þeir skjóta aldrei okkar menn. Við getum látið GPÚ skjóta eftir pöntun hvern þann mann, sem okkur gírnist, nema rétt tólf þá ædstu í Moskvu. Allt, sem til þess þarf er að koma orðum til þeirra um, að hann hafi haft samvinnu við okkur. Einfalt mál, ha?“

Ég neytti afls til að sýnast rólegur. Ég var skelfdur og forviða.

„Ég segi ekki, að allir þessir aulabárðar, sem skotnir hafa verið, hafi verið teknir af lífi eftir pöntun okkar,“ sagði hann hlájandi. „Við erum ekki svo blóðþyrstir. En það er vandalítið fyrir þá að láta drepa sig. Kommúnistar — erlendu kommúnistanir — eru uppreisnarmenn. Þegar þeir komast til Rússlands finnst þeim þeir vera heima hjá sér. Þeir halda að þeir hafi rétt til að finna að matvælaúthlutuninni. Einn, tveir, þrír! *Des Soujet Bürgers höchstes Glück, ist eine Kugel ins Genick!* Æðsta

sæla ráðstjórnarborgarans er byssukúla í hálsinn. Heldur þú að ráðstjórnar-óreiðan sé sósíalismi?“

„Nei.“

„Hvað mundir þú kalla það?“

„Nokkurs konar heimsvaldastefnu, dulbúna sem sósíalíska kenningu,“ sagði ég rólega. „Kenningin hefur reynst ónýt. Alþjóðastefnan er tálmynd.“

„Aðferðir Moskvítanna sanna, að kenningar þeirra eru rangar,“ sagði Kraus. „Stalín notar hugmyndir og orðabækur lenínismans til að hylja þjóðernismarkmið sín. Þess vegna er hver útlendingur, sem vinnur fyrir Stalín, svikari við föðurland sjálfs sín. Er það rétt?“

„Það er rétt,“ játaði ég.

„Okkur miðar áfram,“ sagði Kraus og brosti. „Ástandið er orðið annað nú en þegar þú varst handtekinn. Moskvumenn hafa gefist upp við að halda lífi í kommúnistaflokki innan Þýskalands. Í stað þess hafa þeir komið fyrir njósnurum og skemmdarflokkum á víð og dreif um landið. Mjög svo fyrirliðlegt og hættulegt! Hvaða refsingar telur þú að Þjóðverji, sem selur þjóð sína í hendur Stalín eða frönsku fjágróðahýennar hafi unnið til?“

„Dauðans,“ sagði ég.

Hann spurði mig snögg: „Mundi þig langa til að sjá konuna þína?“

Ég þagði.

„Það mundi kosta nokkuð,“ drafaði Kraus.

„Ég skil það,“ svaraði ég.

Nú var spurningin að koma, spurningin, sem ég hafði búið mig undir í marga mánuði.

„Það er ekki nóg að afneita kommúnismanum,“ sagði Kraus hörkulega. „Maður verður að berjast gegn honum, meðan nokkur tóra er í skepnunni. Mundir þú vera fús til þess?“

„Já,“ sagði ég djarflega. „Hann hefur eyðilagt líf mitt, og ég er þess albúinn að gjalda líku líkt.“

Kraus lögreglufulltrúi hallaði sér aftur á bak. Hertha Jens bretti upp kjólinn og klóraði sér á digra, hvíta lærinu.

„Munduðu vilja vinna fyrir okkur?“ spurði Kraus.

Ég lést vera að hugsa mig um. Það var um að gera að vera ekki of ginnkeyptur við tilboðinu. Það mundi vekja grun hjá þeim. Með gífurlegu viljaátaki setti ég sjálfan mig í hlutverk manns, sem á í hörðu sálarstríði.

„Við þvingum engan mann,“ Kraus lögreglustjóri talaði í sefandi tón. „Við beitum einungis rökum. Ef þú telur rétt að hafna tillögu minni, þá hikaðu ekki við að gera það. Þér verður ekki gert neitt mein. Þú verður aðeins látinn sitja af þér þessi tíu ár, sem þú átt eftir af fangelsisdómnum.“

„Ég ætla að hugsa mig um,“ sagði ég að lokum. „Fyrir mig er þetta mikilvæg ákvörðun.“

„Mundu það,“ sagði Kraus, „þegar þú starfar með okkur, að þá starfarðu með sigurvegurinum. Ekkert vald á jörðinni getur haldið Þýskalandi niðri. Eins og ég sagði — tímarnir eru breyttir.“

„Ég mun gefa svar á morgun,“ sagði ég.

Þegar ég fór af aðalskrifstofu utanríkisdeildarinnar, mætti ég Rudolf Heitman. Hann gekk framhjá mér í ganginum. Þegar hann rölti hjá, varð honum litið framan í mig — og renndi augunum yfir mig eins og hefði ekki verið til.

Morgundagurinn rann upp.

Klukkan að ganga níu um morguninn kom grái bíllinn og brunaði með mig til stöðva Gestapo. Nokkrum mínútum síðar stóð ég andspænis Kraus lögreglufulltrúa við skrifborð hans þakið skjölum.

„Jæja,“ hrópaði hann glaðlega, „hefurðu tekið ákvörðun þína?“

„Já,“ sagði ég.

„Þú ætlar að vinna hjá okkur?“

„Já, ég ætla að vinna hjá ykkur — með tveimur skilyrðum.“

„Við höfum líka okkar skilyrði,“ sagði Gestapoforinginn. „Við komum að þeim síðar. Hver eru þín skilyrði?“

„Í fyrsta lagi,“ sagði ég, „að konan mín verði látin laus. Í öðru lagi vil ég ekki takast á hendur neinar lítilfjörlegar njósnir í verksmiðjum eða íbúðum í borgum. Ég ber engan kala til óbreyttu liðsmannanna í kommúnistaflokknum, til veslings einfeldninganna, sem vita ekki einu sinni, hverjum þeir eru að þjóna. En þegar að því kemur að draga samsærissforsprakkana fyrir lög og dóm, þá, sem leggja á ráðin á hlutlausri grund, en senda aðra í dauðann á vígvöllum, baktjaldamakkanana, — þá er ég reiðubúinn.“

„Við ætlum ekki að nota þig til snattnjósna,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi blátt áfram. „Við höfum þúsundir manna til slíkra starfa. Við viljum, að þú laumir þér inn í einhverja mikilvæga deild andstæðingasamtakanna. Við viljum, að þú gefir okkur bendingar um, hvaðan þeir hafa upplýsingar sínar, um fyrirætlanir þeirra, starfslíð þeirra og athafnir. Heimurinn er stór. Við eigum í flestum löndum fyrirtaks neðanjarðardeildir. En starfsorka þeirra er komin undir þeim upplýsingum, sem við fáum hjá trúnaðarmönnum og samverkamönnum í innstu ráðum óvina Þýskalands. Þú hefur ferðast mikið. Þú átt *Weltkenntnis*, þekkingu á heiminum. Og við munum dyggilega veita þér hjálp.“

Það varð þögn. Gestapo hafði lagt spilin á borðið. Á þessari stundu vissi ég, ef ég gæti ekki unnið traust þeirra, að þá mundi ég aldrei verða frjáls maður aftur.

„Leiðtogar Kominterns vita, að ég hef verið dæmdur í þrettán ára fangelsi,“ sagði ég. „Ég verð að hafa sennilega skýringu á því, að ég skuli vera látinn laus fyrir.“

Kraus lögreglufulltrúi glotti illgirnilega. „Við munum sjá um að þú komist undan á flóttu,“ sagði hann. „Við látum það berast til andstæðinganna, að þú hafir flúið, meðan á fangaflutningi stóð og að við séum að leita þín dyrum og dyngjum. Meðal andstæðinga nasista er ávallt litið á mann, er hefur flúið af einhverju, heilsu-

hælinu‘ hjá okkur, sem hetju. Við höfum reynt í þeim efnum. Við höfum gert það fyrr. Það hefur alltaf tekist vel.“

„Mér skilst,“ mælti ég, „að ég eigi að starfa utan Þýskalands?“

„Auðvitað.“

„Hvar?“

„Það er undir því komið, hvar þú sjálfur hefur best sambönd. Í einhverju Evrópulandi eða Rússlandi eða Norður-Ameríku. Suður-Ameríka er fullskipuð. Austur-Asíu látum við Japönnum eftir.“

„Hvaða tryggingu hafið þið fyrir því,“ spurði ég hægt, „að ég hverfi ekki, þegar ég er sloppinn frá Þýskandi?“

„Við erum engin börn,“ sagði Kraus alvarlega. „Sérhver samningur, sem er nokkurs virði, er gagnkvæmur að eðli. Í stuttu máli er tryggingin þrens konar: Í fyrsta lagi *Überwachungsdienst* — eftirlitsþjónusta — okkar sjálfra í öðrum löndum; piltar okkar erlendis eru oftast reyndir og skynugir menn. Í öðru lagi muntu skilja eftir í höndum okkar gögn, sem eru þess eðlis, ef við kysum að birta þau, að þú mundi GPÚ skjótlega gefa þér vegabréf til Valhallar. Í þriðja lagi ...“

„Já?“

„Kona þín og barn verða kyrr í Þýskalandi.“ Það var ekki laust við ógnarheim í rödd Kraus lögreglufulltrúa og hann lagði áherslu á hvert orð: „Þau verða frjáls, en þau verða undir eftirliti. Þú mátt koma að sjá þau eins oft og þig lystir — í Þýskalandi. Trúmennska þín við okkur verður besta tryggingin fyrir velgengni þeirra.“

„Ég skil,“ sagði ég.

„Mér þykir vænt um það,“ sagði Kraus.

Hertha Jens brosti breitt. „Þú átt mjög laglega konu,“ sagði hún með mesta sakleysissvip.

Á nokkurra mínútna fresti hringdi síminn. Gestapo-mál. Kraus lögreglufulltrúi tók ákvarðanir sínar skjótt. Hann talaði sjaldan lengur en þrjátíu sekúndur við hvern sem hringdi, nema þegar hringt var frá Berlín. Í hvert skipti er hann talaði við Berlín, það hann mig um að fara út úr skrifstofunni; ég stóð þá á meðan í móttökuberberginu undir augum tveggja hauskúpuliða. Oftar en einu sinni heyrði ég, hve umsvifalaust Kraus tók ákvarðanir um örlög fanga, sem höfðu tekið út hegningu sína. Hertha Jens tók símann og hlustaði. Síðan skýrði hún Kraus frá samtalinu:

„Fanginn Meier hefur tekið út hegningu sína. Þeir vilja fá að vita, hvað þeir eigi að gera við hann.“ „Meier, ... Meier,“ tautaði Kraus þá. „Bíddu augnablik. Hvernig hefur hann hegðað sér?“

Nokkrum sekúndum síðar var málið útkljáð.

„Jæja, við skulum sleppa honum, það er svo að sjá sem hann hafi vitkast. Láttu þá senda hann hingað fyrst til að skrifa undir heitið.“ Eða: „Schulz? ... Hann var

mesti þrákálfur. Við sendum hann til Sachsenhausen. Það er best að hafa hann í ís eitt eða tvö ár enn.“

Og örlög andnasistans voru ákveðin.

„Við skulum halda áfram,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi. Hertha Jens settist við ritvélina og hann las fyrir:

#### HEIT

Ég lýsi því hér með yfir, að ég hef gerst þýska föðurlandinu mikla hollur sonur. Ég lýsi því yfir, að óvinir hins nýja Þýskalands eru einnig óvinir mínir. Ég lýsi því yfir, að ég tek að mér það skyldustarf að veita sífellda og sleitulausa aðstoð til útrýmingar óvina föðurlands míns og Adolfs Hitlers. Ég lýsi því yfir, að ég er fús til að framkvæma eftir bestu getu hverja þá skipun, sem leynilega ríkislögreglan í Þýskalandi (Gestapo) gefur mér.

Hamborg, 17. febrúar 1937.

„Skrifaðu undir þetta,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi.

Ég skrifaði undir. Hönd mín var styrk. Ljósmynd af mér með innsigli Gestapo var síðan fest á skjalið ásamt fingraförum mínum. Kraus lögreglufulltrúi brosti út undir bæði eyru.

„Við skulum halda upp á þetta með glasi af eplavíni,“ sagði hann. „Við erum bindindisfólk hér. ... Hertha, gerðu svo vel að síma í veitingastofuna ...“

Hertha Jens tók upp heyrnartólið. Tignarlegi líkaminn hennar virtist allur ólga og titra.

„Þetta er voðalega spennandi,“ sagði hún og flissaði.

Vörður einn kom með flösku af eplavíni og þrjú glös. Við drukkum. „Hver sá, sem starfar gegn Þýskalandi enn í dag, er að grafa sjálfum sér gróf,“ muldraði Kraus. „Við erum ekki eins aumir og við vorum.“ Hann var haldinn þeim óþægilega síð að stara á mig þögull margar mínútur í senn. Það vottaði ekki fyrir tilfinningu í djúpsettu augunum. Ég lifði þetta hættulega millibilsástand af með því móti að stara sjálfur á stóru myndina af Hitler á veggnum. Eftir nokkra stund rauf ég síðan þögnina með því að vitna í *Mein Kampf*.

„Heimurinn er ekki skapaður fyrir huglaugar þjóðir.“

„Nú, sagði *Der Führer* þetta?“ tautaði Kraus þá, og batt þannig enda á verstu hættuna — fyrir mig.

„Hvar vildirðu helst starfa?“ spurði hann skyndilega. „Hvar hefurðu best sambönd?“

„Í Kaupmannahöfn,“ sagði ég.

„Við erum sammála,“ drafaði Kraus. „Wollweber er í Kaupmannahöfn. Það er jafnerfitt að handsama hann og haltan úlf. Þegar úlfar verða gamlir og haltir verða þeir eins tortryggir og fjandinn sjálfur. Auk þess eru níutíu og fimm af hundraði þeirra vegabréfa, sem við finnum á þessum fiskum, sem við veidum, gerð

í Kaupmannahöfn. Yfirfalsarinn þar er náungi að nafni Jensen. Gamall vinur þinn, að ég held.“

„Ég þekki Jensen vel,“ sagði ég.

Hertha Jens blístraði. „Ef við gætum komið okkar manni fyrir í greni Jensens, mundum við vera eins og haninn í hænsnagarðinum,“ skaut hún inn í.

„*Sei nicht so vorlaut*,“ sagði Kraus. „Talaðu ekki af þér.“ Hann talaði í símann: „Sendið mér mynd af Richard Jensen, Dana, Kaupmannahöfn, kommúnista, vegabréfafalsara.“

Ungur Gestapo-maður birtist. Hann kom með mikið safn ljósmynda. Þær voru allar af Richard Jensen. Þarna var félagi Jensen að tala á fundi í Moskvu. Jensen á þingi í París, Jensen að koma út af járnbrautarstöð, Jensen flatmagandi á sandströnd og margt fleira; myndir að framan, myndir á hlið, augnabliksmyndir af baki hins tröllaukna Dana, teknar af einhverjum, sem hafði veitt honum eftirför.

„Er þetta sá Jensen, sem þú þekkir?“ spurði Kraus lögreglufulltrúi.

„Já.“

„Mundir þú hafa vinsamlega umgengni við hann, ef við sendum þig til Kaupmannahafnar?“

„Ég þykist viss um það. Ég mundi líklegast gista í einhverri af íbúðum hans. Ég hef gert það áður.“

„Svo er mál með vexti,“ sagði Kraus, „að okkur er ekki umhugað um að ná í Jensen. Við viljum hafa Jensen hressan og hraustan, svo að við getum komist að því fyrir hans tilstilli, hverjir nota vegabréfin og hvar þeir nota þau.“

„Ég skil.“

„Hversu vel þekkirðu Jensen? Hann er mesti drykkjusvoli. Þekkirðu hann svo vel, að þú getir fengið hann til að bjóða þér á bjórfyllirí með sér?“

„Já, ég þekki hann nógu vel til þess,“ svaraði ég.

Kraus lögreglufulltrúi hugsaði sig um.

„Dú verður að sanna það,“ sagði hann að lokum. „Við skulum gefa þér tækifæri til að sanna það — ef þú getur.“

Ráðstefna okkar stóð allan daginn — með mörgum hléum á milli þó. Áður en ég fór til að skjótast aftur til klefa míns í Fuhlsbüttel-fangabúðunum, sló ég hælunum saman og lyfti hægri handleggnum.

„*Heil Hitler!*“ sagði ég.

„*Heil Hitler!*“ tautaði Kraus og lyfti rétt aðeins fingrunum frá skrifborðinu.

# Ég geng í Gestapo

SÍÐUSTU DAGANA í febrúar 1937 skipulagði Gestapo „flóttá“ minn frá Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Meðan undirbúningur þess stóð yfir, var ég látinn þjást í fangelsinu eins og fyrr. Gestapo fór fram með mestu leynd og starfaði af miklum dugnaði. Þetta voru hræðilegar vikur. Enn þann dag í dag vakna ég stundum á nóttunni og furða mig á því, hvernig ég hafði það af þennan tíma án þess að glata jafnvæginu og jafnvel lífinu. Þessar vikur beitti ég vitsmunum mínum gegn allri slægd Gestapo. Ég var ekki sami maðurinn lengur. Ég var orðinn lævíst villidýr, sem barðist baráttu örvæntingarinnar í myrkri.

Viku eftir að ég hafði skrifað undir „trúskaparheitid“ við Gestapo, var ég fluttur úr morðingja-fangabúðunum í Fuhlsbüttel í lítið umdæmisfangelsi í miðri Hamborg — Hutten-fangelsið. Flutningurinn átti sér stað um hánótt. Enginn af föngunum gat vitað, að ég væri farinn frá Fuhlsbüttel. Nýju híbýlin mín, lítið varðhald, sem í voru aðeins hérumbil tólf klefar, stóð nærri mannlaust. Þar voru aðeins tveir fangar aðrir — kynferðisglæpamenn, sem voru að bíða þess að þeir yrðu vanaðir.

Ég talaði við annan þeirra, roskinn vélamann að nafni August Austermann, sem hafði misnotað tólf ára gamla dóttur sína og haldið því áfram, þangað til hún varð fjórtán ára. Til þess að þagga niður í henni hafði hann gefið henni píanó. Kvöld eitt hafði konan hans komið að honum óvörum og kært hann fyrir lögreglunni. Austermann var dæmdur í sjö ára fangelsi og úrskurðaður til vönunar. Hann var ekki með öllum mjalla. Hann kvaðst ætla að skera konuna sína á háls, þegar hann yrði látinn laus. Hann skrifaði lögfræðingum bréf og reyndi að fá þá til að fara í mál við dótturina um að skila píanóinu aftur. Óteljandi sinnum tautaði hann á næturnar: „Þeir geta ekki vanað slíkan mann.“ Aðra nóttina, sem við vorum saman, sýndi hann mér snöru, sem hann hafði vafið um kviðinn á sér innan klæða. Hann kjökradi og hótaði að hengja sig. Mér leist ekki á að eiga von á því, að fanga-verðirnir myndu hengdan mann í klefanum hjá mér. Þess vegna flaugst ég á um snöruna við August Austermann. Ég tók hana af honum og kastaði henni út um gluggann. Alla nóttina hélt August Austermann vöku fyrir mér og kvartaði um, að ég væri morðingi hans, kvartaði um að hann væri að kafna. Morguninn eftir fóru þeir með hann í sjúkradeildina til vönunar.

Á meðan setti Gestapo á svið „flóttá“ minn frá Fuhlsbüttel-fangabúðunum. Einn af aðstoðarmönnum Kraus lögreglufulltrúa sagði mér síðar, hvernig það

hefði verið leikið. SS-manni einum hafði verið falið að saga í sundur grindurnar á klefaglugganum. Annar hafði kastað kaðli yfir einn múrinn. Sama kvöldið vildi svo „slysalega“ til, að háspennuvírarinn, sem lágu fram með múrunum, höfðu bilað. Klukkan tvö um morguninn „uppgötvaði“ einn næturvörðurinn, að klefi minn var mannlaus. Hann gerði viðvart. Rafflautur orguðu, hauskúpuliðar fóru á kreik, og „leitinn“ var hafin. Auðvitað fannst flóttamaðurinn ekki — hann sat í öruggri gæslu í afskekktu, óþekktu fangelsi. Enginn nema Gestapo, *Der Kommandant* í Fuhlsbüttel-fangabúðunum og tveir fangaverðir vissu, að viðvörunarmerkin um flóttann voru gefin til að sýnast. Allir hinir fangaverðirnir, um tvö hundruð talsins, og allir fangarnir trúðu því fullt og fast, að mér hefði tekist að komast undan á flótta. Kraus lögreglufulltrúi áleit með réttu, að upplýsingar um flótta minn mundu berast til Kominterns í Kaupmannahöfn. Jafnvel Rudolf Heitman lét villa sér sýn. Ég komst síðar að því, að hann hefði dyggilega skýrt húsbændum sínum í Kaupmannahöfn frá hinu einstæða hvarfi mínu.

Eftir þetta undirbúningsafrek sneri ég mér að því að sannfæra Kraus lögreglu-fulltrúa um sambönd mín við Komintern-skrifstofuna í Kaupmannahöfn. Í því laumuspili gátum við, Richard Jensen og ég, haft rangt við, enda þótt við hefðum ekki talast við né skrifast á í meira en þrjú ár. Spil þetta var um líf eða dauða, að því er mig snerti. Á skrifstofu utanríkisdeildar Gestapo skrifaði ég Richard Jensen stutt bréf. Kraus lögreglufulltrúi einblíndi á mig eins og villiköttur á bráð. Hertha Jens gægðist um öxl mér.

„Kæri Richard,“ skrifaði ég. „Þú manst ef til vill eftir mér. Ég er gamall vinur þinn og mér bráðliggur á hjálp þinni. Ég var að koma af sjúkrahúsi eftir langvinn veikindi, og mig vanhagar mjög um peninga til að heimsækja Ernestine frænku. Hjálpaðu mér ef þú getur! Williams.“

„Williams“ var nafn á breskum blaðamanni, og hafði ég ferðast undir því nafni til Þýskalands árið 1933 í óleyfi yfirvaldanna. Jensen þekkti rithönd mína og hann mundi vita, að með „Ernestine“ væri átt við Ernst Wollweber. Kraus lét taka ljósmynd af bréfinu handa skjalasafni Gestapo. Frumritið sendi hann til Kaupmannahafnar. Ég var sendur í fangaklefan aftur, og ég spurði með sjálfum mér: „Hvernig skyldi þetta enda? Ef Jensen verður eitthvert glappaskot á, þá eru mínir dagar taldir.“

Ég beið í tvo daga, altekinn af óðslegri ókyrrð, svo æstur, að ég snerti ekki óvand-  
aðan fangelsismatinn.

Síðla kvölds á öðrum degi kom bílstjóri frá Gestapo að sækja mig. Við ókum til aðalstöðvanna og gengum þangað inn í gegnum annað hús, sem var tengt Gestapo-höllinni með stuttum neðanjarðargöngum. Frá því að „flótta“ minn frá Fuhlsbüttel-fangabúðunum bar að höndum, fóru fylgdarmenn mínir ávallt með mig þessa leið til þess að tryggð væri, að aðrir kommúnistar, sem komið var með til yfirheyrslu, sæju mig ekki. Hertha Jens tók á móti mér. Hún var í besta skapi. Það hafði komið bréf poste restante frá Kaupmannahöfn til „hr. Williams“. Í bréfinu var



ekkert ritað mál. Innihald þess voru tveir nýir hundrað dala seðlar í bandarískum gjaldeyri.

„Þryðilegt!“ söng hún. „Þetta heppnaðist! Þeir gengu í gildruna? Tvö hundruð dalir — það sýnir að Moskvítarnir hafa mætur á þér enn. Ég var að vona, að seðlarnir væru falsaðir. En þeir eru ósviknir.“ Í hjarta mínu þakkaði ég féлага Jensen af innileik. Hann hafði tekið þá einu réttu stefnu í þessu máli. Mér var líka hugarhægra í öðru tilliti: Ef Komintern varpaði tvö hundruð dölum í gin Gestapo, þá hlutu þeir að telja starf það, sem Rudolf Heitman hafði minnst á við mig, mjög svo mikilvægt. Orð Wollwebers: „Flokkurinn gleymir ekki börnum sínum,“ endurómuðu í huga mér. Hertha Jens kallaði á lögreglufulltrúann.

Kraus lögreglufulltrúi var ásýndum líkastur því sem hann kæmi beint frá pyndingarathöfn. Andlit hans var öskugrátt, augun grimm, munnurinn mjótt svöðusár. Þegar hann sá mig, lifnaði yfir svip hans.

„Jæja, þú stóðst prófið,“ sagði hann og glotti. „Ég vona, að það komi engin vonbrigði. Ég skal ámálga það við dómsmálaráðuneytið, að þér verði sleppt — úttekt refsingarinnar frestað eða eitthvað þvíumlíkt.“ Hann varð allt í einu kaldur af bræði og bætti við: „Þessi Jensen er ljóti bragðarefurinn! Hann hafði látið kvenmann skrifa utan á bréfið. Engin nothæf fingraför á pappírnum — það er svei mér kominn tími til að láta hendur standa fram úr ermum.“

Hann flýtti sér út.

„Forstjórinn hefur mikið að gera í kvöld,“ sagði Hertha Jens. „Við handsömuðum hóp af kristmunkum. Mannfjandarnir reka starfsemi sína frá Hollandi; dulmál, fölsuð vegabréf og allt, sem nöfnum tjáir að nefna, þessir trúarhræsnarar — ég hef andstyggð á þeim.“ Ég heyrði aðra Gestapo-menn tala um kaþólska sendimenn sem „svörtu pestina“ og páfann sem „svarta djöfulinn“. Ósjálfrátt minntist ég orða Bismarcks: „Hver sem nærast á kaþólska miðflokknum, mun biða bana af.“

Hertha Jens fór með mig í aðra skrifstofu. Þar fékk hún mér þykka, fjölritaða bók og aðra þynnri. „Fardu hægt yfir þær,“ sagði hún. „Ef þú sérð einhverja, sem þú þekkir, þá merktu við nöfnin og skrifaðu niður allt, sem þú veist um þá.“

Stærri bókinn bar titilinn Registar alþjóðafulltrúa GPÚ og Kominterns. Hin bókinn var skrá yfir erlenda sjálfboðaliða í rauðu herjunum á Spáni. Í hinni fyrrnefndu voru um sjö þúsund nöfn; í hinni síðarnefndu níu hundruð. Hverju nafni fylgdu athugasemdir um aldur, þjóðerni, dulnefni og æviatriði. Mörg hundruð ljósmyndir voru límdar við jafnmörg nöfn. Gestapo-skrifstofan í Berlín hafði sett bækurnar saman. Við nöfn manna, sem Gestapo eða leyniþjónusturnar ítölsku og japönsku höfðu handsamað, var merkt með bláum blýanti.

Í níu stundir samfleytt sat ég yfir bókunum og hafði mig allan við að reyna að setja á minnið upplýsingar, sem gætu komið Vesturskrifstofu Kominterns að gagni. Það var einkennilegt að sjá nafn mitt og mynd af mér og nafn Firelei í stærra bindinu. Hér um bil fimmtán síður voru helgaðar George Mink og öðrum Bandaríkjamönnum. Þar voru Josíf Dzhúgashvíli — öðru nafni Stalín, Meyer Wallach

— öðru nafni Lítvínov, Sobelsohn — öðru nafni Radek og svo framvegis, allt niður í Michael Appelman — öðru nafni Mike Pell, og Charles Krumbein — öðru nafni Albert Stewart, öðru nafni Dreazen. Það var skringilegt að finna nöfn Lions Feuchtwangers, Uptons Sinclairs, Georges Bernhards Shaws, H. G. Wells og margra annarra ekki eins viðkunnra, en jafnmeiðlausra „samsærismanna“ á skránum yfir grunsamlega GPÚ og Komintern-menn. Ég sá að margar upplýsingarnar voru ískyggilega nákvæmar. En sums staðar var villst á nöfnum og gervinöfnum, og margir þeirra, sem áttu nöfnin, voru komnir undir græna torfu. Meðal þeirra var „Bandura — einn helsti fulltrúi GPÚ í Grikklandi“. Ég valdi hann úr og hér um bil tvo tugi annarra manna, sem voru annaðhvort dauðir eða hafðir í haldi í Rússlandi, og bætti „markverðum atriðum“ við æviferilsskýrslur þeirra. Um mörg hundruð bolsévika, sem voru lýðum kunnir, gat ég þess, að ég hefði hitt þá „í París 1933“ eða „í Lundúnum 1932“, enda hafði Gestapo fylgst með ferðum þeirra um mörg lönd. Gestapo þreyttist aldrei á að safna upplýsingum um athafnir grunaðra manna, jafnvel á tímabilum, sem virtust ekki vera nær okkar dögum en fransk-prússneska styrjöldin.

Þann 16. mars, þegar farið var með mig úr klefanum til aðalstöðva Gestapo, var mér ekki fylgt á skrifstofu utanríkisdeildarinnar. Hauskúpuliðinn fór með mig í lítið herbergi á þriðju hæð. Ég var ekki fyrir kominn inn í herbergið en hann lokaði og læsti dyrunum á eftir mér. Það voru engin húsgögn í herberginu, nema borð, tveir stólar og miðstöðvarofn úti í horni.

Firelei stóð upp úr öðrum stólnum. Augu okkar mættust. Við höfðum ekki sést í meira en fjórutíu mánuði, mánuði þrauta og skelfinga. Við litum hvort á annað yfir þvert herbergið, og það var eins og hvort um sig væri hrætt við að taka fyrsta skrefið fram. Ég lagði fingur á munninn til að vara Firelei við að tala. Ég sneri mér við og horfði til dyranna. Það var ekkert gægjugat á hurðinni. Veggirnir og loftið voru samfelldur múr. Eini glugginn á herberginu vissi út að stórum húsagarði. Það gátu engir verið á hleri. Ég læddist á tánum um herbergið og rannsakaði nákvæmlega gólfíð og hornin. Við miðstöðvarofninn nam ég staðar. Þar var hljóðnemi festur milli ofnsins og vegginsins. Vírar lágu í gegnum vegginn inn í næsta herbergi. Þetta litla, svartta, silfurgljáandi tæki virtist glotta til mín úr húminu og segja: „Já, ég er hér. Þið hjúin ættuð að hafa gát á orðum ykkar.“ Ég benti Firelei á hljóðnemann. Síðan sagði ég: „Þú — ert þú hér?“

„Já, ég er hér,“ svaraði hún með einkennilegri, dimmri röddu.

„Við munum byrja nýtt líf,“ sagði ég bjánalega, „það er ekki um seinan.“

„Hvers vegna segir þú það?“ spurði hún hægt, og það vottaði fyrir brosi á bleikum vörunum.

Ég vissi ekki hvað ég átti að segja. Allt, sem orð gátu lýst, virtist vera út í bláinn. „Þú áttir aldrei að koma til Þýskalands aftur,“ sagði ég. „Þú áttir að fara og láta mig eiga mig.“

Firelei gekk fram. Hún hafði ekki augun af mér.

„Við skulum ekki tala um það.“ Rödd hennar var orðin róleg. „Ég var hrædd um, að við fengjum aldrei að sjást framár. Þeir sögðu mér í Kaupmannahöfn, að þú værir dáinn.“

Hún var mjög nálægt mér. Ég hélt laust um hana.

„Hvar er Jan litli? spurði ég.

„Honum líður vel. Hann er orðinn stór. Hann verður fimm ára á þessu ári. Ég hef ekki séð hann, en ég veit það.“

„En foreldrar þínir?“

„Þau hata þig,“ sagði Firelei. „Þau hafa þjáðst hræðilega.“

„Hvar ert þú?“

„Í Lýbíukufangelsinu. Það var komið með mig hingað í morgun.“

„Ertu ein?“ spurði ég.

„Ég var ein í tvö ár. Nú er ég með annarri konu. Hún er gömul og ljót, en hún hefur gott hjarta.“

Það varð löng þögn. Orð voru fánýt. Það ríkti hvorki gleði né sorg milli okkar. Ekkert nema sljó, þunglyndisleg sæla. Firelei var ekki söm og fyrr á árum. Andlit hennar var tekið, alvarlegt, nærri hart. Í því voru hrukkur, sem ég hafði ekki séð áður. Bitru árin höfðu kæft löngun hennar til að glettast, áhyggjulausa hláturinn, lífsgleðina og æskutöfrana. Hendur hennar voru enn dugnaðarlegar og þrýstnar. Þær voru harðar af erfiðisvinnu. Harður var einnig granni líkaminn undir mógula, ólögulega fangabúningnum.

„Já,“ hélt Firelei áfram lágum rómi, „ég er líka gömul og ljót. Ég veit, hvað þú heldur — þú heldur, að það sé þér að kenna, að ég er orðin hörð og grá. Þú mátt ekki halda það. Má vera að ég yrði ung aftur, ef ...“

„... ef — hvað?“

Firelei nötraði af ekka, sem var þó blandinn hlátri. „Ef ég fengi að finna handlegg drengsins okkar um hálsinn á mér og heyra hann kvaka: ‚Mamma, gef mér‘ ...“

„Þú færð það — bráðum,“ sagði ég.

„Ég þarf enga huggun, sem er ekki annað en látalæti,“ sagði Firelei óþýðum rómi. „Það er allt horfið, ... æskudraumarnir, æskumýktin. ... Ég mundi vera ánægð, ef ég fengi að leggjast í grasið og sofa, sofa að eilífu.“

Ég veit ekki hve lengi okkur var leyft að vera saman. Það voru ef til vill þrjár klukkustundir, ef til vill ekki nema ein. Við sögðum lítið af því, sem við vildum segja. Við þögðum mestmegnis. Sumt sem við sögðum var ekki hluti sjálfra okkar, það voru orð, sem áttu að eyða grun þeirra, sem kynnu að vera á hleri hinum megin við vegginn. Firelei vissi ekkert um starf það, sem mér hafði verið falið. Þegar SS-maðurinn kom inn til að láta okkur vita, að tíminn væri útrunninn, kvaddi Firelei mig í þeirri trú, að við mundum ekki fá að sjást í mörg ár. Ég gat ekki sagt henni sannleikann þá án þess að tefla öllu í hættu. Þetta var erfiðast af öllu. Hún var breytt. Við vorum bæði breytt. Við skildum, óróleg hið innra, leitandi og ofurlítið

rugluð. Hún sneri aftur til kvennafangelsisins í Lýbíku, en ég fór í litla varðhaldið fyrir menn, sem dæmdir voru til vönunar.

Síðustu tvær vikurnar í mars var mér ekið á hverjum morgni til Gestapo-stöðvanna. Á hverju kvöldi var ég fluttur aftur í klefa minn í Hutten-varðhaldinu, dauðuppgjefinn af þessum sleitulausa línudansi. Ég lærði að rata í völuarhúsi Gestapo-veldisins þessa dagana. Ég skoðaði ljósmyndir svo að þúsundum skipti. Ég las mörg hundruð blaðsíður af skýrslum frá njósnurunum erlendis, og var hver skýrsla undirrituð bókstaf og númeri í stað nafns. Ég var yfirheyrður um, hvort hægt mundi vera að senda Gestapo-menn til náms á stjórnámálaskóla í Ráðstjórnarríkjunum; um skipulagningu Vökumannaráða nasista í erlendum höfnum eftir kommúnískri fyrirmynd; um að lauma fulltrúum nasista inn í alþjóðahersveitirnar á Spáni; um að gera skipverja á belgískum, hollenskum, frönskum, pólskum, rússneskum skipum og skipum Norðurlandþjóða að launuðum aðstoðarmönnum Gestapo; og um margar aðrar fyrirætlánir, hvort gjörlegar væru. Hver fundur með Kraus lög-reglufulltrúa eða þeim sem næstir honum stóðu var eins og skáktafi, þar sem einn skakkur leikur jafngilti því að taflað væri tapað — og lífinu týnt.

Helsti brestur Gestapo var hin ofstækislega fikn í að ná settu marki. Annar bresturinn var, samanborið við GPÚ, skorturinn á erlendum sérfræðingum til utanríkisstarfa. Þýskfæddir menn höfðu með höndum framkvæmdir á níutíu og níu hundradshlutum af starfsemi Gestapo erlendis, en GPÚ gat valið milli manna af fimmtíu þjóðum. Ekki einasta Herthu Jens, heldur og yfirmanni hennar hrutu oftast en einu sinni einfeldnisleg aðáunarorð af vörum vegna þekkingar minnar á alþjóða siglingamálum og vinnuskilyrðum í erlendum höfnum. Menn þeir sem störfuðu í utanríkisdeild Gestapo, voru algjörlega þýskir í anda og mjög þröngsýnir. Þeir voru sérfræðingar á einu sviði og höfðu enga eða litla hugmynd um neitt, sem lá utan við hinn takmarkaða sjóndeildarhring þeirra. Miskunnarlaus kraftur, óþreytandi árverkni og upplýsingasöfnun og fjölmennur her hálfæðra njósnara — frekar en fámennt lið þaulæfðra manna — og einarðari en GPÚ.

En leynilögregla Stalíns var miklu slægari og æfðari í samsærismálum. Kraus lög-reglufulltrúi minntist GPÚ með virðingu. „Við getum lært mikið af þeim,“ sagði hann. „Við lærum sitt hvað nýtt á hverjum degi.“

Ég lærði líka. Eftir margra vikna einarða athugun lá grindin í utanríkisdeild Gestapo opin fyrir mér eins og myndabók. Þar var til dæmis ein stór skrifstofa, þar sem tveir tugir karla og kvenna höfðu ekki annað fyrir stafni en að klippa myndir andnasista af öllum litarháttum og þjóðum úr erlendum blöðum; andlit á hópmyndum voru skoðuð gaumgæfilega í stækkunargleri og ljósmyndastækkunar gerðar af þeim. Þar var önnur skrifstofa sett löngum spjaldskrárhillum með nöfnum og upplýsingum um mörg þúsund fjanðmenn nasista í öllum menningarlöndum í heimi. Fyrir hvert þeirra landa, sem lágu að Þýskalandi, var sérstakt herbergi í utanríkisdeildinni. Þar voru Gestapo-skrifstofur fyrir þýsk verslunarfyrirtæki erlendis, fyrir starfsemi þýskra blaða erlendis, Hitleræskuna, Vinnufylkinguna,

Bandalag Þjóðverja erlendis, þar var menningardeild, verkleg deild, siglingamáladeild og samgöngumáladeild. Alls voru deildirnar tuttugu og fimm að tölu, og hafði hver þeirra með höndum sérstaka grein af starfsemi Gestapo erlendis. Landfræðilega hafði Gestapo skipt jörðunni niður í átta umdæmi. Fyrir hvert umdæmi starfaði *Länderamt*, Umdæmisskrifstofa. Þessi átta *Länderämter* voru:

1. Norðurlönd, Finnland og Eystrasaltsríkin.
2. Vestur-Evrópa; að meðtöldu Tyrklandi.
3. Suður-Evrópa.
4. Ítalía, Sviss, Austurríki, Tékkóslóvakla og Ungverjaland.
5. Afríka.
6. Norður-Ameríka.
7. Suður-Ameríka.
8. Stóra Bretland, Austurlönd og Ástralía.

Þessi neðanjarðardeild rak starfsemi með 648 umboð í 45 löndum. Hjá siglingamáladeildinni einni störfuðu 1.097 fulltrúar, sem var dreift um hafnarborgir og skip. Starfslið í skrifstofu utanríkisdeildar Gestapo í Hamburg var árið 1935 samtals 170 manns; í mars 1937 hafði starfsliðið verið aukið upp í 710 manns. Í þessari tröllauknu vél ógna og njósna var Kraus lögreflufulltrúi þrátt fyrir hin skæðu völd sín ekki annað en lítið hjól. Hann var forstjóri Komintern-deildarinnar. Yfirmaður hans var *Regierungsrat* Streckenbach, sem hafði á hendi yfirstjórn aðalstöðva utanríkisdeildarinnar í Hamburg.

Ég hitti Streckenbach í lok marsmánaðar. Hann var föngulegur maður, þrjátíu og átta eða níu ára að aldri, meðalmaður á hæð, klæddur fótum úr ensku ullarefni. Hann var skarpeygur og gráeygur, hárið móleitt, og andlitið var manns sem iðkar útiþróttir, sólbrennt og hraustlegt. Munnur hans var beinn, nefið mikið og lítið eitt íbogið. Hann var venjulegast afskiptalaus á svipinn, en þegar hann talaði, mátti glöggst heyra hljómblað prússneska herforingjans. Í heimsstyrjöldinni hafði Streckenbach verið undirforingi á kafbátaspilli og eftir vopnahléið hafði hann gengið í upplýsingaþjónustu flota Weimar-lýðveldisins, en hún var ólögleg samkvæmt friðarsamningunum. Honum var sagt upp starfi þar vegna hollustu hans við Adolf Hitler og hafði verið gerður að foringja í SS-liðinu, en eftir blóðhreinsun Hitlers í júní 1934 hafði hann tekið stökkið upp í forstjórásæti Gestapo. Þar sem ég stóð fyrir framan hann í skrifstofu hans á efstu hæð Gestapo-hússins, lét hann augun renna hægt yfir fangabúning minn, og af einhverri ástæðu, sem ég vissi ekki um, breiddist svipur heftrar kímni um andlit hans.

„Þú varst bjáni,“ sagði hann, „þú hefðir átt að ganga í lið með okkur árið 1923.“

„Ef menn vissu fyrirfram, hvor herinn vinnur,“ svaraði ég „þá væru engin stríð, *Herr Regierungsrat*.“

Ég sá, að Streckenbach líkaði svar mitt vel.

„Mér þykir vænt um að þú læst ekki vera orðinn þjóðernissósíalisti,“ sagði hann.

„Eða þykistu vera það?“ Þetta var hættuleg spurning. Undan hendinni sem hélt á

vindlingi tindruðu augu Streckenbachs í eftirvæntingu. Bæði „já“ og „nei“ voru röng svör við spurningunni.

„Ég er Þjóðverji,“ sagði ég. „Ég vil heldur berjast með þeim, sem sigrar.“

„Einu sinni unnu Þýskir herir orrusturnar og töpuðu stríðinu,“ sagði Gestapoforinginn hugsi. Hann bætti skyndilega við. „Það skal aldrei koma fyrir aftur, ha?“

„Nei, herra.“

„Þú hefur verið yfirmaður á skipi?“

„Ég stjórnaði einu sinni rússnesku skipi,“ svaraði ég. „Ég var á svarta listanum í Þýskalandi.“

„Svartir listar eru runnir undan rifjum ... hvað um það, þeir eru úr sögunni. Hvernig leist þér á rússneska björninn?“

„Það er frekar vanhirt skepna,“ sagði ég.

„Birni er hægt að temja,“ sagði Streckenbach. „Birni geta verið mjög leiðitamir. *Zuckerbrot und Peitsche*, sætabrauð og svipa — þeir geta afkastað miklu ef kringumstæður leyfa. Gerðu svo vel að setjast. Segðu mér á tíu mínútum, hvernig á því stóð, að þú sagðir skilið við Alþjóðasamband kommúnista.“ Ég talaði af móði í tíu mínútum.

„Nóg komið,“ sagði Streckenbach í hryssingslegasta tón sínum.

Mér féll allur ketill í eld. Ég hélt, að nú væri svo komið, að ég hefði tapað öllu.

Hann tók upp heyrnartólið á símanum.

„Sjötta deild — Kraus, ... ert það þú, Peter? ... Ég hef átt tal við vin okkar. ... *Nein, keine Bedenken*. ... Engin fyrirstaða. Farðu með hann með þér, næst þegar þú ferð til Berlínar. ... *Heil!*“

Streckenbach hringdi á vörðinn.

„Farið þér með þennan fanga á klefann aftur. Látið þér engan af svikurunum, sem eru hér í yfirheyrslu, sjá hann. Þér berid persónulega ábyrgð á því.“

Hauskúpuliðinn skelti hælunum saman. Hann slöngvaði hægri handleggnum á loft.

„*Zu Befehl! Heil Hitler!*“

„Hitler,“ tautaði Streckenbach. Ég var leiddur á brott.

Dag eftir dag var ég hjá Gestapo. Á kvöldin milli klukkan átta og tíu var mér ekið í fangelsið aftur. Ég var hættur að líta á sjálfan mig sem mannlega veru, er ætti þau saklausu forréttindi að fá að ráfa í óvissu og fremja smáskyssur. Ekkert var neins virði nema hugsanir og athafnir, sem fengu einhvern veginn bundið enda á þetta flókna stríð, þar sem ég var hvort tveggja í senn, hershöfðingi og auvirðilegasti dáti. Yfirmenn Gestapo voru hugfangnir af því, að mér skyldi hafa tekist á svo auðveldan hátt að hafa tvö hundruð dali af einum aðalmanninum í neðanjarðardeild Kominterns. Lotning sú, sem þeir báru fyrir GPÚ almennt og Richard Jensen sérstaklega, olli því, að þeir þóttust hafa himin höndum tekið, þar sem ég var. Og þannig sigraði ég, nærri einn míns liðs, í baráttu minni gegn allri lævisi og tortryggni uggvænlegasta lögregluliðs í heimi.

Morgun einn, fyrri hluta aprílmánaðar, nam langur, lágur, opinn bíll staðar fyrir framan Hutten-fangelsið. Í bílnum sátu Kraus lögreglufulltrúi og tveir aðrir Gestapo-liðar. Kraus kom inn í klefann. Á handleggnum bar hann yfirfrakka.

„Hérna, farðu í þetta utan yfir fangagarmana þína,“ sagði hann. „Þú átt að koma með okkur til Berlínar.“

Innan skamms vorum við komnir á leið til Berlínar með hundrað kílómetra hraða. Fyrir utan Spandau námum við staðar, og bílstjórinn bar okkur smurt brauð og kaffi, sem við snæddum við veginn. Um hádegi komum við til Berlínar. Bíllinn nam staðar fyrir framan *Gestapoamt*, hina risavöxnu, nýreistu miðstöð leynilögreglu Hitlers. Við fórum fram hjá þremur eða fjórum eftirlitsstöðvum, en þar rannsökuðu hauskúpuliðar skilríki allra, sem áttu erindi í þetta borgarvirki ógnanna. Kraus lögreglufulltrúi og félögum hans var skipað að skilja eftir heimildarspjöld sín og skrifa nöfn sín, áður en þeir fengu að halda áfram.

Kraus gekk á undan inn um hurð, sem bar lítið skilti: *Nachrichtendienst — Abteilung 16 F*. Við gengum í gegnum stórt herbergi, þar sem piltar og stúlkur sátu við mörg útvarpsviðtæki, og annað, þar sem allt að því hundrað manns sátu við jafnmörg lítil skrifborð. Á hverju skrifborði var sími og minnisblokk. Herbergið tók undir af óm, sem líktist suði í mörgum býflugum. Við héldum áfram eftir gangi einum og Kraus lögreglufulltrúi opnaði dyr. Á hurðinni stóð: Aðgangur bannaður. Við vorum í lítilli, en viðkunnanlegri skrifstofu. Miðaldra maður með rólegt, vinggjarnlegt andlit sat í hægindastól úr leðri. Hann var að drekka kaffi. Án þess að hreyfa sig úr þægilegu stellingunni, sem hann var í, tók hann í höndina á Kraus lögreglufulltrúa. Eftir að þeir höfðu skipst á nokkrum orðum, beindi maðurinn augunum að mér. Það voru ófóleg augu, — köld, grænleit. Allt í einu brosti hann.

„Hvað sem fyrir kann að koma,“ sagði hann, „þá máttu aldrei bregðast trausti okkar.“

Ég kinkaði kalli og sneri mér djarflega að honum.

„Þegar þú ert erlendis,“ hélt hann áfram, „máttu aldrei setja þig í samband við opinberar erindrekaskrifstofur þýska ríkisins. Aldrei leita til sendiráðs, aldrei til ræðismanna. Það er ekki svo að skilja, að þú eigir að starfa einn þíns liðs. Augu okkar og aðstoðarmenn okkar eru alls staðar. Bregstu aldrei trausti okkar. Leitaðu aldrei til sendiráðs eða ræðismanns. Þú veist hvers vegna; þú ert enginn viðvaningur.“

„Já, herra,“ sagði ég.

„Við leggjum í nokkra áhættu þar sem þú ert,“ hélt hinn áfram. „Það er óþarft að ræða afleiðingarnar af tryggðarofi við okkur. Þú þekkir þær. Gerðu skyldu þína sem Þjóðverji.“

Það varð þögn.

„Skilmálana, *Herr Oberinspektor*,“ muldraði Kraus hikandi: „Við greiðum þér þrjú hundruð mörk á mánuði í gjaldeyri þess lands, sem þú dvelur í, í upphafi hvers mánaðar. Í hvert skipti sem upplýsingar þær er þú sendir okkur, leiða til þess að svikari, sem er sendur til Þýskalands frá öðrum löndum, er handtekin,“

greiðum við þér eitt hundrað marka uppbót. Það er sanngjarnt, að ég held. Fyrsta hlutverk þitt mun verða að laumast inn í fölsunar-neðanjarðardeild þessa Jensens í Kaupmannahöfn. Aðallega viljum við fá að vita, hverjir nota fölsuð vegabréf og undir hvaða nöfnum. Við viljum, að þú útvegir okkur sýnishorn af gúmmi- og málmstimplum, sem vegabréfafölsunarmiðstöð Kominterns notar. Auk þess áttu að senda okkur allt sem hönd á festir: Prentað mál, dulmál, bréf, samþykktir, ljósmyndir, rithandarsýnishorn, sýnishorn af letri ritvélanna þeirra, heimilisföng, nöfn, fundarstaði, upplýsingar um sambönd og um menn, sem mundu vera fúsir til að vinna fyrir okkur — í stuttu máli sagt, allt sem þú heyrir og sérð, hvar sem er og hvenær sem er, ef skrifstofa okkar getur haft gagn af því. Þú munt fá fleiri ákveðin hlutverk, þegar þú ert búinn að koma þér vel fyrir. Streckenbach í Hamborg mun ræða við þig nánar um hvernig þú átt að senda okkur upplýsingarnar og — ef þess gerist þörf — sjá þér fyrir reyndum aðstoðarmönnum.“

„Ég skal gera mitt til að snúa þessum leik ykkar upp í dauðadans,“ hugsaði ég.

Ég skellti saman hælunum. „Ágætt,“ sagði ég.

Ráðstefnunni lauk skömmu síðar. Kraus lögreglufulltrúi fór með mig í annan hluta hússins. Þar lokaði hauskúpuliði mig inni í litlu, auðu, gluggalausú herbergi.

„Bíddu,“ var mér sagt.

Lagleg frammistöðustúlka kom með mat til mín á svörtum stólbakka. Ég sat flötum beinum á gólfinu og át af græðgi. Síðar um eftirmiðdaginn kom klæðskeri til að taka mál af mér. Mér var fylgt til baðherbergis, þaðan á rakarastofu og síðan var ég látinn gangast undir læknisskoðun. Mér voru fengin hrein nærföt, nýir skór, hattur, skyrta, tvö hálsbindi, sokkar, alfatnaður, sem fór vel, yfirfrakki og regnkápa. Það voru liðin nærfellt þrjú og hálf t ár, síðan ég hafði síðast verið í borgaralegum fötum. Kraus lögreglufulltrúi fékk mér fimmtíu mörk og tvö hundruð dalina, sem Richard Jensen hafði sent frá Kaupmannahöfn.

„Eigðu þá,“ sagði hann hlæjandi. „Hvenær sem þú getur haft fé af bolsévíkunum, þá taktu við því.“ Hann skoðaði mig í krók og kring. „Klæðskeranum hefur tekist vel upp,“ sagði hann. „Komdu nú — Himmler vill fá að sjá þig.“

Ég hafði mig allan við að sýnast ekki æstur né skelfdur. Kraus gekk rösklega á undan. Mennirnir sem við mættum, þekktu mig ekki fyrir fanga; ég gekk handjárna- og fylgdarlaust. Ég var að hugsa um Heinrich Himmler, sjötta æðsta nasistann í ríkinu og æðsta yfirmann nasistalögglunnar. Ég hafði heyrt hans minnst óspart í fangelsinu. Gestapo-menn kölluðu hann stundum „kartöflutrýnið“. Hann hafði það orð á sér, að hann væri ósátftúsastur allra aðstoðarmanna Hitlers. Honum hafði skotið upp í nasistaflokknum í München árið 1924, en þar var hann þá við nám í tilraunagarðrækt. Hann sneri sér að lögreglustörfum tveimur árum síðar, er hann gerðist aðalnjósnari Hitlers í hinum óstýrilátu stormsveitum Röhms höfuðsmanns. Árið 1929 var hann gerður að foringja SS-liðsins, sem Hitler stofnaði sem lög-reglulíð í flokknum og árársveitir sín sjálfs. Himmler, sem var yngstur allra nasistaforsprakkanna, sýndi hvað í honum bjó morðnóttina 29.–30. júní 1934.



Hann hækkaði fljótt í tign eftir fjöldamorðin á klofningsmönnum nasistaflokksins. Yfirforingi SS-liðsins, ríkisþingsmaður, prússneskur ríkisráðsmaður, yfirforingi Gestapo og að lokum varð Himmler árið 1936 *Führer* allrar lögreglunnar í Þýskalandi.

Árin áður en Hitler varð kanslari, hafði ég staðið augliti til auglitis við flesta helstu leiðtoga nasista á stjórn mála fundum, þar á meðal Hitler. En Heinrich Himmler hafði ég aldrei séð. Hann var hvorki ræðumaður né kunnur fyrir baráttukjark eða sjálfstætt stjórn mála framtak. Í fangelsunum hötuðu menn Hitler, Göring, Göbbels, dr. Ley og Walther Darré og töldu þá vera ægilega andstæðinga, en á Himmler höfðum við aðeins megnustu fyrirritningu. Allt þetta rifjaði ég upp fyrir mér, er ég gekk í humátt á eftir Kraus um ganga lagða rauðum teppum, upp stiga, fram hjá verndarfylkingu hausjúpuliða og inn í allstóran forsal. Í honum miðjum stóð eirlíkan af erni á hakakrossi úr marmara. Þarna námum við staðar. Sex dyr lágu út úr forsal þessum, sem var að lögun eins og hálfhringur. „Himmler er of metnaðargjarn stigamaður,“ sagði ég með sjálfum mér. „Fari hann norður og niður!“ Maginn á mér dróst saman eins og hann væri algerlega tómur.

Dyr opnuðust. Grannur maður í dökkgráum fötum kom inn. Kraus lögreglu-fulltrúi heilsaði á hermanna vísu. Ég stóð teinréttur. Maðurinn gekk rösklega til okkar og gaf okkur bendingu um að hætta skrípalátunum. Maðurinn var Himmler.

Andlit hans var gulgrátt, nefið oddmjótt, hakan óregluleg. Sljó augun voru bak við nefklemmur, sem gerðu hann einhvern veginn líkastan óttasleginni kennara-sleikju. Hann var liðugur í hreyfingum eins og keyri. Hendur hans voru gráar og beinaberar. Hann var yngri að sjá en Streckenbach og Kraus lögreglu fulltrúi. Hann talaði lágum, frekar óskýrum rómi: „*So, da sind Sie!*“

„Þetta er nýi trúnaðarmaðurinn okkar,“ tilkynnti Kraus og benti á mig með undirgefnu glotti.

Himmler horfði á mig í brot úr sekúndu, eftir það virtist hann horfa yfir öxl mína.

„Þér komuð seint, en þér komuð þó,“ sagði hann.

„*Jawohl*,“ gelti ég.

„Hverjar voru ástæðurnar?“

„Ég sá, að mér hafði skjáttast og dró ályktanir mínar af því,“ sagði ég. „Ég hélt einu sinni, að Hitlersliðar væru þrælur auðmannanna. Afrek Hitlers hafa sannað mér, að ég hafði á röngu að standa. Ég ákvað með sjálfum mér að vinna mér tilverurétt í hinu nýja Þýskalandi.“

„Hann hefur náð áttum, að því er virðist,“ sagði Kraus lögreglu fulltrúi.

Himmler starði fram hjá mér upp í loftið. „*Das freut mich*,“ sagði hann. „Það gleður mig.“ Hann kinkaði snöggvast kalli eitthvað í áttina til Kraus.

„Þakka yður fyrir,“ sagði Kraus. „*Heil Hitler!*“

„*Heil Hitler*,“ bergmálaði ég.

Himmler brosti ofurlítið. „*Hals und Beinbruch*. Gangi ykkur vel.“ Hann snerist á hæl og gekk út.

„Það var nú það,“ sagði Kraus ánægður, þegar við gengum fram hjá fylkingu hauskúpuliðanna. „Nú færðu tvo daga til að skyggjast um í Berlín. Einn af piltunum mínum verður með þér. Vendu þig við. Ég ætla til Hamborgar í kvöld. Ég skal sjá til þess að þið fáið viku leyfi, þú og konan þín, áður en þú tekur til starfa. Gangi þér vel. Láttu mig ekki vita, hvað þú gerir. Skemmtu þér vel!“

Í tvo daga flakkaði ég um Berlín með ungan „fylgdarmann“. Ég fór í leikhús, söngleiki, hljómleika, góð veitingahús, og ég drakk mig fullan. Ég fann ekki til gleði. Ég þjáðist af heimþrá — heimþrá til númer ellefu og Tonio. Þegar tveir dagar voru liðnir, fór ég aftur til Hamborgar með lestinni og hafði enn fylgd.

Ég hitti Herthu Jens, og hún bauð mér að snæða með sér miðdegisverð. Hún sagði mér að fara til Burhave morguninn eftir, en það er lítið fiskimannaþorp við Norðursjóinn, milli mynnis Vísarar og Jade-flóans. Á þessu ferðalagi var líka hæverskur, en aðgætinn, piltur af skrifstofu Kraus í fylgd með mér.

Við gengum út af litlu járnbrautarstöðinni í Burhave. Landið var flatt, og fyrsti vorgróðurinn var að gægjast upp úr jörðinni. Við gengum fram hjá lágrestum bændabýlum með lágum veggjum og háum þökum. Fuglar kvökuðu. Kýr móktu í sólskininu. Einhvers staðar gelti hundur glatt. Drengnokki stytta sér stundir með því að stökkva yfir limgarða og blístraði yfir dugnaði sínum. Stúlka kallaði hástöfum á hann, en hann sinnti því engu. Allt þetta, hugsaði ég með mér, hafði verið þarna frá alda öðli. Kýr höfðu verið á beit og drengir stokkið yfir limgarða, en úti í heiminum höfðu karlar og konur hneigst að því að gera hvert öðru mein, bruggað ráð og barist, unnið fánýta sigra og gengið í dauðann.

Ungi Gestapo-fólaginn minn var léttur í spori. Nasir hans drukku í sig ilm sléttunnar. „Þýsk jörð,“ sagði hann. „Er hún ekki fögur?“

Vegurinn lá til strandar. Fiskimannakofar tóku við af bændabýlunum. Byrinn bar með sér ilm af þangi. Trén urðu smávaðxari, kræklótt og stormbarin. Lykt af víðáttumiklum leirum og fiski lagði fyrir vitin. Fyrir framan okkur teygði flóðgarður grænan hrygginn svo langt sem augað eygði. Ég fann, að hafíð var nálægt.

„Er einhver hér, sem bíður mín?“ spurði ég. Gestapo-maðurinn kinkaði kalli. Glott færðist yfir andlit hans. „Við verðum komnir þangað eftir eina eða tvær mínútur,“ sagði hann. „Þá færðu að sjá hana.“

„Ég á að fá að sjá Firelei,“ hugsaði ég.

Við klifruðum upp á flóðgarðinn. Ég sá sjóinn. Það var lágsjávað, og við sáum sandspildu og leirur á stóru flæmi. Mjóar rennur lágu þvert og endilangt um leirurnar. Ledjan glitraði í sólinni, og krabbar og iðnir fuglar mörkuðu spor í blautum sandinum. Brimið niðaði lágt í fjarska. Við gengum eftir flóðgarðinum. Fyrir framan okkur gnæfði hvítt tveggja hæða hús, sem virtist ekki eiga heima innan um lágrestu fiskimannakofana. Það var hótél með garði í kring og mörgum gömlum trjám. Fyrir framan það, sjávarmegin við flóðgarðinn, teygði mjó bryggja

sig fram í siglingarennuna. Fiskibátar lágu bundnir við bryggjuna, og brún net voru hengd til þerris í sólinni.

„Halt þú bara einn áfram,“ sagði Gestapo-maðurinn. „Ég verð hér einhvers staðar nálægt. Skiptu þér ekki af mér — ég geri ekki nema það sem mér er skipað. Vertu ekki að reyna að komast undan. Mér mundi vera illa við að skjóta mann í svona umhverfi.“

„Ég ætla ekki að flýja,“ sagði ég, „vertu óhræddur.“

Gestapo-maðurinn lagðist endilangur í grasið. Ég hélt leiðar minnar. Ég gekk inn í hótelið og stappaði í nýskúrað gólfíð. Sælleg ung kona, rjóð í andliti, með skínandi ljósbjart hár kom úr eldhúsinu.

„*Heil Hitler!*“ sagði hún vingjarnlega. „Verið þér velkominn.“

„*Heil Hitler!*“ svaraði ég og bætti við: „Konan mín er víst stödd hérna?“

„*Ja! Und kleiner Junge!*“ Það er fjarskalega fallett barn. Ég lét þau fá besta herbergið, sem ég átti til. Þið eruð fyrstu gestirnir, sem ég fæ á þessu ári.“

Firelei og sonur okkar, Jan, voru ekki í herberginu. Þau höfðu farið út að leita að skeljum og kynda bál úr rekavið. Ég gekk eftir flóðgarðinum, í áttina þangað sem ég sá reyk frá óbygðu báli liðast upp gegn himinblámanum. Ég fann, að mig langaði til að snúa við og hörfa á brott. Ósjálfrátt óskaði ég þess, að bálið á ströndinni væri enn marga kílómetra undan, svo langt að ég gæti hugsað mig um nokkrar klukkustundir. „Haltu áfram,“ sagði ég við sjálfan mig. „Þú hefur haft mörg ár til umhugsunar, og það var til einskis.“ Nú var bálið ekki nema eitt hundrað skref undan. Ég gat séð son okkar hlaupa um af ákefð og safna sprekum á eldinn. Firelei sat við eldinn. Hún horfði út yfir hafíð, þar sem reykur vall úr skipi, er sigldi framhjá. Reykjarmökkurinn var svartur. Hann reis eins og óheillavænlegur fáni gegn heiðum himninum.

Ég nam staðar. Jan hljóp að bálinu með sína spýtuna í hvorri hendi. Hann nam skyndilega staðar og leit í áttina til mín. Hann benti með litla hendleggnum. Rödd hans barst með vindinum.

„Mamma — þarna er maður!“

Firelei sneri höfðinu hægt. Hún stóð upp úr sandinum. Vindurinn ýfði lokka hennar og togaði í kápu hennar. Hún setti hægri fótinn fram og síðan þann vinstri, og ég stóð kyrr og virti hana fyrir mér, er hún kom á móti mér. Jan hljóp við hlið hennar.

„Mamma, hvaða maður er þetta?“

„Nú — þetta er hann pabbi þinn!“ hrópaði Firelei kát. Barnið hljóp á undan. Ég lyfti drengnum í faðm minn og litla ásjónan var full forvitni og undrunar.

„Hver er ég?“ sagði ég háum rómi.

„Þú ert pabbi minn,“ kvakaði Jan. „Komstu með skipi?“

„Já — ég kom með skipi.“

„Frá Afríku?“

„Já — frá Afríku.“

„Ljónin eiga heima í Afríku,“ sagði Jan með merkissvip. „Mamma sagði að skipið þitt mundi ef til vill koma í dag ef veðrið yrði gott. Hvar er skipið þitt?“ Í margar mínútur var æðsta sæla alheimsins sú að eiga heima á veðurbörðu sandspildunni milli flóðgarðsins og leiranna í Burhave. Jan greip báðum höndum um vinstra úlnlið minn. Hægri handleggurinn lá um herðar Firelei. Þannig gengum við að snarkandi bálinu. Augu Firelei fylltust gleðitárum. „Það er svo erfitt að trúá því, að þú sért kominn,“ sagði hún, „að við séum hér öll — hér í raun og veru.“

Við sátum í sandinum og horfðumst í augu, og síðan töluðum við, þangað til eldurinn var útbrunninn. Við leituðum í innstu hugarfylgsnum hvors annars og vorum bæði ráðin í að sjá ekki ljótu, hatrömmu, illgjörnu árin, en leitast við að láta föguru stundirnar rísa upp að nýju, að finna aftur blæbrigði sálareinkennanna, sem við höfðum elskað hvort hjá öðru.

„Þú ert orðinn miklu sterkari,“ sagði Firelei. „Ekki eins villtur. Ég verð að svipta þessari hryggð á burt.“

„Það er ekki hægt að svipta öllu á burt, sem gerst hefur,“ sagði ég.

„En það er hægt að strika yfir — og gera að nýju.“ Rödd Firelei var blíð og einörð. „Gera saman,“ bætti hún við.

„Saman!“ Orðið hraut af vörum á móti vilja mínum. Það var þungt og biturt orð.

„Ertu þreyttur? Eða er ég orðin gömul og ljót norn?“ spurði Firelei.

„Þú ert besta og fegursta konan,“ sagði ég.

„Fjarskalega fávís kona,“ sagði Firelei og brosti. „En farsæl kona. Sérðu það ekki?“

„Hann kom frá Afríku,“ galaði Jan hástöfum.

„Afríku ...“ Firelei dró samstöfurnar eins og orðið væri sönglag. Ég minntist annars löngu liðins dags, er við vorum einnig nálægt sjónum. Þar hafði Firelei setið, ung, iðandi af lífsgleði. Þann dag hafði Firelei sagt: „Sumatra, Madagaskar, Oran, ... mér geðjast svo vel að þessum nöfnum.“

Ekki allfjarri okkur flatmagaði maður utan í flóðgarðinum. Ég lét sem ég sæi hann ekki. Það var förunautur minn af skrifstofu Kraus lögreglufulltrúa.

Seint um kvöldið, þegar drengurinn var sofnaður, sagði ég Firelei upp alla sögu af atburðunum sem höfðu leitt til þess, að við vorum bæði látin laus. Hún hlustaði á mál mitt, og um varir hennar lá hörkusvipur, sem ég hafði aldrei orðið var við fyrr. Í henni lifði enn hermanskjarkur vígaldarinnar þrátt fyrir allar þrautir og fávísku, þrátt fyrir allar þjáningar og niðurlægingar. Yfirheyrsla nótt eftir nótt, varðhald í einveru og erfiðisvinna í sólarlausum söllum, svo að mánuðum skipti, höfðu bælt niður hrifningu, en ekki kæft lífsviljann.

„Við getum ekki gefist upp,“ sagði hún. „Við getum aldrei gefist upp! Við mundum vera fólk með tómar hendur og tómt hjarta. Þú mátt treysta mér, og ég skal treysta þér. Ég hef komist að því, að það er árangurslaust að láta sig dreyma um frið fyrr en ævin er úti.“

Vikan leið skjótt. Við gerðum einbeittar tilraunir til að leika okkur og til að hlæja, en tilraunirnar runnu út í sandinn eins og vatnsrennsli í eyðimörku. Við fórum í langar gönguferðir eftir flóðgörðunum og yfir engin og sandhólana. Við töluðum um fortíðina, um árin í fangelsinu. Við reyndum að greiða úr flækju nútíðarinnar. Í hæverskri fjarlægð hélt aðstoðarmaður Kraus lögreglufulltrúi sífellt í humáttina á eftir okkur. Ég gat treyst þagmælsku Firelei. Hún var hrygg og vonsvikin, en hún var hvorki buguð né uppgefin. Við minntumst á flóttu þegar í stað — en féllum frá því. Þýskaland var of vel varið. Á landamærunum úði og grúði af vörðum. Við mundum aldrei komast langt. Þeir mundu handsama okkur og tortíma okkur.

„Þú verður að fara utan fyrst,“ sagði Firelei. „Þú hefur verk að vinna. Ég er viss um að þú finnur leið til að ná okkur Jan til þín, þegar þú hefur náð fótfestu í samtökunum. Það er svo margt sem hefur breyst. Það mundi vera brjálæði að stökkva út í óvissuna, áður en að minnsta kosti annað okkar hefði athugað allar aðstæður.“

„Vertu þagmælsk og misstu ekki trúna,“ sagði ég. „Ég mun finna leið til að bjarga þér úr þessu helvíska landi. Ég er viss um að ég get fundið leið til þess.“

„Hvers vegna er vatnið blátt?“ Jan, sonur okkar, malaði yndislega, skærri barnslegri röddu. „Hvað segja sjófuglarnir? Geta stjörnurnar ýlfrað? Hvers vegna eru fiskarnir svona gljáandi? Geta bátar séð? Þykir sjómönnum gott kaffi?“ Stundum stóð hann grafkyrr í margar mínútur með hendur fyrir aftan bak, og augu hans, sem voru augu Firelei, skoðuðu karla og konur, sem voru að bera fiskinn í land í körfum úr sökkhlaðinni skútu.

Gestapo skipaði Firelei að taka sér aðsetur í Blumenthal, smábæ við neðra hluta Vísarár. Tvisvar á dag átti hún að gefa sig fram á skrifstofu Gestapo á staðnum. Henni var ekki leyft að fara úr bænum nema í fylgd með Gestapo-manni. Hún mátti ekki koma á járnbrautarstöðina né að höfninni, og hún mátti ekki senda bréf til útlanda. Okkur var ekki leyft að skrifast á beint; bréf okkar áttu að fara gegnum skoðun Gestapo. En hún mátti hafa barnið hjá sér. Innan takmarka bæjarins mátti hún vera á ferli eftir vild. Hún mátti teikna eða vinna í garðinum eða liggja iðjulaus í sólinni.

Vikunni lauk. Hyldýpið gapti við okkur.

# Frelsingi í bandi

ÉG GAF MIG FRAM við *Regierungsrat* Streckenbach í Hamborg. Hann fékk mér venjulegt þýskt vegabréf á nafn sjálfs mín og sérstakt skjal, undirritað af Kraus lögreglufulltrúa. Á skjalinu var ljósmynd af mér, innsigli Gestapo og áritun þess efnis að ég væri þýski verkfræðingurinn Emil Berg. Þetta áttu að vera skilríki mín í viðskiptum við Gestapo-deildir utan landamæra Þýskalands.

„Þó að rigni eldi og brennisteini,“ sagði Streckenbach, „þá láttu aldrei þessi skjöl falla í hendur óvinunum.“

Næst útlistaði ritari Streckenbachs fyrir mér leyndardóma dulmáls, sem var sótt í stafa- og tölurákn reitanna á skákbörði. Ég átti að nota það til að koma á framfæri leynilegum nöfnum og heimilisföngum. Síðan voru mér kynntir tveir menn, sem áttu að vera hraðboðar mínir milli Kaupmannahafnar og Hamborgar. Þeir voru báðir minni háttar starfsmenn á Mitropa-hraðlestunum. Loks fékk fulltrúi úr Fjármáladeildinni mér fyrsta mánaðarkaup mitt, og Streckenbach gaf mér upp leynilegt heimilisfang í Hamborg; en þangað átti ég að senda skýrslur og önnur trúnaðargögn; sömuleiðis annað heimilisfang í Kaupmannahöfn, en það mátti ég ekki nota nema í ítrustu neyð. Heimilisfangið í Hamborg var Fräulein Gertrud Schultheiß, Wexstraße 31; heimilisfang milligöngustöðvar Gestapo í Kaupmannahöfn var Lily de Korte, Østerbrogade.

Dagur brottfararinnar kom; það var um fyrstu helgi í maí 1937. Ég hitti Kraus lögreglufulltrúa í afviknu veitingahúsi í útjaðri Stadtpark í Hamborg. Með Kraus var Hertha Jens, sælleg og andstyggilega ánægð.

„Mundu þetta,“ sagði Kraus, og í sokknum augunum var óheillavænleg stírfni: „Armur Gestapo er langur. Reyndu ekki að blekkja okkur. Þú lifir aldrei lengi, ef þú gerir það – þótt þú felir þig í Kína eða frumskógum Brasilíu. Við munum finna ráð til að sækja þig þangað. Ég áminni þig um það: Gestapo gerir aldrei að gamni sínu.“

Við stóðum upp og tókumst í hendur.

Hertha Jens virti mig þögul fyrir sér, með hálfopnar varir.

„Hafðu gott leiði,“ sagði Kraus lögreglufulltrúi og brosti.

Það voru sömu orðin, sem móðir mín hafði ávarpað mig, þegar ég var að leita að fyrsta skipi mínu til útlanda.

Ég sendi Richard Jensen bréfsþjald og sagði honum að ég væri væntanlegur til Kaupmannahafnar. Degi síðar settist ég upp í lest til Travemünde, baðstaðar nálægt Lýbíku. Ég fór yfir Eystrasalt á einu skemmtiferðaskipinu, sem fara vikulegar ferðir

til Kaupmannahafnar. Þegar skipið nálgast bryggju, gat ég greint ferlíkið Richard Jensen meðal fólksfjöldans, sem beið. Ég komst klakklaust í gegnum dönsku vegabréfsskoðunina. Jensen sá mig. Hann sneri sér við og gekk út af hafnarsvæðinu. Ég hélt í humátt á eftir honum. Hann gekk til bifreiðar sinnar, sem stóð í rólegri götu við höfnina. Ég settist við hlið hans. Bifreiðin brunaði af stað.

Innilegt glott færðist yfir tröllslega andlitid á Jensen.

„Andskotinn hafi það, þú hafðir það af!“ urraði hann hvað eftir annað eins og hann tryði ekki augum sínum. „Hvernig er manni innanbrjóst, sem hefur klifrað upp úr grafhvelfingu?“

„Ekki sem verst,“ sagði ég.

Ég hallaði mér aftur. Það sótti að mér ósejjanleg þreyta. Háspenna tauganna lét undan. Ég átti ekki nema eina ósk — að hvíla mig og hrærast hvergi.

„Við skulum hressa þig við,“ sagði Jensen hughreystandi. „Það eru sárafaír, sem koma aftur frá Þýskalandi. Andskotinn hafi það, þú hafðir það af ...“

Ég þreifaði í vasa mina. Ég tók upp nasistavegabréfið og Gestapo-skjalið með nafni Bergs verkfræðings. Ég fékk Jensen hvort tveggja.

„Eigðu þau,“ sagði ég. „Ég vil ekki ganga með þetta á mér. Það er betra að leika hlutverk flóttamanns, sem engin skilríki hefur að sýna.“

Jensen las skjölin.

„Ágætt, fyrirtak,“ sagði hann.

Við ókum í gegnum Kaupmannahöfn, til útborgarinnar Charlottenlund. Bíllinn vék inn á Ordstrupvej og ók síðan inn í garða fyrir framan þyrpingu nýtsku íbúðarhúsa.

„Ég fer með þig heim til Petru Petersen,“ sagði Jensen. „Þú getur gist þar. Hafðu engin mök við flokkinn í Kaupmannahöfn. Við viljum ekki láta neinn vita, að þú sért hér. Þekkirðu Petru?“

„Já,“ sagði ég. Ég hafði komið á heimili hennar árið 1933, þegar Otto Ville Kuusinen, helsti Finninn í Komintern, hafði leitað sér þar hælis til bráðabirgða. Petra Petersen var starfsmaður GPÚ. Hún vann í símsstöðinni í Kaupmannahöfn. Hún var hávaxin, grönn, gáfuð, roskin kona. Hún hafði einkennilegt, haltrandi göngulag, vinstri fóturinn var staurfótur. Ég taldi upp öll þessi atriði.

„Rétt,“ sagði Jensen. „Segðu mér, hvernig líður konunni þinni?“

„Gestapo hefur hana að gísl. Við verðum að ná henni burt tafarlaust.“

„Við skulum koma því í kring,“ lofaði Jensen. „Getur hún enn talist tryggur flokksmaður?“

„Já.“

„Við sjáum til,“ rumdi í Jensen. „Henni verður ekkert að meini, meðan Gestapo heldur, að þú haldir trússi við þá. Minntust þeir nokkuð á mig?“

„Heldur betur!“

Jensen hló dátt. „Hvað sögðu þeir?“

„Yfirvegabréfafalsarinn. Þeir vilja, að ég útvegi þeim sýnishorn af stimplum og innsiglium, sem þú notar, og númer á vegabréfunum sem þú gefur út.“

„Ég væri til með að láta búa til sérstaka stimplasamstæðu handa þeim,“ sagði Jensen. „Þú gætir sent þeim það, og við höldum áfram að nota gömlu stimplana. Við sjáum til. Við skulum fá okkur einn bjór fyrst.“

Hann keypti kassa af bjór, og við drukkum hann í íbúð Petru Petersens, meðan við biðum eftir, að hún kæmi heim. Ég man lítið af þessu bjórþambi.

„Við verðum að ná Firelei burt frá Þýskalandi,“ sagði ég þrálátlega.

„Við komum því öllu í kring, þegar tími er til kominn,“ svaraði hann.

Við ræddum hina furðulegu sigra nýju alþýðufylkingarstefnunnar, sem Komintern barðist fyrir í Frakklandi, á Spáni, Norðurlöndum, Ameríku og víðar. Árið 1933, um það leyti, sem Gestapo handsamaði mig, hafði aðalvígðrið verið „fátækir gegn ríkum“. Nú var það „lýðræði gegn fasisma“. Í orði kveðnu hafði Komintern komist til vegs og virðingar í augum frjálslyndra manna og það svo, að mikill hluti menntamanna, rithöfunda, listamanna, kennara og eiginkvenna auðmanna töldu nú, að það væri aðalsmerki hins sanna frjálslyndis að sýna Alþjóðasambandi kommúnista og Ráðstjórnarríkjunum samúð. Það var orðin tíska að taka þátt í viðleitni kommúnista. „Við erum orðnir svo virðulegir,“ sagði Jensen og hló, „að allt, sem við gerum, verður að gerast í laumi. Jafnvel í frjálsustu löndunum verðum við að starfa með ólöglegum aðferðum til að koma ekki upp um okkur við stásstofubolsévíkana. En við komum þeim fyrir kattarnef í tímans fyllingu.“

Jensen sagði mér margar skrytlur. Og síðan talaði hann um hreinsanirnar. Frá því að Sergej Kírov, foringi flokksins í Lenínsgarði, sem sat í stjórnmálanefnd flokksins, var myrtur í desember 1934, höfðu kommúnistar svo að tugþúsundum skipti „farið fyrir kattarnef“. Árið 1937 höfðu hreinsanir Stalíns breiðst eins og eldur í sinu frá Ráðstjórnarríkjunum til ýmissa greina Kominterns; meiri hluti foringja kommúnistaflokka erlendis hafði verið boðaður til Moskvu, rétt eins og fangahópar, sem fangavörður kallar til yfirheyrslu. Einn meðal margra var Ameríkumaðurinn Earl Browder. Moskvumenn prófuðu hollustu þeirra. Prófsteyninn var fúsleiki hvers félagi til að svíkja hinn. Allt vorið og sumarið 1937 lögðu þeir leið sína til Rauða torgsins um Kaupmannahöfn, frekar þegjandalegur, óánægjulegur og kvíðinn byltingarmannahópur. Þeir sem sneru aftur voru í besta skapi, þeir höfðu klifið hamarinn, staðist prófið. Þeim voru haldin samsæti, þegar þeir héldu heim um Kaupmannahöfn, sökum þess að þeir höfðu sannfært GPÚ um, að þeir tryðu því, að Stalín væri í raun og veru hinn vitri og góðviljaði faðir undirokaðra manna í öllum heimsálfum.

„Allt gengur prýðilega,“ lauk félagi Jensen máli sínu, þegar hann hafði sagt frá meginatriðum hreinsananna í Ráðstjórnarríkjunum. „Komintern hefur aldrei verið öflugri en nú.“

Ég var sofnaður, áður en Jensen fór. Ég svaf það sem eftir var nætur og meiri hluta næsta dags. Ég vaknaði við kaffiilm. Petra Petersen var komin heim úr vinnunni



og var á ferli um íbúðina í vínrauðum náttfötum. Þegar hún sá, að ég hafði opnað augun, settist hún hjá mér á bríkina á legubekknunum og fór svölum höndum um enni mitt.

„Hvernig líður þér, félagi?“ sagði hún blítt.

Degi síðar hitti ég Ernst Wollweber í Vesturskrifstofunni. Af þeim þýsku kommúnistum af æðstu tign, er ég hafði þekkt, var hann sá eini, er eftir var. Hann var orðinn feitur og nærri sköllóttur. Fötin sem hann klæddist, veitingahúsin sem hann sótti, bílarnir sem hann hafði til umráða, báru vott um velmegun hans. En undir yfirborði velmegunar og sællífis var hann enn byltingarmaðurinn, sem ég hafði þekkt svo vel á fyrri árum, samanrekinn, seinn í hreyfingum og fálýndur. Litlu svörtu augun glitruðu gegnum kaf af vindlingareyk. Af þykku vörunum ultu orðin ólundarlega og rymjandi.

„Þú hefur sýnt af þér hugvitsemi og leikni,“ sagði hann. „Okkur þótti mikið koma til þess, hvaða dóm félagi Tonio felldi yfir þér. Það var ef til vill misskilningur að senda þig til Þýskalands. Þú varst of kunnur þar, að minnsta kosti við sjóinn. Ég er feginn, að þú skulir vera kominn aftur. Taktu þér viku leyfi og skrifaðu skýrslu, nákvæma skýrslu. Slepptu engu.“

Ég áttaði mig smám saman.

Hin leynilega aðalbækistöð Vesturskrifstofunnar hafði aðsetur í Vesterport, stærstu nýttísku byggingunni í hjarta Kaupmannahafnar. Hún hafði til umráða sjö herbergi á þriðju hæð. Þar bar allt svip af skrifstofu efnaðra verkfræðinga. Tveir tugir vélritara, dyravarða og skjalapýðenda voru sífellt á verði og höfðu vaktaskipti. Verðirnir — Norðurlandabúar, Lettar og Pólverjar — höfðu sjálfblekunga, fyllta táragasti, að vopnum. Hringaleiðslur lágu um alla vegg. Áberandi var það eitt, að símar sáust hvergi. Allar orðsendingar voru fluttar með hraðboðum. Heimili Vesturskrifstofunnar var skipt í sex deildir auk aðalskrifstofu. Yfirmaður stjórn-máladeildarinnar var Kuusinen, sem hafði verið einkavinur Leníns og skipti nú kröftum sínum og tíma milli Moskvu og höfuðborgar Kominterns í Vestur-Evrópu. Yfirmaður skipulagsdeildarinnar var Ernst Wollweber. Lettinn Michael Avatin hafði með höndum stjórn gagnnjósna-neðanjarðardeildarinnar; og féhirðir var Richard Jensen, sem var orðinn borgarfulltrúi í Kaupmannahöfn. Auk þess voru allmargir Rússar riðnir við Vesturskrifstofuna, og var starfsvið þeirra ekki nákvæmlega afmarkað. Einn þeirra, forstjóri Norðurameríkuskrifstofunnar, þóttist vera Nýsjálendingur og heita „Richard Rast“. Nafnskjöldurinn við aðaldyr Vesturskrifstofunnar bar áletrunina: A. Selvo & Co. Arkitektar og verkfræðingar. Þetta var aðeins ein af níu skrifstofum, sem Komintern og GPÚ héldu uppi í Kaupmannahöfn.

Maí og júní liðu. Óróinn, sem skapast hafði meðal kommúnista í öllum löndum vegna þriggja ára hreinsana Stalíns og haldið var áfram af sömu grimmd, jókst enn vegna blóðugra bardaga milli GPÚ-hersveita og stjórnleysingja í Barcelona og öðrum borgum stjórnarsinna á Spáni. Það bar alls staðar á tortryggni félaga hvers

við annan. Hún óx eftir því sem alþýðufylkingum óx fiskur um hrygg. Gamlir vinir forðudust hver annan eins og heitan eldinn. Þá sjaldan er þeir hittust, var það aðeins, ef um opinber störf var að ræða.

Hver maður safnaði „gögnum“ gegn öllum öðrum. Í þessu andrúmslofti tókst mér ekki að koma mér fyrir. Komintern var ekki hið sama og það var árið 1923, og ég var ekki sami pilturinn og hafði gert árás á lögreglubækistöðvar og barist í götuvirkjum með byssu í hönd. Firelei var mér nú dýrmætari en Josíf Stalín eða stjórnarskrá Ráðstjórnarríkjanna.

Ég hafði lítið að gera. Þrisvar í viku hitti ég annan hvorn Gestapo-hraðboðann frá Hamborg. Skýrslur og gögn, sem ég sendi Kraus og Streckenbach, fékk ég hjá skrifstofudeild Michaels Avatins, sem sauð gætilega saman rangar upplýsingar handa mér og dreifði innan um þær molum iðnaðar- og hernaðarleyndarmála úr njósnauppskeru GPÚ í Evrópu. Þessir molar voru þannig gerðir, að þeir féllu Gestapo vel í geð án þess þó að rýra hagsmuni ráðstjórnarinnar. Auk þess vílaði S-neðanjarðardeildin ekki fyrir sér að gefa Gestapo upplýsingar um athafnir jafnaðarmanna og breytingar á starfsmannaliði í samtökum þeirra, öðru Alþjóðasambandinu. Með því að beina athygli Gestapo til jafnaðarmanna sneri Komintern orku nasista frá athöfnum kommúnista. Mestur hluti röngu upplýsinganna í skýrslum, sem ég fékk hraðboðum Gestapo í hendur, kom beint frá Moskvu með hraðboðum ráðstjórnarinnar, sem komu vikulega til Kaupmannahafnar. Gestapo-fulltrúar og milligöngustöðvar, sem mér hafði tekist að ná nöfnum og heimilisföngum á, voru sett undir eftirlit GPÚ. Drápsheigð Avatins vaknaði, og hann brann af löngun til að fella þá. En Wollweber varaði hann við því: Morð á fulltrúum Gestapo á Norðurlöndum mundu óhjákvæmilega hafa þær afleiðingar, að gagnnjósnasambandið, sem ég hafði komið á, mundi slitna.

Dag og nótt leitaði ég að tækifæri til að nema konu mína og barn á brott frá Þýskalandi. En félagar þeir, sem ég sneri mér til í þessu máli, færðust undan. Óttinn við hreinsanir Stalíns gagntók þá; hann hafði drepið framtaksemina og kæft félagslyndið. Komintern var nú fullt af njósnurum af nýju tagi. Ógætileg orð, töluð við menn, sem þóttust vera vinir, voru afbökuð og borin til GPÚ — og afleiðingin var skyndiboðun til Moskvu. GPÚ hafði tangarhaldið á öllum kommúnistaleiðtogum, hvar sem þeir voru, og hafði alltaf ráð til að draga snöruna að hálsi þeirra, ef með þurfti.

Á fundi, er ég sat með Wollweber, Jensen og Avatin í lok júní, fór ég berum orðum fram á það, að hraðboðasamtök Komintern, er starfrækt voru í Þýskalandi, tækju að sér að smygla Firelei og syni okkar úr landi.

„Fyrir ykkur eru það smámunir,“ sagði ég. „Þrír eða fjórir röggssamir félagar geta mætavel leyst það af hendi. En fyrir mig er þetta stórvægilegt mál.“

Michael Avatin kvaðst þegar í stað vera fús til framkvæmda. Fyrir hann var hátíð hvert það högg, sem reitt var gegn Gestapo. Jensen hikaði og beið þess, að Wollweber segði álit sitt. Sýslumaðurinn vísaði beiðni minni á bug.

„Við megum ekki við því að slíta fyrirtaks sambandi við Gestapo,“ sagði hann. „Síður en svo. Við verðum að bæta við samböndin. Á næstunni munum við — með þinni milligöngu — benda Gestapo á allmarga áreiðanlega félaga, sem væru hæfir til þjónustu í Gestapo. Hvarf Firelei mundi gera að engu vonir okkar um að koma starfsmönnum okkar fyrir þar. Ef þér er þetta ekki ljóst, félagi, þá ertu ekki bolsévíki.“

Ég rauk upp óður af bræði. Ernst Wollweber hafði gengið að eiga norska stúlku og þótti, að því er virtist, mjög vænt um hana. Hún hét Ragnhildur. Hún var mágkona Arthurs Samsings og starfsmaður hjá GPÚ. Arthur Samsing hafði verið sendur til Rússlands árið 1933, og hafði ekkert frétt af honum síðan. Cilly, fyrrverandi fylgikona Wollwebers, hafði einnig horfið, eftir að henni var sleppt úr fangelsi hjá nasistum. Ég gat um þessar staðreyndir.

„Félagi Wollweber,“ hrópaði ég, „ef Ragnhildur væri í Þýskalandi og líkt ástatt fyrir henni og Firelei nú, mundirðu þá enn segja: ‚Hún verður að halda kyrru fyrir og þola tortímingu til þess, að örfáir njósnarar geti grafið dýpri göng?‘“

„Þetta mál er ekki til umræðu hér,“ tautaði Wollweber.

Þegar ég gekk einn með Avatin um dimmar götur eftir þennan fund, sagði ég við Lettann: „Láttu mig fá fimm hundruð danskar krónur og umboð til að fara til Þýskalands í viku.“

Avatin staldraði við. Svipdjarfa höfuðið stóð sem skuggamynd gegn gulgráum bjarma götuljósers. „Það er ekki víst, að þú komir lifandi aftur, félagi,“ sagði hann.

„Ég verð að fara,“ tilkynnti ég.

„Þú getur ekki farið án skipunar frá flokknum.“

„Þú ert yfirboðari minn,“ sagði ég með þráa. „Skipa þú mér.“

„Það eru engir bjánar í Gestapo,“ sagði Avatin.

„Þú manst eftir Mólku, stúlkunni þinni,“ hélt ég áfram með ákafa. „Þegar hún var handtekin í Póllandi — hvað gerðir þú? Þú flaugst til Póllands til að bjarga henni og skeyttir ekki um leyfi eða óleyfi.“

„Þegiðu!“ Avatin bölvaði á lettnesku. „Malka er dain. Talaðu ekki um hana.“

„Ég verð að bjarga Firelei!“ Það lá við að ég öskraði.

Avatin hugsaði sig um. „Ég skil,“ sagði hann loks. „Farðu til Þýskalands. Ég ætla að láta þig fá dálítið, sem þú getur látið Gestapo eftir — þér til verndar, ef í nauðirnar rekur. Hittu mig klukkan sex í fyrramálið við Djöflabruna.“

Við skildum.

Ég þaut út í Charlottenlund í leigubíl til að taka saman það allranauðsynlegasta. Petra Petersen lá í fadmlögum við pilt úr félagsskap ungra kommúnista. Karlmannahungur hennar var óseðjandi.

„Hvert ertu að fara?“ hrópaði hún.

„Til Svíþjóðar,“ svaraði ég. „Ég kem aftur eftir sex daga.“

Í morgunsvalanum hitti ég Avatin við Djöflabruna. Hann fékk mér peninga og

pinkil með gögnunum handa Gestapo. „Þetta er rússneskt,“ sagði hann. „Skips-hafnaskrár ráðstjórnarskipa. Þriggja ára gamlar. Þeir mega eiga þær. Góða ferð!“

Ég fór upp í hraðlestina til Gjedser-Warnemünde. Sjö klukkustundum síðar var ég á þýskri grund. Ég komst ekki til Blumenthal, þar sem Firelei átti heima með drengnum okkar. Ég hafði verið í svo æstu skapi, að ég mundi ekki eftir, að ég var vegabréfslaus, fyrr en járnbrautarferjan yfir Eystrasalt hafði lagt frá landi. Ég bölvaði skeytingarleysi dönsku embættismannanna í Gjedser. Ef þeir hefðu gert skyldu sína og krafði mig um vegabréf, mundi ég hafa munað það í tæka tíð.

Það var of seint að snúa við. Þegar ferjan kom til Warnemunde, tók Gestapo-fulltrúi, sem hafði með höndum vegabréfaskoðun, mig fastan. Ég gat ekki losað mig úr klípunni með öðru móti en því að biðja fulltrúann um að síma Kraus lög-reglufulltrúa í utanríkisdeildinni. Hann símaði. Hertha Jens kom í símann. Hún sagði landamæraverðinum að leyfa mér að halda leiðar minnar. Ég átti nú ekki annars úrkosta en að halda til aðalstöðva Gestapo í Hamborg. Ef ég hefði ekki haft bréfaböggul Avatins, þá hefði ég verið glataður.

Kraus lögreglufulltrúi tók á móti mér. Ég sagði honum, að ég hefði ekki þorað annað en að ferðast vegabréfslaus vegna þess, að ég hefði verið hræddur um, að danska lögreglan hefði nafn mitt á skrá sinni yfir grunsamlega útlendinga. Kraus leit svo á, að skráin um ráðstjórnarskipshafnir, sem ég færði honum, væri mikilvægur fundur. Ég kvaðst hafa stolið henni í skrifstofu ráðstjórnarskipafélagsins í Kaupmannahöfn. Ég minntist ekki á, að hún væri þriggja ára gömul. Hann kvaðst ætla að láta þýða skrána og bera hana saman við skrár Gestapo um ráðstjórnarflugumenn.

„Fyrst þú hefur nú komið þér fyrir,“ sagði hann, „þá getum við fyrr en varir farið að hugsa um handtökur. Það getur verið, að ég sendi þér nokkra af piltunum mínum til aðstoðar næstu mánuði.“

Ég lét sem ég væri þessu samþykkur. Ég var þeirri stundu fegnastur, er ég slapp undan augunum á honum.

Á leiðinni út hljóp ég beint í fasið á Magnus, einum Gestapo-manninum, sem hafði handsamað mig árið 1933. Hann klappaði mér á bakið og bauð mér í staupinu. Við ræddum nýafstaðnar handtökur tékkneskra og pólskra njósnara.

„Meðal annarra orða,“ sagði hann, „við höfum handsamað svikara í liði okkar sjálfra. Hann var á mála hjá Moskvítum.“

Ég fann blóðið fossa til hjartans.

„Hver var það?“ spurði ég svo lágri röddu, að ég vissi ekki, hvort orðin höfðu fallið af vörum mér eða hvort þetta var ekki annað en hugsun.

„Rudolf Heitman,“ sagði Magnus stuttur í spuna. „Hann vann í járnbrautar-efirlitinu. Hann segist vera saklaus, en það stoðar ekki mikið. Við höfum sannanir. Við fundum ljósmyndir af ýmsum föngum í íbúð hans. Hann stal þeim úr skjalasafninu. Auk þess eyddi hann talsvert meiru fé en laun hans gáfu tilefni til. Það var Heitman. Hausinn á honum fær að fjúka.“

Í fimm daga tafðist ég í Hamborg. Ég var fullur óþolandi kvíða. En Heitman lét ekkert uppskátt. Samt sem áður var ráðgert að leiða hann fyrir setudóm.

Á sjötta degi fékk ég leyfi til að heimsækja Firelei. Ég skýrði henni frá óförum mínum. Gestapo vissi af mér í Þýskalandi, og þess vegna kom flótti ekki til mála í svipinn. Firelei var þolinmóð og hugrökk.

„Við finnum einhver ráð,“ sagði hún. „Við megum ekki láta hugfallast.“

Símskeyti frá Kraus lögreglufulltrúa kallaði mig aftur til Hamborgar.

Dularfullur Rússi, sem kallaði sig Popov, hafði verið handtekinn í járnbrautarlest. Eftir ljósmynd, sem Gestapo sýndi mér, þekkti ég, að maðurinn var GPÚ-foringi, sem ég hafði kynnst undir nafninu Schmidt.

„Þekkirðu þennan mann?“ spurði Streckenbach.

„Nei,“ svaraði ég.

Á stöðinni kvaddi ég Firelei með kossi undir augunum á gæslumanni Gestapo. Það var hinsti kossinn. Ég vissi ekki, að ég mundi aldrei fá að sjá Firelei framar.

Ég fór aftur til Danmerkur sem skipverji á þýska skipinu *Jade*. Skipstjórinn var nasisti. Gestapo hafði skipað honum að skrá mig á skipið og bóka mig sem strokumann á skipskjölunum, þegar ég væri genginn á land í Kaupmannahöfn. Ég færði Vesturskrifstofunni þegar í stað upplýsingar þær, sem ég hafði náð í.

Wollweber lét handtöku Rudolfs Heitmans ekki raska ró sinni.

„Heitman var tortryggilegur kumpáni hvort eð var,“ sagði hann. „Hann gekk með njósnaarsjúkdóminn gamla: Hann var báðum hliðhollur. Auk þess hefur hann kostað ærin útlát.“

En Slésíumanninum varð mjög órótt innanbrjóstis, þegar ég sagði honum af handtöku Popovs og grunsemdum og fyrirætlunum Streckenbachs. Hann sneri sér við í stólnum.

„Félagi Schmidt handtekinn?“ hrópaði hann.

Ég hafði aldrei séð hann svo æstan. Hann skrefaði fram og aftur um skrifstofuna, lítill, illúðlegur, skelfdur maður, sköllóttur og samanrekin, með tindrandi augu. Hann krækta þumalfingrunum í beltið og tuggði vindlinginn í tætlur.

„Við verðum að taka eitthvað til bragðs,“ urraði hann. „Við verðum eitthvað að gera. Auðvitað vinna þeir bug á honum. Það er hægt að buga hvern sem er. Við verðum að kalla fjölda manna heim, áður en Schmidt er látinn gefa upp nöfn þeirra. Hann ætti að hafa kjark til að fyrirfara sér, áður en hann lætur kúgast.“

„Hann getur það ekki,“ sagði ég.

„Í járnum?“

„Hann er hlekkjaður dag og nótt.“

Ég komst að því að Schmidt-Popov var orðinn einn af mikilvirkustu hernjósnurum ráðstjórnarinnar í Norður-Þýskalandi. Hann hafði sambönd á skipasmíðastöðvum flotans, járnbrautarskiptistöðvum, í Vinnufylkingunni, æfingaherbúðunum við Lüneburg og á mörgum þýskum herskipum. Níu aðrir þaulæfðir starfsmenn unnu undir stjórn Popovs. Hann hafði umráð yfir leynilegum ljósmyndastofum í Stettin

og Hannover. Það hafði kostað margra mánaða erfiði að skipuleggja þetta kerfi. Ef Popov leysti frá skjóðunni, þá mundi allt njósnakerfi ráðstjórnarinnar norðan Berlínar fjúka í veður og vind. Ef aðstoðarmenn Popovs væru kallaðir heim, þá væri hægt að bjarga lífi þeirra, en þá yrði að yfirgefa mikilvægar stöðvar í Þýskalandi.

Wollweber tautaði: „Nei, nei, nei! Við getum ekki leyst þýska kerfið okkar upp baráttulaust.“ Skyndilega bætti hann við: „Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, að þessi félagi hafi ekki þegar ljóstrað öllu upp?“

„Popov var þybbinn að sjá,“ sagði ég. „En Streckenbach mun bera hann ofurlíði. Það mun taka margar vikur, en hann mun verða borinn ofurlíði.“

„Það ætti að skjóta hvern þann féлага, sem sofnar í járnbrautarlest.“

Wollweber húkti úti í horni í skrifstofu sinni, teygði álkuna fram og grufaði. „Náðu í Avatin fyrir mig,“ skipaði hann að lokum. „Segðu honum að hitta mig klukkan fimm. Segðu Jensen að leiðbeina öllum flokksdeildum um að slíta fyrst um sinn öllu sambandi við norðurþýsku neðanjarðardeildina. Láttu gera viðvart í Berlín, Hamborg, Prag, Basel, Strassborg, París, Rotterdam, Amsterdam, Stokk-hólmi, Antwerpen, Brüssel og Danzig.“

„Gott og vel.“

Klukkan fimm sama dag hafði Richard Jensen sent hraðboða af stað til Berlínar, Hamborgar og Stettin og dulmálsskeyti til allra annarra stöðva. Yfirmanni utan-ríkisdeildar GPÚ í París var gert viðvart. Orðsendingum var komið til aðstoðar-manna Popovs í Þýskalandi um að skipta þegar í stað um heimilisfang og vegabréf, en halda kyrru fyrir á stöðvum sínum. Hraðboði hafði verið sendur til Stokkhólms til að kalla heim erindrekan í Svíþjóð. Þessi erindreki, Rússi af þýskum ættum, átti að fara til Þýskalands til þess að undirbúa framhaldsrekstur þeirra mála, sem Popov hafði haft með höndum.

Klukkan fimm komum við saman Wollweber, Avatin, Jensen ég og einn maður enn, sem ég sá þarna í fyrsta skipti, í einkamatstofu á Hotel d'Angleterre andspænis Konunglega leikhúsinu. Wollweber og Avatin höfðu þegar lagt áætlanir sínar.

Slésíumaðurinn talaði einarðlega. Hann sagði mér að geta þess við Gestapo, að Popov væri aðeins minni háttar hraðboði og að það mundu liða nokkrir dagar, áður en ég gæti safnað nákvæmum upplýsingum um Rússann handtekna. Auk þess benti hann á, að það þyrfti að finna ráð til að tæla einhvern mann úr liði Streckenbachs burt frá Þýskalandi. Wollweber lagði til, að hann yrði tældur til Frakklands eða Danmerkur með einhverri tálbeitu, sem æsti upp sult í Gestapo. Þegar þessum Gestapo-starfsmanni hefði verið náð burt frá Þýskalandi, átti að vera hlutverk Avatins að flytja hann sjóveg lifandi til Lenínsgarðs — og hafa hann þar að gísli fyrir Popov.

„Þegar við höfum náð þrjótnum í okkar hendur,“ lauk Wollweber máli sínu, „þá getum við símað Streckenbach og látið hann vita, að fulltrúi hans muni verða látinn sæta nákvæmlega sömu meðferð í Lenínsgarði og Popov í Þýskalandi. Þá láta þeir Popov í friði. Síðan semjum við. Við sendum honum vegabréf til sönnunar

Því, að hann sé Popov. Við göngum að því að flytja mann Streckenbachs um borð í þýskt skip í Lenínsgarði, ef Popov er fluttur í ráðstjórnarskip í Hamborg. Við höfum fangaskipti — og neðanjarðardeild okkar í Þýskalandi verður óskert.“

„Hví ekki að hremma einhvern af þessum Gestapo-náungum, sem eru hér í Kaupmannahöfn núna?“ lagði Jensen til málanna.

„Eintómt smælki,“ tautaði Wollweber. „Við viljum ræningja frá aðalstöðvunum.“

Það kviknaði blossi í augum Avatins. Hatur hans á lögreglunni var engu minna en löngun hans til að hjálpa merkur samverkamanni. Hann vék aldrei fyrir neinu. „Ágætt,“ sagði hann. „Við skulum fara.“

Fimmti maðurinn á ráðstefnu okkar var hikandi. Hann var starfsmaður ræðismanns ráðstjórnarinnar í Kaupmannahöfn. Hann benti á, ef einhver ófyrirsjáanleg mistök ættu sér stað, að þá gæti það haft í för með sér vandræði hjá dönsku yfirvöldunum. Það mundi ekki aðeins stofna stjórn málasamböndum í voða, heldur og allri neðanjarðardeild GPÚ og Kominterns í Kaupmannahöfn. Wollweber mælti ekki orð af munnni, en kúgaði Rússann til undirgefni með augunum.

„Þetta verður gert hér í Danmörku,“ sagði hann við ræðismannsfulltrúann. „Þú gerir svo vel að taka að þér samningana við Streckenbach. Þú ferð þess einnig á leit í Lenínsgarði, að hæfir piltar verði hafðir á næstu tveimur eða þremur skipum, sem koma hingað.“

Það var erfitt að standast freistinguna að fá að hafa hönd í bagga með að ráða niðurlögum Gestapo-manns. En hvað um Firelei? Ég benti á, að brottnám nasista í Kaupmannahöfn mundi líklega hafa það í för með sér, að samband mitt við Gestapo yrði rofið. „Firelei er líka félagi,“ sagði ég.

„Við förum okkur gætilega,“ lofaði Wollweber. „Það þarf ekki að vera í Kaupmannahöfn. Því ekki Sønderborg?“

Jensen glotti. „Sønderborg er ágætur staður,“ sagði hann.

„Flokkurinn er fyrir öllu,“ sagði Avatin og beit á jaxlinn. „Við verðum að bjarga Popov, áður en hann fer í hundana.“

Flokkurinn er fyrir öllu! Fjallháir haugar hrundra lífsvona liggja undir þeirri grafskrift! Maður sem var í flokknum var eign flokksins, sál hans og líkami. Þrátt fyrir kaldhæðnina, sem grær í hjörtum þeirra manna, er hafa helgað málstaðnum líf sitt, þá elskuðum við flokkinn, og við vorum hreyknir af valdi hans, hreyknir af þrældómi okkar sjálfra, sökum þess að við höfðum fórnað honum allri æsku okkar, öllum vonum okkar og allri þeirri hrifningu og ósérplægni, sem við áttum forðum.

Wollweber hvessti augun. „Félagi Firelei er líka bolsévíki,“ sagði hann. „Það vill svo til, að við getum ekki komist af án þinnar aðstoðar í þessu máli.“

„Mér var að detta það í hug,“ sagði ég háðslega.

„Á það að merkja, að þú sért þess albúinn að fórna félagi Popov og neðanjarðardeildinni fyrir ímyndaða hættu, sem á að vofa yfir fjölskyldu þinni?“

Ég skildi hótunina, sem faldist í þessum orðum.

„Þegar að öllu er gáð,“ hélt Wollweber áfram í vingjarnlegri tón, „þá er með öllu óvíst, að Gestapo setji hvarf eins af fulltrúum sínum í samband við þig.“

Ég svaraði: „Þú veist betur, félagi Ernst. Streckenbach er enginn auli.“

Wollweber glotti. Þegar hann glotti, varð andlitíð afskræmt og skælt. Hann átti ekki til kæti, nema hún væri þrungin fyrirliptingu.

„Ertu hræddur?“ urraði hann.

„Nei.“

„Þá skulum við láta hendur standa fram úr ermum.“

Skýrslurnar, sem ég sendi aðalstöðvum *Auslandsabteilung* Gestapo í Hamborg að undirlagi Vesturskrifstofunnar, höfðu inni að halda rangar upplýsingar, sem áttu að beina athygli Gestapo frá mönnum GPÚ og Kominterns, sem störfuðu í Þýskalandi. Leynilögreglu nasista voru send nöfn kunnra kommúnista, sem voru staddir í Ráðstjórnarríkjunum um þetta leyti, og sagt að þeir hefðu með höndum undirróður í Þýskalandi. Streckenbach voru sendar falsaðar skrár um Þjóðverja í alþjóðahersveitinni á Spáni og sagt að það væru ósvikin afrit af herskráningarskýrslum. Þegar Komintern beindi kröftum sínum gegn Rínarlöndum, var Gestapo send skýrsla um, að samsæri væri í vændum í Slésíu. Ég sendi Gestapo fölsuð dulmál og falsbréf, sem ég kvaðst hafa stolið úr skjalasafni Kominterns, og gömul vegabréf, sem Richard Jensen taldi ónothæf, falsaða lista yfir skipahraðboða, skýrslur frá sýndarréttarhöldum í Moskvu og önnur gögn, sem talin voru leynileg. Inn í þessa flækju falsaðra upplýsinga bætti Vesturskrifstofan síðan öðru hvoru staðreyndum, sem gátu samræmst upplýsingum, er við vissum, að Streckenbach og aðstoðarmenn hans höfðu þegar fengið. Við fundum upp orð út í bláinn, eins og til dæmis DUNS, REPS og svo framvegis, og lögðum í þau einhvern dularfullan skilning. Allt var þetta vendilega í haginn búið, og Gestapo virtist gleypa við því öllu. Nú var hlutverk mitt að lokka einhvern af mannaveiðurum Hitlers yfir landamærin á danska grund.

Hraðboði nasista, sem hélt uppi sambandi milli mín og Streckenbachs, var starfsmaður í svefnvagni í næturhraðlestinni milli Hamborgar og Kaupmannahafnar. Ég hitti hann alla þriðjudagsog föstudagsmorgna í litlum, afskekktum veitingastofum nálægt Sønderport. Hann færði mér fyrirskipanir og peninga og flutti gögn þau, sem ég hafði meðferðis, aftur til Streckenbachs. Þessi Gestapo-hraðboði, lítill, grannur maður með svart yfirskegg og járnspangagleraugu, gekk undir nafninu Petersen. Stöku sinnum kom hann mér í samband við aðra flugumenn Gestapo, sem störfuðu í Kaupmannahöfn og víðar.

Fjórum dögum eftir að ég hafði hitt Wollweber og Avatin á Hotel d'Angleterre, setti ég mig í samband við Petersen. Hann kom út af viðgerðastöð, þar sem verið var að hreinsa lestina, sem hann hafði komið með frá Hamborg. Hann gekk hægt eftir götunni, og ég hélt í humátt á eftir honum. Þegar hann hafði gengið úr skugga um að við værum ekki eltir, smeygði hann sér niður í kjallarabjórstofu, og þar tók ég hann tali.



Petersen fékk mér fyrirskipanalista frá Streckenbach. Gestapo óskaði þess, að ég grennslaðist fyrir um hagi nokkurra nafngreindra manna í dönskum og sænskum borgum, en þessir menn höfðu í nafnlausum bréfum verið sakaðir um að hafa samband við andnasista í Þýskalandi. Hann sýndi mér einnig nokkrar ljósmyndir af mönnum, sem höfðu verið handsamaðir, er þeir voru að smygla fullum vörubíl af byltingarflugritum yfir landamærin milli Frakklands og Þýskalands, og vildi hann fá að vita, hvort ég þekkti nokkurn hinna handteknu smyglara.

Ég fékk honum, sem venja var til, skýrsluna, er soðin hafði verið saman daginn áður á Vesturskrifstofunni. Síðan sagði ég að fyrir lagi Wollwebers: „En heyrðu, ég hef miklu merkilegri tíðindi. Wollweber ætlar að leggja upp í ferðalag um Danmörku á morgun til fundahalda. Á sunnudaginn kemur verður hann í Árósum, á mánudag í Esbjerg, á þriðjudag í Sønderborg.“

Petersen var að skrifa hjá sér. „Hvað um það?“ spurði hann.

„Hvað um það?“ endurtók ég. „Ég sagði að Wollweber yrði staddur í Sønderborg á þriðjudaginn. Sønderborg er ekki tíu kílómetra frá þýsku landamærunum.“

Ég gat séð, hvernig æsingur hljóp í Petersen. Augu hans ljómuðu, andlitíð fölnaði og hendurnar tóku að fálma.

„Wollweber í Sønderborg?“ muldraði hann.

„Hið eina sem Streckenbach þarf að gera, er að senda einn eða tvo af piltunum til Sønderborg í hraðskreiðum vélbáti eða góðum bíl. Láta þá steypa sér yfir Wollweber og fara með hann til fjandans.“

„Verður hann einn?“ spurði Petersen.

„Hann hefur túlk með sér, gamlan fávita. Segðu Streckenbach að senda ekki of marga menn. Wollweber er gamall úlfur. Hann hverfur, ef hann grunar nokkuð. Wollweber er stuttur og gildur, reykir oft mikið. Hann kann ekki að slást. Hann er ekki fær um um að hlaupa. Þið fáið hann gefins.“

„Hvar verður fundurinn haldinn?“

„Líklegast í Bork-veitingahúsinu. Miðja vega milli járnbrautarstöðvarinnar og sjávar.“

Petersen beið þess ekki í Kaupmannahöfn, að lestin hans væri ferðbúin. Hann stökk upp í leigubíl í Mitropa einkennisbúningi sínum og tók fyrstu flugvél til Berlínar.

Þriðjudagsmorgun hafði Avatin allt reiðubúið. Hann hafði sent tvo menn sína til Sønderborg þegar eftir brottför Petersens. Þeir áttu að gæta að komumönnum úr Gestapo á járnbrautarstöðinni og við höfnina. Við bárum kennsl á flesta þá menn, sem störfuðu í liði Streckenbachs. GPÚ-menn höfðu tekið ljósmyndir af þeim í Hamborg og Berlín. Félagar, sem höfðu verið látnir lausir úr þýskum fangabúðum, höfðu síðar staðfest, að myndirnar voru af mönnum, sem höfðu yfirheyrt þá.

Að morgni þriðjudags hélt Avatin sjálfur til Sønderborg í fylgd manna, sem hann hafði kallað heim frá Svíþjóð og Noregi. Traustustu félögum flokksins í

Sønderborg hafði verið boðið út til þess að veita GPÚ-leiðangrinum aðstoð. Allir aðstoðarmenn Avatins voru vopnaðir.

Auðvitað hvikaði Wollweber hvergi frá bústað sínum í Kaupmannahöfn. Í íbúð sinni á Øresundsvej ræddi hann við Jensen í viðurvist minni möguleikana til að senda hinn væntanlega gísl sjóleiðis til Rússlands. Þeir tóku til athugunar ráðstjórnarskipið *Lena* og dönsku skipin *E.M. Dalgas* og *Ask*, en áhafnir þessara skipa höfðu þegar fært sönnur á dug sinn með afrekum fyrr á tímum.

Við biðum hverja klukkustundina á fætur annarri eftir orðsendingu frá Avatin í Sønderborg um, að hann hefði náð manningnum á sitt vald.

Hálfri stundu fyrir miðnætti kom orðsending Avatins. Símskeytið var á þessa leið: „Kjötsendingunni frestað.“ Það merkti, að brottnámið hafði ekki átt sér stað.

Mér létti stórum. Jensen, sem hafði verið að tefla skák, bölvaði og ragnaði. Hann kastaði skákmönnum út um allt gólf. Wollweber hætti að ganga um gólf. Hann settist við borð og tók að hugsa upp önnur ráð til að ræna Gestapo-manni, áður en Popov léti bugast í Fuhlsbüttel-fangabúðunum.

Morguninn eftir hitti ég Avatin á Hotel Nordland við Vesterbrogade. Ég spurði hann tíðinda frá Sønderborg.

Hann hló hörkulega. „Ekkert að fréttu,“ sagði hann. „En stórlaxar eins og Wollweber eru ekki góðir í tálbeitu. Sønderborg var full af Gestapo-mönnum. Allt *Rollkommando* frá Hamborg var komið á staðinn, eimskip, bílar, mótorhjól. Kraus lögreglufulltrúi var þar. Þar var hver kjaftur nema Streckenbach sjálfur. Innan skamms verður danska konungsríkið orðið að nasistanylendu.“

„Það var við því að búast,“ sagði ég. „Þeir hafa slæma reynslu af Wollweber.“

Avatin skoðaði á sér hendurnar. Hann sagði í raunalegum tón: „Mér þykir verst, að ég skyldi ekki fara með nokkrar vélbyssur með mér til Sønderborg. Í öllu þorpinu voru einir þrír lögregluþjónar á verði.“

Þegar ég hafði ráðgast við Wollweber, sendi ég Streckenbach bréf á dulmáli og skýrði svo frá, að hin skyndilega innrás þýsks hetjuliðs í jafnsýfjulegan bæ og Sønderborg hefði valdið því, að stjórn flokksins á staðnum hefði gert Wollweber viðvart um að „eitthvað væri rotið í Danmörku“.

Þegar ég hitti Petersen næst, kom það mér á óvart að heyra, að Kraus lögreglufulltrúi, sem hafði stjórnað innrásinni í Sønderborg, hefði skipað tveimur þýskum leynilögregluþjónum að setjast að í Kaupmannahöfn til að reyna að hafa uppi á útvarpsstöð, sem tæki á móti upplýsingum ráðstjórnarnjósnaara í Þýskalandi fyrir GPÚ. Ég vissi ekki um neina slíka stöð í Þýskalandi. En mér datt þegar í hug, að Popov hlyti að hafa vitað það, og ég óttaðist að Popov væri farinn að leysa frá skjóðunni. Petersen vildi ekkert láta uppskátt um nöfn né samastaði Gestapo-starfsmannanna tveggja. Við fengum að vita nöfn þeirra nokkrum vikum síðar hjá þjóni einum í kaffihúsinu Helmerhus, en nasistarnir tveir vöndu komur sínar þangað. Þeir hétu Herrmann Teege og L. Brauch og voru báðir úr liði Streckenbachs.

Samkvæmt ráðagerðum, sem Vesturskrifstofan hafði klakið út, gat ég þess við

Petersen, að ég hefði séð stranga af fölsuðum vegabréfum í íbúð flokksmanns eins og að svo væri til ætlast, að þýskir kommúnistar fengju þessi vegabréf til afnota næstu þrjá mánuði. Petersen bar frétt þessa dyggilega til Streckenbachs í Hamborg. Degi síðar fékk ég stutt bréf frá Kraus lögreglufulltrúa þess efnis, hvort hægt mundi að „ljósmynda börnin“. Ég skýrði Avatin frá því þegar í stað, að Gestapo langaði mjög til að fá ljósprentaðar myndir af þessum ímynduðu vegabréfum.

„Fyrirtak! Segðu Gestapo að senda einhvern af þorpurum sínum með ljósmyndavél.“ Avatin lét aðeins votta fyrir litla, grimma glottinu sínu.

Föstudagur rann upp. Með sömu næturhraðlestinni og Petersen kom maður, sem Petersen kynnti mér með nafninu Óskar. Hann var hár, grannur, ljóshærður maður, hérumbil þrjátíu og sex ára að aldri, prúðbúinn mjög og að því er virtist mjög rólyndur. Það var fulltrúinn, sem Streckenbach hafði sent til þess að mynda vegabréfin. Frá þeirri stundu, er hann gekk út af járnbrautarstöðinni, var hann undir eftirliti, og eltu „górillur“ Avatins hann hvert sem hann fór. Óskar talaði röklegga. Hann bað mig um að koma með vegabréfin í íbúð stúlku, sem hann kvaðst þekkja. Hún hét Lily de Korte og átti heima á efstu hæð í leiguhúsi við Østerbrogade. Ég svaraði því til, að það væri of áhættusamt að flytja vegabréfin þaðan sem þau væru nú geymd, en kvaðst mundu hitta hann, þegar dimmt væri orðið, í nágrenni hússins, sem vegabréfin væru falin í. Hann gæti síðan tekið myndir af þeim í hótelinu. Óskar var því samþykkuur. Áður en við skildum, spurði ég hann um Popov.

„Höfuðið fykur af honum, fyrr en varir,“ sagði hann.

Ég veit ekki, hvort Popov var tekinn af lífi eða ekki. Líf Firelei var mér dýrmætara en líf Popovs. Ég ávitaði sjálfan mig fyrir að leyfa ástinni til konu og barns að skyggja á ævilanga hollustu mína við málstað Stalíns. Ég tók að hata samtökin, sem ég þjónaði, hata yfirdrepsskap þeirra, hata stígamennina, sem stjórnðu þeim. Ég hefði getað gert Óskar viðvart og svikið stalínismann til að bjarga ófarsælu fjölskyldunni minni. Samt gerði ég það ekki.

Klukkan að ganga ellefu um kvöldið slógu þrír GPÚ-menn undir forustu Avatins Óskar í rot í einni af hliðargötunum við Holmbladsgade. Þeir báru hann inn í leigubíl, sem flokksmaður stjórnaði, og fóru með hann í einn sumarbústaðinn, sem Komintern á í útjadhri Kaupmannahafnar og notar í viðlögum. Þar var Óskar hafður í haldi, hlekkjaður til handa og fóta, eins og Popov var hlekkjaður í Fuhlsbüttel. Kvöldið þann 10. október slógu GPÚ-verðirnir Óskar aftur í rot og báru hann um borð í ráðstjórarskipið *Kama*, sem lá á höfninni í Kaupmannahöfn. Þann 11. október lét *Kama* í haf á leið til Arkhangelsk.

# Numinn á brott

ÉG VAR RÁÐINN í að slíta öllu frekara sambandi við Gestapo. En vegna hættunnar, sem vofði yfir Firelei í Þýskalandi, varð ég að fara fram með allri varúð. Án þess að ráðgast um það fyrst við Vesturskrifstofuna lét ég hraðboðana frá Gestapo bíða mín árangurslaust á stöðum þeim, er við höfðum mælt okkur mót. Vika leið. Sendiboðar Streckenbachs gátu ekki náð sambandi við mig og sneru tómhentir aftur til Hamborgar.

Þegar Streckenbach frétti hvorki af fulltrúa sínum, Óskar, né mér, skrifaði hann mér bréf og sendi það til heimilisfangs, sem ég hafði að ráði Jensens fengið Gestapo til notkunar í viðlögum. Gestapo var ókunnugt um, að slík bréf gengu um hendurnar á Richard Jensen áður en þau bárust mér. Richard Jensen varð ekki alls kostar rótt innanbrjósts. Gestapo vildi fá að vita, hvers vegna ég hefði ekki hitt hraðboðana, sem sendir voru reglulega. Gestapo vildi líka fá að vita, hvað væri orðið um Óskar.

Ég páraði bréfsnepil, sem bar á sér öll merki flýtis, þess efnis, að ég væri á leið til Rússlands ráðstjórnarinnar til þess að ganga í herforingjaskóla — ég vissi um áhuga Gestapo á þessum efnum. Þetta bréf sendi ég Petrolevics, milligöngumanni Kominterns í Riga, með beiðni um að senda það í pósti til Streckenbachs í Hamborg. Með þessu móti var gefið í skyn, að ég hefði sett bréfið í póst á leiðinni til Moskvu. Gestapo mundi ekki ætlast til þess, að ég sendi skýrslur frá Rússlandi, og mundi skilja þögn mína framvegis. Og mér taldist, að Firelei mundi ekki þurfa að óttast hefnd að svo stöddu.

Morgun einn í október var ég kallaður á fund með Wollweber og Kuusinen á veitingahúsi einu nálægt Thorvaldsenssafninu. Þeir skipuðu mér að halda áfram starfi mínu í leynilögreglu Hitlers. Ég sagði þeim fruntalega, að ég hefði brennt brýrnar að baki mér, að ég hefði sagt skilið við það starf.

„Ég sagði Gestapo, að ég væri farinn til Rússlands,“ sagði ég. „Að því er þeir best vita, er ég horfinn.“ Kuusinen brosti dularfullu brosi.

„Ojæja,“ lagði hann til, „eftir nokkra daga geturðu skrifað Gestapo, að þú sért kominn aftur til Kaupmannahafnar frá Moskvu.“

Í einni svipan var ég kominn í uppreisnaraðstöðu gagnvart tveimur voldugustu mönnunum í leyniþjónustu ráðstjórnarinnar og Komintern, en þessar tvær stofnanir voru orðnar algerlega samantvinnaðar árið 1937.

„Fáið þið mér til umræða fjóra menn úr neðanjarðardeild félaga Avatins til að ná

konu minni og barni burt frá Þýskalandi,“ sagði ég. „Það hefur verið gert fyrir, það er hægt að gera það fyrir mig.“

„Þú vilt ekki —.“

„Nei,“ greip ég fram í. „Ég neita.“ Kuusinen hörfaði undan. Hann var hræddur. Hann hafði alltaf haft það orð á sér að vera bleyða. Hnefar mínir voru enn hnefar sjómanns. Hann — Kuusinen — hafði aldrei unnið ærlegt dagsverk, síðan hann lét finnsku verkamennina eiga líf sitt undir Mannerheim hershöfðingja, á meðan hann, leiðtogi þeirra, bjargaði sjálfum sér á flótta til Rússlands og leitaði fyrirgefningar Kremlverja með því að rita bréf til niðurlægingar sjálfum sér. Þannig hugsaði ég.

Wollweber skaut þeirri athugasemd inn, að ég væri að reyna að nota Vesturskrifstofuna í því skyni að finna lausn á einkamálum mínum.

„Einkamálum!“ hvæsti ég beint framan í Wollweber. „Félögunum, sem skipta þúsundum í fangabúðum nasista, mundi þykja gaman að heyra þetta! Þeim, sem voru hálhöggfir, þeim, sem voru hengdir, ristir á hol, barðir til ólífis, þeim, sem dóu með orðin: ‚Lengi lifi kommúnistaflokkurinn!‘ á vörum. Þeim mundi öllum þykja gaman að heyra þetta — afstöðu félaga Wollweber, leiðtoga síns, sem situr í öruggu fylgsni með sex hundruð dala mánaðarlaun.“

Kuusinen hafði stokkið upp og horfið á brott, á meðan ég hellti úr skálum reiði minnar. Wollweber hélt velli.

„Vertu rólegur,“ urraði hann.

„Ég er rólegur.“

„Þú ert úrvinda af þreytu. Þú þarft hvíld.“

„Ég er ekki úrvinda, og ég þarf enga hvíld,“ svaraði ég. „En ég hef andstyggð á þessu laumuspili við Gestapo. Fáid þið mér það hlutverk að skera einhvern af þessum grimmdarseggjum nasista á háls. Þá skal ég gera það, jafnvel þó að það kosti mig lífið. Fáid þið mér eitthvert annað starf, og ég skal framkvæma það. En ætlist ekki til, að ég gerist böðull félaga Firelei og sonar míns.“

Wollweber sagði, harður eins og steinn: „Skrifstofan mun taka beiðni þína til athugunar.“

Ég hafði bakað mér óvild voldugra fjandmanna. Frá þeim degi að telja varð ég í augum Wollwebers, Kuusinsens og manna þeim handgengnum bolséviki, sem var ekki lengur hægt að treysta til fulls. Fyrir okkur var það ekkert leyndarmál, að helstu tilbiðjendur Stalíns innan ráðstjórnarkerfisins höfðu endur fyrir löngu gert þá aðferð hans að sinni að útrýma öllum keppinautum og undirmönnum sínum, sem áttu enn nokkra sjálfstæðiskennd — með undirróðri, níði og bláköldum morðum. Þeir einir, sem tókst að finna „skemmdarvarga“ og „trotskistanöðrur“ meðal nánustu vina sinna, gátu átt það víst að bjarga atvinnunni og lífinu. Sú tíð var löngu liðin, er andstæðingar voru bældir niður í háværum fundum. Menn forðudust nú hreinskilnar umræður eins og pestina. Í stað þess var beitt undirferli, kærur voru sendar áhrifamönnum í Moskvu í laumi, hryðjuverkaflokkar GPÚ voru látnir taka til starfa. Gömlum, þaulreyndum félögum var bolað út án sýnilegra

ástæðna og óþekktir, miskunnarlausir nýliðar tóku við störfum þeirra. Hinn djarfi byltingarhugur liðinna ára var orðinn að lævislegri slægð, ísmeygilegri gætni, höggormaaárásu. Enginn af æðri mönnum flokksins trúði því, að „játningar“ gömlu bolsévíkanna í sýndarréttarhöldunum í Moskvu hefðu við neitt að styðjast. Samt lét hver og einn sem hann væri sannfærður um varmennsku þeirra, sem voru einu sinni handgengnir Lenín. Komintern lét orð Kremlverja bergmála: „Útrýmið villu-trúarmönnum! Skjótið þá eins og óða hunda!“

Ég þurfti ekki að bíða lengi. Martin, sonur Richards Jensens, kom heim í íbúð Petru Petersens, en þar hafði ég verið einangraður eins og kólerusjúklingur. Hann hafði meðferðis skilaboð frá Vesturskrifstofunni.

„Farðu til ræðismanns ráðstjórnarinnar og fáðu skilríki til Rússlandsferðar.“

„Ég vil fá að finna Wollweber,“ sagði ég.

„Félagi Wollweber er farinn til Parísar.“

„Þá verð ég að finna Kuusinen eða Avatin.“

„Kuusinen fór til Moskvu,“ sagði Martin Jensen. „Avatin er önnum kafinn í Svíþjóð.“

„Og hvað á ég að gera til Ráðstjórnarríkjanna?“

„Þú átt að fara í eftirlitsferð til Alþjóðasjómannafélaganna — í Lenínsgarð, Svartahafshafnir, Vladívistok.“

„Gott og vel. Það er orðið of seint að fara í dag.“

„Farðu þá í bítið á morgun.“

Dögum saman velti ég því fyrir mér, hvað ég ætti að gera. „Eru þetta endalok mín?“ spurði ég með sjálfum mér. „Þessi vesælu endalok?“ Ég sá engan mann nema Petru Petersen. Fyrirverandi vinir mínir forðuðust mig. Að því er virtist, þorði engin sála vestan Lenínsgarðs að yrða á mann, sem hafði storkað Ernst Wollweber og hans líkum. Og mér var ljóst, að Wollweber var hræddur við mig — því að ég var talsmaður byltingarmannanna, sem hafði verið þaggað niður í, þeirra, sem hafði verið varpað í gin Hitlers að ástæðulausu. Andlit liðu fram hjá hugskotssjónum mínum, andlit karla og kvenna, sem höfðu köldu blóði verið send að þola prísund og dauða sökum þess, að þau voru farartálmar á leið Slésíumannsins til alræðisvalds. Ég ákvað að leggja til orrustu. Tækifærið til gagnáhlaups barst mér í hendur, þegar Petra Petersen fræddi mig á því, að merkur sendimaður ráðstjórnarinnar væri kominn í flugvél frá París til Kaupmannahafnar til að ræða við Richard Jensen um leigu á Norðurlandaskipum til flutninga á herbirgðum til hafna stjórnarsinna á Spáni. Þessi sendimaður var Leo Haikiss. Ég yrti á hann, eins og það væri af tilviljun, á skrifstofu ræðismanns ráðstjórnarinnar.

Haikiss hafði verið einn af stofnendum Tsjekunnar á fyrstu árum byltingarinnar. Snemma á þriðja áratug aldarinnar var hann gerður að áróðursstjóra Kominterns í Miðevrópu og starfaði í Berlín með Bela Kun og Karli Radek. Síðar starfaði hann við sendisveit ráðstjórnarinnar í Mexíkó og stjórnaði þaðan athöfnum GPÚ í Mið- og Suðuramerísku. Hann birtist á Spáni árið 1936 ásamt A. Vronskij, GPÚ-

foringja, stjórnanda hersveita þeirra í Madrid, er nefndar voru „vélknúði dauðinn“, og varð síðar sendifulltrúi ráðstjórnarinnar þar í landi.

Haikiss, sem hafði séð mig snöggvast í Berlín mörgum árum fyrr, tók að spyrja mig spjörunum úr. Hann lét sér sérstaklega annt um að fregna af starfsemi Gestapo á Spáni. Við ræddum starfsemi Vesturskrifstofunnar og allt í einu lét Haikiss orð falla, sem mig stórfurðaði á: „Wollweber — hm, hann er þorpari.“

Ég skýrði Haikiss frá því, að ég hefði risið gegn Wollweber og að ég hefði hann grunaðan um að hafa skipulagt för mína til Rússlands í því skyni að ryðja mér úr vegi.

„Þessi Wollweber...“, sagði Leo Haikiss hægt. „Hvernig er honum varið? Geturðu sagt mér nokkuð um einkamál hans? Eða smáfirsjónir vegna eiginhagsmuna í starfi hans? Manúílskíj í Moskvu er vinveittur honum og félagi Molotov að nokkru leyti líka. Hann vill engin afskipti hafa af Dímítrov. Gæti það átt sér stað, að Wollweber ætti vingott við Gestapo á laun?“

Haikiss var háttsettur embættismaður í GPÚ. Hann var yfirmaður Avatins. Vesturskrifstofan hafði ekkert dómaravald yfir honum. Það var rígur milli Vesturskrifstofunnar og hans. Ég vissi, að á Spáni hafði Komintern orðið illa úti í viðskiptum sínum við GPÚ. Jafnvel valdamenn á við Heinz Neumann og Bela Kun höfðu orðið að lúta í lægra haldi og verið fluttir til Rússlands. Haikiss átti það sammerkt með öðrum starfsbræðrum sínum, að hann safnaði „gögnum“ gegn öllum keppinautum sínum. Ég þóttist vita, að hann byggi yfir leyndum ráðagerðum um að koma Wollweber á kné. Eins og ég.

„Ég veit um nöfn nítján félaga, sem Wollweber hefur í raun og veru framselt Gestapo,“ sagði ég. „Tíu þeirra eða fleiri hafa verið teknir af lífi.“

„Hvernig er samkomulagið milli Wollwebers og Kuusins?“

„Ekki sem best. Þeir eru of ólíkir, og þeir eru hræddir hvor við annan.“

Haikiss gerðist píreygur, er hann horfði á mig. Löngu, gulu fingurnir voru á sífelldu iði.

„Og Avatin?“ spurði hann.

„Avatin er enginn undirróðursmaður. Hann er of mikill framkvæmdamaður til þess.“

„Mjög nothæfur félagi,“ sagði Haikiss. Hann hélt áfram hvatskeytlega: „Jæja þá! Þú átt ekki að fara til Rússlands. Ég skal tala við valdamikla féлага, þegar ég kem til Moskvu. Það getur verið, að við þurfum þig á Spáni. Hvers vegna ættir þú að fara til Rússlands, þegar við þurfum á hverjum félagi að halda erlendis?“

„Mér þætti vænt um, ef þú vildir segja félagi Wollweber þetta,“ sagði ég.

„Ekki Wollweber. ... Ég ætla að hitta Kuusinen og tala við Avatin.“

„Ágætt.“

„Mundir þú vera því samþykkur, að fjölskylda þín færi til Rússlands?“

„Já,“ sagði ég. „Ég vil allt til vinna að bjarga þeim frá Þýskalandi.“

„*Kharasho!* Gott! Þú getur skrifað fyrir mig skýrslu um Ernst Wollweber,“ hélt

Haikiss áfram. „Ég vil fá sannorða skýrslu um hann. Mundu, að Wollweber er þorpari. Hann drekkur. Hann sóar of miklu fé í kvenfólk. Í alþjóðamálum er hann ekki annað en óskammfeilið núll. Hafðu skýrsluna rækilega, og settu nafn þitt undir. Taktu ekkert afrit. Ég fer með frumritið til Moskvu.“

„Ég skal gera það.“

Ég samdi skýrsluna. Leo Haikiss hafði hana með sér til Moskvu. Ég vissi ekki þá, að þau örlög biðu hans einnig að hverfa ásamt mörgum öðrum í hinum miklu hreinsunum Stalíns, eftir að spænska ævintýrinu lauk með ömurlegum ósigri.

Tvær viðburðasnaudar vikur liðu. Þetta tímabil sá ég hvorki Wollweber né neinn annan starfsmann Vesturskrifstofunnar. Ég átti engin skilríki og var því sem næst félaus. Ég varði mestum tíma mínum til að semja lýsingu á ævikjörum mínum í þýskum fangelsum. Kvöld eitt kom ég óvörum að Petru Petersen, er hún var að róta í skrifum mínum. Ég spurði, hvort henni hefði verið falið á hendur að njósna um mig. Hún svaraði mér með hroka. Ég var svo uppvægur, að ég hótaði að hýða hana. Hún lét þegar bugast. Hún sagði, að Jensen hefði skipað henni að taka afrit af „bréfum mínum til Moskvu“.

En skipuninni um að ég ætti að fara til Moskvu var ekki framfylgt. Einu sinni í viku birtist Martin Jensen og greiddi mér fimmtán krónur í fæðispeninga. Í annað skiptið, sem hann kom, sagði hann mér, að sú saga hefði kvisast frá Þýskalandi, að Streckenbach hefði sett mig á hrakfallaskrá sína. Hann hélt, að því er virtist, að ég hefði hlaupið á mig og verið fluttur til Rússlands ásamt Óskari: „Í svipinn,“ hugsaði ég, „mun það vera öruggt, að Gestapo hefnir sín ekki á Firelei — að því tilskildu þó, að Gestapo hafi engar fregnir af því, að ég sé enn utan Rússlands.“

Í nóvember barst mér skipun um að halda til Antwerpen og taka að mér stjórn í samgönguskrifstofu Kominterns þar í borg. Á vinnustofu Jensens fékk ég svissneskt vegabréf. Með vegabréfið í höndum og fjárhæð í bandarískum dólum steig ég upp í hraðlestina, sem var á vesturleið, til Esbjerg. Ég fagnaði með sjálfum mér. Ég hélt, að ég hefði unnið að minnsta kosti fyrstu lotuna í herferð minni gegn Wollweber. Komintern var mér enn móðir, ættjörð og heimili. Ég var kominn of langt til að snúa aftur, til að geta hugsað mér að lifa ævinni utan flokksins. Auk þess þóttist ég þess fullviss, þegar ég væri orðinn yfirmaður neðanjarðardeildarinnar í Antwerpen, að þá mundi mér takast að finna ráð til að bjarga Firelei og Jan úr klóm Gestapo.

Í Esbjerg á vesturströnd Jótlands átti ég tal við stúlku úr flokknum, sem hafði komist undan frá Þýskalandi sem laumufarþegi í akkeriskeðjukistu eimskipsins *Phoenix*. Hún var mjög óstyrk í taugunum eins og allir þeir, sem hafa fengið að reyna lífskjörin í fangabúðum nasista. Við hvert minnsta óvænta hljóð stökk hún upp af stólnum, og hún virtist draga andann gegnum nasirnar eins og óttaslegið dýr, sem skynjar návist veiðimannsins. Ég gaf henni fé fyrir fargjaldi til Kaupmannahafnar, svo að hún gæti gefið sig fram við Richard Jensen. Daginn eftir gekk ég um borð í skipið *P. A. Bernstorff*, sem átti að fara til Frakklands. Þrátt fyrir þá staðreynd að ég



hafði ferðast um Esbjerg áður með önnur vegabréf, stimplaði ríkislögreglan þar í höfninni nýja skjalið, sem ég vísaði fram, möglunarlaust.

Það voru fleiri fulltrúar frá Komintern meðal farþeganna á *P. A. Bernstorff* — en við létum allir sem við þekktumst ekki. Gestapo vissi, að *P. A. Bernstorff* var Komintern-skip, og við gerðum ráð fyrir, að hugsanlegt væri, að Streckenbach ætti að minnsta kosti einn njósnara meðal farþeganna á skipinu. Örlög þess manns, er ég tók við milligöngustarfinu af í Antwerpen, vörpuðu nokkrum skugga á hið vafasama frelsi, er ég hafði öðlast. Nafn hans var Franz Richter. Hann hafði þjónað málstaðnum frá árinu 1919 og var útskrifaður af Lenínskólanum. Til sumarsins 1931 hafði hann verið ritari Alþjóðasjómannafélagsins í Hamborg. Hann hafði átt konu og tvö börn. Síðar hafði hann með höndum starf fyrir flokkinn í Lenínsgarði, og loks var hann skipaður í þessa stöðu í Antwerpen. GPÚ gaf honum að sök að vera í vitorði með Pjatakov, ein af leiðtogum rússneskra bolsévika, sem var skotinn að undangengnum sýndarréttarhöldum í Moskvu. GPÚ tældi Richter um borð í ráðstjórnarskip af Smolnítj-flokki — og hann hvarf. Hann komst aldrei til Lenínsgarðs. Skipið, sem hann var farþegi á, þurfti að fara í gegnum Kílarskurðinn, en þar var Gestapo á verði. Richter var annaðhvort seldur lögreglu nasista í hendur eða myrtur á rússneska skipinu og líkinu varpað í Nordursjóinn.

Ég vissi, að GPÚ vílaði ekki fyrir sér að framselja Gestapo þrjóskufulla kommúnista. Slíkt athæfi var til þess fallið að styrkja aðstöðu ráðstjórnarnjósnara í liði Himmlers. Það gat ekki betri aðferð til þess að vinna GPÚ-njósnara frægðarorð hjá Gestapo en að véla merka andnasista í dýflissu Hitlers með aðstoð njósnarans; því að foringjar Gestapo dæmdu hvern leyniþjón eftir árangri þeim, er hann náði. Laun hans voru frami í lögreglu nasista.

Ég gekk í land af *P. A. Bernstorff* í Dunkerque og setti mig í samband við Manautines, milligöngumann Kominterns, sem hafði þar búsetu. Hann var luralegur, en duglegur ribbaldi og hafði skrifstofu við Salle d'Avenir.

„Hvernig gengur starfið í Frakklandi?“ spurði ég.

„Þrýðilega,“ svaraði hann og kyssti á fingurgómana. „Fyrir tilverknað Alþýðufylkingarinnar er stjórnin í París algerlega á bandi okkar. Þrjú slík framfaraár enn og rauðu fánarnir munu blakta á ráðhúsinu.“

Manautines fylgdi mér til staðar við ströndina nálægt landamærunum. Flokksmaður einn, sem átti heima þar, fékk okkur tvö reiðhjól til umráða, og við héldum inn í Belgíu eftir fáförnum vegum og óðum tvisvar grunna skurði. Einu sinni stöðvaði landamæravörður okkur.

„Stans! Hvert eruð þið að halda?“

„Við erum dauðleiðir á frönskum vindlingum,“ hrópaði Manautines. „Belgíska tóbakið ykkar er betra og ódýrara.“

Landamæravörðurinn hélt, að við værum smyglarar. Hann glotti og veifaði til okkar, að við mættum halda áfram. Tóbakssmyglarar voru vinsælir í flæmsku landamæraþorpunum. Þeir juku viðskiptin og höfðu alltaf nóg fé milli handa.

Manautines skildi við mig í Ostende. „*Bonne brigandage*,“ sagði hann hlæjandi. „Gangi stigamennskan vel. Ég á kærustu hérna, bústinn belgískan stólpagrip. Ég þarf líka að kaupa vindlinga. Þú skilur, maður þarf að krækja sér í dálítinn aukaskilding á þessum tímum, þegar fjárstyrkirnir dvína. *Au revoir*. Vertu sæll. Ég læt þá í Kaupmannahöfn vita, að þú sért kominn á ákvörðunarstað í prýðilegu ástandi.“

Frá Ostende fór ég með lestinni til Ghent. Ghent var mikilvæg stöð, sökum þess, að í borginni var æfingamiðstöð belgísku ríkislögreglunnar og Komintern hafði þar miðstöð samgangna sinna við England. Umboðsmaður Avatins þar í borg var Verkest, hæruskotinn vígamaður, sem var lítið annað en skinn og bein. Honum hafði einhvern veginn tekist að setjast í bæjarstjórn og komast í hafnarstjórn. En Verkest átti í erjum við lögregluna. Lögreglan hafði ofsótt félagi Verkest frá þeim degi, er fyrsti stýrimaður af bresku flutningaskipi hafði drukknað í höfninni í Ghent með dularfullum hætti.

„Hvert, sem ég fer,“ kvartaði hann, „elta þeir mig. En þeir eru jafnheimskir og þeir eru þrálátir. Þeir hafa leigt íbúð gegnt minni og halda þaðan vörð um dyrnar hjá mér. Í hvert sinn, er ég tek mér kík í hönd og horfi á húsið hinum megin við götuna, sé ég lögregluþjón á gægjum bak við gluggatjöldin.“

„Hvers vegna hverfurðu ekki?“ spurði ég. „Fáðu félagi í þinn stað, sem þeir þekkja ekki hér í Ghent.“

Verkest spýtti á vegginn. Hann hristi sig allan af fyrirlitningu.

„Hver lögregluþjónn hér í borg er einkaóvinur minn,“ sagði hann. „Ég er gamall maður. Ég er þverhaus. Í tuttugu ár hef ég barist við lögregluna í Ghent. Ég mundi vera ófarsæll, ef ég hefði ekki lögregluþjóna í kringum mig. Gerðu mér þann greiða að láta þá í Kaupmannahöfn ekki vita um vandræði mín.“

Ég varð við bón gamla vígamannsins. Daginn eftir kom ég til Antwerpen. Ég kom að samgöngu-neðanjarðardeild kommúnista þar í herfilegustu óreiðu. Frá því að félagi Richter fór í sína hinstu ferð, höfðu sveitir okkar verið undir stjórn Le Minters, fransks bolsévíka, sem hafði góðan vilja, en takmarkaða hæfileika og var mesti slóði. Le Minter hafði tapað öllu því fé, sem eftir var í sjóði Richters, í spilum í Kínverjagreni við Brouwersvliet. Hann hafði líka sent erindreka einn, sem átti að fara til Freetown í Sierra Leone, til Kingston á Jamaíku. „Ég hélt að Kingston væri á strönd Vestur-Afríku, og þess vegna sendi ég félagann þangað, því að ég vissi ekki af beinni skipsferð til Freetown,“ sagði Le Minter. Áróðursritum á malasísku, sem voru prentuð í Lenínsgarði og höfðu verið send Le Minter til flutnings til Singapúr, hafði verið dembt beina leið í olíubrákaða vatnið í Síberíukvíunum. Le Minter tók umboðslaun af mörgum frönskum og flæmskum portkonum fyrir að útvega þeim viðskiptavini af skipum, sem komu í höfn. Flutningaspjaldskrá Kominterns, sem hafði inni að halda nöfn fimm hundruð skipa, upplýsingar um skipshafnir á þeim, stjórn málaafstöðu skipverjanna og svo framvegis, hafði verið vanrækt í margar vikur.

„Þú getur farið til fjandans,“ sagði ég við Le Minter. „Mér liggur næst að senda

þig til Rússlands. Þú mundir vera hæfastur til að sveifla haka og skóflu í moldarvinnuflokkum Tsjekunnar við Hvítahafsskurðinn.“

Það sótti skjálfti að Le Minter. Krampakippir í fölvandi andlitinu báru vott um það, hvernig honum var innanbrjóst. „*Mon Dieu, camarade*,“ tautaði hann. „Guð minn góður, félagi. Ég er gamall í hettunni, en ég er gestur í þessum viðbjóðslegu norðlægum löndum. Vín er rándýrt. Ekkert að hafa nema bjór og kartöflur. Ég er ættaður frá Suðurlöndum. Ég á óteljandi vini við Miðjarðarhaf.“ Hann barði sér á brjóst og lauk máli sínu með fjálgleik: „Ég gæti farið til Spánar. Blóðið í æðum mér er helgað heimsbyltingunni!“

Ég sendi Le Minter til Marseilles, og tók hann þar við minni háttar stöðu í skrifstofu Kominterns, Rue Fauchier 10. Í stað Le Minters valdi ég mér að aðalaðstodarmanni Le Marec nokkurn, Frakka, sem ég hafði kynnst meðan franska fljóta-verkfallið stóð yfir árið 1933. Í orðsendingu, sem ég skrifaði Maurice Thorez, formanni franska kommúnistaflokksins, sagði ég: „Ég þarf að nota Le Marec. Gerðu mér þann greiða að veita honum lausn frá öðrum störfum.“ Thorez svaraði þegar í stað: „Kæri vinur, Le Marec er djöfull í mannslíki. Þú gerir mér greiða með því að losa mig við hann. Það eru til góðir djöflar og vondir djöflar. Le Marec er góður djöfull.“ Le Marec reyndist mér mjög ötull starfsmaður, en lýsingin á ófreskjunni í bók Dickens, *A Tale of Two Cities*, hæfði honum nákvæmlega.

Meðal sendimanna þeirra, sem komu til Antwerpen í því skyni að láta hraðboða Kominterns lauma sér til ýmissa staða á hnettinum, var ungur Japani, sem gekk undir nafninu Hito í flokknum. Hann kom frá Moskvu, hafði meðferðis öll skilríki, sem með þurfti, og ætlaði til Honolulu.

„Hvað áttu mikið fé?“ spurði ég hann.

„Fjörutíu dali,“ svaraði Hito.

„Engan styrk til starfseminnar?“

„Jú, jú — ég er með styrkinn — en ferðastyrkurinn er fjörutíu dalir og ekki meira.“

Hér var úr vöndu að ráða. Það voru engar beinar skipaferðir milli Miðevrópuhafna og Kyrrahafseyja. Ég afréð að senda Hito um Bandaríkin eða Panama.

Ég hafði þekkt hann frá árinu 1932. Hann var sonur efnads kaupsýslumanns í Yokohama. Árið 1930 hafði fjölskylda hans sent hann til náms í háskólanum í París. Faðir hans veitti honum ríflegan mánaðarstyrk. Meðan Hito var í París, fór hann að leggja lag sitt við einn þeirra manna, sem leituðu að liðtækum Kínverjum og Japönum fyrir Komintern í þýskum og frönskum háskólum. Niðurstaðan varð sú, að Hito stundaði nám í Moskvu í stað Parísar. Tveimur árum síðar hafði Dímítrov sent Hito til Hamborgar til að koma upp kjarna að áróðursstarfsemi á japönskum skipum. Hito hafði flutt með sér fullkomnasta Lenín-bókasafn, sem til var í Hamborg. Hann gerðist leigjandi á heimili frú Renscher nokkurrar og dætra hennar tveggja. Í janúar 1933 var svo komið, að Olga og Bianca Renscher voru báðar með barni. Hitler tók völdin, og Hito hvarf á brott, en skildi eftir

bæði bókasafnið og barnsmæðurnar. Meðan öllu þessu fór fram, hafði faðir Hitos í Yokohama verið í þeirri sælu trú, að sonur hans væri að stunda nám í París. Fjárstyrkurinn frá Yokohama var jafnóskeikull og stundaklukka. Hito hét raun rétttri Nakanomo Ootosuke.

„Hvar hefurðu alið manninn síðan 1933?“ spurði ég.

„Ég hef verið önnum kafinn.“

Ég sendi hann að lokum vestur um haf á skipinu *Westernland*. Það var síðasta þjónusta mín við Komintern og Stalín.

Aðeins í eitt skipti skrifaði ég Firelei frá Antwerpen og notaði þá leynilegt heimilisfang, sem við höfðum komið okkur saman um, er fundum okkar bar saman síðast.

Svar hennar var stutt: „Skrifaðu ekki — það er mikil hættu á ferðum.“

Síðan barst mér annað bréf: „Bíddu,“ skrifaði hún. „Ég segi þér allt, þegar tími er til kominn.“

Fyrir austan Antwerpen lá Þýskaland. Ættjörð mín var nú líkari tröllaukinni gildru en nokkru sinni fyrr. Mér var ljóst, að einn míns liðs fengi ég engu áorkað. Meðan ég var hluti Kominterns, var enn von um björgun.

Örlögin vildu annað.

GPÚ á Spáni hafði handtekið gamlan einkavin minn, Hans Krause skipavéltjóra. Einn af liðssöfnurum Alþjóðahersveitarinnar á Spáni færði mér þessa frétt. Krause hafði verið lengi í þjónustu Profinterns. Hann hafði stjórnað vopnaflutningi frá Marseilles til Valencia og síðan gerst sjálfboðaliði á vígstöðvunum. Hann særðist þar. Af ástæðum, sem GPÚ eitt vissi um, hafði hann verið sóttur í sjúkrahúsið og honum varpað í eina af einkadýflissum GPÚ á Spáni. Sakir þær, sem bornar voru á Krause voru eins og venja er til „trotskismi og njósnir fyrir Franco og Gestapo“. Sakargiftin var fátánleg. Krause var ekki frekar Gestapo-njósnari en Stalín var fulltrúi Englandsbanka. Kona Krauses, flæmsk að ætt, vann í skrifstofu í Antwerpen. Hún sýndi mér bréf frá manni sínum. Aðrir fangar höfðu smyglað því út úr fangelsinu. Það var biturt og olli mér hugarangri.

„Gerðu eitthvað,“ bað hún mig.

Aðeins einn maður, sem ég þekkti, hafði vald til að bjarga Hans Krause. Þessi maður var Edo Fimmen, aðalritari Alþjóðasambands flutningaverkamanna. Í áratug höfðu valdhafar í Moskvu glímt við milljónasamtök Fimmens og reynt að eyðileggja þau. En nú, hugsaði ég með mér, þar sem hin nýja stefna Kominterns krafðist þess, að jafnaðarmönnum væru sýnd uppgerðarvinahót, mundu Moskvumenn verða því fegnir að eignast skuldbindingu frá Edo Fimmen með því að gera honum greiða. Hann var svo merkur maður í verklyðssamtökum Evrópu, að það hlaut að verða tekið mark á því, ef hann legði Hans Kraus lið.

Ég vissi, að Edo Fimmen kom til Antwerpen á hálfsmánaðar fresti til þess að ráðgast við belgíska aðstoðarmenn sína í borgarvirki jafnaðarmannaflokksins í Belgíu, húsi Alþjóðasambands flutningaverkamanna við Paardenmarkt. Þar var

það, sem ég hitti hann. Fimmen, sem hafði aðalbækistöð sína í Antwerpen, var Hollendingur, þreklega vaxinn, menntaður, rjóður, sællegur og fjörmikill, enda þótt árin færðust yfir, og andlitid var krýnt miklum, hvítum hárlokka.

Hann lofaði að leggja Hans Krause lið. Hann virtist hafa þá staðreynd að engu, að Krause og ég, sem vorum kommúnistar, höfðum sýnt honum fullan fjandskap fyrir á árum. Þegar ég fór, tók Fimmen í hönd mér og hristi hana ákaft.

„Ef til vill fáum við einhvern tíma að starfa allir saman,“ sagði hann og eftirvæntingarbrots lék um varir hans.

Hans Krause var bjargað úr klóm GPÚ, áður en lauk.

Skömmu eftir að ég átti tal við Fimmen, varð ég var við, að mér var veitt eftirför. Ég sá það fljótt, að þeir, sem eltu mig, voru ekki belgískir lögregluþjónar. Kvöld eitt, þegar ég vissi af einum þeirra rétt við hælana á mér, sneri ég mér snarlega við og ávarpaði hann:

„Hvaðan ertu — frá GPÚ eða Gestapo?“ glefsaði ég.

„Ég er félagi,“ svaraði maðurinn sauðslega. Það var fullgott svar.

Tveimur dögum síðar færði hraðboði mér skipun um að fara til móts við einn af helstu erindreikum Kominterns í París. Ég átti að halda því leyndu, að ég ætlaði til Frakklands.

Ég fór með lestinni frá Antwerpen til Courtrai og skipti um lest í Ghent. Frá Courtrai ók ég í strætisvagni til Menin, belgísku þorps rétt við landamærin. Vegna þess, hve framlenging Maginot-línunnar var nálægt þessum stað, höfðu frönsku yfirvöldin nánar gætur á öllum ókunnugum. En allt gekk að óskum. Ég komst til Lille og þaðan með hraðlestinni til Parísar.

Ég hitti hraðboða á Gare du Nord. Við ókum í leigubíl niður Boulevard de Magenta, yfir République-torgið og héldum áfram eftir Boulevard Voltaire. Ég var að velta fyrir mér hvert förinni væri heitið. Hraðboðinn lét ekkert uppskátt. Á þessari hreinsunareld gat enginn vitað úr hvaða átt rýtingnum mundi stungið.

Bíllinn nam staðar fyrir framan lítið, ómerkilegt veitingahús á hægri bakka Signufljóts. Við borð úti í horni sat maður, sem ég þekkti, við fátæklegan franskan morgunverð. „Má ég kynna monsieur Maurice,“ tautaði hraðboðinn, áður en hann hvarf.

„Maurice“ var í raun og veru Adolf Deter, fyrrum prússneskur þjóðþingsmaður og stjórnandi allra framkvæmda Profinterns í Þýskalandi. Hann hafði stofnað til umferðarverkfallsins í Berlín, sem átti mestan þátt í að velta stjórn von Papens ríkiskanslara úr sessi, og síðar hafði hann róid undir verkföllunum miklu, sem komu Frakklandi á barm borgarastyrjaldar. Félagi Deter hafði safnað ístru í útleigðinni. Kuldalegt glott lá yfir feita, kringlóttu andlitinu.

„Ég er með skilaboð frá félagi Wollweber,“ sagði Deter blíðum rómi. „Það þótti réttara, að þú fengir þau ekki skriflega. Við þurfum að halda á þér til sérstakra framkvæmda.“

„Hvað er það?“ spurði ég.

„Við þurfum að senda félagi til Hamborgar, til Þýskalands. Við viljum að það sé alveg öruggt, að þessi félagi komist til Hamborgar. Hann leitar þig uppi í Antwerpen. Þú kemur honum um borð í skip til Hamborgar.“

„Gott og vel,“ sagði ég. „Það ganga tvö hentug skip vikulega.“

Deter gaut augunum til mín. Þykku fingurnir fíktuðu við öskubíkar.

Hann talaði eins og hvert orð væri dýrgripur: „Ég sagði að þetta væru sérstakar framkvæmdir. Ég vona að þú skiljir það. Þessi félagi má ekki fara til Hamborgar með þeim skipum, sem við erum vanir að nota. Hann má ekki komast í samband við neina af trúnaðarstöðvum okkar í Antwerpen. Hann má ekki fá að vita um neinar trúnaðarstöðvar, sem við kynnum að hafa í Þýskalandi. Hann hefur ekkert vegabréf nema gamalt þýskt skjal, sem er gefið út á hans rétta nafn. Þegar hann er kominn af stað til Þýskalands, verður þú þegar í stað að senda mér bréfsþjald með nafni skipsins og komudegi þess til Hamborgar. Skilurðu þetta?“

„Mætavel,“ tautaði ég. „Með öðrum orðum, það á að ,uppræta‘ þennan félagi.“

Deter kveinkaði sér. „Ég vildi óska að þú værir ekki svona berorður,“ sagði hann öflugum rómi.

„Hvers vegna segið þið honum ekki að fara til Rússlands eða Spánar?“

„Hann þarf að fara til Þýskalands,“ sagði Deter. Þarna var í ráði að framselja Gestapo einhvern starfsmann kommúnistaflokksins, hugsaði ég með mér. Það átti að framselja einhvern félagi, sem hafði unnið til fjandskapar eða tortryggni af hálfu Deters, Wollwebers og annarra enn æðri, í hendur leynilögreglu Hitlers til að styrkja tvísýna aðstöðu Komintern og GPÚ-njósnaara, sem störfuðu innan Gestapo. Einum þeirra mundi ófað hlotnast sá heiður að framselja þennan félagi. Hver sem það gerði mundi vaxa mjög í augum Streckenbachs við það afrek.

„Hver er þessi maður?“ spurði ég.

„Þú þekkir hann: Karl Saar.“

Ég reyndi að sitja á mér. Deter sá ekki, hvað mér var í huga.

Ég þekkti Karl Saar. Hann var lágvaxinn, ljóshærður maður, rúmlega þrítugur, liðugur eins og köttur og fleytifullur af lífskrafti. Hann var ofstækismaður. Í desember 1932 hafði hann komið frá Moskvu, útskrifaður af hermálaskóla. Tæpu ári síðar hafði Gestapo handsamað hann. Hann var dæmdur í fangelsi. Í mars 1936, þegar verið var að flytja hann með öðrum föngum frá Hamborg til Vestur-Þýskalands, hafði hann gripið tækifærið og komist undan á flóttu.

„Er nokkuð bogið við félagi Saar?“ spurði ég.

„Hann er hættulegur tækifærissinni,“ sagði Deter og bætti við viðvörðun: „Það má ekki koma neitt slys fyrir. Saar stofnar flokknum í hættu.“

„Er þetta gildra?“ hugsaði ég með mér. „Var þetta allt gert í því skyni að prófa trúmennsku mína? Eða er það vilji þeirra, að ég sendi félagi á opinn dauðann?“

„Gott og vel,“ sagði ég kuldalega.

Ég hitti Karl Saar í Antwerpen, Hann var í bláum fötum, sem voru allt of stór, og var horaður og tekinn að sjá, en á andlitinu var svipur hinnar fornu einurðar.

Ef við hefðum hist í fangelsi, þar sem samtöl voru bönnuð, mundum við hafa fundið einhver ráð til að skiptast á skoðunum og segja hvor öðrum sögur, svo að klukkustundum skipti. En nú, þegar allur heimurinn stóð okkur opin, var sem múr kulda og fálætis risi á milli okkar. Yfir okkur báðum vofði hin mikla, ósýnilega hættu, hið algera líkamlega öryggisleysi frá degi til dags.

„Heyrðu, Karl,“ sagði ég við hann. „Farðu ekki til Þýskalands.“

„Hafa skipanirnar verið afturkallaðar?“

„Nei.“

„Hvað þá?“

„Þú hefur enga von um að komast lifandi frá Þýskalandi aftur.“

Hann leit á mig, forviða. „Ég veit vel, að níu af hverjum tíu, sem fara þangað, koma ekki aftur,“ sagði hann.

„Þetta er annað mál,“ sagði ég. „Þetta er verra. Morð. Gildra.“

„Hvað gengur að þér?“

Hrörlegu húsgögnin í kringum okkur virtust vera á reiki og riði. „Mér hefur verið skipað að senda þig til Þýskalands með slíkum hætti, að Gestapo mun standa á bryggjunni, þegar skip þitt kemur að landi,“ sagði ég. „Það er í ráði að „uppræta“ þig.“

„Að fyrirlagi hvers?“

„Það get ég ekki sagt þér.“

„Uss!“

Eftir þessa upphröpun þagði Karl Saar í heila mínútu. Hann stakk höndunum undir beltið, og ég sá að hann var að hugsa. Við stördum hvor á annan eins og tvö dýr í búri.

Loks sagði hann: „Hvers vegna skyldi þeim vera umhugað um að uppræta mig?“

„Ég veit það ekki, Karl.“

Karl Saar mælti þrjúskulega: „Hvaða brögð hefur þú hér í taflí?“

Ég lét sem ég heyrði það ekki. „Ég get látið þig fá eitt hundrað dali,“ sagði ég. „Þú getur farið hvert sem þú vilt. Það ganga skip til Suður-Ameríku, til Mexíkó, til New York.“

„Ég ætla ekki að hlaupast á brott,“ sagði félagi Saar.

„Værir þú nasistanjósnari,“ hélt ég áfram, „þá mundi ég reka hníf milli rif-beinanna á þér, og með því væri það mál úr sögunni. Það er svo að sjá sem flestir þeir menn, er komast lifandi frá Þýskalandi, séu grunaðir um að vera leppar nasista. Ég veit, hvað þú ert að hugsa. Þú ert að hugsa, að versta heiti, sem hægt sé að gefa manni, sé hugleysingi. En hér er ekki um hugrekki né hugleysi að ræða. Það er svívirðilegur leikur, Karl. Að því er ég veit best, telur Komintern að þú sért stjórn-málahræ. Hvers vegna — það veit ég ekki. Ég ætla ekki að spyrja þess. Ef þú ferð til Þýskalands, þá er úti um þig. Meira get ég ekki sagt.“

Þegar hér var komið, hló Karl Saar hörkulega: „Trúir þú enn á heimsbyltinguna?“

„Nei,“ sagði ég.

„Ekki ég heldur.“

„Hvers vegna þá ...?“

„Við höfum valið okkar hlutskipti. Flokkurinn verður að lifa.“

„Manstu,“ hélt ég stillilega áfram, „hvernig félögunum bláddi út í Fuhlsbüttel-fangabúðunum? Hvernig blóðsletturarnar hrópuðu til himins af dýnunum? af veggjunum? afgólfunum og jafnvel loftunum? Hvernig við sungum sorgargöngulagið um miðjar nætur um alla klefana? Hvernig þú æptir út um gluggann: ‚Dragið merkin við hún! Þeir dóu fyrir byltinguna!‘ Hvernig allt fangelsið hrópaði: ‚*Rache, Rache*? Hvernig fangaverðirnir létu skotin dynja á gluggunum?“

Karl Saar hvæsti: „Hvers vegna ertu að rifja þetta upp?“

Ég talaði í hálfra klukkustund. Mér fannst það ekki vera ég, sem var að tala. Það var Hans Krause að tala úr GPÚ-fangelsinu á Spáni, félagar að tala úr Lúbjanka í hjarta Moskva, félagar að tala úr hinum nöpru auðnum Solovetskij-eyjanna, félagar að tala úr djúpi Norðursjávarins, úr óteljandi gröfum í Ráðstjórnarríkjunum, Þýskalandi, á Balkanskaga, á Spáni, um allan heim — félagar, sem málstaðurinn, er þeir höfðu þjónað svo dyggilega, hafði svikið og troðið undir fótum sér.

„Nei, Karl,“ sagði ég, „þeir létu ekki lífið fyrir heimsbyltinguna. Það var eintóm ímyndun. Þeir létu lífið til þess að fullnægja valdafíkn Stalínsklíkunnar, þeir létu lífið sökum þess að þeim hafði verið talin trú um, að það sæmði sér betur að vera úldið hræ en lifandi vera utan flokksins.“

Ég lét fallast í stól, alveg uppgefinn.

Karl Saar var sem afturgenginn á að líta. Stolt ofstækisins brann í augum hans.

„Ég ætla til Þýskalands,“ sagði hann.

„Er nokkuð annað, sem ég get gert fyrir þig?“

Hann hikaði. „Mig langar til að sofa hjá kvenmanni í nótt.“

Við gengum út saman. Ég hringdi til Adelu, ungrar gyðingastúlku, sem hjálpaði mér að skrásetja ferðir skipa. Hún vissi að félagar þeir, sem fóru til Þýskalands, komu sjaldan aftur. Hún hitti Karl við rætur eina stórhýsisins í Antwerpen. Þau gengu á brott saman, hann áhyggjulaus að sjá, hún með ofurlítið sjálfbyrgingslegu vaggi.

Sama kvöldið fór ég til aðalstöðva flokksins í Brüssel. Félagi de Buck, forustu- maður flokksins í Belgíu, var á ferðalagi. Meðal skárstu gagnanna, sem neðan- jarðardeild flokksins hafði handbær, var heimildarkort kommúnista á staðnum, er var líkur féлага Saar í sjón. Mér leist ekki ráðlegt að senda Karl sjóveg til Þýskalands með slík skilríki. Flokkurinn í Brüssel útvegaði mér fylgdarmann, sem var kunnugur landamærahéruðunum. Morguninn eftir lögðu þeir af stað til þýsku landamærunna, Karl Saar og hann. Ég sendi Adolf Deter símskeyti og skýrði honum frá, að Karl væri lagður af stað til Hamborgar á skipinu *Adolph Kirsten*. Tæpum tuttugu og fjórum klukkustundum síðar var ég boðaður með símskeyti til Kaupmannahafnar. Skeytið var þannig orðað, að ég hélt, að Leo Haikiss hefði sent það.

Síðast í desember 1937 tók ég mér far til Esbjerg.



Turnar Antwerpen hurfu úr augsýn; skipið valt á grænum öldum Norðursjávarins.

Það er tæplega tveggja mínútna gangur frá skipalæginu í Esbjerg til endastöðvar hraðlestarinnar frá Kaupmannahöfn. Embættismenn, sem ég hafði aldrei áður augum litið, höfðu vegabréfaskoðun með höndum. Ég komst hjá skoðun með því að ganga um litla hliðið, er bar áletrunina: „Aðeins fyrir Norðurlandabúa.“ Ég var kominn miðja veginni milli hafnarbakkans og stöðvarpallsins, þegar þrekvaxinn maður í þykkri, grárrí prjónapeysu stöðvaði mig.

„Komdu með mér,“ sagði hann, „ég er sendur frá Jensen.“

Ég flýtti mér að gefa honum liðsmannaorðtak Richard Jensens fyrir desember.

„Hefur hann kaffi?“

„Já, besta kaffið í Kaupmannahöfn,“ var svarið.

Fyrst datt mér í hug, að Jensen mundi bíða mín með einhverjar sérstakar fyrirskipanir á einhverri hafnarknæpunni. En maðurinn í prjónapeysunni fylgdi mér að bíl, sem beið við gangstéttina. Það var opinn bíll með númeri, sem sýndi að heimilisfang hans var Kaupmannahöfn. Í honum sátu tveir unglegir menn, og þekkti ég, að þeir voru í S-neðanjarðardeildinni.

„Farðu upp í,“ sagði peysumaður.

„Hvert erum við að fara?“

„Til Kaupmannahafnar.“

„Hvers vegna förum við ekki með lestinni? Vegirnir eru slæmir að veturlagi.“

Annar maðurinn í bílnum sagði óþolinmóður: „Hvað á þetta kjaftæði að þýða? Við skulum halda af stað. Okkur er skipað að fara með þig til Kaupmannahafnar í þessum bíl. Hvers vegna? Það geta verið leyniþjónar í lestinni.“

Þetta var léleg afsökun. Mér datt í hug, að það mundi vera farið með mig í bíl til að koma í veg fyrir, að ég næði sambandi við einhvern í lestinni. Höfnin í Esbjerg var ekki hentugur staður til handalögmála. Dönsk yfirvöld þekktu mig og vissu, að ég var starfsmaður Kominterns. Það var óviturlegt að hætta á handtöku með falsað vegabréf í vasanum. Ég þóttist vita, að eitthvað væri bogið við þetta.

Ég smeygði mér upp í framsætið. Annar ungi Daninn ók bílnum. Hinn sat í aftursætinu með báðar hendur á kafi í frakkavösum. Ég reyndi að slá hinni dularfullu framkomu þeirra upp í glens. Þeir tóku ekki í sama streng. Þrekvaxni maðurinn í peysunni kvaddi okkur.

Við ókum í gegnum borgina, fram hjá bændabýlum, og heiðarlöndin blöstu við okkur. Maðurinn, sem sat að baki mér, tók ekki hendur úr vösum. Ég sneri mér snögglega að honum.

„Hvað ertu með í vösum? Alla fjársjóði Spánar eða hvað?“

Hann sagði, án þess að láta sér bregða: „Nei, ég er með byssu í vasanum.“

Þegar við vorum komnir hálf leið yfir Jótland, munaði minnstu að við ækjum á gríðarstórt svín, sem var að flækjast á veginum. Bíllinn tók dýfu og þeyttist gegnum lága runnaþyrpingu. Hann komst aftur upp á veginn og jók ferðina.

„Þið eruð fífl,“ sagði ég. „Þið með ykkar byssur. Ég gæti sem auðveldast tekið

stýrishjólið og eyðilagt bílinn. Hver sagði ykkur að hafa byssur meðferðis? Félagi Jensen?“

Þeir þögðu báðir. Sá í aftursætinu tókað blístra hergöngulag ráðstjórnarflugmanna. Þegar ég tók undir og söng textann, hætti hann að blístra. Við ókum í fjórtán klukkustundir og fórum aðeins tvisvar úr bílnum til þess að fá okkur kaffi og brauð á ferjunum við Fredericia og Korsør. Klukkan fjögur um morguninn komum við til Kaupmannahafnar. Jafnvel á þeim tíma nætur iðaði miðhluti borgarinnar af glaðværð og ljósum. Vændiskonur í loðkápum hnipruðu sig saman í anddyrum húsa við Vesturbrogade. Billinn nam staðar með löngu ískri fyrir framan heimili Richards Jensens. Í göngunum fyrir framan dyr hans beið einn af mönnum Avatins. Hann kippti höfðinu í áttina til stigans.

„Þeir eru að bíða eftir þér,“ sagði hann.

„Hvað er á seyði?“

„Ég veit það ekki. Ráðstefna, býst ég við, eins og vant er.“

Ég gekk upp stigann og setti fæturna þungt til jarðar á þrepunum og stiga-pöllunum. Það tók undir í öllu húsinu af fótataki mínu. „Ég veit ekki hvað bíður mín þarna uppi,“ hugsaði ég, „en það skemmir ekki, þótt hinir leigjendurnir viti að menn eru að þramma upp til Jensens löngu fyrir dögum.“

Vörðurinn tautaði að baki mér. „Það er líkast jarðskjálfta, þegar þú gengur. Hafðu hægt um þig.“

„Haltu þér saman,“ svaraði ég. „Ég geng eins og mér sýnist.“

Mér var fylgt inn í vinnustofu Jensens. Jensen kinkaði kolfi í kveðjuskyni. Hár hans var úfið og mikli skrokkurinn var vafinn morgunslöpp. Við tókumst ekki í hendur. Andlit hans var gráleitt og illúðlegt í rafmagnsljósinu. Hjá honum voru fjórir ungir menn, Þjóðverji, Letti og tveir Norðurlandabúar, GPÚ-menn úr liði Avatins. Þeir höfðu setið að bjórdrykkju. Tóbaksreykur sveimaði í hringiðum undir loftinu.

„Sestu niður,“ var mér skipað.

Jensen talaði í símann. Hann hringdi á hótél Nordland, sem var örskammt frá. Rödd hans var eins og snöggur, ógreinilegur drynjandi. Eftir nokkrar mínútur birtist Martin, sonur Jensens. Í humátt á eftir honum kom Ernst Wollweber inn í íbúðina, samanrekinn, dökkur yfirlitum, óhýr á svip.

Tveir verðir komu með stórt borð úr borðstofunni. Wollweber settist við annan enda borðsins, ég við hinn endann. Beggja vegna borðsins, á milli okkar, settust verðirnir.

Ég vissi nú, að ég átti von á yfirheyrslu. Gömlu einkennin komu í ljós hjá mér. Maginn kipraðist saman, allir vöðvar urðu spenntir, ég var boðinn og búinn að taka upp baráttuna, og þó sat ég grafkyrr og beið. Jensen tók bók ofan úr hillu og renndi henni til mín yfir borðið. Það var skýrsla ráðstjórnaryfirvalda um Smírnov-Pjatakov réttarhöldin. Ég ýtti henni til hliðar.

„Sleppið þið fiflalátunum,“ sagði ég.

Wollweber stakk hendinni í vasann. Síðan tók hann til máls. Þegar Wollweber talaði, fýldi hann grön, svo að skein í tóbaksgulu tennurnar. Augu hans urðu mjóar ræmur, tindrandi svartar. Hann var vanur að varpa hverju orði að áheyrendum sínum eins og klettahnullungi og rausa síðan úr sér einni eða tveimur setningum til frekari áréttingar því, sem hann hafði sagt. Hann var ekki sami Wollweber og hafði níttján árum fyrr hellt vatni á eldana og dregið rauða fánann að hún yfir flota keisarans.

„Trotskíj, Zínovjev, Búkharín og hinir svikararnir,“ sagði hann, „hafa ávallt haldið því fram, að þeir væru traustustu fylgismenn Leníns. Samt sem áður snerust þeir gegn Lenín í hvert skipti sem vanda bar að höndum. Slíkir menn geta reynst allnothæfir í byltingarstarfinu, en það má undir engum kringumstæðum trúa þeim fyrir mikilvægum trúnaðarstöðum.“

Ég játti þessu. Wollweber hélt áfram: „Við höfum lært það af biturri reynslu, að hver sá félagi, sem hefur orðið uppvís að laumustarfi gegn flokknum, hlýtur óhjákvæmilega að lenda í herbúðum fasismans sem bandamaður Hitlers og andbyltingarinnar.“

„Svo að við snúum okkur að raunhæfum hlutum,“ sagði ég, „hverjar eru kærurnar á hendur mér, og hver hefur borið þær fram?“

„Við höfum ekki fengið neinar kærur,“ lét Wollweber drynja. „En við vitum um sakir. Félagi Dímitrov í Moskvu hefur með höndum skýrslu frá þér, þar sem þú ásakar Vesturskrifstofuna og Alþjóðasamband kommúnista fyrir að hafa fórnað lífum tápmikilla félaga að óþörfu með sendiferðum út í bláinn til Þýskalands.“

„Ég ásakaði ekki Vesturskrifstofuna,“ hrópaði ég af móði. „Ég ásakaði félagi Wollweber. Og ég stend við það.“

Wollweber setti upp kryppu. Jensen hallaði sér aftur með háðsglotti, sem bar vott um vantrú og fyrirliðningu í senn.

„Nöfn,“ rumdi í Jensen.

„Þið hafið fengið þau. Þau eru í skýrslu minni til Moskvu. Félagarnir Walter Duddins, Funk, Fiete Dettmann, Claus, Robert Stamm. Sænsku félagarnir Persson og Mineur. Ríkisþingmaðurinn félagi Maddalena. Félagarnir Saefkow og Hans Koschnik. Af konum félagarnir Firelei, Cilly, Lilo Herrman. Og fleiri mætti telja. Þið hafið þá á skráum ykkar.“

„Þú ert fullslyngur,“ greip Wollweber fram í fyrir mér. „Enginn þessara félaga er tiltækur til þess að votta, að framburður þinn sé réttur.“

„Nei, þeir eru í fangelsi. Claus, Stamm, Lilo voru hálshöggvin. Þau hafa hlotið að vera hreykin af að láta slátra sér! Áður en þau hurfu héðan, sögðu þau sögu sína, í gegnum veggina, í gegnum lofræstigöngin, í kirkjunni, í bréfsneplum, sem var fest á kústskóft og rétt frá einum glugga til annars. Í fangabúðunum þykir mönnum sem nálykt leggi fyrir vitin, ef nafn Ernsts Wollwebers er nefnt.“

„Kjaftæði,“ svaraði Wollweber, „allt þetta má ræða síðar ef vill. Ég hef hér aðra skýrslu. Hún kemur frá Hollandi. Hér ert þú sakaður um samstarf við and-

byltingarvarga eins og liðhlaupann Hans Krause, sósíalfasistana Edo Fimmen, nýjónnara Francos og fjölda annarra pólitískra misindismanna.“

Mér varð við eins og hamarshögg riði á mér.

„Félagi Krause er enginn liðhlaupi,“ sagði ég hvasst. „Hann fór til Spánar í því skyni að sanna, að kvíksögurnar um bann væru ósannar. Hann særðist á vígvellinum. Ég áleit það skyldu mína að —“

„Vífilengjur!“ greip Wollweber fram í. „Sannir bolsévíkar þurfa ekki á vífilengjum að halda. Þeir játa yfirsjónir sínar og láta flokkinn skera úr.“

„Gott og vel. Ég krefst þess að eftirlitsráðið taki mál mitt fyrir.“

„Þetta er eftirlitsráðið,“ sagði Jensen. „Þú færð að tala síðar.“

Þá sló niður hinni ógurlegustu reiðarþrumu, sem ég hafði lifað öll þessi ár hollustu minnar við Komintern.

„Loks,“ sagði Wollweber mjög stillilega og benti á mig yfir borðið, „sakar flokkurinn þig um að hafa af ráðnum hug skipulagt skemmdarverk gegn neðanjarðardeild flokksins í Þýskalandi.“

„Ég held þú sért brjáláður,“ hreytti ég í hann.

Wollweber brosti hæðnislega til mín. „Telur þú, að félagi Karl Saar sé ótrauður bolsévíki?“

„Það tel ég alveg óefað.“

„Hér er bréf frá félagi Kari Saar,“ sagði Ernst Wollweber. „Það er á dulmáli. Hér er ráðningin, vélrituð. Raunalegt bréf — sögulegt skjal! Okkur er sagt að þú hafir borið fé á Karl Saar til að strjúka undan merkjum Kominterns. Féð sem þú bauðst fram var fé Kominterns.“

Það varð löng þögn. Jensen dró flatarmálsteikningu á saurblaðið á bók. Wollweber reykti. Verðirnir stóðu grafkyrrir. Ég velti því fyrir mér, hvað verða mundi, ef ég stæði upp og gengi út úr íbúð Jensens. Ég gat ekki munað til þess, að ég ætti neins staðar athvarf.

Klukkan sex kom Avatin, illa til fara eins og vant var, í stinnum, brúnum fötum af rússneskri gerð. Það leiftraði bros á vörum hans, þegar hann þekkti mig. Það var ekki mikið að marka, þótt Avatin brosti. Hann gat brosað til manns og drepð hann að mínútu liðinni. Í fylgd með Avatin var Inge, kona Martins Jensens. Hún var hraðritari, lagleg, fimleg, ljóshærð kona.

„Þú mátt nú verja hendur þínar,“ tilkynnti Wollweber. „Þú færð hálf tíma til þess.“

Ég talaði um róstuárin í kringum 1923 og um hlutdeild mína í undirbúningi og framkvæmd októberupppreisnarinnar í Hamborg. Ég hafði unnið örðug störf, sem krafist var af óbreyttum liðsmönnum. Ég hafði háð baráttu byltingarinnar með vopn í hendi. Ég talaði um störf mín fyrir Komintern í Ameríku, á Havaí, í Belgíu og Hollandi og Frakklandi, í Sviss og Noregi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi, í Singapur og Shanghai og Englandi. Ég talaði um dýflissur og fangelsi, um ógnarfangabúðir nasista, þar sem ég hafði þjáðst og þó barist sleitulaust fyrir

flokkinn, fyrir byltinguna í sjö ár. Áður en ég hafði sagt helminginn af því sem ég ætlaði mér, var tími minn liðinn. Jafnvel eins og nú var ástatt, var ég undir of miklum aga til að brjóta fyrirmæli fyrri yfirboðara minna. Inge, kona Martins Jensens, hafði hraðritað allt sem ég sagði. Þó að ég hefði ávarpað steinvegg, hefðu viðtökurnar ekki getað verið kuldalegri. Þá varð mér ljóst, að mér hafði yfirsést. Ég átti ekki að vera í varnarstöðu — ég átti að hefja sókn ... eða beygja höfuð mitt, játa sekt mína og biðja miskunnar.

Síðan talaði Wollweber. Enginn viðstaddur trúði ásökunum hans. Síst allra trúði hann þeim sjálfur. Tilgangur hans var að láta mig skríða og niðurlægja sjálfan mig. Hann var ekki viss um, að ég fengist til að skríða. Ef hann hefði verið viss, mundi hann hafa séð um, að áheyrendurnir yrðu fleiri.

„Hvað ætlist þið fyrir með mig?“ tók ég fram í fyrir honum.

„Við munum senda þig til Spánar eða Ráðstjórnarríkjanna,“ svaraði hann.

„Og láta skjóta mig?“

„Við skjótum engan án gildirar ástæðu.“

„Ég veit það,“ svaraði ég.

Wollweber stóð upp, kinkaði snöggvast kolti til Avatins og Jensens og gekk út úr herberginu. Ég sá hann aldrei aftur. Richard Jensen bauð mér bjór. Avatin gaf tveimur aðstoðarmönnum sínum merki. Þeir fóru í yfirfrakkana og gengu að mér. Annan þekkti ég ekki. Hinn var Ignace Scharnetzki, Pólverji, þreklegur maður með hnöttótt, harðneskjulegt andlit.

„Þú kemur með okkur núna,“ sagði hann.

„Hvert?“

„Skiptu þér ekki af því.“

Avatin greip fram í. „Við höfum verið vinir,“ sagði hann. „Þér er óhætt að trúa því, sem ég segi. Þú átt að hafast við á stað uppi í sveit. Þú átt að leggja niður öll skyldustörf, uns mál þitt er útkljáð.“

„Er ég fangi?“

„Já.“

„Þú kemur með okkur núna,“ endurtók Scharnetzki lágum rómi.

Það var kominn morgunn. Ég hlýddi skipunum GPÚ-mannanna mótspyrnulaust. Ég gekk niður stigann út í bílinn, sem beið. Á hægri hönd mér sat Scharnetzki. Á vinstri sat horaður og langur Dani. Þeir höfðu báðir skammbýssur sínar tilbúnar. Martin Jensen sat við stýrið. Bíllinn þaut af stað. Mikill fjöldi pilta og stúlkna voru á leið til vinnu á reiðhjólum. Umferðin varð strjál, er bíllinn nálgadist útjaðar borgarinnar. Ég var eins og maður í miðilsdái. Ég kveikti í vindlingi og lokaði augunum.

Þegar ég opnaði augun, sá ég opið haf á vinstri hönd.

Við ókum hratt í suðurátt.

# Flótti

GÆSLUMÖNNUM MÍNUM var ekki alls kostar rótt í bílnum. Ef allt hefði verið með felldu, hefðu þeir tekið við skipunum af mér og framkvæmt þær. Ég vissi ekki til fulls, hvort ég átti að taka þessa árdegisviðburði fyrir grátbroslegan skrípaleik eða hvort þeir boðuðu mér byssukúlu í bakið. Ég afréð að sjá, hverju fram myndi vinda. En þegar hver kílómetrinn brunaði framhjá á fætur öðrum, óx kvíði minn.

„Danskur bjór er besti bjór í heimi,“ sagði ég út í bláinn.

Martin Jensen iðaði í sæti sínu. „Þú tefldir á tvær hættur,“ sagði hann. „Það er þér sjálfum að kenna.“

„Danskur bjór er góður bjór,“ samsinnti Scharnetzki.

„Ég held að þið séuð hræddir, piltar,“ sagði ég. „Þið eruð að furða ykkur á, að ég skuli sitja hér og hafast ekkert að. Hvers vegna ætti ég að gera það? Ég ferðaðist umhverfis jörðina fyrir Komintern, meðan þið stóðuð enn í þeirri trú, að Lenín væri barnagryla.“

„Við erum ekki hræddir við neitt,“ nöldraði Martin Jensen.

Fyrir framan okkur var lögregluþjónn á gangi á götu í þorpi einu. Þegar bíllinn þaut fram hjá honum, þrýsti Scharnetzki skammbyssunni í síðuna á mér. Lögregluþjónninn leit ekki einu sinni við.

„Þú ættir að skammast þín,“ sagði ég við Scharnetzki.

Hann svaraði ekki. Ég var að hugsa um að hrifsa skambyssuna af honum. Ef áflog brytust út í bílnum, þá yrðu þeir að nema staðar. Þeir mundu aldrei áræða að hefja skothríð um hábjartan dag nálægt mannabústöðum. Við mundum líklegast allir verða handteknir og yfirheyrdir. Blöðin mundu ná myndum af okkur, og Gestapo mundi komast að því að ég hefði ekki farið til Rússlands. Streckenbach og Kraus mundu ekki víla fyrir sér að hefna sín hið skjótasta á Fireli.

Vegurinn lá fram með Køge-flóa. Veitingastaðirnir, sem glömpuðu af ljósum og glaðværð á nóttunni, lágu í eyði að morgni dags. Sandströndin, þar sem flöggin blöktu glatt yfir fjölskipuðum tjaldbúðum á sumrum, voru auðnir einveru. Frosnar þanghrúgur og íshröngl þöktu flæðarmáli. Þar sem stúlkur í baðfötum höfðu æpt og ólátast, var mjaðmabreiður kvenmaður í þykkum karlmannsjakka að ylja hendur sínar yfir litlu báli. Langt úti mjakaðist fiskibátur til hafs. Mávar sveimuðu yfir fiskbryggju og görguðu á bráð.

Nei, það mundi vera gagnslaust að snúast til mótspyrnu. Mér var í rauninni ekkert sérstakt áhugamál að flýja Komintern. Og auk þess, þó að ég væri sterkur,

hafði Martin Jensen krafta til að kyrkja mig, ef svo bæri undir. Ég ákvað að bíða. „Verður það Spánn eða Rússland?“ hugsaði ég. Til þessa hafði hver ferð til Rússlands verið dýrlegt ævintýri fyrir mig. Fréttirnar af hetjuvörninni í Madrid og orrustunni við Guadalajara höfðu verið mér ákaft gleðiefni. Nú var eldurinn kulnaður. Rússland var orðið einkennilega óheillavænlegt land í augum mínum. Tómleiki, leiður og sár tómleiki, umlukti mig.

Billinn skrölti af þjóðveginum út á krókóttar moldargötur, yfir mýrlend engi, harðfrosin í kuldanum. Hann hristist, nam staðar, skreidd hægt áfram. Lítil sumarhús úr timbri og hrörlegir kofar lágu dreifð um flatlendið. Ég sá hvar há, hvít flaggstöng gnæfði yfir háum limagarði. Þegar ég kom nær, sá ég að limagarðurinn skýldi tveggja metra hárrí girðingu. Augnabliki síðar vorum við komnir í gegnum þröngt hlið inn fyrir girðinguna.

Þar var lágrestur húskofi. Græn málning var tekin að flagna af útviðunum. Á þremur hliðum hússins voru fjalir negldar fyrir gluggana. Fjórða hliðin vissi út að Eyrstrasalti. Þeim megin var girðingin lægri. Forstofan vissi út að óhirtum túnbletti. Túnbletturinn var þakinn rusli. Við neðri enda hans lá hrörleg bátabryggja út í sjóinn.

„Þá erum við komnir hingað,“ sagði Martin Jensen. „Hó, Christiansen, það er kominn gestur til þín.“

Þéttvaxinn maður í bláum verkamannabuxum og leðurjakka rölti út úr húsinu. Brjóst hans var sem bjórtunna og andlitið þakið skeggbroddum. Það var Sven Christiansen. Hann hafði verið hvalveiðimaður í æsku, og fundum okkar hafði margoft borið saman, þegar hann var að hjálpa Julius Vanman að smygla Komintern-bannvöru, bæði lifandi og dauðri, milli Danmerkur og Svíþjóðar yfir Eyrarsund. Christiansen hafði einnig unnið í námum í Suður-Ameríku. Hann hafði það orð á sér, að hann væri snillingur í meðferð sprengiefna. Af þeirri ástæðu hafði Avatin valið hann fyrir starfsmann í neðanjarðardeild GPÚ. Sven Christiansen var líkur bónda — hastur í viðmóti, meinlaus, þolinmóður — trúmennskan sjálf og miskunnarlaus gagnvart hverjum þeim, er hann hélt vera óvin byltingarinnar.

„Gott, að þú kemur,“ sagði Christiansen, „maður verður svo andskotalega einmana hérna.“

Mér var hrint inn í húsið.

„Upp með hendurnar!“ skipaði Martin Jensen. Hann var að renna tröllslegu höndunum niður eftir mér og klappaði og fálmaði.

„Burt með krumlurnar,“ sagði ég. „Hver heldur þú, að þú sért? Gestapo?“

„Nei,“ sagði hann og glotti. „En það er sama — stattu kyrr!“

Hann tók úrið mitt, sjálfblekung, pappír og vegabréfin tvö, sem ég bar á mér. Vasahnífinn minn tók hann jafnvel líka. Hann taldi peningana, sem hann fann, sextán krónur, fékk mér aftur sex, en hélt tíu eftir.

„Mér geðjast ekkert að þessu,“ sagði ég.

„Ekki mér heldur,“ svaraði hann. „En félagi Avatin telur mig bera ábyrgð á þér.“

„Hvað var þér skipað að gera?“

„Skipað? Að geyma þig hér við góða heilsu, þangað til mál þitt hefur verið rannsakað í Moskvu.“

„Fáðu mér aftur pennann og pappírinn!“

„Til hvers?“

„Ég ætla að skrifa bréf. Ég vil, að félagi Dímítrov fái að skoða þetta mál frá báðum hliðum.“

„Ég verð að ráðgast við Avatin um það,“ sagði Martin Jensen.

„Heldur þú að ég sé trotskisti? Japanskur njósnari? Gestapo-erindreki?“

Martin Jensen bandaði frá sér. „Ég held ekkert,“ sagði hann. „Ég veit ekkert. Það eina sem ég veit er, að þú gætir orðið fjandi hættulegur, ef allt er satt, sem félagi Wollweber sagði um þig. Ég segi þér það eitt, að þér er ráðlegra að hafa þig hægan.“

„Heldurðu, að ég gæti ekki brotist út úr þessu hreysi, ef mig langaði til þess?“

Martin Jensen sagði með heimskusvip: „Þú gætir það ef til vill.“

„Nú, og hvað svo?“

„Við erum allir drengskaparmenn og félagar hér,“ sagði Martin.

Christiansen kinkaði kalli: „Þú getur bölvað þér upp á það.“

„Ef þú hleypur, þá skjótum við ef til vill,“ hélt Martin Jensen áfram. „Svo framarlega sem þú reynir að brjótast út, þá bindum við þig. Eftir það verðurðu hafður í böndum, hvort þér líkar betur eða verr. Ef til vill segja þeir í Moskvu, að það sé allt í lagi með þig. Ef þeir segja, að allt sé í lagi, þá höldum við veislu.“

Eldur skíðlogaði í litla steypujárnsöfninum í herberginu, sem vissi út að sjónum. Það var stærsta herbergið í húsinu. Að því lágu eldhús og tvö minni herbergi. Gluggarnir í minni herbergjunum voru negldir aftur með fjölum. Í stóra herberginu höfðust Sven Christiansen og Martin Jensen við. Í litla herberginu í hinum enda hússins höfðu Scharnetzki og horaði Daninn aðsetur. Litla herbergið, sem lá á milli þeirra, var vistarvera mín. Báðar dyr þess lágu þannig út að íbúðum varðmannanna. Steinolíulampar hengu neðan í bitunum, en án þeirra mundi hafa verið myrkur dag og nótt í báðum minni herbergjunum.

Í „varðhaldsklefa“ mínum var beddi, borð og stóll með brotna fætur. Af teppunum lagði svita- og óþrifnaðarþef. Stórum hlaða af gömlum tímaritum og dagblöðum var staflað upp í einu horninu. Ég sá, að lítil gægjugöt höfðu verið boruð á báðar hurðirnar og að það var hægt að loka dyrunum að utanverðu með sterkum koparkeðjum. Ómáluðu fjalirnar fyrir gluggunum voru þaktar blýantspári: „Lifi Rauða fylkingin!“ hendingum úr Alþjóðasöngnum, Nallanum, nokkrum óskiljanlegum orðum á lettnesku eða rússnesku, „No pasarán!“ ástakvæðum, klámteikningum, skrípamyndum af Hitler, „Max Jahnke“ — nafni, og orðum sköfnum út að hálfu leyti með hníf: „Niður með Stalín.“

Það var sem rafstraumur færi um mig, er ég sá nafnið „Max Jahnke“. Ég mundi afdrif hans. Fram til ársins 1931 hafði Max Jahnke verið einn af leiðtogum rauða sjómannasambandsins í Þýskalandi. Hann hafði verið hæruskotinn og harðger



uppreisnarmaður, hægur, þrár og duglegur. Þegar Komintern efndi til verkfalls þýskra sjómanna í öllum löndum í október 1931, komst Jahnke í andstöðu við yfirstjórn flokksins. Einn valdamesti maðurinn í þýska kommúnistaflokki, Hermann Schubert ríkisþingmaður, hafði krafist þess, að Jahnke stofnaði til áreksturs milli lögreglunnar og verkfallsmanna í Hamborg. Flokkurinn þurfti lík til þess að setja „stjórnmalasvip“ á verkfallið. Jahnke hafði neitað að úthella blóði þýskra sjómanna. Á fulltrúafundi sjómanna hafði hann skýrt þetta sjónarmið sitt og ráðist á Hermann Schubert. Flokkurinn notaði fyrsta tækifæri til að svipta Jahnke völdum. Jahnke launaði lambið gráa með ófyrirgefanlegum hætti: Hann fékk blöðum jafnaðarmanna í hendur sagnæm skjöl úr leyniskjalasafni flokksins. Ári síðar tókst GPÚ að lokka hann um borð í rússneskt skip undir því yfirskini, að hann ætti að ráðleggja Sovtorgflot, rússneska skipahringnum, um verkfræðileg málefni, því að Jahnke hafði margra ára reynslu sem sérfræðingur á skipum. Jahnke var numinn brott til Rússlands, en tókst að komast undan á flóttu. GPÚ handsamaði hann aftur árið 1936. Og vorið 1937 seldi ráðstjórnin hinn dygga gamla verkalyðsleiðtoga Gestapo í hendur í skiptum fyrir Eugen nokkurn Priess, ráðstjórnarnjósna, sem Gestapo hafði handtekið.

Ég varð gagntekinn af skömm, þegar ég hugsaði um Jahnke. Í hollustu minni við Komintern hafði ég forðum daga litið svo á, að Jahnke gæti reynst einingu flokksins hættulegur. Þegar ópin glumdu við: „Burt með Max Jahnke!“ hafði ég einnig sagt: „Jahnke er orðinn fjandmaður málstaðarins. Hann er ekki í tölu félaga lengur.“

Skuggi Max Jahnkes ásótti mig tímum og dögum saman. Innan marka þessa daunilla herbergis virtist hann ganga þögull við hlið mér, fram og aftur, aftur og fram, ganga, ganga og hlæja djúpt og hryssingslega eins og hans var vandi: „Jæja, drengur minn, hvað segirðu nú?“ Ósjálfrátt tók ég að sýna Max Jahnke fánýta lotningu. Til heiðurs við hann fór ég að raula sorgargöngulagið um þá, sem höfðu fallið fyrir byltinguna. „Byltingin“ hafði framselt hann Gestapo. Má vera, að hann sé á lífi enn þann dag í dag, einhvers staðar í Þýskalandi, með formælingar í hjarta, þögular og geigvænlegar, gegn svikum Stalíns og skósveina hans.

Ég þóttist vita, að þessi gamli, fúni húskofi byggji yfir mörgum leyndardómum. Þetta var ekki heiðarlegt fangelsi, eins og blóði drifnu klefarnir í lögregluvarðhaldi Gestapo. Það var óheiðarlegt, fullt af úlfúð og óheilindum, morandi af afturgöngum félaga, er félagar höfðu svikið. Ég tók að velta fyrir mér, hve mörgum hundruðum þeir félagar í fangabúðum ráðstjórnarinnar skipta, sem hefðu hafid ferð sína í álíka kofum og þeim, sem ég var nú fangi í. Enginn, nema yfirvöld í Kreml og Lúbjanka, gat vitað um fjölda þeirra. Ekki einu sinni Ernst Wollweber eða Avatin.

Ég vissi of margt og það þurfti að uppræta mig. Í eyrum mínum lét þessi setning kjánalega. Ég vissi hvað var orðið um Richter og Bandura, um Bela Kun, Heinz Neumann, Hans Kippenberger, Dombal, um Schubert, Remmele, Max Holz, Samsing og ótal marga fleiri. Dauðir, útlægir, drukknadír, grafnir lifandi. Ég gat

ekki hugsað mér, að neitt þvílíkt mundi verða hlutskipti mitt. Ég átti ekki í deilum við Komintern. En því var ekki heldur þannig varið um hina, sem ég nefndi. Þetta var ekki aðeins deila milli einstakra uppreisnarmanna og Alþjóðasambandsins. Það var miklu oftast styrjöld milli samviskusamra alþjóðasinna af öreigastétt og skriffinnaklíkunnar, sem fylgdi Stalín. Klíkan hafði ávallt yfirhöndina. Átrúnaður hennar var GPÚ. Ef Stalín skipaði Dímítrov að draga upp hakakrossfánann á húsi Kominterns í Moskva, þá mundi Dímítrov verða við þeirri skipun. Ef Stalín segði Wollweber að gefa út bækling um, að Lenín hefði verið vasabjófur — Wollweber mundi gera það. Árin höfðu algerlega breytt Komintern. Framvarðasveitir byltingarinnar voru nú ekki annað en eitraður rýtingur í höndum Stalíns.

Ég glímdi við sjálfan mig. Ég formælti sjálfum mér og kallaði mig aumingja í æðisgenginni leit að afsökunum fyrir hrörnandi trú minni. Þegar ég var átján ára, fannst mér ég vera risi. Tuttugu og eins árs gömlum fannst mér ráðið einfalt: „Varpaðu handsprengjunni beint í fasið á andbyltingunni.“ Tuttugu og tveggja ára hafði ég farið hringinn í kringum hnöttinn í þjónustu Kominterns, horaður, soltinn, grimmur — og hreykinn af því! Lögreglulið margra landa leitaði að mér tuttugu og níu ára gömlum og kallaði mig helsta óróasegg Kominterns í hafnarborgum Evrópu. Þrjátíu og eins árs var ég önnum kafinn að breyta fangelsum Hitlers í skóla fyrir alþjóðastefnu öreiganna. Og nú, þrjátíu og þriggja ára að aldri, spurði ég: „Var þetta allt lygi, svik, ömurlegar sjónhverfingar?“

Enginn maður getur flegið hörundið af sjálfum sér.

Í örvæntingarhug sneri ég mér að hálfgleymdum grundvallarkenningum. Marx, Engels, Lenín. Jafnvel Hegel. „Rökfræðileg raunsæisstefna er heimspeki marxismans.“ „Saga mannfélagsins hefur fram að þessu verið saga um stéttabaráttu.“ „Byltingar eru eimreiðir sögunnar.“ Síðan var lögmál Karl Marx um söfnun aútmagns. ... „Borgarastéttin skapar fyrst og fremst sinn eigin höfuðbana. ... Einræði öreiganna rís af geryeðingu borgaralega stjórnskipulagsins. ... Landið í hendur bændum. ... Iðnaðinn í hendur verkamanna. ... Engu að týna nema hlekkjunum og heilan heim að vinna. ... Heim frelsis, afkomu, virðuleiks. ...“ Var þetta ekki rétt?

„Sigur sósíalismsins í Ráðstjórnarríkjunum tryggir sigur sósíalismsins um allan heim.“

Spurning: Hver er faðir allra undirokaðra? Hver er mesti stjórnspekingur þessarar aldar?

Svar: Félagi Stalín.

Þrjú grimmileg orð störfu á mig af furubjálkunum í klefa mínum: „Niður með Stalín!“

Einhvers staðar í Þýskalandi lifði Firelei í óvissu frá degi til dags og beið með óþreyju þess augnabliks, er hún gæti sent mér orð: „Komdu nú, komdu fljótt, þeir hafa slakað á árvekninni.“ Skilaboð hennar mundu berast til Antwerpen. Ég mundi aldrei fá þau í hendur. Hún mundi bíða, ... bíða árangurslaust, yfirgefin, svikin.

Ég minntist þess, er við sáumst fyrst á hafnarbökkunum í Antwerpen. Hún var að teikna skut á pramma, gildvaxna konu að gefa barni brjóst, snúru með blaktandi þvotti, geltandi hund. „Skip verða að heita eitthvað,“ hafði ég sagt. „Það heitir Oran.“ Við höfðum verið sæl saman og Firelei hafði hlaðið loftkastala. Ég hafði eyðilagð þessa kastala, hvern á fætur öðrum, þar til svo var komið, að ekkert var eftir, ekkert. ... Stormurinn æddi utan af hráslagalegum breiðum Eystrasalts og blístraði og ýlfraði í rifunum á girðingunni. Ég heyrði rödd í storminum, rödd Firelei.

„Hvernig hefurðu farið með mig?“ spurði röddin aftur og aftur.

Verðirnir voru bjartsýnir. Þeir sátu í austurherberginu, sem vissi út að Køge-flóa, og töluðu hátt. Bassarödd Martins Jensens greindi sundur skýrslu ráðstjórnaryfirvalda um aftöku Tjúkhatsevskíjs og hinna ráðstjórnarhershöfðingjanna. Yfirhershöfðingi Rauða hersins rak erindi þýska herforingjaráðsins! Og Trotskíj og Zínovjev höfðu leigt Doru Kaplan til morðtilraunarinnar við Lenín! (Sem var gerð árið 1918.) Þegar svikurunum hafði verið rutt úr vegi, var næsta hlutverk Stalíns að binda enda á Hitlerismann í Þýskalandi. Sovét-Þýskaland mundi jafngilda Sovét-Evrópu. GPÚ mundi stráfella nasistaleiðtogana með vélbyssuhríð í fangabúðum þeirra sjálfra. Feysknu lýðveldin í vestri mundu falla fyrir stormbyl Stalíns. Verkalýðurinn mundi verða frjál. Þeir mundu stofna þjóðfélög verkamanna um allan heim undir leiðsögn Stalíns. Stalíns, aflvaka heimsbyltingarinnar. Hver sá sem reis gegn Stalín var augljóslega leigubý fasismans, hafði fyrirgert rétti sínum til að draga andann.

Stundirnar voru lengi að líða. Ég tók að syngja hvern þann bardagasöng byltingarinnar, sem ég kunní. Ég kunní marga. Ég söng, þangað til ég var orðinn hás.

„Fram, fram, til frelsis og sólar, fram, bræður, ljósheima til ...“

Að lokum söng ég Alþjóðasöng verkamanna, Nallann, þjóðsöng Ráðstjórnarríkjanna, sem er um leið lofsöngur kommúnistaflokka um allan heim. Verðirnir þögnuðu skyndilega. Ég heyrði rödd Scharnetzki: „Standið upp, félagar!“

Mér fannst ég vera eins og maður kominn að drukknun, sem veit að ströndin er margar mílur undan. Ískalt næturloftið seytláði inn milli fjalanna fyrir glugganum. Það var síðla kvölds. Ég stóð í miðju koldimmu herberginu og ýlfraði eins og þunglyndur úlfur:

Hengjum böðla, hilmi, klerka ...

Martin Jensen opnaði dyrnar með lykli, og bústna höfuðið birtist eins og skuggamynd gegn gulleitu ljósi olíulampans að baki hans.

„Nú ættirðu að fara að komast í ró,“ sagði hann. „Þetta er ekkert geðveikrahæli.“

„Farðu til helvítis,“ sagði ég.

„Ef þú ert að þessu orgi á nóttunni, þá verð ég að lumbra á hausnum á þér.“

„Sleptu mér út.“

Martin Jensen var gramur. „Þú ert bölvuð plága. Ég get ekki sleppt þér fyrr en félagi Avatin segir til.“

Ég sagði háðslega: „Þér er að fara fram, Martin. Þú færð atvinnu sem fangavörður í Bútyrka áður en lýkur. Fjögur hundruð rúblur og flókaskó.“

Andlit Christiansens og Scharnetzki komu í ljós í dyrnum.

„Ég vil enga andskotans fangavardarstöðu,“ sagði Martin Jensen ólúndarlega.

Christiansen gekk í milli. „Heyrðu mig, félagi,“ sagði hann við mig. „Ég veit hvemig þér líður. En þetta er ekki mjög traustbyggt hús. Það þarf ekki nema góða fótspyrnu, þá hrynur það. Ég ætla aðeins að biðja þig um að taka ekki upp á því að eyðileggja húsið. Þá færðu járn um úlnliðina og handklæði fyrir munninn áður en varir.“

Æfur tók ég upp stól og henti honum í Christiansen. Hann stakk sér undan, greip stólinn á lofti og henti honum í mig aftur. Braki rigndi yfir mig, er hann lenti á veggnum. Á svipstundu hafði Martin Jensen náð kverkatarki á mér og sett hnéð í mjóhrygginn á mér.

„Láttu hann vera,“ tautaði Christiansen.

Martin Jensen sleppti takinu, nauðugur þó.

„Ef þú værir Gestapo-maður,“ nöldraði hann, „þá skyldi ég setja þig í járn og hella fötu af ísvatni yfir hausinn á þér. Það er verst, að maður veit ekki nema þú sért saklaus.“

Christiansen hló. „Ísvatn er það allra besta til þess að loka túlanum á þeim. Manstu eftir Óskari, ljósmyndaranum? Hann fékk sko ísvatnsheilsuþaðið sitt á hverju kvöldi um ellefuleytið.“

Daninn renglulegi, sem ég vissi ekki nafn á, sveiflaði handleggjunum eins og api. Ég sá það á kuldalega brosinu, sem lék um varir hans, að hann var enginn viðvaningur í liði Avatins. Slíkir menn voru ráðnir í að gera skyldu sína. Ég þekkti fleiri af því tagi. Þeir voru jafnónæmir fyrir ógnum og mútum.

„Út með ykkur,“ sagði ég. „Ég vil fá að sofa.“

Ég svaf ekki. Gegnum gægjugatíð á hurðinni sá ég að Martin Jensen og Christiansen lögðust endilangir í rúmin. Scharnetzki og Daninn héldu vörð. Daninn sat við ofninn og reykti og las með kaffikrukku fyrir framan sig. Scharnetzki setti upp vettlinga, fór í hermannafurta og batt trefil um hálsinn og gekk út til þess að gæta svæðisins milli girðingarinnar og hússins. Ég heyrði marra í fótskrefum hans fyrir utan. Hann nam staðar með nokkru millibili og barði sér. Einu sinni kom hann inn að fá sér kaffi og gægðist inn til mín.

„Ertu hér enn?“ hvíslaði hann.

„Farðu norður og niður,“ hvæsti ég.

Að tveimur stundum liðnum settist Scharnetzki við ofninn og Daninn gekk á vörð fyrir utan. Daninn raulaði göngulag. Stundum bölvaði hann í hljóði og skokkaði sér til hita. En hann kom ekki inn að fá sér kaffi. Scharnetzki snæddi brauð. Síðan skóf hann undan nöglunum á sér með tappatögara. Loks dró hann upp bláan vasaklút og tók að fægja skammbysstina sína. Hvenær, sem hann heyrði

að ég hreyfði mig, hljóp hann hröðum skrefum að dyrunum hjá mér og gægðist inn.

„Ertu þarna enn?“ spurði hann þá.

Ég gat ekki sofð. Ég renndi fingrunum um hvern fersentimetra veggjarins. Ég reyndi að finna lausa fjöl í gólfinu. Ég klifraði upp á bita og prófaði styrkleika mæn-  
isins. Viðurinn var gamall, en sterkur. Þar var ekki hægt að brjótast út nema með miklum hávaða. En ef ég kæmist nú út úr húsinu? Á einn veg var Eystrasalt. Á þrjá vegu var girðingin. Hliðið var nógu hrörlegt, en það var sjálfsgagt læst. Þeir mundu hafa náð mér, áður en ég gæti klifið girðinguna eða spyrnt hliðinu út.

Ég klifraði upp í gluggann. Það var rifa, hálfur þriðji sentimetri milli glugga-  
umgjörðarinnar og efsta plankans. Ég horfði út um rifuna, sá myrkið, útlínur húsa í nokkurri fjarlægð, dauf ljós í einum eða tveimur gluggum. Mig furðaði á mannabyggðum svo nálægt. Næsta húsið var um sextíu metra undan, að mér tald-  
ist. Tvö hundruð metrum handan þess lá þjóðbraut. Endurskin af ljósum bifreiða, er óku fram hjá, rauf myrkið við og við.

Í nokkurri fjarlægð gnæfði stórt hús, sett marglitum ljóspærum. Veitingahús. Í hérumbil fimm hundruð metra fjarlægð. Hvernig væri að æpa? Æpa, svo að fólk heyrði til mín? Það var hlægilegt að æpa á hjálp. Ég hafði aldrei æpt á hjálp á ævinni.

Ég bardist við löngun mína til að flýja. Það hefði ekki verið flótti frá gæslumönnum mínum. Það hefði verið flótti frá Komintern, játning um að ég óttaðist Komintern, viðurkenning um sekt mína. Vesæl yfirlýsing um gjaldþrot!

Glugginn vissi í norður. Í norður lá Kaupmannahöfn. Yfir Kaupmannahöfn var himinninn sveipaður gulgráum bjarma, eins og borgin væri að brenna. Nóttin var köld.

Ég heyrði keðjuna glamra utan á dyrunum. Scharnetzki æddi inn í herbergið. Daninn kom á harðahlaupum að utan.

„Farðu ofan úr glugganum,“ sagði Scharnetzki.

Ég fór niður. „Ég get ekki sofð,“ sagði ég. „Það er fýla af teppunum.“

„Það er ekkert að teppunum,“ sagði Scharnetzki.

Daninn var yggldur á brún. Úr fletum sínum umluðu Martin Jensen og Christ-  
iansen spurningar svefnbrungnum rómi.

Þannig leið fyrsta nótt mín í haldi hjá GPÚ.

Í nærfellt þrjár vikur sat ég innikróaður í þessu hlálega fangelsi, einhvers staðar á ströndinni milli Kaupmannahafnar og Køge. Ég beið úrskurðar, en að því er virtist var enginn úrskurður felldur. Ég hneigðist æ meir til þeirrar ályktunar, að Woll-  
weber væri ráðinn í að geyma mig hér, þangað til vorleysingar og ísabrot boðuðu það, að skipaferðir ráðstjórnarinnar á Eystrasalti yrðu teknar upp að nýju.

Á hverjum eftirmiðdegi milli klukkan fjögur og sex kom Richard Jensen akandi úr borginni. Hann hafði meðferðis kassa af bjór og tvö hundruð vindlinga í hvert skipti. Hann var hinn vingjarnlegasti. Stundum virtist hann verða hálfskömmustulegur, þegar ég yrti á hann. Ég mátti reykJa og drekka af hjartans lyst.

Á hverju kvöldi sagði Richard Jensen áður en hann fór: „Innan viku verða öll þín vandræði um garð gengin.“

Ég heimtaði að fá að tala við Wollweber.

„Wollweber er fjarverandi,“ sagði Jensen.

Ég vissi, að það var fyrirláttur. Wollweber lá í leyni einhvers staðar í Kaupmannahöfn og hafði með höndum leikstjórn að tjaldabaki.

„Þegar ég hitti Wollweber næst,“ sagði ég, „ætla ég að lemja hann til óbóta.“

Jensen hló. „Það hafa margir sagt. En enginn hefur nokkru sinni gert það.“

„Ég held, að þú sért hræddur við Wollweber,“ sagði ég við Jensen.

„Wollweber er besti félagi,“ sagði hann.

„Sjáðu um, að ég losni hédan,“ sagði ég í annað sinn, er Jensen kom í heimsókn.

„Eða útvegaðu mér eitthvað að starfa. Þýðingar, greinar eða eitthvað.“

„Þú ert of ópolinmóður,“ sagði Jensen. „Hvers vegna hvílirðu þig ekki? Flestir félagar mundu verða því fjandi fegnir að fá svona langa hvíld.“

„Ég vil enga andskotans hvíld.“

„Jæja, hvað viltu fá?“

„Útvegaðu mér síðustu tölublöð af *Runa* og *Imprecorr*.“ Þetta voru fréttablöð Kominterns, gefin út í Basel, annað trúnaðarútgáfa fyrir fylgismenn, hitt opinbert mál gagn.

„Okkur er skipað að fá þér ekki nein ný blöð í hendur,“ sagði Richard Jensen og bætti við til að sefa mig: „Ég get útvegað þér gott viskí. Sjómaður í flokknum smyglaði því frá Lundúnum.“

„Nei,“ sagði ég, „mig langar ekki í viskí. En þú getur útvegað mér kvenmann. Það er ekki mikil skemmtun í tsjekistunum ykkar þarna frammi. Þeir minna mig alltaf á hunda í bandi.“

Richard Jensen sagði snöggum rómi: „Kallaðu þá aldrei tsjekista. Flokknum geðjast ekki að því.“

„Jæja þá: félagarnir úr S-neðanjarðardeildinni.“

„Þig vantar kvenmann?“

„Já, mig vantar kvenmann.“

Seint um kvöldið marraði í hliðinu, og lítill bíll ók inn fyrir girðinguna. Kona gekk inn í húsið. Hún talaði lágum rómi við varðmennina. Ég þekkti hana á fóta-takinu. Það var Petra Petersen, fyrrum húsráðandi minn. Hún þrammaði formála-laust inn í herbergið.

„Ég tók mér frí eitt kvöld til að skemmta þér,“ tilkynnti hún glatt.

„Þú ert komin til að snuðra?“ svaraði ég.

Petra settist á fletið. „Æ, vertu ekki að þessari vitleysu,“ sagði hún. „Ég ætla ekki að snuðra. Um hvað ættri ég að snuðra? Ég var að koma heim úr fríu. Ég hef verið í Moskvu. Ég frétti, að þú værir hér, og brá mér hingað að heimsækja þig.“

„Upp á gamlan kunningsskap?“ sagði ég háðslega.

Hún tók ekki mark á skensinu. „Hvenær komst þú síðast til Rússlands?“ spurði hún.

„Fyrir sex árum.“

„Þú mundir ekki þekkja landið aftur, ef þú færir þangað núna,“ hélt hún áfram í ástúðlegum tón. „Það eru gífurlegar framfarir. Þjóðin hefur tekið upp nýttísku lifnaðarhætti. Ég sá nýju neðanjarðarbrautina í Moskvu. Hún er jafnvel fallegri en Metro í París. Og fyrir börnin eru Ráðstjórnarríkin orðin hreinasta paradís.“

„Og GPÚ er orðið hreinasta mannúðarfélag,“ bætti ég við.

„Þú ert lasinn,“ sagði Petra Petersen. „Þú ættir að fara til Rússlands að leita þér lækninga.“

Ég stóð fyrir framan hana og greip um axlir hennar. „Hlustaðu á mig,“ hvíslaði ég. „Mig langar til að skrifa konunni minni bréf. Útvegaðu mér pappír og blýant. Ég ætla að biðja þig um að taka bréfið og setja það í póst fyrir mig. Settu það ekki í póst í Kaupmannahöfn. Sendu það til Lenínsgarðs og láttu endursenda það þaðan. Viltu gera þetta fyrir mig?“

„Sjálfsagt.“

Hún var of fljót á sér að svara.

„Láttu mig í friði,“ sagði ég. „Farðu. Ég hef andstyggð á þér.“

„Hvers vegna?“

„Hvernig get ég treyst þér?“

„Ef þú treystir engum, þá ertu glataður,“ sagði Petra blíðlega.

„Farðu!“

Hún fór. Nóttin var þögul. Ég hugsaði til flóttu. Ég minntist þess, að ég hafði einu sinni átt tal við nokkra útlæga þýska féлага í Rotterdam. Við höfðum rætt um það, hvernig andfasistum yrði helst undankomu auðið, ef ræningjar Gestapo tækju þá höndum utan Þýskalands. Flestir höfðu stungið upp á sjálfsvígi. En einn sagði: „Ef þeir geymdu mig um borð í skipi eða inni í húsi, þá mundi ég gera allt sem í mínu valdi stæði til þess að kveikja í skipinu eða húsinu.“

Setning þessi festist í huga mér. Eldur. Reykur og logi vekja athygli annarra skipa og annars fólks. Eldurinn bindur hugi manna sterkum töfrum. Þegar maðurinn kveikti eld í fyrsta sinn, hófst siðmenningin.

„Ég verð að kveikja eld,“ sagði ég með sjálfum mér. „Þetta fellur ef til vill allt í ljúfa löð. ... Vertu ekki eins og móðursjúk kerling. Sofðu!“

Svefninn var hvergi nálægur. Hugurinn hélt áfram að jórtra hugmyndina — að kveikja eld. „Hvenær?“ hugsaði ég. „Í nótt?“ Ég reyndi af öllum mætti að liggja kyrr. „Ekki í nótt,“ tautaði ég með sjálfum mér.

„Bíddu. Bíddu, þangað til þú átt ekki annars úrkosta.“

Morguninn eftir lét ég sem ég væri hinn rólegasti. Húsið var gamalt og innviðir þess og raftar voru þurrir. Ég hóf undirbúning í kyrrþey.

Snemma morguns í síðustu viku janúar 1938 heyrði ég bíl aka upp að húsinu

og nema staðar fyrir utan girðinguna. Það marraði í hliðinu. Keðjan var dregin frá dyrunum að herbergi mínu. Í dyrunum stóð Richard Jensen.

„Góðan daginn,“ sagði hann. „Klæddu þig.“

„Hvað er á seyði?“ spurði ég.

„Þú átt að fara héðan í dag.“

„Hvert er förinni heitið?“

„Til Rússlands.“

Ég fór á fætur og smeygði mér í fötin. „Svo að þið ætlið að leggja mig á ís?“ spurði ég.

„Það er undir sjálfum þér komið,“ svaraði Jensen. „Ég er aðeins að framkvæma fyrirskipanir.“

„Fyrirskipanir frá hverjum?“

„Eftirlitsráðinu.“

„Er það ekki Wollweber?“

„Eftirlitsráðinu,“ endurtók Jensen aulalega.

„Jæja,“ sagði ég.

Ég gekk út úr herberginu. Martin Jensen hafði farið inn til borgarinnar kvöldið áður til þess að dvelja yfir nóttina hjá konunni sinni, Inge. Hann var ekki kominn aftur. Scharnetzki og Christiansen stóðu á forstofuþrepunum, báðir í yfirfrökkum.

„Hvaða leið er mér ætlað að fara?“ spurði ég.

„Sjóveg,“ sagði Jensen. „Það er skip að fara þangað í eftirmiðdag.“

„Þú veist það fullt eins vel og ég, að það ganga engin skip þangað að vetrarlagi,“ svaraði ég.

Jensen þagði.

„Þér er betra að fara að verða ferðbúinn,“ sagði Scharnetzki ólundarlega.

„Ekkert liggur á,“ sagði Jensen í sáttfúsum tón. „Þú ferð til Moskvu og gerir upp sakir þínar við Komintern. Það verður þér hagkvæmast.“

„Jæja,“ sagði ég. „Ég ætla að raka mig fyrst.“ Ég gekk aftur inn í hálfmyrkrið í fangaklefa mínum. Sérhver trefja, sérhver taug, sérhver blóðdropi í líkama mínum var í æðandi uppnámi. Ákafinn virtist lyfta mér upp af gólfinu. Ég fann til tröllaukinna krafta og banvæns hugaræsings, sem var gerólíkur tilfinningum þeim, er höfðu gripið hug minn árla morguns dag einn í október 1923, þegar götuljósín voru mölvað til merkis um, að hafin skyldi árás á vígi óvinanna til að eyða og tortíma, drepa og æða fram til sigurs. Það var eins og ég væri í þann veginn að lyfta hnefanum til þess að reka rýting í háls móður minnar, sem var orðin að nöðru. „Þú Komintern, ... þú svikamóðir ... þú — þú naðra!“ Lampinn, sem hékk í loftinu, var fullur af steinolíu. Tvær bjórflöskur, fullar af steinolíu, lágu undir dýnuni í fleti mínu. Ég náði þeim fram. Ég fékk mér vindling og kveikti á eldspýtu. Jensen var að tala við hina fyrir framan. Ég mölvaði flöskurnar á gólfinu, hvora á fætur annarri. Ég kastaði skíðlogandi eldspýtunni í steinolíupollinn. Lítill gulur logi lifnaði, læsti sig eftir rispóttu gólfinu, dofnaði og logaði skærar, girtur draugalegum,



bláum bjarma. Í einni svipan svipti ég lampanum úr loftinu. Einhver var að koma á harðahlaupum. Logarnir blossuðu upp. Um leið og ég æddi út úr herberginu, kastaði ég lampanum í vegginn.

„Eldur!“ hrópaði ég. „Eldur! Eldur! Eldur!“

Jensen bölvaði og ragnaði. GPÚ-mennirnir hlupu út úr húsinu. Ég tók undir mig tvö loftstökk, hljóp yfir afgirta svæðið og út um opið hliðið. Hinum megin við veginn stóð bíll.

„Eldur!“ æpti ég hástöfum. „Eldur! Eldur! Eldur! Eldur!“

Scharnetzki var tvö skref frá mér Hann orgaði eitthvað, og ófríða andlitíð var afskræmt.

„Eldur!“ æpti ég. „Eldur!“

Menn komu hlaupandi úr næstu húsum. Það voru verkamenn, sumir voru að girða sig á hlaupunum. Nokkrar konur komu á eftir þeim.

„Eldur!“ æpti ég. „Eldur!“

Þykkar reykjarmökk lagði undan rjáfrinu á húskofa Richards Jensens. Reykurinn þyrlaðist út um gluggana. Á stofupallinum brakaði datt í eldinum. Fólk þyrptist saman á veginum. Sumir hlupu fram og aftur. Einhver hrópaði á skjólur og vatn. Jensen reikaði í kring um ytri limagarðinn, en danski horgemlingurinn elti hann og virtist vera að spyrja yfirboðarann ráða. Nálægt mér stóðu Scharnetzki og Christiansen og höfðu gætur á mér, en þorðu ekki að koma nær. Gegnum skarkalann mátti heyra hlátur Jensens rymja við: „Ojæja, kofinn var orðinn gamall.“ hrópaði hann.

Ég sneri mér undan og gekk hröðum skrefum niður stíginn. Ég komst út á steinsteyptu þjóðbrautina og lagði leið mína í norður, til Kaupmannahafnar. Ég gekk fram hjá veitingahúsinu, sem ég hafði séð tindra með marglitum ljósum kvöld eftir kvöld í gegnum rifurnar á glugganum mínum. Það hét Jægerkroen. Scharnetzki og Christiansen voru á hælunum á mér, um tuttugu skref undan. Ég gekk inn í garðinn við Jægerkroen, eins og ég væri í þann veginn að fara inn í krána. Scharnetzki stóð kyrr á þjóðveginum. Christiansen hljóp aftur í áttina til hússins, sem var að brenna. „Ég verð að halda áfram,“ hugsaði ég með mér. „Hann er að sækja bílinn.“

Ég lagði af stað í áttina til Kaupmannahafnar eftir miðjum þjóðveginum. Í hvert skipti er ég sá bíl nálkast, nam ég staðar og rétti upp báðar hendurnar. Tveir bílar þutu fram hjá, sá þriðji, ... fjórði, ... fimmti. Sjötti bíllinn nam staðar og hurðin var opnuð. Sá, sem ók, var roskinn maður á leið til vinnu sinnar.

„Hvert ætlið þér?“ spurði hann.

„Til Kaupmannahafnar.“

„Það er að brenna þarna?“ spurði hann.

„Já, það er að brenna,“ svaraði ég. „Það voru sjómenn að skemmta sér. Þeir gerðust drukknir.“

Maðurinn hló.

Ég hafði skamma viðdvöl í Kaupmannahöfn. Ég lét undan hvöt minni til að

forða mér eins langt burt frá mannaveiðurum Michaels Avatins og unnt var. Hann, sem hafði verið vinur minn um margra ára skeið, mundi ekki sýna mér miskunn nú. Ég átti sex krónur. Ég þvoði mér í baðhúsi. Á rakarastofu í austurhluta borgarinnar lét ég raka mig og klippa. Síðan fékk ég mér góðan morgunverð. Í hliðargötu stal ég reiðhjóli, sem stóð uppi við húsvegginn nálægt útidyrum. Með þrjár krónur og áttatíu aura í vasanum hjólaði ég vestur eftir veginum milli Kaupmannahafnar og Hrórarskeldu. Ég hafði hvorki vegabréf né önnur skilríki.

Ég fór yfir Stórabelti með aðstoð félaga, sem var háseti á ferjunni. Á sjö klukkustundum hjólaði ég yfir Fjón. Með annari ferju komst ég til Fredericia. Um nóttina svaf ég í gistiskála Hjalpræðishersins. Daginn eftir hjólaði ég yfir Jótland til hafnarborgarinnar Esbjerg. Ég kom til Esbjerg með eina krónu í vasanum.

Skipið *P. A. Bernstorff* lá við bryggju. Ég gekk um borð og talaði við foringja kommúnistasellunnar á skipinu. Hann þekkti mig vel frá fyrri ferðum. Hann hafði auðvitað ekkert hugboð um, hvernig ástatt var fyrir mér í raun og veru.

„Félagi,“ sagði ég. „Þú verður að sjá mér fyrir fari. Ég þarf að fara til Frakklands í flokkserindum.“ Félaginn var sjómaður og heiðarlegur byltingarmaður. Hann gaf mér mat og faldi mig í klefa sínum. Þrjátíu og sex klukkustundum eftir að *P. A. Bernstorff* lét úr höfn í Esbjerg, gekk ég á land í Dunkerque. Ég fór til Salle d'Avenir og hitti féлага Manautines, milligöngumann GPÚ í Dunkerque.

„Félagi,“ sagði ég. „Mér liggur á að komast til Parísar.“

Manautines lánaði mér hundrað franka og fylgdi mér í lestina til Parísar. Þegar ég kvaddi hann með handabandi, kvaddi ég um leið Komintern. Ég var með tár í augunum og kökk í hálsinum.

„Djöfullinn sjálfur,“ sagði Manautines, „það er eitthvað að þér.“

Tíu stundum síðar ruddist ég í gegnum mannþröngina og glymjandann á Gare du Nord í París.

Í París skrifaði ég Richard Jensen bréf og bað hann um að koma því áleiðis til yfirmanna sinna í Komintern. „Gestapo heldur,“ skrifaði ég, „að ég sé í Rússlandi. Það varðar líf konu minnar og barns, að Gestapo sé haldið í þeirri trú. Ég bið ykkur um að gæta þagnar um dvalarstað minn. Þá mun ég einnig gæta þagnar.“

Ég mátti ekki dvelja lengi í París. GPÚ hafði látið boð út ganga. Körtlum og konum, sem höfðu verið vinir mínir, bar nú skylda til að elta mig uppi sem óvin Stalíns og klíku hans. Kvöld eitt tókst mér að laumast burt frá tveimur GPÚ-mönnum, sem höfðu elt mig í nágrenni Place de Combat. Sama kvöldið fór ég frá París.

Ég ferðaðist einn míns liðs frá einu landi til annars. Í Antwerpen heimsótti ég Edo Fimmen, Hollendinginn, sem hafði verið andstæðingur minn, en var nú orðinn vinur minn. Hann sá, að ég var sjúkur og örvinglaður.

„Viltu taka við starfi í félagsskap okkur?“ spurði hann.

Ég hafnaði boðinu. „Ef þú vilt hjálpa mér,“ sagði ég, „þá geturðu útvegað mér skipsrúm. Ég ætla að fara til sjós aftur, því að þar á ég heima.“

Edo Fimmen gekk heilum hersingum sjómanna í föður stað. Daginn eftir kom

hann mér á skip, sem átti að fara vestur um haf að sækja sykur til Vestur-Indía. GPÚ hafði rakið slóð mína frá París til Antwerpen. En þegar mannaveiðararnir komu á staðinn, var ég kominn út á sjó. Enginn þeirra, sem voru mér samskipa, vissi hvaðan ég kom né hvert ég fór. Það var óblandin unun að ganga aftur um ruggandi þilfar, að dýfa höndunum í tjörupott. Ég gat ekki skrifað Firelei. „Það er best,“ hugsaði ég. „Þegar fram líða stundir, heldur Gestapo, að ég hafi dáið einhvers staðar í Rússlandi, og þá fær Firelei að fara frjáls ferða sinna.“

En GPÚ og Komintern létu mig hvergi í friði. Að lokum kom Wollweber hefndum sínum fram. Löngu eftir að ég flýði frá Kaupmannahöfn, sendi vinur minn einn í Antwerpen mér böggul. Í bögglinum voru eintök af dagblöðum kommúnista í ýmsum löndum, allt frá Kyrrahafsströndinni til Norðurlanda. Ég braut blöðin í sundur. Mig furðaði á að sjá mynd af sjálfum mér á fremstu síðu hvers blaðs. Það var sama myndin — ljósmyndin á Gestapo-skirteini mínu — sem ég hafði fengið félagan Jensen í hendur, þegar ég kom til Kaupmannahafnar úr fangelsum Hitlers. Myndin bar fyrirsögnina: „Gætið ykkar! Gestapo!“

Mér varð það ljóst á svipstundu, með hve illmannlegri slæð þessi svik höfðu verið brugguð. Ég hafði komist undan morðingjum GPÚ, var horfinn þeim sjónum, og nú létu þeir kné fylgja kviði með fúlmannlegum og lævísnum hætti. Af ljósmyndum þeim af mér, er þeir áttu í fórum sínum, völdu þeir einmitt þá, sem var líklegust til að siga öllum leyniþjónum og mannaveiðurum einræðisins á mig og fjölskyldu mína. Birting þessarar myndar fól í sér þreföld svik: Hún var gerð í því skyni að gera mig tortryggilegan í augum verkamannaleiðtoga hvar sem væri. Hún átti að sanna Gestapo-foringjunum að ég hefði blekkst þá. Og henni var ætlað að koma því til leiðar, að lögreglulið allra landa ynni hlutverk GPÚ — að elta mig uppi og framselja mig Þýskalandi, GPÚ og dauðanum.

Í greinum, sem fylgdu myndinni af mér í kommúnistablöðunum, var mér út-húðað sem „einum mikilvirkasta njósnara Gestapo“. Það var ekki sagt orð um ævilanga þjónustu mína við málstað kommúnista, ekki orð um árin í pyndingaklefum Gestapo. En þess var getið, að ég hefði nýlega „fundist í París“. Þannig lét GPÚ sýnast svo sem það hefði ekki einu sinni vitað, að ég var til, fyrr en flugumenn þess hefðu „fundid“ mig fimmtán árum eftir að ég gekk í þjónustu ráðstjórnarinnar. Á lýsingunni á mér, sem fylgdi myndinni, gat ég greint handbragð Richards Jensens. Enginn nema jötunn gat lýst mér — rösklega 1,80 metra háum — sem „meðalmanni á hæð“. Ég vissi fullvel, að jötunninn í Kaupmannahöfn lét Wollweber, dverginn fálynda, segja sér fyrir verkum.

Í sambandi við svikráð þessi, sem böðlar Stalíns höfðu bruggað mér til eyðileggingar, minntist ég annarra atvika. Ég minntist dagsins í skrifstofu Streckenbachs, er hann fékk mér skilríki Gestapo, og ég minntist orða hans: „Þó að rigni eldi og brennisteini, þá láttu aldrei þessi skjöl falla í hendur óvinunum.“ Ég minntist dagsins, er ég hafði trúað Richard Jensen fyrir þessum sömu skjölum, hvernig hann hafði farið yfir þau og tautaði: „Ágætt, fyrirtak.“ Ég minntist líka ógnandi raddar

Kraus lögreglufulltrúa: „Reyndu ekki að blekkja okkur. Þú munt aldrei lifa lengi, ef þú gerir það. Gestapo gerir aldrei að gamni sínu.“

Þessi ófræging í blöðum Kominterns um allan heim gat ekki verið nema til eins. Það var ekki aðeins áskorun til manna Stalíns um að leita mig uppi og tortíma mér. Nei, þetta var meira: Þessi blöð og þessi mynd af mér mundi berast í skrifstofur leyniþjónustunnar í öllum löndum, einnig í Hamborg og Berlín. Hertha Jens og Kraus lögreglufulltrúi myndu sjá blöðin og sömuleiðis Streckenbach og Heinrich Himmler. Þeim mundi óðar verða ljóst að ég hefði framselt óvinunum leyndarmál þeirra. Þeim mundi verða ljóst, að ég hefði ekki farist í Rússlandi. Þau myndu telja, að ég væri valdur að hvarfi erindreka þeirra, Óskars. Þau myndu vita, að ég hafði blekkt þau. Þau myndu gera sér grein fyrir því, að ég hefði leikið á þau.

Það stóð heima.

Í júlí 1938 frétti ég, að Firelei hefði verið gripin höndum og flutt í Fuhlsbüttel-fangabúðirnar.

Í desember 1938 barst mér orðsending þess efnis, að Firelei hefði látist í fangelsinu. Batt hún sjálf enda á ævidaga sína? Var hún myrt köldu blóði? „Gestapo gerir aldrei að gamni sínu.“ Né heldur lætur Gestapo neinar upplýsingar í té. Sonur okkar, Jan, var gerður að skjólstæðingi Þriðja ríkisins. Ég hef ekkert frétt af honum síðan.

ENDIR



Teikning af Richard Krebs eftir William Gropper í áróðursbæklingi, sem bandarískir kommúnistar gáfu út gegn bók hans.

# Skýringar

Alþjóðasambands kommúnista ... 7. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista (stundum nefnt þriðja alþjóðasambandið), var stofnað 1919, og sóttu tveir Íslendingar 2. þing þess 1920, Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson. Þar voru Moskvuskilyrðin svokölluðu samþykkt fyrir aðild, en þau legga meðal annars þá skyldu á aðildarflokka (skv. 3. skilyrði) að stofna ólögleg hliðarsamtök, sem reiðubúin séu til aðgerða, ef og þegar byltingarástand myndast. Ólafur Friðriksson sótti 3. þingið 1921 og 4. þingið 1922. Brynjólfur Bjarnason sótti 5. þingið 1924 og þeir Einar Olgeirsson og Haukur Björnsson 6. þingið 1928. Kommúnistaflokkur Íslands, sem starfaði 1930–1938, átti aðild að Komintern. Fyrir hönd hans sóttu Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson 7. þingið 1935. Þar voru margir þeir menn, sem Krebs minntist á í bók sinni, t. d. Dmitríf Manúílskj, Otto Kuusinen, Georgí Dímitrov, Wilhelm Pieck og Maurice Thorez. Fimm erindrekar Kominterns, sem vitað er um, komu til Íslands, Olav Vegheim 1924, Hugo Sillén 1928 og 1930, Haavard Langseth 1930, Harry Levin 1930 og Willi Mielenz 1932. Íslenskir kommúnistar fengu margsinnis verulega fjárhagslega aðstoð frá Komintern, m. a. fyrir kosningarnar 1937, eins og rakið er í *Íslenskum kommúnistum 1918–1998* eftir Hannes H. Gissurarson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011). Eftir að Komintern var lagt niður 1943, tók alþjóðadeild kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna við hlutverki þess, og fengu Sósíalistaflokkurinn og hliðarsamtök hans t. d. alls 471 milljónir kr. á verðlagi ársins 2015 (svo að vitað sé) í styrki 1955–1970 eða sem svarar tæpum 30 milljónum kr. á ári. Þegar Sósíalistaflokkurinn var lagður niður 1968, áttu hann eða hliðarsamtök hans fjögur stórhýsi í Reykjavík, Skólavörðustíg 19, Tjarnargötu 20, Laugaveg 18 og Þingholtsstræti 27. Fasteignamat þeirra nam samtals 1,1 milljörðum kr. á verðlagi ársins 2015.

fríðarþing í Amsterdam ... 7. bls. Á meðan Komintern starfaði og raunar líka eftir það, stofnuðu kommúnistar iðulega hliðarsamtök, „front organisations“, sem litu sakleysislega út og margir málsmetandi menn studdu, þótt þeir væru sjálfir ekki kommúnistar, en slíkum samtökum var fjarstýrt af kommúnistum og beitt fyrir þeirra hagsmuni. „Alþjóðarþingið gegn stríðshættunni“ í Amsterdam 27.–28. ágúst 1932 var dæmigerður slíkur viðburður. Skrifaði Laxness um það í *Verklyðsblaðið* 13. september 1932 og minntist þar á, að Ísland hlyti „eftir legu sinni að hafa mikla hernaðarþýðingu í næsta stríði“. Hafði Lenín haft orð á hernaðargildi Íslands við íslensku fulltrúana á 2. þingi Kominterns 1920.

Ernst Wollweber ... 7. bls. Hann (1898–1967) gekk í kommúnistaflokk Þýskalands 1919 og sat í miðstjórn hans og um skeið á þýska Ríkisdeginum. Eftir að nasistar bönnuðu kommúnistaflokkinn 1933, fluttist Wollweber til Kaupmannahafnar, og árin 1936–1940 hafði hann forystu í sveit, sem vann skemmdarverk á skipum frá löndum undir stjórn fasista og nasista. Hann var handtekinn í Svíþjóð 1940 og sat þar í fangelsi til 1944, þegar honum var vísað til Ráðstjórnarríkjanna, þar sem hann hafði öðlast ríkisborgararétt. Í stríðslok fluttist hann til Austur-Þýskalands. Hann varð siglingamálastjóri landsins 1947 og aðstoðarráðherra samgöngumála 1950. Hann var yfirmaður leynilögreglu Austur-Þýskalands, Stasi, 1953–1957,

en féll í ónáð og varð að segja af sér trúnaðarstörfum. Eftir það framfleytti hann sér aðallega við þýðingar.

Richard Jensen ... 7. bls. Hann (1894–1974) sat lengi í miðstjórn danska kommúnistaflokksins og var forystumaður danskra kyndara. Hann var sérstakur trúnaðarmaður Kominterns á Norðurlöndum og tíður gestur í Moskvu, en hatrammur andstæðingur Aksels Larsens, formanns danska kommúnistaflokksins. Jensen var borgarfulltrúi í Kaupmannahöfn 1934–1943. Hann var handtekinn í Danmörku 1941 og dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir skemmdarverk á skipum, en 1944 tókst honum að flýja til Svíþjóðar. Eftir stríð gerðist hann aftur forystumaður danskra kyndara, en dró sig í hlé 1956. Hann andmælti harðlega frásögn Richards Krebs í bæklingnum *Frem i lyset* (København: 1946), þar sem hann kvað hann hafa verið flugumann Gestapo. Hann gaf einnig út endurminningar, *En omtumlet tilværelse* (København: 1957).

Isaac Don Levine ... 7. bls. Hann (1892–1981) fæddist í Hvíta-Rússlandi og var af gyðingaættum, en fluttist 1911 til Bandaríkjanna. Hann gerðist ungur blaðamaður og var þá róttækur, en snerist gegn kommúnisma og aðstoðaði Walter Krívítskíj, Richard Krebs og fleiri rithöfunda við að koma lýsingum á ógnarstjórn kommúnista á prent. Hann var ritstjóri tímaritsins *Plain Talk* 1946–1950 og vann síðar fyrir útvarpsstöðina Radio Free Europe. Hann gaf út fjölda bóka, aðallega um Rússlandsmál.

*Life* ... 7. bls. Kaflarnir birtust 24. febrúar og 3. mars 1941.

Freda Utley ... 7. bls. *Revolutions and Reality*, *Saturday Review of Literature*, 18. janúar 1941, 5. bls. Utley (1898–1978) var bresk blaðakona, sem bjó um skeið í Rússlandi. Parlandur eiginmaður hennar var handtekinn 1936 í hreinsunum Stalíns (og skotinn 1938), en hún slapp til Bretlands, settist síðar að í Bandaríkjunum og gerðist andkommúnisti og rithöfundur.

Whittaker Chambers ... 7. bls. *Collapse*. *Time* 20. janúar 1941. Chambers (1901–1961) var blaðamaður, sem hafði starfað leynilega í kommúnistaflokki Bandaríkjanna, en yfirgefið hann og varað stjórnvöld við undirróðri hans. Hann var um skeið ritstjóri *Time*. Bók hans, *Witness* (New York: Random House, 1952), hafði mikil áhrif á andkommúnista í Bandaríkjunum.

skipulögðu að bragði ... 7. bls. Meðal annars birti kommúnistablaðið *New Masses* umsögn eftir Isidor Schneider 4. mars 1941 undir fyrirsögninni „Out of the Sewer“ eða „Úr holræsinu“. Í *Freies Deutschland*, 1. árg. 3. hefti, 15. janúar 1942, 19. bls., sagði Ernst Bloch, að bókinn væri „saurskáldsaga“. Kommúnistar réðu ekki aðeins miklu í menningarlífi New York-borgar, heldur líka á bak við tjöldin í kvikmyndaverum Hollywood, og gumaði einn þeirra, Dalton Trumbo, síðar af því í einkabréfi, að þeir hefðu komið í veg fyrir, að kvikmynd væri gerð eftir sögu Krebs, en kvikmyndahandrit hafði verið samið eftir henni. Eflaust breytti það einnig einhverju um afstöðu margra, að tímamót urðu í styrjöldinni 22. júní 1941, þegar Hitler réðst á Ráðstjórnarríkin. Næstu tvö ár á undan, eftir griðasáttmála Stalíns og Hitlers, höfðu nasistar og kommúnistar nánast verið bandamenn. Um viðbrögð við bók Valtins sjá m. a. John V. Fleming, *The Anti-Communist Manifestos. Four Books that Shaped the Cold War* (New York: W. W. Norton & Company, 2009). Þrjár þeirra fjögurra bóka, sem Fleming telur hafa verið mikilvægastar í Kalda stríðinu, komu út á íslensku, auk rits Valtins *Myrkur um miðjan dag* eftir Arthur Koestler og *Ég kaus frelsið* eftir Víktor Kravtsjenko, og eru þær allar þrjár endurútgefnar í þessari ritróð.

*Alþjóðublaðið* sagði ... 7. bls. Sjá 11. júlí (forsíðufrétt) og 26. júlí (leiðari).

*Morgunblaðið* prentaði ... 7. bls. Sjá 22., 23. og 24. júlí 1941.

Gunnar Benediktsson ... 7. bls. Hann (1892–1981) nam guðfræði, kvæntist og gerðist prestur, en flosnaði upp af brauði sínu 1931, skildi og snerist til kommúnisma. Hafði hann eftir það ofan af fyrir sér með ritstörfum, kennslu og erindrekstri fyrir kommúnista og kvæntist aftur. Hann skrifaði ýmis rit til varnar kommúnisma, þar á meðal bæklinginn *Frá hugsjónum til hermdarverka* (Reykjavík: 1937), þar sem hann svaraði gagnrýni á sýndarréttarhöld Stalíns, og bókina *Bóndann í Kreml* (Reykjavík: Reykholt 1945), sem var um Stalín. Þegar *Þjóðviljinn* var bannaður vorið 1941 vegna sífældra skrifa gegn breska hernámsliðinu (en Hitler og Stalín voru þá enn bandamenn og íslenskir sósíalistar því andvígir Bretum í stríðinu), tók Gunnar að sér að gefa út *Nýtt dagblað* í stað *Þjóðviljans*, sem hóf aftur göngu sína vorið 1942.

skrifaði í *Nýtt dagblað* ... 7. bls. Gunnar Benediktsson, Hneyksli í útgáfustarfi, *Nýtt dagblað* 2. ágúst 1941.

Héðinn Valdimarsson ... 8. bls. Hann (1892–1948) var hagfræðingur og stofnaði eigið fyrirtæki 1927, en var líka um árabil formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Hann settist á þing fyrir Alþjóðflokkinn 1926, en klauf hann, þegar hann og fylgismenn hans tóku 1938 samfylkingartilboði kommúnista og stofnuðu með þeim Sósíalistasflokkinn. Héðinn var formaður hins nýja flokks, en gekk úr honum í desember 1939, þegar hann kom þar ekki fram tillögu um að lýsa yfir samúð með Finnum, eftir að Rauði herinn Stalíns hafði ráðist á þá. Hann sat á þingi til 1942.

andmælti þar ungur hagfræðingur ... 8. bls. Benjamín H. J. Eiríksson, Um bókina *Out of the Night*, *Nýtt land* 22. ágúst 1941.

Benjamín H. J. Eiríksson ... 8. bls. Hann (1910–2000) stundaði nám í Berlínarháskóla (þá Friðriks Vilhjálmsháskólanum, síðar Humboldt-háskóla) 1932–1933, í Uppsalaháskóla 1933–1935, í Vesturskólanum í Moskvu (sem Richard Krebs minnst nokkrum sinnum á) 1935–1936 og í Stokkhólmsháskóla 1937–1938, en þaðan lauk hann hagfræðiprófi. Hann starfaði síðan á Íslandi um hríð, en hélt hagfræðinámi áfram í Bandaríkjunum, fyrst í Minneapolis, síðan í Harvard, en þaðan lauk hann doktorsprófi 1946. Hann starfaði síðan hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og fyrir ríkisstjórn Íslands. Í Moskvu átti Benjamín unnustu, Veru Hertzsch, og eftir brottför hans eignaðist hún barn þeirra vorið 1937, Erlu Sólveigu Benjamínsdóttur. Vera var handtekin að Halldóri K. Laxness viðstöddum í mars 1938, en hann sagði ekki frá því opinberlega fyrr en aldarfjórðungi síðar, í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell 1963). Eina sök hennar var, að hún hafði áður verið gift manni, sem sakfelldur hafði verið fyrir andstöðu við Stalín, og höfðu hjónabandsslitin ekki verið skráð opinberlega. Vera og dóttir þeirra Benjamíns fórust í fangabúðum Stalíns. Um Benjamín má lesa í bókinni *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða* (Reykjavík: Bókafélagið 1996) eftir Hannes H. Gissurarson. Um Veru má lesa í bókinni *Appelsínum frá Abkasíu* (Reykjavík: JPV, 2012) eftir Jón Ólafsson. Það rit er þó óráðanlegt um margt. Jón rekur þar t. d. bréfaskipti Veru og Benjamíns. Síðasta bréf Veru til Benjamíns var dagsett 8. desember 1937. Þar skrifaði hún: „Greve hefur líka verið handtekin [svo]“. Jón segir síðan, 173. bls., að ekki sé „ljóst hver Greve var“. En Richard Greve (stundum stafsett Grewe) var ritstjóri *Deutsche Zentral-Zeitung*, þar sem Vera Hertzsch hafði verið blaðamaður. Hann var handtekinn 14. nóvember



1937 og skotinn 25. desember sama ár. Nafn Greves er nefnt í fjölda rita um hreinsanir Stalíns. Sjálfur vitnar Jón Ólafsson í eitt slíkt rit, *Verratene Ideale* (Sviknar hugsjónir, Berlin: Trafo, 2000) eftir Oleg Dehl. Þar er sérstakur kafla um *Deutsche Zentral-Zeitung* með stuttu æviágripi Greves og mynd af honum. Jón skrifar og, 251. bls.: „Árið 1949 kom út bókin *11 ár í sovískum fangabúðum* eftir Elinor Lipper. Lipper kom til Moskvu 27 ára gömul árið 1937 í stutta heimsókn.“ Hér eru þrjár villur: Bók Lippers kom fyrst út á þýsku snemma árs 1950 og í enskri þýðingu á Bretlandi það ár, en í Bandaríkjunum árið eftir. Í öðru lagi var Lipper að verða 25 ára, þegar hún kom til Moskvu vorið 1937. Hún var fædd í júlí 1912. Í þriðja lagi fór Lipper ekki til Moskvu í stutta heimsókn, heldur til að vinna í þágu byltingarinnar. Í heimildaskrá er getið bókarinnar *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* eftir Lipper, Chicago 1950, hjá Oprecht. Hið rétta er, að þýska bókin kom út hjá Oprecht í Zürich. Hin bandaríska þýðing kom út hjá Henry Regnery í Chicago ári síðar. Í þriðja lagi skrifar Jón um Vetrarstríðið svokallaða, 285. bls.: „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Karelíu sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ En Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremlverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarstríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremlverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremlverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi (Karelíu), sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809.

Mario Vargas Llosa ... 8. bls. Fyrirlestur hans á ráðstefnu Mont Pèlerin-samtakanna í Lima í Perú í mars 2015. Sbr. *A Fish in the Water* (London: Faber & Faber, 1995), 183. bls.

Í *Njýu dagblaði* ... 8. bls. Halldór Kiljan Laxness, Vondur félagsskapur, *Njýtt dagblað* 31. ágúst 1941.

Halldór Kiljan Laxness ... 8. bls. Hann (1902–1998) sneri aftur til Íslands 1929 eftir misheppnaða tilraun til að hasla sér völl í Hollywood. Hann var þá orðinn stækur andstæðingur kapítalismans. Hann gekk ekki í kommúnistaflokkinn íslenska, sem stofnaður var 1930, en fór þó í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna haustið 1932 og skrifaði um heimsóknina bókina *Í Austurvegi* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands 1933). Næstu ár hélt hann uppi ákøfum vörnum fyrir Ráðstjórnarríkin og andmælti því harðlega, að þar væri kúgun og eynd. Til dæmis hefði hann ekki orðið var við neina hungursneyð í Úkraínu, þegar hann hefði verið þar á ferð. Laxness var mjög virkur í kosningabaráttu kommúnistaflokksins 1937, talaði fyrir flokkinn í útvarp ásamt helstu forystumönnum hans og skrifaði fjölda greina. Hann fór aftur í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna seint á árinu 1937 og sneri heim vorið 1938. Í Moskvu var hann viðstaddur sýndarréttarhöldin yfir Búkharín og öðrum kommúnistaleiðtogum. Þegar heim kom, gaf hann út ferðabókina *Gerska æfintýrið* (Reykjavík: Heimskringla 1938) og varði þar stjórn Stalíns af mælsku og hörku. Þegar Sósíalístaflokkurinn var stofnaður haustið 1938, gekk Laxness í hann og settist í flokkstjórn hans. Tók hann þar jafnan afstöðu með hörðustu kommúnistunum. Hann var líka óslitið í framboði fyrir flokkinn til og með 1959. En 1963 gaf Laxness út *Skáldatíma*, þar sem hann hafnaði stalinisma og lýsti Rússlandsferðum sínum 1932 og 1937–1938 á allt annan veg en áður, og skrifuðu þeir Þórbergur Þórðarson og séra Gunnar Benediktsson þá gegn honum. Um Laxness og

stjórnmálaafskipti hans má m. a. lesa í bókunum *Halldór* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2003), *Kiljan* (2004) og *Laxness* (2005) eftir Hannes H. Gissurarson.

Benjamín skrifaði þá ... 8. bls. Benjamín Eiríksson, Halldór Kiljan og Komintern, *Alþýðublaðið* 15. september 1941.

flokkshreinsunum Stalíns ... 8. bls. Josíf Vissaríanovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann var bolsévíki eins og Lenín og komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdarán bolsévíka 7. nóvember 1917. Gerðist hann miskunnarlaus einræðisherra, sem sveltí milljónir bænda í Úkraínu til bana 1932–1933, þegar þeir tregðuðust við að afhenda ríkinu allar afurðir sínar. Einnig framkvæmdi hann reglulega „hreinsanir“ í kommúnistaflokknum, svo sem í Moskvuréttarhöldunum 1938. Milljónir manna sátu í þrælkunarbúðum hans. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki Stalíns í Stéphane Courtois (ritstj.), *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er endurútgefin í þessari ritröð. Íslenskir kommúnistar harðneituðu hins vegar á sínum tíma öllum óþægilegum staðreyndum um Stalín. Gáfu þeir út lofsamlegar ævisögur hans, *Bóndann í Kreml* eftir Gunnar Benediktsson, sem þegar er getið, og *Stalín, 1879–1944* eftir breska kommúnistann J. T. Murphy í þýðingu Sverris Kristjánssonar (Reykjavík, Kristján Júlíusson, 1975). Jóhannes úr Kötlum orti einnig lofkvæði um Stalín. Það varð íslenskum kommúnistum að vonum feikilegt áfall, þegar Níkíta Khrústsjov, leiðtogi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, viðurkenndi ýmis ódæði Stalíns í leyniræðu 1956. Í erfðaskrá sinni, sem íslenskir kommúnistar kváðu falsaða, lýsti Lenín yfir efasemdum um, að Stalín yrði heppilegur eftirmaður sinn. Ræða Khrústsjovs og erfðaskrá Leníns koma út í einu riti í þessari ritröð.

fræddi hann lesendur ... 9. bls. Halldór K. Laxness, Þjóðstjórnarbilían. Ritdómar, *Tímarit Máls og menningar*, 3. árg. 3. hefti, 284.–285. bls.

röskum fjögur þúsund ... 9. bls. „Úr álögum.“ Bók Jan Valtins, *Morgunblaðið* 9. desember 1944.

Emil Thoroddsen ... 9. bls. Hann (1898–1944) stundaði eftir stúdentspróf nám í listasögu í Kaupmannahafnarháskóla og tónlist í Leipzig og Dresden. Hann var síðan hljómsveitarstjóri Leikfélags Reykjavíkur og píanóleikari í Reykjavík og samdi nokkur tónverk, þar á meðal lag við ljóðið „Íslands Hrafnistumenn“ eftir Örn Arnarson og verðlaunalag við ljóð Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind) á lýðveldishátíðinni 1944. *Nýtt dagblað* sagði í háðstón 14. desember 1941, þegar fyrri bindi bókar Krebs var nýkomið út, að þýðandinn, Emil Thoroddsen, væri þjóðkunnur fyrir „ábyggilegheit, reglusemi og samvísukusemi“.

Arne Halvorsen ... 9. bls. Hann (1899–1955) var læknir í Noregi. Þjóðverjar handtóku hann haustið 1941, og sat hann í Grini-fangelsi fram í stríðslok vorið 1945, en gegndi jafnframt læknisstarfi þar. Kona hans var Kari Halvorsen (1898–1982). Norski sagnfræðingurinn Lars Borgersrud, sem er virkur í samtökum marx-lenínista, rannsakaði frásagnir Krebs frá Noregi í doktorsritgerð sinni, *Wollweber-organisasjonen i Norge* (Oslo: Universitetsforlaget, 1997), 75.-82. bls. Segir hann aðra heimildarmenn, Leif O. Foss og Arthur Samsing, staðfesta, að ferðafrásagnir Krebs frá Noregi „stort sett var ríktig fremstílt“ (sé í aðalatriðum rétt), sjá 6. nmgr. á 76. bls. Borgersrud bætir við, að sumt sé ýkt (eða óstaðfest í öðrum heimildum), t. d. um ferð Samsings til Rússlands og um lausn Krebs úr varðhaldi í Noregi. Þótt Hildegard Volkersen, sjá aftanmálgrein um „Cilly“ við 252. bls., segðist hafa heyrt söguna um lausn

Krebs frá tveimur vitnum, Arne Halvorsen og Kitty Andresen, telur Borgersrud hana ekki áreiðanlegan heimildarmann.

Jón Aðalsteinn Sveinsson ... 9. bls. Hann (1894–1958) var eindreginn kommúnisti og skyldur þeim Kristni og Einari Andræssyni, sem ráku bókafélagið Mál og menningu. Hann var vélstjóri á ýmsum skipum Eimskipafélagsins, m. a. *Goðafossi*, sem Krebs nefndi, sjá Guðmund Magnússon, *Eimskipafélag Íslands í 100 ár* (Reykjavík: Eimskipafélag Íslands, 2014), 61. bls. Heimildarmaður Þórs Whiteheads úr kommúnistaflokknum kvað Jón Aðalstein hafa flutt leyniskjöl fyrir Komintern milli landa, sjá Þór Whitehead, *Kommúnistabreyfingin á Íslandi 1921–1934* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1979), 52. bls. Sunnudaginn 20. júní 1948 var Jón Aðalsteinn staðinn að því ásamt einum starfsbróður sínum að reyna að smygla í land úr *Tröllafossi* stálpráðstækjum, sem nota mátti til símahlerana. Einnig var kastað í sjóinn dularfullum böggli, á meðan tollverðir leituðu í skipinu. Sjá Vélstjórar á Tröllafossi reyna að smygla stálpráðstækjum, *Morgunblaðið* 11. júlí 1948. Laxness þekkti Jón Aðalstein. Til dæmis sátu þeir Laxness og Þórbergur Þórðarson að spjalli við Jón Aðalstein heima hjá Kristni E. Andræssyni föstudagskvöldið 29. maí 1943 (sjá dagbækur Þórbergs á handritadeild Landsbókasafns, einnig Hannes H. Gissurarson, *Kiljan*, 365. bls.).

skrifaði Jensen ... 9. bls. Danskir kommúnistar fá peninga frá Moskvu, *Morgunblaðið* 10. nóvember 1957 (frétt um nýttkomna minningabók Jensens).

Hugo Sillén ... 9. bls. Hann (1892–1971) sótti 2. þing Kominterns 1920, þar sem hann kynntist Brynjólfi Bjarnasyni og Hendrik S. Ottóssyni. Sem fyrr segir kom hann 1928 og 1930 til Íslands til aðstoðar við stofnun kommúnistaflokksins. Hann var forystumaður þess hluta sænska kommúnistaflokksins, sem stóð næst Kremlverjum, sat í miðstjórn flokksins og stjórnmalanefnd og var um skeið ritstjóri kommúnistablaðsins *Ný dag*.

Signe Sillén ... 9. bls. Hún (1896–1972) var erindreki leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, og sá um að greiða út fjárstyrki til íslenskra kommúnista, eins og Þór Whitehead upplýsti í bókinni *Sovét-Ísland, Óskalandið* (Reykjavík: Ugly, 2010), og voru heimildarmenn hans íslenskir kommúnistar. Í bók Ainos Kuusinens, *Before and After Stalin* (London: Michael Joseph, 1974), 86., 105.–106., 108. og 121. bls., kemur fram, að Signe Sillén sá henni fyrir fölsuðum vegabréfum og fé. Vikið er einnig að njósum og undirróðri Signe Silléns í bók eftir Niels Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutions generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads forlag, 2011).

hlutu margir Íslendingar ... 9. bls. Eftirfarandi 23 Íslendingar stunduðu nám í leyniskólum Kominterns 1929–1938, eftir því sem næst verður komist (í röð eftir námstíma): Jens Figved, Andrés Straumland, Eyjólfur Árnason, Jafet Ottósson, Þóroddur Guðmundsson, Eggert Þorbjarnarson, Dýrleif Árnadóttir, Haraldur Bjarnason, Gísli Indriðason, Hallgrímur Hallgrímsson, Helgi Guðlaugsson, Angantýr Guðmundsson, Stefán Þjetursson, Kristján Júlíusson, Skafti Einarsson, Lilja Halblaub, Guðrún Rafnsdóttir, Steingrímur Aðalsteinsson, Jóhannes Jóseppson, Benjamín Eiríksson, Hjalti Árnason, Elísabet Eiríksdóttir og Ásgeir Blöndal Magnússon. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna í Kommúnistaflokknum og síðar Sósíalistaflokknum. Tveir þeirra settust á þing, Steingrímur Aðalsteinsson og Þóroddur Guðmundsson. Hallgrímur Hallgrímsson barðist í spænska borgarastríðinu. Einn þeirra var lengi framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, Eggert Þorbjarnarson. Aðeins tveir íslenskir nemendur sneru opinberlega baki við kommúnisma, þeir Benjamín Eiríksson og

Stefán Pjetursson. Jón Ólafsson segir í *Kæru félögum* (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 52. bls.: „Það er ekki að sjá af þeim heimildum, sem aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirróður og hvers kyns moldvörpustarfsemi.“ Nægjar heimildir eru þó til um, að nemendur voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirróður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns, sem rak skólana. Til dæmis sögðust þeir Andrés Straumland (í dagbók sinni), Helgi Guðlaugsson (í samtölum við Ólaf Grím Björnsson) og Benjamín Eiríksson (í áður nefndri bók) allir hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna. Einnig má nefna vitnisburð Krebs frá svipuðum skóla í þessari bók, 111. bls. hér að framan, og áður nefnda bók Ainos Kuusinen, *Before and After Stalin*, 52.–53. bls.: „Námsefnið var meðal annars söguleg efnishyggja, saga hinna ýmsu kommúnistaflokka, lögleg og ólögleg flokksstarfsemi, byltingaraðferðir, notkun dulmáls og þjálfun í öðrum greinum.“ Sbr. einnig áður nefnda bók eftir Rosenfeldt, *Verdensrevolutionens generalstab. Komintern og det hemmelige apparat*, 131. bls.: „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórnálagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalyðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirróðri, dulmálssendingu og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“

Ársæl Sigurðsson ... 9. bls. Ársæll (1895–1973) var bekkjarbróðir hinna gallhörðu kommúnista Brynjólfs Bjarnasonar, Hendriks S. Ottóssonar og Dýrleifar Árnadóttur í menntaskóla og kvæntist Margréti S. Ottósdóttur, systur Hendriks. Annar bróðir Margrétar, Jafet, var einn þeirra 23 Íslendinga, sem fengu byltingarþjálfun í leyniskólum Kominterns í Moskvu. Sjálfur varð Ársæll snemma einn af helstu trúnaðarmönnum íslenskra kommúnista og sótti m. a. 3. þing Kominterns 1921 sem áheyrnarfulltrúi. Hann stundaði málanám í Kaupmannahöfn, Berlín, Leipzig og París, en sneri heim próflaus 1924 og vann næstu ár aðallega fyrir sér með trésmíði. Hann og kona hans voru búsett í Kaupmannahöfn 1930–1935 og sinntu þá ýmsum verkefnum fyrir Komintern svipuðum þeim, sem Krebs lýsti í bók sinni. „Auk starfs í íslenska og danska kommúnistaflokknum vann hann mjög mikilvægt og hættulegt starf við að aðstoða þýska kommúnistaflokkinn í leynilegri andspyrnuhreyfingu hans, eftir að nasisminn læsti heljarklóm sínum um Þýskalandi,“ skrifaði Einar Olgeirsson í minningargrein um Ársæl í *Þjóðviljanum* 18. ágúst 1973. „Ársæll fór þá tíðar ferðir til Þýskalands í verslunarerindum, en notaði aðstoðuna um leið til þess að styðja þýsku kommúnistana í baráttu þeirra, koma skilaboðum á milli, hjálpa hættulega stöddum félögum út úr landinu og svo framvegis.“ Sverrir Kristjánsson skrifaði í minningargrein á sama stað, að Ársæll hefði hýst landflotta þýska kommúnista og sjálfur iðulega farið í ferðir til Þýskalands með „tvöfalt koffort“. Þau hjón sneru aftur til Íslands 1935, og gerðist Ársæll bókarí hjá KRON, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Hann var um skeið bæjarfulltrúi í Reykjavík og sat lengi í stjórn Trésmíðafélags Reykjavíkur, miðstjórn Sósíalistaflokksins og stjórn MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna. Ekki er vitað, hvort Ársæll sleit sambandi sínu við neðanjarðar- og njósnadeild hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar, eftir að heim kom, en hann dvaldist fjóra mánuði í Moskvu vorið 1947 til aðstoðar við viðskiptasamninga milli Ráðstjórnarríkjanna og Íslands og notaði þá tækifærið til að gefa Kremhverjum leynilega skýrslu um stjórnáalastandið á Íslandi. Ársæll var raunar tíður gestur í Moskvu. Hann var meðal annars einn af þremur Íslendingum á viðskiptaráðstefnu í Moskvu vorið 1952 og einn af þremur fulltrúum Sósíalistaflokksins á 19. flokksþingi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna haustið 1952. Hann var líka einn af þeim fáu dyggu ráðstjórnarvinum, sem sóttu veislu í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík 7. nóvember 1956, eftir að Rauði herinn hafði ráðist inn í Ungverjaland.

gögn bresku leyniþjónustunnar ... 9. bls. Komintern hafði á fjórða áratug leynisendistöð í Kaupmannahöfn og gat með henni haft samband við norræna kommúnista. Þótt skeyti væru send á dulmáli, hleraði breska leyniþjónustan MI5 um hrið sendingar og réði dulmálið. Fyrir kom, að íslenskum kommúnistum væru send skilaboð frá Moskvu. Forvitnilegast var dulskeyti 1936. Þar var flokknum skipað að útvega tvö íslensk vegabréf í nafni hjóna, og væri maðurinn titlaður kaupmaður. Hefur vegabréfið eflaust verið ætlað flugumönnum leyniþjónustu ráðstjórnarinnar. Sjá Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1938*, 135. bls. Líklega er þetta ekki eina dæmið um, að íslenskir kommúnistar hafi aðstoðað leyniþjónustu ráðstjórnarinnar um útvegum vegabréfa og önnur viðvik. Raunar var Willi Mielenz, sem kom til Íslands sumarið 1932, sérfræðingur í fölsun vegabréfa. Sbr. einnig Morten Møller og Niels Erik Rosenfeldt, Koder, kapital og kurerer. Nye vinkler på Kominterns hemmelige apparat, *Fund og forskning i det Kongelige Biblioteks samlinger*, 53. b. (København: Det Kongelige Bibliotek, 2014), 285.–342. bls.

í bókinni um ýkjur ... 10. bls. Sérstaklega hefur dr. Dieter Nelles gagnrýnt bók Krebs, sjá Jan Valtins Tagebuch der Hölle—Legende und Wirklichkeit eines Schlüsselromans der Totalitarismustheorie, 1999, *Zeitschrift für Sozialgeschichte des 20. und 21. Jahrhunderts*, 9. árg. 1. hefti, 1994, 11.–45. bls. Telur hann gögn sýna, að Krebs hafi verið raunverulegur flugumaður Gestapo árin 1937–1938. Eftir að bók von Waldenfels um Krebs kom út, sjá þarnæstu aftanmálgrein, svaraði Dieter Nelles, Die Rehabilitation eines Gestapo-Agenten: Richard Krebs/Jan Valtin, *Sozial. Geschichte. Zeitschrift für historische Analysen des 20. und 21. Jahrhunderts, Neue Folge*, 18. árg. 3. hefti 2003, 148.–158. bls. Waldenfels svaraði Nelles að bragði í nettímariti, Der Spielball. War er nichts als ein Nazi-Spion oder tatsächlich ein Bauernopfer der Komintern? *taz* 24.1.2004. Líklega eiga vísuorð Steingrims Thorsteinssonar best við um gagnrýni Nelles: „Finni hann laufblað fölnað eitt, fordæmir hann skóginn.“

Hún flytur almennan sannleik ... 10. bls. Þetta er einnig niðurstaðan í áðurnefndri bók eftir John V. Fleming, *The Anti-Communist Manifestos*. Bendir Fleming t. d. á *Játningar* Ágústínusar kirkjuföður, sem sé stílfærður sannleikur.

um hann á þýsku ... 10. bls. Ernst von Waldenfels, *Der Spion, der aus Deutschland kam. Das geheime Leben des Seemanns Richard Krebs* (Berlin: Aufbau, 2002). Ýmislegt í formálanum og skýringum hér er sótt í rit Waldenfels, án þess að þess sé sérstaklega getið. Nýtir Waldenfels fáanlegar heimildir af kostgæfni og vinnur skynsamlega úr þeim.

frumsamin á ensku ... 10. bls. Jan Valtin, *Out of the Night* (New York: Alliance, 1941). Bókin kom út í Bretlandi undir sama nafni (London: Heinemann, 1941). Hún kom m. a. út á spænsku, *La noche quedó atrás* (Buenos Aires, Claridad, 1941), sænsku, *Ur nattens djup* (Stockholm: Bonniers, 1942), dönsku, *Ud af mørket* (København: Prior, 1945), frönsku, *Sans patrie ni frontières* (Paris: Dominique Wapler, 1947), hollensku, *Litanie van het verraad* (Rotterdam: De Forel, 1949), og þýsku, *Tagebuch der Hölle* (Köln og Berlín: Kiepenheuer & Witsch, 1957). Hún hefur m. a. komið út síðan á ítölsku og rússnesku. Í bresku útgáfunni, sem kom út 1941 eins og hin bandaríska, var sleppt lýsingu Krebs á spillingu breskra kommúnista og viðureign þeirra og Krebs við bresku lögregluna, Scotland Yard. Í sænsku útgáfunni, sem kom út í stríðinu, þegar Svíar gættu hlutleysis af miklum ákafa, voru frásagnir af þjáningum Krebs í fangabúðum nasista felldar úr. Í þýsku útgáfunni var sleppt lýsingum hans á kvalalosta fangavarda í Fuhlsbüttel, þegar þeir skemmtu sér við að pynda gyðinga til

dauða. René Cance í Frakklandi og Albert Walter í Þýskalandi gerðu líka ráðstafanir til þess, að neikvæðar umsagnir um þá yrðu felldar út úr útgáfunum á móðurtungum þeirra. Sjá m. a. Guillaume Bourgeois, *Sans patrie ni frontières de Jan Valtin: L'affaire de presse et le secret bien garde des services spéciaux*, *Le Temps des médias*, 16. árg. 1. hefti (2011), 19.–51. bls.

Hermann Knüfken ... 23. bls. Hann (1893–1976) var eins og Krebs lýsti róttækur forystumaður þýskra sjómanna. Hann starfaði um skeið í Rússlandi, en sat í fangelsi þar 1929–1932. Eftir valdatöku Hitlers fluttist hann til Hollands, sagði skilið við kommúnista og barðist síðan gegn þeim og nasistum. Hann var settur í varðhald í Svíþjóð 1939, en látinn laus 1943. Eftir stríð aðstoðaði hann bresk hernámsyfirvöld í Þýskalandi í baráttu þeirra gegn gömlum nasistum og starfaði líka fyrir bresku leyniþjónustuna. Hann fluttist til Englands 1950 og gerðist breskur ríkisborgari.

Tsjeku ... 25. bls. Hér er óbeint vísað til leynilögreglu ráðstjórnarinnar, sem gekk undir ýmsum nöfnum, þótt Krebs kallaði hana ýmist Tsjeku eða GPÚ. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévikar fyrst leynilögreglu, sem kölluð var Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Leynilögreglan var síðan aftur endurskipulögð 1934 (á meðan Krebs sat í fangelsi nasista) og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll, NKVD. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Fjölmargir liðsmenn KGB og þó einkum leyniþjónustu hersins, GRÚ, störfuðu jafnan í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík.

Albert Walter ... 38. bls. Hann (1885–1980) var þýskur kommúnistaforingi, fulltrúi í borgarstjórn Hamborgar frá 1924 og aðalritari Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna, ASH, frá 1928. Hann var handtekinn eftir valdatöku nasista 1933 og sendur í Fuhsbüttel-fangabúðirnar, eins og Krebs sagði. Hann var látinn laus eftir eins árs vist og fékkist síðan við ritstörf. Hann gekk til liðs við nasista og skrifaði fyrir þá bæklinga. Eftir stríð sat hann á þýska Sambandsþinginu fyrir hægri flokkinn Deutsche Partei 1949–1957. Þegar þýsk útgáfa bókar Krebs var í undirbúningi 1957, sneri Walter sér til þýskra yfirvalda og kvað frásögn Krebs um sig ranga. Voru felld út úr þýsku útgáfunni ummæli um erindrektur Walters fyrir Gestapo.

Etgar André ... 53. bls. Hann (1894–1936) var nefndur Edgar Andree í hinni ensku frumútgáfu bókar Krebs, en hér er það leiðrétt. Hann fæddist í Aachen í Þýskalandi, en ólst upp í hinum frönskumælandi hluta Belgíu og fluttist aftur til Þýskalands í fyrri heimsstyrjöld. Gerðist hann síðan foringi vígasveita kommúnista, eins og Krebs lýsti. Hann var ekki gyðingur, þótt Krebs þætti hann gyðinglegur ásýndum.

Michael Avatin ... 93. bls. Hann (1902–1943) gekk líka undir nöfnunum Ernst Lambert eða Schmitt. Nafn hans kemur fyrir í skjölum í söfnum í Moskvu, þótt fátt sé um hann vitað.

Georgí Dímítrov ... 97. bls. Hann (1882–1948) var búlgarskur kommúnisti. Eftir misheppnaða uppreisn kommúnista í Búlgaríu 1924 var hann landflóta, fyrst í Rússlandi,

síðan Þýskalandi, þar sem hann stjórnaði Mið-Evrópuþeild Kominterns og var ritari Alþjóðanefndarinnar gegn stríði og fasisma. Nasistar handtóku hann vorið 1933, en létu hann lausan, þegar ekki sannaðist á hann hlutdeild í Ríkisþinghússbrunnum. Hann fór til Moskvu og var forseti Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, frá 1934, uns það var lagt niður 1943. Þeir Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson sóttu sem fyrr segir 7. þing Kominterns í Moskvu 1935, þegar kommúnistar breyttu um stefnu og leituðust við „að mynda viðtæka þjóðfylkingu gegn fasismanum á grundvelli samfylkingar verkalýðsins“, eins og Dímítrov sagði í aðalræðu sinni á þinginu, sem kom út í íslenski þýðingu, *Samfylking gegn fasisma* (Reykjavík: Kommúnistaflokkur Íslands, 1936). Jafnvel þótt kommúnistaflokkurinn, sem var deild í Komintern, væri lagður niður 1938, þegar Sósíalistaflokkurinn var stofnaður, hélt Dímítrov áfram að hafa afskipti af íslenskum kommúnistum, sem nú nefndu sig sósíalista. Hann sendi til dæmis íslenskum sósíalistum fyrirmæli um það í heimsókn Kristins E. Andréssonar til Moskvu vorið 1940 að berjast gegn viðleitni Breta til að ná tökum á Íslandi, enda væri stríð þeirra við Hitlers-Þýskaland aðeins stríð auðvaldsríkja. Þetta breyttist sumarið 1941, eftir að Hitler réðst á Ráðstjórnarríkin. Þá sendi Dímítrov íslenskum sósíalistum fyrirmæli um að styðja hververnd Bandaríkjanna, og kom breski þingmaðurinn William Gallacher, sem Krebs nefndi í bók sinni, þeim áleiðis til Einars Olgeirssonar, sem þá var staddur í Englandi, og Einar til annarra í forystusveit íslenskra kommúnista. Einnig hélt Dímítrov leynifund með Einari Olgeirssyni í Moskvu haustið 1945, en þá var Dímítrov orðinn starfsmaður alþjóðadeildar kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna. Jón Ólafsson segir í áðurnefndri bók, *Kæru félagum*, 141. bls.: „Ekki er ljóst af dagbókarfærslu Dimitrovs hvað þeim Einari fór á milli en þó hefur Einar rætt við hann um möguleika á viðskiptum landanna því að Dimitrov hefur skrifað hjá sér að Einari ætli sér næsta dag að hitta Anastas Mikojan, utanríkisviðskiptaráðherra.“ Þetta er fjarri lagi. Í dagbók sína færði Dímítrov, að þeir hefðu rætt um viðbrögð sósíalista við herstöðvabeiðni Bandaríkjanna og um „flokksmálefni“, en það merkti jafnan fjárstuðning frá Moskvu. Þarf ekki vitnanna við um, hvaða fyrirmæli Dímítrov gaf Einari á þessum leynifundi: Sósíalistar börðust mjög harkalega gegn herstöðvabeiðni Bandaríkjanna 1945 og Keflavíkursamningnum 1946. Sjá m. a. áðurnefnda bók Þórs Whiteheads, *Sovét-Ísland óskalandið*, 403. bls. Eftir stríð fór Dímítrov til Búlgaríu, flutti inn í höll fyrrverandi konungs og var einræðisherra til dánardags.

skrifstofu Lozovskíjs ... 99. bls. Solomon Abramovítsj Dridzo (1878–1952) var af gyðingaættum frá Úkraínu, en tók sér dulnefnið Lozovskij og gekk síðar undir því. Hann var aðalritari Alþjóðasambands verkalýðsins, Profintern, 1921–1937. Í stríðinu var hann forstöðumaður upplýsingaskrifstofu ráðstjórnarinnar, en 1949 var hann handtekinn í gyðingaofsóknnum Stalíns, pyndaður og loks líflátinn.

Otto V. Kuusinen ... 111. bls. Hann (1881–1964) var bókmenntafræðingur, sem var leiðtogi finnskra jafnaðarmanna og síðar kommúnista, en flýði til Moskvu (með viðkomu í Stokkhólmi) eftir ósigur vinstri manna í borgarastriðinu finnska á útmánuðum 1918. Þegar Stalín réðst á Finnland 1939, myndaði Kuusinen leppstjórn í Terijoki á landamærum Finnlands og Rússlands. Finnska þjóðin stóð hins vegar óskipt gegn árásaríðilunum, og samdi ráðstjórnin vorið 1940 um frið við finnsku stjórnina, og heyrðist síðan ekkert af Terijokistjórninni. Íslenskir sósíalistar undir forystu Einars Olgeirssonar og Brynjólfs Bjarnasonar kölluðu það hins vegar „Finnagaldur“, þegar Finnum var vottuð samúð. Kom til harðra orðaskipta Hermanns Jónassonar forsætisráðherra og Brynjólfs Bjarnasonar um Kuusinen í Alþingishúsinu 14. mars 1940, og lauk þeim með því, að Hermann laust Brynjólf kinnhest.

Um Kuusinen má lesa í bókinni *Konur í þrælakistum Stalíns* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2015) eftir Elinor Lipper og Aino Kuusinen (eiginkonu hans), sem er eitt ritið í þessari ritröð.

Arthur Ewert ... 112. bls. Hann (1890–1970) var sjálfmenntaður bóndasonur frá Austur-Prússlandi, sem gerðist kommúnisti og erindreki Kominterns og gekk undir nafninu Harry Berger. Hann var, eins og Krebs sagði, handtekinn í Brasilíu eftir mishæppnaða uppreisnartilraun í nóvember 1935. Sambýliskona hans, Szabo, Elisabeth Saborowsky, var þá einnig handtekin. Þau sættu harðneskjulegum pyndingum, en sögðu hvorugt til annarra forystumanna uppreisnartilraunarinnar. Szabo var framseld til Þýskalands 1936 og dó í Ravensbrück-fangabúðunum 1939. Ewert gekk hins vegar af vítinu vegna hinnar illu meðferðar. Hann var látinn laus 1945 og sendur til Austur-Þýskalands, þar sem hann dvaldist á heilsuhælum til dánardags.

Heinz Neumann ... 113. bls. Hann (1902–1937) var einn róttækasti forystumaður þýska kommúnistaflokksins og einn af leiðtogum hins vopnaða liðs hans. Þegar Hitler tók völd í ársbyrjun 1933, hafði Neumann orðið undir í átökum við aðra forystumenn þýska kommúnistaflokksins, og fluttist hann þá til Sviss. Þar handtók útlendingaeftirlitið hann fyrir undirröður 1934 og sendi eftir sex mánaða varðhald til Ráðstjórnarríkjanna. Vorið 1937 var hann handtekinn í hreinsunum Stalíns og í nóvember skotinn. Sambýliskona hans, Margarete Buber-Neumann, var handtekin árið eftir og send í fangabúðir í Karaganda. Eina sök hennar var að vera gift manni, sem talinn var andstæðingur Stalíns. Eftir að Stalín hafði gert gríðasáttmála við Hitler í ágúst 1939, afhenti hann nasistum fjölda þýskra flóttamanna og fanga, þar á meðal Buber-Neumann, sem sat síðan í Ravensbrück-fangabúðunum til stríðsloka. Um reynslu sína gaf Buber-Neumann árið 1948 út bók, sem kom út á íslensku, *Konur í einræðisklóm* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1954), og er hún eitt ritið í þessari ritröð.

Wang Ming ... 118. bls. Krebs sagði að vísu Wan Min, en það er leiðrétt hér. Wang Ming (1904–1974) var einn af fyrstu forystumönnum kínverska kommúnistaflokksins. Hann fór í byltingarþjálfun til Moskvu 1925 og dvaldist þar í fjögur ár. Eftir tvö ár í Kína sneri hann aftur til Moskvu 1931 og settist í framkvæmdanefnd Kominterns. Hann dvaldist mestmegnis í Kína 1937–1956, en eftir það aftur í Moskvu.

Ég hitti manninn ... 135. bls. Fórnarlamb Krebs hét Morris L. Goodstein og var kaupmaður af gyðingaættum frá Póllandi. Hugsanlegt er, að Krebs (eða þeir, sem gáfu honum fyrirmæli) hafi farið mannavillt, því að ekki er vitad um nein tengsl Goodsteins við hina alþjóðlegu kommúnistahreyfingu. Eftir útkomu bókar Krebs sneri Goodstein sér til hans og vildi fá skaðabætur fyrir meidyrði, og sömdu þeir eftir talsvert þóf um 500 dala greiðslu til Goodsteins.

Cance að nafni ... 146. bls. René Cance (1895–1982) var leiðtogi kommúnista í Le Havre. Hann var borgarstjóri í Le Havre 1956–1959 og 1965–1971 og sat í fulltrúadeild franska þingsins 1945–1951 og 1956–1967. Þegar bók Krebs kom út í franskrí þýðingu 1947, vakti mikla athygli, að hann skyldi telja Cance flugumann ráðstjórnarinnar. Sjá m. a. C. L. Sulzberger, French Becoming Alarmed at Red Infiltration into High Government Positions, *Miami Daily News* 22. mars 1948. Cance höfðaði mál gegn hinum frönsku útgefendum, og áskanir um erindrektur hans fyrir ráðstjórnina voru teknar út úr frönsku þýðingunni.

de Miller ... 146. bls. Jevgeníj de Miller (1867–1939) var liðsforingi í her Rússakeisara, en flýði til Frakklands eftir byltingu bolsévíka og gerðist forystumaður hvítliða, sem vildu steypa



bolsévíkum af stóli. Flugumaður ráðstjórnarinnar, Níkolaj Skoblín, sem einnig hafði verið liðsforingi í her Rússakeisara, lokkaði Miller í gildru í París haustið 1937, en síðan var farið með hann í böndum til Le Havre og hann settur um borð í ráðstjórnarskip. Miller hafði hins vegar skilið eftir bréf um, að hann grunaði Skoblín um græsku, svo að franska lögreglan hóf leit að honum. Skoblín tókst að flýja á yfirráðasvæði lýðveldishersins á Spáni, en kona hans, söngkonan Nadezhda Plevítskaja, náðist og var dæmd í fangelsi fyrir mannránið. Vöktu réttarhöldin mikla athygli. Skoblín virðist hafa látist eða verið myrtur á Spáni 1938, en kona hans andaðist í fangelsi 1940. Miller var tekinn af lífi í Moskvu vorið 1939.

André Marty ... 146. bls. Hann (1886–1956) var franskur kommúnisti og stjórn mála fulltrúi á vegum Kominterns í sjálfboðaliðasveitum spænska lýðveldishersins í borgarastríðinu 1936–1939. Hann kemur fyrir í skáldsögu Ernests Hemingways, *Hverjum klukkan glymur*, sem komið hefur út á íslensku (Reykjavík: Mál og menning, 1987, 3. útg.). Er Marty lýst þar óvinsamlega, enda gekk hann fram af mikilli grimmd og hlaut viðurnefnið „slátrarin frá Albacete“.

*Monsieur Ginsburger* ... 148. bls. Roger Solomon Ginsburger (1901–1980) var af gyðingættum, menntaður húsameistari og virkur kommúnisti. Krebs kallaði hann Roger Walter Ginsburg, en það er leiðrétt hér. Kona hans, Doris, var fædd Niedermann. Ginsburger tók sér nafnið Pierre Villon, á meðan Þjóðverjar hernámu hluta Frakklands. Hann sat í fulltrúadeild franska þingsins fyrir kommúnista 1945–1962 og 1967–1978 og var um skeið formaður varnarmálanefndar þess. Þegar bók Krebs kom út í franskrí þýðingu 1947, vakti athygli, að (fyrirverandi?) erindreki leyniþjónustu Ráðstjórnarríkjanna skyldi hafa aðgang að upplýsingum um varnir Frakklands. Sjá m. a. C. L. Sulzberger, French Becoming Alarmed at Red Infiltration into High Government Positions, *Miami Daily News* 22. mars 1948.

Frú Hardy ... 150. bls. Jessie „Paddy“ Ayriss (1903–2000) var önnur eiginkona verkalýðsleiðtogans Georges Hardys, sem síðar kemur hér við sögu, sjá aftanmálgrein við 254. bls. Þegar þau kynntust í flokksstarfi, var Hardy kvæntur annari konu, Edith, og áttu þau saman börn. Jessie varð þunguð af völdum Hardys, og tóku þau saman. Þótti þetta hneyksli, og voru þau þess vegna kvödd til Moskvu um skeið. Bresku leyniþjónustuna grunaði Ayriss um að vera njósnara ráðstjórnarinnar, þótt hún væri aldrei ákærð, með því að engin haldbær sönnunargögn fundust um erindrektur hennar eða njósnir. Hún starfaði 1937–1944 í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna í Lundúnum. Hún skildi við Hardy og tók saman við annan kommúnista, rithöfundinn og þýðandann Douglas Garman (1903–1969). Sjá m. a. Kevin Morgan, Gidon Cohen og Andrew Flinn, *Agents of the Revolution: New Biographical Approaches to the History of International Communism in the Age of Lenin and Stalin* (Bern: Peter Lang, 2005), 43. bls., og Boris Volodorsky, *Stalin's Agent. The Life and Death of Alexander Orlov* (Oxford: Oxford University Press, 2015), 97. bls.

Willis Münzenbergs ... 158. bls. Hann (1889–1940) var þýskur kommúnisti og fyrsti forseti Alþjóðasambands ungra kommúnista 1919–1920. Hann hitti þá Brynjólf Bjarnason og Hendrik Ottósson á 2. þingi Kominterns 1920 og hafði nokkurt samband við íslenska kommúnista næstu árin. Münzenberg varð óopinber áróðursstjóri hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar og setti upp ýmis hliðarsamtök hennar, til dæmis Alþjóðasamhjálp verkalýðsins, ASV (á þýsku IAH), og Alþjóðanefndina gegn stríði og fasisma, og teygðu þessi samtök sig bæði út til Íslands. Hann sá um að útvega Halldóri Kiljan Laxness boð til Ráðstjórnarríkjanna haustið 1932, eins og Laxness lýsti í *Skáldatíma*. Einnig sagði Arthur

Koestler, sem starfaði undir stjórn Münzenbergs, talsvert frá honum í bókinni *Guðinum sem brást* (Reykjavík: Stuðlaberg 1950), en hún er eitt ritið í þessari ritröð. Sambýliskona Münzenbergs, Babette Groß, var systir Margarete Buber-Neumanns, sambýliskonu Heinz Neumanns, sem þegar er getið. Münzenberg féll úr náðinni hjá Stalín 1936 og neitaði að hlýða fyrirmælum um að fara til Moskvu. Hann var líklega myrtur af flugumönnum ráðstjórnarinnar, þegar hann var á flotta undan nasistum úti í skóg í Suðaustur-Frakklandi 1940. Sjá nánar um Münzenberg Sean McMeekin, *The Red Millionaire: A Political Biography of Willi Münzenberg, Moscow's Secret Propaganda Tsar in the West, 1917–1940* (New Haven, CT: Yale University Press, 2004).

George Mink ... 163. bls. Hann (f. 1899) var af gyðingaættum, fæddur í Zhytomyr í Úkraínu og hét upphaflega Godí Minkovskij. Hann fór 1912 til Bandaríkjanna og kallaði sig þá George Martin Mink. Hann gekk í sjóherinn bandaríska og kvaðst vera fæddur í Bandaríkjunum. Fékk hann ríkisborgarétt sinn viðurkenndan og gekk í kommúnistaflokk Bandaríkjanna 1921. Hann var sendur til Filadelfíu 1925 til að skipuleggja baráttu kommúnista við höfnina og starfaði þá um hríð sem leigubílstjóri. Í ferð til Moskvu 1930 virðist hann hafa gengið í leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ. Næstu ár var hann flugumaður hennar í Bandaríkjunum. Eftir handtökuna í Kaupmannahöfn 1935 (sem Krebs sagði frá) sat Mink í dönsku fangelsi, uns hann var sendur til Ráðstjórnarríkjanna. Þaðan fór hann til að taka þátt í spænska borgarastríðinu. Hann gekk hart fram í að handtaka og lífláta þá liðsmenn lýðveldishersins, sem ekki voru taldir trúir ráðstjórninni rússnesku. Eftir það hvarf hann, hvort sem það hefur verið vegna nýrra verkefna eða vegna þess, að hann hafi verið fangelsaður og líflátinn. Missagt var þó í bók Krebs (og haft eftir eldri heimildum), að Mink hafi verið leynilögreglumaðurinn Alfred Herz, sem einnig gekk hart fram á Spáni, og hefur það verið fellt hér út. Lesa má um Mink (í ljósi nýrra heimilda) í áður nefndri bók eftir Boris Volodarsky, *Stalin's Agent: The Life and Death of Alexander Orlov*, 255.–258. bls.

Firelei ... 165. bls. Hún hét í raun og veru Hermine Johanne Stöver (1905–1938), og er nafnið Firelei sennilega sótt í vinsæla skáldsögu eftir Vicki Baum, *Stud. chem. Helene Willfüher* (Berlin: Ullstein, 1928). Hermine kom úr miðstéttarfjölskyldu í Brimum og starfaði sem auglýsingateiknari. Hún lést ekki í fangabúðum, heldur eftir að henni hafði verið sleppt, en fjölskylda hennar taldi þó, að vistin þar hefði stórspiltt heilsu hennar.

Earl Browder ... 169. bls. Hann (1891–1973) var aðalritari kommúnistaflokks Bandaríkjanna 1930–1945 og var alla ævi kommúnisti, þótt hann væri rekinn úr flokknum 1946. Sonarsonur hans, William Browder, gerðist fjárfestir í Rússlandi eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna og skrifaði um ævintýri sín þar bókina *Eftirlýstur* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015).

Sobottka ... 178. bls. Krebs kallaði hann í frumútgáfu Sabottka, en hér er það leiðrétt. Gustav Sobottka (1886–1953) var kunnur þýskur (en ekki tékkneskur) kommúnisti.

„sósíalfasista“ ... 197. bls. Á öndverðum fjórða áratug 20. aldar fylgdu kommúnistaflokkar á Vesturlöndum þeirri stefnu eftir fyrirmælum Kominterns, að jafnaðarmenn væru höfuðóvinir kommúnista, og voru þeir kallaðir „sósíalfasistar“. Brynjólfur Bjarnason og flestir aðrir forystumenn íslenskra kommúnista fóru dyggilega eftir þeirri forskrift frá Moskvu, sbr. Hvers vegna eru sósíaldemókratarnir höfuðstoð íslensku borgarastéttarinnar, *Verklýðsblaðið* 22. ágúst 1933, þar sem sagði m. a.: „Alþýðuflokkurinn *neitaði* samfylkingartilboði KFÍ [Kommúnistaflokks Íslands] og SUK [Sambands ungra kommúnista] og forsmaír og svívirðir

samfylkingu verkalyðsins (t. d. samfylkingarnefnd í Rvík). Með þessari pólitík sinni almennt og í verkalyðsfélögunum ganga íslensku sósíaldemókratarnir leið fasismans, verða *sósíalfasistar* og ryðja samtímis *fasismanum* á Íslandi braut.“ Þó voru til kommúnistar, sem töldu hægri menn höfuðóvinina og rétt við ýmsar aðstæður að gera bandalag við jafnaðarmenn. Stefán Þjetursson hafði orð fyrir þeim. Hann var kallaður til Moskvu haustið 1933 til að gera yfirbót, en þegar hann hélt fast við sjónarmið sín, hugleiddu Kremlverjar að senda hann í vinnubúðir. Hann hraðaði sér þá úr landi vorið 1934 með aðstoð danska sendiráðsins í Moskvu (sem gætti hagsmuna Íslands), snerist gegn kommúnisma og var lengi ritstjóri *Alþýðublaðsins*. Sjá nánar Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 110.–124. bls. Vegna línunnar frá Moskvu stóðu þýskir kommúnistar ekki heilir með jafnaðarmönnum í baráttunni gegn nasistum, eins og Krebs lýsti í bók sinni, en það auðveldaði Hitler valdatökuna í janúarlök 1933. Kremlverjar breyttu um stefnu árin 1934–1935 og hvöttu til samstarfs kommúnista og jafnaðarmanna, og hlýddu íslenskir kommúnistar þeim.

Hermanns Remmeles ... 197. bls. Hann (1880–1939) sat 1920–1933 í miðstjórn þýska kommúnistaflokksins og var einn helsti forystumaður hans. Hann bjó frá 1932 í Moskvu, en lenti í ónáð Stalíns og var 1933 sviptur öllum trúnaðarstörfum. Hann var handtekinn 1937 og líflátinn 1939. Halldór Kiljan Laxness og aðrir íslenskir kommúnistar vitnuðu talsvert í tveggja binda bók, sem hann hafði skrifað um Ráðstjórnarríkin, *Die Sowjetunion*, I–II (Berlín: Carl Hoym, 1932) og Krebs nefndi líka. Eftir að Remmele hafði fallið í ónáð, kallaði *Verklyðsblaðið*, málgaðni íslenska kommúnistaflokksins, hann 6. febrúar 1934 „raggeit og tækifærissinna“. Einar Olgeirsson þekkti Remmele, þótt hann minntist ekki einu orði á handtöku hans og líflát fyrir en löngu síðar, sjá Rísið úr rústum. Hugleiðingar um „hitt Þýskalandið“, *Rétur*, 57. árg. 1. hefti 1974, 32.–53. bls.

*Auslandsorganisation* ... 229. bls. Flokksdeild nasista starfaði einnig á Íslandi frá vori 1934. Einn stofnandinn var Bruno Kress (1907–1997), félagi nr. 3.401.317. Hann kærði þýska ræðismanninn í Reykjavík fyrir að ganga ekki nógu dyggilega erinda nasismans, en var fyrir bragðið rekinn úr flokknum. Ernst Wilhelm Bohle (1903–1960), sem Krebs nefndi, hlutaðist þá til um það, að Kress var vorið 1938 settur aftur inn í flokkinn með úrskurði í nafni Adolfs Hitlers. Eftir stríð gerðist Kress hins vegar kommúnisti og forstöðumaður Norrænu stofnunarinnar í Greifswald í Austur-Þýskalandi, sjá nánar Hannes H. Gissurarson, Gyðingastjarnan og hakakrossinn: Örlög tveggja útlendinga á Íslandi, *Þjóðmál*, 8. árg. 1. hefti, 63.–77. bls. Krebs nefndi stofnunina í bók sinni „Auslandsabteilung“, en hið opinbera heiti hennar var „Auslandsorganisation“, og er það notað hér.

félagi Appelman nokkur ... 244. bls. Hann (1904–1979) gekk undir ýmsum nöfnum, m. a. Mike Pell, eins og Krebs nefndi, en líka Morris L. Appelman. Hann skrifaði athugasemd við bók Krebs í *Life* 24. mars 1941 og kvaðst ekki hafa sagt það, sem Krebs hafði eftir honum, en kannaðist við að hafa starfað með honum. Hann hefði fyrir löngu sjálfur sagt skilið við kommúnisma.

Langumier ... 248. bls. Krebs kallaði hann í frumútgáfu Languinier, en hér er það leiðrétt. Adrien Langumier (1902–1990) var kunnur franskur kommúnisti. Sjá m. a. Sylvain Boulouque, *Itinéraire de deux cadres syndicaux intermédiaires Jules Teulade et Adrien Langumier*, *Communisme*, 69. hefti (2002), 45.–46. bls.

Cilly ... 252. bls. Krebs notaði í bók sinni um hana nafn systur sinnar. Sú, sem Krebs kallaði

„Cilly“, hét í raun Hildegard Volkersen (1907–1974) og var ritari og aðstoðarkona hins raunverulega yfirmanns Krebs, Alfred Bem, öðru nafni Adolf Schelley, en á hann minnst Krebs ekki í bók sinni, eflaust til að hlífa honum. Bem (1900–1940) fæddist í Póllandi, en var af þýskum ættum, og starfaði í pólska kommúnistaflokknum. Hann var fangelsaður, en fékk að fara til Ráðstjórnarríkjanna, þar sem hann starfaði fyrir Alþjóðasamband verkalýðsins, Profintern. Hann fluttist til Vestur-Evrópu 1931 og var aðalritari Alþjóðasambands sjómanna og hafnarverkamanna til 1936. Hann var handtekinn í Moskvu 1936 í hreinsunum Stalíns og dó 1940. Sjá nánar Erik Nørgaard, *Truslen om krig* (Lyngre: Bogan, 1985) og *Krigen før krigen* (Lyngre: Bogan, 1986). Hildegard Volkersen notaði fyrst nafn fyrri manns síns, Thingstrup, en síðan seinni manns síns, Conrad. (Upplýsingar frá Carsten Conrad.)

George Hardy ... 254. bls. Hann (1884–1966) var verkamaður og síðar verkalýðsleiðtogi, sem gekk kommúnismanum á hönd 1921. Hann var fulltrúi Kominterns í Bretlandi og Suður-Afríku. Hann var þríkvæntur. Fyrsta kona hans var Edith Hardy, næst var Jessie Paddy Ayriss, sem þegar er nefnd (sjá aftanmálsgrein við 150. bls.), og síðast Dorothy Coulthard. Hann gegndi áfram trúnaðarstörfum fyrir kommúnistaflokk Stóra-Bretlands eftir uppljóstranir Krebs og skrifaði sjálfsævisögu, *Those Stormy Years: Memories of the Fight for Freedom on Five Continents* (London: Lawrence & Wishart, 1956).

Poul Henningsen ... 285. bls. Hann (1894–1967) var danskur málari, múrari, húsameistari, hönnuður og gagnrýnandi. Hann gaf 1933 út bókina *Hvad med kulturen?* (Hvað um menninguna?) þar sem hann gagnrýndi jafnaðarmenn harðlega. Viðurkenndi hann fúslega, að hann væri „salonkommunist“, stofukommúnisti, en gekk ekki í danska kommúnistaflokkinn, þótt hann styddi hann. Hann varð að hætta að skrifa fyrir *Politiken* 1938 vegna hinna róttæku skoðana sinna. Eftir stríð snerist hann gegn kommúnisma og skrifaði líka vinsæl rit um sögu kynlífs.

Arthur Samsing ... 292. bls. Hann (1899–1945) var norskur kommúnisti og sjómaður og virkur í samtökum sjómanna. Hann fór til Ráðstjórnarríkjanna 1933 og dvaldist þar í þrjú ár, en sneri þá heim. Hann og kona hans Agot voru barnlaus ólíkt því, sem Krebs sagði. Samsing var handtekinn, eftir að Þjóðverjar hernámu Noreg vorið 1940, og sendur til Þýskalands, en látinn laus í árslok 1941. Hann var handtekinn aftur 1943 og sat í fangelsum í Noregi og Þýskalandi til stríðsloka. Haustið 1945 fór hann til sjós og lést úti á rúmsjó, og hefur dánarorsökin aldrei verið að fullu upplýst.

Lausn verkalýðsstéttarinnar ... 294. bls. Þessi orð eru beint frá Karli Marx, og hefur textinn því verið lagfærður, sjá Bráðabirgðalög Alþjóðasambandsins, *Úrvalsrít*, II. b. (Reykjavík: Heimskringla, 1968), 217. bls.

Kippenberger ... 306. bls. Í frumútgáfunni kallaði Krebs Lenck „Schenck“, en það er leiðrétt hér. Lögregluþjónarnir Paul Anlauf og Franz Lenck voru myrtir 9. ágúst 1931 að fyrirælu forystumanna kommúnistaflokksins þýska, Hans Kippenbergers (1898–1937) og Heinz Neumanns, sem áður er getið. Kippenberger og Neumann voru báðir teknir af lífi í hreinsunum Stalíns, eins og Krebs sagði. Morðingjar lögregluþjónanna tveggja voru Erich Mielke (1907–2000) og Erich Ziemer (1906–1937). Báðir flúðu frá Þýskalandi eftir morðið og settust í Lenínskólann í Moskvu, sem nokkrir Íslendingar sóttu á sama tíma. Báðir börðust þeir í borgarastríðinu á Spáni, Mielke undir nafninu Fritz Leissner, Ziemer undir nafninu Georg Schlosser. Fjórir Íslendingar gerðust einnig sjálfboðaliðar í stríðinu, og hafði einn þeirra

sem fyrr segir hlotið þjálfun í Lenínskólanum, Hallgrímur Hallgrímsson. Mielke tók við af Ernst Wollweber 1957 sem yfirmaður leynilögreglunnar austur-þýsku, Stasi, en Ziemer féll á Spáni. Eftir hrun Berlínarmúrsins hlaut Mielke sex ára dóm fangelsisdóm fyrir hlutdeild sína í morðum lögregluþjónanna tveggja 1931, en var látinn laus eftir fjögur ár í fangelsi, þá 88 ára.

Horst Wessel ... 309. bls. Böðvar Guðmundsson þýddi, sjá Tilurð og örlög tveggja ljóða, *Tímarit Mals og menningar*, 76. árg. 2. hefti 2015, 57.–71. bls.

Rudolf Heitman ... 334. bls. Svo virðist sem þessi maður hafi ekki verið til, en Krebs hafi skapað hann til að vernda þá, sem lögðu með honum á ráðin um að gerast gagnþjónnari, aðallega Anton Saefkow eða „Tonio“, sjá aftanmálgrein við 479. bls.

dauðir menn í orlofi ... 335. bls. Þessi setning varð fleyg fyrstu árin eftir Norðurálfuófriðinn mikla 1914–1918. Sá, sem hana mælti í raun og veru, var rússneskur gyðingur og byltingarmaður, Eugene Leviné (1883–1919), sem stjórnaði uppreisnartilraun kommúnista í Bæjaralandi 1919 og lét þá veða nokkra gísla. Orðin féllu í síðustu ræðu hans í réttarsal, en Leviné var dæmdur til dauða fyrir að láta veða gíslana og tekinn af lífi 5. júní 1919. Einar Olgeirsson hafði þetta ranglega eftir Lenín, sjá Sjöunda heimsþingið — og sigurinn yfir fasismanum, *Réttur*, 58. árg. 2. hefti (1975), 121. bls. György (George) Lukács nefndi bók *Dead Men on Leave* (London: Verso/New Left Books, 1984).

Ulrich ... 339. bls. Ulrich var Aleksandr Úlanovskíj (1891–1970), upphaflega Ísrael Hajkelevítsj, sem barðist með bolsévikum í Rússlandi, en gerðist síðan liðsmaður leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ. Hann var yfirmaður njósna GRÚ í Bandaríkjunum 1931–1934. Síðan birtist hann í Kaupmannahöfn undir nafninu Nathan Sherman og var handtekinn 1935 ásamt Mink, eins og Krebs sagði, og dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir njósnir og undirbúning. Hann var sendur til Rússlands, og var kona hans handtekin 1948 og hann sjálfur ári síðar. Þau voru látin laus í stjórnartíð Khrústjovs.

Martin Hjelman ... 346. bls. Hann (1904–1944) var norskur kommúnisti, sem tók þátt í skemmdarverkasveit Ernsts Wollwebers á fjórða áratug. Hann var handtekinn í Svíþjóð 1940 og framseldur til Noregs, og var hann pyndaður af Gestapo og loks hálshöggvinn.

Michal Wolf ... 378. bls. Michal Wolf hét upphaflega Hermann Löwy (1904–1965) og var af gyðingaættum úr héraði, sem ýmist taldist til Slóvakíu eða Ungverjalands. Á ungersku nefndi hann sig Mihály Farkas (úlfur er farkas á ungersku). Hann gekk í kommúnistaflokk Tékkóslóvakíu 1921 og var starfsmaður æskulýðssamtaka kommúnista 1932–1935. Árin 1936–1937 tók hann þátt í spænska borgarastríðinu, en hélt þá til Moskvu og starfaði fyrir Alþjóðasamband ungra kommúnista. Eftir heimsstyrjöldina fór hann til Ungverjalands og var varnarmálaráðherra 1948–1953 í kommúnistastjórninni, sem þar tók völd í skjóli Rauða hersins. Hann var handtekinn fyrir ýmis ódæði 1956, en látinn laus 1960. Sonur hans, Vladimir Farkas, var illræmdur pyndingameistari ungersku leynilögreglunnar. Wolf/Farkas kom örlítið við sögu íslensku kommúnistahreyfingarinnar. Jón Ólafsson hafði haldið því fram í tímaritinu *Sögu*, að Sósíalistaflokkurinn hefði verið stofnaður 1938 í óþökk Kominterns, því að hann hefði fundið minnisblað frá einum starfsmanni Kominterns, þar sem lýst væri efasemdum um tilgang þess að kljúfa Alþýðuflokkinn. Þór Whitehead hafði á sama vettvangi vísað þessari kenningu á bug, þar eð engin gögn hefðu fundist um það, að Komintern sjálf eða ráðstjórnin í Moskvu hefði haft eitthvað að athuga við stofnun flokksins. Meðal

annars hefðu ýmsir kommúnistaflokkar sent flokknum heillaóskaskeyti við stofnunina, og samband hefði haldist milli kommúnista í Reykjavík og Kremmlverja. Sósíalistaflokkurinn hefði líka strax markað þá stefnu, sem Komintern hefði mælt fyrir um, þegar kommúnistar gengju til samstarfs við aðra vinstri menn. Þá fannst í skjalasafni Æskulýðsfylkingarinnar, ungliðasamtaka sósíalista, bréf frá Wolf/Farkas fyrir hönd Alþjóðasambands ungra kommúnista til Æskulýðsfylkingarinnar nýstofnaðrar, þar sem hann bar fram heillaóskir og lýsti yfir ánægju með stefnuskrá hennar. Wolf/Farkas, sem var dyggur stalinísti, hefði aldrei sent þetta bréf, hefðu Kremmlverjar verið ósáttir við stofnun Sósíalistaflokksins. Sjá Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 175. bls. Krebs kallaði hann Wolf Michal, en það hefur verið leiðrétt hér.

hvort Templin væri látinn ... 389. bls. Frásögn Krebs hér hefur iðulega verið talin ótrúleg, en sannleikurinn er sá, að Johannes Templin var skráður látinn í Fuhlsbüttel-búðunum 17. september 1933, en því bætt við, að líkið hafi verið brennt. Sjá Erik Nørgaard, *Truslen om krig*, 81. bls.

Kraus lögreglufulltrúi ... 397. bls. Peter Kraus (1898–1954) barðist í fyrri heimsstyrjöld og var ráðinn í lögregluna í Hamborg 1919. Hann gekk í nasistaflokkinn 1932 og sá eftir valdatöku nasista um eftirlit með kommúnistum. Eftir árás Hitlers á Ráðstjórnarríkin 1941 var hann gerður að lögreglustjóra í Galísíu í Póllandi, þar sem hann skipulagði fjöldamorð á gyðingum. Hann gekk í SS 1942 og varð *Sturmabführer*. Hann var tekinn höndum í stríðslok og lést í stríðsfangabúðum í Pervoúralssk. Krebs kallaði hann Paul, en það hefur verið leiðrétt hér. (Upplýsingar frá Polizeimuseum í Hamborg.)

Hertha Jens ... 400. bls. Hún (1908–1971) hafði verið virk í þýska kommúnistaflokknum, en var handtekin 1933 og gekk til liðs við nasista. Hún var aðstoðarkona Peters Kraus lögreglufulltrúa og varð síðar eiginkona hans. Hún var 1948 dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir aðild að ódæðum Gestapo. (Upplýsingar frá Polizeimuseum í Hamborg.)

Marabú ... 471. bls. Johannes Rode (1889–1947) var yfirmaður fangabúðanna í Fuhlsbüttel frá 1934 til 1943, en áður hafði hann starfað í Hamborgarlögreglunni. Hann gerðist aftur lögreglumáður, en var handtekinn í stríðslok og lést í fangelsi. Marabú-storkur er stórvaxinn vaðfugl af storkaætt.

Tonio ... 479. bls. Anton Saefkow (1903–1944) gekk í ungliðasamtök kommúnista 1920 og gegndi síðan ýmsum trúnaðarstörfum fyrir kommúnistaflokk Þýskalands. Vorið 1933 var hann handtekinn og sendur í fangabúðir. Hann var látinn laus 1939 og hóf þá þegar leynilega andspyrnu gegn nasistastjórninni. Eftir samsærið gegn Hitler 20. júlí 1944, sem hann tók þátt í, var hann handtekinn og líflátinn.

til Streckenbachs ... 500. bls. Bruno Streckenbach (1902–1977) barðist í fyrri heimsstyrjöld, en hóf verslunarstörf 1919. Hann gekk í nasistaflokkinn 1930 og í SS-sveitirnar 1931 og varð *Sturmabführer*. Hann varð haustið 1933 yfirmaður stjórnsmálalögreglunnar í Hamborg og *Obersturmbannführer* í SS. Hann varð einn yfirmaður tengsla lögreglunnar og annarra öryggisstofnana nasista 1938 og *Brigadenführer* í SS. Eftir innrás Hitlers í Pólland 1939 stjórnaði hann um skeið lögreglu nasista á hinu pólska hernámssvæði þeirra með aðsetri í Kraká (Kraków), var síðan einn af yfirmönnum leynilögreglunnar í Berlín, en barðist loks í hinu vopnaða liði SS, og tók Rauði herinn hann höndum í stríðslok. Hann sat í fangabúðum

í Rússlandi til 1955, en var þá sleppt, og sinnti hann eftir það verslunarstörfum í Hamborg. Krebs kallaði hann í frumútgáfunni Schreckenbach, en það hefur verið leiðrétt hér.

Hún hét Ragnhildur ... 546. bls. Í frumútgáfunni nefndi Krebs hana Sylvíu, sem kann að hafa verið dulnefni, og taldi hana systur Arthurs Samsings, en Ragnhild Wiik (1910–1964) var mágkona Samsings. Systir hennar var Aagot Konstanse Samsing (1902–1940). Það hefur verið leiðrétt hér.

vestur um haf ... 586. bls. Skipið, sem Krebs komst á frá Evrópu, var *Ary Lensen*, skráð í Bretlandi. Þegar það lagði að Newport News-höfn í Virginíu 3. febrúar 1938, var Krebs settur í gæslu um borð, enda hafði honum verið vísað frá Bandaríkjunum 1929 fyrir tilraun til manndráps. Honum tókst þó að strjúka í land 6. mars, og var hann kominn til New York þremur dögum síðar. Þar vann hann næsta árið fyrir sér á ýmsa vegu, meðal annars sem sendill og við ræstingar. Hann varð þó að fara að með gát. Kommúnistablaðið *Daily Worker* birti t. d. frétt 5. maí 1938 um, að þessi „flugumaður Gestapo“ hefði sést í borginni. Í New York kynntist Krebs þýskum útlaga að nafni Robert Bek-Gran, og sá kynnti hann fyrir kunnnum bandarískum andkommúnistum, Eugene Lyons (1898–1985) og Isaac Don Levine, en hins síðarnefnda var getið nánar í aftanmálgrein við 7. bls. Þeir Lyons og Levine heyrðu strax, að hann kunni frá mörgu forvitnilegu að segja, og útveguðu honum samning við bókafélag um að skrifa ævisögu. Krebs birti næsta árið stuttar sögur og greinar undir nafninu Jan Valtin og vann kappsamlega að ævisögunni, sem kom út í ársbyrjun 1941. Hann var þó enn ólöglegur innflytjandi með refsidóm og átti því á hættu að vera vísað aftur úr landi. Skoruðu ýmsir málsmetandi menn á ríkisstjórnann í Kaliforníu, Culbert Olson (1876–1962), að gefa honum upp sakir, og gerði Olson það í desemberbyrjun 1941. En eftir að Japan réðst á Perluhöfn í Kyrrahafi 7. desember 1941, skall á stríð milli landanna tveggja, og jafnframt sagði Hitler Bandaríkjunum stríð á hendur 11. desember. Þá var Krebs orðinn ríkisborgari óvínaríkis, og auk þess hafði maður að nafni Erich Krewet (1900–1970), sem var í haldi sem þýskur ríkisborgari í Kaliforníu, skrifað í bréfi, sem ætlað var yfirvöldum, að Krebs hefði í raun og veru verið flugumaður nasista og komið upp um marga félaga sína. Krebs var því handtekinn 24. nóvember 1942 og settur í varðhald á Ellis-eyju, en látinn laus 28. maí 1943, og barðist hann eftir það í Bandaríkjaher á Kyrrahafi og skrifaði um það bók, *Children of Yesterday* (New York: The Reader's Press, 1946).

myndinni af mér ... 586. bls. Mynd af Krebs birtist m. a. í danska kommúnistablaðinu *Arbejderbladet* 28. nóvember 1937 undir fyrirsögninni: Advarsel mod Gestapo-Agent! Her getur hana að líta á 298. bls.

Wollweber, dverginn fálynda ... 586. bls. Í bandarísku frumútgáfunni (og íslensku þýðingunni frá 1944) hafði Richard Krebs það eftir kunningjum, að Gestapo hefði handsamað Wollweber og flutt til Þýskalands, en þar eð það er ekki rétt, er það fellt út hér.

áróðursbæklingi ... 588. bls. Sender Garlin, *The Truth about Reader's Digest* (New York: Forum, 1943). William Gropper (1897–1977), sem teiknaði myndina, var kunnur og virtur bandarískur listamaður og kommúnisti, þótt hann væri ekki flokksbundinn.

# Nafnaskrá

- Aachen 172, 368  
Abessinía [Eþíópía] 475  
Adolf [dulnefni] 241  
Afganistan 174  
Afríka 538, 539  
Ahrensburg 72, 73, 384  
Albers 487  
Albrecht 503  
Alexander 470  
Alexandretta 150  
Alexandría 107, 119, 120, 150, 227  
Algeirsborg 228  
Allan [dulnefni] 149, 150  
Alsace 148  
Alsír 149  
Alster 416  
Altona 23, 244, 280, 281, 337, 371, 373, 460, 473, 485  
Alþjóða rauðahjálpin 482  
Alþjóðanefnd gegn stríði og fasisma 158, 365, 367, 377  
Alþjóðaráð svartra verkamanna 240  
Alþjóðasamband sjómanna og hafnarverkamanna, ASH (ISH), 239, 240, 242–244, 246, 255, 259, 263, 336, 339, 364, 374, 378, 485, 518, 519  
Alþjóðasamband flutningaverkamanna (ITF), 285, 563, 564  
Alþýðufylkingarstefnan 475, 480, 543, 545, 560  
Ameríka 23, 26, 36, 43, 83, 109, 126, 128, 133, 137, 162, 167, 241, 242, 249, 292, 330, 346, 391, 543, 571  
Amiens 375  
Amsterdam 7, 119, 166, 228, 256, 285, 286, 359, 378, 440, 504, 549  
Andersen [dulnefni] 232  
Andresen, Kitty 291, 347, 351, 352, 354, 356  
André, Etgar 53, 54, 200, 201, 225, 280, 303, 309, 310, 318, 417, 435, 462, 484, 510, 511  
Anja [kona Ottos K.] 392  
Anlauf, Paul 298  
Annam 165  
Antofagasta 27, 28  
Anton, sjá Anton Helmes  
Antwerpen 76, 78, 80, 81, 85–87, 106, 107, 163, 165–167, 169, 171, 172, 174–179, 182, 187, 188, 224, 233, 252, 331, 356, 358–360, 362, 363, 367–369, 371, 396, 402, 412, 413, 417, 423, 453, 549, 559–565, 567, 568, 577, 578, 585, 586  
Appelmann, Mike [Mike Pell] 244–246, 249, 529  
Arabía 470  
Arcos 252  
Argentína 27, 45, 184  
Arkhangelsk 220, 254, 347, 554  
Arnhem 75  
Arrachard, René 375, 376  
Asía 103, 254, 311, 523  
Astoria 99  
Atsjkanov, G. 90–92, 96, 98  
Außenalster 37  
Aussiger, Ignace 358, 359  
Aussiger, Paula 358, 359  
Austermann, August 526  
Austur-Þýskaland 7



Austur-Asía 269  
 Austur-Evrópa 96  
 Austurríki 236, 532,  
 Avatin, Michael 93–97, 174–177, 183, 202,  
 228–232, 236, 263, 308, 312, 356–358,  
 362, 366, 368–370, 384, 423, 467, 479,  
 544–547, 549–555, 557, 558, 561, 569,  
 571, 572, 574–576, 578, 579, 585  
 Ayriss, Jessie Paddy 149, 150, 255, 256  
 Azoreyjar 25  
 Álalborg 160, 286  
 Árósir 286, 552  
 Ársæll Sigurðsson 9  
 Ástralía 532

Babu 121  
 Bailich, Kurt [Hermann Beilich] 485, 486  
 Bajaraland 18  
 Bakland 350  
 Balkanskagi 229, 567  
 Baltimore 204  
 Bandaríkin 7, 9, 10, 25, 45, 83, 91, 98, 102,  
 103, 109, 123, 130, 132, 148, 150, 151,  
 156, 158, 162, 185, 193, 205, 229, 240–  
 242, 254, 261, 269, 348, 359, 562  
 Bandura, Alexander 80–82, 85–91, 93, 107,  
 233–236, 529, 576  
 Barbusse, Henri 377  
 Barcelona 244, 544  
 Barmbeck 65, 68, 416  
 Barth, Ferdinand 242  
 Basel 357, 367, 368, 371, 549, 581  
 Batavía [Djakarta] 14, 269, 270  
 Bates 264  
 Baumgarten-hjón 422, 423  
 Beaugrand, Georges 364, 367  
 Belawan 121  
 Belgía 45, 77, 87, 174–176, 178, 187, 195,  
 223, 292, 302, 331, 344, 358, 359, 368,  
 371, 375, 396, 397, 404, 475, 560, 564,  
 567, 571

Belgíska Kongó 170  
 Benjamín H. J. Eiríksson 8, 9  
 Berg, Bertil 340, 341  
 Berg, Emil 541, 542  
 Bergeman, Emil 44  
 Berger, Harry 149, 185  
 Bergerdorf 333  
 Berlín 15, 16, 18–20, 40, 43, 45, 49, 50,  
 52–55, 57–60, 62, 68, 72, 97, 107, 110,  
 112, 113, 117–119, 122, 123, 143, 146–  
 148, 151, 154, 155, 157, 158, 163, 164,  
 166, 170–172, 174, 176, 178, 183, 184,  
 187, 191, 197, 199, 201, 204–206, 212,  
 213, 222–225, 227–232, 235, 236, 239,  
 241–243, 245, 250, 252–255, 257, 260,  
 263, 265, 269, 273, 276–278, 281–285,  
 287, 288, 291–293, 299, 304–306, 308,  
 309–311, 313, 320, 323–326, 328, 332,  
 333, 336, 338, 342, 349, 357, 360, 365,  
 366, 368, 371, 381–383, 385, 387, 396,  
 401, 406, 411, 416, 435, 436, 437, 466,  
 467, 483, 485, 502, 504, 517, 523, 528,  
 533, 534, 537, 549, 552, 557, 558, 564, 587  
 Berta [öðru nafni Marie] 388  
 Bessarabía 302  
 Betterton 10  
 Bevin, Ernest 256  
 Bianchi, Giacomo 237, 238  
 Bielefeld 460  
 Birkenhauer, Erich 279  
 Birkenhead 257  
 Birzinsch 367, 368  
 Bismarck, Otto von 159, 277, 328, 481, 528  
 Björgvin 292, 346  
 Björk, Knut 287, 348, 349  
 Bleser, Josef 308  
 Blumenthal 540, 547  
 Boðin (Bodø) 215, 347, 349  
 Børvika 215  
 Bohle, Wilhelm 229, 461  
 Boma 170

Bombay [Mumbai] 120, 224  
 Bond, Cyril 248  
 Bordeaux 224  
 Borgfelde 67  
 Borgundarhólmur 50  
 Bornos, John (Meyer) 45  
 Borsig, Ernst von 59  
 Boulogne 266, 371  
 Bowditch 143  
 Bowery 243  
 Botzenhard, Johannes 53  
 Brahms 32, 33  
 Brake 207  
 Brandler, Heinrich 53, 59, 62, 73  
 Brasília 112, 185, 541  
 Brauch, L. 553  
 Braun, Otto 281  
 Braunschweig 18, 19, 273  
 Bready 28  
 Bremen, sjá Brimar  
 Bremerhaven, sjá Brimahöfn  
 Breska Kólumbía 136  
 Breska leyniþjónustan 122, 232, 241  
 Breslau [Wrocław] 274, 371  
 Bretland 123, 132, 223, 240, 250, 253, 254, 264  
 Brimahöfn 207–209, 215, 502  
 Brimar 15, 17–20, 45, 47, 49, 56, 59, 61, 63, 186–189, 191, 192, 194, 197–200, 203–210, 212, 220, 224, 372, 385, 482, 485  
 Brouwersvliet 85, 561  
 Browder, Earl 169, 543  
 Brüning, Heinrich 176, 278  
 Brunsbüttel 209  
 Brüssel 170, 177, 376, 549, 567  
 Buchenwald 491  
 Buchholz 61  
 Buenos Aires, Góðviðra, 14, 27, 28, 44, 45, 178, 182, 184–186, 364  
 Burhave 537, 539  
 Burmeister, Karl 387, 389–393, 396, 408–410, 415, 501  
 Búdapest 111, 161  
 Búkharín, Níkolaj 145, 295, 570  
 Búlgaría 115, 159  
 Bútyrka 579  
 Cahnbley, Louis 201, 202  
 Camillo F. 242  
 Cance, René 146–148, 154, 371–373, 434  
 Cance, Gabrielle 146, 147  
 Cardiff 87, 144, 250, 256, 257, 260  
 Carl R. 242  
 Catalina-eyja 84  
 Celebes 270  
 CGTU, franska verklyðssambandið, 149, 374  
 Chamberlain, Sir Austen 248  
 Chambers, Whittaker 7  
 Chang, Leo 269, 270  
 Charlottenburg 306  
 Charlottenlund 379, 380, 477, 542, 546  
 Chemnitz 371  
 Chicago 244  
 Christiansand, sjá Kristjánssand  
 Christiansen, Sven, 574, 575, 579, 580, 584  
 Chuqui 27  
 Cilly [Hildegard Volkersen Thingstrup] 252, 255, 260, 305, 325, 328–330, 332, 333, 365, 366, 368, 369, 383, 389–393, 396, 404, 405, 410, 416, 434, 467–469, 498, 499, 546, 570  
 Claus 570  
 Clausewitz, Carl von 112  
 Cole, Albert Edward 248, 256  
 Colombo 14, 119, 121  
 Colon 25  
 Cook, James 99  
 Courtrai 564  
 Croydon 251  
 Cuno, Wilhelm 299

Cuxhaven 24, 36, 209  
 Dachau 491  
 Danmörk 252, 268, 284–286, 307, 308,  
 333, 338, 340, 353, 354, 359, 379, 414,  
 548–550, 552, 553, 571, 574  
 Danzig 50, 205, 331, 549  
 Darmstadt 155  
 Darré, Walter 536  
 Darwin, Charles 143  
 Daul, Anj, 54  
 De Buck 567  
 Deep 51  
 Derutra (skipafélag) 211, 212  
 Deter, Adolf 402, 564, 565, 567  
 Dettmer, Johnny 49–51, 69, 275, 276, 454,  
 456, 457, 462, 464  
 Dettner, Fritz 570  
 Diels, Hermann 230, 282, 308  
 Dietrich, Marlene 325  
 Ditmar, Max von 61  
 Ditlevsen 359  
 Dímtrov, Georgí 97, 115, 158–161, 176,  
 178, 197, 199, 204, 205, 214, 222, 223,  
 239, 241, 250, 253, 255, 269, 284, 289,  
 290, 292–295, 299, 310, 339, 342, 381,  
 382, 462, 475, 481, 499, 558, 562, 570,  
 575, 577  
 Dollfuß, Engelbert 475  
 Dombal, Tomasz 576  
 Dóminíska lýðveldið 256  
 Dosser, Zínovíj Níkolajevítsj 122  
 Dreazen [dulnefni] 529  
 Dresden 57  
 Drídzó, S. A., sjá Solomon Lozovskíj  
 Duddin, Lola 383  
 Duddin, Walter 323, 327, 334, 383, 479,  
 570  
 Duisburg 385, 487  
 Dunkerque 163, 169, 359, 360, 371, 373–  
 376, 378, 560, 585  
 Durban 241  
 Dürer, Albrecht, 321  
 Dúman 110  
 Dzerzhínskíj, Felíks 60, 61, 110, 289  
 Dzhúgashvílí, Josíf, sjá Stalín  
 Eberlein, Hugo 52, 279  
 Eggertstedt 280  
 Egyptaland 122, 150  
 Eiling 288  
 Eimsbüttel 61, 64, 85  
 Eimskipafélag Íslands 7  
 Elísabet I. 387  
 Embarcadero 98  
 Emden 18, 205, 385  
 Emel, Alexander [Moische Lurie] 279  
 Emil Thoroddsen 9  
 Emmerich, Julius 301, 314  
 Engdahl, Louis 244  
 Engels, Friedrich 577  
 England 16, 28, 81, 89, 93, 117, 167, 172,  
 183, 205, 232, 249–251, 255, 258, 260–  
 263, 265, 278, 305, 403, 447, 502, 561, 571  
 Erich K. 462  
 Ernst, Karl 201, 466  
 Esbjerg 286, 341, 552, 559, 560, 568, 585  
 Esschen 78, 108  
 Essen 231, 232  
 Eupen 332  
 Eureka 98  
 Evrópa 7, 10, 27, 78, 85, 91, 95, 103, 117,  
 123, 138, 144, 168, 185, 186, 227, 244,  
 254, 304, 342, 376, 486, 512, 523, 545,  
 563, 577  
 Ewert, Arthur 112, 149, 151–153, 156, 157,  
 160, 184–186, 434  
 Eyck, Paul 44  
 Eystrasaltsríkin 532  
 Farallon-eyjar 103  
 Feddersen, Alfred 391

Felseneck 230–232  
 Feneyjar 167  
 Ferguson 127, 128  
 Feuchtwanger, Leon 529  
 Feuerbach, Ludwig 115  
 Fiebelkorn, Adolf 201, 461, 466, 468  
 Filipseyjar 104  
 Fimmen, Edo 285, 286, 563, 564, 571, 585, 586  
 Finnbogí R. Valdimarsson 7  
 Finnland 47–49, 111, 116, 381, 532, 571  
 Firelei [Hermine Krebs, f. Stöver] 165, 168–177, 179–184, 186–188, 191, 193–195, 203, 204, 206, 207, 209, 214–219, 222, 233–235, 251, 271, 272, 277, 281, 282, 295, 296, 301, 303, 309, 311–313, 315–321, 323, 335, 336, 346, 351, 357, 366–368, 371–373, 376–379, 383, 392, 393, 411–415, 434, 441, 469, 470, 472, 483–486, 499, 501, 509, 528–530, 537–540, 543, 545–548, 550, 554–556, 559, 563, 570, 573, 577, 578, 586, 587  
 Fischer, Enrique 277  
 Fischer, Hermann 69, 464, 465  
 Fischer, Ruth 53  
 Filadelfía 224, 242  
 Fjónn 585  
 Flensburg 307, 384  
 Flieg, Leo 279  
 Ford, James W. 240, 241, 403  
 Foss, Leif 355, 356  
 Fox, William 84  
 Frachon, Benoit 149, 150, 374, 376  
 Fraczkovitz 21  
 Frakkland 29, 36, 86, 107, 123, 144, 149, 178, 205, 229, 266, 268, 278, 292, 316, 338, 364, 371, 373–375, 412, 413, 453, 475, 543, 549, 552, 559, 560, 564, 571, 585  
 Franco, Francisco 244, 483, 563, 571  
 Frankfurt 168, 308  
 Franz, Richter 560, 561  
 Fredericia 384, 569, 585  
 Freetown 255, 561  
 Friðriksstaður (Fredrikstad) 292  
 Friedrich 479, 481  
 Fríslandseyjar 379  
 Frobenius, Leo, 191  
 Fuhlsbüttel 300, 426, 427, 430, 431, 433, 434, 438, 459, 469, 476, 484, 485, 491, 492, 496, 500, 518, 525–527, 553, 554, 567  
 Fukumoto 124  
 Fünfhausen 201  
 Funk 570  
 Furuseth, Andrew 91  
  
 Galapagos-eyjar 25  
 Galisía 166  
 Gallacher, William 264  
 Galveston 28, 167  
 Garde Mobile [franskar sérsveitir] 375, 376  
 Gautaborg 213, 287, 288, 340, 341–344, 346, 353, 354  
 Gdynia 166, 236, 248, 292, 293  
 Geestemünde 207  
 Geesthacht 69, 71, 72  
 Geirsver 215  
 Genúa 13, 14, 119  
 Georg V. 483  
 Gerber, Annie 58  
 Gerdes, Robert 503–505  
 Gerstenberg, Alfred 20  
 Gertrude G. 90, 92  
 Gestapo 7, 115, 201, 202, 206, 225, 243, 250, 263, 274, 276, 277, 279, 280, 282, 298, 300, 309, 310, 312–315, 317, 319, 321, 324, 326, 328, 329, 333–336, 338, 349, 351, 354, 357–359, 362, 363, 365, 367, 370, 377, 382, 383–389, 391, 392, 394, 396, 397, 400, 401, 413, 414, 416, 419, 421, 426, 430–436, 442, 445, 447, 455, 459–463, 466, 467, 469, 475–487, 489–492, 494–496, 498–502, 508, 512,

513, 515, 516, 519, 520, 522, 524, 526–  
 529, 531–533, 536, 540–543, 545–552,  
 554–556, 558, 560, 563–566, 573, 574,  
 576, 582, 585–587  
 Getsy [dulnefni] 131–135, 139  
 Gandhi, Mahatma 120, 439  
 Ghent 81, 82, 163, 167, 169, 359, 360, 371,  
 561, 564  
 Gill, Hugo 391  
 Ginsburger, Doris 148, 149, 375  
 Ginsburger, Roger 148, 151, 153, 154, 156,  
 364, 365, 367–369, 376, 378  
 Gjedser 547  
 Glasgow 255, 256, 260, 264  
 Goethe, Johann Wolfgang von 377  
 Gorev, sjá Skoblevski  
 Gorisch, Paul, 44  
 Gottlieb 487  
 Gómorra 288  
 GPÚ 36, 41, 43–45, 52, 58, 60, 61, 91,  
 92, 96, 107, 110, 113, 118, 134, 145, 146,  
 148, 157, 161, 174–176, 197, 206, 218,  
 219, 221, 222, 229, 230, 232–236, 238,  
 240, 242, 244, 246, 247, 251, 252, 254,  
 256, 263, 264, 276, 277, 279, 285–291,  
 306–309, 312, 334, 340, 341, 361, 362,  
 374, 378, 379, 382, 386, 387, 391, 401,  
 403, 417, 423, 424, 476, 477, 481, 486,  
 520, 523, 528, 529, 531, 533, 542–546,  
 550, 553, 556–558, 560, 563, 564, 574,  
 576–578, 580, 582, 585, 586  
 Graner, Ludwig 489, 490  
 Grangemouth 264  
 Grays Harbour 99  
 Grikkland 116, 162, 475, 529  
 Grimsby 207, 258, 263  
 Gromulat, Albert 53  
 Groot, Paul de 265, 378  
 Grünewald 326, 327  
 Guadalajara 574  
 Guðmundur G. Hagalín 10  
 Gunnar Benediktsson 7, 8  
 Gunnar Gunnarsson 7  
 Guse, Arnold, 232  
 Gushi [dulnefni] 130–133  
 Gutmund, Rolf 160  
 Gúsev, Sergej Ívanovítsj 146  
 Göbbels, Joseph 164, 200, 230, 279, 360,  
 381, 508, 536  
 Gögös 111, 112  
 Göring, Hermann 176, 189–191, 279, 282,  
 300, 308, 310, 328, 354, 357, 381, 382,  
 407, 436, 476, 509, 536  
 Haikiss, Leo 477, 557–559  
 Haíti 256  
 Halldór Kiljan Laxness 7–10  
 Halle, Fritz 279  
 Halvorsen, Arne 9, 289, 291, 294, 295,  
 346–348, 352, 354–356  
 Halvorsen, Karin 289, 290, 347, 355  
 Hamborg 18, 19, 21–23, 27–29, 36, 38,  
 40, 43–45, 49, 52, 54–57, 59, 61–64, 66,  
 67, 69, 71–74, 78, 79, 82, 83, 85, 87, 89,  
 91, 92, 94, 95, 98–104, 107, 119–122,  
 135, 156, 162–164, 173, 186, 200–202,  
 204–206, 211, 212, 224, 225, 228–234,  
 236–245, 247, 252, 254, 255, 258, 261,  
 263, 265, 268, 269, 274–276, 279, 280,  
 282, 286, 287, 299, 301, 302, 305, 308,  
 310–314, 323, 326–328, 330, 332–334,  
 336, 338, 344, 345, 349, 357, 361, 362,  
 364, 367, 371, 373, 381–385, 389, 391,  
 394, 401, 406, 408, 416, 420, 424, 426,  
 430, 433, 435, 436, 447, 453, 461, 465,  
 469, 477–479, 485, 488, 502, 513, 515,  
 517, 524, 526, 532, 535, 537, 541, 545,  
 547–552, 554, 555, 560, 562, 565, 571,  
 576, 587  
 Hamm 65  
 Hammerfest 215  
 Hannover 59, 321, 549

Hans 279  
 Harburg 63  
 Hardy, George 254–256  
 Hardy, Jessie, sjá Jessie Paddy Ayriiss  
 Harris, Abigail 10  
 Haupt 349  
 Haushofer, Karl 518  
 Havaí-eyjar 91, 99–101, 104, 106, 571  
 Hákon VII. 347  
 Heckert, Fritz 55, 118, 119, 122, 204, 205,  
 214, 241, 308  
 Hegel, Georg W. F. 115, 577  
 Hegener, Georg 307, 308, 340, 341, 366,  
 476, 477  
 Heidelberg 154, 155  
 Heines, Edmund 274, 275, 466, 468  
 Heinzelmann 276, 452, 455, 457, 465  
 Heitman, Rudolf 334, 357, 383, 384, 386,  
 387, 466–468, 476, 481, 492–495, 522,  
 527, 528, 547, 548  
 Helena 195  
 Helgoland 15, 173, 209, 263  
 Heldorf, Wolf-Heinrich von 306  
 Heller, Adolf 110  
 Helm, Martha 431  
 Helmes, Anton 107, 175, 176, 178, 182,  
 184, 186, 187, 356, 359, 362, 367, 368  
 Hellmann, Tönnies 448  
 Helsingjaborg 342  
 Helsinki 45–49, 87, 338  
 Hemingway, Ernest 295  
 Henley, William Ernest 12  
 Henning, Karl 201, 202  
 Henningsen, Poul 285  
 Herrman, Lilo 570  
 Hess, Rudolf 229  
 Heuck, Christian 225  
 Héðinn Valdimarsson 8  
 Hilo 99, 100, 104, 106  
 Himmler, Heinrich 230, 232, 301, 311, 312,  
 394, 407, 535, 536, 560, 587  
 Hindenburg, Paul von 193, 274, 361, 475  
 Hirsch 166  
 Hirsch, Werner 279  
 Hitler, Adolf 7, 8, 10, 53, 58, 59, 151, 160,  
 176, 189, 192, 193, 196–202, 224, 229,  
 232, 243, 269, 273–279, 281–284, 296,  
 299–301, 305, 306, 312, 324, 326, 327,  
 333, 334, 339, 345, 349, 357, 359, 364,  
 365, 371, 372, 381, 386, 388, 397, 400–  
 402, 407, 410, 416, 422, 436, 441, 442,  
 461–464, 466, 475–477, 479, 481, 483,  
 486, 495, 498, 499, 501, 502, 509, 510,  
 511, 512, 514–516, 524, 525, 532–536,  
 538, 551, 555, 557, 560, 563, 565, 570,  
 575, 577, 586  
 Hito, sjá Nakanome Otosuke  
 Hjelman, Martin 346, 348, 349  
 Hohmann, Kurt 231  
 Holland 18, 75, 77, 86, 87, 107, 108, 174,  
 175, 224, 238, 265, 266, 268–270, 282,  
 292, 302, 344, 359, 371, 375, 378, 404,  
 447, 461, 489, 528, 571  
 Hollensku Austur-Indiur 117, 118, 172,  
 204, 259, 269, 270  
 Hollywood 84, 85, 219  
 Holmberg, Gustav 287, 288, 340, 343  
 Holstein, Martin 391–393, 396, 421, 468,  
 486, 487  
 Holtenu 210  
 Holz, Max 53, 576  
 Hong Kong 14, 122, 126, 128  
 Honolulu 91, 99, 100, 104, 167, 562  
 Hook, Sidney 9, 10  
 Hoppe, Arthur 454, 455, 457, 462, 465  
 Horn 65  
 Hotopp, Albert 279  
 Hróarskelda 585  
 Hudson, Roy 359  
 Hugenberg, Alfred 198, 200  
 Hull 28, 207, 256, 263  
 Huyge, Gustave 374

Huysmans, Camille 360  
 Hynes, Harry 244  
 Hænufofss (Hønefoss) 346  
 Höfðaborg 158, 241, 244  
  
 Imprecorr 151, 279, 581  
 Indland 120, 158, 166, 169, 245, 254, 258, 259  
 Indó-Kína 169, 170  
 Indónesía 269  
 Invergordon 248, 249, 256  
 Iquitos 127  
 Isa 284  
 Ísland 158, 286  
 Ítalía 13–15, 119, 170, 175, 202, 236, 237, 532  
  
 Jahnke, Max 575, 576  
 Jamaíka 25, 166, 240, 256, 561  
 Jan, sjá Krebs, Jan  
 Japan 123, 124, 132, 227  
 Jauch, Heinrich 446, 462–465  
 Java 118, 122, 172, 269, 271  
 Járnfylkingin 277, 278  
 Jens, Hertha 400, 401, 404, 405, 407, 408–411, 413, 415–419, 421–424, 432, 461, 467, 468, 477, 513, 514, 517–521, 523–525, 527, 528, 531, 537, 541, 547, 587  
 Jensen, Inge 379, 571, 572, 583  
 Jensen, Martin 285, 286, 379, 380, 384, 557, 559, 569, 572–575, 578–580, 583, 584  
 Jensen, Richard 7–9, 284–286, 290, 293, 295, 307, 337–341, 343, 346, 354, 363–367, 378, 379, 383, 387, 476, 477, 485, 525, 527, 528, 533, 535, 541–546, 549–551, 553, 555, 557, 559, 568–572, 580, 581, 583–587  
 Jesús 180  
 Jones, Chris [Chris Braithwaite] 257  
 Jón Aðalsteinn Sveinsson 9  
 Jótland 195, 384, 559, 568, 585  
  
 Júgóslavía 96  
 Jægerkroen 584  
 Kaiser 312  
 Kaishek, Chiang 124  
 Kalifornía 91, 100, 102, 103, 126, 131, 403, 516  
 Kalkúttá 120, 158, 169, 245, 258, 259  
 Kanada 92, 93, 193, 240  
 Kanton [Guangzhou] 245  
 Kaplan, Dora 578  
 Kapp, 29  
 Kapp, Wolfgang 299  
 Karahaf 347  
 Karl 55  
 Karl S. 182  
 Karlskrona 342  
 Karlsruhe 154  
 Kassel 279  
 Kaufmann, Karl 461  
 Kaupmannahöfn 7, 9, 116, 243, 244, 247, 250, 277, 284–288, 293, 295, 304, 306, 308, 336–341, 346, 356, 359, 364, 367, 369, 376–379, 382–384, 387, 389, 390, 392, 393, 395, 406, 411–415, 423, 424, 466, 467, 477, 481, 484–487, 524, 525, 527, 530, 535, 541–545, 547, 548, 550–555, 557, 559, 561, 567–569, 580–582, 584–586  
 Kapólska kirkjan 508  
 Kákasus 113  
 Keenan, Joe 252, 253, 255, 259  
 Kensington 146  
 Kentautas, Kazys 115, 116  
 Kessel, Heinrich 460, 461  
 Kiev, sjá Kænugarður  
 Killman, Augustus 127, 128  
 Kindermann, Karl 60, 61  
 Kingston 561  
 Kippenberger, Hans 279, 304–306, 357, 366, 402, 576  
 Kirjálaland 362

Kiruna 347, 348  
 Kil 49, 209, 210, 212, 213, 215, 220, 221,  
 223, 225, 431  
 Kína 36, 60, 117, 118, 123, 132, 150, 245,  
 267, 395, 412, 470, 541  
 Kírov, Sergej 483, 495, 543  
 Klemke, Fritz 231  
 Knief, Johann 21  
 Knoth, Johannes 279  
 Knüfken, Hermann 23, 24, 361–363  
 Kobe 124  
 Koffardschieff, Nicola 115  
 Kohlhofen 236, 238, 247  
 Kolberg 50, 51  
 Kollwitz, Käthe 228  
 Koltsjak, Aleksandr Vasiljevitsj 58  
 Komintern, Alþjóðasamband Kommúnista,  
 7–10, 38, 39, 43, 46, 48–50, 55, 58, 60,  
 76, 87, 89, 90, 93, 96, 101, 104, 108, 115,  
 116, 118, 119, 122–124, 131, 135, 137,  
 143, 145, 146–159, 161–163, 169–174,  
 176–178, 182, 184–186, 192–194, 196,  
 197, 204, 205, 214, 222, 223, 227–229,  
 234, 239–242, 244, 246, 247, 249–254,  
 256, 258, 259, 262, 265, 268–271, 273,  
 277, 281, 282, 284–290, 292, 293, 294,  
 299, 302, 303, 305, 308, 310, 326, 334,  
 336, 338, 339, 341, 344, 346, 348, 350,  
 351, 354, 358, 359, 361–367, 373, 374,  
 376, 378, 381, 382, 394, 398, 401, 404,  
 406, 407, 411, 417, 419, 420, 423, 424,  
 437, 467, 468, 470, 475, 476, 478–480,  
 485, 486, 501, 516, 520, 522, 527–529,  
 533, 535, 542–545, 550, 551, 554, 555,  
 557–566, 568, 570, 571, 573, 576, 577,  
 580, 581, 583, 585–587  
 Kommissarenko 40, 162, 227, 228, 244–  
 246, 339, 402  
 Koopmann 454–457, 462  
 Korsør 569  
 Korte, Lily de 541, 554  
 Kortrijk 81  
 Koschnik, Hans 570  
 Koskinen 46, 48  
 Kostin 206, 207, 209, 210, 212  
 Kotka 46, 47  
 Kovno 116  
 Kowloon 126  
 Kraus, Peter 397, 401, 402–411, 413–424,  
 432, 447, 466, 476, 477, 486, 494, 513–  
 528, 531–537, 539–541, 545, 547, 548,  
 553, 554, 573, 587  
 Krause, Hans 563, 564, 567, 571  
 Krebs, Conrad 10  
 Krebs, Eric 10  
 Krebs, Jan 10, 272, 282, 316, 319, 321, 530,  
 538–540, 559, 587  
 Kristiansen, Henry Wilhelm 284, 289–291  
 Krebs, Richard Julius Hermann 7–10, 142,  
 298  
 Kreml 53, 57, 62, 111, 158, 225, 241, 254,  
 273, 381, 479, 576  
 Kristinaite [líkl. dulnefni] 115, 116  
 Kristjánssandur [Christiansand] 290  
 Kronenberg, Willy 489, 490  
 Kronstadt 55, 108, 222  
 Krüger, Annie 382  
 Krumbein, Charles 529  
 Kruse, Hermann 25, 27  
 Kuhl, Alfons 159  
 Kühne, Otto 113  
 Kühnemann 119  
 Kun, Bela 118, 146, 161, 379, 402, 557, 558  
 Kurella, Heinrich 279  
 Kuschinsky 306  
 Kutaraja 269  
 Kuusinen, Otto Wille 111, 113, 146, 379,  
 380, 381, 402, 420, 477, 542, 544, 555–557  
 Kútsjímov 122  
 Kyndarasambandið danska 285, 286  
 Kænugarður 135  
 Køge 247, 580



Köln 13, 161, 236, 358, 359, 368, 371, 411, 440, 504  
 Könen, Wilhelm 365  
 König, Paul, 204  
 Königsberg 205, 279  
  
 La Rocca 163  
 Lan, M. 118, 119, 121  
 Langisandur 105, 106  
 Langumier, Adrien 248  
 Languinier, Jeanette [dulnefni] 368  
 Larsen, Axel 284  
 Lauenburg 331  
 Lauer, Franz 511, 517  
 Lausen 209, 212, 214, 215, 221, 222  
 Lauterburg 154  
 Le Havre 144–147, 227, 244, 371, 372, 403, 413, 434, 453  
 Le Huan 165  
 Leipzig 59–61, 382  
 Le Marec, Roger 562  
 Lenck, Franz 306  
 Leningrad, sjá Lenínsgarður  
 Lenín, Vladímír Íljítsj, 24, 37–39, 73, 90, 99, 109–111, 113, 117, 161, 187, 218, 254, 271, 289, 295, 299, 509, 544, 557, 570, 573, 577, 578  
 Lenínsgarður 87, 90, 107–109, 111, 113, 115, 117, 118, 120, 149, 151, 219, 220–225, 236, 263, 293, 302, 338, 360, 361, 468, 480, 483, 543, 549, 550, 557, 560, 561, 582  
 Lenínskólinn (í Moskvu) 161, 233, 257, 287, 310, 339, 479, 560  
 Léopoldville 170  
 Leow, Willy 248, 279  
 Lesch, Karl 432  
 Lettland 116, 118  
 Lettow-Vorbeck, Paul von 199  
 Levine, Isaac Don 7, 8  
 Lewandowsky 309  
  
 Ley, Robert 509, 536  
 Lie, Óttar 289–291  
 Liebknecht, Karl 19, 235, 362  
 Lieschen 321  
 Liese 155  
 Lille 364, 374, 375, 564  
 Lindau 488  
 Lisser, Hans 358  
 Litháen 116, 118  
 Litla-Asía 178, 240  
 Liverpool 81, 82, 248, 255–257, 260  
 Litvínov, Maksím 474, 529  
 Lodz 96  
 Lofoten-eyjar 215, 349  
 London, sjá Lundúnir  
 Long Beach, sjá Langisandur  
 Longfors 343  
 Los Angeles 91, 100, 132, 133, 403  
 Lozovskíj, Solomon 99, 160, 162, 163, 169, 241–243, 381, 403  
 Lubbe, Marinus van der 310  
 Luck 112  
 Ludwigslust 328, 333  
 Lukowitz 50, 51  
 Luleå 342  
 Lundúnir 87, 118, 119, 170, 173, 241, 245, 250–252, 254, 257–260, 263, 264, 357, 404, 468, 529, 581  
 Lüneburg 549  
 Lütgen, Hermann 371  
 Lux, Friedrich (Fierte) 334, 448  
 Luxemburg, Rósa 19, 362  
 Luzon 100  
 Lúbjanka 60, 61, 229, 567, 576  
 Lúnatsjarskíj, Anatolj, 289, 290  
 Lvov 96, 97, 166  
 Lýbika 49, 59, 73, 385, 434, 484, 509, 531, 541  
  
 Machiavelli, Niccolo 326  
 Machmannstal 118

Madagaskar 167, 539  
 Maddalena, Max 570  
 Madeira 515  
 Madras 120  
 Madrid 277, 558, 574  
 Magnus 397–400, 547  
 Mainz 13, 168, 171  
 Manautines, Eugène 560, 561, 585  
 Mandalian, T. G. 123, 130  
 Manila 126  
 Mann, Tom 146  
 Mannerheim, Carl-Gustav von 556  
 Mansjúría 227  
 Manúílskij, Dmítrij Z. 151, 273, 558  
 Marabú [Johannes Rode], 471–473, 484, 488, 489  
 Mariette 78–81, 85, 86, 88  
 María Guðsmóðir 180  
 Marquardt, Otto 49, 50, 52, 54, 55, 57, 61, 63, 72  
 Marseilles 78, 80, 87, 149, 150, 175, 178, 228, 235, 244, 453, 475, 562, 563  
 Marty, André 146  
 Marx, Hugo 43–46, 49, 50, 56, 59, 61, 92–94, 119, 120, 135, 230, 234, 235, 237, 242, 243, 334  
 Marx, Karl 112, 117, 143, 277, 577  
 Mauvais, Léon 374, 375  
 Max 325, 327, 328, 334  
 Málmey 286, 340, 342  
 McGrath, James (Red) 107, 252, 255  
 Medders, Clara 10  
 Meininger, Karl 206  
 Melchior, Otto 338  
 Memel [Klaipeda] 115  
 Menin 564  
 Merksem 107, 178  
 Mexíkó 25, 557, 566  
 Meyer, Heinrich 279  
 Meyer [dulnefni], sjá John Bornas  
 Mið-Evrópa 175, 194, 304, 446, 557  
 Japan 227  
 Milenzer 384  
 Miller, Jevgenij de 146  
 Ming, Wang 118, 119  
 Minden 200  
 Mineur, Knut 570  
 Mink, George 163, 240–244, 248, 359, 528  
 Minneapolis 328  
 Minter, Le 561, 562  
 Mitamura 124  
 Mílev, Nikolas 172  
 Mínkín, Aleksandr Jeremejevitsj 185  
 Molotov, Vjatsleslav Míkhaílovitsj 151, 158, 377, 378, 558  
 Monterey 103  
 Montevideo 178, 184, 185  
 Moskva 8, 9, 24, 25, 38, 45, 46, 55, 57, 60–62, 90, 93, 96, 99, 101, 109–111, 113, 118, 120, 135, 145, 146, 148–151, 157–163, 166, 171, 179, 182, 187, 197, 205, 225, 227, 229, 232, 239–243, 247, 250, 252–255, 257, 258, 264, 269, 273, 276, 277, 279, 284–287, 289, 291, 292, 294, 299, 300, 306, 325, 338, 339, 346, 365, 366, 376–382, 387, 401, 403, 404, 410, 419, 479, 485, 499, 506, 519, 520, 525, 543–545, 551, 555–560, 562, 565, 567, 570, 575, 577, 581, 583  
 München 16, 58, 168, 411, 466, 535  
 Münzenberg, Willi 158, 159, 165, 193, 244, 257, 258, 288, 377, 402  
 Murphy, Patrick 252, 253, 255–257  
 Muruviken 210, 214, 215  
 Mussolini, Benito 119, 174, 236  
 Múrmansk 24, 117, 206–211, 215, 217–219, 221, 222, 347, 348, 482  
 Möller, Walter 371  
 Nabejana 124  
 Napóleon 470  
 Narvik 215, 290, 346, 348–350

Nasistaflokkurinn þýski 176, 190, 196, 198,  
 207, 229, 273, 274, 282, 308, 312, 330,  
 344, 349, 383, 386, 387, 435, 461, 479,  
 481, 535 536  
 Nette 118  
 Neukölln 54, 323, 324  
 Neumann, Felix 52–60, 135  
 Neumann, Heinz 60, 113, 189, 194, 197,  
 274–277, 279, 402, 454, 499, 515, 558, 576  
 Neustadt 389  
 New Orléans 486  
 New York 14, 43–45, 85, 100, 102, 106,  
 132, 146, 163, 170, 173, 241, 242, 244,  
 266, 267, 287, 330, 343, 359, 372, 403,  
 412, 566  
 Newcastle 255, 264, 265  
 Newport 98  
 Nickel, Egon 207, 209, 482  
 Nicobar-eyjar 121  
 Nietzsche, Friedrich 115  
 Noffke, Ernst 279  
 Nordmarken 291, 347  
 Norður-Ameríka 44, 82, 523, 532  
 Norður-Evrópa 167  
 Norðurlönd 223, 229, 240, 249, 284, 338,  
 341, 344, 349, 413, 532, 543, 545, 586  
 Noregur, 145, 206, 209, 210, 213, 214, 221,  
 284, 288–294, 346, 348–351, 353–355,  
 404, 515, 553, 571  
 Norfolk 163  
 Norrköping 344  
 Noske, Gustav 19  
 Nova-Vileiko (Nowa Wilejka; Naujoji Vilnia)  
 96  
 Nyström, Bror 366  
 Nýja Gínea 122  
 Nýja Sjáland 107  
 Nýja Þýskaland 406, 413, 420, 435, 484,  
 500, 516, 536  
 O'Connell, Harry 256–258  
 OMS, sjá Tengsladeild Kominterns  
 Odessa 41, 223, 224  
 Oran 87, 167, 227, 228, 539, 578  
 Oranienburg 437, 491  
 Oskarshamn 344  
 Oslebshausen 459  
 Osló 214, 215, 288–295, 346, 348, 350,  
 353, 355, 357, 414  
 Ostend 313, 561  
 Ostrov 116  
 Oswald 487, 488, 490  
 Otosuke, Nakanomo 562, 563  
 Ottó K. 323, 387, 388, 392, 434  
 Ovra (ítalska leynilögreglan) 119, 174, 175,  
 236–238  
 Óðinsvæ 286  
 Óskar [dulnefni] 554, 555, 559, 579, 587  
 Paardenmarkt 563  
 Padmore, George 241, 403  
 Palestína 150, 206  
 Panama 35, 91, 94, 95, 167, 562  
 Panamaborg 26  
 Pap 111, 112  
 Papen, Franz von 278, 281–283, 564  
 Papenburg 280, 459, 460  
 Paraguay 149  
 Pará 127  
 París 146–149, 153, 154, 166–170, 178,  
 201, 228, 285, 338, 357, 359, 364, 367–  
 369, 371–378, 383, 384, 390, 395, 401,  
 403, 404, 411, 412, 440, 499, 525, 529,  
 549, 557, 560, 562–564, 582, 585, 586  
 Patel, Vallabhbhai 256  
 Patra 263  
 Patricius 98  
 Páll Bjarnason 12  
 Pedersen, Alfson 289  
 Pell, Mike [Morris Appelman] 244, 529  
 Penang 121  
 Penarth 256

Pendergast 102  
 Perez 149  
 Pernambuco 364  
 Persson [líkl. Erik Jansson] 570  
 Perú 24  
 Peter, Kurt 251  
 Petersen 551–554  
 Petersen, Petra 380, 542–544, 546, 557, 559, 581, 582  
 Petrolevics 555  
 Pétursborg 135  
 Philadelphia, sjá Filadelfía  
 Pieck, Wilhelm 276, 308, 365, 366, 377  
 Pjatakov, Georgíj 560  
 Pjatrítskíj, Osíp 112, 157, 161, 162, 171, 253, 287, 377–379, 381, 420, 485  
 Plymouth 266  
 Plötensee 502, 503, 505–511  
 Pollitt, Harry 146, 250–254, 264  
 Popov 548–550, 553, 554  
 Popovics, Alexander 301, 302, 309, 314, 315, 320, 321, 335, 336  
 Port Angeles 130  
 Port Said 120, 227  
 Portland 99  
 Pólland 50, 96, 112, 118, 235, 294, 546  
 Prag 549  
 Preuss 192, 203  
 Priess, Eugen 576  
 Profintern 87, 99, 149, 161–163, 169, 184, 185, 205, 235, 264, 292, 563, 564  
 Prússland 18, 93, 199, 273, 278, 279, 281, 282, 308–310  
 Puget Sound 98  
  
 Racamond, Julien 149, 150  
 Radam 446–453, 455–458, 461–463, 484  
 Radek, Karl 40, 58, 62, 529, 557  
 Rajkov, Ílja 357, 358, 368–370, 417, 423, 468  
 Rákosi, Mátyas 111  
  
 Ramette, Emile 374, 375  
 Rast, Richard 544  
 Rattai, Karl 391  
 Ratti 149, 150  
 Rauða Fylkingin 41, 197, 200, 231, 267, 280, 317, 318, 343, 374, 575  
 Rauði herinn 348, 578  
 Rausch, Johann 59, 60  
 Ray, Tom 163, 244  
 Ráðstjórnarríkin 49, 60, 88, 110, 117, 118, 135, 200, 207, 213, 219, 222, 223, 229, 232, 235, 238, 240, 243, 246, 247, 268, 277, 285–287, 290, 293, 294, 299, 300, 302, 320, 340, 348, 366, 381, 389, 465, 468, 483, 485, 499, 516, 531, 543, 545, 551, 567, 572, 577, 578, 582  
 Ráðstjórnarsambandið 112, 113, 145, 157, 160–162, 197, 214, 225, 226, 239, 244, 247, 361  
 Redzinsky, Eiche 310  
 Remmele, Hermann 197, 204, 365, 402, 576  
 René [dulnefni] 178, 179, 181–184, 366, 367, 374, 377  
 Renscher 562  
 Renscher, Bianca 562  
 Renscher, Olga 562  
 Reval [Tallinn] 87  
 Reykjavík 8  
 Rheims 375  
 Richter, Fritz 223, 576  
 Riga 80, 87, 93, 118, 555  
 Rigal, Jean 374, 375  
 Rio de Janeiro 364  
 Ríkisþinghúsið 115, 309, 310, 313, 338, 349, 381, 447  
 Ríkisvarnarliðið þýska 69, 229, 278, 279, 281  
 Ríkisþingið þýska 113, 176, 186, 274, 278, 279, 282, 283, 389  
 Rode, Johannes, sjá Marabú

Rodes, Heins 20, 21  
 Rolland, Romain 146, 256  
 Ronaikal 83, 84  
 Rose 369, 370  
 Rosenberg, Alfred 509  
 Roth, Hans 468, 484  
 Rotterdam 13, 75, 76, 87, 108, 117, 119,  
 163, 169, 172, 178, 224, 227, 235, 251,  
 265–269, 359, 360, 371, 549, 582  
 Rouen, sjá Rúðuborg  
 Roy, Manabendra Nath 120  
 Rozendaal 108  
 Ruhr 200, 489  
 Rúðuborg 147, 166, 268, 371, 375  
 Rúmenía 116, 302  
 Rússland 10, 24, 43, 45, 60, 88, 89, 108,  
 145, 152, 157, 161, 162, 172, 177, 187,  
 193, 197, 201, 205, 215, 229, 233–236,  
 242, 244, 247, 249, 257, 261–263, 276,  
 293–295, 302, 306, 326, 334, 339, 348,  
 359–361, 364, 376, 382, 383, 391, 403,  
 411, 417, 477, 495, 519, 520, 523, 529,  
 546, 553, 555, 556, 558, 559, 562, 565,  
 571, 573, 574, 576, 582, 583, 585–587  
 Ryatt 90, 92, 98, 108–110, 117, 118  
 Röhm, Ernst 199, 274, 459, 466, 468, 502,  
 535  
  
 Saar, Karl 475, 565–567, 571  
 Sabang 121  
 Sachsenhausen 524  
 Sadi, Mustafa 149, 150  
 Saefkow, Anton [Tonio] 479–482, 484–487,  
 489–491, 494, 537, 544, 570  
 Saigon 165, 170  
 Sallai, Emmerich 161  
 Salomon [líkl. Samuel Salomon] 197, 474–  
 477, 479  
 Saltfjörður (Saltfjord) 347, 349  
 Samband flutningaverkamanna 198, 563  
 Samband öreigarithöfunda 193  
  
 Samsing, Aagot 293  
 Samsing, Arthur 292–295, 348, 350, 546,  
 576  
 San Bernardino 83  
 San Diego 98  
 San Francisco 91, 95, 99, 102, 103, 124,  
 126, 130, 163, 244, 475  
 San Pedro 83–85, 91, 94–96, 99–103, 105  
 San Quentin 126, 139, 143, 144, 154, 172,  
 192, 203, 470  
 Sandfjörður (Sandefjord) 292  
 Sano 124, 125  
 Santa Barbara 98  
 Santiago 27  
 Sauerland, Kurt 279  
 Saxland 16, 68, 200  
 Scarhörn 209  
 Schaap, Willem 265–267, 269  
 Schaarmarkt 275, 452  
 Scharnetzki, Ignace 572, 573, 575, 578–580,  
 583, 584  
 Scheer, John 327–329, 330, 331, 479  
 Schiller, Friedrich 474  
 Schleicher, Kurt von 278, 283, 466  
 Schlotter 59  
 Schmidt 229–232, 263, 548  
 Schmidt, Arthur 462, 463  
 Schmidt, Kurt 377, 477  
 Schneller, Ernst 113  
 Schneller, Luise (Lu) 53, 54  
 Schubert, Hermann 232, 233, 274, 279,  
 280, 323, 400–402, 576  
 Schulte, Fritz 279  
 Schultheiß, Gertrud 541  
 Schulz, Fiete 318  
 Schwartz, Ernst 229–231  
 Scotland Yard 96, 245, 251–253, 256, 257,  
 260–263, 265, 286, 362, 403  
 Seattle 99, 102, 132, 163  
 Seeckt, Hans von 56, 58, 59  
 Severing, Carl 281

Sevilla 360  
 Shanghai 78, 107, 119, 122–124, 126,  
 128–130, 169, 254, 571  
 Shaw, George Bernhard 529  
 Sidney 244, 360  
 Sierra Leone 561  
 Sillén, Hugo 9, 284, 345  
 Sillén, Signe 9  
 Sills, Milton 84  
 Simon, Sir John 383  
 Sinclair, Upton 529  
 Singapur 14, 121, 126, 172, 269, 270, 561,  
 571  
 Sirola, Yrjö 146  
 Siu 123–125, 130  
 Sibiría 104, 162, 206, 220  
 Síle [Chile] 24, 27, 28, 184, 186, 248  
 Sjípora, María 52–57, 59, 200  
 Sjómannafélag Danmerkur 285  
 Skagen 213  
 Skánn 14  
 Skierniewice 96  
 Skoblewski, Peter Alexander 57–61, 66, 137  
 Slésía 16, 19, 68, 187, 200, 283, 551  
 Smett, Gerhart 251  
 Sobottka, Gustav 178, 179  
 Sofía 115, 159, 172  
 Solmitz, Fritz 434  
 Solovetskíj-eyjar 236, 567  
 Sorgers, Hans 115  
 Sorgus 154  
 Soroca 302  
 Southampton 182, 183  
 Sovét-Evrópa 578  
 Sovét-Rússland 36  
 Sovét-Pýskaland 36, 63, 196, 204, 222, 465,  
 578  
 Sovtorgflot 206, 210, 223, 239, 361, 576  
 Sódóma 288  
 Spandau 534  
 Spartakus-hreyfingin 16, 19, 20, 25, 38, 195  
 Spánn 61, 244, 276, 277, 348, 372, 483,  
 511, 528, 531, 543, 545, 557, 558, 562,  
 563, 565, 567, 568, 571, 572, 574  
 Speculant, Rósa 112  
 Spence, Robert 256  
 St. Denis 149, 374, 376  
 St. Louise 106, 371  
 St. Nazaire 368  
 St. Pauli 43, 73, 394  
 Stalín, Josif 8, 9, 10, 43, 60, 111, 113,  
 145, 152, 159, 161, 194, 198, 218, 229,  
 233–235, 239, 240, 244, 247, 254, 273,  
 274, 276, 285, 286, 291, 294, 327, 348,  
 360–362, 382, 476, 481, 483, 521, 528,  
 531, 543–545, 554, 556, 559, 563, 575–  
 578, 585–587  
 Stamm, Robert 207, 570  
 Stauning, Thorvald 286  
 Stálhjálmar 279  
 Steen 78, 361  
 Stettin 50, 51, 59, 223, 331, 366, 368, 549  
 Stevens, Karl 232  
 Stewart, Albert 529  
 Stifter, Malka 93, 96, 546  
 Stinnes, Hugo 56, 59  
 Stokkhólmur 288, 341, 342, 344, 345, 353,  
 549  
 Stóra Bretland 118, 251, 254, 255, 265, 348,  
 532  
 Strassborg 87, 154, 166, 367, 368, 371, 404,  
 411, 412, 549  
 Streckenbach, Bruno 500, 532, 533, 535,  
 536, 541, 545, 548–555, 559, 560, 565,  
 573, 586, 587  
 Stöver, Hermine, sjá Firelei  
 Suður-Ameríka 24, 27, 44, 104, 149, 151,  
 178, 184, 185, 229, 244, 355, 363, 364,  
 391, 523, 532, 566, 574  
 Suður-Evrópa 532  
 Suðurhafseyjar 118, 121, 269  
 Suez 14

Sumatra 118, 121, 122, 167, 172, 269–271, 539  
 Surabaja 269–271  
 Sureté 404  
 Süßkind, Heinrich 279  
 Súdan 191  
 Svensson, Harald 287, 340, 346  
 Svissland 161, 175, 276, 502, 532, 571  
 Svíþjóð 46, 284, 286–288, 339–341, 344, 348, 353, 354, 411, 453, 546, 549, 553, 557, 571, 574  
 Sýrland 150, 178  
 Söder [Gustav?] 145, 151  
 Sønderborg 286, 307, 308, 384, 550, 552, 553  
  
 Tacoma 98  
 Taíland 166  
 Takara 124  
 Taube, Tony 389  
 Teege, Herrmann 316, 317, 553  
 Tel Aviv 150  
 Templin, Jan [Johannes] 320, 326, 389, 390, 448, 457  
 Templin, Olga 389  
 Tengsladeild Kominterns, OMS, 112  
 Tesch, Bruno 371  
 Tékkóslóvakía 175, 532  
 Thälmann, Ernst 40, 42, 44, 55, 62, 63, 73, 104, 151, 152, 176, 187, 197, 202, 204, 205, 243, 259, 273, 276, 279, 299, 304, 308, 310, 366, 515  
 Thesen, Matthías 391  
 Thiele, Kerr 229  
 Thompson, Fred 254–256  
 Thorez, Maurice 562, 564  
 Thülen, Eric von 204  
 Thülen, ungrú von 194  
 Thüringen 273  
 Tidow, Walter 198, 199  
 Tilbury 263  
 Timbúktú 447  
 Tkaczuck 112  
 Tonie 378  
 Tonio, sjá Anton Saefkow  
 Torgler, Ernst 310  
 Torino 237, 440  
 Toulon 248  
 Toussaint 428, 429, 438  
 Tókíó 227  
 Transjórdanía 150  
 Travemünde 541  
 Tripóli 120  
 Tritonia, 192  
 Trinidad 245  
 Tromsø 215  
 Trotskíj, Lev 145, 234, 570, 578  
 Tsjekan (sjá einnig GPÚ) 25, 52, 57, 110, 135, 201, 557, 562  
 Túnsberg 292  
 Túkhatsevskíj, Míkhaíl Níkolajevítsj 578  
 Túnis 149  
 Túrkestan 57  
 Tyrkland 532  
  
 Udje 487  
 Uhlenhorst 67  
 Ulrich, Walter [Urvich] 339, 340, 342, 343, 354, 364, 366, 402  
 Ungverjaland 532  
 Urso 149  
 Uruguay 149, 184, 185  
 Utley, Freda 7  
 Úkraína 81, 235  
  
 Vakil 258–260, 263,  
 Valencia 563  
 Valparaiso 27, 35  
 Valtin, Jan 7, 8, 142, 182, 183, 315  
 Van Dulken 266, 267  
 Vancouver 94, 95, 126, 130  
 Vanman, Júlíus 307, 380, 383, 384, 574

Vargas Llosa, Mario 8  
 Varnarlið andfasista 201  
 Varsjá 93  
 Verkest, Cyriel 561  
 Versalir 23, 190  
 Verviers 172, 368  
 Vestur-Evrópa 148, 158, 304, 544, 359  
 Vesturskólinn (í Moskvu) 111, 182, 229, 387, 519  
 Vestur-Indíur 82, 240, 257, 358, 586  
 Viborg 46–49  
 Victoria 129, 130  
 Vierlanden 23  
 Virchow 85  
 Virtanen, Nillos 47  
 Vín 236, 475  
 Vladíivostok 111, 132, 149, 193, 254, 557  
 Vlissingen 170, 183  
 Vogel 477  
 Vronskij, A. [einnig stafsett Wronski] 558  
  
 Waldenfels, Ernst von 10  
 Wales 250, 257  
 Wallach, Meyer 528  
 Walter skipstjóri 82  
 Walter, Albert 38, 39, 42, 43, 45, 49, 57, 87, 89–92, 98, 101–103, 107, 119, 146, 156, 160, 162, 163, 182, 223, 225, 239, 241–243, 255, 258, 263–265, 303, 304, 310, 336, 337, 339, 378, 433, 462, 476, 477, 518  
 Warnemünde 547  
 Washington 172  
 Wegscheider, Marcel 374  
 Wehrenberg, Alfred 454–457, 462, 463, 465  
 Weiheiwei 245  
 Weimar 58  
 Weimar-lýðveldið 29, 156, 224, 274, 386, 468, 532  
 Weiss, Ilja 40, 41, 87–91, 107  
 Wells, H. G. 104, 288, 529  
 Weser 207  
  
 Wessel, Horst 164  
 Westerman, Hans 299, 300  
 Wetzel 59  
 Whitechapel 260  
 Wibaut, M. 271  
 Wiik, Ragnhild 546  
 Wildinger 448  
 Wilhelmsdorf 305  
 Wilhelmssen, Wilhelm 289, 347  
 Willem 301, 314, 315  
 Willendorf, Wilhelm 85  
 Williams, Robert 383  
 Wilmington 105  
 Wincott, Len 248, 256  
 Wissinger, Hans 242, 243  
 Wittkowsky, Bernhard 232  
 Witzel, Horst 445  
 Wolf hershöfðingi, sjá Peter Alexander Skoblevski  
 Wolf, Felix [Werner Rakow] 55, 57  
 Wolf, Lothar 279  
 Wolf, Michal [Mihály Farkas] 378  
 Wolfenbüttel 19  
 Wolfert 22, 24  
 Wolff, Karl 371  
 Wollweber, Ernst [dulnefni m. a. Schulz, Anderson, Kurt Schmidt] 7, 9, 17, 18, 49, 155–159, 161, 163, 174–176, 187, 188, 193–195, 197, 198, 205, 223, 245, 277, 280, 302, 305, 306, 308, 310, 325–329, 332–334, 336–339, 365, 366, 376–384, 390, 391, 394, 402, 406, 407, 413, 414, 420, 454, 468, 477, 479, 485, 486, 493, 499, 515, 524, 527, 528, 544, 545, 546, 548–553, 555–559, 564, 565, 569–572, 575–577, 580, 581, 583, 586  
 Wollweber, Ragnhild, sjá Ragnhild Wiik  
 Wolscht, Theodor 61  
 Wonneberger, Hans 40, 41  
 Worpsswede 459  
 Wright, Ada 244



Yang [dulnefni] 227, 228  
 Yokohama 14, 128, 132, 227, 562, 563  
  
 Zarembo 96, 97  
 Zcympanski, Erika 36, 56, 74, 76  
 Zcympanski, Willy 36, 362, 363  
 Zegedin 112  
 Zehlendorf 325, 327  
 Zetkin, Klara 308  
 Zínovjev, Grígorfj 58, 72, 145, 570, 578  
 Zoppot 293–294  
 Zug 502  
  
 Bessaloníka 369  
 Prándheimur 214, 221, 289, 292, 295, 341, 347, 350  
 Priðja ríkið 365, 467, 496  
 Þýskaland 7, 9, 10, 14, 15, 18, 24, 29, 32, 38, 44, 45, 49, 50, 52, 57–61, 68, 76, 77, 82, 83, 85, 102, 105, 115, 134, 150–154, 156–159, 164, 168, 174, 176, 177, 179, 182, 187, 190, 192, 194, 196, 197, 199, 200, 202, 205, 206, 219, 221, 223, 225, 229, 236, 238, 241, 244, 249, 258, 262, 263, 268, 273, 274, 276, 277, 279, 281, 292, 295, 299, 306, 308, 317, 326, 327, 331–333, 336–339, 345, 346, 348, 349, 351, 354, 357, 363, 365–368, 371, 376, 377, 379–385, 387, 389–391, 395, 397, 401, 406–408, 411–417, 419, 420, 423, 424, 437, 441, 459, 469, 475–477, 484–486, 489, 497, 508, 512, 514–516, 520–524, 527, 529, 531, 533, 534, 536, 540–546, 548–553, 555, 556, 558, 559, 563–567, 570, 575–578, 582, 586


## RICHARD KREBS LÝSIR ÆVINTÝRALEGU LÍFI



Halldór Kiljan Laxness og Benjamín Eiríksson háðu ritdeilu um *Úr álöfum* 1941.



Richard Krebs njósnaði fyrir Hitler en var í raun flugumaður Stalíns.



Blaðamaðurinn Isaac Don Levine aðstoðaði Richard Krebs við að skrifa bókina. Þýski kommúnistinn Ernst Wollweber var yfirmaður Richards en hann njósnaði fyrir Komintern.

Richard Krebs, sem skrifaði undir dulnefninu Jan Valtin, átti ævintýrlegt líf sem erindreki Alþjóðasambands kommúnista í Þýskalandi og Danmörku og njósnari fyrir Gestapo, leynilögreglu nasista. Hann upplýsir um tengsl danskra verkalýðsforingja við Kreml-verja og segir frá mönnum, sem síðar hlutu frama í leynilögreglu Austur-Þýskalands. Hann ljóstrar upp um það, að kommúnistaskellur, sem unnu á skipum Eimskipafélags Íslands, fluttu leyniskjöl á milli landa. Krebs skrifaði bókina í samstarfi við bandaríska blaðamanninn Isaac Don Levine, en Emil Thoroddsen þýddi á íslensku. Þegar þessi bók kom fyrst út á íslensku 1941, kröfðust íslenskir kommúnistar þess, að hún yrði bönnuð, og þeir Halldór Kiljan Laxness og Benjamín Eiríksson háðu harða ritdeilu um hana.

„Svo spennandi bók, að menn leggja hana ógjarna frá sér eftir að lestur er byrjaður.“

— Jónas Guðmundsson

ATLAS  
NETWORK


IDDE

EUROPE  
★ AECR-RNH ★  
OF THE VICTIMS



Almenna bókafélagið  
www.rnh.is  
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-91-5



9 789935 469915 >